RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM V

FÉLAGSVÍSINDADEILD

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM V

FÉLAGSVÍSINDADEILD

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004

Ritstjóri

Úlfar Hauksson

Háskólaútgáfan
2004

© 2004 Höfundar
ISBN: 9979-54-610-7

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða útgefenda. Brot varða lög um höfundarrétt.

Mynd á kápu er eftir Ágúst Petersen.
Myndin er í einkaeign.

Umbrot: Guðlaug J. Sturludóttir
Prentumsjón: Gutenberg

Efnisyfirlit

Höfundalisti 11
Formáli 15

BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

Ágústa Pálsdóttir: *Health and lifestyle – Icelander's information behaviour* 17
Áslaug Agnarsdóttir: *Hans og Gréta í upplýsingafrumskóginum* 31
Jóhanna Gunnlaugsdóttir: *Skipulag upplýsinga í rafrænum miðlum: Leið til þekkingarstjórnunar á tímum breytinga* 43
Stefanía Júlíusdóttir: *Journal collection management in a health science library : at the onset of the electronic age* 67

AFBROTAFRÆÐI

Helgi Gunnlaugsson: *Afbrot á Íslandi: Eðli, þróun og skýringar* 89
Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson: *„Ég er engin gunga": Fjölstigagreining á félagslegu samhengi ofbeldis* 103
Marius Peersen, Haukur Freyr Gylfason og Jón Friðrik Sigurðsson: *Endurtekinn ölvunarakstur ungra ökumanna* 113
Rannveig Þórisdóttir, Haukur Freyr Gylfason og Marius Peersen: *Umferðarlagabrot: Skiptir kyn máli?* 127

FÉLAGSFRÆÐI

Birgir Guðmundsson og Ingibjörg Elíasdóttir: *Fjölmiðlalög – góð eða vond löggjöf?* 137
Eiríkur Bergmann Einarsson: *Blikur á lofti – áratugur í EES* 155
Guðbjörg Hildur Kolbeins: *Spotlight and blind spots: Global news in 2004* 165
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir: *Upplýsingatækni – Eftirlitsþjóðfélag* 181
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir: *Ólík hugsun um störf eftir kynferði* 193
Ingólfur V. Gíslason: *Dómar í forsjárdeilum* 207

Magnús Árni Magnússon: *The New Protestants. Reluctance towards European integration in Northern Europe* 119

Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Salvör Nordal: *Varðveisla persónuupplýsinga og traust til erfðavísinda - viðhorf almennings* 233

Stefán Ólafsson: *Kísildalur – Leiðarljós Íslands inn í þekkingarhagkerfið?* 243

Þorbjörn Broddason: *Móta boðskiptin veruleikann?* 261

Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir: *„Þetta liggur einhvern veginn betur fyrir henni." Feður, börn og fæðingarorlof á Íslandi og í Noregi* 287

Þóroddur Bjarnason: *Leiðin að heiman.. Forspárgildi viðhorfa unglinga fyrir búsetuþróun á Íslandi* 303

FÉLAGSRÁÐGJÖF

Freydís J. Freysteinsdóttir: *Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir* 315

Guðný Björk Eydal: *Hvernig samhæfa íslenskar barnafjölskyldur atvinnuþátttöku og umönnun ungra barna?* 325

Sigurveig H. Sigurðardóttir*: Notendaval og sjálfsákvörðunarréttur aldraðra* 335

Sigrún Júlíusdóttir: *Rannsókn á fræðastörfum íslenskra félagsráðgjafa* 343

Steinunn Hrafnsdóttir: *Rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa* 361

UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐI

Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra**:** *Orðræður ungs fólks um íslenska menningu og skólastarf í ljósi hnattvæðingar* 373

Guðrún Kristinsdóttir: *Fjölbreytni í lífssögum ungs fólks um fóstur* 393

Gunnhildur Óskarsdóttir: *The effect of different teaching methods on the development of children's ideas about the human body* 405

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal: *Uppeldishættir foreldra og námsárangur unglinga á samræmdum prófum við lok grunnskóla* 415

Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi: *Áhrif lýðræðislegs verklags á sjálfsmat í skólum* 427

KENNSLUFRÆÐI

Anna Ólafsdóttir: *„Já, en þetta var ekki á glærunum!" –mat á þætti upplýsinga- og samskiptatækni í þróun Háskólans á Akureyri* 445
Guðrún Geirsdóttir: *Hinum megin Suðurgötunnar. Um nám og kennsluinnan ólíkra háskólagreina* 459
Hafdís Ingvarsdóttir *: „... ef það er eitthvað sem þeim þykir áhugavert" Enskukennsla við upphaf 21. aldar* 471
Þuríður Jóhannesdóttir: *Fjarnám í ljósi athafnakenningarinnar: tilviksathugun úr kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands* 483

FÖTLUNARFRÆÐI

Guðrún V. Stefánsdóttir: *Birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífssögum þriggja kvenna með þroskahömlun* 495
Kristín Björnsdóttir: *Þátttaka fólks með þroskahömlun í menningu samtímans.* 509
Rannveig Traustadóttir: *Fötlunarfræði: Upphaf, þróun og fræðileg sjónarhorn*... 519
Snæfríður Þóra Egilson: *Áhrifaþættir á þátttöku nemenda með hreyfihömlun*... 531

MANNFRÆÐI

Adriana Binimelis Sáez: *The Perception of Trees and Forested Environments in Iceland* 543
Hallfríður Þórarinsdóttir: *„Málsvari heimsósóma"* 553
Jónína Einarsdóttir: *Meðferð mikilla fyrirbura: „Þessar ósvöruðu spurningar eru erfiðastar"* 565
Kristín Loftsdóttir*: „Ég er ekki með kynþáttafordóma en....." Hugtakið kynþáttur og íslenskt samfélag* 575
Unnur Dís Skaptadóttir: *Fjölmenning á ferð og flugi* 585

ÞJÓÐFRÆÐI

Ingunn Ásdísardóttir: *Ein eða tvær – hverjar eru þær? Eru ásynjurnar Frigg og Freyja af sömu rót eða ekki?* 593
Rósa Þorsteinsdóttir: *Íslenskir sagnapulir og ævintýrin þeirra* 603
Terry Gunnell: *Íslenski sagnagrunnurinn* 611
Valdimar Tr. Hafstein: *Intangible Reform: Community, Governance, and the Intangible Cultural Heritage* 621

SÁLFRÆÐI

Árni Kristjánsson: *„Hvað þú sást ræður því hvað þú sérð": Ýfingaráhrif í sjónskynjun* 633
Daníel Þór Ólason, Guðmundur Á. Skarphéðinsson, Jóhanna Ella Jónsdóttir, Mikael Mikaelsson og Sigurður J. Grétarsson: *Algengi spilavanda hjá reykvískum unglingum á aldrinum 13–15 ára* 645
Elín Díanna Gunnarsdóttir: *Differential responses by cocaine users to affective cues* 657
Fanney Þórsdóttir: *Hefur viðhorf áhrif á mat svarenda á svarmöguleikum Likert-atriða?* 667
Guðmundur B. Arnkelsson: *Margstigagreining á stærðfræðikunnáttu í 7. bekk eftir skólum* 685
Haukur Freyr Gylfason, Sigurjón B. Stefánsson, Jakob Smári og Helgi Tómasson: *Inflúensa móður á öðrum þriðjungi meðgöngu eykur líkur á að barnið greinist með geðklofa síðar meir* 695
Jakob Smári: *Hvar á þráhyggjan heima? Um hugræn sérkenni áráttu og þráhyggju og tengsl áráttu/þráhyggju og hvatvísi* 705
Jörgen L. Pind: *Sálfræðinám við Hafnarháskóla um aldamótin 1900* 715
Magnús Kristjánsson: *Hvernig á að prófa dómakenninguna um geðshræringar?* 725
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir og Sóley Jökulrós Einarsdóttir: *Hversu langur er vegurinn frá orði að borði?* 733

STJÓRNMÁLAFRÆÐI

Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson: *Evrópustefna íslenskra stjórnvalda fyrstu þrjá áratugi lýðveldisins* 749
Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson: *Evrópustefna íslenskra stjórnvalda: Áhrif varnar- og viðskiptatengsla við Bandaríkin* 767
Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson: *Evrópusamruninn og efasemdir íslenskra ráðamanna* 783
Indriði H. Indriðason: *Samkeppni og kosningapátttaka* 797
Ólafur Þ. Harðarson: *Vinna flokkar eða foringjar kosningar?* 809
Stefán Eiríksson: *Full þátttaka í Evrópuverkefni – Aðild að chengen samstarfinu* 825

Höfundalisti

Adriana Binimelis Sáez, doktorsnemi
Anna Ólafsdóttir, aðjunkt HA
Anne Clyde, prófessor HÍ
Ágústa Pálsdóttir, lektor HÍ
Árni Kristjánsson, lektor HÍ
Áslaug Agnarsdóttir, stundakennari
Baldur Þórhallsson, dósent HÍ
Birgir Guðmundsson, aðjúnkt HA
Daníel Þór Ólason, aðjúnkt HÍ
Eiríkur Bergmann Einarsson, stundakennari
Elín Díanna Gunnarsdóttir, lektor HA
Fanney Þórsdóttir, stundakennari
Freydís J. Freysteinsdóttir, lektor HÍ
Guðbjörg Hildur Kolbeins, fjölmiðlafræðingur
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, lektor HÍ
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, lektor HÍ
Guðmundur A. Skarphéðinsson, cand.psych.
Guðmundur B. Arnkelsson, dósent HÍ
Guðný Björk Eydal, lektor HÍ
Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor HÍ
Guðrún Geirsdóttir, lektor HÍ
Guðrún Kristinsdóttir, prófessor KÍ
Guðrún V. Stefánsdóttir, lektor KÍ
Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor HÍ
Gunnhildur Óskarsdóttir, lektor KÍ
Gyða Margrét Pétursdóttir, doktorsnemi
Hafdís Ingvarsdóttir, dósent HÍ
Hallfríður Þórarinsdóttir, Ph.D.
Haukur Freyr Gylfason, aðjúnkt HÍ
Helgi Gunnlaugsson, prófessor HÍ
Helgi Tómasson, dósent HÍ
Hjalti Þór Vignisson, stjórnmálafræðingur
Indriði H. Indriðason, lektor HÍ
Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnkt HA
Ingólfur V. Gíslason, félagsfræðingur
Ingunn Ásdísardóttir, MA nemi

Jakob Smári, prófessor HÍ
Jóhanna Ella Jónsdóttir, BA nemi
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor HÍ
Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur
Jón Gunnar Bernburg, aðjúnkt HÍ
Jónína Einarsdóttir, lektor HÍ
Jörgen L. Pind, prófessor HÍ
Kristín Björnsdóttir, uppeldisfræðingur KÍ
Kristín Loftsdóttir, dósent HÍ
Kristjana Stella Blöndal, aðstoðarforstöðumaður HÍ
Magnús Árni Magnússon, dósent HB
Magnús Kristjánsson, dósent HÍ
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, félagsfræðingur
Marius Peersen, sálfræðingur
Mikael Mikaelsson, BA nemi
Ólafur Þ. Harðarson, prófessor HÍ
Penelope Lisi, Ph.D.
Rannveig Traustadóttir, dósent HÍ
Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur
Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur
Salvör Nordal, heimspekingur
Sergio Morra, prófessor Genova
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor HÍ
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor HÍ
Sigurður J. Grétarsson, prófessor HÍ
Sigurjón B. Stefánsson, dósent HÍ
Sigurlína Davíðsdóttir, lektor HÍ
Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor HÍ
Snæfríður Þóra Egilson, lektor HA
Sóley Jökulrós Einarsdóttir, Cand.Psych.
Stefania Júlíusdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
Stefán Eiríksson, lögfræðingur
Stefán Ólafsson, prófessor HÍ
Steinunn Hrafnsdóttir, lektor HÍ
Terry Gunnell, dósent HÍ
Unnur Dís Skaptadóttir, dósent HÍ
Valdimar Tr. Hafstein, þjóðfræðingur
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, lektor HÍ
Þorbjörn Broddason, prófessor HÍ
Þorgerður Einarsdóttir, lektor HÍ
Þóroddur Bjarnason, prófessor HÍ

Þórólfur Þórlindsson, prófessor HÍ
Þuríður Jóhannesdóttir, doktorsnemi

Formáli

Föstudaginn 22. október verður fimmtu ráðstefnu í félagsvísindum ýtt úr vör. Sem og á fyrri ráðstefnum verður boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra um nýjustu rannsóknir í félagsvísindum á hinum ýmsu fræðasviðum. Segja má að framundan séu ákveðin tímamót en nú eru liðin 10 ár frá því að fyrsta ráðstefnan var haldin. Frá upphafi hefur félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild staðið að ráðstefnunni. Lagadeild bættist svo við á síðustu ráðstefnu og er nú með öðru sinni. Það er því óhætt að fullyrða að ráðstefnan hafi fest sig í sessi sem liður í því rannsóknarstarfi sem unnið er að innan háskólasamfélagsins.

Í síðustu fjögur skipti hefur Friðrik H. Jónsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, séð um að ritstýra ráðstefnuritinu með miklum sóma. Það er því mikill heiður fyrir undirritaðann að taka við kyndlinum úr hendi Friðriks og leiða þetta verk til enda að þessu sinni. Þrátt fyrir nýjan ritstjóra er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða við ritstjórn verksins. Höfundum var gefin ákveðin forskrift að uppsetningu greina og lögð áhersla á að þeir fylgdu þeirri forskrift. Þó horfði ég í gegnum fingur mér með tiltekinn smáatriði í uppsetningu og tók tillit til mismunandi hefða innan einstakra fræðasviða.

Að vissu leyti ber að fagna því að höfundar eru almennt ekki þjáðir af rittregðu. Þessi almenna ritgleði getur þó haft ákveðið vandamál í för með sér. Reglan er sú að höfundar eru í flestum tilfellum að skila inn lengri greinum en forskriftin segir til um. Hingað til hefur ekki verið gengið hart fram í því að fólk haldi sig innan lengdarmarka og ekki gerð krafa um að höfundar stytti greinarnar nema þær séu þeim mun lengri. Þetta þarf að endurskoða. Upphaflega var einungis gefið út eitt ráðstefnurit. Fyrir síðustu ráðstefnu brá svo við að vegna fjölda og lengd greina voru gefin út þrjú rit. Eitt fyrir lögfræðideild, annað fyrir viðskipta- og hagfræðideild og það þriðja fyrir félagsvísindadeild. Nú er svo komið að félagsvísindadeildarritið er komið að þanmörkum. Það þarf því að huga að því að lengja hugsanlega þau mörk sem sett eru á lengd greina – og koma þannig til móts við höfunda – en að sama skapi ganga harðar fram í því að lengdarmörkin séu virt. Samhliða þessu má síðan vera með forval þar sem greinar eru valdar til birtingar en þeirri aðferð var beitt núna í fyrsta skiptið. Fram til þessa hefur sá háttur verið á að ráðstefnan hefur verið opinn, þ.e. allir gátu í raun komið og haldið erindi um sínar rannsóknir og fengið birta grein í ráðstefnuritinu.

Að þessu sinni var haldið forval þar sem höfundar sendu inn útdrátt úr verkum sínum. Með þessu móti á að tryggja að viðkomandi rannsókn sé komin á góðan rekspöl og að greinarhöfundur hafi eitthvað fram að færa. Nokkrum greinum var hafnað í forvalinu. Í þessari bók er að finna erindi sem haldin voru í dagskrá félagsvísindadeildar og eru þau 63 talsins. Sem fyrr hefur ráðstefnuritið yfir sér alþjóðlegt yfirbragð þar sem nokkrir höfundar kjósa að birta erindi sín á ensku.

Á þeim vikum sem liðnar eru frá því vinna við þessa bók hófst hef ég átt gott samstarf við Guðlaugu Júlíu Sturludóttir, sem sá um umbrot á bókinni, og við Friðrik H. Jónsson fyrrum ritstjóra. Fá þau sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Auk þess vil ég þakka höfundum gott samstarf. Afrakstur samstarfsins er samanþjappaður fróðleikur um rannsóknir í félagsvísindum sem birtist í þessari bók og ber vitni um gróskumikið starf í félagsvísindum á Íslandi.

Reykjavík, í október 2004

Úlfar Hauksson, aðjúnkt í stjórnmálafræði

Health and lifestyle – Icelander's information behaviour

Ágústa Pálsdóttir

Most studies on health information investigate information behaviour in relation to health risks factors, or information behaviour of patients (see e.g. Baker, 1996; Baker and Pettigrew, 1999; Johnson, Andrews and Allard, 2001; Reagan and Collins, 1987; Rimal, 2001). Few studies examine the factors that influence the everyday life communication profile of people that are normally thought of as healthy. The purpose of the study presented here is to investigate the everyday life communication profiles of Icelander's regarding information about health and lifestyle, in relation to their information literacy skills. Information literacy has been defined as the skill to "recognize when information is needed and have the ability to locate, evaluate, and use effectively the needed information" (Association of College and Research Libraries, 2000, p. 2). Thus, it can be argued that having the skills of being information literate provides people with a tool that supports lifelong learning and enables them to make decisions about their lifestyles based on informed choices. This study is aimed at examining the possibilities and barriers of the different sociodemographic groups of Icelander's to take advantage of the modern media, and how this can relate to their lifestyles and health. As such, it will seek for an understanding of the individual characteristics, both social and cognitive characteristics, which can influence peoples pattern of communication. The study consists of three main sections, that is respondent's information profile, social and cognitive factors that can relate to both information behaviour and health-related behaviour, and health-related behaviour.

Final analysis of the data has not been finished at this point. The results presented here belong to the initial analysis of some of the data from the part of the study that describes the general pattern regarding the respondent's information seeking styles, and their preference for an information channel. Findings about the connection between information seeking and respondents interest in the issue of health and lifestyle will also be presented.

Method

The study was carried out as a postal survey. The sample consists of 1000 people at the age 18-80, randomly selected from the national population registry. The data was gathered during the period of September 25th and throughout December 2002, response rate was 51%.

Sample characteristics

Demographic characteristics of the sample were compared with population parameters derived from Statistics Iceland (Hagstofa Íslands, 2003). Division between genders is not representative of confidence limits 95%. The response rate for women (54.6%) was higher than for men (45.4%) but is more equal in the population. However, as it does not change the results from the analysis of the data when the sample is weighted for gender, all results are presented here as unweighted. More people with college/-university education (24.2% of the sample), and fewer people with elementary education (31.6% of the sample), responded to the questionnaire compared with the division in the population. This indicates that people with college/university education were more willing to answer the questionnaire than those with elementary education. The ratio of people with secondary education (44.2% of the sample) is representative of the division in the population. When examined by gender, the division between educational groups in the sample compared with the population does not change.

Information seeking and preference for information channels

The study examined how often and where people look for information about health and lifestyle. Information seeking and preference for information channels was assessed by presenting a list of 23 information sources and asking questions for each source, about two different information seeking styles, that is active and passive information seeking. Respondents were asked if they had searched for information about health and lifestyle in the information sources on the list presented to them (active information seeking), and also, if they had happened to come across information about health and lifestyle in the information sources although they were not

specifically searching for them (passive seeking). The questions had a 5-point response scale (Very often - Never).

Factor analysis was used to examine if some of the questions from the list of information sources measured the same factor. The result was used to compute scales built on the factors that were extracted. In each case three factors appeared, containing between five and eight items. The factors were named: the Media, the Internet, and Health specialists. Principal axis with oblique rotation was used where correlation between factors was higher than 0.3. Each factor explained 50.0% or more of the total variance. The criteria for factor loadings were set above 0.3 so that each factor would explain at least 9% of the distribution of each variable. According to CoAmreys criteria (Tabachnick and Fidell, 1989) 80.8% of the factors have excellent factor loadings (>0.71), very good (>0.63) or good (>0.55). Of all the factor loadings, 52.1% have excellent loadings, 21% very good loadings and 8.2% good loadings. 20% of the factors have loadings under 0.55. Measurements of the quality of the scales was satisfactory. Cronbachs alpha was from 0.84 for passive information seeking in sources by Health specialists, to 0.90 for active seeking in the Media and passive seeking on the Internet.

Table 1. Information channels: Media – Internet – Health specialists

The Media: TV or radio discussion programs - TV or radio documentary programs - TV or radio entertainment programs - TV or radio news - Newspaper or journal advertises - TV or radio sport programs – Newspapers.
The Internet: Internet journals or newspapers - Internet discussion- or newsgroups - Advertises on the Internet - Websites by others than the health authorities - Websites by the health authorities.
Health specialists: Brochures from health authorities - Encyclopaedias or Medical books - Talking with health professionals - Health journals - Brochures from others than health authorities - Schools - through education.

Results

The two information seeking styles and respondents preference for information channels were assessed by asking questions about active and passive seeking in the information sources from the list included in the questionnaire. Analysis of variance (ANOVA) was used to examine if the respondents information seeking behaviour differed by their socio-demographical background. The analysis controls for the effect of each of the other independent variable, that is gender and education as well as respondents age. For example, when describing the effect of gender, the effect of the other two variables in the model, educational level and age, is being controlled for although this is not mentioned in the text.

Table 2. Active seeking in the Media – gender, education and age

	Sum of squares	df	Mean square	F	P
Gender	10.0	1	10.0	41.65	0.000
Education	8.4	2	4.2	6.13	0.002
Age	3.0	4	0.7	1.08	0.365
Gender*education	0.1	2	0.1	0.08	0.928
Gender*age	3.3	4	0.8	1.21	0.307
Education*age	6.5	8	0.8	1.20	0.300
Gender*education*age	3.9	8	0.5	0.72	0.675
Residual	290.8	425	0.7		
Total	3172.5	455			

Table 2 shows how often people seek for information about health and lifestyle in the Media by way of active seeking. Women (M: 2.6) (mean score) seek more often than men (M: 2.3). There is also a difference by educational level. People with secondary education (M: 2.6) seek more often for information than people with elementary education (M: 2.4) (Tukey, $p<0,05$). Mean score for people with university education is 2.5.

Table 3. Active seeking on the Internet – gender, education and age

	Sum of Squares	df	Mean square	F	P
Gender	3.9	1	3.86	6.99	0.009
Education	6.2	2	3.08	5.57	0.004
Age	26.7	4	6.68	12.10	0.000
Gender*education	1.6	2	0.81	1.47	0.230
Gender*age	0.2	4	0.04	0.07	0.990
Education*age	1.2	8	0.14	0.26	0.978
Gender*education*age	0.7	8	0.09	0.17	0.995
Residual	233.0	422	0.55	0.00	
Total	1415.2	452			

As can be seen from table 3 women (M: 1.7) seek more often for information on the Internet by way of active seeking than men (M: 1.4). Also, people with university degree (M: 1.8) seek more often for information than those who have an elementary education (M: 1.4) (Tukey, $p<0,05$). The mean for people with secondary education is 1.6. There is also a difference by age. The mean score for the youngest group (18-29 years old) was higher (M: 2,0) than for people age 40-49 (M: 1,5), 50-59 years (M: 1,4) and 60 years and older (1,1). The mean score for people age 60 years and older (M: 1,1) was also significantly lower than for those 18-29 years (M: 2,0), 30-39 years (M: 1,7) and 40-49 years (M: 1,5).

Table 4. Active seeking in Health specialists – gender, education and age

	Sum of squares	df	Mean square	F	P
Gender	18.3	1	18.3	29.25	0.000
Education	11.4	2	5.7	9.11	0.000
Age	5.5	4	1.4	2.19	0.069
Gender*education	1.3	2	0.7	1.05	0.351
Gender*age	3.7	4	0.9	1.49	0.206
Education*age	8.6	8	1.1	1.71	0.094
Gender*education*age	3.6	8	0.4	0.72	0.676
Residual	265.1	423			
Total	2897.9	465			

Table 4 shows that women (M: 2.6) seek more often for information in sources by Health specialists than men (M: 2.1). There is also a difference by level of education, with people with university degree (M: 2.7) seeking more often for information than those who have a secondary education (M: 2.3) or elementary education (M: 2.1) (Tukey, $p<0,05$).

Table 5. Passive seeking in the Media – gender, education and age

	Sum of squares	df	Mean square	F	P
Gender	8.4	1	8.4	13.66	0.000
Education	3.5	2	1.8	2.85	0.059
Age	14.1	4	3.5	5.76	0.000
Gender*education	1.0	2	0.5	0.85	0.429
Gender*age	2.3	4	0.6	0.95	0.435
Education*age	5.2	8	0.7	1.06	0.390
Gender*education*age	15.0	8	1.9	3.06	0.002
Residual	259.1	422	0.6		
Total	4449.8	452			

Table 5 shows how often people seek for information in the Media by way of passive seeking. The findings show a gender difference, with women (M: 3.2) seeking more often for information than men (M: 2.8). There is also a difference by education, but post-hoc tests (Tukeys) could not show what educational groups differed. Findings about age difference show that mean score for people age 40-49 years (M: 2,9) was lower than for people age 18-29 (M: 3,2) and 30-39 years (M: 3,2). Also, mean score for people 60 years and older (M: 2,7) was lower than for people age 18-29 (M: 3,2), 30-39 years (M: 3,2) and 50-59 years (M: 3,1) (Tukeys, p<0,05).

Table 6. Passive seeking on the Internet – gender, education and age

	Sum of squares	df square	Mean	F	P
Gender	2.6	1	2.6	4.27	0.039
Education	5.4	2	2.7	4.43	0.013
Age	31.9	4	8.0	13.02	0.000
Gender*education	2.0	2	1.0	1.65	0.193
Gender*age	0.5	4	0.1	0.21	0.931
Education*age	1.4	8	0.2	0.29	0.970
Gender*education*age	3.1	8	0.4	0.64	0.748
Residual	258.9	423	0.6		
Total	1530.9	453			

Table 6 shows how often people find information on the Internet, by way of passive seeking. There is a gender difference, with men (M: 1.5) finding information less often than women (M: 1.7). The findings also show a difference by level of education, with those who have a university (M: 1.8) degree finding information more often than those who have an elementary education (M: 1.5). (Tukeys, p<0,05). The mean score for people with secondary education is 1.6. There is also a difference by respondents age, with people 60 years and older (M: 1,1) finding information less often than people age 18-29 years (M: 2,1), 30-39 years (M: 1,8) and 40-49 years (M: 1,5). Also, people age 18-29 years (M: 2,1) find information more often than those age 40-49 years (M: 1,5), 50-59 years (M: 1,5) and 60 years and older (M: 1,1) (Tukeys, p<0,05).

Table 7. Passive seeking in Health specialists – gender, education and age

	Sum of squares	df	Mean square	F	P
Gender	10.8	1	10.8	14.98	0.000
Education	9.9	2	5.0	6.89	0.001
Age	16.3	4	4.1	5.68	0.000
Gender*education	2.7	2	1.3	1.86	0.156
Gender*age	3.1	4	0.8	1.07	0.373
Education*age	3.1	8	0.4	0.55	0.821
Gender*education*age	12.9	8	1.6	2.24	0.024
Residual	305.1	424	0.7		
Total	3448.7	454			

As table 7 shows there is a gender difference, men (M: 2.4) find information in sources by Health specialists less often than women (M: 2.8). People with university degree (M: 2.9) find information more often than those with secondary education (M: 2.5) or elementary education (M: 2.4) (Tukeys, $p<0,05$). There is also a difference by age, with people age 60 years and older (M: 2,2) finding these information less often than people belonging to other age groups, 18-29 years (M: 2,8); 30-39 years (M: 2,7); 40-49 years (M: 2,5); and 50-59 years (M: 2,6) (Tukeys, $p<0,05$).

Interest in health and lifestyle and information seeking

As a motivation to seek for information respondents were asked how interested they were in the topic of health and lifestyle, using a 5-point response scale (Very interested – No interest at all).

Picture 1 shows that women are more interested in this topic than men.



$X^2(4)=36.34$, $p<0.01$

Picture 1. How interested are you in health and lifestyle?



$X^2(8)=35.41, p<0.01$

Picture 2. How interested are you in health and lifestyle?

As can be seen from picture 2, as peoples level of education gets higher, the more interested they are in the topic of health and lifestyle.

Liniar regression was used to examine if interest in health and lifestyle can predict about respondents information seeking. Interest in health and lifestyle, as an independent variable, was tested against information seeking (active and passive) as dependent variables, for each of the three information channels (the Media, the Internet and Health specialists). The variables gender, education and age were controlled for. There is a connection between interest and how often people seek for information in each of the three information channels, both by way of active and passive information seeking. Interest explains 26.1% of the variance in active information seeking in the Media (R^2=.261; b=.483; p<.001; Beta=.499.), 22.1% on the Internet (R^2=.221; b=.241; p<.001; Beta=.249), and 35.1% in sources by Health specialists (R^2=.351; b=.484; p<.001; Beta=.486). For passive seeking, interest explains 15.7% of the variance in information seeking in the Media (R^2=.157; b=.268; p<.001; Beta=.280), 19.9% on the Internet (R^2=.199; b=.203; p<.001; Beta=.199), and 22.2% in sources by Health specialists (R^2=.222; b=.331; p<.001; Beta=.309.

Discussion

The results show that both men and women claim to get more information by way of passive seeking than by way of active seeking, in the Media and also in sources by Health specialists. However, the figures for the use of Internet are almost the same for active information seeking as for passive information seeking. In fact, information on the Internet are the least sought for by both all groups of respondents, whether it is examined by gender,k educational level, or age, and both by way of active and passive seeking.

Regarding the relationship between gender and information seeking behaviour the findings are consistent. Women were found to seek more for information about health and lifestyle than men, in all three information channels, whether it is by active or passive information seeking (education and age being controlled for). This is in line with previous studies that have reported women to be more likely than men to seek for health information (Connell and Crawford, 1988; Newell-Withrow, 1986; Kassulke, Stenner-Day, Coory and Ring, 1993; Rakowski et al.,1990), and that womens information seeking is related to more than their own information needs as it also involves the caretaking of their family (Fox et al., 2000; Pennbridge, Moya and Rodrigues, 1999; Slevin et al., 1988). Resent studies have also

found women to use health care services more than men do (Green and Pope, 1999; Ladwig o.fl., 2000). Indeed, women have been found to be more knowledgeble about health issues, and to be more likely to protect their health than men, as well as taking more responcibility for the health care of their family than men. It has been suggested that the reason for these gender difference may be due to socialization, with women having learned the role of being the caretaker of the family (Gabbard-Alley, 1995).

It was also found that people with a higher level of education seek more often for information than those who have a lower level of education (gender and age controlled for). Also, that information from health specilists are prefered by those who have a higher educational level, while information from the Media are more prefered by those who have a lower level of education. Previous studies have found people with a higher level of education to seek more for health information and use a broader range of information sources than those who belong to the groups with a lower level of education (Bishop o.fl., 1999; Chatman, 1985; Kenkel, 1990; O´Keefe, Boyd and Brown, 1998). There are also indications that people with lower education depend more on informal information sources from their nearest environment, rather than formal sources (Greenberg and Dervin, 1970; Spink and Cole, 2001).

The study also examined information seeking in relation to peoples interest in health and lifestyle. In a study by Eriksson-Backa (2003) interest was found to be the main reason for seeking for health information. Also, Rimal, Flora and Schooler (1999) found that interest together with perceived risk of getting a heart disease explained 5% of the variance in overall health orientation, that is participants health knowledge, self-efficacy and health behaviours. According to O´Keefe, Hartwig Boyd and Brown (1998) interest in preventive health information is related to learning about health from television, print, and personal media. In this study it was found that interest can predict about peoples information seeking behaviour, when the effects of gender, education and age are being controlled for. The explanation range from 35.1% for active seeking in sources by health specialists to 15.7% for passive seeking in the Media. This indicates that information seeking is connected to Icelander's interest in the topic of health and lifestyle.

References

Association of College and Research Libraries (2000). *Information Literacy Competency Standards for Higher Education*. Chicago: ACRL. Retrieved March 24th 2004, from: http://www.ala.org./ala/acrl/acrlstandards/-informationliteracycompetencey.htm

Bishop, A.P., Tidline, T. J., Shoemaker, S., and Salela, P. (1999). Public libraries and networked infomation services in low-income communities. *Library & Information Science Research, 21*(3), 361-390.

Chatman, E.A. (1985). Information, mass media use and the working poor. *Library & Information Science Research*, *7*, 97-113.

Connell, C.M. and Crawford, C.O. (1988). How people obtain their health information: A survey in two Pennsylvania counties. *Public Health Reports*, *103*(2), 189-195.

Eriksson-Backa, K. (2003). *In Sickness and in Health: How Information and Knowledge are Related to Health Behaviour*. Åbo: Åbo Akademi University Press. Doctoral dissertation at Åbo Akademi University.

Fox, S., Rainie, L., Horrigan, J., Lenhart, A., Spooner, T., Burke, M., Lewis, O., Carter, C. (2000). *The online health care revolution: How the Web helps Americans take better care of themselves*. Pew Internet & American Life Project. Retriewed September 23rd 2003, from: http://www.pewinternet.org/

Gabbard-Alley, A.S. (1995). Health communication and gender: A review and critique. *Health Communication*, *7*(1), 35-54.

Green, C.A., and Pope, C.R. (1999). Gender, psychosocial factors and the use of medical services: A longitudinal analysis. *Social Science & Medicine*, *48*(10), 1363-1372.

Greenberg, B. and Dervin, B. (1970). Mass communication among urban poor. *Public Opinion Quarterly*, *34*(2), 224-236.

Kassulke, D., Stenner-Day, K., Coory, M., and Ring, I. (1993). Information-seeking behaviour and sources of health information: Associations with risk factor status in an analysis of three Queensland electorates. *Australian Journal of Public Health*, *17*(1), 51-57.

Kenkel, D. (1990). Consumer health information and the demands for medical care. *The Review of Economics and Statistics*, *LXXII*(4), 587-595.

Ladwig, K.H., Marten-Mittag, B., Formanek, B., and Dammannh, G. (2000). Gender differences of symptom reporting and medical health care utilization in the German population. *European Journal of Epidemiology*, *16*, 511-518.

Newell-Withrow, C. (1986). Identifying health seeking behaviors: A study of adolescents. *Adolescence*, *XXI*(83), 641-658.

O'Keefe, G.J., Boyd, H.H., and Brown, M.R. (1998). Who learns preventive health care information from where: Cross-channel and repertoire comparisons. *Health Communication*, *10*(1), 25-36.

Pennbridge, J., Moya, R., and Rodrigues, L. (1999). Questionnaire survey of California consumers´ use and rating of sources of health care information including the Internet. *Western Journal of Medicine*, *171*(5/6), 302.

Rakowsky, W., Assaf, A.R., Lefebvre, R.C., Lasater, T.M., Niknian, M., and Caraleton, R.A. (1990). Information seeking about health in a community sample of adults: Correlates and associations with other health-related practices. *Health Behaviour Quarterly*, *17*(4), 379-393.

Rimal, R.N., Flora, J.A., and Schooler, C. (1999). Achieving improvements in overall health orientation: Effects of campaign exposure, information seeking, and health media use. *Communication Research*, *26*(3), 322-348.

Slevin, M.L., Terry, Y., Hallett, N., Jefferies, S., Launder, S., Plant, R., Wax, H., and McElwain, T. (1988). BACUP-the first two years: Evaluation of a national cancer information service. *Brithis Medical Journal*, *297*(6649), 669-672.

Spink, A., and Cole, C. (2001). Information and poverty: Information-seeking channels used by African American low-income households. *Library & Information Science Research*, *23*(1), 45-65.

Tabachnick, B.G., and Fidell, L.S. (1989). *Using multivariate statistics*. Cambridge: Harper & Row.

Hans og Gréta í upplýsingafrumskóginum

Áslaug Agnarsdóttir

Aldrei hefur nokkur maður náð réttu
takmarki með því að halda sig á villigötum.
Mahatma Gandhi

Á undanförnum árum hefur upplýsingaveitum á Netinu fjölgað svo um munar og verulegur hluti upplýsingaþjónustu á bókasöfnum fer fram með aðstoð þeirra. Má þar nefna ýmiss konar gagnasöfn, svo sem skrár af ýmsu tagi, tilvísanasöfn sem vísa í efni tímarita og textasöfn sem geta til dæmis verið uppsláttarrit eða bækur eða tímaritsgreinar í fullri lengd. Mörgum virðist sem upplýsingaleit sé nú mun fljótvirkari, einfaldari og aðgengilegri en áður. En efni á Netinu er bæði líkt og ólíkt prentuðu efni og enn nota bókasafns- og upplýsingafræðingar Netið og prentaðar heimildir jöfnum höndum. Ýmsir hafa rannsakað kosti og galla Netsins miðað við hefðbundin bókasöfn. Michael E. Lesk (1999) nefnir til dæmis að til kosta Netsins megi telja meiri hraða (nýjar upplýsingar birtast fyrr) og betra aðgengi (allan sólarhringinn) en helsti gallinn sé að enn er fræðilegt efni af skornum skammti. Aðrir hafa nefnt kostnaðinn við að kaupa aðgang að gagnasöfnum en hann getur oft verið óheyrilega mikill (Stefanía Júlíusdóttir, 1999).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur séð um framkvæmd samningsins um *landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum* og hefur auk þess samið um aðgang að mörgum gagnasöfnum sem eru aðgengileg á Háskólanetinu eða í safninu sjálfu. Á heimasíðu safnsins er sleginn eftirfarandi varnagli: „Með tilkomu Netsins hefur heimildaleit orðið hvort tveggja í senn, einfaldari og flóknari. Einfaldari vegna þess að í æ fleiri tilvikum er hægt að nálgast upplýsingar frá einkatölvunni en um leið flóknari vegna þess hve erfitt getur verið að finna einmitt það sem þarf hverju sinni. Hver sem er getur sett upplýsingar á Netið og skipta síðurnar hundruðum milljóna. Gæðin eru afar mismunandi og því er nauðsynlegt að vera gagnrýninn á það sem þar finnst. Margt er ekki og verður aldrei tiltækt á Netinu. Traustustu upplýsingarnar eru oft aðeins til í prentuðu formi eða fást ekki án endurgjalds.“ (Halldóra Þorsteinsdóttir, 2004)

Flest heimili á Íslandi hafa núorðið aðgang að Netinu og það er vissulega mun fljótlegra að finna margs konar upplýsingar en áður ef Netið er notað. Samt sem áður skiptir nú meira máli en nokkru sinni fyrr að velja rétta leitaraðferð allt eftir því fyrir hvern er verið að leita, hvers konar upplýsingum er verið að leita að og í hvaða tilgangi á að nota þær. Ef nota á Netið sem heimild þarf því yfirleitt að fara fram gæðamat á upplýsingunum því þar gilda allt aðrar reglur um birtingu efnis heldur en um útgáfu prentaðs efnis. Upplýsingaþjónusta bókasafna er enn víðast hvar starfrækt með hefðbundnum hætti að hluta til, það er að segja með leit í handbókum og bókfræðiritum. Þegar upplýsingaleit er gerð þarf í flestum tilfellum að huga að eftirfarandi atriðum áður en lengra er haldið: *tilgangi leitar, formi efnis, áreiðanleika, útarleika, aldri, aðgangi, kostnaði, staðsetningu notandans, fagsviði og hversu brýnt er að fá upplýsingarnar*. Hvenær dugar Netið og hvenær þarf að leita í prentuð gögn?

Í þessari grein verður fjallað um muninn á rafrænni heimildaleit og hefðbundinni upplýsingaöflun. Gerð verður grein fyrir því hvaða atriði skipta helst máli þegar leitað er að upplýsingum á Netinu annars vegar og í prentuðum heimildum hins vegar. Í lokin verða tekin nokkur raunveruleg dæmi um leitir sem hafa nýlega verið gerðar af upplýsingaþjónustu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og niðurstöður þeirra.

Tilgangur upplýsingaleitar

Tilgangur upplýsingaleitar getur verið afar mismunandi. Stundum er verið að leita að tiltekinni bók, tímaritsgrein, skýrslu, ritgerð eða öðru efni. Stundum er líka einfaldlega verið að leita að upplýsingum um tiltekna, einfalda staðreynd. En oft þarf líka að gera viðamikla heimildaleit, til dæmis ef viðfangsefnið er rannsókn af einhverju tagi.

Ef leitaraðferðir og leitarniðurstöður eru bornar saman, annars vegar þegar leitað er í gagnasöfnum á Netinu og hins vegar í hefðbundnum handbókum og tímaritasöfnum þá kemur í ljós að oftar en ekki er fljótlegra að leita að almennum upplýsingum á Netinu. Það skiptir þó ekki höfuðmáli. Ef um einfalda fyrirspurn er að ræða, t.d. um íbúafjölda Moskvu, er oft enginn munur á hvort leitað er á Netinu eða í bók. Ef kveikt er á tölvunni er kannski fljótlegra að leita þar en ef viðeigandi handbók er við hendina getur verið eins fljótlegt að fletta í henni. Hér skipta þá ytri aðstæður öllu máli.

Heimildaleit kallar á flóknari upplýsingaöflun. Ef verið er að leita að sérhæfðari faglegum upplýsingum er árangurinn mjög misjafn því enn er

mikill munur á því hvað hinum ýmsu faggreinum eru gerð góð skil á Netinu. Þá skiptir meira máli að *rétt leitaraðferð* sé valin og oftast getur þurft að leita bæði á Netinu og í prentuðum heimildum.

Það skiptir líka höfuðmáli hver spyrjandinn er, hvort hann er almennur safngestur, fulltrúi atvinnulífsins, fræðimaður, nemi (og þá á hvaða námsstigi) eða eitthvað annað. Ávallt ber að haga leitinni í samræmi við þarfir einstaklingsins.

Form efnis

Ef rafræn gögn eru skoðuð er greinilegur munur á notagildi þeirra eftir því hvort um gagnasafn, tilvísanasafn eða textasafn er að ræða. Rafræn gögn geta til dæmis verið skrár bókasafna, söfn tilvísana í efni tímarita, heildartextar tímarita eða bóka, laga- og dómasöfn, alfræðirit og dagblöð svo dæmi séu nefnd.

Dæmi um íslensk gagna- og tilvísanasöfn eru Gegnir (skrá yfir efni íslenskra bókasafna ásamt tilvísunum í efni íslenskra tímarita), Hagtölusafn Hagstofu Íslands (safn tölfræðiupplýsinga), og tonlist.is (safn íslenskrar og erlendrar tónlistar á Netinu). Af erlendum gagnasöfnum má nefna Britannica Online (alfræðirit), Psychinfo (tilvísanir í efni tímarita á sviði sálarfræði, samfélagsfræði og skyldum greinum), BONIS (tilvísanir í valið efni um norrænar fornbókmenntir), Books in Print (skrá um bækur, myndbönd o.fl. á enskum markaði) og Index translationum (alþjóðleg tilvísanaskrá um þýðingar fagurbókmennta og fræðirita).

Textasöfn geta verið af ýmsu tagi, bæði bókartextar og tímaritsgreinar. Dæmi um slík söfn eru Gagnasafn Morgunblaðsins, Vestnord (heildartextar blaða og tímarita frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi á stafrænu formi), Textasafn Snerpu (vísna- og söngtextasafn), CELEX (laga- og dómasafn Evrópusambandsins o.fl.), Karnov & UfR online (heildartextar danskra laga og dóma), LION – Literature Online (safn tilvísana og umfjallana um bókmenntir og höfunda enskra og ameríska bókmennta með heildartextum ljóða og bóka) og SourceOECD (tilvísanir og heildartextar útgáfurita OECD um efnahagsmál, hagtölur o.fl.).

Rafræn gögn af þessu tagi hafa ótvírætt gildi og þá fyrst og fremst ýmiss konar skrár og stuttir textar eins og tímaritsgreinar. Helstu kostir svo sem hraði og aðgengi hafa áður verið nefndir (Lesk, 1999). Það gilda önnur viðmið ef lengri textar, til að mynda heilar bækur, eru skoðaðir. Bókin og tölvan eru þrátt fyrir allt ólíkir miðlar og hafa enn ólíkan tilgang. Fæstir vilja

lesa lengri texta á skjá en helstu kostir texta á Netinu eru greiðari og skjótari aðgangur, möguleiki á að leita í þeim, rifja upp orðalag og sækja beinar tilvitnanir og útdrætti. Hér skiptir þó meginmáli að skráning gagnanna sé unnin faglega, því hún er undirstaða þess að efnið finnist, að textarnir séu réttir og bókfræðiupplýsingar um þá aðgengilegir. Á það bæði við um tilvísanasöfn, heildartexta tímarita og útgáfu heilla bóka. Í öllum tilfellum þarf skráningin að vera eins nákvæm og venja er þegar um prentað efni er að ræða (Áslaug Agnarsdóttir, 1998).

Annar munur á rafrænu bókasafni og hefðbundnu bókasafni er sá að miklu meiri sveigjanleiki er í framsetningu efnis í því fyrrnefnda. Í hefðbundnu safni er efninu yfirleitt raðað eftir formi: sérstakar deildir eru fyrir bækur og tímarit, hljóðrit og tónlistarefni, ljósmyndir, kvikmyndir, kort og svo framvegis. Á Netinu er hægt að flokka gögn eingöngu eftir efni þeirra án tillits til forms. Þá styðja mismunandi form efnis á einum stað hvert við annað. Gott dæmi um slíkt er vefsíða Dicks Ringler um Jónas Hallgrímsson. http://www.library.wisc.edu/etext/Jonas/ (Ringler, 1996-8) þar sem hægt er að lesa texta Jónasar á íslensku og á ensku, fræðast um æviatriði skáldsins, lesa greinar um Jónas og skáldskap hans, sjá myndir af honum, kort af Íslandi sem tengist ljóðum hans og síðast en ekki síst, hlusta á upplestur á verkum hans.

Enn eitt dæmi um snjallan möguleika fyrir textasöfn er að tengja orðabók við textann. Við lesturinn er einfaldlega hægt að smella á orð í textanum og fá upp orðskýringu eða þýðingu. Á bókmenntavef sem var settur upp fyrir rússneskunema við Háskólann í Berkeley í Kaliforníu er nóg að færa bendilinn á ákveðin orð í rússneska textanum og þá birtast orðskýringar á ensku (www.conradish.net). Britannica Online hefur tengingu við Merriam-Webster's Collegiate Dictionary og ef smellt er á orð í færslu opnast gluggi með orðabókaskýringu (www.britannica.com).

Áreiðanleiki

Mikið hefur verið skrifað um *gæði* efnis á Netinu. Efni sem þar birtist lýtur yfirleitt ekki sömu reglum um útgáfu og efni sem birt er í prentuðu riti. Algengt er að útgefandi sé einnig höfundur efnisins sem tíðkast vissulega líka hvað prentaðar bækur varðar en í miklu minna mæli. Höfundur er þá einn um að meta gildi efnisins. Ritrýnda útgáfu er vissulega að finna á Netinu en slík útgáfa er enn sem komið er algengari í prentuðum miðlum. Eitt af einkennum Netsins er að mun fleiri geta notfært sér það til birtingar efnis,

bæði vegna þess að slík útgáfa er talsvert ódýrari en útgáfa á prentuðu efni og aðeins þarf aðgang að réttum búnaði, það er að segja vélbúnaði og hugbúnaði, ásamt grundvallarþekkingu á vefsmíði til að hefjast handa (Þórdís T. Þórarinsdóttir, 1999). Upplýsingar um atriði svo sem höfundaraðild, ábyrgðaraðila eða útgáfu og útgáfuár þykja sjálfsögð í prentuðum útgáfum en á Netinu eru þau oft ekki til staðar. Þetta er til dæmis algengt þegar textar fagurbókmennta eru birtir á Netinu. Það skiptir kannski ekki máli fyrir nema í framhaldsskóla hvaðan textinn af Gunnlaugs sögu ormstungu sem hann getur lesið á Netinu (sjá t.d. www.skolavefurinn.is og www.snerpa.is/-net/isl/gunnl.htm) er fenginn en það hlýtur að rýra möguleika fræðimanna á að nota textann þegar ekki er tekið fram hvaða útgáfa textans liggur til grundvallar. Meginvandinn varðandi áreiðanleika efnisins er sá að það getur verið erfitt að sjá hvenær efnið var síðast uppfært (eru upplýsingarnar úreltar?) og hvaðan upplýsingarnar koma.

Aðgangur

Hraði. Aðgangur að efni á Netinu er háður öðrum forsendum en aðgangur að prentuðu efni. Prentað efni má yfirleitt finna á einhverju bókasafni. Þar er það skráð og finnanlegt og ef það er ekki til hérlendis má í flestum tilfellum panta það í millisafnaláni frá útlöndum. En það getur tekið sinn tíma. Eftirsóttar bækur geta verið í láni og aðrir lánþegar þurft að fara á biðlista. Tímaritshefti getur verið týnt eða í notkun o.s.frv. Þau vandamál sem tengjast prentuðu efni varða því notkun. Efni á Netinu er aftur á móti ávallt til staðar og alls staðar aðgengilegt um leið ef það er á annað borð opinn aðgangur að því.

Stöðugleiki. Útgefin bók breytist ekki en vefsíður, gagnasöfn og annað rafrænt efni getur horfið eða breyst fyrirvaralaust (Sveinn Ólafsson, 2002). Sett hafa verið ný lög um skylduskil sem lúta að varðveislu rafræns efnis en enn á eftir að vinna mikla undirbúningsvinnu áður en slík varðveisla verður tryggð og komin í fast og leitarbært form. Það er því hætta á því að efni sem áður var til á Netinu sé horfið eða breytt næst þegar á að nota það.

Skráning. Aðgangur að bæði rafrænu og prentuðu efni er háður skráningu efnisins og henni er afar ólíkt háttað á miðlunum tveim þó að hún byggi á sömu forsendum. Auk þess vinna leitarvélar á mismunandi hátt og erfitt er fyrir hinn almenna notanda að átta sig á hvernig gagnasafn er byggt upp, jafnvel þó að það sé gott. Sömuleiðis getur verið erfitt að átta sig á því hvort heimturnar eru eðlilegar miðað við innihald. Flestar rannsóknir á þessu sviði

sýna að það verður því að beita ólíkum leitaraðferðum eftir því hvort leitað er á Netinu eða í prentuðum gögnum (Stefanía Júlíusdóttir, 1999; Lynch, 1997).

Kostnaður. Tiltölulega fá vönduð gagnasöfn á Netinu eru opin öllum án endurgjalds. Oftast þarf að greiða fyrir aðganginn og getur sá kostnaður orðið býsna hár og fæstir einstaklingar telja sér hag í slíkri fjárfestingu. Bókasöfn, og þá fyrst og fremst háskólabókasöfn, stofna því oft samlög um að kaupa aðgang handa notendum sínum og reyna með því að lækka kostnað hvers og eins. Á Íslandi hafa náðst mjög góðir samningar um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum og eru þeir samningar einstæðir á heimsvísu. Ríkið og bókasöfn landsins hafa borið kostnaðinn af landsaðganginum en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur borið ábyrgð á framkvæmd samninganna og haft umsjón með vefsíðunni hvar.is.

Aðrir samningar eru oft ýmsum annmörkum háðir og fer kostnaður eftir því hversu margir samtímanotendur hafa heimild til að leita í sama gagnasafninu í einu.

Staðsetning notandans. Eins og fram kemur að ofan er aðgangur að flestum stórum gagnasöfnum seldur og oft takmarkaður við ákveðinn fjölda notenda. Ekki er því alltaf hægt að nálgast upplýsingar úr rafrænum gagnasöfnum úr tölvunni heima nema að keyptur hafi verið aðgangur sem gerir ráð fyrir því. (Stefanía Júlíusdóttir, 1998).

Ef tekin eru dæmi af gagnasöfnum þeim sem nefnd voru fyrr í þessari grein þá er opinn aðgangur að sex gagnasöfnum (Gegni, Hagtölusafni Hagstofu Íslands, tonlist.is, BONIS, Vestnord og Index translationum), landsaðgangur að tveimur (Britannica Online og LION), aðgangur á Háskólanetinu að fjórum (Psychinfo (10 notendur í einu), Books in Print (einn notandi í einu), Karnov & UfR og SourceOECD og aðgangur að tveimur eingöngu í bókasafninu (CELEX og Gagnasafni Morgunblaðsins).

Fagsvið

Það er augljós munur á notkun Netsins milli fagsviða. Hugvísindin eru ennþá verulega háð hefðbundnum, prentuðum miðlum bæði í námi og rannsóknum. Raunvísindi eru aftur á móti mun opnari fyrir rafrænum miðlum. Félagsvísindi eru þar mitt á milli og styðjast enn við rafræn og prentuð gögn jöfnum höndum. Þetta sést vel ef ritakaupastefna deilda Háskóla Íslands er skoðuð fyrir árið 2003. Þá kemur í ljós að bókakaup eru mun meiri hjá hugvísindadeildum heldur en hjá læknadeild, raunvísindadeild

og verkfræðideild sem einbeita sér mun meira að tímaritakaupum. Sjá einnig könnun Halldóru Þorsteinsdóttur (2004) sem lýst er að neðan.

Könnun á vegum upplýsingadeildar Lbs-Hbs

Halldóra Þorsteinsdóttir (2004), forstöðumaður upplýsingadeildar Landsbóksafns Íslands – Háskólabókasafns sendi viðhorfskönnun út á póstlistann hi-starf í febrúar á þessu ári. Spurt var „hvort menn væru sammála því að hafa eingöngu rafrænan aðgang að tímaritum í sínu fagi“ og þeir beðnir um að rökstyðja svar sitt. Þó að könnunin hafi verið óformleg, spurningin nokkuð einföld og svörun kannski óeðlilega lítil eru niðurstöður hennar skýrar. Um það bil 70% svöruðu játandi en 15% neitandi. 15% voru óákveðnir. (Tafla 1).

Tafla 1. Niðurstöður könnunar um rafrænan aðgang að tímaritum

	Já	Nei	Bæði og	Samtals
Félagsvísindadeild	13	2	2	17
Guðfræðideild	0	1	0	1
Heimspekideild	2	7	1	10
Hjúkrunarfræðideild	3	0	0	3
Lyfjafræðideild	2	0	1	3
Læknadeild	6	0	2	8
Raunvísindadeild	13	0	4	17
Tannlæknadeild	1	0	0	1
Verkfræðideild	4	0	0	4
Viðskipta- og hagfræðid.	1	0	0	1
Samtals:	**45**	**10**	**10**	**65**

Aðrar athyglisverðar staðreyndir:

- Meðal þeirra sem svöruðu voru þrír starfandi deildarforsetar.
- Sú litla svörun sem kom frá frá viðskipta- og hagfræðideild er ef til vill hægt að skýra með almennu áhugaleysi um þessi mál. Fyrrverandi deildarforseti þeirrar deildar var reyndar afar áhugasamur um

upplýsingamál deildarinnar og bauðst til að greiða fyrir heimildaleitir kennara í sex mánuði.

- Niðurstöður félagsvísindadeildar voru sláandi. Kennarar virtust ekki aðeins vera frekar hlynntir rafrænum aðgangi heldur fylgdu svörum þeirra athugasemdir, rökstuðningur og vangaveltur sem báru vott um mikinn áhuga á málefninu.
- Augljóst var að hugvísindin, það er heimspekideild og guðfræðideild, eru enn háð prentuðum tímaritum og hefur rafrænn aðgangur ekki komið að notum þar nema að litlu leyti.
- Enginn starfsmaður heilbrigðisvísindadeilda, raunvísindadeildar eða verkfræðideildar svaraði spurningunni um rafrænan aðgang að tímaritum neitandi.

Niðurstöður könnunarinnar koma í raun ekki á óvart og endurspegla þau sjónarmið sem eru ríkjandi víðast hvar í vestrænum fræðasamfélögum.

Sami munurinn hefur einnig komið fram í viðræðum sem safnið hefur átt við hverja deild varðandi ritakaup þeirra.

Dæmi um nýlegar upplýsingaleitir sem gerðar voru í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni

Leit 1: Kúba

Maður hringdi í upplýsingaþjónustu Landsbókasafnsins og var að leita að upplýsingum um Kúbu, bæði almennum og efnahagslegum. Þessar upplýsingar máttu ekki vera eldri en frá árinu 1980. Hann sagðist þurfa þessar upplýsingar vegna viðskipta og vandamál hans var það að hann þurfti á þessum upplýsingum að halda *á íslensku*. Ef hann gæti lesið ensku sér til gagns, væri þetta ekkert vandamál sagði hann, slíkar upplýsingar væri barnaleikur að nálgast á Netinu. Bókavörðurinn byrjaði leit sína á því að skoða íslenskar heimasíður þar sem orðin „Kúba“ og „viðskipti“ komu fyrir. Hann byrjaði á Netinu þar sem mikilvægt var að upplýsingarnar væru sem nýjastar. Upplýsingarnar sem fundust á Netinu reyndust hins vegar yfirleitt skrifaðar í öðrum tilgangi en þeim að fræða fólk. Mest var þetta kynningarefni frá ferðaskrifstofum, skýrslur fyrirtækja og persónulegar skoðanir einstaklinga. Efnið sem bókavörðurinn afhenti viðskiptavininum að endingu voru tvær bækur um Mið-Ameríku og ein tímaritsgrein, sem hann fann tilvísun um í Gegni, um efnahagsþróunina á

Kúbu. Sambærilega vel unnið, víðtækt og hlutlaust efni fannst ekki á Netinu í þessari leit. (Elín Björg Héðinsdóttir, 2004)

Leit 2: Gertrude Stein

Í júlí kom í upplýsingaþjónustu Landsbókasafnsins listakona sem vildi vísa í texta eftir Gertrude Stein í eigin verki. Hún mundi að textinn fjallaði um feðga og fiðrildi og að stíllinn var afar sérstakur; hann minnti á kúbismann í myndlist. Hún mundi þó ekki hvort um var að ræða dagbókarbrot, bréf, ritgerð eða sögu og þar sem Gertrude var síður en svo einhver einnar bókar kona var listakonan hálf hrædd um að hún mundi aldrei finna þetta aftur. Hún var búin að blaða í sínum eigin bókum án árangurs. Þessari fyrirspurn reyndist þó auðvelt að svara með leiðsögn Netsins. Eftir nokkur laus skot gáfu leitarorðin: „Gertrude Stein" – „father" – „son" þá niðurstöðu að tilvitnunin væri úr bókinni *The Making of Americans*. Það vildi svo heppilega til að einmitt þessi tilvitnun var notuð til þess að auglýsa bókina á Amazon.com. Blaðsíðutalið fylgdi þó ekki með þannig að í lokin þurfti að grípa til bókarinnar sjálfrar til þess að fá trausta heimild. Rétta bókin hefði þó tæplega fundist nema með hjálp Netsins. (Elín Björg Héðinsdóttir, 2004)

Leit 3: Heilinn

Í mars hringdi móðir háskólanema í upplýsingaþjónustu Landsbóka-safnsins. Dóttir hennar ætlaði að skrifa ritgerð á sviði líffræðisfræði um það hvort til væru einhverjar sannanir fyrir því að það væri munur á heila karla og kvenna. Á þessu sviði reyndust bóklegar heimildir safnsins ekki nægilega sérhæfðar, gagnasöfn voru betri kostur. Bókavörðurinn leysti málið með því að finna út hvaða gagnasöfnum væri best að leita í og hvaða leitarorð virkuðu: „sex differences" og „gender differences" reyndust hvað öflugust. Bókavörðurinn var þó ekki nógu sterkur í líffræðisfræði til þess að fara dýpra í efnið en þetta, á líkingamáli: hann gat vísað á miðin og veiðarfærin en það var í raun heppilegast fyrir nemann að fiska sjálfur. (Elín Björg Héðinsdóttir, 2004)

Hans og Gréta í upplýsingafrumskóginum

Að lokum getum við sett okkur í spor háskólanemanna Hans og Grétu sem eru að hefja nám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands haustið 2004. Gréta hefur skráð sig í félagsfræði en Hans í bókasafns- og upplýsingafræði.

Þau eru tiltölulega vel sett því rafræn gögn í þeirra fögum eru aðgengileg á síðunni „Valin vefföng" á vef Landsbókasafns. Þau eru heppin að landsaðgangur skuli vera að 30 gagnasöfnum og meira en 8.000 altexta tímaritum, þar af mörg sem snerta þeirra fag. Sem nýnemar fá þau einnig kennslu í upplýsingaleit samkvæmt notendafræðsluáætlun upplýsingadeildar safnsins. Þau hafa auk þess aðgang að margvíslegum leiðbeiningabæklingum, meðal annars um leitartækni í gagnasöfnum og vef safnsins *www.bok.hi.is* sem er öflugt upplýsingatæki. Þau geta skoðað sérhannaða bæklinga um helstu gögn, bækur, tímarit og gagnasöfn ásamt gagnlegum vefföngum í þeirra fagi og hvar þau er að finna. Bæklingarnir eru til á Netinu og í prentuðu formi. Þau geta að auki leitað sér aðstoðar hjá sérmenntuðum bókasafns- og upplýsingafræðing sem starfa í safninu. En þau eru líka heppin að hafa bókakost safnsins og að kennarar þeirra eru duglegir að panta bækur og setja þær í hillur námsbókasafnsins.

Þannig njóta þau þess besta af báðum „safnategundum", bæði í hefðbundnu bókasafni og í því rafræna.

Heimildir

Áslaug Agnarsdóttir. (1998). Eru dagar bókarinnar taldir? Hugleiðingar um bókina. *Bókasafnið*, *22*, 27-31.

Elín Björg Héðinsdóttir. (2004). Samantekt dæma um nýlegar upplýsingaleitir sem gerðar voru í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni (óprentuð gögn, júlí 2004)

Encyclopædia Britannica Online. Sótt 28. júlí 2004 á http://www.search.eb.com

Halldóra Þorsteinsdóttir. (2004). *Heimildaleit skref fyrir skref*. Sótt 28. júlí 2004 á vef Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
http://www.bok.hi.is/upplys/skrefin.htm

Halldóra Þorsteinsdóttir. (2004).Viðhorfskönnun á póstlista Háskóla Íslands „hi-starf" 13. febrúar 2004. (óprentuð gögn.)

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Sótt 27. júlí 2004. http://www.hvar.is.

Lesk, Michael E. (1999). The Organization of Digital Libraries. Í David Stern (ed.). *Digital Libraries: Philosophies, Technical Design Considerations, and Example Scenarios*. 9-25. New York: The Haworth Press.

Lynch, Clifford. (1997). Searching the Internet. *Scientific American* 276:3, 44-48.

Netútgáfan. http://www.snerpa.is/net/index.html. Sótt 27. júlí 2004.

Ringler, Dick. (1996-8). *Jónas Hallgrímsson. Selected Poetry and Prose.* Edited and translated with notes and commentary by Dick Ringler. Sótt 20. júlí, 2004. http://www.library.wisc.edu/etext/Jonas/

Sigrún Klara Hannesdóttir. (2001). Rafrænt rannsóknarbókasafn. *Bókasafnið*, *25*, 24-30.

Skólavefurinn. http://www.skolavefurinn.is. Sótt 27. júlí 2004.

Stefanía Júlíusdóttir. (1999). Að beisla þekkinguna. *Bókasafnið*, *23*, 66-72.

Stefanía Júlíusdóttir. (1999). Að stuðla að viðhaldi lýræðis. Hlutverk bókasafnsfræðinga á upplýsingaöld. *Bókasafnið*, *22*, 8-14.

Sveinn Ólafsson. (2002). *Upplýsingaleikni*. Reykjavík: Mál og menning.

University of California at Berkeley. http://.www.conradish.net. Sótt 28. júlí 2004.

Þórdís T. Þórarinsdóttir. (1999). Netið sem heimild. Hugleiðingar um mat á áreiðanleika upplýsinga á Intermetinu. *Bókasafnið*, *23*, 4-9.

Skipulag upplýsinga í rafrænum miðlum: Leið til þekkingarstjórnunar á tímum breytinga

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Stöðugar breytingar er sá stöðugleiki sem einkennir nútímann. Alþjóðavæðing hefur leitt til aukinnar samkeppni og aðlögunar í atvinnulífi. Samruni fyrirtækja[1], lokun deilda og flutningur verksmiðja eru daglegar fréttir. Uppstokkunin þýðir iðulega að starfsfólk hættir og fer með verðmæta þekkingu með sér. Afleiðingarnar geta verið alvarlegar og hafa leitt í ljós nauðsyn þekkingarstjórnunar sem er ætlað að auka þekkingu og varðveita hana til framtíðar.

Í greininni er í fyrsta lagi fjallað um breytingar og mikilvægi þekkingarstjórnunar og sýnt er fram á verðmæti auðlegðar mannshugans í samanburði við önnur verðmæti fyrirtækis. Í öðru lagi er greint frá mikilvægi aðferða og tækni sem byggjast annars vegar á upplýsingafræði og hins vegar á upplýsingatækni og hversu mikilvægt er að fyrirtæki ráði til sín fagfólk til þess að stjórna þekkingarbrunninum. Að lokum, í þriðja lagi, er nauðsyn farsællar innleiðingar kerfa til þekkingarstjórnunar, hópvinnukerfa, tíunduð og taldar upp ástæður þess að innleiðing mistekst iðulega og bent á grundvallarreglur sem stuðla að árangursríkri innleiðingu kerfanna.

Breytingar og þörfin fyrir þekkingarstjórnun

Stjórnendur tala oft um starfsfólk sem mikilvægustu auðlind fyrirtækisins en það er þekking starfsfólks og hvernig það vinnur saman sem skapar auðlegðina. Þekking, sem starfsfólk geymir í huganum, er þó ekki eign fyrirtækis og getur átt það til að hverfa við starfslok. Mikilvægt er því að hafa stjórn á þekkingunni þannig að hún verði eftir þótt starfsfólk hverfi á braut.

---

[1] Orðið fyrirtæki er í greininni notað fyrir allar tegundir skipulagsheilda s.s. fyrirtæki, stofnanir, félög, sambönd og samtök.

Að undanförnu hefur uppstokkun færst í vöxt í atvinnulífi. Samruni fyrirtækja er daglegt brauð en árangur er þó iðulega minni en ætla mætti þar sem fjármálamennirnir, sem að samrunanum standa, gleyma of oft mannlega þættinum uns það er orðið um seinan. Mismunandi fyrirtækjabragur, viðhorf starfsfólks og skortur á samvinnu er algengasta ástæða þess að samruni mistekst (Ulrich, 1997). Margvísleg endurskipulagning á sér einnig stað víða. Ákveðinn hluti starfsemi er lagður niður (e. downsizing), er endurgerður (e. reengineering), færður til milli landssvæða og landa og verkefnum er úthýst í stað þess að vinna þau innanhúss. Umrótið hefur í för með sér að starfsfólki er sagt upp eða það ákveður að hætta fyrr en ella. Kannanir í Bandaríkjunum sýna t.d. að allt að 39 milljónir manna hafi þurft að breyta um starf vegna niðurskurðar á árunum 1980 til 1995 (Sennet, 1998). Iðulega fer besta starfsfólkið, sem á auðveldast með að finna vinnu annars staðar, fyrst eða tekur tilboði um að hætta gegn starfslokasamningi. Þekkingarstjórnun sækir upphaf sitt og mikilvægi í þetta ástand (Bukowitz og Williams, 2000).

Dýrt er að tapa góðu starfsfólki. Könnun sem KPMG Peat Marwick gerði meðal evrópskra fyrirtækja leiddi í ljós að helmingur fyrirtækjanna hafði lent í töluverðum rekstrarvandræðum við að missa lykilstarfsmann en 43% áttu í erfiðleikum með tengsl við viðskiptavini og birgja vegna þess. Þá nefndu 13% að þau hefðu orðið fyrir tekjutapi við að missa einn einasta starfsmann (Alavi og Leidner, 2001). Maður kemur í manns stað en oft er eyðan, sem myndast þegar hæfur starfsmaður hættir, ekki fyllt af eftirmanninum, þótt hann sé afar fær, fyrr en eftir töluverðan tíma (Johne, 2001). Mikilvægt er því að gera ráðstafanir svo að starfsfólk sé ekki reglulega að fara með vitið úr fyrirtækinu.

Þekkingarstjórnun

Í vaxandi mæli er litið á þekkingu sem mikilvæg verðmæti sem nýtist fyrirtæki vel á tímum samkeppni og breytinga. Nú er litið á þekkingarstjórnun sem leið til þess að uppgötva, safna, skrá og skipuleggja þekkingarbrunninn. Þar getur starfsfólk nálgast þekkingu, miðlað henni og notað eitt sér eða í samvinnu við aðra. Þekkingarstjórnun felur í sér að

- stækka þekkingarbrunninn með öflun nýrrar þekkingar;
- auðvelda starfsfólki að afla sér þekkingar, skapa, miðla, nota og deila henni með sér;
- nálgast þekkingu sem verðmæti, móta hana, skipuleggja og varðveita (Abel og Oxbrow, 2001).

Líta má á þekkingu frá mörgum sjónarhornum og hana er að finna bæði innan fyrirtækis og utan. Til þess að ytri þekking nýtist þarf að færa hana inn

í fyrirtækið og gera hana ljósa öllu starfsfólki sem þarf að hafa aðgang að henni í starf. Höfundar bókarinnar *The Knowledge Creating Company* (Nonaka og Takeuchi, 1995) halda því fram að ný þekking verði til við umbreytingu, til dæmis þegar þekking einstaklings verður opinber, þ.e. leynd þekking verður ljós. Þessi umbreyting er ferns konar eins og sjá má á mynd eitt. Við sjáum þessi öfl að verki allt í kringum okkur. Því fleiri einstaklingar og því oftar sem þeir koma saman til hópvinnu, þar sem þeir nýta bæði ljósa og leynda þekkingu við lausn viðfangsefna, þeim mun meiri líkur eru á því að ný þekking verði til. Þekkingarbrunni er ætlað að hýsa með skipulegum hætti upplýsingar um fyrirtækið, vörur og þjónustu, viðskiptavini og vinnuferla þannig að starfsfólk eigi auðveldan aðgang að þeim (Beckman, 1999).

En hver er hlutur þekkingar í markaðsvirði fyrirtækis í samanburði við önnur verðmæti? Hér skal leitast við að gera grein fyrir þekkingunni eða auðlegð hugans í því samhengi, mannauðnum.



Mynd 1. Umbreyting þekkingar í fyrirtæki. Byggt á Nonaka & Takeuchi (1995)

Verðmæta fyrirtækið

Aðgangur að fjármagni var áður verulegt forskot í samkeppni. Nú er fjármagn auðsótt og til reiðu til arðbærra fjárfestinga nær hvar í heimi sem er. Ekki er lengur nauðsynlegt að eiga þá fjármuni sem notaðir eru til starfseminnar. Flugfélag þarf ekki að eiga flugvélarnar, sem það flýgur, en starfsfólkið þarf að þekkja til flugrekstrar og kunna til verka. Hinir óáþreifanlegu,

huglægu fjármunir eru hins vegar orðnir ein mikilvægusta 'eign' í atvinnurekstri enda mynda hugverk nú vel rúmlega helming markaðsvirðs fyrirtækja á hlutabréfamarkaði (Aston, 2002). Á mynd tvö má sjá markaðsvirði fyrirtækis og hlut mannauðsins í því.



Mynd 2. Verðmæta fyrirtækið (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2003)

Í auknum mæli er gerður greinarmunur á áþreifanlegun fjármunum og þeim hugverkum sem fyrirtæki nýtir í starfseminni. Þessari auðlegð hugans er stundum skipt í þrennt. Í fyrsta lagi er mannauðurinn, sem myndaður er af hæfileikum starfsfólks, þekkingu og reynslu. Í öðru lagi er skipulagsauðurinn, sem tekur til kerfa, ferla og aðgerðaráætlana, sem fyrirtækið nýtir, til þess að koma vöru eða þjónustu á framfæri. Loks, í þriðja lagi, er viðskiptavildin en undir hugtakið falla tengsl við viðskiptavini og það sem tengir þá fyrirtækinu. Ýmsar mælingar hafa verið gerðar á þessum huglægu verðmætum (Stewart, 1997) en einn mælikvarðinn er verðið sem fjárfestar á hlutabréfamarkaði eru tilbúnir til þess að greiða fyrir þennan þátt. Þegar IBM keypti Lotus á árinu 1995 greiddi það 3,5 milljarða Bandaríkjadala fyrir fyrirtækið, 14 sinnum bókfært eigið fé en það nam 250 milljónum dala. IBM greiddi fjárhæðina ekki fyrir tekjurnar sem Lotus skapaði. Það borgaði hana fyrir huglægu verðmætin sem lágu í fyrirtækinu. Heilarnir sem fundu upp *Lotus Notes* voru verðmætari en hugbúnaðurinn sjálfur (Davenport og Prusak, 1998a). Huglægu verðmætin eru þannig einfaldlega sá munur sem er á milli fyrirtækja í þeim

arði sem skapast af áþreifanlegum eignum. Þennan mun má rekja til huglægu verðmætanna og hvernig þau verðmæti eru nýtt. Einföld mæling felst t.d. í þeim mun, sem er á verðmæti fyrirtækis á hlutabréfamarkaði, og verðmæti eigin fjár samkvæmt efnahagsreikningi (Sveiby, 1997) að því gefnu að verðmæti efnislegra eigna sé markaðsvirði þeirra. Þótt huglægum verðmætum séu þannig ekki gerð peningaleg skil í efnahagsreikningi eru þau í engu óraunverulegri en önnur verðmæti sem þar er getið. IBM telur sér t.d. til tekna árlega í rekstrarreikningi fjárhæð, sem nemur rúmlega einum milljarði Bandaríkjadala, vegna tekna af hugverkum í eigu félagsins (Aston, 2002). Örar breytingar verða þess þó of oft valdandi að huglægu verðmætin glatast. Með forvörnum má koma í veg fyrir það.

Forsjálni, þekking og breytingar

Algengt viðhorf í fyrirtækjum er að breytingar séu yfirleitt eitthvað óvænt og óvelkomið, eitthvað sem starfsfólk verður fyrir eða því er gert. Breytingar má hins vegar sjá fyrir, stuðla má að þeim og nýta til framdráttar sé þekking skipulögð í þá veru. Mynd þrjú sýnir dæmigerðar breytingar með hliðsjón af tvennu, annars vegar hvort breytingar eru fyrirséðar eða óvæntar og hins vegar hvort þær eigi sér stað innan eða utan fyrirtækis. Sé þekkingin nýtt koma óvæntar breytingar, sem koma utan frá, ekki á óvart. Ljóst er að náttúruhamfarir geta orðið, hafa verið og verða, t.d. eldsvoði, flóð, stormur og jarðskjálfti. Spurningin er aðeins hvernig þekking varðandi þessi fyrirbæri er nýtt. Er látið skeika að sköpuðu eða er reynt að hafa stjórn á hlutunum? Er ráð gert fyrir því að þetta geti gerst og er unnin áætlun um hvernig skuli brugðist við til þess að ekki leiði til stóráfalla fyrir starfsemina? Hvernig hafa aðrir brugðist við og hvað má af þeim læra?

Breytingar:

	Koma utan frá	Koma innan frá
Eru óvæntar	Náttúruhamfarir	Verksmiðju lokað fyrirvaralaust
Eru fyrirséðar	Ný löggjöf	Fyrirtæki breytt í opið hlutafélag

Mynd 3. Eðli breytinga

Sum gögn eru mikilvægari en önnur og án sumra gagna getur fyrirtæki ekki lengur starfað. Það er hluti þekkingarstjórnunar að vernda mikilvæg gögn og vinna áætlun um hvernig þau megi varðveita og endurheimta þótt náttúruhamfarir verði. Þegar brennur er lítið mál að endurnýja vörulager og finna nýtt húsnæði en hafi öll gögn glatast er fyrirtækið sennilega glatað. Öryggisáætlun er samin í þessum tilgangi og prófuð reglulega til þess að tryggja að mikilvæg skjöl séu tilgreind, vernduð eða þau megi endurgera eða bjarga beri óvænt óhapp að höndum. Með því að gera ráð fyrir að hið óvænta geti gerst kemur það ekki í opna skjöldu. Þannig er þekkingin nýtt.

Auðveldara viðfangs er að fást við breytingar sem koma utan frá séu þær fyrirséðar. Dæmi um slíkt er löggjöf margs konar en hún hefur alltaf aðdraganda. Hugmyndir eru ræddar, fyrst utan þings, síðan kemur málið til meðferðar þings og loks gildistakan en hún er oft töluverðum tíma eftir að lög voru samþykkt. Þetta auðveldar undirbúning, breytingar og aðlögun. Hægt er að gera sér grein fyrir hver áhrif laga verða á starfsemi, starfsfólk, viðskiptavini og framleiðslu og bregðast við í samræmi við það. Oft má læra af grannlöndum, hvernig brugðist var við svipaðri löggjöf þar og stundum fylgja nýjum lögum leiðbeiningar opinberra aðila um aðgerðir og aðlögun. Þá geta fyrirtæki bundist samtökum og lært hvert af öðru um viðbrögð og aðlögun.

Fyrirséðum breytingum, sem eiga uppruna sinn að rekja innan fyrirtækis, ætti að vera auðvelt að hafa fulla stjórn á. Engu að síður hafa kannanir Kotters (1995), sem hann gerði á 100 breytingum, sýnt að þær urðu ekki allar til batnaðar. Nokkrar voru algjörlega misheppnaðar, fáeinar voru fullkomlega heppnaðar en flestar voru þarna mitt á milli og sigu frekar til verri endans sem misheppnaðar. Varðandi fyrirséðar breytingar, sem verða til innan fyrirtækis, má taka sem dæmi að einkafyrirtæki er breytt í opið hlutafélag. Til þess að stýra breytingunni þarf undirbúningsathuganir á stöðu fyrirtækis, könnun á viðhorfi starfsfólks, neytenda og fjárfesta. Kynna þarf hlutafjár-útboðið vel og tímasetja það rétt. Með þessar upplýsingar og með því að læra af reynslu annarra ætti útboðið að geta heppnast vel. Hins vegar eru þess mörg dæmi að útboð hafi ekki gengið vel og þau hafi verið dregin til baka.

Óvæntar breytingar, sem eru ákvarðaðar innan fyrirtækis, eru verri viðureignar þar sem þær setja starfsemina að einhverju leyti úr jafnvægi. Menn bregðast ókvæða við hinu óvænta. Spurt er t.d. af hverju ekki hafi verið hægt að tilkynna breytingarnar fyrr. Þegar nauðsynlegt reynist að loka verksmiðju fyrirvaralaust ríður á miklu að forsvarsmenn hafi þekkingu og þjálfun til þess að taka á málinu. Hér skiptir máli þekking á starfsmanna-

málum, samningamálum og samskiptum við stéttarfélög og fordæmin eru fjölmörg um það hvernig önnur fyrirtæki hafa haldið vel á málum við svipaðar aðstæður. Af þeim má læra. Þekkingin er til. Galdurinn er að nálgast hana og nýta hana. Og vera viðbúinn.

Dæmi þessi færa sanninn um að stjórn á breytingum, og að láta þær ekki koma á óvart, byggir að verulegu leyti á því að afla viðeigandi þekkingar og nýta hana. Með því að rýna í framtíðina, íhuga sennilegar breytingar og hvernig skuli við brugðist, nýtast breytingar til framdráttar. Við þeim er brugðist fyrirfram í nútíðinni. Einnig er alþekkt að hægt er að hafa áhrif á framtíðina og þær breytingar sem hún ber í skauti sér með tilteknum aðgerðum. Hægt er að hafa áhrif á skoðanir. Hægt er að framkvæma rannsóknir. Maðurinn getur verið sinn gæfusmiður eins og sjá má á mynd fjögur. Líta má á breytingar sem tækifæri fremur en mótlæti og hafa má áhrif á þær með forsjálni og innsæi.



Mynd 4. Hver er sinnar gæfusmiður. Byggt á Orna (1999).

Of margir eru leiksoppar örlaganna og bregðast sífellt við óvæntum breytingum en aðrir nýta þekkingu sér til framdráttar, taka frumkvæði að breytingum og reyna að sjá þær fyrir. Þetta eru frumkvöðlar. Að skapa nýja þekkingu og nýta hana til þess að hafa áhrif á breytingar er það sem er mest um vert. Frumkvæði og framsækni í breytingarferlinu skilar mestum árangri. Til þess að skapa nýja þekkingu þarf að vera til staðar skýr framtíðarsýn um starfsemina. Hvers er þörf til þess að ná markmiðum? Hver er stefna í þekkingarstjórnun, þ.e. hvernig einstaklingar skuli vinna saman og sér við að

skapa þekkingu sem nauðsynleg er til þess að takast á við framtíðna og þær breytingar sem hún hefur í för með sér. Og síðast en ekki síst, hvernig má afla þekkingar og nýta hana þannig að frumkvæði að breytingum sé tryggt starfseminni til framdráttar. Augljóst er að þekking er starfseminni ómissandi auðlegð. Hún varðveitist þó ekki sjálfkrafa þannig að hún nýtist til framtíðar nema fyrirtækið ráði til sín fagfólk og nýti sér viðunandi tækni við stjórnun þekkingarbrunnsins.

Færni og verkfæri til þess að skipuleggja þekkingu

Ráðgjafafyrirtæki hafa haft forystu um að byggja þekkingarbrunna og safna saman þekkingu, sem áður var dreifð, einkum þekkingu og reynslu sem skapaðist í vinnu fyrir viðskiptavini. *Knowledge Xchange* varð til hjá Andersen Consulting, *Knowledge On-Line* útbúið hjá Booz Allen & Hamilton, *Center for Business Knowledge* þróað hjá Ernst & Young, *Knowledge Manage* komið á hjá KPMG Peat Marwick og *Knowledge View* er að finna hjá Price Waterhouse (Takeuchi, 1998). Sum þessara fyrirtækja heita ekki lengur þessum nöfnum en það breytir því ekki að verðmætri þekkingu má safna saman og koma fyrir í þekkingarbrunni. Mikilvægt er að gera það á réttan hátt.

Þekking er einungis verðmæt sé hún aðgengileg og finnanleg. Vinna við þekkingarbrunn þarf því að hefjast á skilgreiningum á hvað notandann vantar og of miklar upplýsingar og óaðgengilegar eru einungis til óþurftar (Seng, Zannes og Pace, 2002). Þegar fyrirtækið Arthur Andersen var og hét var haft eftir einum þekkingarstjórnunarráðgjafanum: „Í Knowledge Xchange gagnagrunninum er slík ofgnótt þekkingar að ráðgjöfunum finnst ekki lengur neitt vit í honum. Mörgum þeirra finnst einungis þar að finna merkingarlaus gögn“ (Davenport og Prusak, 1998b). Þessi verður raunin þegar þekking í þekkingarbrunninum er óskipulögð. Skipulagning er óumflýjanleg og í því sambandi hefur framlag og færni bókasafns- og upplýsingafræðingsins óumdeilanlegt gildi. Starf hans felst m.a. í að

- miðla upplýsingum, greina þær, meta og móta og hann er vel að sér í upplýsingatækni og er kunnugt um stjórnun innri og ytri vefa fyrirtækja;
- hafa stjórn á upplýsingum og nota til þess verkfæri og fyrirbæri eins og skjalastjórn og stjórnun daglegra skjala og fornbréfasafna (e. archives), heimildamælingu (e. bibliometrics), efnis- og heimildaskrár (e. bibliography) og skráningu heimilda, kóðun upplýsinga, stjórnun innihalds heimilda (e. content management), lyklun (e. indexing),

upplýsingahönnun (e. information architecture), lífshlaup upplýsinga og skjala, lýsigögn (e. metadata), flokkun og flokkunarkerfi, textagreiningu og kerfisbundna efnisorðalykla (e. thesauri) (Abell og Oxbrow, 2001).

Menntun bókasafn- og upplýsingafræðings svo og færni hans í að nota tæki og tól, sem nýtast vel í þekkingarstjórnun, gerir hann að mikilvægum hlekk í þekkingarstjórnunarferlinu. Hann þekkir þessi tæki og tól en í töflu eitt kemur fram stutt útskýring á þeim helstu sem nýtast í þekkingarstjórnun. Það fagfólk, sem líklegast er til þess að hafa þjálfun í að skipuleggja þekkingu í þekkingarbrunnum eða gagnagrunnum hópvinnukerfa, er bókasafns- og upplýsingafræðingar. Spurningin er hins vegar hvort þeir séu tilbúnir til þess að bjóða fram þekkingu sína og leita sér jafnframt nauðsynlegrar viðbótarþekkingar til þess að geta sinnt viðfangsefninu.

Vaxandi kröfur og ný tækifæri

Bókasafns- og upplýsingafræðingar hafa ekki virst mjög ákafir um að flytjast úr hefðbundnum störfum á bókasöfnum og fylla stöður upplýsingafræðinga sem fyrirtækin þarfnast svo mjög. 80 til 95% upplýsinga, sem notaðar eru í fyrirtækjum, verða til innanhúss og því kemur á óvart hversu stór hluti bókasafns- og upplýsingafræðinga líta enn á það sem meginhlutverkið að hafa stjórn á útgefnu efni (Abell og Oxbrow, 2001). Bókasafns- og upplýsingafræðingum er nauðsynlegt að brjótast út úr einangruninni. Hlutverk þeirra ætti ekki einungis að vera stoðhlutverk eða þjónustustarf, þeir gætu haft til að bera alla þá hæfni og þjálfun til þess að taka þátt í upplýsinga- og þekkingarstjórnunarferlinu. Jafnframt væri skynsamlegt fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga að tileinka sér efnisþekkingu á a.m.k. einu sviði utan bókasafns- og upplýsingafræði. Það gerði störf þeirra á sviði upplýsingafræði enn mikilvægari og raunverulegri (Hjørland, 2002). Bóksafns- og upplýsingafræðingar, sem vilja starfa á sviði skjala- eða þekkingarstjórnunar, gætu t.d. aflað sér viðbótarmenntunar í fyrirtækjarekstri til þess að öðlast aukna hæfni fyrir starfið. Þeir verða einnig að sýna fram á að þeir líti ekki einungis á störf sín sem þjónustumiðuð (e. service oriented) heldur einnig verðmætaskapandi (e. value oriented). Þeir þurfa jafnframt að hafa skilning á því að þeir geta haft áhrif innan fyrirtækis. Bókasafns- og upplýsingafræðingar þurfa að koma sér út úr bakherbergjunum inn í stjórnarherbergið (Palmer, 1999).

Tafla 1. Bókfræðitæki sem nýtast í þekkingarstjórnun

Heimildaskrá (e. bibliography).	Upptalning heimilda, upprunalega bóka, þar sem útgáfu er lýst eða hún tilgreind og getið er höfundar, titils, útgefanda, útgáfustaðar og útgáfutíma.
Ritaskrá (e. catalogue).	Listi, vanalega í stafrófsröð, um bækur og annað efni í bókasafni. Hún gerir notendum kleift að finna efni safns eftir nafni höfundar, titli eða efni.
Atriðisorðaskrá (e. index).	Listi vísbendinga í stafrófsröð sem vísar notanda á atriði í ritaskrá, heimildaskrá eða í texta skjals eða rits.
Kerfisbundinn efnisorðalykill (e. thesaurus).	Skipuleg skrá orða og hugtaka, sem eru tengd saman á kerfisbundinn hátt, eftir innbyrðis tengslum, skyldleika og/eða lagskiptingu. Með notkun listans má auðvelda frjálsa leit í gagnagrunni þegar boðið er upp á viðbótarleitaratriði sem gætu annaðhvort þýtt það sama eða sýnt vensl milli atriða í stigveldisskiptingu eða við tengd atriði (Rowley & Farrow, 2000). Reglur um gerð kerfisbundins efnisorðalykils er að finna í alþjóðlegum staðli *ISO 2788* standard (1986).
Flokkunarvísindi (e. taxonomy).	Fjalla um lögmál, lög og reglur kerfisbundinnar flokkunar.
Efnisflokkunarkerfi (e. classification system).	Byggist á stigveldisskiptingu og er grundvallað á rökrænu kerfi efnisflokka sem eru skipulagðir í rétta röð frá því almenna til þess sértæka er undir það heyrir. Nokkur vel þekkt flokkunarkerfi eru til svo sem *Dewey Decimal Classification* og *Library of Congress Classification* (Rowley & Farrow, 2000). Þessi kerfi eru hins vegar ekki ávallt vel fallin til þess að skipuleggja þekkingu í atvinnulífinu. Bókasafns- og upplýsingafræðingar verða þess vegna iðulega að treysta á eigin þekkingu á flokkunarvísindum þegar þeir hanna flokkunarkerfi fyrir skjöl, upplýsingar og þekkingu í atvinnulífi.

Á almennings-, þjóðbóka- og skólasöfnum verður bókasafns- og upplýsingafræðingur að virða trúnað við notandann og er óheimilt að upplýsa aðra um áhugamál hans. Upplýsingafræðingur í fyrirtæki ætti á hinn bóginn að vera upplýsingamiðlari (Davenport og Prusak, 1998b) og setja á fót skilvirkan þekkingarmarkað sem hjálpaði starfsfólki, sem vinnur að sambærilegum málum, að finna hvert annað. Á sérfræðisöfnum hefur íhlutun

bókasafns- og upplýsingafræðings verið viðurkennd en í öðrum bókasafnstegundum hefur hlutverk hans oftar en ekki verið að bregðast við óskum notandans fremur en að leiða hann í allan sannleika. „Hafi bókasafns- og upplýsingaþjónusta tilgang er hann vissulega sá að veita þeim upplýsingar, sem þeirra þarfnast, þegar þeir þurfa á þeim að halda í hvaða formi sem þeirra er þörf" (Foskett, 1996). Þetta þýðir að bókasafns- og upplýsingafræðingur sem finnandi, greinandi, skipuleggjandi og miðlari þekkingar býr yfir mikilvægri skipulagsfærni sem nauðsynleg er til þess að koma röð og reglu á þekkingarbrunninn. Hann er sá starfsmaður sem lært hefur upplýsingafræði og í samvinnu við starfsfólk menntað í upplýsingatækni er líklegastur til þess að koma á vönduðu hópvinnukerfi.

Hópvinnukerfi

Hópvinnukerfum er bæði ætlað að vera samstarfsvettvangur og leið til þess að varðveita margvíslega þekkingu sem er fyrirtækinu nauðsynleg. Þau gera starfsfólki kleift að eiga samskipti sín á milli, starfa saman að verkefnum og deila með sér þekkingu. Hópvinnukerfi samanstanda af hugbúnaði, starfsfólki og vinnuferlum. Kerfið vinnur rétt ef allir þrír hlutarnir eru samhæfðir og starfa saman. Starfsmenn verða að virða vinnuferla og starfa samkvæmt þeim og nota hugbúnaðinn allir sem einn til þess að hópvinnukerfið komi að notum. Vinni einungis sumir í kerfinu en aðrir ekki gegnir það ekki hlutverki sínu þar sem hluti þekkingar er þá fyrir utan kerfið sem leiðir af sér að yfirsýn vantar. Öllum viðeigandi upplýsingum þarf að koma inn í kerfið tímanlega og rétt og á skipulegan hátt. Noti starfsfólk ekki kerfið treystir það ekki upplýsingun í kerfinu og það fellur um sjálft sig. Hópvinnukerfi bjóða upp á margvíslega möguleika eins og sýnt er í töflu tvö. Hópvinnukerfi auðvelda starfsfólki samskipti og tengja það við þekkingarbrunninn sem það getur bæði notað og aukið við. Skjöl kerfisins eru vistuð örugglega í miðlægum gagnagrunni þar sem allir, sem hafa til þess heimild, geta nálgast nýjustu útgáfu allra skjala og handbóka. Kerfið býður einnig upp á útgáfustýringu.

Þekking, sem geymd er í hópvinnukerfi á skipulegan hátt, heldur áfram að vera ljós þekking, en ekki leynd, þökk sé skipulagningu og efnisflokkun. Þekkingin er í formi skjala sem hafa verið skrifuð í gagnagrunninn sjálfan; flutt rafrænt inn í hann, sem tölvupóstur eða rafræn faxsending ásamt fylgiskjölum; skönnuð inn í grunninn eða einungis skráð inn í kerfið en geymd annars staðar þar sem þau má finna. Gagnagrunnurinn inniheldur einnig tilvísanir og tengingar við önnur gagnakerfi og gagnagrunna. Dæmi um innri kerfi eru fjárhags- og framleiðsluupplýsingar, upplýsingar um viðskiptavini og

grunnur sem geymir hæfileikaskrá starfsfólks. Dæmi um ytri kerfi eru aðgangur að þjóðskrá og hagtölum opinberra stofnana. Tengingarnar eru nauðsynlegir til þess að draga úr endurteknum innslætti sömu upplýsinga en til viðbótar má flytja um þá inn í kerfið hafsjó upplýsinga.

Tafla 2. Margvíslegir möguleikar hópvinnukerfa (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002b)

- Tölvupóstur og skilaboðakerfi.
- Dagbók með almanaki og dagbækur fyrir hvern starfsmann.
- Skjalastjórnar- og samskiptakerfi.
- Verkefnisstjórnunarkerfi.
- Gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi ásamt viðeigandi handbókum og skjölum.
- Kortlagning á þekkingarsviði starfsfólks og sérþekkingu þess.
- Skrár yfir safnkost fyrirtækis; bækur, greinar, skýrslur o.þ.h.
- Aðgangshlið (e. portals) til þess að nálgast valið efni á *Interneti*.
- Aðgangshlið að hinum ýmsu gagnagrunnum fyrirtækis.
- Fundakerfi. Kerfin bjóða almennt ekki upp á skjáfundi í mynd frá einkatölvum en mörg þeirra bjóða upp á möguleikann að halda fundi „on-line“ og jafnvel það að greiða atkvæði um menn og málefni í leynilegum kosningum.

Hópvinnukerfi veita aðgang að upplýsingum og þekkingu og skapa möguleika á að starfsfólk deili upplýsingum. Þetta eru sams konar upplýsingar, sem fjöldi starfsfólks safnaði áður, með eldri vinnuaðferðum, hvert í sínu horni, og kom fyrir á einkatölvum sínum til einkanota. Hópvinnukerfi bjóða upp söfnun, skipulagningu, endurheimt, dreifingu og varðveislu á upplýsingum. Í töflu þrjú kemur fram nánari útlistun á hagkvæmni kerfanna. Öll góð hópvinnukerfi bjóða einnig upp á skjalastjórnarkerfi með innbyggðu efnisflokkunarkerfi sem gerir notendum kleift að flokka og skipuleggja upplýsingar á samræmdan hátt. Kerfið gerir notandanum einnig kleift að greina gagnagrunninn á marga vegu og mynda tengsl milli atburða og hugmynda sem annars væri ekki á færi hvers og eins að koma auga á.

Þegar hópvinnukerfi er keypt frá seljanda er það líkt og fokhelt hús þar sem innréttingar og lagnir fylgja með en hefur ekki enn verið komið fyrir. Sérhvert fyrirtæki þarf að fá kerfið lagað að sínum þörfum og koma fyrir samskipta- og samgönguæðum í samræmi við þarfir sínar (Fjármálaráðuneytið, 1998). Ákveða þarf hjá hverju fyrirtæki hvaða upplýsingar eiga að vera

inni í kerfinu, safna þeim og koma þeim fyrir í gagnagrunninum á kerfisbundinn hátt þannig að unnt sé að endurheimta þær þegar á þarf að halda. Kerfið gerir það ekki sjálfkrafa. Sé ekki unnt að nálgast upplýsingar eru þær verðlausar. Hópvinnukerfi eru einungis tæki. Þau öðlast gildi við rétta notkun en því fylgja margir kostir að taka hópvinnukerfi í notkun eins og sjá má í töflu fjögur.

Tafla 3. Þættir sem hópvinnukerfi þarf að bjóða upp á eigi það að standa undir nafni (Choksy, 1999)

Að safna.	Kerfið þarf að bjóða upp á það að safna eða fanga upplýsingar.
Að skipuleggja.	Til þess að þekking og upplýsingar séu aðgengilegar verður að vera hægt að flokka og skipuleggja upplýsingar inn í gagnagrunninn á skynsamlegan hátt og af hugkvæmni.
Að finna og miðla.	Kerfið þarf að gera hvort tveggja að miðla upplýsingum og gera notendum kleift að leita eftir upplýsingum án mikillar fyrirhafnar.
Að efla samstarf.	Notendur þurfa að geta sent boð, bréf og tilkynningar, tekið þátt í samstarfi, miðlað áfram upplýsingum og fróðleik, tekið þátt í umræðum og bókað fundi hverjir við aðra.
Að þróa frekar.	Kerfið þarf að beita aðferðum flokkunarvísinda og gera notendum mögulegt að þróa frekar og greina innihald upplýsinga í grunninum á mismunandi vegu.

Þegar starfsfólk kemur saman til þess að starfa í vinnuhópum og nefndum og nota þar bæði ljósa og leynda þekkingu og læra hvert af öðru standa líkur til þess að ný þekking verði til og það hækki í þekkingarbrunninum. Nútímamanninum er hins vegar ekki innprentað í uppeldinu að deila þekkingu, það er ekki hluti af menningunni. Hann er alinn upp í samkeppnisþjóðfélagi þar sem þekking þýðir forskot og vald og það að deila þekkingu er honum ekki eðlislægt. Mikilvægt er því, í slíkri hópvinnu, að skapa andrúmsloft trúnaðar og heiðarleika þannig að þátttakendur vilji læra og deila með sér þekkingu. Rannsóknir Amidon og Skyrme hafa leitt í ljós hversu mikilvægt það er fyrir nám og vinnu á sviði nýjunga að innleiða andrúmsloft þar sem menn deila þekkingu og miðla henni til annarra (Amidon og Skyrme, 1997; Skyrme og Amidon, 2002). Frjáls skoðanaskipti, opnar umræður milli deilda og myndun teyma og tengsla eru mikilvægir þættir í að skapa slíkan fyrirtækjabrag (e. culture) (Skyrme, 1997).

Tafla 4. Átta atriði um hvernig helst má nýta hópvinnukerfi til þess að stýra samstarfi starfsfólks á þekkingarsviðinu (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2003)

1. Samskipti innan fyrirtækis og út á við eru auðvelduð með tölvupósti, sendingu skilaboða og myndsendinga á skjá starfsmanns. Mikilvæg skilaboð má undirstrika. Tengsl við *Internetið* býður upp á tengingar við ytri gagnagrunna og margvíslegar upplýsingar. Innra netið má einnig nota til þess að senda tilkynningar, auglýsingar og fréttir til allra starfsmanna eða ákveðins hóps þeirra.
2. Viðveruskrár starfsmanna og dagbækur eru á innra netinu og gera kleift að sjá hvenær þeir geta komið til fundar, eru á staðnum eða í heimsókn hjá viðskiptavini.
3. Þátttakendur í vinnuhópum geta haldið fundi frá skrifstofum sínum með hjálp vídeó-ráðstefnubúnaðar (e. desktop video conferencing, DVC) þótt þeir séu staddir á ýmsum stöðum á hnettinum.
4. Skjalastjórnarlausnin í kerfinu auðveldar myndun, öflun, varðveislu og endurheimt skjala. Hún býður upp á margvíslegar leiðir til þess að leita að upplýsingum og rekja og staðreyna hver er staða mála sem eru til afgreiðslu eða úrlausnar. Útlit og uppsetning skjala er stöðluð og kerfið býður upp á tillögur um hvernig megi svara tilteknum fyrirspurnum og erindum sem oft koma upp. Fylgst er með stöðu allra samninga og framkvæmd þeirra og varað er við þannig að þeir séu endurnýjaðir áður en þeir renna út ef slíks er þörf.
5. Handbækur gæðakerfisins og skyld skjöl eru uppfærð í kerfinu sem tryggir að allt starfsfólk sé að nota sömu og nýjustu útgáfuna af þeim skjölum sem unnið er með.
6. Upplýsingar og þekking er efnisflokkuð og komið skipulega fyrir í kerfinu þannig að starfsfólk geti deilt henni með sér og komið er í veg fyrir yfirgengilegt flóð upplýsinga, endurtekningar og endursköpun.
7. Reynsla og þekking, sem aflað hefur verið við fyrri verkefni, er til reiðu fyrir þá sem eru að byrja svipuð verkefni. Hugmyndir að nýjum vörum og þjónustu má með sama hætti varðveita í gagnagrunninum.
8. Samskiptakerfið við viðskiptavini (e. customer relationship management, CRM) geymir upplýsingar um viðskiptavini, samskipti við þá, viðskiptaheimsóknir, kvartanir þeirra og viðskipti. Tilboð eru 'lifandi' í kerfinu og vekja á sér athygli uns þau hafa verið samþykkt eða þeim hafnað. Listar með öðrum tímatakmörkum geta einnig verið í kerfinu og það fylgist með þeim fresti sem er til aðgerða. Safn af algengustu spurningum viðskiptavina (e. frequently asked questions, FAQ) ásamt bestu svörum hjálpar þjónustufulltrúum að veita viðskiptavinum eins góð svör við spurningum sínum og völ er á.

Hópvinnukerfi tryggja ekki að þátttakendur í vinnuhópum eða starfsfólk almennt vinni saman og deili þekkingu. Þau leysa tæknilega þáttinn hvað varðar samskipti og samstarf. Kannanir sýna að fyrirtæki, sem hafa innleitt hópvinnukerfi, ná ekki sjálfkrafa þeim árangri að starfsfólk deili þekkingu.

Sökin er ekki hugbúnaðarins heldur er orsakanna að leita í menningu okkar sem innrætir samkeppni umfram samvinnu (Coleman, 1999). Að skapa umhverfi, þar sem starfsfólk deilir þekkingu sinni fúslega, er verkefni stjórnenda. Þar reynir á mannauðsstjórnunina en einmitt þau viðhorf, sem hún gengur út frá, að starfsmaður sé auðsuppspretta fremur en útgjöld og framlög til þjálfunar fjárfesting fremur en kostnaður, eru líklegust til þess að fóstra þann jarðveg þar sem þekkingin fær að blómstra. Við þessar aðstæður koma hópvinnukerfin eða önnur sérsniðin upplýsingakerfi að góðum notum. Þau skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur deilt með sér þekkingu og á sama tíma unnið saman í kerfinu á skapandi hátt og skiptst á skoðunum og upplýsingum. Kerfin bjóða jafnvel upp á að menn taki þátt í umræðum, setji fram og gagnrýni hugmyndir, nafnlaust, þannig að umhverfið sem skapast er óþvingað og frjálst og menn geta tjáð hug sinn allan án ótta við afleiðingar (Abell og Oxbrow, 2001).

Sýnt hefur verið fram á að aðgengileg þekking í hópvinnukerfi er fyrirtæki mikils virði. Mestu máli skiptir þó að kerfið sé notað rétt og innleiðing þess takist sem best.

Áætlunargerð, greining, mat og innleiðing

Til er gnótt stjórnunarbóka, þ. á m. á sviði skjala- og þekkingarstjórnunar um stjórnun breytinga og hvernig megi skipuleggja, greina, hanna og innleiða nýjungar sem breyta því hvernig hlutirnir eru gerðir (Hayes, 2002; Puge, 2000; Orna, 1999; Gold, 1995; European Association for Banking History, 2002). Alþjóðastaðallinn um skjalastjórn inniheldur góðar verklagsreglur og aðferðafræði um hönnun og innleiðingu skjalakerfis, reglur sem eiga reyndar við um slík viðfangsefni almennt (ISO, 2001a; ISO, 2001b; Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002a). Þróun slíks kerfis hefst á áætlun og lýkur með eftirmati innleiðingar eins og sýnt er í töflu fimm.

Áætlun beinir athygli að markmiðum sem dregur úr óvissuþáttum er kunna að leiða til mistaka. Hún er rökrétt nálgun að samþykktum markmiðum. Fyrstu skrefin í áætlun eru frumkönnun og raunhæfismat. Áætlun tiltekur skrefin er þarf að stíga, hvað á að gera, hver á að gera hvað og hvenær. Hún felur í sér tímaramma og mat á kostnaði. Áætlun tilgreinir einnig hverjir eru hagsmunaaðilar verkefnis. Þegar áætlun er samþykkt er unnt að hefjast handa.

Tafla 5. Þróunarferill kerfis (Rob og Coronel, 2002)

Áætlun →	▪ frumkönnun ▪ raunhæfismat
Greining →	▪ greining á þörfum notenda ▪ mat á núverandi kerfi ▪ kerfisskilgreining
Kerfishönnun →	▪ hönnun (eða kaup) samkvæmt skilgreiningu ▪ mat á þeim lausnum sem kerfið býður upp á
Innleiðing →	▪ stuðningur yfirmanna tryggður ▪ kynningar, þjálfun, virkjun notenda ▪ notendahandbækur og kennslugögn
Eftirmat innleiðingar →	▪ mat og endurskoðun ▪ viðhald ▪ endurbætur

Þótt hópvinnukerfi megi kaupa hjá seljendum eru þau ekki fullgerð. Það eru ekki endanlega lausnin. Hún felst í því hvað gert er við kerfið. Þörfum fyrirtækis þarf að fullnægja eins og þær eru skilgreindar í þarfagreiningu og samkvæmt kröfum notenda. Fyrir kaupin ætti að liggja fyrir skrifleg lýsing á nýja kerfinu, nákvæm kerfishönnun þar sem þarfir notenda hafa verið útfærðar sem kröfur til hugbúnaðar (IEEE, 1998). Seljandi þarf að fullnægja kröfum um þjónustu og síðast en ekki síst að hafa reynslu af innleiðingu kerfa og geta beitt innleiðingarstöðlum í þeirri vinnu. Seljandi leggur einungis til kerfið. Kaupandi þarf að skilgreina hvað því er ætlað að áorka. Hann verður þess vegna að vera reiðubúinn til þess að verja tíma, peningum og orku í að skilgreina þau verkefni sem kerfið þarf að leysa og skilgreina hvað hann vill kaupa. Ýmis leiðbeiningarrit eru fáanleg sem auðvelda kaupendum kaup á vélbúnaði og hugbúnaði á tölvusviði (Fjármálaráðuneytið, 1998). Stofnun í Bretlandi, the Central Computer and Telecommunications Agency (CCTA), hefur útbúið staðal fyrir verkefni á sviði upplýsingatækni sem ber heitið PRINCE2. Staðallinn getur komið að góðum notum við innleiðingu slíkra verkefna enda er hann í reynd staðallinn um innleiðingu slíkra verkefna í Bretlandi (CCTA, 1989).

Hópvinnukerfi grundvallast á tveimur fræðigreinum. Í fyrsta lagi á aðferðafræði bókasafns- og upplýsingafræði sem hefur verið notuð til þess að skipuleggja upplýsingar í hvaða formi sem er. Hér er einkum átt við efnisflokkunarkerfi og ýmsar lausnir þar sem flokkun, lyklun og skráning upplýsinga er nýtt. Í öðru lagi byggja þau á þeirri upplýsingatækni sem hefur verið notuð í vinnu með upplýsingar. Undir þetta falla kröfur um þægilegt notendaviðmót og skjóta svörun þegar unnið er í kerfinu við ritvinnslu,

skrásetningu, leit, endurheimt eða miðlun upplýsinga. Sumar upplýsingar í skjali ættu að skrásetjast sjálfkrafa svo sem dagsetning skjals, nafn viðtakanda og sendanda og efnislína. Útlit skjala ætti að vera hægt að staðla. Kerfið ætti að bjóða upp á eftirfylgni þannig að fylgjast mætti með afgreiðslu máls; hverjum ber að svara erindinu, hefur það verið gert og hvenær. Kerfið ætti einnig að bjóða upp á skráningu vinnuferla og samskipta við viðskiptavini. Gott efnisflokkunarkerfi og atriðisorðaskrá ætti að vera í kerfinu. Kerfið þarf að bjóða upp á textaleit sem takmarka má með notkun Bolean algebru. Auk þessa ætti kerfisbundinn efnisorðalykill, sem samin er eftir starfseminni og sniðinn að þörfum fyrirtækis, að vera hluti kerfisins.

Við mat á hópvinnukerfi er nauðsynlegt að kanna hvernig það vinnur og hvort það fullnægi kröfum notenda. Við það mat þarf að spyrja rekstrarlegra spurninga. Dæmi um slíkar spurningar koma fram í töflu sex. Ennig þarf að spyrja út í lagaleg og tæknileg atriði en ekki verði farið nánar út í þau hér. Hvort hópvinnukerfið skilar árangri og bætir framleiðni verður aðeins svarað með því að kanna ástandið bæði fyrir og eftir innleiðingu kerfis. Hér skiptir mestu máli hversu vel innleiðingin tókst.

Tafla 6. Gátlisti. Nokkur dæmi rekstrarlegra spurninga um hópvinnukerfi (framhald á næstu síðu).

A. Atriði sem skipta notandann máli í daglegu starfi:	
➢ Býður kerfið upp á ýmsar leiðir til þess að leita að upplýsingum og endurheimta þær?	▪ Getur það listað upp öll skjöl sem voru móttekin eða send á tilteknu tímabili? ▪ Getur það listað upp öll skjöl tiltekins einstaklings, bæði móttekin og send? ▪ Má leita eftir efnisorðum (flettilisti)? ▪ Má leita eftir formi skjals, þ.e. hvort það er tölvupóstur, viðhengi, annars konar rafrænt form, pappírsgagn, fax, filma, mynd o.s.frv. (flettilisti)? ▪ Má leita eftir tegund skjals, þ.e. hvort það er bréf, fundargerð, skýrsla, tilboð, áætlun, samningur, minnisblað o.fl. (flettilisti? ▪ Getur kerfið fundið samsvörun leitarorðs við texta skjala í gagnagrunni? ▪ Getur það leitað eftir númerum eða flokksheitum í efnisflokkunarkerfi?
➢ Er kerfið notendavænt, er einfalt og fljótlegt að vinna við það?	▪ Rit- og reiknivinnsla. ▪ Flokkun. ▪ Skráning. ▪ Vistun. ▪ Leit. ▪ Endurheimt. ▪ Miðlun.

Tafla 6. - framhald

➢ Má fylgjast með afgreiðslu máls í kerfinu og hvernig máli miðar (flettilisti)?	▪ Hver á að afgreiða mál. ▪ Hvenær á afgreiða mál. ▪ Hvort mál hefur verið afgreitt. ▪ Hvenær mál var afgreitt.
➢ Er kerfið tengt áætlunum fyrirtækis um varðveislu og förgun skjala?	
➢ Er mögulegt að leita að óvirkum skjölum, þ.e. þeim sem hefur verið komið fyrir í fjargeymslu?	
➢ Er kerfið tengt innri gagnagrunnum?	▪ Starfsmannakerfi. ▪ Bókhalds- og fjárhagskerfi. ▪ Viðskiptamannakerfi. ▪ Gögnum gæðakerfa. ▪ Efnisflokkunarkerfi skjala. ▪ Skrá um gögn í bókasafni.
➢ Er kerfið tengt ytri gagnagrunnum?	▪ Þjóðskrá. ▪ Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. ▪ Atvinnuvegaflokkun. ▪ Landupplýsingakerfi.
➢ Eru sniðmát (e. templates) sem eru notuð við samningu skjala innbyggð í kerfið?	
➢ Má skanna skjöl inn í kerfið?	▪ Sem mynd er býður ekki upp á leit í texta skjals. ▪ Sem textaskjal þar sem hægt er að leita í texta skjals (e. optical character recognition, OCR)
➢ Er unnt að prenta út skjöl á ýmsu formi?	▪ Á pappír. ▪ Á örfilmu (e. microfilm). ▪ Á disk (e. optical disk).
A. Kerfisleg öryggisatriði:	
➢ Er tryggt að frumriti skjals verði ekki breytt eftir vistun?	
➢ Býður kerfið upp á útgáfustýringu skjala?	▪ Skráir það hvenær skjali var breytt? ▪ Skráir það hver breytti skjali? ▪ Varðveitir það eldri útgáfur skjals?
➢ Er aðgangsstýring í kerfinu þar sem stýra má mismunandi aðgangi starfsfólks að upplýsingum?	
➢ Geta nægilega margir starfsmenn í samræmi við þarfir unnið samtímis í kerfinu?	
➢ Getur starfsfólk tengst kefinu um víðnet hvar sem er í heimi þar sem tölvutengingu má við koma?	
➢ Er hægt að fá tölfræðilegar uppýsingar varðandi notkun í kerfinu?	

Hér á landi hefur fjöldi fyrirtækja fjárfest í hópvinnukerfum eins og *Lotus Notes* og *Outlook/Exchange* og tilheyrandi lausnum. Það útheimtir mikla fjárfestingu að koma á slíkum kerfum en hún skilar ekki alltaf væntum arði þar sem starfsfólk notar ekki kerfið eða notar það á rangan hátt vegna mistaka í innleiðingu. Reynsla ráðgjafa í upplýsingastjórnun sýnir að innleiðingin mistekst iðulega og það er í samræmi við reynslu seljenda kerfa og skoðanir margra æðstu stjórnenda í fyrirtækjum þar sem kerfin hafa verið keypt. Fjölmargar erlendar rannsóknir, sem of viðamikið yrði að gera skil hér, sýna að innleiðing hópvinnukerfa er ábótavant. Það kemur heim og saman við rannsókn þá sem ég hef unnið hér á landi. Rannsóknin er eigindleg og byggist á 45 viðtölum og tíu þátttökuathugunum hjá aðilum sem fjárfest hafa í hópvinnukerfum, annars vegar einkafyrirtækjum og hins vegar opinberum fyrirtækjum. Rætt var við æðstu stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðinga, skjala- og þekkingarstjóra og almenna starfsmenn í átta fyrirtækjum sem teljast stór á íslenskan mælikvarða. Fyrirtækin starfa á mismunandi sviðum atvinnurekstrar. Ennfremur voru tekin viðtöl við lykilstarfsmenn hjá sex söluaðilum, sem selja þær lausnir sem útbreiddastar eru hérlendis. Þar voru ennfremur gerðar þátttökuathuganir. Rannsóknin leiðir í ljós að innleiðing mistekst iðulega og helstu niðurstöður sýna að ástæðurnar eru

- skortur á stuðningi stjórnenda og tregi þeirra sjálfra til þess að nota kerfið;
- vöntun á fræðslu um tilgang þess að taka kerfið í notkun;
- skortur á skilvirkri kennslu á kerfið sjálft;
- skortur á hvatningu og umbun til starfsfólk;
- að kerfin séu ekki nógu notendavæn;
- andstaða starfsfólks gegn breytingum (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2004).

Tiltekinn fyrirtækjabragur og stjórnunaraðgerðir stuðla að því að innleiðing tekst og í töflu sjö koma fram tíu grundvallarreglur sem ber að hafa í huga ef innleiða á hópvinnukerfi á árangursríkan hátt.

Eftir innleiðingu þarf bættur árangur og aukin framleiðni að sjást. Er yfirsýn stjórnenda betri? Er starfsfólk afkastameira? Gerir það færri mistök? Er auðveldara að finna upplýsingar og hendir það síður að þær týnast? Eftirmat innleiðingar er framkvæmt til þess að fullvissa fáist um „að öllum markmiðum verkefnis hafi verið náð“ (Bean 2000). Tryggja þarf að kerfið þjóni þörfum, að bæði ný og eldri þekking sé aðgengileg. Önnur mikilvæg ástæða fyrir endurmati er að auðvelda aðlögun, leiðréttingar og endurbætur.

Öll kerfi má færa til betri vegar. Stöðugar umbætur ætti því að innleiða á grundvelli þess að fylgjast með kerfinu í notkun.

Tafla 7. Tíu grundavallarreglur um innleiðingu hópvinnukerfa.

1. Tryggja þarf stuðning æðstu stjórnenda. Því ofar í valdapíramíta og því fyrr, þeim mun betra. Nauðsynlegt er að stjórnendur noti sjálfir kerfið og séu öðrum góð fyrirmynd.
2. Nauðsynlegt er að starfsfólk tölvudeildar sé jákvætt í garð kerfisins og sé tilbúið til þess að vinna því brautargengi innan fyrirtækis.
3. Kerfið verður að vera notendavænt og mikilvægt er að fljótt sé brugðist við að aðstoða starfsmann sem strandað hefur í kerfinu.
4. Velja ætti vel afmarkaða deild eða skilgreindan og áberandi hluta starfseminnar fyrir fyrstu innleiðingu kerfis. Ekki er ráðlegt að innleiða kerfið í öllum deildum og útibúum stórfyrirtækis á sama tíma. Það er of stór biti til þess að kyngja.
5. Rétt er að mæla afköst og árangur bæði fyrir og eftir innleiðingu kerfis.
6. Hópvinnukerfi breyta samstarfi og vinnu fólks. Það er ekki einungis hugbúnaður heldur einnig samstarfsvettvangur. Markmið innleiðingar og ástæður fyrir innleiðingu þarf að útskýra vel fyrir starfsfólki bæði á starfsmannafundi og í smærri hópum. Þörf er á töluverðum stuðningi við starfsfólk til þess að það lagi sig að nýju vinnuumhverfi.
7. Virkja þarf fólk til þátttöku. Yfirmenn þurfa að hlusta á ábendingar. Það þarf hugrekki til þess að breyta. Verðlauna þarf þá sem ganga á undan með góðu fordæmi. Ávallt er andstaða gegn breytingar en hana má yfirstíga.
8. Skýra þarf tilgang með innleiðingu kerfisins fyrir öllum sem að því koma og hvernig það vinnur. Þjálfun og stuðningur er afar mikilvægur. Starfsfólk þarf að skilja ástæður fyrir innleiðingu kerfisins, kunna að nota það og geta unnið í því og skilja þann hag sem það og fyrirtækið getur haft af kerfinu. Til þess að ná þessu markmiði þarf að láta starfsfólki í té nauðsynlega kynningu og lýsingu á kerfinu í formi handbóka, uppsláttarrita og þjálfunarleiðbeininga (Davis, 2000).
9. Stýringar og eftirfylgni er þörf til þess að tryggja að starfsfólk vinni í nýja kerfinu en haldi ekki áfram að notast við það gamla. Tiltaka þarf formlega þann dag sem gamla kerfið er aflagt og hið nýja tekið í notkun (Bean, 2000).
10. Gera þarf ráð fyrir hinu óvænta. Breytingar ganga ekki alltaf fram samkvæmt áætlun og ekki bregðast allir eins við breyttum aðstæðum. Stjórnendur breytinga þurfa þess vegna að vera sveigjanlegir og haga seglum eftir vindi. (Jones, Aguirre og Calderone, 2004).

Lokaorð

Hér að framan hefur mikilvægi þekkingarstjórnunar í fyrirtækjum verið rökstutt og sýnt fram á að eigi hún að ná fram að ganga þurfa að koma til kostir upplýsingafræði, upplýsingatækni og breytingarstjórnunar. Þessi þverfaglega nálgun er líklegust til þess að stuðla að því að fjárfesting í kerfi til þekkingarstjórnunar, hópvinnukerfi, borgi sig og það skili tilætluðum árangri starfseminni til hagsbóta.

Heimildir

Abell, A. og Oxbrow, N. (2001). *Competing with knowledge: The information professional in the knowledge management age*. London: Library Association Publishing.

Alavi, M. og Leidner, D. E. (2001). Review: Knowledge management and knowledge management systems: Conceptual foundations and research issues. *MIS Quarterly*, *25*(1), 107-136.

Amidon, D. og Skyrme, D. J. (1997). *Creating the knowledge based company*. London : Business Intelligence.

Aston, A. (2002). *Brainpower on the balance sheet. Business Week*, (19-26 ágúst), 58-59.

Bean, B. (2000). A project plan. Í J. A. Ellis (Ritstj.), *Selected essays in electronic recordkeeping in Australia* (bls. 31-49). O'Connor, Australia: Australian Society of Archivists, 2000.

Beckman, T. J. (1999). The current state of knowledge management. Í J. Liebowitz (Ritstj.), *Knowledge management handbook* (bls. 1-1 – 1-22). Boca Raton: CRC Press.

Bukowitz, W. og Williams, R. L. (2000). *The knowledge management fieldbook*. London: Prentice Hall.

CCTA (1989). *PRINCE2* (PRojects IN Controlled Environments). London: Central Computer and Telecommunications Agency.

Aðgengilegt á http://www.prince2.com (sótt 22. júlí 2004).

Choksy, C. (1999). Technology: Tools for managing knowledge. *Infopro: The World of Information Management*,*1*(2), 33-36.

Coleman, D. (1999). Groupware: Collaboration and knowledge sharing. Í J. Liebowitz (Ritstj.), *Knowledge management handbook* (bls. 12-1 – 12-15). Boca Raton : CRC Press.

Davenport, T. H. og Prusak, L. (1998a). Know what you know. *CIO Magazine*, (15. febrúar).
Aðgengilegt á http://www.cio.com/archive (sótt 22. júlí 2004).
Davenport, T. H. og Prusak, L. (1998b). *Working knowledge*. Boston: Harvard Business School Press.
European Association for Banking History. (2002). *Electronic document and records management systems: Best practices for implementation*. Frankfurt am Main: European Association for Banking History.
Aðgengilegt á http://www.bankinghistory.de (sótt 22. júlí 2004).
Fjármálaráðuneytið. (1998). *Innkaupahandbók um upplýsingatækni*. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.
Forskett, A. C. (1996). *The subject approach to information*. London: Library Association Publishing.
Gold, G. (1995). *How to set up and implement a records management system*. N.Y.: Amacom.
Hayes, J. (2002). *The theory and practice of change management*. N.Y: Palgrave.
Hjørland, B. (2002). Domain analysis in information science: Eleven approaches – traditional as well as innovative. *Journal of Documentation*, *58*(4), 422-462.
IEEE. (1998). *IEEE recommended practice for software requirements specifications: IEEE std 830-1998*. N.Y.: Institute of Electrical and Electronic Engineers.
ISO. (1986). *ISO 2788:1986: Documentation – guidelines for the establishment and development of monolingual thesauri*. Geneva: Information Organization for Standartization.
ISO. (2001a). *ISO 15489-1:2001: Information and Documentation – Records Management: Part 1: General*. Geneva: Information Organization for Standartization.
ISO. (2001b). *ISO/TR 15489-2:2001: Information and Documentation – Records Management: Part 2: Guidelines*. Geneva: International Organization for Standardization.
Johne, M. (2001). What do you know? *CMA Management*, *75*(1), 20-24.
Jones, J., Aguirre, D. og Calderone, M. (2004). 10 principles of change management. *Strategy+Business*, (sumar).
Aðgengilegt á http://www.strategy-business.com (sótt 22. júlí 2004).
Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2002a). An international standard on records management: An opportunity for librarians. *Libri: International Journal of Libraries and Information Services*, *52*(4), 231-240.
Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2003). Seek and you will find, share and you will benefit: Organising knowledge using groupware systems. *International Journal of Information Management*, *23*, 363-380.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2002b). *Using computer-based groupware systems in knowledge management*. ARMA International 2002 proceedings and handouts from ARMA International 47the annual conference held September 30 through October 2, 2002, in New Orleans, Louisiana. New Orleans, Louisiana: ARMA International. [Geisladiskur].

Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2004). *The use of electronic knowledge and records management systems in Icelandic organisations: A behavioural research*. Óbirt rannsóknarritgerð: Háskólinn í Tampere.

Kotter, J. P. (1995). Leading change: Why transformation efforts fail. *Harvard Business Review*, *75*(mars/apríl), 59-67.

Nonaka, I. og Takeuchi, H. (1995). *The knowledge-creating company: How Japanese companies create the dynamics of innovation*. Oxford: Oxford University Press.

Orna, L. (1999). Using knowledge and information to manage and master change. *Managing Information*, *6*(1), 42-45.

Palmer, M. (1999). Knowledge management: Friend or woe? *Records Management Bulletin*, (júní/ágúst), 27-30.

Puge, L. (2000). *Change management in information services*. Aldershot, England: Gower.

Rob, P. og Coronel, C. (2002). *Database systems: Design, implementation, and management*. Boston, MA: Course Technology.

Rowley, J. og Farrow, J. (2000). *Organizing knowledge: An introduction to managing access to information*. Aldershot.: Gower.

Seng, C. V., Zannes, E. og Pace, R. W. (2002). The contribution of knowledge management to workplace learning. *Journal of Workplace Learning*, *14*(4), 138-147.

Sennett, R. (1998). *The corrosion of character: The personal consequences of work in the new capitalism*. NY: W.W. Norton & Company.

Skyrme, D. J. og Amidon, D. M. (2002). The learning organization. Í S. Little, P. Quintas og T. Ray (Ritstj.), *Managing knowledge: An essential reader* (bls. 264-271. London : SAGE.

Skyrme, D. J. (1997). Knowledge management: Oxymoron or dynamic duo? *Managing Information*, *4* (7), 24-26.

Stewart, T. A. (1997). Intellectual capital: *The new wealth of organizations*. London: Nicholas Brealey Publishing.

Sveiby, K. E. (1997). *The new organizational wealth: Managing and measuring knowledge-based assets*. San Francisco, CA: Berrett-Kochler Publishers.

Takeuchi, H. (1998). *Beyond knowledge management: Lessons from Japan*. Aðgengilegt á http://www.sveiby.com/library.html#articles (sótt 22. júlí 2004).

Ulrich, D. (1997). *Human resource champions: The next agenda for adding value and delivering results*. Boston, Massachusetts: Harvard Business School Press.

Journal collection management in a health science library : at the onset of the electronic age

Stefanía Júlíusdóttir

During the past decade use of e-medium has changed publishing creating a new scenario, in fields with much e-publishing, amongst them the field of health sciences (Ketcham-Van Orsdel and Born 1999). Professional DocDel (document delivery) services and publishers' and distributors' sales of immediate access to e-material make acquiring items at the point of need feasible both with regard to delivery-time and cost rendering journal subscriptions less important than before. Some of these services, (e.g. Loansome Doc and MDConsult) are designed and marketed for end-users, who have no trouble using them satisfactorily (Paden, et.al. 2001, Richwine and McGowan 2001, Humphreys 2002, Shearer and Nagy 2003, De Groote and Dorsch 2003) moreover the e-services are accessible from anywhere. Coming to the library in person is, in many cases, not necessary and customers may not even be wanted in libraries offering online-services; users can keep up online.

These changes in media and dissemination of publications change both collection development and library services. Subscriptions to publications in e-format are for contemporary use. Acquisition of e-publications for archival purposes should not be necessary and may not be possible. There is no guarantee that e-access will be "forever" or as long lasting as access to the paper-medium.

Journal-collection development becomes easier when only contemporary needs have to be considered. It is also easier to provide good and equal services, all users can have immediate access and it saves both space and labour.

Simultaneously subscription costs of health sciences journals have risen annually by 10-12% on the average for years, in some specialities the price increases are even higher (Frazier 2001, Serials prices 1995-1999 2000, Boldt et al. 2001, Schlingen and Kronenfeld 2004). The number of journals

published increases and there is pressure to cut costs in private as well as public organisations, making it less and less possible for the micro-nation let alone single institutions of such nations to maintain their journal subscriptions, and add new ones, as needed according to clients' requests.

During such times of radical changes measurements and analysis of journal-use are vital for all libraries (Blecic 1999, Walter, 1996, De Groote and Dorsch 2001). This is especially true in the health sciences where the change to e-publishing and distribution is well under way heralding revolutionary changes not only for users but for library-staff, publishers and distributors.

Research environment

The study was carried out at the main library of LSH (Landspitali University Hospital), at Hringbraut, referred to as LSHH-Library, while the author was director there. LSH is the largest hospital in Iceland, established in 2000 by merger of the two main hospitals in the country, both situated in Reykjavík, The National University Hospital (Ríkisspítalar) and The Reykjavík City Hospital (Sjúkrahús Reykjavíkur). After the merger the hospital became one of the largest employers in Iceland, with over 4000 positions (Landspitali 2001). A few years earlier The City Hospital (Borgarspítali) and Landakotsspítali were merged into The Reykjavík City Hospital (Landspítali 2001). The 2000 merger has been followed by amalgamation of services. At the time of the study three other libraries were operated in the amalgamated hospital. Their management and services have now been merged into one, the most is made of e-services, and increased emphasis is placed on the role of the hospital as a university hospital.

The Library serves the staff of the hospital itself as well as professors and students of health sciences departments at the University of Iceland they are the **primary clientele**. Traditionally it also serves health sciences staff elsewhere in Iceland, working in places without library services, they may be considered **secondary clientele.** Patients and the general public may be considered **tertiary clientele**. The LSHH-Library fills requests for ILL (interlibrary loans) from its own stock, no matter from where the request comes. **This study focuses on the needs of the primary clientele.**

The journal collection

In 2000 the periodical holdings comprised over 1200 titles, counting both active and ceased subscriptions. Periodical publications received, including newsletters as well as journals, counted 837, thereof 554 on paper only, 112 on paper with "free electronic access" (according to Chen et al. 2001, e-access is never free), 191 were subscriptions to the e-format, most at Ovid Technologies and MD Consult who also provided access to databases and e-books. By the end of 2000 users had access to around three hundred electronic journals and 666 on paper in addition to a countrywide access to Proquest. In 2001 Web of Science became accessible in Iceland countrywide and so did thousands of e-journals (see http://www.hvar.is). The book collection, however, was sadly underdeveloped.

The Ovid subscription 2000 was online, accessible at the Ovid site in Utah through IP identification, it was taken by a countrywide Consortium, with participation of non-profit organisations all over Iceland.

By the time of the study primary as well as secondary clients of the LSHH-Library were somewhat familiar with searching electronic databases, in particular the Ovid search engine, that had been available, on CD, since 1994 (Ríkisspítalar 1996).

The policy was adopted not to provide on ILL or DocDel items accessible electronically. Users placing orders for such items were contacted by staff and offered guidance, over the phone or in person, on how to access e-items and classes were held for groups of staff and students in the health sciences. In the long run this should ease the workload of the staff.

Problem

Rising subscription costs, increased number of journals published, bigger units of sale of e-publications, the e-sale-unit based on concurrent user and e-publications being sold in large packages, not title by title, in addition to an increase in number of areas of research all contribute to making it impossible to acquire journals according to the same principles as before.

The LSHH-Library had to cut journal subscriptions drastically as they just about ate up the whole budget for collection building in 1999. The first step was to establish a countrywide Consortium in the field of health sciences to share the costs of e-access. This made it possible to renew the 2000 subscriptions to all journals requested. It was, however, obvious that this would only

work that one time as price increases and requests for more subscriptions would quickly eat up the savings. In addition storage-space for journals was running short and staff was overloaded with journal services. It was decided only to subscribe to one copy regardless of format of each title, except in a few cases.

Suggestions on which journals to cut were solicited from primary clients but their advice was too limited. Research on patterns of journal-use and cost per unit of use was needed for decisions on which journals to subscribe to and so was research on use per institution within the Consortium to divide the cost of e-access between consortium-members.

Objectives

The purpose of the study is to map quantity and patterns of use by primary clientele at the LSHH-Library, both use of paper-journals and e-journals and the use of ILL. It is vital to know which journals are used, to what extent and how far back the journal archive in the Library should go. The data collection was designed to give information on actual use, which is the basis for managing resources: funds, space and manpower efficiently, for the benefit of clients.

Finding out the acceptance of e-journals, and their cost per use compared to cost per use of paper-journals and ILL provides important information for managing the journal collection.

Furthermore it was, at the time of the study, important for Consortium members to know how much the e-journals and e-databases were used by each member to be able to divide subscription costs accordingly.

Literature review

Traditionally various means have been used as basis for determination of journal subscriptions. ILL requests are used as a local indicator to determine when to start subscribing to a given journal (Rousseau, 2002, Walter, 1996). Citation counts are used to provide information on use for research, bearing in mind that different fields have different citation potentials and only one kind of use is measured (Rousseau 2002, Blecic 1999, Tsay 1998a and b, Byrd 1999, Deurenberg 1993). While citations appear to be comparable with other types of use for research journals they do not show the in-house-use

and circulation use of clinical review journals (Byrd 1999). Circulation data are used to show in-house-use where journals are loaned out (Blecic 1999, Walter 1996). Size-studies indicate how large a medical library has to be in order to diminish the need for ILL (Miller 1997) and the effect of a medical and biochemical library's size on the library's potential to support faculty research (Byrd 1999). Impact factors are yet another indicator of the importance of a given journal (Huth 2003, Bienkowski 2003, Saha et al. 2003, Rousseau 2002, Tsay 1998, Deurenberg 1993). As citation counts they differ between subject areas.

Data-gathering on in-house-use in libraries where journals are not loaned out has been very expensive. Data has had to be collected on reading and visitors' photocopying in the library. It has therefore served a practical purpose to find less costly indicators such as impact factors and citation counts (Tsay 1999, Blecic 1999, Deurenberg 1993). However, with the advent of e-publishing it is possible to get detailed use-data generated automatically (Rousseau, 2002, Wulff and Nixon 2004), showing which items within particular journals are used and when they are used and even by what kind of a user.

Research questions

Journal needs of primary clients of the LSHH-Library are the focus of the study. The research questions are the following:

1. How much are paper-journals used?
2. How much need is there for ILL and DocDel for the primary clientele?
3. Does routing paper-journals affect use in the library?
4. What was the usage of e-journals at Ovid at the LSHH-Library and by all members of the Consortium 2000-2001?
5. Does access to e-journals affect use pattern of paper-journals?
6. Is there a correlation between frequency of use and cost? In such a way that the most expensive journals are used the most?
7. Does increased end-user-access to e-databases increase the number of ILL?
8. Is the goal of filling majority of requests for journal items from home stock in a "small" health science library, like the LSHH-library realistic?
9. How long after publication are journal items actively used?

10. Will online access to e-bibliographic and full-text databases result in the newest items being used more quickly having the effect in the long run that generation of new knowledge is accelerated.

Data collection

Use of journal-items at LSHH consisted of visitors' reading and photocopying in the library, ILL, DocDel, routing (journal-issues sent to staff) and use of e-material.

At LSHH paper-journals were not loaned to individuals, their use was restricted to the Library. However, around one third of current journals were routed (sent) to various hospital departments in 1999, with the assumption that routed journals are used by staff, but how much, by how many and for which purpose (care of patients, teaching, research, etc.) is not known, statistics was kept by title on length of routing. Statistics were kept by journal title on year of publication, number of items used and month of filling requests for DocDel and ILL, both services covering mostly journal-items. Visitors to the Library, in particular students, photocopied to a large extent the journal items they used and rarely read journals in the Library. Statistics was not kept on this use.

A system was set up to collect data on visitors' photocopying during autumn semester 2000 and spring semester 2001: After photocopying users placed the original on a special table. At the end of each day a staff member marked the journal title and publication year on a data collection sheet before re-shelving. The data collection sheet covered all journals held by the LSHH-Library both live and closed subscriptions. Some Icelandic journals went back almost a century and some of the foreign ones for decades. This method only counted one use per day per journal issue. When an issue was used by more than one user the same day and when a user photocopied more than one item from the same issue, the data collection sheet got marked only once. Thus an inconsistency arose between collection of photocopying-data on the one hand and on the other hand ILL and DocDel data collected item by item. Another inconsistency may have arisen between data on unbound and the few bound journals as the use of a bound journal-volume containing many issues was marked only once per day.

Yet another inconsistency in the photocopying-data is that there will, on occasion, have been some secondary and tertiary users photocopying in the Library. Status of users photocopying was not recorded. Due to lack of staff

it was not possible to collect more exact data on use of paper-journals in the Library. The number of photocopying-uses is, in fact, higher than the findings indicate.

At Ovid Technologies data collected automatically on the use of databases and on e-journals by journal title, type of item used (e.g. editorial, research article, abstract, letters, etc.), and Consortium member in Iceland (identified by IP number) was available. Data collection by year of publication was not considered necessary because so few years were available retrospectively. Ovid statistics on use of the e-journals and databases are available for February 2000 to April 2001 (see Figure 5).

Analysis

Results are analysed in context of developments in e-database searches, DocDel, and ILL at the LSHH-Library during the twelve years prior to this research. Data on use of e-journals and databases at Ovid are analysed for users at LSHH and for the country as a whole. Average price per use of e-journal item at Ovid is roughly estimated. Photocopying by visitors is analysed according to journal title, publication year and use per volume.

Limitations

The two main limitations of the study are inconsistency in data collection and lack of data on use of e-journals from providers, other than Ovid, which makes arguments for the effect of e-publications on use weaker than if data had been available for total use of e-publications.

Analysis on use of journals was, on the one hand, per title without considering year of publication, and on the other hand by year of publication without considering use per title. Use according to publication year of each title has not yet been analysed. That is, however, necessary when deciding on subscription for journals that are used to some degree. When use is spread over many years subscription and archiving may not be as cost-effective as when the bulk of use is in current years.

Data

The following is an overview of data where each data-kind is presented.

Overview of data

An overview of data on use in 2000 and 2001 is presented in the table below. The most used ways were visitors' photocopying and use of e-journals at Ovid.

Table 1. Use of journal items spring and autumn semesters 2000

	Number of items	Info. avail-able on	% Avail-able	Current+5 prior years	% of use	Current+10 prior years	% of use
Kind of use							
DocDel	1239	1095	88%	699	64%	808	74%
ILL	2685	2440	91%	1683	69%	2061	84.5%
Full-text							
At Ovid	8370	8370	NA	NA	NA	NA	NA
Visitors'							
Photocopy.							
Autumn	4938	4938	100%	2568	52%	3407	69%
Total:	17232	16843		4950		6276	

Table 2. Use of journal items spring semester 2001

	Number of items	Info. avail-able on	% Avail-able	Current+5 prior years	% of use	Current+10 prior years	% of use
Kind of use							
DocDel	633	0	NA	NA	NA	NA	NA
ILL	1047	0	NA	NA	NA	NA	NA
Full-text							
At Ovid	7600	7600	NA	NA	NA	NA	NA
Visitors'							
Photocopy.							
Spring	5813	5813	100%	3616	62%	4958	85%
Total:	15093	13413		3616		4958	

Use of bibliographic e-databases 1989-2001

Statistics on searches in bibliographic e-databases is limited to searches by librarians at the LSHH-Library, until 2000 when data on searches at Ovid by end-users becomes available. No data is available for 1998-1999.

After 1994 when databases at Ovid became accessible from workstations all over the hospital (Ríkisspítalar 1995) searches carried out by librarians became fewer (see figure 1). By 2000 searches by end-users are so many that no library in Iceland could employ enough librarians to carry them out. Moreover, it is doubtful that users would want such a service. Not surprisingly clients' use of e-databases goes hand in hand with increases in use of e-journal items during 2000.



Figure 1. Database searches by librarians and end-users at the LSHH-Library from 1989 to spring semester 2001 (data on 1998-1999 is missing)

Effects of e-access on paper-item use

Fluctuations in DocDel, ILL and the percentage of ILL filled in Iceland are visible prior to electronic access to e-databases and full text (Ríkisspítalar 1990-2000, Landspítali 2001). The drop in use from 1990-1991 is due to a limit on the number of TOC's (table of contents) each staff member could subscribe to and a limit on articles per order (Sólveig Þorsteinsdóttir personal communication 29th of July 2004). The full-text material is highly

used already during the first year, and does not seem to affect use of paper items in 2000 and 2001 (see Figure 2).



Figure 2. Use of journal items by primary clients of the LSHH-Library from 1989 – 2001, and use of e-journals at Ovid February 2000 – April 2001. Paper-item use 2002 – 2003 is by primary clients of the amalgamated hospital.

The library and information services at LSH have been merged into one. E-access has been increased and counts almost 2000 e-journals in 2004 whereof around 400 are also available on paper. A few journals are only subscribed to on paper. Measured use of the e-material counted 70.453 articles in 2003 with an estimation of 82.841 (Sólveig Þorsteinsdóttir personal communication 29.7.2004 and Statistical sheet from BUSV). In 2002 and 2003 effects of e-access are visible on paper use, both ILL and DocDel are reduced (see Figure 2). This is particularly striking bearing in mind that by then the library services had been merged into one for the whole hospital.

Use per title

Data on DocDel during spring and autumn semesters 2000 is analysed for use per title. Filled request were 1239 data on 1095 or around 88% are available for analysis. The 1095 documents were delivered from 366 journals.

Only one document was requested from 157 journals and from 67 the requests were two. The journal most used had 28 requests and the second most used 23 (see Figure 3). These requests are not all for items published in the latest volume, so use per year per title is even smaller than these numbers may indicate at first glance.



Figure 3. Number of filled requests per journal used in document delivery spring and autumn semesters 2000

Use of journals on paper

ILL are 22.8% and DocDel 11.4% of paper-item use. Data on ILL, photocopying by visitors and DocDel was analysed for use by year of publication. Use falls off quickly during the first 4-5 years after publication, a bit slower for the next 5-6 years. After that use is probably mostly of classic items or items of historical value to Icelandic researchers. Although the graph is limited to 1944, use actually went back to 1915. Three articles published in that year in the Icelandic medical journal were requested on DocDel.

.



Figure 4. Use per year of publication and kind of service 2000 and 2001

Routing

The decrease in routed journals (see Table 3) by 32.5% is "forced" as e-access journals were not routed.

Table 3. Changes in the number of routed journals from 1999 to 2001

	No of journals 1999	No of journals 2001
Routing period		
1month	186	114
6-24months	75	41
5-10 years	33	30
Indefinitely	4	16
Total:	298	201

Journals routed indefinitely are the ones getting outdated so quickly that it does not serve a purpose for the Library to have them returned, e.g. computer journals. Journals routed for the longest periods are used in research departments, for consultation much the same way as reference books.

Use of e-journals at Ovid and user acceptance of e-journals

The number of e-journal-items at Ovid used in 2000 is 9909 use will have been even greater during 2000 as statistics is missing on use in January. During the first four months of 2001 items used counted 7600.

Beforehand deciding on division of subscription costs between Consortium members, use by LSHH-Library clients was estimated to be less than 40%. In February 2000 almost all the Consortium use, both of databases and full-text journals, was at LSHH. As users at other institutions became more familiar with the e-material division of usage between Consortium members grew close to the estimate (see Figure 5).



Figure 5. Use of databases and full-text journals at Ovid during February 2000 to April 2001 at the LSHH Library. DocDel at LSHH is included for comparison with in-house use of paper-journals

The Ovid statistics gathered automatically show all use including browsing classified in around 25 categories. To be able to compare the use of e-journals with paper-journals such detailed statistics are necessary. The findings show that the categories of Article and Miscellaneous article got only around 52% of use in autumn 2000 and spring 2001. Around half of the use was in other categories such as Miscellaneous 19% and Letters 8.3%.

It is safe to say that user acceptance of e-access was great. Only 17 journals were subscribed to both in e- and paper-format. Of their total use

during autumn 2000 in the LSHH-Library, i.e. e-access, visitors' photocopying and DocDel, only 25% was from the paper-format. Some of that use may not show paper preference as e-access was not available as far back as needed (use went to 1962), the latest e-issues may have been missing or citation to the e-format may have been judged too imprecise.

Cost per use and journal prices

According to the measures described above 14% of paper-journals and paper-journals accompanied by e-access during 2000 were not used. Some use may have been made of the e-access outside of Ovid on which data is unfortunately missing.

In 2001 subscription prices of sixty journals were over one thousand US dollars each, added to this was the VAT, around 14% for soft cover and around 24% for hard cover journals. Of these sixty journals almost 90% have an impact-factor. Sixteen are routed to hospital departments, twenty seven were accompanied by e-access, of unknown use. None of the remaining seventeen was used enough to justify subscription.

Interestingly only around 40% of the 42 paper-journals subscribed to and used the most in-house (measured by visitors' photocopying and DocDel) had an impact factor. This implies that in Iceland neither impact factors nor price are indicators of use of paper-journals.

A quick look indicates that, in many cases, use per volume is so little that it may not warrant subscription even for the needs of the health sciences nationwide and items should rather be acquired by purchase of e-access item by item or on ILL if possible.

Comparing the use of spring and autumn semesters shows a great fluctuation in use of individual titles, indicating that sudden increase in use of a particular journal may be bound to a short-term project. Further research is needed.

Inspection of the use of titles acquired on ILL shows that no title was used enough times on ILL to justify subscription.

Average cost per use of journal item at Ovid, during 2000 is less than two US dollars roughly estimated since data for one month is missing. It is emphasised here that the e-journals at Ovid were core journals in the field and used a lot and that e-journal prices change constantly.

Discussion

Having only Ovid statistics for comparison, paper-journals counted for 60% of use during autumn semester 2000, however, during spring semester 2001 e-access had gained ground as use of paper and Ovid-journal-items became just about equal. Had statistics on other e-use been available e-use would have emerged as even greater. This is in line with other findings on clients' acceptance of e-access (Paden, et al. 2001, Richwine and McGowan 2001, Humphreys 2002, Shearer and Nagy 2003, De Groote and Dorsch 2003). It is emphasized that the journals at Ovid were core journals used a lot in any format. Even though these findings were forced in so far as ILL, DocDel and routing were not serviced from journals available on e-access, the use of the 17 journals available both in paper and e-format shows users' acceptance of the e-format.

Routed journals seemed to be somewhat less used in the Library than the ones located there permanently as they are less accessible which is in line with Tasy's findings (1998a) that accessibility can effect use and thereby citation half-life.

The findings indicate that journals at LSHH were oversubscribed to. The same access could have been provided at much lower cost through e-access item by item and ILL, if available. This along with the findings of Miller (1997) that a collection of 70,000 volumes of books or journals is needed in an academic health science library to lessen the need for ILL and the findings of Byrd (1999) that collection size is not a measure of how well a medical and biochemistry library is positioned to support faculty research, the findings of this study that ILL were only 22.8% of journal-item-use and use patterns indicating that increased use of particular titles may not indicate future use as it may be project bound, means that planning to increase the size of the paper-collection to lessen the need for ILL would be a financial as well as a spatial disaster.

Interestingly it doesn't matter whether the stock consists of journals or books (Miller 1997), in spite of common claims to the effect that the most important literature in health sciences is journal literature and might indicate that use of a given user-group has some final limit.

At the beginning it was found that the use of e-material did not seem to affect the amount of traditional use of paper-journals (ILL, DocDel), but was an addition to it which is in line with Snape's et al. findings (2001). If there is a final limit to the literature use of a given user-group this might indicate that the limit had not been reached before. And even though only

half of the e-items at Ovid accessed at LSHH were comparable to items on ILL and DocDel it may also indicate that e-medium increases use.

However, paper-item-use dwindled as e-access increased to almost 2000 e-journals indicating that by then e-access may have reached some critical mass needed for paper-based services to decrease as has been the case during 2002-2003. As use of paper-items decreased use of e-items has increased many times. This may indicate the formation of a new user group or a large increase in the old ones.

For one thing e-medium offers far greater accessibility as users can access needed items from anywhere without going to the library. E-access may thus facilitate use by clinical staff not possible during the paper-era, among other things, due to lack of time for library visits. Thereby enlarging the primary user-group. Furthermore the nature of use may have changed. Research is needed.

End-user access to e-databases may seem to have increased journal-item use, but it did not increase ILL-use partly because ILL was not serviced from journals with e-access. It was, however, observed to change the nature of ILL in such a way that requests became more difficult to fill, indicating that when end-users search themselves the choice of items to consult is more varied than when librarians search and advice clients on items to consult. This raises the question whether the Matthew effect (Merton, 1968) is the creation of librarians giving "safe" advice on the use of "top" journals and "top" authors. End-users' choices seem based not only on the reputation of journals and authors but also on their interest. If this is the case it should in the long run lessen the Matthew effect. In the long run this may also counteract the Americanization of thought and ideas prevalent in some subject fields, e.g. international management (Danell 2001).

It is interesting to note that a comparable effect was observed when end-users started searching OPAC's (Online Public Access Catalogues) the nature of searches changed. They were done by subject to retrieve items by authors unknown to the searchers instead of by known authors as searches in the card-catalogue used to be (Markey, 1984, p. 75). Long-term research is needed to follow development in this area.

The division of Ovid use by the Consortium was found to be as estimated at the end of the research period, although at the beginning most of the use was at LSHH.

Use patterns show that the archival collection is too large. Around 60% of use is from the current + 5 prior years of publication and almost 80% use is from journals published in the current + 10 prior years, which is in line

with the findings of Tsay (1999). How far back the holdings of each title should go depends on the archival need, which is different from title to title. It may be advisable to keep theme-issues and issues containing break through articles that are always in high demand. Further research is needed. The health sciences are special in the way journal literature becomes obsolete quickly although in some areas such as epidemiology use goes centuries back.

Contrary to previous findings in medical and life sciences (Tsay, 1999) no correlation was found between impact factors and price on the one hand and use of journals on the other hand. Choosing journal subscriptions based on these factors is not feasible. A possible explanation is private subscription by staff-members, departmental subscriptions bypassing the Library or that use of the LSHH-Library is different from use of other university hospital libraries. This along with semester-bound increases in use of particular journals indicating a demand bound to short term projects might indicate that the Library is mainly used by students. If that were the case the financial basis of the Library might have to change. Long time studies are needed.

The question of whether e-access will in the long run accelerate generation of new knowledge can not be answered at this point in time. Multinational, long time research is needed.

In-house use consisted largely of self-service through photocopying and e-access, counting in spring and autumn 2000 for over 77% use. It is becoming feasible, financially and service-wise, to offer end-users e-DocDel services designed for them, directly. These services are quicker and require far less local staff as there will only be a limited local collection to attend to. Staff will only deal with difficult requests. E-access will lessen staff and housing costs.

Measuring use of paper-editions is very costly it has therefore largely been unknown how much each journal was used. With the advent of online access to e-publications use can be monitored constantly. This has facilitated developments of new models of distribution, where the amount of use during previous subscription period affects the subscription price during the next one (Sólveig Þorsteinsdóttir personal communication 29.7.2004).

One factor of use in a hospital library has not been considered in this study, the **immediacy factor**: how quickly is an item needed from a journal? It may well be that items are needed at such speed from some journals, i.e. for emergency treatment of patients, that subscription is justifiable, even though the number of uses are not many enough to justify subscription when compared with the prices access at the point of need.

Conclusion

Although further research is needed in many areas the findings of this research provide a baseline for the following conclusions:

Journal collection development at the LSHH-Library should focus on having a complete and in-depth collection of Icelandic health science literature in co-operation with the National Library of Iceland. The larger part of the journal collection is foreign journals. The amount and nature of use, cost of e-access item by item and of ILL if available, will have to be continually monitored to facilitate informed decisions on foreign journal acquisition. For nations with small research-manpower and varied areas of research the most cost-effective solution might be acquiring foreign journal material mostly item by item instead of by subscriptions.

The merger of library services at LSHH is not likely to affect these conclusions. Already before the amalgamation of the hospitals their specialisation differed and journal subscriptions were trimmed in line with the divide in specialities.

The new models for e-distribution have to be developed further. Automatic ways of differentiating between kinds of use should be found and costs should be different for different types of e-material. Thus it should be free to read advertisements, announcements, corrections, TOC's, abstracts and various other kinds of items. It should also cost less to browse an article than to use it for clinical purposes or research.

At each point in time the amount, kind and nature of use is shaped by the possibilities offered by the medium used.

Further research

Studying the effect of end-user searches in bibliographic e-databases on the Matthew effect in science; studying the effect of end-user searches in bibliographic e-databases on the Americanization of thought and ideas; and studying the effect of e-access and full-text on the speed of generation of new knowledge. All are long term studies.

Furthermore studying the nature and purpose of use of e-material within LSHH: Is the increased use of e-journal-items due to increased clinical use and increased research use? If so does it affected the quality of tasks

performed? Is the nature of use of e-access comparable to use of paper-items?

Bibliography

Bienkowski, A. (2003, July). More concerns about impact factors. *Journal of the Medical Library Association*, *91* (3) 285.

Blecic, D. D. (1999). Measurements of journal use: an analysis of the correlations between three methods. *Bulletin of the Medical Library Association*, *87* (1) 20-25.

Boldt, J.; Maleck W. H. and Fent, T. (2001). Price development in important anesthesia and critical care medicine journals in comparison to journals of other disciplines. *Acta anaesthesiologica Scandinavica*, *45*, 458-464.

Byrd, G. D. (1999, July). Medical faculty use of the journal literature, publishing productivity and the size of health science library journal collections. *Bulletin of the Medical Library Association*, *87* (3) 312-321.

Chen, F. L., Wrynn, P.; Ehrmann, F. L., Rieke, J. L., French, H. E. (2001, October). Electronic journal access: how does it affect the print subscription price? *Bulletin of the Medical Library Association*, *89* (4) 363-371.

Danell, R. (2001). *Internationalization and homogenization : a bibliometric study of international management research*. Umeå: Umeå University. 1 vol. PhD thesis.

De Groote, S. L. and Dorsch J. L. (2003). Measuring use patterns of online journals and databases. *Journal of the Medical Library Association*, *91* (2) 231-240.

De Groote, S. L. and Dorsch J. L. (2001, October). Online journals: impact on print journal usage. *Bulletin of the Medical Library Association*, *89* (4) 372-378.

Deurenberg, R. (1993, July). Journal deselection in a medical university library by ranking periodicals based on multiple factors. *Bulletin of the Medical Library Association*, *81* (3) 316-319.

Frazier, K. (2001, March). The librarians' dilemma: contemplating the costs of the "big deal". *D-lib magazine*, 7 (3), 1-8. Retrieved April 6, 2001 from the World Wide Web:
http://www.dlib.org/dlib/march01/frazier/03frazier.html.
http://www.mdconsult.com.

Huth, E. J. (2003, July). Scope-adjusted impact factor. *Journal of the Medical Library Association*, *91* (3) 285.

Humphreys, B. L. (2002). Adjusting to progress: interactions between the National Library of Medicine and health sciences librarians, 1961-2001. *Journal of the Medical Library Association*, *90* (1) 4-20.

Ketcham-Van Orsdel, L.; Born, K. (1999). Serials publishing in a flux. *Library journal*, *124*(7) 48-53

Landspítali háskólasjúkrahús 2000. (2001). [Reykjavík]: Landspítali-háskóla-sjúkrahús. 88 p.

Markey, K. (1984). *Subject searching in the library catalogs : before and after the introduction of the online catalogs*. Dublin, Ohio : OCLC. 176 p.

Merton, R. K. (1968). The Matthew effect in science : the reward and communication systems of science are considered. *Science*, *159*, 56-63.

Miller, J. (1997). Primary clientele as a predictor of interlibrary borrowing: a study of academic health sciences libraries. *Bulletin of the Medical Library Association*, *85* (1) 11-15.

Paden, S. L.; Batson. A. L.; Wallace, R. L. (2001) Web-based Loansome Doc, librarians and end users: results from a survey of the Southeast Region. *Bulletin of the Medical Library Association*, *89* (3) 263-271.

Richwine, M. and McGowan, J. J. (2001) A rural virtual health science library project: research findings with implications for next generation library services, *Bulletin of the Medical Library Association*, *89* (1) 37-44.

Ríkisspítalar. Ársskýrslur 1989-2000. Reykjavík : Ríkisspítalar, 1990-2001.

Rousseau, R. (2002). Journal evaluation: technical and practical issues. *Library trends, 50* (3) 418-439.

Saint Sanjay, S. S. and Christakis, D. A. (2003). Impact factor: a valid measure of journal quality? *Journal of the Medical Library Association*, *91* (1) 42-46.

Sathe, Nila A., Grady, J. L. and Nunzia B. Giuse (2002). Print versus electronic journals: a preliminary investigation into the effect of journal format on research processes. *Journal of the Medical Library Association, 90* (2) 235-243.

Schlimgen, J. B. and Kronenfeld, M. R. (2004). Update on inflation of journal prices: Brandon/Hill list journals and the scientific, technical, and medical publishing market. *Journal of the Medical Library Association*, *92* (3) 307-314.

Serials prices 1995-1999: with price projections for 2000. [2000?]. Birmingham, Alabama: Ebsco Subscription Services. 12 s.

Shearer, B. S. and Nagy, S. P. (2003). Developing an academic medical library core journal collection in the (almost) post-print era: the Florida State University College of Medicine Library experience. *Journal of the Medical Library Association*, *91*(3) 292-302.

Snape, M. F.; Soben, P.; Jacobs, W. T. and Parker Halub, L. (2001). Impact of electronic journals: the Cedars-Sinai experience. *Journal of hospital librarianship*, *1*(1) 61-72.

Sólveig Þorsteinsdóttir, Director Library and Information Services Landspítali University Hospital, personal communication 29.7.2004.

Statistical sheet from BUSV (Library and Information Services Landspítali University Hospital).

Tsay, Ming-Yueh. (1999). Library journal use and citation age in medical science. *Journal of documentation*, *55* (5) 543-555.

Tsay, Ming-Yueh. (1998a). Library journal use and citation half-life in medical science. *Journal of the American Society for Information Science*, *49* (14) 1283-1292.

Tsay, Ming-Yueh. (1998b). The relationship between journal use in a medical library and citation use. *Bulletin of the Medical Library Association*, *86* (1) 31-39.

Walter, P. L. (1996). A journal use study: checkouts and in-house use. *Bulletin of the Medical Library Association*, *84* (4) 461-467.

Wulff, J. L. and Nixon, N. D. (2004) Quality markers and use of electronic journals in an academic health sciences library. *Journal of the Medical Library Association*, *92* (3) 315-322.

Afbrot á Íslandi: Eðli, þróun og skýringar

Helgi Gunnlaugsson

Afbrotafræðilegar rannsóknir eiga sér ekki langa sögu á Íslandi né eru þær ýkja margar. Félagsvísindi eru enn tiltölulega ung grein hér á landi og skýrir sú staðreynd, a.m.k. að hluta til, hvers vegna fleiri rannsóknir hafa ekki verið gerðar í afbrotafræði. Önnur ástæða og nærtækari býr þó hér að baki. Skráning og varðveisla opinberra gagna um afbrot var lengi ekki mjög markviss á Íslandi. Dómar í refsivistardómum voru birtir mjög óreglulega á 20. öld en hafa ekki verið gefnir út á síðustu árum. Hæstiréttur birtir þó alla dóma á heimasíðu sinni en héraðsdómstólarnir í minna mæli. Gögn frá ríkissaksóknara yfir fjölda ákæra hafa verið gefin út síðan 2001 og voru því ekki aðgengileg til rannsókna fyrr en þá. Kærum til lögreglu hefur sömuleiðis ekki verið haldið skipulega til haga fyrr en á síðustu árum. Þessi staða mála varðandi aðgang að opinberum gögnum yfir afbrot hefur gert rannsóknir á tíðni afbrota á Íslandi erfiðari en ella svo ekki sé minnst á samanburð við önnur lönd. Í raun hefur verið mjög erfitt fyrir Íslendinga að svara þeirri brýnu spurningu með óyggjandi hætti hvort afbrot séu fleiri eða færri á Íslandi en í nágrannalöndum okkar nema í gegnum ýmsar vísbendingar.

Opinber gögn yfir afbrot á Íslandi

Margt bendir til að skráning opinberra gagna sé að verða markvissari. Samskráning allra lögregluskýrslna fyrir landið allt hófst um mitt ár 1997 með stofnun embættis ríkislögreglustjóra og síðan þá hefur verið hægt að nálgast gögn yfir tíðni afbrota fyrir landið allt sem var mikið framfaraspor. Frá árinu 1977 og fram á mitt ár 1997 eða í um 20 ár var Rannsóknarlögregla ríkisins starfrækt en starfssvæði hennar náði yfir allt höfuðborgarsvæðið. Hún gaf út ársskýrslur frá árinu 1991 sem náðu yfir tímabilið 1988-1996 sem gefa ágæta innsýn í opinberan veruleika afbrota á því svæði sem náði yfir nærfellt tvo þriðju hluta landsmanna (Helgi Gunnlaugsson, 2000). En kærð afbrot til lögreglu fyrir landið allt eru ekki aðgengileg nema frá árinu 1998. Fangelsismálastofnun ríkisins var stofnuð árið 1989 og hún hefur haldið til haga

ítarlegum skýrslum um starfsemi sína t.d. hvað varðar fangafjölda, ástæður fangavistar og lengd refsivistardóma. Opinber skráning og upplýsingaaðgengi um afbrot á Íslandi hefur því batnað á síðustu árum þó þessi mál séu ekki enn komin í sambærilegt horf og þekkist meðal flestra annarra vestrænna þjóða en okkur miðar í rétta átt.

Afbrot á Íslandi í alþjóðlegu ljósi

En hvar standa Íslendingar í samanburði við aðrar þjóðir með tilliti til afbrota og hver hefur þróunin verið? Einsog fram hefur komið er að mörgu leyti erfitt að svara þessari spurningu með óyggjandi hætti vegna skorts á upplýsingum. Þó er óhætt að varpa fram þeirri tilgátu að í ljósi alþjóðlegs samanburðar við önnur vestræn ríki, önnur Norðurlönd meðtalin, hafi tíðni alvarlegra afbrota á Íslandi verið í lægri kantinum. Ýmis dæmi frá fyrri tíð sýna þessa stöðu. Á tímabilinu 1881 til 1925 var til að mynda enginn dæmdur fyrir morð á Íslandi. Aftur á móti á tímabilinu 1977-1994 voru að jafnaði 1,5-1,7 einstaklingar ákærðir fyrir morð á ári. Nýlegar athuganir sýna einnig að refsidómum hafi almennt fjölgað verulega frá 1881 til 1977 að teknu tilliti til mannfjölda. Svo virðist því að afbrotum hafi fjölgað umtalsvert á Íslandi á 20. öld. Athugunum af þessu tagi ber þó alltaf að taka með fyrirvara þar sem aðeins hluti þeirra afbrota sem framin eru í samfélaginu kemur til kasta lögreglu og dómstóla (sjá Jón Gunnar Bernburg, 2004). Breyttar áherslur, starfsaðferðir og umfang löggæsluyfirvalda hafa marktæk áhrif á skráða tíðni afbrota. Aukin áhersla á löggæslu og vaxandi fagmennska innan réttarkerfisins á síðustu árum gæti því átt þátt í aukinni tíðni skráðra brota í samfélaginu.

Í samanburðarathugun byggð á gögnum Interpol frá árinu 1993 kom í ljós að morðtíðni í Reykjavík (0,9 per 100 þúsund íbúar) var um tvisvar til fimm sinnum lægri en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna (Forsætisráðuneytið, 1996). Sama athugun benti til þess að tíðni grófra líkamsárása, þjófnaða og fíkniefnabrota í Reykjavík hafi aðeins verið brot af tíðni slíkra brota í hinum höfuðborgunum. Rán hafa sömuleiðis verið fátíð og má nefna að á tímabilinu 1987-1994 voru að jafnaði kærð 17 rán á ári í Reykjavík (ca. 17 per 100 þúsund íbúar) sem var umtalsvert lægri tíðni en í öðrum höfuðborgum Norðurlanda þegar tillit hefur verið tekið til mannfjölda. Loks má nefna að tíðni fangelsana er með því lægsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða eða um 35 af hverjum 100 þúsund íbúum sem sátu í fangelsi í lok árs 1998 (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Tíðni fangelsana á Norðurlöndum er

jafnvel allt að helmingi hærri í sumum þeirra og víða í Vestur-Evrópu miklu hærri.

Ísland virðist því vera skólabókardæmi um þjóð þar sem tíðni glæpa er tiltölulega lítil þrátt fyrir iðn- og borgvæðingu. Þetta kemur kannski fáum afbrotafræðingum á óvart því oft hefur verið sýnt fram á í afbrotafræðinni að í fámennnum og menningarlega einsleitum samfélögum einsog á Íslandi megi búast við lægri glæpatíðni en annars staðar (Adler, 1983). Samt fer því fjarri að Ísland sé einhver glæpalaus paradís. Enda er slíkt í raun óhugsandi einsog hinn kunni franski félagsfræðingur Emile Durkheim (1897; 1933) færði rök fyrir í lok 19. aldar. Durkheim hélt því fram að afbrot og refsingar þjóni því mikilvæga hlutverki að efla samstöðu í samfélaginu. Sameiginleg vandlæting fólks á afbrotum og hinum brotlega styrki mörk hins leyfilega í samfélaginu, hvað megi og hvað ekki. Afbrot og viðbrögð samfélagsins við þeim gefi skýr skilaboð um hvaða reglur gilda og tilfinning hinna löghlýðnu eflist að þeir séu löghlýðnir borgarar. Ekki síst sé þetta hlutverk afbrota og refsinga mikilvægt á tímum þjóðfélagslegra breytinga einsog átt hefur sér stað á Íslandi á síðustu áratugum. Í þessu samhengi vakna spurningar um það hvaða afbrot og lögbrot eru fyrirferðamikil í íslensku samfélagi því samkvæmt Durkheim eru afbrot órjúfanlegur hluti allra samfélaga þó eðli þeirra og tegundir geti verið með ýmsum hætti.

Lögbrot sem tengjast áfengisneyslu

Margir muna líkast til eftir hinu sérstæða bjórbanni á Íslandi sem loks var afnumið árið 1989 (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Þetta bann, sem stóð meira og minna alla 20. öldina, sýnir einkar vel þann mikla vanda sem yfirvöld á Íslandi telja áfengisneyslu Íslendinga vera. Áhyggjurnar eiga sér fleiri hliðar sem birtast m.a. í löggæslukerfinu. Tökum örfá dæmi því til staðfestingar. Handtökur lögreglunnar á drukknu fólki í Reykjavík, borg með rúmlega 100 þúsund íbúum hafa skipt þúsundum á hverju ári. Á tímabilinu 1990-94 voru t.d. að jafnaði um 2200 handtökur á ári vegna ölvunar á almannafæri samkvæmt kæruskrá lögreglunnar í Reykjavík (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Á árunum 1999-2001 hafði lítillega dregið úr slíkum afskiptum en þá voru að jafnaði um 2000 handtökur á ári sem tengdust ölvun á almannafæri. Vistanir í fangageymslum vegna ölvunar hafa enn fremur skipt þúsundum á síðustu árum og má nefna í því samhengi að á árunum 1999-2001 var um helmingur allra vistana í fangageymslum Lögreglunnar í Reykjavík vegna ölvunar á almannafæri (Lögreglan í Reykjavik, 2002).

Að auki eru þúsundir handteknir á ári fyrir ölvunarakstur einsog sést á því að á tímabilinu 1974-1990 voru að meðaltali um 2400 einstaklingar handteknir á ári fyrir ölvunarakstur (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Á síðustu árum hefur aðeins dregið úr þessum fjölda en á tímabilinu 1998-2002 voru yfir 2000 manns handteknir á ári vegna ölvunaraksturs (Ríkislögreglustjórinn, 2003). Þetta þýðir að nálægt eitt prósent þjóðarinnar er handtekið á hverju ári fyrir ölvunarakstur eða um 800 á hverja 100 þúsund íbúa. Hlutfallið í t.d. Bandaríkjunum er í samanburði talsvert lægra eða innan við 400 handtökur á hverja 100 þúsund íbúa (Cole og Smith, 2001). Flestar handtökur á Íslandi eiga sér stað á næturna um helgar þegar lögreglan situr um helstu ökuleiðir og stöðvar ökumenn af handahófi til að athuga hvort ölvun eigi sér stað (mörkin miðast við 0,5). Ef menn eru handteknir þriðja sinni fyrir slík brot eiga þeir von á fangelsisdómi og má sem dæmi nefna að tæplega þriðjungur fanga sat inni fyrir umferðalagabrot árið 1990. Á síðustu árum hefur dregið úr þessu hlutfalli með nýjum refisúrræðum en þó var hlutfallið enn hátt árið 2000 eða innan við 20 prósent allra fanga (Ársskýrslur Fangelsismálastofnunar, 1991-2001).

Ástandið sýnir svo ekki verður um villst mikinn viðbúnað yfirvalda gegn ölvun og stór hluti af starfsliði löggæslunnar virðist fást við þennan málaflokk. Jafnframt gefur ástandið okkur vísbendingar um að vandamál er tengjast áfengisneyslu séu á mjög alvarlegu stigi á Íslandi. Drykkjusiðir hafa löngum þótt óheflaðir og fjöldi fólks sem leitar sér áfengismeðferðar er mjög mikill. Árið 2003 leituðu t.d. tæplega tvö þúsund Íslendingar sér vímuefnameðferðar á sjúkrastöðinni Vogi í Reykjavík (Morgunblaðið, 2004a). Það sem gengur þó í berhögg við þetta mat er að opinber gögn yfir neyslu áfengra drykkja sýna að Íslendingar neyta áfengra drykkja í marktækt minna mæli en svo til allar aðrar vestrænar þjóðir eða um fimm lítra af hreinu alkahóli á mann árið 2002 (Hagstofan, 2004). Þrátt fyrir þetta er umfang þessa málaflokks umtalsvert á Íslandi og umræður og eftirlit með drykkju landans sömuleiðis.

Fíkniefni á Íslandi

Áhyggjur Íslendinga af vímuefnaneyslu beinast að fleiri efnum en áfengi. Um leið og bjórinn var lögleiddur árið 1989 má segja að aukinn kraftur hafi færst í baráttuna við fíkniefnin. Viðhorfakannanir sýna að fíkniefnaneysla er af flestum álitin vera alvarlegasta vandamál er Íslendingar eiga við að stríða. Sömuleiðis sýna kannanir að meirihluti Íslendinga álítur að rætur afbrota liggi

í vímuefnaneyslu sem sýnir vel hve áhyggjur Íslendinga af vímuefnum rista djúpt (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Yfirvöld á Íslandi eru sama sinnis og almenningur og hafa brugðist hart við síðan fíkniefna varð fyrst vart á Íslandi í kringum 1970. Sérstök lögreglusveit var stofnuð árið 1971 og sjálfstæðum dómstóli komið á laggirnar sem eingöngu var ætlað að sinna fíkniefnamálum og hafði jafnframt formlega umsjón með lögreglusveitinni. Þessi skipan gekk í berhögg við íslenskt refsiréttarfar sem er ákæruréttarfar að stofni til (sbr lög nr. 27/1951 og lög nr. 107-9/1976) sem sýnir í raun hversu alvarlegum augum yfirvöld litu á innreið fíkniefna í hið íslenska samfélag. Þennan vágest yrði að taka sérhæfðum og sjálfstæðum tökum ef ekki ætti illa að fara, jafnvel þó skipanin samræmdist ekki ýtrustu lagavenjum (Jónatan Þórmundsson, 1992).

Árið 1992 voru hins vegar gerðar umfangsmiklar réttarfarsbreytingar á Íslandi sem m.a. gengu út á að leggja niður fíkniefnadómtólinn í samræmi við almenn réttarfarsákvæði. Sérsveit fíkniefnalögreglunnar starfar hins vegar áfram og mannafli hennar hefur vaxið mjög og var árið 2004 orðin ein fjölmennasta sérsveit lögreglunnar innan embættis ríkislögreglustjóra með 24 starfandi lögreglumenn innan sinna vébanda, 16 í Reykjavík og 8 til viðbótar víðs vegar um landið (Ríkislögreglustjórinn, 2003). Til að gefa innsýn í aukninguna má nefna að 7 lögreglumenn voru starfandi innan fíkniefnalögreglunnar árið 1984, 14 árið 1990 og um 20 árið 1995 (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Fjöldi lögreglumanna almennt hefur hins vegar haldist mun stöðugri á sama tímabili og var fjöldi þeirra alls um 650 í landinu öllu árið 1998.

Á tímabilinu 1987-1994 voru að jafnaði handteknir um 500 einstaklingar á ári grunaðir um fíkniefnabrot. Flest málanna eða um 75 prósent tengdust eigin neyslu en lítill minnihluti tengdist innflutningi og sölu á fíkniefnum. Tölur yfir haldlögð efni lögreglu á tímabilinu 1985-1995 sýna að kannabisefni voru langalgengust og amfetamín og kókaín voru haldlögð í miklu minna mæli. Heróin hefur lengi verið nánast óþekkt á Íslandi og kókaínkrakk sömuleiðis rétt einsog víðast hvar annars staðar í Evrópu (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000).

Hver hefur þróunin verið á síðustu árum samhliða auknum mannafla fíkniefnalögreglumanna? Einsog sést í töflu eitt var fjöldi fíkniefnabrota á bilinu 713 til 1.371 á tímabilinu 1998-2003 og tengdust að jafnaði um tveir þriðju hlutar þessara mála eigin neyslu og vörslu á fíkniefnum (Ríkislögreglustjórinn, 2004). Eins og sjá má hefur fjöldi mála vaxið mjög og er fjölgunin sérstaklega áberandi 2003. Ástæðuna má að miklu leyti rekja til aukinnar áherslu yfirvalda til að taka á þessum málaflokki. Á sama tíma og fleiri eru

ráðnir í fíkniefnalögregluna og í annað eftirlit með brotum af því tagi vex fjöldi brota. Sama á við um fjölda fíkniefnafanga í fangelsum landsins. Árið 1990 var hlutfall þeirra um 7 prósent, árið 1997 var það komið upp í 18 prósent og árið 2003 upp í 28 prósent allra fanga á Íslandi (Ársskýrslur Fangelsismálastofnunar Íslands, 1991-2003). Athygli vekur hátt hlutfall útlendinga sem gagngert koma sem „burðardýr" með fíkniefni inn í landið. Af 25 útlendingum í fangelsi árið 2002 sátu t.d. 19 þeirra inni fyrir fíkniefnabrot (Morgunblaðið, 2004b).

Fjölgun mála þarf því ekki endilega að endurspegla sambærilega aukningu á neyslu fíkniefna í samfélaginu heldur sýnir hún miklu frekar áherslubreytingar löggæsluaðila. Fíkniefni virðast þó skv. þessum tölum vera útbreidd á Íslandi einsog í öðrum löndum.

Tafla 1. Fjöldi fíkniefnabrota eftir tegundum 1998-2003

Brotategund-	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Dreifing – sala	57	69	46	63	70	118
Innflutningur	45	74	103	117	121	147
Varsla - neysla	493	693	507	593	632	934
Framleiðsla	8	7	8	14	26	30
Ýmis fíkniefnabrot	110	119	117	124	145	142
Samtals	713	962	781	911	994	1.371

Gögn yfir haldlögð efni sýna einnig mikla aukningu frá fyrri árum en kannabisefni eru áfram langalgengust. Um 48 kíló af kannabisefnum voru haldlögð árið 2001 og 60 kíló 2002. Um tíu kíló af amfetamíni voru samtals gerð upptæk þessi tvö ár. Rúmlega tvö kíló af kókaíni og um eitt þúsund e-töflur voru haldlagðar árið 2002 (Ríkislögreglustjórinn, 2003). En hver er útbreiðsla ólöglegra fíkniefna á Íslandi?

Neysla fíkniefna á Íslandi í norrænu ljósi

Fjölmargar mælingar hafa verið gerðar á neyslu áfengis og annarra vímuefna á Íslandi á síðustu árum, sér í lagi meðal ungmenna. Niðurstöður á Íslandi sýna að þróunin í neyslu kannabisefna á síðustu árum virðist að miklu leyti fylgja mynstrinu annars staðar á Vesturlöndum, bæði hvað varðar upp- og niðursveiflur (Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir, 1999).

Útbreiðsla kannabisefna meðal 15 ára ungmenna virðist þó heldur meiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, að undanskildri Danmörku þar sem hún er mest. Þannig sýndi ESPAD mæling árið 1995 að 10 prósent ungmenna á Íslandi höfðu einhvern tíma prófað kannabis, 6 prósent ungmenna í Svíþjóð og Noregi og 5 prósent í Finnlandi en 17 prósent í Danmörku (Hibell et. al, 1997).

Mælingar meðal eldri aldurshópa hafa ekki verið eins algengar en sýna þó sama mynstur. Tæplega 20 prósent Íslendinga á aldrinum 18-80 ára sögðust einhvern tíma hafa prófað kannabis árið 1997, en 7 prósent í Finnlandi, 8 prósent í Noregi, 11 prósent í Svíþjóð, en Danmörk var áfram hæst með 30 prósent. Þegar neysla kannabis síðustu sex mánuði var mæld kom í ljós að útbreiðslan er alls staðar mjög svipuð með innan við tvö prósent aðspurðra nema í Danmörku þar sem fjögur prósent viðurkenndu neyslu þessara efna á þessu tímabili. Neysla annarra ólöglegra fíkniefna en kannabis virðist óveruleg samkvæmt mælingum af þessu tagi á Norðurlöndum (Helgi Gunnlaugsson, 1998 og Hakkarainen, 1996). Í stórum dráttum benda niðurstöður til þess að félagslegur veruleiki ólöglegrar fíknefnaneyslu felist fyrst og fremst í tímabundinni tilrauna- eða félagslegri neyslu kannabisefna meðal yngri aldurshópa, sem síðan hætti eða dragi mjög úr neyslunni þegar kemur fram á fullorðinsár. Neysla sterkari efna einsog heróíns er ekki líkt því eins útbreidd og hefur einkum tilhneigingu til að stinga sér niður meðal jaðarhópa sem standa félags- og efnahagslega illa að vígi.

Stríðið gegn fíkniefnum

Í baráttu sinni við fíkniefnin hefur lögreglan á Íslandi beitt ýmsum óhefðbundnum aðferðum til að uppræta þennan vágest. Má þar nefna húsleitanir, jafnvel án heimildar dómara, símahleranir, kaup á upplýsingum, notkun tálbeitu (agent provocateur) og upptöku eigna (Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Þó óhefðbundnar og leynilegar aðgerðir lögreglu hafi löngum verið heimilaðar af dómstólum og réttlættar í ljósi alvarleika málefnisins hlýtur beiting aðferða af þessu tagi að vekja upp spurningar um réttarríkið og friðhelgi einkalífsins. Viðhorfamælingar á Íslandi sýna þó að mikill meirihluti almennings er hlynntur beitingu óhefðbundinna aðferða í baráttunni við fíkniefni og sama virðist upp á teningnum annars staðar á Norðurlöndum (Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir, 1999).

Við hljótum þó að þurfa að staldra við og spyrja hvort ekki sé gengið of langt gegn réttindum einstaklinga með aðferðum af þessu tagi, ekki síst vegna

þess hversu neysla fíkniefna meðal ungs fólks hefur mælst há. Líklegt má telja að sú spurning verði áleitin í afbrotafræðinni og í samfélaginu öllu á 21. öldinni hvort neysla og varsla þessara efna eigi yfirhöfuð heima inna hegningarlaganna eða hvort aðrar stofnanir samfélagsins eins og félags- og heilbrigðisstofnanir eigi ekki í ríkari mæli að taka yfir þennan málaflokk. Ef höfð er í huga afstaða yfirvalda á Íslandi til áfengis á 20. öld sem bannaði það framan af öldinni er ekki ólíklegt að sama eigi eftir að verða upp á teningnum gagnvart öðrum fíkniefnum.

Þróun afbrota á Íslandi 1998-2003

Eins og nefnt var hérna að framan er tiltölulega stutt síðan farið var að samkeyra kærð afbrot til lögreglu á landinu öllu. Með stofnun ríkislögreglustjóra um mitt árið 1997 var skráning allra lögregluembætta á Íslandi samræmd sem óneitanlega var mikið framfaraspor. Árlega eru gefnar út ársskýrslur embættisins sem gefa góða innsýn í starfsemi lögreglunnar í landinu öllu og fjölda og tegundir þeirra mála sem lögreglan fæst við hverju sinni. Um leið var opnað fyrir möguleika til að sjá þróunarlínur afbrota yfir lengra tímabil eins og þær blasa við í málaskrá lögreglunnar og grundvöllur skapast til samanburðarrannsókna við önnur lönd. Þó verður ætíð að gera slíkan samanburð með fyrirvara því skráningarreglur lögreglu eru ólíkar eftir löndum.

Hegningarlagabrot eru innan við 20 prósent verkefna lögreglunnar á Íslandi en umferðarlagabrotin vega þyngst með um 70 prósent allra verkefna. Eins og sjá má í töflu 2 er heildarfjöldi hegningarlagabrota tiltölulega svipaður milli ára sér í lagi á tímabilinu 1999-2003. Innbrotum, sem að meirihluta samanstanda af innbrotum í bíla, fyrirtæki eða stofnanir, hefur heldur fjölgað sem og fjöldi þjófnaða. Umfang mála af þessu tagi hefur ýtt undir þá þróun að æ fleiri telja það nauðsynlegt að kaupa sér ýmis konar öryggiskerfi og hafa fyrirtæki sem sérhæfa sig í lausnum af því tagi styrkt sig í sessi á síðustu árum.

Rán hafa mikið verið í umræðunni á Íslandi síðustu misseri sér í lagi bankarán og rán í smásöluverslunum. Fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um þessi tilfelli sem talin eru fela í sér nýja ógnun við öryggi borgaranna á Íslandi (Morgunblaðið, 2003c og e). Langflest þessara mála hafa verið upplýst af lögreglu. Brotamennirnir eru yfirleitt ungir karlar um tvítugt með eggvopn og lambhúshettu sem lítið hafa haft upp úr krafsinu. Ránin hafa sem betur fer flest verið mjög ófagleg og framkvæmd í bráðræði og má sem dæmi nefna að

einn brotaaðilinn var til að mynda handtekinn strax eftir eitt tilfellið þar sem hann beið eftir strætó rétt hjá útibúi bankans (Morgunblaðið, 2003a). Fjöldi rána á Íslandi árið 2003 var um 13 miðað við 100 þúsund íbúa.

Flóknari auðgunarbrot hafa sömuleiðis verið áberandi á allra síðustu misserum og verið til rannsóknar hjá lögreglu og samkeppnisyfirvöldum. Sér í lagi hafa vakið athygli mál er varða ólögmætt samráð fyrirtækja um verðlag á grænmetismarkaði og í olíuviðskiptum og er þar um mun stærri fjárhæðir að tefla en í öðrum auðgunarbrotum. Dómar hafa fallið í grænmetismálinu (Morgunblaðið, 2003b) sem fól í sér stóra sektargreiðslu (40 milljónir króna) en rannsókn á samráði olíufélaganna, sem samkvæmt frumskýrslum virðist stórtækt, stendur enn þá.

Skipulögð glæpastarfsemi af öðru tagi hefur ekki verið sérlega áberandi á Íslandi fyrir utan fíkniefnaviðskipti. Þó má nefna að nokkrir meðlimir glæpaklíkna frá Danmörku og Noregi, Hells Angels og Banditos, gerðu tilraun til að koma til Íslands í skemmtiferð að eigin sögn árið 2003 en var umsvifalaust vísað úr landi af lögreglu (Morgunblaðið, 2003d). Sú aðgerð var sögð liður í því að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpastarfsemi festi rætur hér á landi.

Tafla 2. Fjöldi og tegundir brota samkvæmt málaskrá lögreglu 1998-2003

Brotategund-	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Innbrot	2.111	2.556	2.407	2.857	3.208	2.875
Þjófnaður	5.445	6.787	7.439	7.022	7.378	6.347
Rán	19	40	34	39	32	39
Önnur auðgunar-brot	528	657	602	604	712	715
Líkamsárás	1.111	1.082	1.134	1.065	1.085	1.061
Líkamsárás, meiri og minni meiðing	263	258	297	324	185	178
Manndráp	0	2	5	1	4	0
Nauðgun	44	48	36	51	74	69
Önnur kynferðisbrot	x	182	192	231	250	260
Samtals	9.521	11.612	12.146	12.194	12.928	11.544

x = vantar upplýsingar
2003 = bráðabirgðatölur 1. febrúar 2004

Ofbeldismál hafa verið talsvert áberandi í opinberri umræðu á Íslandi á síðustu árum og telja margir að þeim fari sífellt fjölgandi um leið og ofbeldið verði miskunnarlausara (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Samkvæmt gögnum lögreglu er fjöldi ofbeldismála þó tiltölulega svipaður frá ári til árs og vekur

athygli að mál er fela í sér líkamsmeiðingar fækkar umtalsvert á þessu tímabili. Manndrápsmál hafa þó valdið meiri óhug meðal almennings á þessu tímabili. Íslendingar virðast hafa fengið hrinu drápsmála yfir sig og er árið 2000 skuggalegast með fimm manndrápsmálum alls. Ef tíðni manndrápa það ár er borin saman við önnur lönd er hún talsvert há eða um 1,75 manndráp miðað við 100 þúsund íbúa. En þar sem Íslendingar eru fámenn þjóð með innan við 300 þúsund íbúa verður að skoða tíðnina yfir lengra tímabil til að komast hjá sveiflum sem óhjákvæmilega verða þegar fjöldi mála er yfirleitt lítill á hverju ári. Ef við skoðum allt tímabilið 1998-2003 kemur í ljós að tíðni manndrápa á Íslandi er að jafnaði um tvö manndráp á ári eða um 0.7 manndráp á ári miðað við 100 þúsund íbúa, sem er með því lægra sem við sjáum í samanburði vestrænna ríkja.

Kynferðisbrotum hefur fjölgað töluvert á þessu tímabili og á það við um flestar tegundir þeirra. Mest hefur aukningin verið í tilkynningum vegna kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára og vegna sifjaspells. Sömuleiðis hefur kærum um nauðgun fjölgað eins og sést í töflu 2. Samkvæmt þessum gögnum var tíðni kærðra nauðgana á Íslandi ca. 23 nauðganir á árinu 2003 miðað við 100 þúsund íbúa. Brot vegna vörslu á barnaklámi og tilkynningum vegna misneytingar vegna andlegra annmarka eða rænuleysis hefur einnig fjölgað nokkuð. Hvort um sé að ræða aukningu á þessum brotum í samfélaginu eða meiri líkur á að brot af þessu tagi séu kærð í dag en áður er erfitt að segja til um með vissu. Umfjöllun um kynferðisbrot og þá þjáningu sem þolendur verða fyrir hefur þó verið áberandi í fjölmiðlum á síðustu misserum og má vera að þolendur séu viljugri en áður að koma fram og kæra en stundum áður. Gögn frá Stígamótum, samtökum kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi, og frá neyðarmóttöku Landspítalans vegna nauðgunar og annarra kynferðisbrota sýna þó að margir þolendur veigra sér enn við að kæra brotin til lögreglu.

Í heildina sýna gögn frá ríkislögreglustjóra að heildarfjöldi mála er tiltölulega svipaður frá ári til árs. Einhverjar sveiflur eiga sér stað í einstökum flokkum hegningarlagabrota en fátt bendir til að fjöldi afbrota hafi farið úr böndunum á síðustu árum. Tveir brotaflokkar skera sig þó úr. Fíkniefnabrotum hefur stórlega fjölgað svo og kynferðisbrotum. Hvað snertir fíkniefnin virðist fyrst og fremst vera um að ræða aukna áherslu yfirvalda til að stemma stigu við brotum af því tagi. Erfiðara er að segja til um aukningu kynferðisbrota. Ekki er þó ósennilegt að hérna sé um að ræða auknar líkur á að þolendur kynferðisbrota kæri frekar en að um hreina aukningu slíkra brota sé að ræða. Þetta þyrfti þó að rannsaka frekar.

Vaxandi áhyggjur af afbrotum á Íslandi

Eins og nefnt var hérna að framan er tiltölulega stutt síðan kerfisbundin skráning á afbrotum hófst á Íslandi. Rannsakendur hafa því beitt fleiri aðferðum til að varpa ljósi á viðfangsefni afbrota en fæst úr opinberum gögnum. Mælingar á viðhorfum Íslendinga til afbrota sýna vaxandi áhyggjur af afbrotum. Síðasta mælingin var gerð árið 2002 og taldi þá tæplega fjórðungur Íslendinga að afbrot væru mjög mikið vandamál í samanburði við 12 prósent árið 1989 (Helgi Gunnlaugsson, 2003). Áhyggjurnar risu þó hæst árið 1997 þegar meira en 40 prósent Íslendinga taldi afbrot mjög mikið vandamál. Stór meirihluti telur refsingar of vægar í öllum mælingunum og fylgir matið á refsingum sömu sveiflum og matið á alvarleika afbrota í samfélaginu. Þegar áhyggjurnar af afbrotum eru mestar telja jafnframt flestir að refsingar séu allt of vægar.

Þrátt fyrir auknar áhyggjur af afbrotum hafa þó tiltölulega litlar breytingar orðið á öryggiskennd Íslendinga á þessu tímabili. Flestir Íslendinga telja sig örugga eina á gangi að næturlagi í heimabyggð sinni og er öryggiskenndin mest meðal þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þessar niðurstöður benda til að gera þurfi greinarmun á almennum viðhorfum almennings til afbrota og á persónulegum ótta fólks við afbrot. Almennar áhyggjur af afbrotum í samfélaginu þurfa ekki endilega að rista svo djúpt að hafa marktæk áhrif á eigið öryggi fólks í sínu byggðalagi. Ekki er heldur hægt að sjá að þróun viðhorfa almennings til afbrota endurspegli þróun mála hjá lögreglu og virðast aðrir þættir hafa meiri áhrif. Þó sýndi ein rannsókn árið 2001 að neikvæð umfjöllun fjölmiðla um miðborg Reykjavíkur virtist hafa tímabundin áhrif á öryggiskennd Reykvíkinga í miðborginni og á ferðir þeirra þar að næturlagi (Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir, 2003).

Lokaorð

En hvers vegna hafa Íslendingar auknar áhyggjur af afbrotum? Ýmislegt kemur til greina. Umfjöllun í samfélaginu um aukið ofbeldi af ýmsu tagi og aukna fíkniefnaneyslu ungs fólks hefur án vafa ýtt undir almennar áhyggjur almennings af afbrotum. Ekki er ósennilegt að einstök afbrotamál sem komið hafa upp á Íslandi á síðustu árum og vakið óhug og umtal setji mark sitt á viðhorf Íslendinga til afbrota. Einkareknir fjölmiðlar hafa orðið áhrifameiri á Íslandi á síðustu árum og á það ekki síst við um ljósvakamiðla (sjónvarp og útvarp) og málefni afbrota er vinsælt fréttaefni á Íslandi rétt eins

og erlendis. Málaflokkur afbrota er því meira á dagskrá í almennri þjóðmála-umræðu en oft áður um leið og sérhæfing löggæsluaðila hefur aukist og aðgangur að upplýsingum um afbrot orðinn greiðari. Þrátt fyrir að tíðni afbrota hafi almennt ekki vaxið mikið á síðustu árum á Íslandi sýna rannsóknir afbrotafræðinga (Maguire og Pastore, 1995) að jafnvel þótt afbrotum og ofbeldisglæpum fjölgi ekki telja sífellt fleiri afbrot og ofbeldi vaxandi vanda. Þó er athyglisvert að þessar almennu áhyggjur af afbrotum á Íslandi hafa ekki náð til mats borgaranna á eigið öryggi sem enn telja sig tiltölulega örugga í sínu byggðalagi einir á gangi að næturlagi.

Það hlýtur þó að teljast mikilvægt að umræða um afbrot og vanda þeirra í samfélaginu sé yfirveguð og raunsæ. Ekki er hægt að ætlast til að fjölmiðlar á einkamarkaði eða stjórnmálamenn haldi úti að eigin frumkvæði yfirvegaðri og faglegri umræðu um stefnumótun í málaflokki afbrota. Sú krafa hlýtur að hvíla einna þyngst á aðilum réttarvörslukerfisins og ekki síst þeim sem koma nálægt rannsóknum í málaflokknum.

Heimildir

Adler, F. (1983). *Nations Not Obsessed with Crime*. Littleton: Fred B. Rothman.

Cole, F. og Smith, C. E. (2001). *The American System of Criminal Justice System*. Ninth Edition. Belmont: Wadsworth.

Durkheim, E. (1897, 1933). *The Division of Labor in Society*. New York: The Free Press.

Fangelsismálastofnun ríkisins (1991-2003). *Ársskýrslur*. Reykjavík: Fangelsismálastofnun ríkisins.

Forsætisráðuneytið, (1996). *Skýrsla um fíkniefna- og afbrotamálefni*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Hakkarainen, P., Laursen, L. Tigerstedt, C. (Red.) (1996). *Discussing drugs and control policy: Comparative studies on four Nordic countries*. NAD Publication no. 31. Nordic Council for Alcohol and Drug Research (NAD). Helsinki.

Helgi Gunnlaugsson, (2003). Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum IV*, (bls. 105-115). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Helgi Gunnlaugsson, (2000). *Afbrot og Íslendingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson, (1998). Narkotikabruk, attityder och kontollpolitik i Island: En jamförelse med det övriga Norden. *Nordisk alkohol- & narkotikatidskrift*. 15, 5 og 6: 278-287. Helsinki.

Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir (1999). Iceland and the Nordic Drug Survey: Drug Use, Public Attitudes and Youth. *YOUNG* 7, 1: 19-35.

Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir (2003). Nyhedsformidling og frygt for kriminalitet i Reykjavik: Ændring i tryghed i 2001. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab. 90*, 2: 105-112.

Helgi Gunnlaugsson og Galliher, J. F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.

Lögreglan í Reykjavík, (2002). *Ársskýrsla 2001*. Lögreglan í Reykjavík.

Hagstofa Íslands, (2004). Upplýsingar teknar á heimasíðunni www.hagstofan.is 20. febrúar 2004.

Hibell, B., Anderson, B. Þóroddur Bjarnason, Kokkevi, A., Morgan M. og Narusk, A. (1997). *The 1995 ESPAD report: Alcohol and other drug use among students in 26 European countries*. Stockholm: Can.

Jón Gunnar Bernburg, (2004). Afbrot og önnur frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.). *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 266-287). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jónatan Þórmundsson, (1980). *Opinbert réttarfar*. 2. hefti. Reykjavík.

Maguire, K. og Pastore, A. (1995). *Sourcebook of Criminal Justice Statistics*. U.S. Department of Justice, Bureau of Justice Statistics.

Morgunblaðið, (2003a). Handtekinn eftir gripdeild í banka. 30. ágúst 2003.

Morgunblaðið, (2003b). Hæstiréttur staðfestir að grænmetisfyrirtæki höfðu ólöglegt samráð. 30. október 2003.

Morgunblaðið, (2003c). Tveir handteknir vegna ránstilraunar. 6. desember 2003.

Morgunblaðið, (2003d). Fimm norskum Vítisenglum vísað úr landi. 6. desember 2003.

Morgunblaðið, (2003e). Alvarlegasta málið í ránshrinu sem á sér ekki fordæmi hérlendis. 10 desmber 2003.

Morgunblaðið, (2004a). Innlögnum á Vog fjölgaði um 300 á síðasta ári. 19. febrúar 2004.

Morgunblaðið, (2004b). 115 útlendingar afplánuðu dóma hér á landi 1996-2003: Sex af hverjum tíu sátu inni vegna fíkniefnabrota. 22. febrúar 2004.

Ríkislögreglustjórinn, (1998-2003). *Ársskýrslur*. Ríkislögreglustjórinn.

„Ég er engin gunga“: Fjölstigagreining á félagslegu samhengi ofbeldis[1]

Jón Gunnar Bernburg
Þórólfur Þórlindsson

Sú hugmynd að félagslegt atferli fólks mótist af þeim gildum og viðmiðum sem ríkja í hópnum sem það tilheyrir er grundvallarsetning í klassískri félagsfræði (Parsons, 1937:376-408). Félagsfræðingar hafa meðal annars beitt þessari nálgun til þess að útskýra hvers vegna ofbeldi er útbreitt í sumum hópum en ekki öðrum. Samkvæmt kenningunni um *menningarkima ofbeldis* (subculture of violence) er ofbeldi útbreitt atferli í hópum sem aðhyllast gildi og viðmið sem réttlæta, umbera og hvetja jafnvel til ofbeldis þegar ágreiningur eða átök koma upp í samskiptum fólks (Wolfgang og Ferracuti, 1967). Kenningin gerir þannig ráð fyrir því að ofbeldi eigi sér rætur í sameiginlegum gildum og viðmiðum hópsins.

Rannsakendur hafa beitt þessari kenningu til þess að útskýra hvers vegna ákveðnir hópar hafa háa tíðni ofbeldisbrota. Bandarískir rannsakendur hafa einkum notað kenninguna til þess að útskýra háa tíðni morða í Suðurríkjum Bandaríkjanna (Dixon og Lizotte, 1987; Ellison, 1991). Einnig hafa þeir beint athygli að ofbeldisbrotum meðal blökkumanna (Cao o.fl., 1997) og karla í lágstétt (Markowitz og Felson, 1998). Þá hafa kanadískir rannsakendur skoðað hvort finna megi menningarkima ofbeldis meðal atvinnumanna í íshokkí (Smith, 1979). Niðurstöður úr þessum rannsóknum eru þó bæði blendnar og umdeildar (sjá Corzine og Huff-Corzine, 1989; Dixon og Lizotte, 1989; Ellison og McCall, 1989; Magura, 1975), enda er stór hluti þeirra byggður á opinberum tíðnitölum en ekki mælingum á gildum og viðmiðum af því tagi sem kenningin segir til um (t.d. Gastil, 1971).

Ennfremur hefur rannsóknarsnið þeirra athugana sem skoðað hafa sambandið á milli gildismats og ofbeldishegðunar yfirleitt ekki verið í góðu

---

[1] Erindið er byggt á viðameiri ritgerð eftir Jón Gunnar Bernburg og Þórólf Þórlindsson (2004). Rannsóknin var styrkt með rannsóknarstöðustyrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands til handa fyrri höfundi og með styrk frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands til beggja höfunda.

samræmi við fyrrgreinda kenningu. Rannsakendur hafa notað spurningakannanir sem leitt hafa í ljós að fólk sem hefur gildismat sem er jákvætt gagnvart ofbeldi er líklegra en annað fólk til að beita ofbeldi (Agnew, 1994; Ellison, 1991; Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2001; Markowitz og Felson, 1998). Einn megingalli á rannsóknum af þessu tagi er sá að þær gefa okkur takmarkaða mynd af því hvernig gildi og viðmið félagslegra hópa móta ofbeldisatferli (Magura, 1975; Felson o.fl., 1994). Samkvæmt kenningunni um menningarkima ofbeldis móta ofbeldisfull gildi og viðmið hópsins ekki aðeins persónulegt gildismat einstakra meðlima, og auka þannig líkur á árásarhegðun þeirra, heldur fela þau í sér óformleg viðurlög við því að bregðast ekki við ákveðnum kringumstæðum með árásarhegðun. Þeir sem ekki gera það eiga það á hættu að vera stimplaðir bleyður, eða gungur. Frá sjónarhóli þess sem upplifir félagslegt umhverfi sitt með þessum hætti er árásarhegðun leið til þess að birtast öðrum í jákvæðu ljósi og öðlast þannig virðingu í hópnum (Felson, 1978; Horowitz og Schwartz, 1974). Þannig má vera að einstaklingar beiti oft ofbeldi vegna væntinga annarra (þ.e. vegna viðmiða hópsins og viðurlaga við brotum á þeim) burtséð frá því hvort þeir sjálfir hafi tileinkað sér gildismat sem hvetji til ofbeldis. Ekki er unnt að skoða ferli af þessu tagi með því að skoða einfaldlega samband gildismats og árásarhegðunar líkt og gert hefur verið í fyrri rannsóknum.

Tengsl gildismats og viðmiða við ofbeldisatferli hafa lítið verið rannsökuð hérlendis (sjá yfirlit í Jón Gunnar Bernburg, 2004). Niðurstöður fyrri rannsókna benda þó til þess að jafnaldrahópurinn gegni veigamiklu hlutverki í árásarhegðun unglinga, en sterkt samband er á milli árásarhegðunar og þess að eiga vini sem sýna árásarhegðun (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 1997, 1999, 2001; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 1996; sjá einnig í Þóroddur Bjarnason o.fl., 1999).

Hér beitum við *fjölstigagreiningu* (multi-level analysis) til þess að kanna ofangreind ferli meðal íslenskra unglinga. Við teljum að góð rök séu fyrir því að nota skólahverfi sem *greiningareiningu* (unit of analysis) til þess að kanna fyrrgreind ferli. Felson *o.fl.*. (1994) hafa bent á að menningarkimar ofbeldis geti sprottið í nærsamfélögum þar sem félagsleg tengsl eru þétt og stöðug, en skólahverfi afmarka eða mynda einmitt slíkt nærsamfélag fyrir unglinga. Tilgátur okkar eru tvær:

Tilgáta 1. Unglingar sýna að jafnaði meiri árásarhegðun tilheyri þeir skólahverfi (nærsamfélagi) þar sem gildismat jafnaldra í skólanum einkennist af hlutleysi, eða umburðarlyndi gagnvart ofbeldi, jafnvel þótt tekið sé tillit til

þeirra eigin gildismats. Með öðrum orðum hefur gildismat jafnaldra í skólahverfinu *samhengisáhrif* (contextual effect) á árásarhegðun einstaklingsins.

Kenningin um menningarkima ofbeldis gefur ennfremur til kynna að unglingar sýni oft árásarhegðun til þess að mæta þeim væntingum, eða koma til móts við þau viðmið sem ríkja meðal jafnaldranna í nærsamfélaginu, burtséð frá gildismati þeirra sjálfra:

Tilgáta 2. Unglingar sýna að jafnaði meiri árásarhegðun telji þeir að það séu viðurlög ríkjandi meðal jafningja í skólahverfinu við því að svara ekki fyrir sig með árásarhegðun, þ.e. séu viðmið jafnaldranna með þeim hætti að litið sé á friðsemd sem merki um bleyðuhátt.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Spurningakönnun var lögð af handahófi fyrir tæplega helming (3872) allra nemenda í 9. og 10. bekk í nær öllum grunnskólum á Íslandi vorið 1997 (sjá nánar um framkvæmd í Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Svör nemenda voru ónafngreind og fengu þeir engin önnur fyrirmæli en að svara listanum eftir bestu samvisku.

Notkun fjölstigagreiningu krefst ákveðins lágmarksfjölda svaranda í skólahverfum og er því aðeins unnið með skólahverfi þar sem að minnsta kosti 30 einstaklingar svöruðu könnuninni. Svarendur eru um 47 prósent af heildarfjölda nemenda í fyrrgreindum árgöngum í sérhverju skólahverfi. Rannsókn okkar er byggð á svörum 2941 nemenda í 49 skólahverfum. Af þessum 49 hverfum eru 32 staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Að meðaltali eru um 60 svarendur í skóla (staðalfrávik = 32).

Mælingar

Árásarhegðun er mæld með meðalgildi svara við ellefu spurningum um hve oft viðkomandi framdi tiltekna verknaði á síðastliðnum 12 mánuðum. Spurt var um hve oft viðkomandi hafði kýlt einhvern, sparkað í einhvern, tekið einhvern hálstaki, skallað einhvern og svo framvegis (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2001; alpha áreiðanleikastuðull = 0,93). Svarmöguleikar spurninganna voru á bilinu einn („aldrei“) til sjö („40 sinnum eða oftar“).

Hlutleysisgildi (sjá Agnew, 1994) eru mæld með meðalgildi svara við tveimur spurningum (alpha áreiðanleikastuðull = 0,78): „Stundum koma upp aðstæður sem réttlæta að fólk sé slegið eða barið“ og „Þegar einhver kemur illa fram við mig finnst mér í lagi að slá hann eða berja“. Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn (lágmark) til fjórir (hámark).

Upplifun unglinga á tilvist viðmiða meðal jafningja sem fela í sér viðurlög við því að bregðast við áreiti með friðsemd er mæld með einni spurningu: „Sá sem ekki svarar fyrir sig með því að berja eða slá þegar hann/hún er áreittur er álitin gunga eða skræfa í mínum félagahópi“. Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn („mjög ósammála“) til fjórir („mjög sammála“).

Fyrri rannsóknir á ofbeldisatferli unglinga gefa til kynna að stjórna þurfi ýgi/pirring, áfengisneyslu, óformbundnum tómstundum og skuldbindingu við nám (sjá í Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2001, 2004). Ýgi/pirringur er meðalgildi svara við fimm spurningum um upplifun ungmenna á reiði og pirring vikuna fyrir könnunina (Derogatis *et al.*, 1973; alpha áreiðanleikastuðull = 0,84). Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn (lágmark) til fjórir (hámark). Áfengisneysla er meðalgildi svara við tveimur spurningum um áfengisneyslu og ölvun síðastliðna 30 daga fyrir könnunina (alpha áreiðanleikastuðull = 0,91). Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn (lágmark) til sjö (hámark). Óformbundnar tómstundir eru meðalgildi svara við fjórum spurningum um hve oft viðkomandi heldur til „niður í bæ“ á kvöldin og um helgar, í mollum eða sjoppum og í spilatækjasölum og hve oft hann/hún fer í partí (alpha áreiðanleikastuðull = 0,68). Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn (lágmark) til fimm (hámark). Skuldbinding við nám er meðalgildi svara við átta spurningum um viðhorf til náms, áhuga og ástundun náms og líðan í skóla (alpha áreiðanleikastuðull = 0,86).

Mælingar á skólastiginu eru búnar til með því að reikna meðaltal tiltekinnar breytu fyrir sérhvern skóla. Þannig eru reiknuð skólameðaltöl fyrir gildi einstaklinga á breytunum sem mæla hlutleysisgildi og viðurlög við friðsemd. Sérhvert skólahverfi fær gildi á þessum breytum, sem mæla þá styrk þessara þátta meðal jafnaldra í skólahverfinu. Jafnframt stjórnum við fyrir hlutfallslegum fjölda nemenda í skólahverfinu sem á að minnsta kosti eitt háskólamenntað foreldri og hlutfallslegum fjölda stúlkna.

Tölfræðigreining

Línulegu stigveldisaðhvarfi (hierarchical linear regression) er beitt til að prófa tilgátur (sjá í Bryk og Raudenbush, 1992). Um er að ræða afbrigði af fjölstigagreiningu sem gerir okkur kleift að skoða áhrif frumbreyta á tiltekna fylgi-

breytu á tveimur greiningarstigum samtímis. Tölfræðiúrvinnsla er framkvæmd í forritinu HLM 5 (Raudenbush o.fl., 2001).

Niðurstöður

Niðurstöður línulegs stigveldisaðhvarfs eru birtar í töflu eitt. Fjórar jöfnur eru birtar. Í jöfnum eitt og tvö er árásarhegðun pilta háða breytan en árásarhegðun stúlkna í jöfnum þrjú og fjögur. Í jöfnum eitt og þrjú er fyrri tilgátan prófuð, þ.e. hvort gildismat jafnaldra í skólahverfinu hafi samhengisáhrif á árásarhegðun. Niðurstöðurnar styðja þessa tilgátu að hluta til. Jafna eitt sýnir að piltar eru marktækt líklegri til þess að sýna árásarhegðun tilheyri þeir skólahverfi þar sem gildismat jafnaldra í skólanum einkennist af hlutleysi gagnvart ofbeldi, að teknu tilliti til þeirra eigin gildismats. Aðhvarfsstuðullinn fyrir þetta samband (0,56) sýnir að sambandið er verulegt (staðlaður aðhvarfsstuðull = 0,31). Jafna þrjú sýnir aftur á móti að tilgátan stenst ekki þegar árásarhegðun stúlkna er skoðuð. Þá staðfesta niðurstöður úr jöfnum eitt og þrjú að jákvætt samband er á milli gildismats og árásarhegðunar, að teknu tilliti til áfengisneyslu, ýgi/pirrings, óformbundinna tómstunda og skuldbindingar við námið.

Í jöfnum tvö og fjögur er mælingum á viðmiðum jafnaldra bætt við jöfnurnar. Þessar niðurstöður styðja seinni tilgátu rannsóknarinnar. Niðurstöður á einstaklingsstiginu leiða í ljós að piltar sýna meiri árásarhneigð telji þeir að í vinahópnum sé litið á friðsemdarviðbrögð við áreitni sem merki um bleyðuhátt. Þetta sést á því að einstaklingsstigsmælingin á viðmiðum hefur marktækt og jákvætt samband við árásarhegðun, að teknu tilliti til persónulegra hlutleysisgilda og annarra þátta. Ennfremur kemur í ljós að skólastigsmælingin á viðmiðum hefur marktæk og jákvæð áhrif á árásarhegðun bæði pilta og stúlkna. Þetta þýðir að það að tilheyra skólahverfi þar sem viðurlög gegn friðsemd eru ríkjandi eykur marktækt líkur á árásarhegðun einstaklingsins, að teknu tilliti til þess að hve miklu leyti viðmið af þessu tagi eru ríkjandi í vinahópnum sem hún eða hann tilheyrir og annarra þátta.

Að lokum má benda á að samhengisáhrif hlutleysisgilda á árásarhegðun pilta eru ekki lengur marktæk þegar viðmiðum jafnaldra er stjórnað (sjá jöfnu tvö). Svo virðist sem tilvist viðmiða meðal jafnaldra í skólahverfinu, sem fela í sér viðurlög við friðsemd, skýri að hluta til þau samhengisáhrif sem gildismat jafnaldranna hafði í jöfnu eitt. Með öðrum orðum virðast samhengisáhrif gildismats í skólahverfinu vera tilkomin að hluta til vegna þess að

unglingar upplifa félagslegt samhengi með þeim hætti að þeir þurfi að sýna árásarhegðun til þess að verja heiður sinn meðal jafnaldranna í skólahverfinu.

Tafla 1. Samband óháðra breyta við árásarhegðun: Óstaðlaðar hallatölur úr línulegu stigveldisaðhvarfi

	Piltar		Stúlkur	
	Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3	Jafna 4
Óháðar breytur á stigi skólahverfisins				
Hlutleysisgildi	0,56*	0,32	-0,02	-0,05
Viðmið/viðurlög	---	0,46*	---	0,19*
Menntun foreldra	0,57**	0,52**	0,10	0,09
Hlutfall stúlkna	1,48**	1,71**	0,00	0,09
(Fjöldi skólahverfa)	(49)	(49)	(49)	(49)
Óháðar breytur á einstaklingsstiginu				
Hlutleysisgildi	0,33**	0,30**	0,23**	0,22**
Viðmið/viðurlög	---	0,09**	---	0,03
Ýgi/pirringur	0,25**	0,25**	0,14**	0,14**
Áfengisneysla	0,24**	0,24**	0,10**	0,10**
Óformbundnar tómstundir	0,16**	0,16**	0,07**	0,07**
Skuldbinding við nám	-0,22**	-.21**	-0,06**	-0,06**
(Fjöldi pilta/stúlkna)	(1493)	(1493)	(1448)	(1448)
Hlutfallsleg skýring í breytileika árásarhegðunar milli skólahverfa	0,50	0,75	0,00	0,04
Hlutfallsleg skýring í breytileika árásarhegðunar milli einstaklinga	0,38	0,38	0,36	0,36

Athugasemd: Tilgátuprófun fyrir hallatölur er byggð á *stöðugum* (robust) staðalvillum. * $p < .05$; ** $p < .01$ (tvíhliðapróf)

Umræða

Þessar niðurstöður styðja þá kenningu að líkur á árásarhegðun aukist þegar einstaklingurinn upplifir félagslegt samhengi með þeim hætti að árásarhegðun auki veg hans og virðingu í hópnum sem hann eða hún tilheyrir eða sé oft nauðsynleg til þess að tapa ekki virðingu og stöðu. Í svona samhengi kunna unglingar að upplifa árásarhegðun sem aðferð til að kynna sjálfið í jákvæðu ljósi (Felson, 1978). Þessi túlkun á sér stoð í nokkrum vettvangsathugunum á árásarshegðun (Anderson, 1994; Luckenbill, 1977; Horowitz og Schwartz, 1974).

Þessar niðurstöður eru ekki síst athyglisverðar þegar haft er í huga að einstaklingar sem hafa gildismat sem einkennist af hlutleysi gagnvart ofbeldi mælast að jafnaði með meiri árásarhegðun en aðrir, líkt og fyrri rannsóknir hafa sýnt. Með öðrum orðum niðurstöður okkar gefa til kynna að rannsóknir á áhrifum sameiginlegra gilda og viðmiða á hegðun fólks ættu ekki að einskorðast við að kanna fylgni á milli einstaklingsbundins gildismats og hegðunar (sjá Felson o.fl., 1994; Magura, 1975). Einstaklingurinn er hluti af ákveðnu félagslegu samhengi, ekki síst gildismati og viðmiðum hópsins, sem mótar hegðun og skilyrðir persónulegar ákvarðanir með margvíslegum hætti. Þessi mótun á sér ekki stað einvörðungu með félagsmótun, eða innvörpun gildismats og viðhorfa. Eins og athuganir Goffmans (1959) á samskiptum hversdagslífsins gefa til kynna hefur fólk ríka tilhneigingu til að leitast við að birtast öðrum í jákvæðu ljósi, ekki síst með tilburðum sem oft eru látnir líta út fyrir að vera ósjálfráðir. Gildismat annarra og óformlegar siðarlegur hópsins (þ.e. viðmiðin) setja þannig skorður við hegðun og ákvarðanir fólks, sem við fyrstu sýn virðast vera afar einstaklingsbundin fyrirbæri.

Að lokum styður rannsókn okkar klassískt þema í félagsfræði, að „félagslegt samhengi skiptir máli“ (Moore and Vanneman, 2003). Þetta þýðir að ekki er hægt að *smætta* (reduce) félagsleg áhrif niður á einstaklingsstigið (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, væntanlegt). Rannsókn okkar á árásarhegðun meðal íslenskra unglinga sýnir að gildi og viðmið samfélagsins eiga sér tilvist utan einstaklingsins—þessi fyrirbæri eru „félagslegar staðreyndir“ (Durkheim, [1895] 1982) sem setja honum skorður og móta þannig félagslega hegðun. Könnun okkar, sem er þversniðsrannsókn, er vel til þess fallin að sýna fram á þetta, þótt gögnin gefi ekki tilefni til þess að fullyrða um orsakatengsl á milli persónulegs gildismats og árásarhegðunar.

Heimildir

Agnew, R. (1994). The techniques for neutralization and violence. *Criminology, 32*, 555-575.

Anderson, E. (1994). The code of the street. *Atlantic Monthly*, May, 80-94.

Bryk, A. og Raudenbush, S. (1992). *Hierarchical linear models: Application and data analysis methods.* Newbury Park, CA: Sage Publication.

Cao, L., Adams, A. og Jensen, V. (1997). A test of the black subculture of violence thesis: A research note. *Criminology*, *35*, 367-379.

Corzine, J. og Huff-Corzine, L. (1989). On cultural explanations of southern homicide: Comment on Dixon and Lizotte. *American Journal of Sociology, 95*, 178-82.

Derogatis, L., Lipman, R., og Covi, L. (1973). SCL-90: An outpatients psychiatric rating scale – preliminary report. *Psychopharmacology Bulletin, 9*, 13-28.

Dixon, J. og Lizotte, A. (1987). Gun ownership and the 'Southern subculture of violence. *American Journal of Sociology, 93*, 383-405.

Dixon, J. og Lizotte, A. (1989). The burden of proof: Southern subculture-of-violence explanations of gun ownership and homicide. *American Journal of Sociology, 95*, 182-87.

Durkheim, Emile. 1982 [1895]. *The Rules of Sociological Method.* London: Macmillan.

Ellison, C. (1991). An eye for an eye? A note on the Southern subculture of violence thesis. *Social Forces, 69*, 1223-1239.

Ellison, C. og McCall, P. (1989). Region and violent attitudes reconsidered: Comment on Dixon and Lizotte. *American Journal of Sociology, 95*, 174-8.

Felson, R. (1978). Aggression as impression management. *Social Psychology,* 41, 205-13.

Felson, R., Liska, A. South, S. og McNulty, T. (1994). The subculture of violence and delinquency: Individual vs. school context effects. *Social Forces, 73*, 155-73.

Gastil, R. (1971). Homicide and a regional culture of violence. American Sociological Review, *36*, 412-27.

Horowitz, R. og Schwartz, G. (1974). Honor, normative ambiguity and gang violence. *American Sociological Review*, *39*, 238-51.

Jón Gunnar Bernburg (2004, í prentun). Afbrot og frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 277-297), Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1997). Ofbeldi, lífsstíll, samfélag: Þættir tengdir ofbeldi, afbrotum og vímuefnaneyslu meðal unglinga. *Uppeldi og menntun, 6*, 65-78.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1999). Adolescent violence, social control, and the subculture of delinquency: Factors related to violent behavior and non-violent delinquency. *Youth & Society*, *30*, 445-460.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2001). Routine activities in social context: A closer look at the role of opportunity in deviant behavior. *Justice Quarterly, 18*, 543-567.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2004). Violent values, conduct norms, and youth aggression: A multi-level study. Ritgerð sem kynnt verður á ársfundi American Society of Criminology í Nashville í Bandaríkjunum 17.-20. nóvember.

Liska, A., Felson, R., Chamlin, M. og Baccaglini, W. (1984). Estimating attitude-behavior reciprocal effects within a theoretical specification. *Social Psychological Quarterly, 47*, 15-23.

Magura, S. (1975). Is there a subculture of violence? *American Sociological Review, 40*, 831-836.

Markowitz, F. og Felson, R. (1998). Social-demographic attitudes and violence. *Criminology, 36*, 117-138.

Moore, L. og Vanneman, R. (2003). Context matters: Effects of the proportion of fundamentalists on gender attitudes. *Social Forces, 82*, 115-139.

Parsons, T. (1937). *The structure of social action (Volume I).* New York: The Free Press.

Raudenbush, S., Bryk, A. og Cheong, Y. (2001). *HLM5: Hierarchical linear and nonlinear modeling.* Lincolnwood, IL: Scientific Software International.

Smith, M. (1979). Hockey violence: A test of the violent subculture hypothesis. *Social Problems, 27*, 235-247.

Wolfgang, M. og Ferracuti, F. (1967). *The subculture of violence.* London: Tavistock.

Þóroddur Bjarnason, Þórdís J. Sigurðardóttir og Þórólfur Þórlindsson (1999). Human agency, capable guardians and structural constraints: A lifestyle approach to the study of violent victimization. *Journal of Youth and Adolescence, 28,* 105-19.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður.* Reykjavik: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (1996). *Ofbeldi meðal íslenskra unglinga.* Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (væntanlegt). Durkheim's theory of social order and deviance: An empirical test. Væntanlegt í *European Sociological Review*.

Endurtekinn ölvunarakstur ungra ökumanna[1]

Marius Peersen
Haukur Freyr Gylfason
Jón Friðrik Sigurðsson

Ölvun við akstur er mikill áhrifavaldur í alvarlegustu umferðarslysunum þar sem ökumaður eða aðrir láta lífið. Af 81 banaslysi í umferðinni á árunum 1998 til 2002 var ölvunarakstur talinn vera aðalorsök 17 þeirra (Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2001, 2002, 2003). Rúmlega tvö þúsund manns voru að meðaltali handtekin árlega fyrir ölvunarakstur á árunum 1999 til 2002 (Ríkislögreglustjórinn, 2003). Af því sést að ölvunarakstur getur verið alvarleg ógn við öryggi fólks í umferðinni á Íslandi.

Nýleg rannsókn á háttalagi ungra ökumanna á Íslandi sýndi að 18 prósent 17 til 19 ára unglinga sögðust hafa ekið ölvuð einu sinni eða oftar og að um 2 prósent þeirra sögðust hafa verið tekin fyrir ölvunarakstur af lögreglu (Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen, 2004). Í annarri nýlegri rannsókn á 228 háskólanemum sögðust 46 prósent þeirra hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og um 11 prósent þeirra sögðust hafa verið tekin fyrir ölvunarakstur af lögreglu (Gerður Björg Hafsteinsdóttir, 2004).

Gott aðgengi að opinberum gögnum hefur leitt til mikillar notkunar á þeim í rannsóknum á endurteknum afbrotum (Pritchard, 1979). Hins vegar fylgir þessum gögnum sá annmarki að þau ná ekki til ákveðins hluta afbrotamanna sem kann að brjóta af sér aftur, án þess að það komist upp. Rannsóknir þar sem aðspurðir skýra sjálfir frá eigin afbrotahegðun sýna fleiri brotamenn en opinber gögn. Hins vegar má greina alvarlegri brot í opinberum gögnum en þessar tvær mælistikur greinir sjálfsagt meira á um fjölda afbrota en fjölda afbrotamanna (Blackburn, 1993). Í rannsókninni sem fjallað er um í þessari grein er unnið með gögn úr kæruskrá lögreglu en ekki eigin frásögn fólks af ölvunarakstri. Tíðni endurtekins ölvunaraksturs meðal

[1] Rannsókn þessi var styrkt af Áfengis- og vímuvarnarráði.

ungra ökumanna er því líklega vanmetin þar sem ólíklegt er að lögreglan nái öllum sem aka ölvaðir (Haukur Freyr Gylfason o.fl., 2004).

Mikilvægt er fyrir forvarnir og við ákvörðunartöku í refsimálum að geta spáð fyrir um hverjir eru líklegir til að brjóta aftur af sér. Rannsóknir á því hvað eykur líkur á endurteknum ölvunarakstri eru ekki til fyrir Ísland og því var þessi rannsókn gerð. Í rannsókninni er kannað með hlutfallslegu áhættulíkani Cox (*Cox proportional hazards model*) (t.d. Flemming og Harrington, 1991; Kleinbaum, 1996) hvernig nokkrar breytur úr kæruskrám lögreglu, aldur, kyn, vikudagur og áfengismagn í blóði, spá fyrir um endurtekinn ölvunarakstur hjá ungum ökumönnum. Helsta markmið rannsóknarinnar er að kanna endurtekinn ölvunarakstur meðal þessa hóps og hvernig þessar breytur tengjast endurteknum ölvunarakstri. Ef hægt er að finna áhættuþætti sem spá fyrir um ölvunarakstur þá er hugsanlega hægt að nota þá við ákvörðunartöku í refsimálum og hvernig best er að haga forvörnum eins og til dæmis sérhæfðri meðferð þeirra sem endurtekið aka bifreið undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt íslenskum lögum eru efri mörk leyfilegs magns áfengis í blóði ökumanna 0,5 prómill (Umferðarlög nr. 50/1987) og kannar lögreglan þá sem hún hefur grun um að aki undir áhrifum áfengis. Blóð- og þvagprufur gera kleift að meta áfengismagn í blóði ökumanna og þeim ökumönnum sem eru sekir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis er refsað með sektum og skilorðs- eða óskilorðsbundnum fangelsisdómum. Auk þess er beitt tímabundinni eða lífstíðarsviptingu ökuréttinda.

Hugsanlegt er að áfengismagn í blóði við handtöku spái fyrir um endurtekinn ölvunarakstur. Marowitz (1998) kannaði sambandið á milli áfengismagns í blóði við upplýsingar úr skýrslum lögreglu og hvort áfengismagn í blóði spáði fyrir um endurtekinn ölvunarakstur. Niðurstöðurnar voru þær að tengsl voru á milli áfengismagns í blóði og endurtekins ölvunaraksturs. Þetta samband var ekki línulegt heldur komu fram tveir toppar, við 0,0 og 2,9 prómill, þar sem líkurnar á endurteknum ölvunarakstri voru mestar. Að auki sýndu niðurstöðurnar að ökumenn sem teknir voru í fyrsta sinn fyrir ölvunarakstur voru jafnlíklegir að brjóta aftur af sér og þeir sem áður höfðu verið teknir fyrir ölvunarakstur, bæði ef áfengismagn í blóði var mikið og ökumennirnir gerst sekir um önnur umferðalagabrot síðast liðin tvö ár.

Christophersen, Beylich, Bjorneboe, Skurtveit og Morland (1996) könnuðu algengi ölvunarakstursbrota handtekinna eftir áfengismagni í blóði við handtöku yfir 11 ára tímabil. Niðurstöðurnar voru þær að 38-50 prósent ökumanna voru teknir aftur fyrir svipuð afbrot og líkurnar á að brjóta aftur af sér jukust með auknu magni áfengis í blóði. Christophersen o.fl. nota

einfalda tölfræði og leiðrétta ekki sambandið fyrir öðrum breytum sem kunna að vera mikilvægar. Yu og Williford (1995) könnuðu hins vegar endurtekinn ölvunarakstur í tengslum við aðstæður á brotastað og málsmeðferð. Þeirra niðurstöður voru að tími dags við handtöku og áfengismagn í blóði spáðu ekki fyrir um endurtekinn ölvunarakstur. Rannsóknir sýna þó að flestir ökumenn eru teknir um helgar (Ligon, Thyer og Lund, 1996; Marques, Voas, Tippetts og Beirness, 1999) og endurspeglar það að öllum líkindum drykkjuvenjur fólks og áherslur lögreglu við umferðareftirlit og þarf ekki að segja til um auknar líkur á endurteknum ölvunarakstri um helgar. Því er mikilvægt að kanna hvaða áhrif vikudagar hafa sem spábreyta um endurtekinn ölvunarakstur.

Það er hugsanlegt að karlar frekar en konur séu í meiri hættu að keyra endurtekið undir áhrifum áfengis. Þegar ungir ökumenn á Íslandi voru spurðir sögðust fleiri karlar en konur hafa ekið undir áhrifum áfengis (Haukur Freyr Gylfason o.fl., 2004). Lapham, Skipper, Hunt og Chang (2000) könnuðu á fimm ára tímabili hvort áhættuþættir fyrir endurtekinn ölvunarakstur væru þeir sömu fyrir karla og konur. Ungur aldur reyndist vera áhættuþáttur fyrir karla en ekki konur og sýndu niðurstöður þeirra að tíðni endurtekins ölvunaraksturs var mun lægri hjá konum en körlum. Niðurstöður rannsóknar Gurnacks og Werbies (1985) úr gögnum lögreglu á endurteknum ölvunarakstri sýndu meðal annars að ungir ökumenn sem handteknir voru fyrir ölvunarakstur voru oftar með minna áfengismagn í blóði en eldri ökumenn og ólíklegri að vera teknir fyrir ítrekuð brot.

Tími eftirfylgdar (*follow-up period*) skiptir máli í rannsóknum á endurteknum afbrotum og hefur meiri áhrif á forspá sjaldgæfra afbrota eins og til dæmis alvarlegra ofbeldisbrota en algengari afbrota (Blackburn, 1993). Ákveðin afbrot eins og þjófnaðir eru frekar taldir tengjast endurteknum afbrotum en til dæmis kynferðisbrot gegn börnum, en hins vegar má búast við að tíðni endurtekins ölvunaraksturs sé há.

Aðferð

Þátttakendur: Fjöldi þátttakenda var 6.656 ökumenn, alls staðar af landinu, sem höfðu verið teknir fyrir ölvunarakstur á tímabilinu janúar 1989 til og með mars 2002. Meðalaldur þátttakenda við fyrsta brot var 20,5 ár (sf = 2,9 ár); kvenna 20,6 ár (sf = 3,0 ár) og karla 20,5 ár (sf = 2,9 ár). Fjöldi karla var 5.093 (77%) en kvenna 1.547 (23%). Upplýsingar um kyn vantaði fyrir 16 ökumenn.

Að vera tekin(n) af lögreglu þýðir að lögreglan hafi haft afskipti af viðkomandi og skráð hann í kæruskrá. Það þarf ekki að þýða að áfengismagn í blóði ökumanns hafi verið 0,5 prómill eða hærra og hann þá yfir sektarmörkum (Umferðarlög nr. 50/1987). Umferðarlögin kveða skýrt á um að enginn megi neyta áfengis við stjórn vélknúins ökutækis. Ökumenn sem lögregla stöðvar og mælast með áfengi í blóði fá því ekki að aka áfram þrátt fyrir að áfengismagnið mælist undir 0,5 prómillum.

Gagnaöflun: Ópersónugreinanleg gögn um einstaklinga sem teknir höfðu verið fyrir ölvunarakstur fengust frá embætti ríkislögreglustjóra fyrir tímabilið janúar 1989 til mars 2002. Alls voru þetta 14.863 einstaklingar. Ekki er víst að líkurnar á að vera tekin(n) aftur fyrir ölvunarakstur séu þær sömu frá fyrsta broti til annars brots eins og frá öðru broti til þriðja brots. Til að tryggja samræmi var aðeins unnið með þá sem voru yngri en 17 ára í janúar 1989 svo nokkuð öruggt væri að þeir hefðu ekki verið teknir áður fyrir ölvunarakstur.

Þar sem unnið var með upplýsingar frá lögreglu en þeim ekki safnað sérstaklega af rannsakendum þá takmarkast greiningin við þau gögn sem eru til. Kyn, aldur, vikudagur og áfengismagn í blóði eru ekki einu breyturnar sem hugsanlega spá fyrir um endurtekinn ölvunarakstur en þær eru fyrir hendi í gögnum lögreglu og því notaðar í þessa greiningu.

Úrvinnsla: Í ástandsgreiningu (*analysis of transition data*) er röð atburða skoðuð og tíminn þegar þeir áttu sér stað. Hægt er að nota hlutfallslega áhættulíkan Cox til að meta skoruð gögn (*censored data*) í ástandsgreiningu. Mögulegt er að nota spábreytur til að spá fyrir um áhættu og meta þannig sameiginleg áhrif þeirra í líkaninu. Áhættan er metin sem líkur á að atburður eigi sér stað eins og árekstur eða endurtekinn ölvunarakstur. Jafna (1) gefur líkan fyrir áhættu þar sem X_1 ... X_k eru spábreyturnar og $H_0(t)$ er grunnáhætta á tíma t eða áhætta einstaklings með 0 á öllum gildum spábreytanna (Flemming og Harrington, 1991; Kleinbaum, 1996).

$$H(t) = H_0(t) * \exp[b_1X_1 + b_2X_2 + b_3X_3 + ... + b_kX_k] \qquad (1)$$

Áhættuhlutfallið (*hazard ratio*) í jöfnu (2) fæst með því að deila grunn-áhættu, $H_0(t)$, báðum megin við jafnaðarmerkið í jöfnu 1 og taka lógariþma.

$$\ln\left[\frac{H(t)}{H_0(t)}\right] = b_1X_1 + b_2X_2 + b_3X_3 + \ldots + b_kX_k \qquad (2)$$

Hægt er að túlka stikana b_1 ... b_k á svipaðan hátt og stikamatið sem fæst úr marghliða tvíundargreiningu (*multiple logistic regression*).

Rannsóknarsnið: Breytan sem mælir hvort ökumaður hafi verið tekinn fyrir ölvun í annað sinn tekur tvö gildi: Fyrir ökumann sem hefur verið tekinn fyrir ölvun í annað sinn tekur breytan gildið 1 annars 0.

Tími er mældur þannig að fyrir hvern ökumann er lokatími rannsóknarinnar apríl 2002, nema fyrir þá sem teknir höfðu verið í annað sinn fyrir ölvunarakstur. Fyrir þá er lokatími rannsóknarinnar sá mánuður sem þeir voru teknir í annað sinn. Tími er mismunur í mánuðum frá fyrsta broti að lokatíma sem er annars vegar apríl 2002 eða tími við annað brot.

Laugardagur og sunnudagur teljast til helgi en aðrir dagar virkir dagar. Virkir dagar fá gildið 1 en helgar 0. Karlar fá gildið 1 en konur 0. Aldur er mældur í árum og áfengismagn í blóði er mælt í prómillum.

Niðurstöður

Rúmlega 27% ökumanna voru tekin aftur fyrir ölvunarakstur á tímabilinu frá janúar 1989 til mars 2002, tæplega 30% karla og rúmlega 18% kvenna. Á mynd 1 má sjá að flestir ökumenn sem teknir voru fyrir ölvunarakstur voru á aldrinum 17 til 21 árs.



Mynd 1. Dreifing aldurs við fyrsta ölvunarakstursbrot

Á mynd 2 sést að flestir sem teknir voru fyrir ölvunarakstur voru teknir um helgar. Um tveir þriðju hlutar ökumanna voru teknir um helgi og ekki var munur á körlum og konum.



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem voru teknir fyrir ölvunarakstur í fyrsta skipti eftir kyni og vikudögum

Eins og sést á mynd 3 mældust flestir sem teknir voru fyrir ölvunarakstur í fyrsta skipti með 0,50 til 1,50 prómill af áfengi í blóði. Svipuð hlutföll karla og kvenna voru í hverjum prómillflokki.

Rétt rúmlega tíundi hver ökumaður mældist með minna en 0,5 prómill af áfengi í blóði. Meðal áfengismagn þeirra var rúm 0,35 prómill og var um fjórðungur þeirra tekinn aftur síðar með rúmlega þrefalt hærra áfengismagn í blóði að meðaltali eða 1,06 prómill.



Mynd 3. Hlutfall þeirra sem voru teknir fyrir ölvunarakstur í fyrsta skipti eftir kyni og áfengismagni í blóði

Eins og tafla 1 sýnir mældust karlar með hærra áfengismagn í blóði en konur ($F(1, 5297) = 7{,}35$; $p < 0{,}01$) og þeir ökumenn sem teknir voru um helgar mældust með hærra áfengismagn í blóði en þeir sem teknir voru á virkum degi ($F(1, 5297) = 10{,}52$; $p < 0{,}01$).

Tafla 1. Meðaltal og staðalfrávik áfengismagns í blóði eftir kyni og hvort viðkomandi var tekinn á virkum degi eða um helgi.

	Virkur dagur		Helgi		Öll vikan	
	M (Sf)	N (%)	M (Sf)	N (%)	M (Sf)	N (%)
Karlar	1,12 (0,60)	1093 (77)	1,18 (0,54)	2966 (76)	1,16 0,56	4059 (77)
Konur	1,06 (0,56)	326 (23)	1,13 (0,51)	916 (24)	1,11 0,52	1242 (23)
Samtals	1,11 (0,59)	1419 (100)	1,16 (0,54)	3882 (100)	1,15 0,55	5301 (100)

Mynd 4 sýnir áhættu fyrir bæði kynin út frá hættunni á að verða tekin(n) aftur fyrir ölvunarakstur. Þar sést að mesta hættan á að verða tekin(n) aftur eru fyrstu mánuðina eftir ölvunarakstursbrot. Áhættan minnkar um helming á fyrstu sex mánuðunum, fyrir karla úr 1,5% í 0,8% en fyrir konur úr 1% í 0,4%.



Mynd 4. Hættan á að vera tekin(n) aftur fyrir ölvunarakstur eftir kyni

Eins og sést í töflu 2 er áhættuhlutfall kyns 1,67. Það þýðir að karlar eru í 1,67 sinnum eða í 67% meiri hættu en konur á að verða teknir aftur fyrir ölvunarakstur að teknu tilliti til aldurs, hvenær vikunnar fólk er tekið og áfengismagns í blóði. Þannig má túlka áhættuhlutfallið á svipaðan hátt og hlutfallslíkur (*odds ratio*). Aldur hefur neikvæð áhrif á áhættu að vera tekin(n) fyrir ölvunarakstur í annað sinni. Því eldra sem fólk er þegar það er tekið fyrir ölvunarakstur í fyrsta sinn í því minni hættu er það að verða tekið aftur. Hættan á að vera tekin(n) aftur fyrir ölvunarakstur minnkar um 14% (1/0,88) fyrir hvert ár. Þeir sem eru teknir á virkum degi eru í 39% meiri hættu á að verða teknir aftur en þeir sem teknir eru um helgi og því hærra sem áfengismagn er í blóði ökumanns því meiri hætta er á að hann verði tekinn í annað sinn. Við hvert prómill eykst hættan um 22%.

Tafla 2. Vægi rannsóknarþátta á hættu þess að ungir ökumenn verði teknir aftur fyrir ölvunarakstur

	Stikamat b*	Áhættuhlutfall (*hazard ratio*)	95% öryggisbil áhættuhlutfalls
Kyn	0,51	1,67	1,45 - 1,92
Aldur	-0,12	0,88	0,86 - 0,90
Virkur dagur - helgi	0,33	1,39	1,24 - 1,56
Áfengismagn í blóði	0,20	1,22	1,11 - 1,35

* $p < 0{,}001$

Hægt er að nota niðurstöðurnar úr töflu 2 til að bera saman hættu ólíkra einstaklinga á endurteknum ölvunarakstri. Til dæmis er tvítugur karlmaður sem tekinn er á virkum degi með meðal áfengismagn karlmanns í blóði í rúmlega 7,5 sinnum meiri hættu að vera tekinn aftur en þrítug kona sem tekin er um helgi með meðal áfengismagn kvenmanns í blóði. Í eftirfarandi jöfnu má sjá hvernig þessi niðurstaða er fengin en þar er matið fyrir stikana (b_1 ... b_4) fært inn í jöfnu (2) og mismunandi gildi færð inn fyrir breyturnar (X_1 ... X_4) eftir einstaklingunum.

$$\mathrm{Exp}[0{,}51*(1-0) - 0{,}12*(20-30) + 0{,}33*(1-0) + 0{,}20*(1{,}12-1{,}13)] = 7{,}68$$

Umræða

Rúmlega fjórðungur ungra ökumanna í safninu var tekinn aftur fyrir ölvunarakstur. Þetta er lægra hlutfall en almennt er skýrt frá um íslenska afbrotamenn (Baumer, Wright, Kristinsdóttir og Gunnlaugsson, 2002; Ómar H. Kristmundsson, 1985; Peersen, Sigurðsson, Guðjónsson og Grétarsson, 2004). Helsta ástæða þess kann að vera að ungir ökumenn sem hafa verið teknir fyrir ölvunarakstur eiga hugsanlega styttri afbrotaferil að baki, eiga síður við vímuefnavandamál að stríða og sennilega færri andfélagsleg persónuleikaeinkenni en afbrotamenn almennt.

Ungir karlar eru í meiri hættu en ungar konur til að verða teknir aftur fyrir ölvunarakstur. Það er í samræmi við niðurstöður Hauks Freys Gylfasonar o.fl. (2004) og Gerðar Bjargar Hafsteinsdóttur (2004) að næstum tvöfalt fleiri ungir karlar segjast hafa ekið oftar drukknir en ungar konur. Haukur Freyr Gylfason o.fl. benda hins vegar á að rúmlega þrisvar sinnum fleiri karlar en konur segjast hafa verið teknir fyrir ölvunarakstur og munurinn á líkum karla og kvenna því ef til vill ofmetinn.

Því yngri sem ökumenn eru þegar þeir eru teknir fyrir ölvunarakstur í fyrsta sinn því meiri hætta er á að þeir verði teknir aftur. Lapham o.fl. (2000) komust að svipaðri niðurstöðu fyrir karla en ekki konur. Mikilvægt væri því að skoða sitt hvort spálíkanið fyrir karla og konur ef mismunandi þættir spá fyrir um endurtekinn ölvunarakstur kynjanna. Einnig þyrfti að bera saman yngri ökumenn við hóp eldri ökumanna því hugsanlega gera þeir yngri sér síður grein fyrir afleiðingum ölvunaraksturs og eru því líklegri til að verða teknir aftur fyrir ölvun við akstur.

Því hærra áfengismagn sem er í blóði ökumanns því meiri hætta er á að hann verði tekinn aftur fyrir ölvunarakstur. Það er í nokkru samræmi við niðurstöður Christophersens o.fl. (1996) og Marowitz (1998) en ekki niðurstöður Yus og Willifords (1995) sem fylgdu ökumönnum eftir í tvö ár. Niðurstöður rannsóknar Skurtveits, Christophersens, Beylich, Bjørneboes og Mørlands (1998) benda hins vegar til að skoða þurfi lengra tímabil en tvö ár til að greina mun á hættu ökumanna á að vera teknir aftur fyrir ölvunarakstur með meira eða minna áfengismagn í blóði.

Þrátt fyrir að flestir ökumenn séu teknir fyrir ölvunarakstur um helgar (Ligon o.fl., 1996; Marques o.fl., 1999) eru þeir ökumenn sem teknir eru á virkum dögum í meiri hættu á að verða teknir aftur. Dagur vikunnar virðist skipta meira máli fyrir endurtekinn ölvunarakstur en áfengismagn í blóði.

Langflestir mælast með minna áfengismagn í blóði en 2,0 prómill. Sú aukning sem felst í fráviki á áfengismagni í blóði ökumanns í 2,0 prómill eykur hættuna á að verða tekinn fyrir endurtekinn ölvunarakstur minna en að verða tekinn á virkum degi í stað helgar. Hugsanlegt er að þeir sem teknir eru virka daga hafi frekar mist stjórn á áfengisneyslu sinni en slíkt þyrfti að kanna betur.

Mesta hættan á að verða tekin(n) aftur fyrir ölvunarakstur er fyrstu sex mánuðina eftir að hafa verið tekinn í fyrsta sinn. Því er mikilvægt að bregðast strax við eftir fyrsta afbrot ef markmiðið eru markvissar forvarnir. Erlendar rannsóknir sýna að það sem gefur best gegn endurteknum ölvunarakstri er bæði svipting ökuleyfis og sérhæfð áfengismeðferð (DeYoung, 1997; Kunitz o.fl., 2002).

Helstu kostir rannsóknarinnar eru að unnið var með gögn sem spanna langt tímabil um þá sem eru teknir fyrir ölvunarakstur af lögreglu. Hafa ber í huga að gögnin veita ekki tæmandi upplýsingar um alla þá sem aka ölvaðir aðeins þá sem eru teknir. Það takmarkar réttmæti þess að spá almennt fyrir um endurtekinn ölvunarakstur. Einnig eru aðeins skoðaðar fjórar spábreytur, eða þær sem liggja fyrir í kæruskrá lögreglu en mun fleiri væri hægt að skoða eins og til dæmis persónueiginleikaeinkenni ökumanna, búsetu þeirra, félagslega stöðu og menntun.

Heimildir

Baumer, E. P., Wright, R., Kristinsdóttir, K., og Gunnlaugsson, H. (2002). Crime, shame, and recidivism. The case of Iceland. *British Journal of Criminology*, *42*, 40-59.

Blackburn, R. (1993). *The psychology of criminal conduct. Theory, research and practice.* Chichester, UK: John Wiley and Sons.

Christophersen, A. S., Beylich, K. M., Bjorneboe, A., Skurtveit, S. og Morland, J. (1996). Recidivism among drunken and drugged drivers in Norway. *Alcohol and Alcoholism*, *31*, 609-611.

DeYoung, D. J. (1997). An evaluation of the effectiveness of alcohol treatment, driver license actions and jail terms in reducing drunk driving recidivism in California. *Addiction*, *92*, 989-997.

Flemming, T. R. og Harrington, D. P. (1991). *Counting processes and survival analysis.* New York: John Wiley & Sons.

Gerður Björk Hafsteinsdóttir (2004). *Rannsókn á áfengisneyslu, ofbeldishegðun og persónuleikaeinkennum.* Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Gurnack, A. M. og Werbie, D. L. (1985). Characteristics of youths arrested for drunk driving in two Wisconsin counties 1981-1984. *Psychological Reports*, *57*, 1271-1276.

Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen. (2004). *Ungir ökumenn: Rannsókn á aksturshegðun karla og kvenna*. Reykjavík: Höfundar.

Kleinbaum, D. G. (1996). *Survival Analysis: A self-learning text*. New York: Springer.

Kunitz, S. J., Woodall, W. G., Zhao, H. W., Wheeler, D. R., Lillis, R. og Rogers, E. (2002). Rearrest rates after incarceration for DWI: A comparative study in a southwestern US county. *American Journal of Public Health*, *92*, 1826-1831.

Lapham, S. C., Skipper, B. J., Hunt, W. C. og Chang, I. (2000). Do risk factors for re-arrest differ for female and male drunk-driving offenders? *Alcoholism – Clinical and Experimental Research*, *24*, 1647-1655.

Ligon, J., Thyer, B. A. og Lund, R. (1996). Drinking, eating, and driving: Evaluating the effects of partially removing a Sunday liquor sales ban. *Journal of Alcohol and Drug Education*, *42*, 15-24.

Marowitz, L. A. (1998). Predicting DUI recidivism: Blood alcohol concentration and driver record factors. *Accident Analysis and Prevention*, *30*, 545-554.

Marques, P. R., Voas, R. B., Tippetts, A. S. og Beirness, D. J. (1999). Behavioral monitoring of DUI offenders with the alcohol ignition interlock recorder. *Addiction*, *94*, 1861-1870.

Ómar H. Kristmundsson. (1985). *Ítrekanir*. Reykjavík: Höfundur.

Peersen, M., Sigurðsson, J. F., Guðjónsson, G. H. og Grétarsson S. J. (2004). Predicting re-offending: A 5-year prospective study of Icelandic prison inmates. *Psychology, Crime and Law*, *10*, 197-204.

Pritchard, D. A. (1979). Stable predictors of recidivism: A summary. *Criminology, 17*, 15-21.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa. (2001). *Banaslys í umferðinni 2000*. Reykjavík.: Höfundur.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa. (2002). *Banaslys í umferðinni 2001*. Reykjavík: Höfundur.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa. (2003). *Banaslys í umferðinni 2002*. Reykjavík: Höfundur.

Ríkislögreglustjórinn. (2003). *Afbrotatölfræði 2002*. Reykjavík: Höfundur.

Skurtveit, S., Christophersen, A. S., Beylich, K. M., Bjøneboe, A. og Mørland, J. (1998). Study of rearrests for drunken driving in Norway. *Forensic Science International*, *92*, 21-28.

Umferðarlög nr. 50/1987 með áorðnum breytingum 48/1997.

Yu, J., og Williford, W. R. (1995). Drunk driving recidivism: Predicting factors from arrest context and case disposition. *Journal of Studies on Alcohol*, *56*, 60-66.

Umferðarlagabrot: Skiptir kyn máli?[1]

Rannveig Þórisdóttir
Haukur Freyr Gylfason
Marius Peersen

Samkvæmt Tversky og Kahneman (1974) notar fólk yfirleitt nokkrar almennar leiðsagnarreglur (*heuristics*) þegar það dregur ályktanir. Með leiðsagnarreglum leitast fólk við að fá réttari úrlausn á vandamálum á styttri tíma en þar sem þær eru ófullkomnar er ekki víst að þær virki í öllum tilvikum (Sutherland, 1989). Mikilvægi niðurstaðna Kahnemans og Tverskys liggur í því að benda á að kerfisbundin skekkja getur verið innbyggð í ályktunum fólks sem leiðir til rangrar niðurstöðu þegar leiðsagnarreglum er beitt. Ein slík skekkja, samsvörunarreglan (*representative heuristic*), vísar til þess að atburður er metinn út frá því hversu dæmigerður hann er án þess að tekið sé tillit til grunnlíkinda. Önnur skekkja hefur verið nefnd tiltækiregla (*availability heuristic*) en hún felur í sér að ákvarðanir eru teknar út frá því sem fyrst kemur upp í hugann (Tversky og Kahneman, 1974).

Rannsóknir á samskiptum lögreglu og borgara hafa gefið vísbendingar um að ekki sé tekið tillit til grunnlíkinda þegar lögreglan tekur ákvörðun um afskipti af borgurum heldur séu aðgerðir metnar eftir því hversu dæmigerðar þær eru. Þannig hefur verið bent á að lögregla í Bandaríkjunum sé líklegri til að leita í ökutækjum ungra, þeldökkra karlmanna en annarra. Þetta er meðal annars rakið til baráttunnar gegn fíkniefnum þar sem athyglin hefur aðallega beinst að minnihlutahópum. Það hefur leitt til hugmynda um að meiri líkur væru á að finna fíkniefni eða annað í ökutækjum þeirra (Engel og Calnon, 2004). Gögn lögreglu hafa hins vegar ekki staðfest þetta og benda rannsóknir Codners o.fl. frekar til þess að jafnmiklar líkur séu á að efni finnist við leit í ökutækjum hvítra og svartra ökumanna. Zingraff o.fl. telja jafnvel líkur á að efni finnist frekar við leit í ökutækjum hvítra en svartra (Lundman, 2004). Spurningalistakannanir styðja þetta viðhorf þar sem fleiri af afrískum og spænskum uppruna en hvítir segja að leitað hafi verið í ökutæki þeirra en ekki

[1] Rannsókn þessi var styrkt af Rannum.

eru meiri líkur á að efni eða annað finnist (Lundman, 2004). Að beina sjónum manna með þessum hætti að ákveðnum hópi, þar sem grunnlíkindi eru ekki notuð í ályktunum en þess í stað stuðst við mjög almenn svipmóts-einkenni líkt þegar staðalmyndir (*stereotypes*) eru notaðar til að meta fólk, er dæmi um samsvörunarregluna (Tversky og Kahneman, 1974). En það er ekki bara kynþáttur ökumanns sem eykur líkur á afskiptum lögreglu því rannsóknir hafa einnig bent til þess að ungir ökumenn séu frekar stöðvaðir en gamlir og karlar frekar en konur (Lundman og Kaufman, 2003). Þá eru karlmenn sýnilegri en konur þegar kemur að umferðaróhöppum og konur þar af leiðandi jafnvel taldar öruggari ökumenn (Briem, Ragnarsson og Thórdarson, 2004; Lardelli Claret o.fl., 2003; Åkerstedt og Kecklund, 2001). Þó hefur í sömu rannsóknum verið bent á að konur aki minna en karlar og að hlutfall kynjanna í umferðinni svipi til hlutfalls þeirra í umferðaróhöppum. Þegar tekið er tillit til ekinna kílómetra þá minnkar eða jafnvel hverfur þessi munur á körlum og konum (Li, Baker, Langlois og Kelen, 1998; Lourens, Visser og Jessurun, 1999).

Almenn umræða getur einnig haft áhrif á ákvarðanatöku lögreglu með þeim hætti að lögreglumenn muna frekar eftir þeim hópum sem mikið er talað um. Þannig getur mikil umfjöllun í fjölmiðlum um hlut ungra ökumanna, ekki síst karlmanna, í hraðakstursbrotum látið þann hóp virðast stærri en hann er og á sama tíma minnir umræðan lögregluna á þennan hóp. Það að hópurinn er tiltækur (sífellt verið að minna á hann) þýðir ekki endilega að hann sé stöðugt að brjóta af sér enda byggist umræðan ekki endilega á raunverulegri tíðni eða líkum sem getur leitt til ályktunarskekkju vegna tiltækniregluglu (Tversky og Kahneman, 1974).

Þannig leiddi smá athugun í gagnagrunni Morgunblaðsins á tímabilinu júní 2003 til maí 2004 til að mynda í ljós að aldur ökumanna var oftar nefndur ef þeir voru yngri en 30 ára ef flett var upp orðunum hraðakstur og ölvun við akstur. Í langflestum tilfellum var aldur ekki nefndur. Fjallað var um 600 manns sem teknir höfðu verið fyrir hraðakstur. Minnst var á aldur 8 einstaklinga yngri en 30 ára en aðeins eins eldri en 30 ára. Fjallað var um rúmlega 300 afbrotamenn vegna ölvunar við akstur þar sem tekið var fram að fjórir ölumenn voru yngri en 30 ára en þrír eldri.

Í þessari rannsókn er annars vegar skoðað hvort konur séu líklegri til að komast upp með umferðarlagabrot en karlar og hins vegar hvort hlutur kvenna í umferðarlagabrotum sé vanmetinn í opinberri tölfræði.

Aðferð

Rannsókn þessi byggist á tveimur tegundum gagna. Í fyrsta lagi er um að ræða mælingar á aksturshraða karla og kvenna í og í grennd við höfuðborgina. Mælingar fóru fram í september 2003 í samstarfi við umferðardeild ríkislögreglustjóra sem lagði til ökutæki og starfsmann sem sá um mælingar á hraða. Rannsakendur sáu um að skrá niður ökuhraða og kyn ökumanns. Safnað var niðurstöðum úr 2.061 mælingu víðs vegar um borgina, m.a. á Bústaðavegi, Sæbraut, Langarima og Kaplaskjólsvegi en einnig fóru mælingar fram á Reykjanesbraut, Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi. Það náðist að greina kyn 2.036 ökumanna, af þeim voru 1.383 (67,9%) karlar en 653 (32,1%) konur. Ekki voru höfð afskipti af ökumönnum við mælingar. Aðstæður voru mjög svipaðar alla þá daga sem mælingar fóru fram, þurrt og sól eða léttskýjað. Leitast var við að mæla hraða á tímabilinu frá 10 til 12 og frá 13 til 15 og forðast þannig þann tíma sem umferðin er þyngst.

Í öðru lagi er um að ræða gögn sem safnað var með spurningalista meðal nemenda í framhaldsskólum. Alls svöruðu 1.010 nemendur fæddir 1984 til 1986 úr 12 framhaldsskólum af landinu öllu sem valdir voru af handahófi. Meðalaldur þátttakenda var 18,43 ár (sf = 0,81 ár); stúlkna 18,43 (sf = 0,83 ár) og stráka 18,42 ár (sf = 0,79 ár). Stúlkur voru 53,6% aðspurðra og endurspeglar þetta vel kynjaskiptingu í framhaldsskólum þar sem hlutfall þeirra var 52,9% haustið 2003 (Hagstofa Íslands, 2004).

Mælitæki: Í spurningalistanum voru 30 spurningar varðandi reynslu af akstri, svo sem hversu miklum tíma þátttakendur verðu í umferðinni á virkum dögum og um helgar, hvort þeir hefðu ekið ölvaðir eða gegn rauðu ljósi, lent í óhappi, keyrt of hratt og hvort lögreglu hefði haft afskipti af þeim vegna umferðarlagabrota.

Unnið var með fimm spurningar úr spurningalistanum fyrir utan kyn og aldur í þetta skipti. Tvær spurningar sneru að ölvunarakstri: „Hversu oft hefur þú ekið drukkin(n)?“ og „Hversu oft hefur þú verið tekin(n) af lögreglu fyrir ölvunarakstur?“ Í tveimur spurningum var kannaður akstur á móti rauðu ljósi: „Hversu oft hefur þú ekið á móti (yfir á) rauðu ljósi?“ og „Hversu oft hefur þú verið tekin(n) af lögreglu fyrir að aka á móti (yfir á) rauðu ljósi?“ Ein spurning var um hraðakstur en þar var spurt: „Hversu oft hefur þú verið tekin(n) fyrir of hraðan akstur?“ Svarmöguleikar voru þeir

sömu í öllum spurningum á sjö punkta mælistiku frá „aldrei“ til „oftar en 5 sinnum“.

Framkvæmd: Skólastjórnendum var sent bréf þar sem óskað var eftir því að nemendur skólans fengju að svara spurningalistanum. Spurningalistinn var lagður fyrir í tíma hjá þeim nemendum sem mættir voru í skólann þann dag. Skólastjórnendur ákváðu fyrir hvaða bekki listinn yrði lagður en í flestum tilvikum var hann lagður fyrir í umsjónartíma þannig að nemendur úr öllum aldurshópum svöruðu spurningunum. Umsjónarmenn rannsóknarinnar sáu um fyrirlögn ásamt aðstoðarmönnum en í nokkrum skólum lögðu kennarar spurningalistana fyrir með hliðsjón af fyrirmælum þeirra sem að rannsókninni stóðu. Nemendur höfðu val um að taka þátt í rannsókninni.

Niðurstöður

Greinileg tengsl eru á milli aldurs og kyns og tíðni ölvunaraksturs. Eins og sjá má á mynd 1 hafa karla í öllum aldursflokkum ekið oftar drukknir en konur. Tíðnin eykst með aldri, svipað hjá báðum kynjunum. Það vekur athygli að rúmlega helmingur karla fæddur 1984, hefur ekið drukkinn og þriðjungur kvenna. Mun færri hafa verið teknir af lögreglu fyrir ölvunarakstur, þó fleiri karlar en konur. Í tveimur efri aldurshópunum segjast að meðaltali rúmlega 82% fleiri karlar en konur hafa ekið drukknir en að meðaltali rúmlega 260% fleiri karlar en konur segjast hafa verið teknir af lögreglu fyrir ölvunarakstur.



Mynd 1. Hlutfall karla og kvenna eftir fæðingarári sem segjast hafa ekið drukkin og hlutfall þeirra sem segjast hafa verið tekin af lögreglu fyrir ölvunarakstur

Þegar akstur á móti rauðu ljósi er skoðaður kemur greinilegur kynjamunur í ljós. Á mynd 2 má sjá að karlar hafa í öllum aldursflokkum ekið oftar á móti rauðu ljósi en konur. Ekki er hægt að fullyrða að tíðnin aukist með aldri. Rúmlega 85% karla fædd 1984 hafa ekið á móti rauðu ljósi og um tveir þriðju kvenna. Mun færri hafa verið teknir af lögreglu fyrir akstur á móti rauðu ljósi, þó fleiri karlar en konur. Þegar tveir efri aldurshóparnir eru teknir saman þá segjast að meðaltali um 22% fleiri karlar en konur hafa ekið á móti rauðu ljósi, en að meðaltali rúmlega 66% fleiri karlar en konur segjast hafa verið teknir af lögreglu fyrir akstur á móti rauðu ljósi.

Þegar hraðakstur í almennri umferð, á mynd 3, er skoðaður er greinilegt að hlutfallslega fleiri konur keyra 10 til 15 km/klst. yfir hámarkshraða en karlar. Á mynd 3 má einnig sjá að fleiri karlar hafa í öllum aldurshópum verið teknir fyrir hraðakstur en konur í öllum aldursflokkum. Rúmlega helmingur karla fæddur 1984 hefur verið tekinn fyrir hraðakstur á móti fjórðungi kvenna. Í tveimur efri aldurshópunum segjast rúmlega tvöfalt fleiri karlar en konur hafa verið teknir af lögreglu fyrir hraðakstur.



Mynd 2. Hlutfall karla og kvenna í fæðingarári sem segjast hafa ekið á móti rauðu ljósi og hlutfall þeirra sem segjast hafa verið tekin af lögreglu fyrir að hafa ekið á móti rauðu ljósi



Mynd 3. Hlutfall karla og kvenna eftir almennri umferð sem aka yfir hámarkshraða og hlutfall þeirra eftir fæðingarári sem segjast hafa verið tekin af lögreglu fyrir hraðakstur



Mynd 4. Hlutfall karla og kvenna í almennri umferð og í gögnum lögreglu sem aka yfir hámarkshraða

Á mynd 4 sést að hlutur kvenna í hraðakstri er lægri í gögnum lögreglu (Ríkislögreglustjórinn, 2004) miðað við gögn úr almennri umferð. Um og yfir 50% fleiri konur ættu að vera teknar fyrir að aka 10 til 15 km/klst. yfir hámarkshraða svo að samræmi sé á milli gagnanna. Tveir þriðju hlutar ökumanna sem keyra yfir hámarkshraða eru karlar en karlar eru líka tveir þriðju hlutar ökumanna (Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir, Marius Peersen, 2004).

Umræða

Þegar umferðarlagabrot ungmenna eru skoðuð kemur berlega í ljós að karlar eru mun líklegri en konur til að aka ölvaðir og gegn rauðu ljósi. Að sama skapi eru karlar líklegri en konur til að segja að lögregla hafi haft afskipti af þeim vegna umferðarlagabrota og eru líkurnar meiri en sem nemur líkum á umferðarlagabroti. Með öðrum orðum eru karlar sem aka til að mynda ölvaðir líklegri til að vera teknir en konur. Líklega skýra margir þættir þennan mun en velta má því fyrir sér hvort áhrifa samsvörunarreglunnar gæti í þessu sambandi (Tversky og Kahneman, 1974). Þannig má vera að þar sem

karlar eru líklegri til að aka en konur (Haukur Freyr Gylfason o.fl., 2004) og því fleiri karlar sem aka ölvaðir að þá geri lögreglumenn jafnframt ráð fyrir því að það séu meiri líkur á að karlar undir stýri séu ölvaðir en konur í sömu stöðu. Erlendar rannsóknir hafa til að mynda gefið vísbendingar um að notkun atferlisgreiningar á brotamönnum (*profiling*) við umferðar- og fíkniefnaeftirlit í Bandaríkjunum (Engel og Calnon, 2004) hafi leitt til þess að sjónum manna hafi verið beintt að þeldökkum einstaklingum. Það hefur síðan orðið til þess að fleiri þeldökkir en hvítir ökumenn eru stöðvaðir (Lundman, 2004) þó svo ekki séu endilega meiri líkur á að efni eða annað finnist við leit (Lundman, 2004; Schafer, Carter og Katz-Bannister, 2004). Það að sjónum manna sé beint með þessum hætti að einum ákveðnum hópi, þar sem grunnlíkindi eru ekki notuð í ályktunum heldur stuðst við mjög almenn svipmótseinkenni, er líkt því þegar staðalmyndir (*stereotypes*) eru notaðar til að meta fólk og getur því verið villandi (Tversky og Kahneman, 1974).

Þetta er ekki síst athyglisvert í ljósi þess að rannsóknir hafa bent til þess að konur aka minna en karlar og að hlutfall kynjanna í umferðinni svipi til hlutfalls þeirra í umferðaróhöppum. Þegar tekið er tillit til ekinna kílómetra þá minnkar eða jafnvel hverfur þessi munur á körlum og konum (Li, Baker, Langlois og Kelen, 1998; Lourens, Visser og Jessurun, 1999). Grunnlíkindin eru því vel þekkt en ekki ráðandi í almennri umræðu um kynjamun. Það að niðurstöður bendi til þess að hlutur kvenna í hraðakstursbrotum sé vanmetinn í gögnum lögreglu gæti að hluta til skýrt þetta þar sem almenn umræða byggist að miklu leyti á gögnum frá lögreglu.

Heimildir

Briem, V., Ragnarsson, Á., Thórdarson, K. (2004). *Young drivers' accident patterns*. Sótt 5. ágúst 2004 af http://www.psychology.lu.se/enheter/cit/Projects/Young%20Drivers/YoungDr.HTM

Engel, R., S. og Calnon, J., M. (2004). Examining the influence of drivers´ characteristics during traffic stops with police: Results from a national survey. *Justice Quarterly*, *21*(1), 49-90.

Hagstofa Íslands. (2004). *Nemendur í framhaldsskólum og háskólum haustið 2003; Skráðir nemendur eftir námi og framvindu þess um miðjan október 2003*. Sótt 06.02.2004 af

http://www.hagstofa.is/template_db_frameset.asp?PageID=1203&ifrmsrc=/uploads/files/frsk_hsk03.pdf&Redirect=False

Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen. (2004). *Ungir ökumenn: Rannsókn á aksturshegðun karla og kvenna*. Reykjavík: Höfundar.

Lardelli Claret, P., del Castillo, J. D. L., Moleón, J. J. J., Cavanillas, A. B., Martín, M. G. og Vargas, R., G. (2003). Age and sex differences in the risk of causing vehicle collision in Spain, 1990 to 1999. *Accident Analysis and Prevention*, *35*, 261-272.

Li, G. H., Baker, S. P., Langlois, J. A. og Kelen, G. D. (1998). Are female drivers safer? An application of the decomposition method. *Epidemiology*, *9*, 379-384.

Lourens, P. F., Visser, J. A. M. M. og Jessurun, M. (1999). Annual mileage, driving violations, and accident involvement in relation to drivers' sex, age, and level of education. *Accident Analysis and Prevention*, *31*, 593-597.

Lundman, R., J. (2004). Driver race, enhnicity and gender and citizen reports of vehicle searches by police and vehicle searchy hits: Toward a triangulated scholarly understanding. *Journal of Criminal Law and Criminology*, *94*(2), 309-349.

Lundman, R., J. og Kaufman, R., L. (2003). Driving while black: Effects of race, ethnicity, and gender on citizen self-reports of traffic stops and police actions. *Criminology*, (1)*41*, 195-220.

Ríkislögreglustjórinn (2004). *Tölfræðiskýrsla 2003*. Reykjavík: Höfundur.

Sutherland, S. (1989). The international dictionary of psychology. New York: The Macmillan Press.

Tversky, A. og Kahneman, D. (1974). Judgment under uncertainty: Heuristics and biases. *Science*, *185*, 1124-1131.

Schafer, J. A., Carter, D. L. og Katz-Bannister, A. (2004). Studying traffic stop encounters. *Journal of Criminal Justice*, *32*, 159-170.

Åkerstedt, T. og Kecklund, G. (2001). Age, gender and early morning highway accidents. *Journal of Sleep Research*, *10*, 105-110.

Fjölmiðlalög – góð eða vond löggjöf?

Birgir Guðmundsson
Ingibjörg Elíasdóttir

Þann 28. apríl 2004 lagði ríkisstjórn Íslands fram á Alþingi frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum. Frumvarp þetta olli strax miklu fjaðrafoki og deilum. Það sem einna helst var gagnrýnt var að frumvarpið hefði verið unnið í flýti og málsmeðferðin í heild verið óvönduð. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi þann 24. maí en þann 2. júní synjaði forseti Íslands lögunum staðfestingar. Málinu lauk svo þann 22. júlí 2004 þegar á Alþingi voru samþykkt lög er felldu fjölmiðlalögin umdeildu úr gildi. Vegna alls þessa vaknaði sú spurning hvort nægilega hafi verið vandað til lagasetningarinnar og er það ætlunin með þessari grein að reyna að varpa nokkru ljósi á það. Málsmeðferðin verður greind og hið íslenska lagasetningarferli verður borið saman við undirbúning löggjafar um eignarhald á fjölmiðlum í Noregi. Mjög athyglisvert væri einnig að bera þetta saman við löggjöf á Ítalíu um sama efni, en ekki gefst svigrúm til þess hér.[1] Fyrst verður þó velt upp hugmyndum um það hvernig lög þurfi að vera til þess að geta talist góð og vönduð.

Skúli Magnússon (2003) hefur haldið því fram að það sé ekki hægt að svara spurningunni: Hvað eru lög? með skoðanakönnun. Það sé alls ekki hægt að fallast á að einhverjar reglur séu lög eingöngu af því að flestir segi

---

1 Evrópuráðið sendi ítölskum stjórnvöldum sérstaka áskorun í júní sl. vegna lagasetningar þar í landi sem ekki er talin taka á þeim vandamálum sem eru talin vera á ítölskum fjölmiðlamarkaði. Mikil samþjöppun efnahagslegs og pólitísks valds á fjölmiðlamarkaði í höndum Silvios Berlusconis forsætisráðherra er talin óæskileg og löggjöf, hins svokölluðu Gasparrilög og Frattini-frumvarp, eru ekki talin fullnægjandi. Þessi lög miðast við að leysa spurninguna um fjölbreytni með hinni nýju stafrænu tækni sem mun færast í vöxt á næstu árum, en þau hreyfa nánast ekkert við þeirri stöðu sem þegar er uppi. Vandinn, að dómi skýrsluhöfundarins Paschal Mooneys, felst í því að í krafti þingmeirihluta hafa verið keyrð í gegn lög sem ekki eyða efasemdum um að almannahagsmunir ráði ferðinni varðandi starfsumhverfi fjölmiðla. Vísar hann þar m.a. til breyttrar pólitískrar menningar í kjölfar breytinga á kosningakerfi á Ítalíu árið 1993 þar sem meirihlutaræði er styrkt. Þessi breyting er einnig rædd hjá Gallagher o.fl. (2001.)

það. Hins vegar má spyrja hvort lög geti verið góð lög án þess að meiri hluta manna finnist þau réttlát eða sanngjörn. Getur verið eðlilegt, jafnvel nauðsynlegt, að almenn samstaða sé um efni laga til þess að hægt sé að tala um þau sem góð lög? Getur löggjafinn þá tryggt slíkt með einhverjum hætti? Það er tiltölulega auðvelt að setja fram hver eru einkenni laga og benda á nauðsynleg skilyrði sem lög þurfa að uppfylla til þess að teljast vera lög. Hins vegar er öllu vandasamara að setja fram viðmið um hvernig á að tryggja að lög séu góð. Hér verður ekki reynt að svara því afdráttarlaust í eitt skipti fyrir öll hvað séu góð lög heldur er þessum vangaveltum ætlað að draga fram að nauðsynlegt er að horfa bæði til formlegra og efnislegra þátta löggjafar þegar þess er freistað að leggja drög að skilgreiningu á því hvað séu vönduð og góð lög.

Þegar Sigurður Líndal (2002) veltir því fyrir sér hvernig lög skuli vera þá eru niðurstöður hans í stuttu máli eftirfarandi:

1. Lög eiga að vera almenn, þ.e. þau eiga að gilda um alla sem eins stendur á um.
2. Lög eiga að vera framvirk en ekki afturvirk.
3. Lög verður að birta.
4. Lög eiga að vera tiltölulega stöðug, þ.e. þau eiga að vísa veginn, þannig að þegnar ríkisins geti séð fyrir afleiðingar gerða sinna og gert ráðstafanir í samræmi við það.
5. Lög eiga að vera aðgengileg, skýr og afdráttarlaus.
6. Lög eiga að vera án mótsagna.
7. Lög eiga að vera þannig orðuð að hægt sé að fara eftir þeim.
8. Það verður að vera samræmi milli ákvæða laga og athafna yfirvalda.

Meðal þess sem haldið var fram af þeim sem voru andsnúnir fjölmiðlalögunum var að þau uppfylltu ekki skilyrðið um að vera almenn, þ.e. sagt var að þeim væri beint gegn einu fyrirtæki. Ljóst er að Sigurður Líndal byggir á hugmyndinni um réttarríki[2] þegar hann setur fram ofangreind atriði. En réttarríkishugtakið tekur einungis að takmörkuðu leyti til efnisinnihalds laga. Það fjallar mest um formlegu hliðina og samkvæmt því er sú gagnrýni að fjölmiðlalögunum væri beint gegn einu fyrirtæki í raun aðallega gagnrýni sem beindist að því að ekki væri farið eftir forminu sem réttarríkið gerir kröfu

[2] Réttarríki, e. Rule of law, þ. Rechtsstaat, en réttarríkishugmyndin er ein af undirstöðum íslenskrar stjórnskipunar. Í réttarríki eiga valdhafarnir að fara að lögum og hver sem er getur leitað réttar síns ef þeir beita valdi sínu með ólöglegum hætti. Í réttarríki eru almenn mannréttindi virt og þegnarnir búa við réttaröryggi. (Sigríður Logadóttir, 2003).

um, frekar en það væri gagnrýni á raunverulegt efni laganna. En eins og fram kemur hjá Skúla Magnússyni þá geta lög uppfyllt formskilyrði réttarríkisins en samt verið óréttlát eða siðferðislega röng. Orðrétt segir hann: „Lög sem fullnægja réttarríkinu eru þannig ekki sjálfkrafa góð eða réttlát. Til þess þarf meira til, svo sem að ýmsir mikilvægir hagsmunir þegnanna (mannréttindi) séu tryggðir. Lög sem fullnægja ekki réttarríkinu eru hins vegar örugglega hvorki góð né réttlát, a.m.k. samkvæmt velflestum hugmyndum um siðferði. Réttarríki setur þannig fram nauðsynleg, en ekki nægjanleg, skilyrði fyrir því að að lög teljist fyllilega góð." (Skúli Magússon, 2003, bls 86)

Á grundvelli þess sem að framan er sagt er óhætt að álykta að það séu meiri líkur á því að löggjöf sem hlotið hefur vandaðan undirbúning verði góð lög þegar upp er staðið. Sigurður Líndal talar um að lög eigi að vísa veginn og gilda um alla sem eins stendur á um. Skúli talar um að vönduð löggjöf þurfi að tryggja grundvallarhagsmuni og vera réttlát. Einnig að það skipti máli að lög samræmist hugmyndum sem flestra um gott siðferði, að efnisreglurnar sem lögin kveði á um séu í samræmi við almennar siðferðishugmyndir fólks. Til þess að ná fram þessum þáttum þarf löggjöfin að byggja á yfirsýn og upplýsingum um sjónarmið og hagsmuni þeirra sem málið varðar. Slík yfirsýn fæst með víðtækum undirbúningi, t.d. með því að gefa hagsmunaaðilum kost á því að koma að lagasetningunni, eða a.m.k. að gera grein fyrir sínum viðhorfum. Því má setja fram eftirfarandi drög að skilgreiningu: Til að lög séu vönduð er nauðsynlegt að farið sé eftir þeim formreglum sem um löggjöf gilda, en efni laganna, það sem þau fjalla um, sé jafnframt sett niður með upplýstum hætti, helst þannig að sem flestir sem málið varðar hafi komið að því á einn eða anna hátt og að skoðanir þeirra hafi verið virtar.

Í lögum um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 m. síðari breytingum er kveðið á um það hvernig lagafrumvörp skuli vera úr garði gerð (Sjá aðallega 36. – 43. gr. og 51. gr.). Ferli fjölmiðlafrumvarpsins gegnum þingið var lögum samkvæmt og því ekki óeðlilegt að spyrja hvort með því sé tryggt að um vandaða löggjöf sé að ræða og að lögin verði góð lög.

Rétt er að fara nokkrum orðum um það hvaða reglur gildi skv. Þingskapalögum um ferli frumvarpa hjá nefndum. Það sem skiptir mestu máli hér er 28. gr. laganna, en þar er kveðið á um heimild nefnda til þess að leita skriflegra umsagna frá aðilum utan þingsins. Allsherjarnefnd, sem hafði frumvarpið til fjölmiðlaganna til meðferðar, óskaði eftir skriflegum athugasemdum frá mörgum aðilum utan þings eins og fjallað er nánar um í sérstökum kafla hér á eftir.

Samkvæmt norsku stjórnarskránni er löggjafarvaldið hjá Stórþinginu. Norska þingið starfar í tveimur deildum, Odelstinget og Lagtinget, og þurfa

báðar deildir að fjalla um frumvörp. Þegar báðar deildir, eða ef tveir þriðju hlutar þingmanna í sameinuðu þingi hafa samþykkt frumvarp er það sent til konungsins til staðfestingar. (Sjá nánar gr. 76 – 79. í norsku stjórnarskránni.) Eins og Fleischer (1998) bendir á, er ekki nægjanlegt að lesa ákvæði stjórnarskrárinnar um þinglega meðferð lagafrumvarpa til þess að átta sig á því hvernig löggjafarferlinu í Noregi er háttað. Þannig er venja, sérstaklega þegar um stór og mikilvæg mál er að ræða, að fram fari mikil undirbúningsvinna, einkum og sér í lagi af hálfu þess ráðuneytis sem mál heyrir undir, áður en frumvarp er lagt fram á þinginu. En dæmi um slíka undirbúningsvinnu er einmitt undirbúningur löggjafar um breytingar á lögum um eignarhald á fjölmiðlum sem nú bíður meðferðar hjá norska Stórþinginu og gerð verða skil í sérstökum kafla.

Helstu ákvæði fjölmiðlafrumvarpsins

Ákvæði frumvarpsins snerust um að breyta fjórum grundvallaratriðum varðandi eignarhald á fjölmiðlum:

1. Sá sem ekki hefur fjölmiðarekstur að meginmarkmiði getur ekki fengið útvarpsleyfi.
2. Fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta má ekki eiga meira en 5% í fyriræki sem hefur útvarpsleyfi. Þetta á þó ekki við um markaðsráðandi fyrirtæki með minna en 2ja milljarða ársveltu.
3. Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 35% í viðkomandi fyrirtæki.
4. Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það fyrirtæki eða annað í sömu samstæðu á einhvern hlut í eða er útgefandi að dagblaði.

Frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins og voru þó þrjár þeirra stærstar. Eftir aðra umræðu var bætt inn þeirri undanþágu að ef veltan hjá markaðsráðandi fyrirtæki væri undir 2 milljörðum á ári þá megi þau eiga meira en 5% í ljósvakafjölmiðli. Fyrir þriðju umræðu komu síðan þær breytingar, að þak á almenna eignaraðild í ljósvakafyrirtæki var hækkað úr 25% og upp í 35% og ákvæði til bráðabirgða í lögunum var breytt þannig að nú var útvarpsréttarnefnd heimilt að framlengja útvarpsleyfi sem falla úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Þar með var ljóst að ekki yrði skorið

á þegar útgefin leyfi, sem talin var ein helsta ógnin við ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins.

Með frumvarpinu fylgdi greinargerð um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði en þá greinargerð vann sérstök nefnd sem þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich skipaði í desember 2003. Skýrsla nefndarinnar hefur af flestum verið talin vel unnið plagg og þar er að finna bæði greiningu á stöðunni á fjölmiðlamarkaði hér á landi, yfirlit um reglur og lög í viðmiðunarlöndum okkar og tillögur um hugsanlegar leiðir hér á landi. Nefndin vann greinargerð sína án þess að kalla til samráðs við sig utanaðkomandi aðila, þrátt fyrir að bæði Norðurljós og Blaðamannafélagið, svo einungis séu nefndir þeir aðilar sem opinberlega hafa tjáð sig um það mál, hafi sérstaklega leitað eftir slíku. Erindin frá þessum aðilum bárust nefndinni aldrei, heldur stoppuðu þau í menntamálaráðuneytinu þar til nefndin hafði skilað af sér. (press.is, 2004) Þetta undirstrikar það eðli nefndarinnar að hún var fyrst og fremst fagleg ráðgjafanefnd, en ekki samráðsvettvangur um málið í heild sinni. Enda tók nefndin það skýrt fram að hún liti svo á að það væri pólitísk ákvörðun að ákveða hvaða leiðir yrðu í raun farnar og þá ákvörðun myndi nefndin ekki taka. (Alþingi, þskj. 1525, 2003-2004)

Málsmeðferð á þingi

Alls báðu þingmenn 866 sinnum um orðið í þessari umræðu og haldnar voru 136 þingræður og auk þess komu 723 athugasemdir fram í ræðustóli Alþingis. Alls stóð umræðan í 82 klukkustundir og 8 mínútur og meðallengd hverrar þingræðu var tæplega hálf klukkustund (28,1 mínúta). (Kristjana Benediktsdóttir, nefndasvið Alþingis, munnleg heimild 26/5 2004) Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu atkvæði gegn frumvarpinu en tveir stjórnarliðar treystu sér ekki til að greiða því atkvæði. Það var framsóknarfólkið Kristinn H. Gunnarsson sem greiddi atkvæði gegn frumvarpinu og svo Jónína Bjartmarz sem sat hjá og vildi láta „stjórnarskrána njóta vafans“ eins og hún orðaði það. (Jónína Bjartmarz, 2004)

Mál þróuðust þannig að skýrsla fjölmiðlanefndar menntamálaráðherra og frumvarp forsætisráðherra voru kynnt samtímis í ríkisstjórn, en þá hafði skýrslan verið tilbúin í eina tíu daga, en ekki verið gerð opinber. Málsmeðferðin á Alþingi sætti í framhaldinu verulegri gagnrýni og ekki síst sú krafa allsherjarnefndar að umsagnir um frumvarpið þyrftu að vera komnar til baka til nefndarinnar aðeins 2-3 dögum eftir að þær voru sendar út. Niðurstaðan varð hins vegar sú að umsagnarfresturinn var framlengdur um

nokkra daga. Samkvæmt upplýsingum frá nefndasviði Alþingis er almennt miðað við að umsagnaraðilar hafi tvær til þrjár vikur til þess að skila inn sínum athugasemdum. (Kristjana Benediktsdóttir, nefndasvið Alþingis, munnleg heimild 21/7 2004). Leitað var til fjölmargra aðila til að fá umsögn um frumvarpið og málið í heild sinni og alls eru í skjalasafni skráð 52 formleg erindi til allsherjarnefndar sem tengjast þessu máli. Margt af því eru upplýsingar tæknilegs eðlis eða skýrslur sem ekki geta flokkast sem umsögn um frumvarpið. Sé þessi erinda-listi hins vegar greindur niður má sjá að á honum eru 34 formlegar umsagnir eða erindi, sem beint má tengja frumvarpinu og/eða afstöðu til þess hvernig og hvort þinginu beri að afgreiða það. Gera verður ráð fyrir að erindi hafi verið send þeim sem málið varðar með einhverjum hætti og því ætti að endurspeglast í þeim umsögnum sem gefnar eru nokkuð upplýst viðhorf eða sjónarmið til þess gernings sem verið var að framkvæma. Hér á eftir verður reynt að greina þau sjónarmið sem fram koma í umsögnum til að varpa ljósi á hvernig skoðanir upplýstra aðila úti í samfélaginu voru á frumvarpinu annars vegar og svo hins vegar til að sjá hvort þessar athugasemdir hafi skipt máli við endalega afgreiðslu frumvarpsins.

Umsagnir flokkaðar

Kannaðar voru umsagnirnar 34 um frumvarpið. Í eftirfarandi flokkun eru þessi atriði skoðuð:

1. Hvort fram komi í umsögninni ósk eða tillaga um að afgreiðslu þingsins á málinu verði frestað um tiltekinn tíma.
2. Hvort fram komi í umsögninni efnisleg afstaða til frumvarpsins. Í þessu atriði er einblínt á hvort afstaðan tengist þessu tiltekna frumvarpi, ekki því hvort t.d. viðkomandi telur að einhverjar reglur kunni að eiga rétt á sér. Í þessum hópi eru umsagnaraðilar sem ekki vilja gefa umsögn af ýmsum tæknilegum ástæðum.
3. Þá er skoðað sérstaklega hvort umsagnaraðilar hafi gert athugasemdir við þau tímamörk sem þeir höfðu til að skila inn umsögnum sínum.
4. Þá var það kannað hvort í umsögnunum kæmi fram að menn væru hlynntir einhvers konar reglum – almennt og óháð þessu frumvarpi - sem tryggðu fjölbreytni fjölmiðla eða hvort þeir teldu að engar slíkar reglur þyrfti.

5. Áhersla umsagnaraðila á að ná þurfi samstöðu um þetta mál og eðlilegt sé að verja til þess meiri umræðu var einnig könnuð.
6. Loks var það kannað hvort í umsögnunum kæmi fram tilvísun til þess að samhliða þessum lögum eða í tengslum við þau yrði að gera eitthvað í málefnum RÚV.

1. Frestun:

Nokkur meirihluti þeirra sem gáfu umsögn um frumvarpið tók sérstaklega fram að eðlilegt væri að fresta málinu til þess að unnt væri að ná fram betra frumvarpi og fyllri umræðu af einhverju tagi.



Mynd 1. Þeir sem vilja fresta málinu

Tæplega 56% umsagnanna gera slíka frestun að umtalsefni og hlýtur það að skoðast sem lágmarkstala, því hugsanlegt er að einhverjir hafi ekki talið eðlilegt að geta sérstaklega um slíka frestunarhugmynd í umsögn sinni. Það virðast því hafa komið fram nokkuð skýr skilaboð til allsherjarnefndar um að frestun málsins hafi verið æskileg eins og sjá má á mynd 1.

2. Afstaða til frumvarpsins:

Einhvers konar efnisleg afstaða kom fram í tæplega þremur af hverjum fjórum umsögnum. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra var andvígur frumvarpinu eða 92%. Þar af voru um 60% mjög andvíg frumvarpinu. Einungis tvær umsagnir voru jákvæðar, sem svarar til um 8% þeirra umsagna þar sem afstaða kom fram. Sé hins vegar heildin skoðuð eins og hún birtist í mynd 2, einnig þær umsagnir þar sem engin afstaða kom fram, þá kom fram „mjög neikvæð" afstaða í um 44% umsagnanna og „neikvæð" umsögn í rúmlega 23% þeirra.



Mynd 2. Efnisleg afstaða til frumvarpsins

Jákvæðu umsagnirnar tvær svara til tæplega 3% hvor en umsagnir þar sem engin afstaða kom fram í nema um 26,5% af heildinni. Rétt er að undirstrika að það kann að vera matsatriði í hvorn flokkinn rétt er að flokka umsagnirnar, þ.e. hvort þær eigi t.d. að falla í flokkinn „mjög neikvæð" eða flokkinn „neikvæð". Hins vegar er samræmi í flokkuninni innbyrðis enda er það sami flokkunarmaður sem flokkaði allar umsagnirnar.

3. Tímafresturinn til umsagnar:

Mjög áberandi var í umsögnum að aðilar nefndu sérstaklega hve skammur tími var gefinn til umsagnar. Þó nokkrir töldu sig einfaldlega ekki geta gefið umsögn sem stæði undir nafni á svo skömmum tíma. Samtals kom gagnrýni á tímaskort fram í rúmlega 61% þeirra umsagna sem til skoðunar eru eins og sést á mynd 3.



Mynd 3. Gagnrýni á tímaskort

4. Vilji til að setja einhverjar reglur:

Ljóst er að neikvæð afstaða til þessa tiltekna frumvarps felur ekki í sér andstöðu við að setja einhverjar reglur um fjölmiðla og umhverfi þeirra. Þannig kemur það fram hjá 47% umsagnaraðila að fyrrabragði að þeir telja einhvers konar reglur um fjölmiðla skynsamlegar. Einungis einn, eða 3% af heildinni, telur engar reglur nauðsynlegar. Einungis kemur fram skoðun hvað þetta varðar í helmingi umsagnanna, en hinir nefna þetta mál ekkert eins og fram kemur á mynd 4.



Mynd 4. Vilja einhverjar reglur um fjölmiðla

5. Mikilvægi samstöðu:

Það er fróðlegt að skoða áherslur umsagnaraðila á nauðsyn þess að þessi málaflokkur sé ræddur og að um hann náist samstaða. Þetta er einmitt eitt þeirra atriða sem Ólafur Ragnar Grímsson lagði áherslu á þegar hann synjaði lögunum staðfestingar þann 2. júní. (Ólafur Ragnar Grímsson, 2004) Þegar þær umsagnir eru taldar saman sem nefna þetta sérstaklega kemur í ljós að tæp 30% telja ástæðu til að taka þetta fram sérstaklega eins og kemur fram á mynd 5.



Mynd 5. Mikilvægi þess að ná samstöðu

6. Að hafa RÚV með:

Í umræðunni um frumvarpið jafnt sem í umsögnum sem hér eru skoðaðar kom iðulega fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að hreyfa við grundvallarforsendum rekstrar á fjölmiðlamarkaði án þess að staða Ríkisútvarpsins væri jafnframt tekin inn í myndina. Þetta gerði góður fimmtungur umsagnanna að umtalsefni með einhverjum hætti og hér eins og áður er fullkomlega óljóst hverjar skoðanir annarra eru á málinu. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Hlutur RÚV í umsögnum um frumvarpið

Um undirbúning fjölmiðlalaga í Noregi

Í Noregi eru í gildi lög um eignarhald á fjölmiðlum nr. 53 frá 13. júní 1997. Fyrir Stórþinginu liggur hins vegar stjórnarfrumvarp sem lagt var fram af menningar- og kirkjumálaráðuneytinu í byrjun júní s.l. og bíður meðferðar í þinginu í haust. Þrátt fyrir að hið nýja frumvarp sé enn ekki orðið að lögum er ástæða til að bera vinnuferlið saman við það sem gerðist á Alþingi við samþykkt íslenska fjölmiðlafrumvarpsins, þar sem að mörgu leyti er um sambærileg mál að ræða.

Allt frá 2002 hafa verið umfangsmiklar umræður um endurskoðun laganna frá 1997. Ýmsar raddir hafa verið uppi um að framkvæmd laganna byggi á of lausmótuðum reglum sem skilji eftir mikið svigrúm til mats-kenndra ákvarðana. (Alþingi, þskj. 1525, 2003-2004) Þáverandi stjórn Stoltenbergs lagði fram skýrslu til Stórþingsins árið 2002, þar sem settar voru fram hugmyndir um að takmarkanir á eignarhaldinu yrðu rýmkaðar nokkuð. Við stjórnarskiptin þegar ríkisstjórn Bondeviks II tók við, ákvað ráðherra menningarmála að fara í endurskoðun á lögunum frá 1997 og hefur sú endurskoðun leitt til þess að stjórnarfrumvarp bíður nú afgreiðslu í

Stórþinginu. (Det Kongelege Kultur- og Kyrkjedepartment, 2004) Nokkur helstu atriði þess frumvarps eru eftirfarandi:

a) Sett er almennt ákvæði um 40% eingarhlutshámark á tilteknum fjölmiðlamarkaði á landsmælikvarða.
b) Eigi tiltekinn aðili hlut í fyrirtækjum í fleiri en einni tegund fjölmiðlunar, útvarpi, sjónvarpi eða dagblaði, þá skerðist hámarkið þannig að það verður 30% og 20% í hvorri tegund ef viðkomandi á hlut í tveimur tegundum miðla. Eigi hann hins vegar hlut í öllum þremur tegundum miðla, verður hámarkið 20% í hverjum fyrir sig.
c) Reglur um hámarkseign á staðbundnum miðlum (lokal) eru afnumdar en hámarkshlutur á svæðisbundnum dagblöðum settur við 60%. Engar slíkar reglur eiga þó við um ljósvakamiðla á svæðisbundnum markaði.
d) Reglur um lárétt eignarhald á dagblaðamarkaði eru útfærðar þannig að nú eiga þær einnig við um ljósvakamiðla.
(Det Kongelege Kultur- og Kyrkjedepartment, 2004)

Vinnsluferli endurskoðunarinnar á eignarhaldslögunum í Noregi kemur í framhaldi af víðtækum umræðum um málið frá tíð fyrri ríkisstjórnar og má því segja að málið hafi verið á dagskrá í 2-3 ár. Hið formlega ferli hófst hins vegar árið 2003 þegar menningar- og kirkjumálaráðuneytið hóf undirbúning að nýjum frumvarpsdrögum til breytinga á ákvæðum gömlu laganna. Þau frumvarpsdrög og greinargerð með þeim voru síðan tilbúin í ársbyrjun 2004. Þann 9. janúar voru þau send rúmlega 40 aðilum til umsagnar. Umsagnaraðilar eru hvers kyns hagsmunaaðilar, stéttarfélög, útgáfufyrirtæki, aðilar sem stunda fjölmiðlarannsóknir og aðilar vinnumarkaðarins. Efnislegar umsagnir bárust frá 37 aðilum og var umsagnarfresturinn rúmar sex vikur eða til 23. febrúar 2004. Auk frumvarpsdraganna og greinargerðarinnar sem ráðuneytið hafði útbúið, var sérstaklega óskað eftir því að umsögn yrði veitt um 6 tiltekin atriði. (Det Kongelege Kultur- og Kyrkjedepartment, 2004) Þessi atriði voru:

1) Hvort sama regla ætti að gilda um samþjöppun á svæðisbundnum markaði (regional) og á staðbundnum markaði (lokal). Jafnframt hvort í þessum efnum staðbundnar stjórnvarpsstöðvar ættu að hafa einhverja sérstöðu.

2) Hvaða grundvallarreglur ættu að gilda um skiptingu landsins upp í svæði með tilliti til reglna um takmörkun á eignarhaldi.
3) Hvort heimildin til að ákveða svæðaskiptinguna ætti heldur að liggja hjá kónginum eða hjá eftirlitsstofnuninni sjálfri.
4) Hvort norska ríkisútvarpið ætti að reiknast með í skilgreiningu á útvarps- og sjónvarpsmarkaði.
5) Hvort ein og sama regla eigi að gilda á ólíkum fjölmiðla-mörkuðum (sjónvarp, útvarp, dagblöð) eða hvort mismunandi reglur ættu að gilda.
6) Hvaða hugmyndir menn hefðu um útfærslu á reglum fyrir rafræna fjölmiðlun.

Eftir að ráðuneytið hafði fengið umsagnirnar til baka voru frumvarps-drögin endurskoðuð og skýrsla eða greinargerð skrifuð með því frumvarpi sem síðan var samþykkt í ríkisstjórn og lagt fram í þinginu þann 4. júní. Í þeirri greinargerð eru öll helstu efnisatriði frumvarpsins rakin með eftir-farandi hætti:

a) Fyrst er gerð grein fyrir upphaflegum tillögum ráðuneytisins sem sendar voru út til umsagnar.
b) Þá er rakið hverjar voru helstu athugasemdir umsagnaraðila
c) Loks gerir ráðuneytið grein fyrir því með rökstuðningi hvers vegna það ýmist heldur fast við sínar upphaflegu tillögur eða breytir þeim í takt við þær athugasemdir sem komu fram.

Ljóst er af þessari greinargerð að í flestum stórum þáttum fara saman grundvallarsjónarmiðin í tillögum ráðuneytisins og umsagnir meirihluta þeirra sem gerðu efnislegar athugasemdir og var þess yfirleitt getið sérstaklega hvort meiri eða minnihluti álitsgjafa er hlynntur eða mótfallinn þeim tillögum sem voru á ferðinni. Í einstaka liðum fer ráðuneytið þó ekki eftir sjónarmiðum meirihluta umsagnaraðila, eins og t.d. varðandi þak á eignarhlutdeild á svæðisbundnum dagblaðamarkaði. Þar vill ráðuneytið setja hámarkið við 60% en flestir umsagnaraðila töldu hins vegar eðlilegt að sama gilti um þetta og staðbundinn blaðamarkað (lokal) þar sem ekkert hámark er sett. Hins vegar komu fram eindregnar ráðleggingar gegn því að þetta þak eigi við um staðbundið sjónvarp og er ekki gerð tillaga um að 60% reglan eigi við um það.

Í öðrum tilvikum er reynt að koma til móts við gagnrýni með því að taka að hluta til greina það sem umsagnaraðilar hafa bent á eins og t.d. varðandi

samstarfssamninga milli fjölmiðlafyrirtækja. (Det Kongelege Kultur- og Kyrkjedepartment, 2004)

Frumvarpið er nú skráð sem mál sem bíður afgreiðslu hjá allsherjarnefnd Stórþingsins (Familie-, kultur- og administrasjonskomiteen). Ljóst er að allsherjarnefnd mun í kjölfarið meðhöndla þetta mál samkvæmt þingsköpum norska Stórþingsins og gera verður ráð fyrir að sú meðhöndlun fari að minnsta kosti í gegnum þau lágmarksferli sem þar er kveðið á um.

Umræða – lokaorð

Fjölmiðlafrumvarpið íslenska tók ýmsum mildandi breytingum í meðförum Alþingis. Það er hins vegar ástæða til að spyrja hvort þær breytingar hafi gengið nægjanlega langt í ljósi þess hversu alvarlegar og víðtækar athugasemdirnar eru í umsögnunum sem dregnar eru saman hér að framan. Þannig var augljóslega ekki orðið við hugmyndum um frestun málsins. Neikvæð efnisleg afstaða til málsins er víðtæk og ljóst að þeim athugasemdum sem gerðar eru í skriflegu umsögnunum er ekki nema að litlu leyti mætt í endanlegri gerð frumvarpsins. Þeim tímaramma sem upphaflega var settur til að skila umsögnum var hins vegar vissulega hnikað til um einhverja daga til að koma til móts við athugasemdir, og ljóst að einhverjir gátu notfært sér það. Hvort hins vegar hugmyndir og sjónarmið um nauðsyn samstöðu hafi fengið hljómgrunn í málsmeðferðinni má eflaust deila um, en þær breytingar sem framkvæmdar voru áttu vissulega að lægja öldur. Breytingarnar miðuðust við að ná samstöðu í stjórnarflokkunum, en gera verður ráð fyrir að stjórnarþingmenn hafi í þeim efnum að einhverju leyti endurspeglað sjónarmið úti í samfélaginu og sjónarmið sem fram komu í hinum skrifuðu umsögnum. Loks er athyglisvert hve margir virðast telja eðlilegt að setja einhverjar reglur um fjölmiðla, þó þeir leggist gegn þessu tiltekna frumvarpi. Gera verður ráð fyrir að margir hafi talið eðlilegra að heildstæðara frumvarp kæmi fram – og það að fimmtungur umsagna skuli að fyrra bragði nefna RÚV styrkir einmitt þá niðurstöðu.

Í niðurstöðu sinni um hvernig lög skuli vera og vísað er til í inngangi dregur Sigurður Líndal fram atriði sem byggja á hugmyndinni um réttarríki og hina formlegu hlið lagasetningarinnar. Í málsmeðferð fjölmiðla-frumvarpsins á Íslandi skiptu þessi formlegu atriði verulegu máli ekki síst þau er vörðuðu fyrstu tvö atriðin sem Sigurður talar um, þ.e. hvort þau væru almenn og hvort þau væru afturvirk. Önnur formleg atriði sem hann nefnir skiptu minna máli. Svo virðist sem málsmeðferðin á Alþingi hafi að verulegu

leyti miðaðst við að tryggja að þessi formlegu skilyrði væru í lagi, þ.e. að tryggt væri að lögin brytu ekki gegn stjórnarskrá eða alþjóðasamningum. Skoðanir voru mjög skiptar um þetta atriði og veruleg vafamál uppi miðað við sjónarmið sem komu fram í álitum sem skilað var til allsherjarnefndar, t.d. hjá Sigurði Líndal. (Sigurður Líndal, 2004). Það var enda til þessa vafa sem stjórnarþingmaðurinn Jónína Bjartmarz var að vísa þegar hún treysti sér ekki til að styðja málið og vildi láta „stjórnarskrána njóta vafans". Engu að síður sýnir þetta íslenska dæmi að hinar formlegu reglur þjóðþinganna eru verulegur öryggisventill og trygging fyrir réttarríki og lýðræðislegri umfjöllun. Frumvarpið tekur miklum breytingum í þinginu, en þó ekki meira en svo að menn treysta sér ekki til annars en að afturkalla lögin og bíða með málið eftir að ný staða kom upp í kjölfar synjunar forsetans á staðfestingu þeirra. En jafnvel þótt fjölmiðlalögin hafi fullnægt réttarríkinu, sem vissulega var ágreiningur um, þá er þeirri spurningu ósvarað hvort um góða eða vandaða löggjöf hafi verið að ræða. Skúli Magnússon bendir á að réttarríkið setji fram „nauðsynleg, en ekki nægjanleg skilyrði fyrir því að lög teljist fyllilega góð." Í inngangi hér að framan er sú tilgáta sett fram að þá og því aðeins geti lög talist góð eða vönduð lagasetning, að hvoru tveggja komi til, að þau séu unnin í samræmi við kröfur réttarríkisins og að vel sé vandað til undirbúnings þeirra og þess freistað að byggja þau á samfélagslegri yfirsýn og sem víðtækustum upplýsingum um sjónarmið og afleiðingar fyrir þá sem málið varðar.

Í tilfelli íslensku fjölmiðlalaganna, var undirbúningurinn mun minni og þrengri en t.d. í Noregi. (Segja má að hann hafi verið líkari því sem gerðist á Ítalíu varðandi Gasparrilögin.) Á Íslandi (og á Ítalíu) eru menn bundnir af skilyrðum réttarríkisins, en þingskaparreglur geta þó eðli málsins samkvæmt ekki einar og sér tryggt vandaða löggjöf. Þetta á jafnvel enn frekar við í þeim tilfellum þar sem meirihluti á þinginu er tryggur og flokksagi til staðar, enda þá auðveldara að neyta aflsmunar og þörf á málamiðlun ekki eins mikil og þar sem meirihlutinn stendur veikt. Málsmeðferð fjölmiðlafrumvarpsins á Íslandi bar um margt merki hins sterka meirihluta. Hún var hröð, stuttur frestur gefinn til umsagna og lítið tillit var tekið til þeirra athugasemda sem þó komu fram. Það eitt og sér gengur þó ekki gegn hinum formlegu skilyrðum réttarríkisins. Í því ljósi er jafnvel er hægt að færa fyrir því rök að vandað hafi verið til langt umfram skyldu, sbr. fjölda umsagnaraðila sem leitað var til, heildarræðutíma um frumvarpið og fleira sem hefur verið tínt til hér að framan. En í ljósi þess að undirbúningur frumvarpsins hafði ekki farið fram í stórum hópi eða gengið í gegnum einhvers konar umsagnar- eða samráðsferli, má segja að málsmeðferðin hafi hugsanlega uppfyllt nauðsynleg

formleg skilyrði en ekki verið „nægjanleg fyrir því að teljast fyllilega góð." Þetta verður sérstaklega greinilegt í samanburði við vinnubrögðin sem viðhöfð voru í sambærilegu máli í Noregi. Í Noregi er ekki einvörðungu lögð áhersla á að gæta að hinum formlegu reglum réttarríkisins heldur jafnframt leitað eftir sem víðtækustum sjónarmiðum og hugsanlegum afleiðingum strax við samningu frumvarpsins. Því má búast við að eftir að málið hefur fengið þinglega meðferð í Stórþinginu verði niðurstaðan vönduð löggjöf, jafnvel þótt umræður og nefndarstarf tæki einungis mið af þeim lágmarkskröfum sem fram koma í þingsköpum.

Vinnubrögðin og aðferðafræðin við setningu íslensku fjölmiðlalaganna sl. vor og samanburður við það hvernig Norðmenn hafa staðið að málum, (og að nokkru leyti Ítalir líka), draga fram mikilvægi undirbúnings frumvarpsgerðarinnar sjálfrar. Þingleg meðferð máls er vissulega grundvallaratriði fyrir vandaða lagasetningu, en engin trygging. Víðtækur og vandaður efnislegur undirbúningur og upplýst ákvarðanataka við frumvarpssmíðina sjálfa er ekki síður mikilvæg forsenda vandaðra og góðra laga.

Heimildir

Ályktun Evrópuráðsþingsins (2004). *Monopolisation of the electronic media and possible abuse of power in Italy*. Resolution 1387. Sótt 19. júlí 2004 af http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc04/-EDOC10195.htm

Det Kongelege Kultur- og Kyrkjedepartment (2004). *Om lov om endringari lov 13. juni 1997 nr.53 om tilsyn med erverv i dagspresse og kringkastning*. Ot.prp. nr.81 2003-2004. http://odin.dep.no/repub/03-04/otprp/81/

Fleischer, C. A., (1998). *Rettskilder og juridisk metode*. Oslo: Ad Notam Gyldendal.

Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr 53/2000 og samkeppnislögum, nr. 8/1993. Þsk. 1525, 974 mál, Alþingi 130. löggjafarþing 2003-2004.

Gallagher, M., Laver, M. og Mair, P. (2001). *Representative Government in Modern Europe*. McGraw-Hill.

Jónína Bjartmarz, þingræða 24. maí 2004. Bráðabirgðaútgáfa. Sótt 21. júlí 2004 http://www.althingi.is/raeda.php4?raeda=/130/05/r24135859.sgml

Lov nr. 53/1997 *om tilsyn med erhverv i dagspresse og kringkasting*.

Lög nr. 48/2004 *um breytingu á útvarpslögum* nr. 53/2000 *og samkeppnislögum* nr. 8/1993.

Lög um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 *og samkeppnislögum* nr. 8/1993 http://www.althingi.is/altext/130/s/1901.html

Lög um þingsköp Alþingis nr. 55/1991.

Mooney, P. *Report of the Committee on Culture, Science and Education*. Sótt 19. júlí 2004 af

http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc04/EDOC10195.htm

Norska stjórnarskráin, sótt 21. júlí 2004 af

http://www.lovdata.no/all/tl18140517-000-004.html#76

Ólafur Ragnar Grímsson, (2004). *Yfirlýsing á Bessastöðum*, Birt á press.is 2. júní 2004. Sótt 2. júní af http://www.press.is/press/php

Press.is (2004). *Nefndarmenn fengu aldrei erindin*. Sótt 19. júní 2004 af http://www.press.is/press/php

Sigríður Logadóttir, (2003). *Lög á bók*. Reykjavík: Mál og menning.

Sigurður Líndal, (2002). *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Sigurður Líndal, (2004). Umsögn til allsherjarnefndar Alþingis, 7. maí 2004.

Skúli Magnússon, (2003). *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Blikur á lofti – áratugur í EES

Eiríkur Bergmann Einarsson

Áratugur er nú liðinn frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) gekk í gildi þann 1. janúar 1994. Undanfarin tíu ár hafa miklar breytingar orðið á Evrópusambandinu og rekstrarumhverfi EES-samningsins er því gjörbreytt. Söguleg stækkun ESB til tíu ríkja í mið- og austur Evrópu, sem einnig ber upp á áratugaafmæli EES, markar nýtt upphaf í evrópsku samstarfi. Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að líta um öxl, skoða hvernig til hafi tekist og meta stöðu Íslands í samstarfinu.

Aukaaðili að ESB

Segja má að með gildistöku EES-samningsins hafi íslenskt þjóðfélag Evrópuvæðst og að viðskiptaumhverfi landsins hafi þá loksins orðið sambærilegt við það sem þekktist á meginlandi Vestur-Evrópu. Ísland varð hluti af innri markaði ESB, sem er innsti kjarni evrópskrar samvinnu, og er því í raun aukaaðili að Evrópusambandinu. Með samningnum varð til stærsta samræmda markaðssvæði heims sem nú telur um það bil 450 milljónir íbúa í 28 ríkjum.

Höfuðmarkmið EES-samningsins er að auka viðskipti og efnahagsleg tengsl ríkjanna og efnahagslega og félagslega velsæld íbúa svæðisins. Samningurinn felur í sér frjáls viðskipti með iðnvarning, frjáls þjónustuviðskipti, frjáls fjármagnsviðskipti og frjálsan atvinnu- og búseturétt alls staðar á svæðinu. Enn fremur eru í samningnum ákvæði um samvinnu í félagsmálum, neytendamálum, jafnréttismálum, rannsóknum og þróun, menntamálum og umhverfismálum. Íslensk stjórnvöld samþykktu um leið að taka upp í íslenskan rétt nær allar þær viðskiptareglur sem giltu á evrópskum mörkuðum. Í samningnum felast því ekki aðeins frjáls viðskipti og sameiginleg réttindi heldur einnig að vissu marki sameiginlegar reglur á ýmsum sviðum til að tryggja sanngjarna samkeppni í viðskiptum, neytendavernd, vernd umhverfisins, lágmarks félagsleg réttindi og svo framvegis.

Vítamínsprauta

Eftir áratuga reynslu af EES-samningnum er það samdóma álit manna að undirritun hans hafi verið ótvírætt framfaraspor fyrir íslenskt þjóðarbú og virkað sem vítamínsprauta á efnahagslíf þjóðarinnar. Fullyrt er að samningurinn hafi stuðlað að auknum stöðugleika í efnahagslífinu og leitt bæði til aukins frjálsræðis og nútímalegri stjórnunarhátta (Halldór Ásgrímsson 2000, bls. 8). Samningurinn hefur einnig verið ein helsta lífæð Íslands í alþjóðasamvinnu. Til að mynda hefur aðgangur að mörkuðum ESB stóraukist og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB, svo sem á sviði vísinda-, mennta- og menningarmála hefur skilað umtalsverðu fjármagni og þekkingu inn í íslenskt þjóðfélag. Íslenskir athafnamenn fengu að reyna sig í evrópsku atvinnulíf og vísindamenn hér á landi komust í mun betri tengsl við kollega sína í álfunni svo eitthvað sé nefnt.

Góður árangur í vísinda og menntamálum

Ef tekið er dæmi af þátttöku í samstarfsáætlunum ESB á sviði mennta-, menningar-, félags-, æskulýðs- og vísindamála sem opnuðust með gildistöku EES-samningsins kemur í ljós að Íslendingum hefur gengið einkar vel í samstarfinu. Ísland hefur nú aðgang að 34 af 250 samstarfsáætlunum ESB og er framlag okkar 4.8 milljónir evra eða 430 milljónir króna fyrir árið 2004 í þessa sjóði, samkvæmt upplýsingum frá EFTA skrifstofunni í Brussel. Um er að ræða samkeppnisjóði sem umsækjendur keppa um. Hvað kemur til baka til íslenskra þátttakenda er því alfarið háð gæðum umsókna frá Íslandi.

Reyndin hefur verið sú í flestum áætlunum, ef ekki öllum, að töluvert meiri fjármunir hafa skilað sér til baka en íslensk stjórnvöld leggja til. Samkvæmt samantekt á upplýsingum frá umsjónaraðilum Evrópuáætlana á Íslandi hafa íslenskir þátttakendur fengið vel yfir tvöfallt hærra framlag til baka úr sjóðum ESB en lagt er í þá. Samkvæmt þessum tölum hefur heildarframlag Íslands á síðasta áratug verið tæpir 2.7 milljarðar íslenskra króna. Á sama tíma hafa Íslendingar fengið greitt úr sjóðum ESB 6.5 milljarða króna. Hreint framlag til Íslands - eða gróði ef menn vilja nota slík orð - hefur því verið tæpir 3,8 milljarðar íslenskra króna. Þegar síðasta ár, 2003, er skoðað sérstaklega kemur í ljós að heildarframlag til íslenskra þátttakenda var rúmlega einn milljarður króna. Útgjöld Íslands í sjóði ESB var hins vegar aðeins um 400 milljónir króna. Hreint framlag til Íslands, eða

gróði, úr sjóðum ESB var því um 600 milljónir króna á síðasta ári (Eiríkur Bergmann 2004).

Hér er þó ekki um einfalt reikningsdæmi að ræða og varast ber að líta einungis á þátttökugjöld og styrki sem koma til baka. Talsverður kostnaður fylgir evrópsku samstarfi fyrir þátttakendur sem ekki fást styrkir fyrir. Að sama skapi er ómögulegt að meta til fjár aukna þekkingu, sambönd og almennt gildi sem samstarfið hefur fyrir þátttakendurna og samfélagið í heild. Sömu upplýsingar sýna að um það bil tuttugupúsund manns, eða tæplega tíundi hluti íslensku þjóðarinnar, hafi með einhverjum hætti tekið þátt í samstarfsáætlunum ESB þau tíu ár sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið í gildi.

Að ofangreindu má því ljóst vera að samstarfsáætlanir ESB hafa þegar stóraukið veltu í rannsóknum og þróun á Íslandi og ýtt mjög undir samskipti á milli fyrirtækja og stofnana á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum.

Blikur á lofti

En það eru blikur á lofti. Evrópusambandið hefur tekið hreinum stakkaskiptum og er nú vart þekkjanlegt því bandalagi sem við sömdum við fyrir áratug. EES-samningurinn nær til flestra sviða samfélagsins og mælir fyrir um nokkuð flókið net samskipta. Samningurinn er í stöðugri þróun og mótun þar sem hann breytist með samhliða þróun reglna á innri markaði ESB. Hann fylgir þó ekki eftir þeim breytingum sem verða á starfsemi Evrópusambandsins og því hefur gjáin milli ESB og EES sífelld verið að breikka.

Við gerð EES komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu að hann bryti ekki fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar, en það var þó afar umdeilt meðal fræðimanna. Í 21. grein stjórnarkrárinnar segir: *„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“* Færa má rök fyrir því að þróunin á rekstri samningsins hafi undanfarin ár verið með þeim hætti að hann takmarki fullveldi Íslands meira nú en í upphafi og brjóti orðið fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar.

Lýðræðishalli

EES-samningurinn er vissulega góður fyrir viðskiptalífið en í rekstri hans og þróun hafa komið í ljós ýmsir gallar. Sumir voru þekktir í upphafi en aðrir hafa komið í ljós síðar. EES-samningurinn neyðir Íslendinga til að mynda til að taka yfir alla löggjöf Evrópusambandsins sem gildir á innri markaðinum sem hefur verið metin um 70 til 80 prósent af öllum lagagerðum ESB (Baldur Þórhallson og Hjalti Þór Vignisson 2004), en það er töluvert umfram það sem gert var ráð fyrir í uppahafi.

EES-samningurinn felur þannig í sér stöðuga endurskoðun og uppfærslu á íslenskum lögum. Þetta hefur víðtæk áhrif fyrir íslensku stjórnsýsluna. Frumkvæði og lokaákvörðun um innleiðingar lagasetninga er í auknu mæli komið á Evrópuvettvanginn og fá svið samfélagsins eru undanskilin. Á sumum sviðum eins og í umhverfismálum og matvælaeftirliti er nær öll lagasetning sem tekur gildi á Íslandi í höndum embættismanna og fullrúa annarra ríkja í Brussel (EFTA Bulletin 2002), en ekki í höndum lýðræðislega kjörinna fullrúa á Íslandi. Borgarar ESB hafa jafnframt margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem íslenskir borgarar hafa ekki en ákvarðarnir í stofnunum ESB byggja á fjölþættu samráði við sérfræðinga, stjórnmálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum (Wallis 2002). Með þessu móti hefur íslenska ríkið framselt hluta af löggjafarvaldi sínu til ESB en hefur litla sem enga möguleika á að hafa áhrif á hana. Reglugerðirnar koma einfaldlega í pósti.

Neitunarvaldið óvirkt

Við rekstur EES-samningsins hefur komið í ljós að neitunarvaldið sem EFTA ríkin hafa í orði kveðnu er óvirkt, nær ómögulegt er að hafna lagagerð frá ESB án þess að setja allan samninginn um leið í uppnám. Við þær aðstæður er það hlutverk ESB að meta hvort slík neitun hafi áhrif á það samræmi sem stefnt er að með samningnum og getur í framhaldi af því sagt samningnum upp á viðkomandi sviði. Ef svo reynist vera er ekki fráleitt að EES-samningurinn falli niður á því sviði sem viðkomandi reglugerð nær til. Þar með væri grafið undan meginforsendu samningsins um einsleitni á öllu svæðinu; að sömu reglur eigi að gilda allstaðar á innri markaðinum. Enn fremur hefur slík höfnun ekki aðeins gildi fyrir viðkomandi ríki heldur einnig

fyrir hin EES-ríkin. Þeim væri þar með settur stóllinn fyrir dyrnar og gætu, að öllum líkindum, ekki heldur tekið upp viðkomandi lagagerð einhliða. Á gildistíma samningsins hefur þessi staða ekki enn komið upp, enda myndi slíkt leiða til mikillar óvissu í samstarfinu. Neitunarvaldinu hefur því aldrei verið beitt og innan EES hefur því verið líkt við kjarnorkusprengju; það sé gott að eiga hana en afar óskynsamlegt að nota hana (Valgerður Bjarnadóttir, 2001). Keðjuverkun færi í gang og ómögulegt er að sjá fyrirfram fyrir endann á þess háttar uppákomu.

Gjörbreytt ESB

Evrópusambandið sjálft hefur breyst mikið frá því EES-samningurinn var gerður en hann hefur ekki þróast í takt við þær breytingar. EES-samningurinn byggir á Rómarsáttmálanum og ákvæði hans eru samhljóma texta sáttmálans eins og hann var þegar viðræðum lauk. Frá þeim tíma hafa þrír nýir sáttmálar ESB litið dagsins ljós; Maastricht 1993, Amsterdam 1997 og Nice 2000, en með þeim hafa orðið töluverðar breytingar á starfsemi og samstarfsgrunni Evrópusambandsríkjanna sem hefur bæði orðið nánara og samstarfssviðum verið fjölgað. Þá hafa leiðtogar aðildarríkjanna samþykkt nýja stjórnarskrá ESB en gildistaka hennar, ef af verður, mun enn breikka bilið í samsarfinu.

Framkvæmdastjórn ESB á samkvæmt EES-samningnum að tala máli EFTA ríkjanna innan stofnana ESB en síðan samningurinn var gerður hefur verulega dregið úr völdum hennar. Aukið vægi Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins hefur orðið til þess að erfiðara reynist að fá Framkvæmdastjórnina til að tala máli EES-ríkjanna gagnvart ráðinu og aðildarríkjunum þar sem hún þarf að hafa meira fyrir því en áður að halda til streitu eigin sjónarmiðum og áhersluatriðum (Eiríkur Bergmann 2003, bls. 105). Hefur það þrengt verulega um möguleika EES-ríkjanna til að hafa áhrif á Evrópulöggjöfina sem þó gildir á öllu EES-svæðinu eftir sem áður.

EFTA-stoðin rýrnar

EES-samningurinn var gerður milli tveggja jafn rétthárra ríkjablokka og byggði á gagnkvæmum viðskiptalegum hagsmunum beggja aðila. Um var að ræða tólf ríki ESB og sex EFTA-ríki, með 30 milljónir íbúa sem voru að auki langmikilvægasti markaður Evrópusambandsríkjanna. Eftir að bróðurpartur

EFTA stoðarinnar, Austurríki, Finnland og Svíþjóð söðluðu um yfir í ESB aðeins ári eftir gildistöku EES-samningsins hefur vægi EFTA ríkjanna minnkað töluvert og sífellt hefur orðið erfiðara fyrir okkur Íslendinga að ná hagsmunamálum okkar í gegn. Eftir stækkun ESB til tíu nýrra ríkja til viðbótar hefur enn þrengst um möguleika Íslands á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Formleg staða samningsins er óbreytt en pólitískt vægi EFTA-stoðarinnar hefur minnkað mikið (Eiríkur Bergmann 2003, bls. 102).

Í upphafi var daglegt samstarf á grundvelli EES gjarnan byggt á anda samningsins en ekki endilega samkvæmt orðanna hljóðan. Þannig fengu EES-ríkin mun meiri aðgang að ákvarðanatöku innan ESB í þeim málum sem heyra undir innri markaðinn, heldur en kveðið er á um í samningnum með beinum hætti. Til að mynda hafði Ísland í upphafi aðgang að fjölda nefnda sem undirbúa lagagerðir ESB sem síðan gilda fyrir allan innri markaðinn. Á undanförnum misserum virðist ESB hafa tekið þá stefnubreytingu, meðvitað eða ómeðvitað, að túlka samninginn þröngt. EES-ríkjunum hefur í kjölfarið verið meinaður aðgangur að undirbúningsvinnu lagagerða, sem hefur leitt til þess að Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa nú miklu minni möguleika á að koma hagsmunamálum sínum á framfæri heldur en í upphafi samningsins.

Stækkun til austurs

Kalda stríðinu lauk fyrir fimmtán árum þegar friðelskandi fólk beggja vegna járntjaldsins reif Berlínarmúrinn niður með berum höndum í beinni útsendingu. Ríki Evrópu stóðu þá frammi fyrir því mikilvæga og sögulega verkefni að víkka Evrópusamstarfið út til þeirra Evrópuþjóða sem í lok síðari heimsstyrjaldar voru skilin frá Vestur-Evrópu austan megin við járntjaldið. Síðan hefur farið fram þrotlaus vinna við að samþætta sem flest ríki álfunnar í eitt ríkjasamfélag innan Evrópusambandsins. Þetta er mesta áskorun sem Evrópusambandið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir og henni munu fylgja margvíslegir erfiðleikar.

Austurstækkunin er ekki síður mikilvæg fyrir Íslendinga því Evrópska efnahagssvæðið stækkar samhliða og 75 milljónir manna bætast við innri markaðinn. Eftir stuttan aðlögunartíma munu Pólverjar til að mynda fá sjálfkrafa atvinnuréttindi á Íslandi og þurfa ekki að ganga á milli Pontíusar og Pílatusar til að fá að vinna í fiski á Ísafirði svo dæmi sé tekið. Aðild nýju ríkjanna mun breyta Evrópusambandinu enn frekar. Ekki aðeins er þetta umfangsmesta stækkun ESB frá upphafi heldur nær hún líka til mjög ólíkra

ríkja og svæða, frá litlum eyjum í Miðjarðarhafi til fyrrverandi lýðvelda Sovétríkjanna. Evrópusambandið verður því ekki jafn einsleitt og áður. Flest nýju ríkjanna eru fátæk. Þótt íbúum ESB fjölgi um 30 prósent stækkar efnahagur þess aðeins um fimm prósent (Eiríkur Bergmann 2003, bls. 80). Hagfræðingar hafa reiknað út að það muni taka Pólland marga áratugi að ná þjóðartekjum nálægt meðaltali ESB. Landbúnaður er enn fremur mun mikilvægari í nýju ríkjunum en þeim gömlu.

En stækkunarferlinu er langt í frá lokið. Fyrirhugað er að Búlgaría og Rúmenía bætist við árið 2007 og jafnvel Króatía. Þá hefur verið samþykkt að ganga til aðildarviðræðna við Tyrkland en alls er óvíst hvenær af aðild þess stóra múslimaríkis getur orðið. Önnur ríki sem hugsanlegt er að fái aðild í fyllingu tímans eru til að mynda ríkin fimm á vestanverðum Balkanskaganum sem eru auk Króatíu; Júgóslavía, Bosnía-Hersegóvína, Albanía og Makedónía. Eins er aðild opin fyrir EFTA-ríkin Ísland, Noreg, Lichtenstein og Sviss. Til lengri tíma litið er ekki óhugsandi að ESB nái einnig til ríkja á borð við Moldavíu, Úkraínu og jafnvel Hvíta-Rússland. Þá verður spurningin um aðild Rússlands jafnvel tímabær. Í kjölfar hugsanlegrar aðildar Tyrklands vakna jafnframt spurningar um ríki eins og Ísrael, Egyptaland, Túnis og jafnvel Marokkó. Aðildarríkin gætu þannig nálgast fjórða tuginn á næstu 50 árum.

Auknir erfiðleikar

Undanfarin misseri hafa reglulega komið upp ýmsir árekstar í samstarfinu milli EFTA ríkjanna og ESB en vandkvæði í rekstri samningsins virðast aukast eftir því sem árin líða. Ekki mátti miklu muna að stækkun ESB hefði riðið EES-samningnum að fullu en það hefði haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan efnahag. Endalegir samningar um samhliða stækkun EES náðust ekki fyrr en 1. apríl 2004, aðeins mánuði áður en stækkunin gekk í garð. Í upphafi árs 2002 gerði framkvæmdastjórn ESB kröfu um stóraukin framlög Íslands og Noregs í þróunarsjóð ESB. Íslendingum þóttu kröfurnar óbilgjarnar og á tíma var alls óvíst um niðurstöður. Samningar náðust loks þegar Norðmenn samþykktu að tífalda framlag sitt í sjóðinn en framlag okkar Íslendinga var fimmfaldað og er nú 500 milljónir króna á ári (Eiríkur Bergmann 2003, bls. 112). Aukningin gerir það að verkum að Noregur og Ísland munu á næstu árum greiða hlutfallsega hærri greiðslur vegna stækkunar ESB en aðildarríkin greiða sjálf (Aftenposten 05.02.2004).

Næsta uppákoma varð þegar Pólverjar neituðu að skrifa undir samkomulagið vegna tolla á síld frá Íslandi og Noregi sem koma á um leið og fríverslunarsamningar okkar við ríki Austur–Evrópu falla niður samhliða stækkuninni. Þegar það mál leystist loksins var tíminn orðinn naumur. Því var ekki að undra að margir fóru að örvænta um afdrif EES-samningsins þegar furstinn af Liechtenstein neitaði að skrifa undir stækkun EES vegna alls óskyldra landadeilna í Tékklandi en sem betur fór tókst að tala hann til í tæka tíð. Það var í raun aðeins vegna snerpu og færni íslensku utanríkisþjónustunnar sem hefur skólast mikið í fjölþjóðlegu samstarfi að undanförnu að stækkun EES náðist í örugga höfn.

Það eykur enn á vandræðin að EES-samningurinn er nú rekinn á lægra stigi en áður innan stjórnsýslu ESB og svo virðist sem embættismenn sambandsins hafi misst áhugann á samstarfinu þótt þeir verði augljóslega að virða samningsskuldbindingar sínar. Embættismenn Íslands sem vinna á vettvangi samningsins hafa orðið þess varir í síauknu mæli að fulltrúar ESB taka nú minna tillit til hagsmuna EES-ríkjanna. Raunar eru ýmis merki þess að fulltrúar ESB líti á EES-samninginn sem tímabundna lausn sem þegar hefur fengið að lifa of lengi. Jafnvel sé það meðvituð stefna ESB, þótt ekki sé hún opinber, að gera ekkert sem er til þess fallið að framlengja lífdaga EES-samningsins. Til að mynda hefur verið haft eftir embættismönnum ESB að krafan um stóraukin framlög í þróunarsjóð ESB hafi í raun verið atlaga að sjálfum EES-samningnum sem þeir vilji gjarnan losna við (Eiríkur Bergmann 2003, bls. 112).

Áhugaleysi ESB á samningnum hefur til að mynda birst í því að í nýrri löggjöf ESB hefur brunnið við að EES-ríkin hreinlega gleymist (Halldór Ásgrímsson 2000). Mörg dæmi eru um að EES-ríkjunum hafi ekki verið boðið upp á samráð um nýja löggjöf sem ætti þó að vera samkvæmt 99. grein samningsins sem kveður á um að leita skuli ráða hjá sérfræðingum EFTA á sama hátt og leitað er ráða hjá sérfræðingum ESB.

Lokaorð

Færa má rök fyrir því að EES-samningurinn falli orðið illa að breyttum stofnanaramma ESB og aukin krafa um lýðræði, gegnsæi og einsleitni geri það að verkum að embættismannasamningur eins og EES fái minna vægi en áður. Af ofangreindu má fullyrða að vægi samningsins hafi minnkað og að hann nái ekki lengur með fullnægjandi hætti yfir samstarf EES-ríkjanna og ESB. Þróunin hefur um leið fært EES-ríkin meira út á hliðarlínuna í

evrópsku samstarfi. Við stækkun ESB, þegar tíu ný ríki bættust við ESB-stoðina, má gera ráð fyrir að vægi EES-samningsins minnki enn frekar en nú eru 25 ríki og 450 milljónir manna í ESB og þrjú ríki og 4,8 milljónir í EES.

Heimildir

Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson (1994). A controversial step. Membership of the EEA. Í *Iceland and European Integration, on the edge*. Baldur Þorhallsson (Ristj). Routledge.

Björn Friðfinnsson (Ritsj) (1997). *EES – Meginmál EES samningsins & fleira efni er honum tengist*. Háskólaútgáfan.

Dianna Wallis (2002). *Forgotten Enlargement, future EU relations with Iceland, Norway and Swizterland*. Centre for Reform. London.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2003). *Evrópusamruninn og Ísland. Leiðavísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi*. Háskólaútgáfan.

Eiríkur Bergmann Einarsson (2004). Erindi á ráðstefnu Evrópuskrifstofa í Ráðhúsinu í Reykjavík 5. maí.

EFTA Bulletin (2002). Nr. 1.

Halldór Ásgrímssonar (2000). *Skýrlsa utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi*. Utanríkisráðuneytið.

Norge betaler mest for utvidelsen. (05.02.2004). *Aftenposten*.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (www.althingi.is).

Valgerður Bjarnadóttir. (2001). *Fullveldið. Í Ísland í Evrópu*. Eiríkur Bergmann Einarsson (Ritstj). Samfylkingin.

Spotlight and blind spots: Global news in 2004

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Most of what is known about foreign news coverage is based on studies on U.S. media. In 1998, the well-known war correspondent, Peter Arnett, said: "International news coverage in most of America's mainstream papers has almost reached the vanishing point. Today, a foreign story that doesn't involve bombs, natural disasters or financial calamity has little chance of entering the American consciousness" (Arnett and Lansner, 1998).

Before the attack of al-Qaida on the World Trade Center in New York, and on the Pentagon in Washington D.C., on September 11th, 2001, U.S. media had lost all interest in what took place outside of the U.S. borders. Between 1989 and 2000, the three major American television networks, ABC, CBS and NBC had decreased their use of overseas bureaus by 65% and were reporting 40% less on stories about U.S. foreign policy and 60% less on other foreign news (Kunkel, 2001).

In the beginning of 2002, there was a certain optimism among some journalists who seriously believed that the U.S. media had finally realized that what goes on in the rest of the world might be worth knowing about (Rieder, 2002). Results from a survey among 218 editors of U.S. newspapers indicated that 95% of them said that their readers were more interested in foreign news and 78% were now allocating more space to foreign news. However, 64% of those same editors expected their readers to gradually lose interest in foreign news and the news hole for foreign news to shrink again (Seplow, 2002).

A year after September 11th, and a few months before the U.S. military's invasion of Iraq, the coverage had moved away from the so-called War on Terror, and according to Kohut (2002), the media had "returned to their exploititive, sensational, and self-promoting ways."

The ups and downs of foreign news in the U.S. are at least partially applicable to Iceland. Around the turn of the century, a former news editor of the television channel Stöð 2 in Iceland acknowledged that less and less

time was spent on reporting of foreign affairs. His attitude was that there was no use spending time on reporting of foreign affairs because people had already seen the news on some of the 24-hour foreign news channels like CNN – and people, who were seriously interested in foreign news, would use the Web as their main information source.

Needless to say, the events of September 11th, 2001, changed everything and this same station increased its time spent on foreign news.

Research question

It is the purpose of the present study to investigate the international flow of news in the world. More specifically, what is reported and where it is reported – where the news comes from. For example, does the Western World, Europe and North America, ignore Africa or other less developed parts of the world, and does Africa report greatly on the Western World?

Methodology

As there is no clear cut distinction between foreign news and domestic news, it is left up to researchers to define what one can consider to be foreign news. In their study, Gerbner and Marvanyi (1977) based their selection of foreign news on three criteria: a foreign dateline, foreign visitors, and the fact that most of the information in the story came from abroad.

In the case of the present study, the story's origin was based on the dateline, the lead paragraph, which is historically considered to be the most important part of the story, and where the majority of the information came from. In some instances there was a conflict between the lead paragraph and the rest of the story. For example, in a story about al-Qaida's threat towards Australia, the majority of the story was based on interviews with Australian officials. Thus, the story was considered to be national but not foreign.

News stories about the European Union were considered to be from Belgium and stories about the United Nations were classified as being from the U.S.

The most problematic story was a news item about a statement by al-Qaida which was published on a Web site of a newspaper which is based in London. The dateline for the story, however, varied and the report often

came from Arabic countries like Egypt. To simplify matters, in this study the news item was considered to be from the U.K.

To further complicate matters, it appears that the majority of international news stories involves two or more countries. Consequently, the country of origin was based on the more dominant party in the story.

The present study was conducted at Stockholm University on Thursday, March 18th, 2004. The top five stories of 94 on-line media from 35 countries were monitored and collected by seven researchers in three rounds, the first one starting at 7 a.m., the second one starting 1 p.m. and the third and final round starting at 7 p.m. (Stockholm time).

For the purpose of this study 1448 news stories were analyzed. Of those, half, or 719, were foreign. It should be kept in mind that for many of those countries, non-native language media were included, predominantly in English, and should therefore not be considered good representatives of the countries' media. This is most obvious in Afghanistan were the Afghanistan News and Afghanistan Post are obviously meant for the U.S. military personnel that is stationed in the country.

The world was divided into seven parts: Africa (Angola, Cameroon, Congo, Nigeria, Somalia and South Africa), Asia (China, India, Indonesia, Japan, and North Korea), North America (Canada and the U.S.A.), Latin America (Argentina, Brazil, Chile, Cuba, Jamaica and Panama), Europe (Finland, France, Germany, Poland, Russia, Spain, Sweden, Turkey and the U.K.), the Middle East (Afghanistan, Algeria, Egypt, Iran and Israel) and Oceania (Australia and New Zealand). It should be noted that the division was not based on traditional geographic boundaries. The geographic boundaries of Europe were stretched to the east to include both Turkey and Russia. That also meant that any coverage of Georgia had to be included in the European coverage as Georgia lies right between Turkey and Russia. Latin America included the Caribean Ocean (Jamaica and Haiti). The line between the Middle East and Asia was drawn to the east between Iran and Pakistan, and Egypt and Algeria were both included in the Middle East. Moreover, stories about Serbia and its province of Kosovo were counted together, as were stories about Israel and Gaza.

Results

There were several stories that dominated the domain of international news Thursday, March 18th, 2004 - the vast majority of them being more or

less variations of the same theme, i.e. the foreign occupation of Iraq and the struggle of the Western World with the holy warriors of al-Qaida.

The main story in the morning edition of most European media was about an explosion that more or less destroyed the Mount Lebanon Hotel in Baghdad the night before. At first it was believed that 27 got killed but that number was later changed to 17. During the day, another bomb exploded outside the Mirbad Hotel in Basra, Iraq, killing at least four.

The U.S. Secretary of State, Colin Powell, showed his gratitude towards Pakistan by paying the President, Perwez Musharraf, a visit while Pakistan's army raided homes in villages close to the Afghan-border, looking for Ayman al-Zawahri, who is believed to be second-in-command for al-Qaida.

A London based newspaper, Al-Quds, published on its Web site a statement which it had received by e-mail from the Brigade of Abu Hafs al-Masri (al-Qaida), the group that claimed responsibility for the attacks on trains in Madrid on March 11th. The statement included threats towards several nations.

The Spanish police arrested five more men who were suspected of being responsible for the attacs on the trains in Madrid.

In the province of Kosovo in Serbia, a clash between Albanians and Serbs had broken out on Wednesday, leaving 22 dead and hundreds of others wounded. On Thursday, NATO decided to send in more troops to the region.

Finally, the former president of Haiti, Jean-Bertrand Aristide, had arrived in Jamaica on Monday. A new cabinet, backed by the U.S., was installed in Haiti. Venezuela refused to recognize the new government.

Africa

In Africa, only a quarter of the stories were foreign (43 out of 125). The dominance of domestic news in Africa is well represented in Nigera where 27 news items out of 35 were about Nigeria. *The Daily Times*, which is an elite newspaper with a large circulation, only had domestic news among its top five stories. *The Vanguard*, on the other hand, had four stories out of 12 from other countries, i.e. countries outside of Africa.

Interestingly, as the first chart shows, there were no stories from Asia published in the African on-line media. South-Africa had one story about Australia, which counts for the 2% in the pie chart.

Most of the foreign news in Africa came from Europe, which is largely due to the aftermath of the attacks on the trains in Madrid on March 11th. The North American stories were all from the U.S. and the Middle Eastern

stories were all about Iraq. The stories from Latin America were all on Haiti and Jamaica.



Chart 1. Foreign news in Africa

Asia

Just over half of the news stories in the Asian media came from abroad, 78 out of 149. Asia, along with the Oceania region, was the only area of the world that had news from all seven world areas – as the second chart shows. There was one story about Australia in a Chinese medium. Most of the Asian foreign stories in Asia came from Pakistan, thereof India published 14 because of an upcoming cricket game between the two countries. The war in Iraq accounted for all of the stories from the Middle East. The European stories were mostly about the situation in Spain and Kosovo.



Chart 2. Foreign news in Asia

Europe

In Europe, 251 stories out of a total of 466 were international news. Over half of the European foreign stories came from other European nations and, as chart three portrays, no other area of the world had as many foreign news stories from its own region. Not surprisingly, most of the foreign news items, or 60, were about the clash between Serbs and Albanians in Kosovo, and 57 news stories in the European media were about the volatile situation in Iraq. Over 40 news stories had to do with Spain. Three stories were about the situation in Haiti, accounting for 1% of the overall foreign news stories and placing the Latin America region on the map. All of the African news items were published in the French media. Nineteen out of 21 stories from Asia were about Pakistan. Nothing from Oceania made it into the European news media as a top story. This is surprising considering the ties that Australia has with the U.K., for example.



Chart 3. Foreign news in Europe

Latin America

Most of the foreign news stories in the Latin American countries and Jamaica came from Europe, or 28% - as seen in chart four. There were 128 foreign news stories total and 37 came from Europe. Most of the European stories dealt with Spain and Kosovo, and 32 out of 35 stories from the Middle East were about Iraq. Once again, the coverage of Asia was mostly due to Pakistan. No stories from Oceania were published.



Chart 4. Foreign news in Latin America

Middle East

In the Middle Eastern region, there were 66 foreign stories out of 148. Again, it should be taken into account that most of the on-line media in this study were published in English and not in Arabic or the native language of the nation. One third of the stories had do to with Europe, or 20. Of those, six dealt with Spain. There were 18 foreign stories from the Middle East and 13 of them had to do with Iraq.

Of the total of 148 stories analyzed, 63 were published in the five Israeli media. Fifty-five of the Israeli news items were domestic and only one was about Kosovo and one about Spain. Thus, Israel is comparable to Nigeria in its heavy emphasis on domestic news as only 8% of its coverage came from abroad. Algeria published one news item about South Africa which accounts for the 2% of the total foreign news coverage.

Fourteen stories had do to with the U.S. and eight of those were published in the two on-line media in Afghanistan. Most of the Asian stories were about the visit of the U.S. Secretary of State to Pakistan and were all published in the media in Afghanistan.

There were no stories from Oceania or Latin America in the Middle Eastern media as the fifth chart shows.



Chart 5. Foreign news in the Middle East

North America

Judging from the media coverage, the United States completely ignores its next door neighbor to the north, Canada. There were no stories about Canada among the top stories in the U.S. media but there were four stories in Canada about the U.S.

In the Canadian and the U.S. media, 139 stories were analyzed. Seventy-six of those were considered to be foreign. Twenty-seven stories were about Iraq, 12 in Canada and 15 in the U.S. Eight out of the 10 Asian stories had do to with Pakistan. The European coverage was mostly about Spain and Kosovo. The Canadian media paid more attention to Haiti than the U.S. did as there was only one story about Haiti in the U.S. media but three in Canada.

As seen in the sixth chart, there were no stories in North America about Africa or Oceania.



Chart 6. Foreign news in North America

Oceania

Despite the fact that Oceania appears to be totally absent in most media in the world, it's clear from the seventh chart that there were stories from all regions of the world in the media in Australia and New Zealand. Most of the stories came from Europe and the Middle East. Consistent with news coverage in other parts of the world, most of the European news items were about the situation in Spain and Kosovo. Twenty out of 23 news stories from the Middle East dealt with Iraq. Haiti accounted for the stories about Latin America and the coverage of Asia had, for the most part, to do with Pakistan.

Interestingly, there was one news item about South Africa in an Australian medium. This is especially noteworthy since there was one news story about Australia in a South African medium.

There were 162 news stories analyzed in the media in Australia and New Zealand. Seventy-seven of those were considered to be foreign.



Chart 7. Foreign news in Oceania

Discussion

News stories from Europe dominated the world coverage on the day of the study. On average, one third of the news came from Europe. A large number of the European news items had to do with the arrests of more suspects in the train attack in Madrid and the unstable situation in Kosovo. Those two events were reported all over the world.

The conflict in Iraq, or more precisely the bombing of two hotels in Baghdad and Basra, also made the headlines across the world. The visit of the U.S. Secretary of State, Colin Powell, and the raid of the army in Pakistan against al-Qaida were also widely reported.

Most of the foreign reporting about Latin America was due to Haiti. The world more or less ignored countries in Middle and South America.

For Oceania nothing has changed in 34 years. Four out of seven world regions did not report anything from Oceania. After examining the flow of international news stories during the week of May 24th, 1970, Gerbner and Marvanyi (1977) concluded that Oceania was barely visible. Is it possible that nothing happens in a region with 23 million people? At the time of the study, a plague of locusts had eaten its way through an area of Australia that is twice the size of England, including the clothes off the washing lines. It may

be that Australians are so used to this that they don't even consider it newsworthy but the story was at least published in the *Dominion Post* in New Zealand (March 18th), and appeared to have been based on a report by the *Sidney Morning Herald* in Australia. But the rest of the world didn't care.

Africa was invisible in North America, and outside of Africa, other regions had usually less than five items from a continent with a population of 796 million or 13% of the world's population.

All of the events that got the most coverage in the world on March 18th, 2004, have one thing in common, i.e. they directly affect European and U.S. interests and consequently have to do with U.S. and European politics. In a 1979 study by UNESCO on the flow of international news, it was found that politics dominate international news (Sreberny-Mohammadi, 1984). Nothing seems to have changed.

Reasons for coverage

Why are some events covered and others are not? In a study on U.S. media, Chang and his colleagues (1987) came to the conclusion that for a foreign event to be covered by the U.S. media, it had to violate existing U.S. norms, be relevant to the U.S., potentially change the foreign society or be geographically close.

In a classic essay from 1965, Johan Galtung and Mari Holmboe Ruge mention 12 factors that influence foreign news coverage. Those are: time span, the scale and intensity of the event, the clarity of the event, meaningfulness (cultural proximity and relevance), consonance (the event wsa predicted), unexpectedness, continuity, composition (for example the balance between domestic and international stories in a newscast), elite nations and elite persons, personification and negativity (see also van Ginneken, 1998).

But maybe more importantly, the flow of international news and foreign news selection are largely in the hands of three major Western news agencies that are based in London (Reuters), Paris (AFP) and New York (AP). According to van Ginneken (1998), they "have a quasi-monopoly in providing prime definitions of breaking news in the world periphery. Even if they are not first on the spot, they are usually the first to inform the rest of the world" (p. 113).

Moreover, because of the cost, only very few media organizations can allow themselves the luxury of having their own correspondents in other countries. Thus, the vast majority of the world media is dependent on the news selection of the news agencies.

Implications of an imbalanced news flow

According to Östgaard (1965), by portraying the world, especially foreign countries, as they do, the Western media tend to reinforce the status quo and maintain the division between high status and low status nations. Furthermore, because of their emphasis on war and conflict and the use of force, the media exaggerate the amount of conflict in the world. It's Östgaard's belief that the media should instead focus on peaceful ways of solving conflict. It has actually been found that because the media tend to focus so heavily on violence without context, people have very little understanding of events in the developing world (Philo, 2002).

Moreover, studies have found "that people are likely to rely upon unrepresentative news about a single country in forming impressions about groups of nations" (Perry, 1987).

The findings of the present study indicate that despite UNESCO´s study in 1979, the flow of international news is still heavily skewed – some areas of the world are heavily underrepresented in the news, or even non-existing. Also, in line with Östgaard's claim, most of the international news deal with war and conflict.

What are the consequences? When first-hand knowledge is not available, we rely on the media to inform us about places and events. However, studies have repeatedly shown that the world of television, for example, is far from the truth or reality. As a result, we base our knowledge and opinion of far-away nations on the distorted picture with which the media provide us. Needless to say, our own ideas about other countries in the world will be heavily distorted, if not out-right wrong, as well.

What can be done?

Galtung and Ruge (1965) proposed, among other things, that: journalists should spend less time covering specific events and report more on long-term development and complex issues. They should pay more attention to culturally distant regions of the world, even when what is happening there has no direct relevance, and increse their coverage of the so-called non-elite nations and non-elite people. And importantly, journalists should accentuate the positive. It should be mentioned, for example, that on March 18th there were reports in the South African media that negotiations between the ruling party in Zimbabwe and the opposition were under way, and according to President Thabo Mbeki of South Africa, those talks could "bring a speedy political solution to Zimbabwe" (*Independent Online*, March 18th, 2004). One

might certainly consider this good news, but it did not make the news outside of South Africa.

Almost 40 years after the essay by Galtung and Ruge was published, it has never been easier to follow their suggestions. The Internet has made it possible for journalists, at least in some parts of the world, to monitor developments by continuously checking and reading public documents. Also, Western journalists have now access to the Web sites of many news media in other parts of the world, and a Western journalist could easily e-mail a colleague in Africa and get information on what is happening there. Thus, there is a way for media to decrease their reliance on the news agencies.

Some might argue that if people are interested in news from Africa or from the blind spot, Oceania, they'll monitor those news sites. But even though people might be interested, they don't necessarily have the time to check a large number of news sites every day. Also, someone might become interested in a region after reading a news story about it on his/her own favorite domestic news site. On-line media could, for example, offer their own users a short summary of the main stories from the various parts of the world and then link directly to reliable news sites in that region.

As the Internet is an unlimited resource, it gives newspapers and other media the opportunity to expand their coverage, for example to include context. When the U.S. invaded Afghanistan, the *Seattle Times* realized it couldn't be at the scene but it could put the events into context for its readers (Giuffo and Lipton, 2002). Thus, there is no excuse for media anymore not to provide their users with more background material, as Galtung and Ruge suggest.

The Internet has drastically changed the working conditions of today's journalists by providing them with instant access to information from all around the world. Thus, the journalists have the tools - they just have to use them.

Bibliography

Arnett, P. and Lansner, E. (1998). Goodbye, world: Foreign news is disappearing from many of America's newspapers. A legendary war correspondent visited newsrooms across the country and found out why: It has been completely overwhelmed by local news. *American Journalism Review*, *20*(9), 50-68.

Chang, T-K, Shoemaker, P.J. and Brendlinger, N. (1987). Determinants of international news coverage in the U.S. media. *Communication Research*, *14*(4), 396-414.

Dominion Post. (2004). March 18th.

Galtung, J. and Ruge, M.H. (1965). The structure of foreign news: The presentation of the Congo, Cuba and Cyprus crisis in four Norwegian newspapers. *Journal of Peace Research*, *2*, 53-91.

Gerbner, G. and Marvanyi, G. (1977). The many worlds of the world's press. *Journal of Communication*, *27*, 52-66.

Giuffo, J. and Lipton, J. (2002). Reverberations: Maximizing the Web version. *Columbia Journalism Review*, *40*(5), 44-51.

Independent Online. (2004). March 18th.

Kohut, A. (2002). The 9/11 effect is starting to fade. *Columbia Journalism Review*, *41*(3): 37-39.

Kunkel, T. (2001). View from down under: International news isn't necessarily foreign. *American Journalism Review*, *23*(7), 4.

Perry, D.K. (1987). The mass media and audience generalization about groups of foreign countries. *World Communication*, *16*(2), 101-121.

Philo, G. (2002). Television news and audience understanding of war, conflict and disaster. *Journalism Studies*, *3*(2), 173-187.

Rieder, R. (2002). Ripples of September 11: And what they mean for journalism. *American Journalism Review*, *24*(1), 6.

Seplow, S. (2002). Closer to home: Long related to the margins, foreign news has experienced a modest resurgence since September 11. But much of the coverage has focused on the war on terrorism and the Middle East. Will the blackout return after the crises ebb? *American Journalism Review*, *24*(6), 18-34.

Srberny-Mohammadi, A. (1984). The "World of the News" study: Results of international cooperation. *Journal of Communication*, *34*(1), 121-142.

Van Ginneken, J. (1998). *Understanding global news: A critical introduction.* London: Sage Publications.

Östgaard, E. (1965). Factors influencing the flow of news. *Journal of Peace Research*, *2*, 39-63.

Upplýsingatækni – Eftirlitsþjóðfélag[1]

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Umræða um eftirlit með einstaklingum í samfélaginu hefur aukist mikið á síðustu árum bæði hér á landi sem og erlendis. Segja má að í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001 hafi umræðan náð ákveðnu hámarki. Í dag er svo komið að talað er um umfang eftirlits fyrir og eftir 11. september (Lyon, 2003). Stjórnmálamenn benda á nauðsyn þess að efla öryggi ríkja og tryggja þau þannig fyrir „utanaðkomandi" ógnum. Réttlæting fyrir auknu einstaklingseftirliti er jafnan sótt í nauðsyn þess að vernda borgarana fyrir þessum óæskilegu ógnum og er þá jafnan vísað til hryðjuverkaárásanna 11. september og annarra atburða af sama meiði. En umræða um eftirlit, friðhelgi einkalífsins og persónuvernd nær út fyrir svið stjórnmála og lagasetninga. Í dag er eftirlit viðhaft með vinnu fjölmargra starfsmanna víða um heim og er Ísland þar engin undantekning. Þannig hefur það færst í vöxt á undanförnum árum að eftirlitinu er beint að starfsmönnunum sjálfum frekar en vinnunni sem slíkri. Með tilkomu ýmissa tækninýjunga hefur allt slíkt eftirlit orðið auðveldara auk þess sem það getur nú verið stöðugt til staðar. Með eftirlitinu er hægt að fylgjast með og skrá niður vinnuframlag og athafnir starfsmanna. Þetta hefur verið kallað *rafrænt eftirlit*.

Á IV. ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum fluttu greinahöfundar erindi sem bar yfirskriftina – *Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði*. Þar var greint frá niðurstöðum er varpa ljósi á umfang og birtingarform rafræns eftirlits hér á landi (sjá nánar Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2003). Í þessari grein verður sérstaklega fjallað um upplýsingaþjóðfélagið og þann eftirlitsbúskap sem slíkt þjóðfélag hefur getið

---

[1] Greinin byggir á niðurstöðum rannsóknar sem ber yfirskriftina *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd*. Rannsóknin er styrkt af Rannís; Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál. Um er að ræða tveggja ára samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Landlæknisembættisins og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Þá eiga Persónuvernd og Rafiðnaðarsambandið aðila í stýrihóp rannsóknarverkefnisins.

af sér. Í því sambandi er meðal annars horft til lagalegs réttar starfsmanna til friðhelgi einkalífs á vinnustað og hvort á þeim sé brotið með margskonar einstaklingsbundnu eftirliti. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hversu vel starfsmenn sem vinna undir rafrænu eftirliti eru upplýstir um þá upplýsingasöfnun sem fer fram á vinnustaðnum og hvert viðhorf þeirra er til slíks eftirlits.

Upplýsingatækni - eftirlitsþjóðfélag

> Tæknin er ekki eingöngu verkfæri, ekki fábrotin vísindi. Þá eru vísindi ekki eingöngu samansafn þekkingar. Þvert á móti, bæði vísindi og tækni mótast af því hvernig þau eru greipt inn í samfélagið (Bammé, 2002).

Í dag er árangur á hvaða sviði sem er nær óhugsandi án upplýsingatækninnar. Upplýsingatæknin er þannig oftar en ekki nauðsynleg til að framförum sé náð og greinilega sett fram til að breyta öllu því sem mannfólkið gerir í nútíma samfélagi. Oftar en ekki er málum þannig stillt upp að leið upplýsingatækninnar sé eina færa leiðin til framfara (Lyon, 1988). Algengast er að við skilgreiningu á upplýsingasamfélaginu sé lögð áhersla á hina stórbrotnu tækniþróun. Breytingar varðandi vinnslu, möguleika á varðveislu og útbreiðslu upplýsinga af ýmsum toga, hafi leitt til notkunar upplýsingatækni á nær öllum sviðum samfélagsins (Webster, 1995). Eftirlitsþjóðfélag 21. aldarinnar veltur því á hinu margslungna kerfi samskipta og upplýsingatækni (Lyon, 2001:28). Staðreyndin er sú að nútíma upplýsingaþjóðfélög eru háðari persónuupplýsingum en nokkur önnur þjóðfélög hafa nokkru sinni verið í sögunni. Persónuupplýsingar og notkun þeirra eru þannig orðnar hluti af dæmigerðu lífi venjulegs fólks. Í raun eru órjúfanleg tengsl milli upplýsingaþjóðfélaga og eftirlitsþjóðfélaga (Lyon, 2001). Uppgang eftirlitsins má þannig rekja til þeirra hvata nútímans að samræma og stjórna og útbreiðsla þess veltur á nýjum leiðum til að útvíkka og þróa þá tækni sem fyrir er.

Hin öra þróun upplýsingatækninnar í samfélaginu býður upp á möguleika sem fyrir nokkrum árum voru aðeins framkvæmanlegir í vísindaskáldsögum. Eitt af „afkvæmum“ slíkrar tækniþróunar er rafrænt eftirlit á vinnustöðum. Rafrænt eftirlit er oftar en ekki sett fram sem leið að öryggi, aukinni framleiðslugetu og auknum gæðum. Fræðimenn hafa reynt að skýra hvaða ástæða liggi að baki gífurlegri aukningu á rafrænu eftirliti á vinnustöðum. Þannig hefur Raven (1970, sjá Botan og Vorvoreanu, 2000) bent á að eftirlitið nærist á sjálfu sér og dreifi sér þannig sjálft. Raven bendir á að þegar eftirlitsaðilinn notar þvingunarvald (*coercive power*) sitt er hætta á að hann fari

að vantreysta og gera lítið úr viðfangsefninu – þ.e. þeim sem er undir eftirliti. Ástæðu þessa segir Raven vera að þvingunarvaldið kalli á eftirlit. Hlýðni er því rakin til eftirlitsins og þannig er viðfangsefnið (sá sem er undir eftirliti) úrskurðað óáreiðanlegt.

Upplýsingatæknin hefur verið þróuð á þann hátt að hægt er að fylgjast með störfum og staðsetningu starfsmanna af mikilli nákvæmni. Dæmi um slíkt eftirlit er þegar viðvera í síma, fjöldi lyklaáslátta, fjöldi afgreiddra eða óafgreiddra símtala, meðalafgreiðslutími eða fjöldi framleiddra/afgreiddra einninga er mældur. Skrifstofumenn í fyrirtækjum sem sinna fjármálaþjónustu, tryggingum, innslætti, símasamskiptum sem og afgreiðslu- og verksmiðjufólk er meðal þeirra sem vinna undir eftirliti af þessu tagi. Nátengt þessu eftirliti er lestur tölvupósts, hlerun símtala og myndbandsupptökur sem beinast að starfsmönnum fremur en viðskiptavinum.

Umfjöllun um eftirlit í samfélaginu er oft sett í samhengi við skrif Foucault um panoptikum (Foucault, 1977). Í því sambandi hafa fræðimenn bent á að rafrænt eftirlit sé tvíeggja, þar sem það getur haft neikvæð áhrif – svonefnd *panoptic* áhrif sem geta vegið þyngra en ágóðinn af hinu rafræna eftirliti (Botan og Vorvoreanu, 2000). Takmörkun persónuverndar, eða takmörkun á friðhelgi einstaklinga, er eitt af því sem mikilvægt er að skoða varðandi siðferðileg áhrif eftirlitsins.

Friðhelgi einkalífs – meðhöndlun persónuupplýsinga á vinnustað

> Það lýtur út fyrir að það sé enginn staður til að fela sig á – allt er opinbert, gegnsætt, sýnilegt þeim ósýnilegu. Skjól friðhelginnar hefur verið leyst upp með stafrænum hætti (Lyon, 1994:180).

Eins og komið er inn á hér að framan hefur upplýsingatæknin gert rafræna skráningu og upplýsingasöfnun um hvað eina sem hugurinn stendur til bæði auðvelda og aðgengilega. Við slíka skráningu, og söfnun upplýsinga, myndast oftar en ekki miklir upplýsingabankar sem hægt er að nota á ýmsa vegu, jafnvel á ófyrirséðan og ólögmætan máta.

Þegar upplýsingum um einstaklinga er safnað vakna upp spurningar um hvort og hvenær slík upplýsingasöfnun gengur á rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Westin (2003) setur fram þá skilgreiningu á friðhelgi einkalífs (privacy) að það sé krafa einstaklings um að ákveða hvaða upplýsingar um hann eða hana eiga að vera kunnugar öðrum. Ýmsar aðrar skýringar hafa

verið settar fram til að ná yfir hugtakið friðhelgi einkalífs. Salvör Nordal (2003) gerir þetta að viðfangsefni í grein sinni *Friðhelgi einkalífsins*. Hún bendir á þá staðreynd að umræðan um friðhelgi einkalífs sé tiltölulega ný af nálinni hér á landi miðað við mörg önnur Vesturlönd. Þá umræðu, sem fram hefur farið á síðustu árum, má af stórum hluta rekja til starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði og þá sér í lagi um starfsleyfi miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Í lagalegri merkingu gengur friðhelgi einkalífs út á það að sérhver einstaklingur hefur rétt á að halda einkalífi sínu út af fyrir sig og hvorki öðrum einstaklingum né ríkisvaldinu er heimilt að ganga á þann rétt, nema til staðar séu nægilegir hagsmunir eða fyrir liggi samþykki viðkomandi einstaklings. Til friðhelgi einkalífs telst þá einnig sá réttur einstaklinga að mynda og þróa samskipti við aðra (Rehof og Trier, 1990; sjá Sigrún H. Kristjánsdóttir, 2003).

Í tengslum við umræðu um rafrænt eftirlit á vinnustöðum er oft sérstaklega horft til réttar starfsmanna til friðhelgi einkalífs á vinnustað og hvort á þeim sé brotið með margskonar eftirliti.

Ef litið er á stöðu mála á Íslandi varðandi lög og reglugerðir er lúta að friðhelgi einkalífs, þá segir í 71. grein Stjórnarskrárinnar[2] (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944) að: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu“. Í greinargerð þeirri sem fylgir stjórnskipunarlögum frá 1995 er hugtakið heimili skýrt enn frekar. Þannig er hugtakinu gefið mun víðtækari merking en orðalagið sjálft gefur tilefni til og getur það þannig skírskotað til vinnustaðar einstaklinga (Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 1994; Sigrún H. Kristjánsdóttir, 2003).

Þegar skoðað er að hvaða marki einstaklingar njóta friðhelgi einkalífs á vinnustöðum, verður fyrst að hafa í huga að starfsmönnun ber samkvæmt vinnuréttarsambandi þeirra og atvinnurekenda að inna af hendi þá vinnu sem samið er um þeirra í milli. Þrátt fyrir það er almennt viðurkennt að starfsmenn eigi rétt til ákveðinnar friðhelgi á vinnustaðnum um einkamálefni sín. Rafræn vinnsla persónuupplýsinga um starfsmenn getur verið heimil sé skilyrðum laga, einkum persónuverndarlaganna fullnægt (Sigrún H. Kristjánsdóttir, 2003). Heimildir til vinnslu slíkra upplýsinga byggja oftast á tveimur töluliðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Fyrri liðurinn hljóðar svo:

- „hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki...“

---

[2] Eftir breytingu sem gerð var með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995

og sá síðari:

- „vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra“.

Í lögum og reglugerðum er ekki að finna sérstök ákvæði sem taka á eftirliti vinnuveitenda um tölvupósts- og netnotkun starfsmanna. Persónuvernd hefur þó gefið út leiðbeiningar um eftirlit vinnuveitenda með tölvupósts- og netnotkun starfmanna. Í leiðbeiningunum kemur fram að markmiðið sé að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar milli hagsmuna vinnuveitandans, af því að geta fylgst með hug- og vélbúnaði sem hann leggur til, og hins vegar hagsmuna starfsmanna af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar á vinnustað (Leiðbeiningar um eftirlit vinnuveitenda með tölvupósts- og netnotkun starfmanna, nr. 1001/2001: 1. grein). Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar hefur bent á að lögin sem taki á rafrænu eftirliti á vinnustöðum séu flókin, en „gengið sé út frá þeirri meginreglu að vakta megi fólk að vissu marki ef það er ekki gert með leynd“ (Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Anna G. Ólafsdóttir og Ragnhildur Sverrisdóttir, 2004).

Sigrún H. Kristjánsdóttir (2003) setur spurningamerki við að heimild til vinnslu persónuupplýsinga, sem fengnar eru með eftirlitsmyndavélum og eftirliti með notkun símtækja á vinnustöðum, geti alfarið byggt á samþykki starfsmanna. Þannig sé nauðsynlegt að ákveðið mat fari fram á hagsmunum atvinnurekanda á því að vinna persónuupplýsingar annars vegar og hins vegar rétti starfsmanna til friðhelgi einkalífs. Þó verða ákvæði laga um málefnalegan tilgang eftirlitsins að vera uppfyllt og því er vinnsla persónuupplýsinga bönnuð sé tilgangurinn með vinnslunni annar en sá er starfsmönnum var gefinn upp. Í þessu sambandi er bent á þá fræðslu- og upplýsingaskyldu sem hvílir á atvinnurekanda skv. ákvæði Persónuverndarlaganna. Atvinnurekanda ber að upplýsa starfsmenn um tilgang og þau markmið sem hann hyggst ná fram með því að viðhafa rafrænt eftirlit á vinnustaðnum. Sigrún telur að vafasamt geti verið að álíta það málefnalegt markmið að auka afköst starfsmanna. Í því sambandi er m.a. vísað í erlendar rannsóknir (Blume og Kristiansen, 2002, sjá Sigrún H. Kristjánsdóttir, 2003) sem benda á að lögmætt markmið geti verið að nota eftirlitsmyndavélar á vinnustað til að tryggja öryggi eða til varnar þjófnaði, en ekki það eitt að auka afköst starfsmanna.

Aðferðir og gögn

Í kjölfar rannsóknar á umfangi og tegund rafræns eftirlits á íslenskum vinnumarkaði (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2003) var ákveðið að skoða nánar rafrænt eftirlit og tengsl þess við stöðu og líðan starfsmanna í fyrirtækjum þar sem slíkt eftirlit er til staðar í einhverjum mæli. Því var spurningakönnun lögð fyrir í sex völdum fyrirtækjum auk þess sem viðtöl voru tekin við starfsmenn, stjórnendur og framleiðendur/innflytjendur tækjabúnaðar sem notaður er til rafræns eftirlits. Í þessari grein er fyrst og fremst gerð grein fyrir niðurstöðum úr spurningakönnuninni.

Spurningalistinn var lagður fyrir í fyrirtækjunum á tímabilinu febrúar til apríl 2003. Lengd þessa tímabils markast af því hvenær það hentaði hverju fyrirtæki að leggja könnunina fyrir. Spurningalistinn innihélt samtals 76 spurningar. Fyrirlagning spurningalistanna fór þannig fram að rannsakendur fóru sjálfir á staðinn í samráði og í góðu samstarfi við fulltrúa hvers vinnustaðar. Listum var dreift til starfsmanna sem voru beðnir að skila útfylltum listum í merkta kassa sem komið var fyrir á vinnusvæðum. Heildarfjöldi starfsmanna hjá hverju fyrirtæki var mjög misjafn en alls var 1369 listum dreift til starfsmanna og af þeim fengust 979 til baka. Svarhlutfallið reiknast því um 72%.

Niðurstöður

Eitt af markmiðum spurningakönnunarinnar var að afla upplýsinga um umfang og birtingarform rafrænnar upplýsingasöfnunar á vinnustöðunum. Með það fyrir augum innihélt spurningalistinn 29 spurningar er lutu beint að slíku. Bæði var spurt um hvort viðkomandi starfsmaður ynni undir slíku eftirliti sem og hvaða viðhorf starfsmaðurinn hefði til slíkrar upplýsingasöfnunar. Í því sambandi var spurt hvort viðkomandi starfsmaður *vissi til þess* að eftirlit væri haft með fyrirfram gefnum atriðum. Spurt var um eftirlit með: *afköstum*, *netnotkun* starfsmanna, *tölvupósti*, *ferðum innan vinnustaðar*, *símasamskiptum og* hvort *öryggismyndavélar* væru notaðar á vinnusvæðum.

Í ljós kom að algengast er að starfsmenn viti til þess að eftirlit sé haft með afköstum þeirra (29%), næst algengust er vitneskja um eftirlit með símanotkun (26%) og þar á eftir kemur eftirlit með ferðum innan vinnustaðar

(23%). Rúm 7% vita til þess að eftirlit sé haft með netnotkun, rétt tæp 10% segjast hafa vitneskju um að fylgst sé með tölvupósti þeirra en einungis 1,4% starfsmanna segjast vita til þess að eftirlit sé viðhaft með öryggismyndavélum.

Í ljósi laga um persónuvernd vekur athygli hversu hátt hlutfall starfsmanna segist ekki vita hvort um rafræna upplýsingasöfnun að þessu tagi sé að ræða. Tæp 36% starfsmanna segjast ekki vita hvort upplýsingum um afköst þeirra sé safnað með rafrænum hætti. Enn hærra hlutfall starfsmanna veit ekki hvort upplýsingum um netnotkun (70,4%) eða tölvupóst (68,4%) þeirra sé safnað. Þá segist tæpur helmingur starfsmanna ekki vita hvort upplýsingum um símanotkun þeirra sé safnað með rafrænum hætti.

Þátttakendur voru inntir að því í hvaða tilgangi þeir teldu að rafrænum upplýsingum væri safnað um vinnu þeirra. Niðurstöður sýna að rúm 26% starfsmanna telja að tilgangurinn sé að hafa eftirlit með starfsmönnum, 23% telja tilganginn vera að bæta þjónustu fyrirtækisins, rúm 19% telja tilganginn vera að auka afköst starfsmanna en einungis 1% starfsmanna telja tilganginn vera að bæta líðan starfsmanna.

Eins og kemur fram hér að framan ber stjórnendum að tilkynna starfsmönnum ef rafræn upplýsingasöfnun – rafrænt eftirlit, er viðhaft á vinnustöðum. Í ljósi þessa var fróðlegt að skoða hvort starfsmönnum hafi verið tilkynnt um hvers konar upplýsingasöfnun væri að fara í gang áður en hún hófst á vinnustöðum starfsmannanna. Í heildina segja tæp 17% starfsmanna að þeim hafi verið greint frá því að um einhvers konar upplýsingasöfnun væri að ræða, en rétt rúm 39% segja að svo hafi ekki verið. Í 44% tilvika telja starfsmenn að spurningin eigi ekki við.

Í þessu ljósi er athyglivert að skoða hversu mikil umræða hefur farið fram á umræddum vinnustöðum um rafræna upplýsingasöfnun. Tæp 9% starfsmanna segja að mikil umræða um rafræna upplýsingasöfnun hafi farið fram á vinnustað þeirra, rúm 34% segja litla umræðu hafa átt sér stað, en meirihluti starfsmanna (rúm 57%) segir að engin umræða hafi átt sér stað á vinnustað þeirra.

Í lokin er vert að koma inn á viðhorf starfsmanna til þeirrar nýbreytni að stjórnendur geti safnað rafrænum upplýsingum um starfsmenn sína. Í ljós kemur að innan við 30% starfsmanna segja að sér *lítist mjög eða frekar vel* á þá nýbreytni, á meðan rúmum helmingi starfsmanna líst *mjög eða frekar illa* á slíkt. Um 20% starfsmanna segist *ekki hafa myndað sér skoðun á því*. Ef þessar niðurstöður eru greindar eftir kyni kemur fram marktækur[3] munur, þar sem

[3] $\chi 2\ (2)=11{,}181,\ p<0{,}05$

körlum (57%) líst frekar en konum (47%) illa á þessa nýbreytni. Þá er líklegra að konur (24%), en karlar (16%), hafi ekki myndað sér skoðun á því hvort slík nýbreytni sé af hinu góða. Að sama skapi eru starfsmenn yngri en 32 ára líklegri [4] til að lítast mjög eða fremur vel á slíka nýbreytni sé miðað við þá sem eldri eru. Þeir starfsmenn sem vinna undir rafrænu eftirliti eru líklegri til að lítast mjög eða fremur vel[5] á þessa nýbreytni (34%), samanborið við starfsmenn sem vinna ekki undir slíku eftirliti (22%). Niðurstaðan er þó sú að nákvæmlega helmingur starfsmanna, sem vinnur undir rafrænu eftirliti líst mjög eða fremur illa á þá nýbreytni að stjórnendur geti safnað rafrænum upplýsingum um starfsmenn sína og rúm 16% segjast ekki hafa myndað sér skoðun á því.

Sekir þar til sakleysið sannast

> „...en það var allt í lagi, allt var í lagi – baráttunni var lokið. Hann hafði unnið sigur á sjálfum sér. Hann elskaði stóra bróður" (Lokaorð Winston Smith í 1984 eftir George Orwell).

Það sem vekur athygli í þeim niðurstöðum, sem hér eru kynntar er hversu hátt hlutfall starfsmanna í þeim fyrirtækjum sem skoðuð voru sérstaklega segjast ekki vita hvort rafrænt eftirlit sé viðhaft með störfum þeirra. Þetta er sérstaklega áhugavert í ljósi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000) þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu stjórnenda og þar sem einnig kemur fram að „hinn skráði" verði að hafa veitt samþykki sitt til vinnslu persónuupplýsinga (Sigrún Kristjánsdóttir, 2003). Hitt er ljóst að starfsmenn hafa alls ekki alltaf aðstöðu til að neita að gefa leyfi til slíkrar upplýsingasöfnunar, vilji þeir halda vinnunni. Í viðtölum við starfsmenn hefur komið fram að með því að neita að veita slíkar upplýsingar séu þeir að gefa í skyn að þeir hafi eitthvað að fela. Þeir séu því „sekir" þar til sakleysi þeirra sé sannað. Því má ljóst vera að þótt áðurnefndur lagabókstafur sé mikilvægur, þá veitir hann ekki starfsmönnum alltaf þá vernd sem til er ætlast.

Í óformlegum samtölum við fulltrúa stjórnenda þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í rannsókninni, kemur fram að margvísleg rafræn upplýsingasöfnun er viðhöfð með vinnu starfsmann. Um leið komu fram efasemdir hjá sumum stjórnendum um að vitneskja um slíka upplýsingasöfnun væri til staðar hjá

---

4 $\chi 2$ (4)=12,588, $p<0,05$

5 $\chi 2$ (2)=18,790, $p<0,05$

starfsmönnum. Eftirlitið er þannig misjafnlega „sýnilegt“. Það er t.d. umtalsverður munur á því að vinna í þjónustuveri þar sem afköstin eru beintengd tölvu stjórnanda, sem getur fylgst með vinnunni jafnóðum og hún fer fram, og því að upplýsingum um netnotkun eða símtöl sé safnað í gagnagrunn sem ef til vill verður skoðaður ef með þarf. Þó upplýsingaskylda um rafrænt eftirlit sé bundin í lögum kemur skýrt fram í þeim niðurstöðum sem hér hafa verið raktar að skortur á slíkum upplýsingum og jafnframt umræðu er klárlega fyrir hendi.

Niðurstöðurnar er einnig nauðsynlegt að setja í samhengi við kenningar um valdið og óttann sem agar (Foucault, 1977) og kenningar um *panoptísk* áhrif rafræns eftirlits (Botan og Vorvoreanu, 2000). Þannig getur grunurinn um að maður sé undir stöðugu eftirliti orðið til þess að sá agi sem stjórnendur óska eftir, nái fram að ganga. Í því tilfelli er valdið orðið svo fullkomið að það þarf ekki að beita því.

Svo vísað sé aftur til Orwells þá er spurningin í þessu sambandi reyndar ekki sú hver sigrar – stóri bróðir eða friðhelgi starfsmanna - heldur hvort allsherjar og ótæmandi ást á eftirlitinu verði að veruleika. Nútíma eftirlitsþjóðfélög eru ekki einræðisþjóðfélög, en þau byggja á ákveðinni tæknihyggju þar sem þeir sem stjórna þróun tækninnar hafa í krafti sérþekkingar sinnar náð ákveðinni valdastöðu í þjóðfélaginu. Þeir starfsmenn sem vinna undir þeirri tegund upplýsingatækni sem fjallað er um í þessari grein geta þurft að gefa samþykki sitt til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, svo atvinnurekendur telji ekki að þeir hafi „óhreint mjöl í pokahorninu“. Aðrir þurfa að horfa gagnrýnislaust á þessa notkun upplýsingatækninnar til að sýna að þeir séu tilbúnir til að „fylgja nútímanum“ eða vegna þess, svo vitnað sé í viðtöl við starfsmenn, að „starfsmenn hafa hvort sem er ekkert um þetta að segja“. Það sem er mikilvægast í þessu sambandi er að horfa fram á veginn, nýta sóknarfæri upplýsingatækninnar, svo sem til eflingar öryggis og aukins árangurs í rekstri fyrirtækja, án þess þó að missa sjónar af þeirri staðreynd að vinnufyrirkomulagið getur haft veruleg áhrif á líðan starfsmanna og þar með afköst þeirra og árangur í starfi. Tæknin sem slík stjórnar ekki þróuninni, heldur mannskepnan, sem getur gert það sem tækninni er ókleift, nefnilega að hlúa að þáttum eins og líðan einstaklinga og rétti þeirra til friðhelgi einkalífs.

Heimildir

Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Anna G. Ólafsdóttir og Ragnhildur Sverrisdóttir. (2004, 4. janúar). Persónuvernd berst aukinn fjöldi kvartana. *Morgunblaðið* sótt 6. janúar 2004 af http://www.mbl.is

Bammé, A. (2002). Prolouge. Í Bammé A. , Getzinger, G. og Bernhard, W. (ritstj.). *Year book 2002 – of the Institute for Advanced Studies on Science, Technology* & *Society*. Vín: Profil Verlag.

Botan, C. og Vorvoreanu, M. (2000). *"What Are You Really Saying To Me?" Electronic Surveillance In The Workplace*. Sótt 17. janúar af http://astro.temple.edu/~cbotan/research/surveillance/botan_vorvoreanu_2000.htm

Foucault, M. (1977). *Discipline and Punish – The Birth of the Prision*. London: Penguin Books.

Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds, og Kristín Ástgeirsdóttir. (1994). *Frumvarp til stjórnskipunarlaga Um breyting[u] á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum*. Sótt 11. nóvember, 2003 af http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. (2003). Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV – félagsvísindadeild* (bls. 62-70). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Leiðbeiningar Persónuverndar um eftirlit vinnuveitenda með tölvupósts- og netnotkun starfmanna nr. 1001/2001.

Lyon, D. (2003). *Surveillance after September 11*. Cornwall: Polity Press.

Lyon, D. (2001). *Surveillance Society; monitoring everyday life*. (2.útg.). Philadelphia: Open University Press.

Lyon, D. (1994). *The Electronic Eye, the rise of surveillance society*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Lyon, D. (1988). *The Information Society, Issues and Illusions*. Cambridge: Polity Press.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Orwell, G. ([1949], 2000. *Nineteen Eighty-Four*. London: Penguin Classics.

Salvör Nordal. (2003). Friðhelgi einkalífsins. Í Kristján Kristjánsson og Logi Gunnarsson (Ritstj.), *Heimspeki messa*. (bls.181-196). Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Sigrún H. Kristjánsdóttir. (júní, 2003). *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og Persónuvernd – Lögfræðileg úttekt*. Reykjavík: Vinnueftirlitið.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með breytingum nr. 97/1995
Webster, F. (1995). *Theories of the Information Society*. London: Routledge
Westin, A. F. (2003. Social and Political Dimensions of Privacy. *Journal of Social Issues*, *59*(2*)*, 431 - 453.

Ólík hugsun um störf eftir kynferði

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Rannsóknir sýna mikinn kynjamun á bæði námsáhuga (Thomas, 1990) og starfsáhuga (t.d. Shinar, 1975; Fottler og Bain, 1980; Rojewski, 1997 í Sharf, 2002; Gysbers, Heppner og Johnston, 1998). Þessi kynjamunur hefur iðulega verið rannsakaður og skýrður með staðalmyndum af kynhlutverkum (Gottfredson,1981, 1986; Betz og Fitzgerald, 1987; Scott 1981; Kortenhaus og Demarest, 1993 í Sharf, 2002), en einnig er unnt að leita skýringa á þessum mun í starfshugsun. Með starfshugsun er átt við það hvernig fólk hugsar um ákveðin störf eða starfsheiti. Starfsskynjun er samheiti orðsins starfshugsun og á við hugsun um einstök störf, hugsun sem byggir annað hvort á reynslu eða athugunum (O'Dowd & Beardslee, 1960; Tinsley, Bowman & Ray, 1988 í Shivy, Rounds & Jones, 1999). Það er nokkuð samdóma álit þeirra sem skoðað hafa hugsun um störf að hún liggi til grundvallar starfsáhuga og starfsþróun (Gati, 1991; Reeb, 1979, Rounds og Tracey, 1996 í Shivy, Rounds & Jones, 1999) og því er forvitnilegt að kanna hvort finna megi mun á því hvernig drengir og stúlkur hugsa um störf eða skynja heim starfanna.

Aðferðir í rannsóknum á starfshugsun eru ýmist könnun á viðhorfum fólks til starfa með viðhorfaskölum, s.s. er sá sem vinnur starfið íhaldssamur – róttækur (conservative – radical), ríkur – á erfitt fjárhagslega (wealthy – not well to do) (O'Dowd & Beardslee, 1960) eða byggja á hugsmíðahyggju (constructivism). Í anda hennar eru svarendur beðnir um að tilgreina hvar störf raðast á tvíátta skala, s.s mikill frítími – lítill frítími, mikil ábyrgð – lítil ábyrgð (Guichard, Devos, Bernard, Chevalier, Devaux, Faure, Jellab, og Vanesse, 1994). Í þessari aðferð er gert ráð fyrir að hugsanaskemu raðist síðan saman eftir því hvað fólk telur að sé líkt og hvað ólíkt með störfunum. Niðurstöður eru gjarnan settar fram með kortum sem sýna þessi tengsl. Kortið gefur mynd af því huglæga starfi sem liggur að baki hugsanaform-gerðum um störf.

Rannsóknir á starfshugsun (Guichard og félagar, 1994; Motola, 2001; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2003) í anda hugsmíðahyggju hafa gengið í smiðju

franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu (1930-2002), til að kanna félagsleg áhrif á starfshugsun. Kenningu Bourdieus má einnig beita til að kanna áhrif kynferðis á starfshugsun, enda telur Bourdieu að kynferði sé grundvallarþáttur í habitus fólks. Bók Bourdieu, *La domination masculine* (1998) fjallar ítarlega um kynja-habitus (*habitus sexué*). Áður en habitus og kynja-habitus hugtökin eru kynnt er rétt að taka fram að Bourdieu telur að raunveruleikinn samanstandi fyrst og fremst af tengslum („the real is relational") og að þessi hlutlægu tengsl orki utan við vilja eða vitund einstaklingsins (Jenkins, 1992). Það er í anda þessa sem hann rannsakar félagslegar andstæðuhugsanir og notar þær til að varpa ljósi á félagslegan habitus fólks. Til að greina þessa hugsun notar Bourdieu *correspondence analysis* og telur þá aðferð heppilega til að kanna þessi hlutlægu, en jafnframt félagslegu tengsl (Bourdieu & Wacquant, 1992). Aðferðinni verður lýst betur síðar í greininni, en beinum nú athyglinni að habitus og kynja-habitus.

Bourdieu skilgreinir habitus sem formgerð sem formgerir (Bourdieu & Wacquant, 1992). Með þessari skilgreiningu á hann við að habitusinn sé formgerð af félagslegum toga og sé samofin hugsun okkar og skynjun og liggur til grundvallar mismunandi lífsstíl. Þannig mótar habitus það sem við gerum. Þetta eru mengi vensla sem hver og einn tileinkar sér óafvitandi og mynda skemu eða formgerðir skynjunar, athafna og mats. Þótt formgerðir þessar séu ómeðvitaðar er það vegna þeirra sem við getum aðhafst skynsamlega eða samkvæmt tiltekinni tegund rökvísi, s.s. valið úr menningunni eftir smekk, skynjað og þekkt tiltekna hluti o.s.frv. Habitusinn er ekki bara formgerð (mengi vensla) heldur myndar hann líka nýjar formgerðir. Að habitus formgeri þýðir að einstaklingurinn sér veruleikann á grundvelli flokkunarkerfis sem byggir á andstæðupörum og má taka sem dæmi hvernig menningarafurðir eru flokkaðar, s.s. kampavín/rauðvín, ljóðabók/ tískublöð, golf/fótbolti, 2PAC/Rakhmaninov eða að mikill frítími/lítill frítími tengist tilteknu starfi. Þetta eru félagslegar andstæður í þeim skilingi að smekkur fyrir fyrrgreindum atriðum er ólíkur og fer eftir félagslegri stöðu. Þannig segir Bourdieu (1990) að félagsleg staða þeirra sem drekka rauðvín í frönsku samfélagi, sé ólík félagslegri stöðu þeirra sem drekka kampavín. Bourdieu lýsir þessu svo: Smekkur flokkar og hann flokkar þann sem flokkar („Taste classifies and it classifies the classifier.") (1984).

Á öðrum stað skilgreinir Bourdieu habitus sem félagslega huglægni (socialized subjectivity) (Bourdieu & Wacquant, 1992). Þannig afbyggir hann andstæðuparið: einstaklingur/samfélag. Bourdieu notar habitus hugtakið til að yfirstíga skiptingu milli hins einstaklingslega og félagslega, hann telur raunar að sú skipting sé mjög skaðleg í félagsvísindum (Bourdieu, 1997).

Habitus er holdgerving hins félagslega í hverjum og einum og um leið er hann kollektívur (í mörgum með sama hættti eða tilheyrir mörgum). Þannig aðgreinir habitus fólk í ólíka félagshópa, sem eru í ólíkum tengslum við hluti og fyrirbæri, bíómyndir, tónlist, vistarverur, störf, háskólastofnun, o.s.frv. Bourdieu vill skoða þessi tengsl, hvernig hver og einn gefur einhverju fyrirbæri ólíka merkingu allt eftir afstöðu sinni innan félagslega rýmisins.

Ólíkir veruhættir karla og kvenna eru grundvallandi í habitushugtakinu og var því ekki að undra að Bourdieu skrifaði árið 1998 bókina *La Domination masculine* um yfirráð karla (ensk þýðing 2001). Í upphafi bókarinnar segist hann ekki hafa hætt sér inn á þetta erfiða svið sem kynjarannsóknir eru nema af því að allar hans rannsóknir hafa beinst að því viðfangsefni sem hann kallar þversögn hins viðtekna, þ.e. að fólk fylgir markalínum (boð og bönn, skyldum og viðurlögum) án þess að streitast á móti. Þá sé það enn furðulegra hve fólk undirgengst valdboð án þess að æmta eða skræmta, líður alls kyns forréttindi og óréttlæti. Slíkar óþolandi aðstæður þyki jafnvel eðlilegar. Bourdieu segir í bókinni að sér hafi alltaf fundist að í yfirráðum karla, og hvernig þeim er viðhaldið, sé besta dæmið um þessa þversagnarkenndu auðsveipni.

Orsök þessarar auðsveipni er hin táknræna valdbeiting, sem er bæði ósýnileg og óáþreifanleg, en birtist í samskiptum, þekkingu eða vanþekkingu, viðurkenningu og tilfinningu. Skilningur á yfirráðum karla er sameiginlegur og verður því að viðurkenndum og hlutlægum skynjanaferlum, þar sem búist er við að karlar fái bróðurpartinn af öllu því sem er til skiptanna. (Það er naumast tilviljum að íslenska orðasambandið að fá bróðurpartinn skuli haft yfir stærri hlutann!) Besta dæmið um þetta ástand er hinn óútskýrði launamunur sem hefur verið til umræðu undanfarið. Þessi viðtekni „sannleikur" er konunum í óhag og í því felst táknræna valdbeitingin. Bourdieu telur táknrænu valdbeitinguna vera grundvallaratriði og skýra auðsveipni kvenna við yfirráð karla. Hún er ósýnileg og óáþreifanleg en gagnsýrir samskipti, þekkingu og lífsstíl karla og kvenna.

Táknræna valdbeitingin skýrir til dæmis hvers vegna það er konum tilfinningalega erfitt að fara inn á svið karla og það verður þeim beinlínis líkamlega erfitt: þær roðna, finna til kvíða, sektarkenndar, reiði hins vanmáttuga og sætta sig t.d. við að tekið sé frammí fyrir þeim. Samkvæmt Bourdieu liggur valdið í hugarferlunum og þau liggja að baki hinu félagslega mynstri. Félagsmynstrin standa djúpt og eru eins og skrifuð á líkama karla og kvenna. Þau birtast í andstæðupörum eins og karl/kona, sterkur/veik, stór/lítil, hátt kaup/lágt kaup, beinn/bugðótt, harður/mjúk, grófur/fín, vinna inni/vinna úti. Bourdieu gagnrýnir rannsóknir í sálfræði fyrir að líta á

þessa félagsgerð sem eðlislægan mun og komast t.d. að því að karlar séu árásargjarnari en konur. Hugmyndin um árásargirni karla er smíðuð og síðan er henni lýst á „hlutlægan" hátt. Hann gagnrýnir fræðimenn innan fleiri fræðigreina (hagfræði, þjóðfræði, sagnfræði) fyrir að láta tengsl, sem byggja á því að eitt kynið ræður yfir öðru, líta út fyrir að vera hlutlægur veruleiki (Bourdieu, 1998).

Innan náms- og starfsráðgjafarfræða hefur það verið gagnrýnt hve lítið félagslegir áhrifsþættir í náms- og starfsvali hafa verið rannsakaðir (Roberts, 1981; Richardson, 1993; Collin, 1997). Þá hefur starfshugsun lítið verið rannsökuð, en áhersla lögð á að rannsaka einstaklinginn eða það sem honum finnst um sig sjálfan s.s. leikni hans, viðhorf eða áhuga (Ivey, 1980; Shivy, Rounds & Jones, 1999). Vera kann að þetta áhugaleysi í rannsóknum á starfshugsun stafi af því að í rannsóknum, bæði innan félagsfræði og sálfræði, er það ríkjandi skoðun að allir hugsi eins um störf (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2003) og hafa rannsóknir á félagslegum mun í starfshugsun verið í miklum minnihluta (Coxon og Jones, 1978; Magaña, Burton og Ferreira-Pinto, 1995). Þetta hefur þau áhrif í náms- og starfsráðgjöf að við miðlun starfsupplýsinga er ekki hugað að því að viðtakendur geta haft mismunandi sjóndeildarhring í heimi starfanna.

Ef það kemur t.d. í ljós að munur er á því hvernig karlar og konur hugsa um störf er eðlilegt að taka mið af því við framkvæmd náms- og starfsráðgjafar. Það getur einnig varpað ljósi á það hvers vegna vald- og tekjuskipting sem er konum í óhag endurtekur sig þrátt fyrir alla viðleitni til að koma á jafnrétti í reynd.

Eftirfarandi rannsókn byggist fræðilega og aðferðafræðilega á habitus-kenningu Bourdieu og sérstaklega þeim þætti hennar er snýr að kynja-habitus og þar er spurt hvort að félagsleg staða kynjanna hafi áhrif á hvernig hugsað er um störf.

Aðferð

Þátttakendur í rannsókninni voru 911 unglingar (497 drengir og 414 stúlkur) í 10. bekk í 26 grunnskólum, annars vegar af höfuðborgarsvæðinu og hins vegar úr sjávarþorpum. Mæling á starfshugsun er gerð með því að leggja lista af 11 störfum fyrir þátttakendur sem þau meta á 12 kvörðum með 7 punktum. Dæmi: Að þínu mati er hjúkrunarstarfið a) ekki áhugavert/-áhugavert, b) hefur það lítið samfélagslegt gagn/mikið samfélagslegt gagn. Sá

sem er í hjúkrunarfræðingsstarfinu hefur a) litla ábyrgð/mikla ábyrgð b) litlar tekjur/miklar tekjur.

Störfin eru valin með hliðsjón af því að hafa sem víðasta skírskotun í samfélaginu, karla- og kvennastörf, ófaglærð og sérfræðingsstörf. Störfin eru bifvélavirki, flutningabílstjóri, grunnskólakennari, hjúkrunarfræðingur, verkfræðingur, læknir, rafsuðumaður, rafvirki, ritari, sjómaður og sölumaður.

Starfshugsun er greind með Correspondence Factor Analysis (CFA). Þessi aðferð greinir krosstöflur og raðar dálkum töflunnar eftir því hversu lík mynstur þeir hafa eftir línum og línum er raðað eftir því hversu lík mynstur þær hafa yfir dálka. Störfin mynda dálka töflunnar og kvarðarnir 12 mynda línurnar. Störf sem eru með svipað mynstur á kvörðunum 12 eru nálægt hverju öðru. T.d. eru grunnskólakennari og hjúkrunarfræðingur nálægt hvor öðrum á mynd 1, en það þýðir að þátttakendur hafa metið þau svipað á kvörðunum tólf. Á hinn bóginn er langt á milli læknis og t.d. rafvirkja sem þýðir að þau störf eru metin mjög ólíkt.

Fjarlægðir milli einstakra gilda á kvörðunum má túlka á svipaðan hátt. Þannig er gildið 1 á virðingu langt frá gildinu 7 sem þýðir að þau eru notuð ólíkt fyrir störfin 11. Gildið 7 á virðingu er hins vegar nálægt gildinu 7 á t.d. tekjum sem þýðir að þessi gildi mynda svipað mynstur yfir störfin 11. Starf sem margir gefa 7 í virðingu hefur einnig tilhneigingu til að fá 7 t.d. í tekjum.

Við getum einnig borið saman störf og gildi á kvörðunum 11. Ef við drögum línu frá núllpunkti í viðkomandi starf og einnig í viðkomandi gildi, þá tengist þetta tvennt því meir sem hornið milli línanna er minna. Þetta þýðir t.d. að það er tiltölulega algengt að læknir fái 7 á virðingu eins og sést á því að línurnar út í þessa tvo punkta liggja mjög nálægt hver annarri.

Vægi á þeim skölum sem sérstaklega voru kannaðir áhuga-, virðingar- og tekjuskalar, var skoðað með því að kanna þrjú efstu gildin (5 – 7) á hverjum skala.

Þá var logistic aðhvarfsgreiningu beitt á nokkur störf til að hefja greiningu á styrkleika tengsla milli þeirra þriggja skala sem áhugavert er að skoða á þessu stigi: áhuga- virðingar- og tekjuskalana. Í logistic aðhvarfsgreiningu er háða breytan tví- eða þrígild nafnbreyta og líkur á tiltekinni niðurstöðu reiknaðar út. Í þessu tilviki var kannað hvort kynferði hefði áhrif á hugsun um tekjur eða virðingu starfa. Til að einfalda myndina var hverjum skala breytt úr sjö stiga skala í þrískiptan skala.

Niðurstöður

Mynd 1 sýnir kortlagninu af starfshugsun drengja með CFA aðferðinni (Greenacre, 1994; Micheloud, 1997). Eins og komið hefur fram í fyrri rannsóknum raðast störfin á tvær meginvíddir þar sem virðingarskalinn er láréttur og kynferðisskali lóðréttur. Kynferðis- og virðingarskalarnir eru markaðir með línu. Einnig hefur verið dregin lína eftir áhugaskalanum og tekjuskalanum. Sama gildir um mynd 2 sem sýnir kortlagningu á starfshugsun stúlkna. Ekki er tóm til þess hér að skoða fleiri skala, þó það væri vissulega áhugavert. Ef við beinum fyrst sjónum að staðsetningu starfanna á hugarkortunum sést að læknastarfið hefur algera sérstöðu á virðingarásnum. Hjúkrunarstarfið og kennarastarfið nýtur meiri virðingar hjá stúlkunum og er hjúkrunarfræðingurinn nær læknastarfinu hjá stúlkum. Ritarastarfið hefur lægri virðingarstöðu hjá drengjum, en verkfræðingsstarfið meiri virðingu, borið saman við stúlkurnar. Þær aðgreina verkfræðingsstarfið lítið frá rafvirkjanum og bifvélavirkjanum. Það virðist því vera sem svo að sýnin á störfin sé önnur hjá drengjum en stúlkum. Að baki þessum ólíku hugarsmíðum liggur innbyggt flokkunarkerfi sem stýrir smekk þeirra eða áhuga á störfunum. Félagslega staða þeirra eða kynja-habitus leggur línurnar í þessari hugsun.

Séu skalarnir á myndum 1 og 2 bornir saman sést að drengirnir nota mun meira af tekjuskalanum, m.ö.o. fara oftar ofar á þessum skala en stúlkur. Í heimi drengja virðist því algengara að fólk fái hátt kaup, en í heimi stúlkna. Skalinn liggur líka öðruvísi hjá drengjunum, því hann byrjar hjá ritarastarfinu (ritarar fá lægstu launin) en í karlastörfunum hjá stúlkunum (flutningabílstjórar fá lægstu launin). Greinilegt er að stúlkur tengja ferðalög meira við karlastörf en drengir.



Mynd 1. Starfshugsun drengja



Mynd 2. Starfshugsun stúlkna

Það er mjög athyglisverð niðurstaða úr CFA að áhuga- og tekjuskalarnir fara saman hjá drengjunum, en hjá stúlkunum fara áhuga- og virðingarskalinn saman, þ.e. að svör við áhuga fara oftar eftir sama mynstri (eru lík) og svör um tekjur í störfum í tilfelli drengjanna. Svör við áhuga á störfum hafa sama mynstur og svör við virðingu starfa hjá stúlkunum. CFA gefur ekki upplýsingar um styrkleika þessa sambands. Til að kanna þessar niðurstöður nánar var fyrst litið á röðun starfa á hverjum þessara þriggja skala, áhuga-, virðingar- og tekjuskala. Þetta er gert til að kanna hvaða vægi drengir og stúlkur gefa störfunum ellefu á þessum skölum.

Á myndum 3 og 4 sést hver virðingarröð ellefu starfa eru hjá drengjum og stúlkum í rannsókninni. Myndirnar sýna hlutfall þeirra sem merkja við þrjú efstu sig á 7-skiptum virðingarskala (lítil virðing – mikil virðing).

Eftirtektarvert er að röðin er talsvert ólík þar sem stúlkur setja dæmigert karlastarf, flutningabílstjórann neðst í virðingarröðina, en drengir dæmigert kvennastarf, ritarann. Þá er og athyglisvert að verkfræðingur er næst efstur að virðingu hjá drengjunum, en í fjórða sæti hjá stúlkunum. Staða sjómannsins er eftirtektarverð, en það starf er í fimmta sæti hjá báðum kynjum. Við túlkun niðurstaðna þarf að hafa í huga að úrtakið er hentugleikaúrtak úr sjávarþorpum og af höfuðborgarsvæðinu. Sjómaðurinn hefur heldur meiri virðingu en iðnaðarmannastörfin hjá stúlkunum. Þá er og vert að gefa því gaum að hærra hlutfall stúlkna merkir oftar að störf séu virðingarverð. Grunnskólakennarastarfið er það starf sem hreyfist mest til í virðingarröðinni, það er í þriðja sæti hjá stúlkunum en í því sjöunda hjá drengjunum.

Hér virðist því sýnt að staðan innan félagslega rýmisins (þ.e. hvort um dreng eða stúlku sé að ræða) hefur áhrif á hvernig skynjunin er á virðingu starfa. Frávikin eru of mörg til að unnt sé að álykta að virðing starfa snúi eins við körlum og konum. Niðurstaðan er því að konur og karlar hugsa alls ekki eins um virðingu starfa. Þessi djúpstæði munur er kominn til sögunnar þegar á ungum aldri.



Mynd 3. Virðingarröð starfa hjá drengjum og stúlkum (%)

Ef við lítum á tekjuskalann (mynd 4) og skoðum hvernig stúlkur og drengir raða störfunum niður eftir tekjum sést að drengir telja að sjómaður og verkfræðingur hafi hærri tekjur, en stúlkurnar. Í samanburði við þær telja drengirnir að grunnskólakennarinn hafi heldur lægri tekjur, en flutningabílstjórinn hærri tekjur. Yfir línuna telja því drengir oftar að hærri tekjur fáist fyrir störfin og staðfestir það myndina sem sást í „correspondence" þáttagreiningunni. Það er athyglisvert að stúlkur telja að rafvirkinn hafi mun lægri laun en hjúkrunarfræðingur, en drengirnir telja að á hjúkrunarfræðingi og rafvirkja sé lítill tekjumunur. Stúlkurnar telja að grunnskólakennari og sölumaður hafi jafnhá laun, en drengir setja verulegan mun á milli þessara tveggja starfa grunnskólakennaranum í óhag. Skýring á þessu er sú að stúlkur gera sér í hugarlund hærri tekjur en drengir í störfum sem þær stefna á og öfugt.



Mynd 4. Tekjur í störfum að mati drengja og stúlkna (%)

Ef við lítum næst á áhugaskalann (mynd 5) sést hve störfin raðast í gjörólíka röð, frávikin koma sérstaklega í ljós í verkfræðingsstarfinu, rafvirkjastarfinu, grunnskólakennarastarfinu og ritarastarfinu. Þetta kemur ekki á óvart og er þekkt fyrirbæri úr fyrri rannsóknum á áhuga.



Mynd 5. Áhugi drengja og stúlkna á störfum (%)

Þessar niðurstöður varpa nokkru ljósi á niðurstöður CFA greiningarinnar, að því leyti að kynin tvö gefa störfunum mismikið vægi á þessum þremur skölum.

En þar sem CFA gefur ekki upplýsingar um styrk tengsla á milli þessara skala var gerð logistic aðhvarfsgreining á nokkrum störfum, verkfræðingsstarfinu, hjúkrunarfræðingsstarfinu, kennarastarfinu, rafvirkjastarfinu og sölumannsstarfinu. Til að einfalda myndina var hverjum skala breytt úr sjö stiga skala í þrískiptan skala. Logistic aðhvarfsgreining var notuð til að kanna styrkleika kynjamunar á frumbreytunum þremur: áhugi, virðing og tekjur í fimm störfum. Logistic aðhvarfsgreiningin prófar líkurnar á því að munur sé á milli kynjanna á skölunum þremur.

Í tilviki verkfræðingsstarfsins þá staðfestir logistic aðhvarfsgreiningin kynjamun á öllum skölunum þremur, áhugaskala (t-Wald 38,09, df 2, p=0,00), virðingarskala (t-Wald 8,47, df 2, p< 0.05) og tekjuskala (t-Wald 7,38, df 2, p< 0.05). Þessar niðurstöður sýna að þegar tekið er tillit til kynjamunar í áhuga og virðingu mælist kynjamunur í tekjumati. Þá mælist kynjamunur í virðingu að teknu tilliti til ólíks virðingar- og tekjumats.

Logistic aðhvarfsgreiningin gefur svipaðar niðurstöður um hjúkrunarfræðingsstarfið og staðfestir kynjamun á öllum skölunum þremur, áhugaskala (t-Wald 130,240, df 2, p=0,00), virðingarskala (t-Wald 24,15, df 2, p=0.00) og tekjuskala (t-Wald 6,43, df 2, p< 0.05). Þessar niðurstöður sýna að þegar tekið er tillit til kynjamunar í áhuga og virðingu mælist kynjamunur í tekjumati. Þá mælist kynjamunur í virðingu að teknu tilliti til ólíks virðingar- og tekjumats.

Í hugsun um grunnskólakennarastarf og rafvirkjastarf kemur annað mynstur í ljós milli skalanna því kynjamunur á tekjuskala mælist ekki að teknu tilliti til munar á áhugaskala og virðingarskala. Skoðum fyrst kennarastarfið. Þar eru yfirgnæfandi líkur á kynjamun í áhuga (t-Wald 23,146, df 2, p=0.00), á virðingu eru líkurnar enn hærri (t-Wald 46,91, df 2, p=0.00), en ekki mælist kynjamunur í hugsun um tekjur, þegar tekið er tillit til hinna skalanna tveggja (t-Wald 1,39, df 2, p= 0.50). Niðurstöður á skölunum þremur í tilviki rafvirkjans eru: áhugaskali (t-Wald 71,94, df 2, p=0.00), virðingarskali (t-Wald 9,48, df 2, p< 0.01) og tekjuskali (t-Wald 2,24, df 2, p= 0.33).

Niðurstöður á logistic aðhvarfsgreiningu á skölunum þremur fyrir sölumannsstarfið sýna enn annað munstur, þ.e. að greina ekki kynjamun á neinum skalanna (áhugaskali (t-Wald 0,41, df 2, p=0.98), virðingarskali (t-Wald 1,38, df 2, p< 0.51), tekjuskali (t-Wald 3,78, df 2, p< 0.16). Þetta sýnir að það er mismunandi hvort að kynjamunur er í hugsun um einstök störf, en þegar litið er til þeirra ellefu starfa sem valin voru er kynjamunur til staðar.

Sölumannsstarfið hefur í raun þá sérstöðu að vera líkt í augum drengja og stúlkna á þessum þremur skölum.

Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að kynjamunur er greinilegur í hugsun um störf og er sýnt fram á það með fleiri en einni aðferð. Kortlagning á þessari hugsun með „correspondence" þáttagreiningu sýndi þennan mun. Í þessari grein er athyglinni sérstaklega beint að þremur skölum, áhuga, virðingar- og tekjuskölunum, því samspil þeirra í „correspondence" þáttagreiningunni er ólíkt.

Tíðnitöflur á efstu þremur stigum skalans studdu við þá mynd sem kortin í „correspondence" greiningu gáfu. Þær sýna að vægið á efstu þremur þrepum áhuga- og virðingarskala er ólíkt og að drengir gefa hærra vægi á tekjuskalanum.

En hvorug fyrrgreindra aðferða gefur upplýsingar um styrkleika þessara tengsla og því voru gögnin greind með logistic aðhvarfsgreiningu. Sú greining studdi þá almennu niðurstöðu að marktækur kynjamunur sé á því hvernig hugsað er um störf í víddinni eða skalanum lítill/mikill áhugi, lítil/mikil virðing og litlar/miklar tekjur. En það sem kom í ljós var að í einu tilviki af þeim fimm störfum sem voru tekin með í reikninginn, sölumannsstarfinu, var ekki um kynjamun að ræða, í tveimur störfum, rafvirkja og grunnskólakennara, var ekki um að ræða kynjamun á tekjuskala þegar tekið var tillit til áhuga- og virðingarskalanna. Í tilviki hjúkrunarfræðistarfsins og verkfræðistarfsins var marktækur kynjamunur á öllum skölunum þremur, áhuga-, virðingu- og tekjuskala. Svo virðist því að störfin kalli fram mismunandi ólíkar myndir hjá drengjum og stúlkum. Í sumum tilvikum kalla þau fram svipaða mynd, en í öðrum mjög ólíka. Ekki er rými hér til að skoða hin störfin sex, en lausleg athugun sýnir að þetta ólíka mynstur er þar til staðar. „Correspondence" þáttagreining sýnir að það fer saman hjá stúlkum að leggja mikið upp úr áhuga og virðingu í hugsun um störf, en hjá drengjunum fer saman að hafa áhuga á tekjum. Tíðnitöflur sýna þetta sama munstur og með logistic aðhvarfsgreiningu er spáð fyrir um kynjamun á bæði virðingar- og tekjuskala í nokkrum af störfunum ellefu. Það bíður nánari rannsóknar á gögnunum að kanna frekar styrkleika þessa sambands milli tekna og áhuga hjá drengjum og virðingar og áhuga hjá stúlkum.

Önnur atriði sem vert væri að skoða nánar er að kanna betur þær grundvallarformgerðir sem liggja þarna að baki. Ljóst er að stúlkurnar gefa störfum

sem snúa að umhyggju ungra og sjúkra meira vægi, en drengirnir verkfræði- og tæknistörfum. Það væri vert að kanna hvort að hér búi að baki sú grundvallarformgerð sem Bourdieu (1998) lagði alla tíð áherslu á: karlar vinna úti/ konur vinna inni. Það að stúlkur gefa því mjög mikið vægi að ferðalög tengjist karlastörfum (sjá mynd 2) gæti stutt þessa greiningu Bourdieu. Aðrar skýringar eins og eðli starfanna sem raðast á karlahlið kynja-víddarinnar, þ.e. sjómaður og flutningabílstjóri, koma einnig til greina. Þetta atriði bíður nánari rannsóknar.

Í upphafi var þess getið að í rannsóknum á ólíkum starfsáhuga kynjanna sé oft litið til þess að um ólíkar staðalmyndir kynhlutverka sé að ræða, þar sem alhæft er um tiltekin störf: Það er alhæft um persónuleika fólks í störfunum, hvernig lífi það lifir, hvernig kjör það býr við, hvað gert er í starfinu og hversu vel þau hæfa tilteknum einstaklingum (Gottfredson, 1981). Stúlkur hafi t.d. ekki áhuga á lögreglumannsstarfinu af því að þær sjá karla í þessum störfum, bæði á götunni og í sjónvarpi (Looft, 1971 í Sharf, 2002). Þessi nálgun gerir ráð fyrir að þessar staðalmyndir herji á drengi og stúlkur og bjagi hugsun þeirra. Sú nálgun sem lýst er í þessari grein er sú að í raunveru-leika starfanna horfi tengslin öðru vísi við drengjum og stúlkum og hugsunin sé því ólík, m.ö.o. þetta er gott dæmi um kynja-habitus. Sýnt er að habitus-hugtakið hentar vel til að varpa ljósi á starfshugsun.

Að lokum er óhætt að segja að þessar niðurstöður ættu að segja náms- og starfsráðgjöfum að ástæða er til að hafa þennan kynjamun í starfshugsun í huga við miðlun starfsupplýsinga.

Heimildir

Bourdieu, P. (1984). *Distinction. A social critique of the judgement of taste.* (R. Nice. þýddi). London: Routledge. (Upphaflega kom bókin út 1979).

Bourdieu, P. (1997). *Méditations pascaliennes*. Paris: Seuil.

Bourdieu, P. (1998). *La domination masculine*. Paris: Seuil.

Bourdieu, P. & Wacquant, L. J. D. (1992). *An invitation to reflexive sociology*. Cambridge: Polity Press.

Collin, A. (1997). Symposium. Career in context. *British Journal of Guidance and Counselling, 25*, 435 – 445.

Coxon, A. P. M. & Jones, C. L. (1978). *The images of occupational prestige*. London: MacMillan.

Gottfredson, L. S. (1981). Circumscription and compromise: A developmental theory of occupational aspirations [Monograph]. *Journal of Counseling Psychology*, *28*(6): 545–579.

Greenacre, M. (1994). Correspondence analysis and its interpretation. In Greenacre, M. J. & Blasius, J. (Eds.) (1994). *Correspondence analysis in the social sciences: recent developments and applications*. London: Academic Press.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2003). *Social group differences in occupational conceptualisations: The relationship to career decision making and the relevance of careers education*. Óbirt doktorsritgerð: Hertfordshire háskóli.

Guichard, J., Devos, P., Bernard, H., Chevalier, G., Devaux, M., Faure, A., Jellab, M., & Vanesse, V. (1994). Diversité et similarité des représentations professionnelles d'adolescents scolarisés dans des formations differents. *L'Orientation Scolaire et Professionnelle*, *23*, 409–437.

Gysbers, N.C., Heppner, M.J. og Johnston, J.A. (1998). *Career counseling. Process, Issues and Techniques*. Boston: Allyn and Bacon.

Ivey, A. E. (1980). Counseling 2000: Time to take charge. *The Counseling Psychologist*, *8*(4), 12 – 16.

Jenkins, R. (1992). *Pierre Bourdieu*. London: Routledge.

Magnaña, J.R., Burton, M. og Ferreira-Pinto, J. (1995). Occupational cognition in three nations. *Journal of Quantitative Anthropology*, *5*, 149-168.

Micheloud, F.X. (1997). *Correspondence analysis* (on line). Available on the internet: http://www.micheloud.com/FXM/COR/e/index.htm (read the 25.03.2003).

Motola, M. (2001). *Social habitus and the Impact of Socio-cultural Factors on Vocational Behavior of Adolescents. A cross-national comparison of French and Finnish students*. Joensu, Finland: University of Joensu.

O´Dowd, D.D. & Beardslee, D.C. (1960). *College Student images of a selected group of professions and occupations*. Middletown, CT: Weslyan University.

Richardson, M. S. (1993). Work in people's lives: A location for counseling psychologists. *Journal of Counseling Psychology*, *40*(4): 425–433.

Robbins, D. (1991). *The work of Pierre Bourdieu*. Milton Keynes. UK:Open University Press.

Roberts, K. (1981). The sociology of work entry and occupational choice. In A. G. Watts, D. E. Super and J. M. Kidd (Eds.). *Career development in Britain*. Cambridge, Hobson Press.

Sharf, R. S. (2002). *Applying career development to counseling* (3.útgáfa). Pacific Grove, CA: Brooks/Cole.

Shinar, E.H. (1975) Sexual stereotypes of occupations. *Journal of Vocational Behavior*, *7*, 99-111.

Shivy, V.A., Rounds, J. & Jones, L.E. (1999). Applying Vocational Interests Models to Naturally Occurring Occupational Perceptions. *Journal of Counseling Psychology*, *46*, 207-217.

Thomas, K. (1990). *Gender and subject in higher education*. Buckingham: SHRE og Open University Press.

Dómar í forsjárdeilum

Ingólfur V. Gíslason

Á Íslandi voru 10.631 einstæðar mæður árið 2002 en 877 einstæðir feður. Hlutfall einstæðra feðra af einstæðum foreldrum var því 7,6% það ár. Þetta hlutfall hefur sáralítið breyst undanfarin ár, var 6,7% árið 1991. (Landshagir 2002 tafla 2.12). Á hinum Norðurlöndunum er hlutfall einstæðra feðra mun hærra. Í Finnlandi var það 12,3% árið 2000 (http://statfin.stat.fi) og í Svíþjóð var hlutfall einstæðra feðra af einstæðum foreldrum 15,7% árið 2002 (http://www.scb.se).

Ein af ástæðum þess að fólk verður einstætt foreldri er skilnaður og sambúðarslit. Samkvæmt barnalögum þeim sem samþykkt voru 1992 (Lög nr. 20/1992) voru þrjár leiðir til að ákveða forsjá barna ef foreldrar skildu. Í fyrsta lagi gátu foreldrarnir sjálfir samið um hvernig forsjá væri fyrirkomið (33. gr.). Í öðru lagi var unnt að fela dómsmálaráðuneytinu að úrskurða um forsjána ef foreldrar voru sammála um að fara þá leið. Loks var svo dómstólaleiðin ef foreldra greindi á og vildu ekki fela dómsmálaráðuneytinu úrskurðinn (34. gr.).

Mér lék forvitni á að kanna hvort úrskurðir dómstóla ættu þátt í því hversu lágt hlutfall einstæðra feðra er hérlendis og einnig þótti mér forvitnilegt að kanna hvernig dómstólar rökstyddu ákvarðanir sínar. Til að komast að þessu fór ég í gegnum alla forsjárdóma héraðsdómstóla landsins frá árinu 1995 og til og með ársins 2001. Það skal tekið fram að dómar þessir eru ekki aðgengilegir almenningi nema með sérstakri heimild.

En áður en farið er í dómana er rétt að líta á hver þróunin hefur verið hérlendis varðandi forsjá barna eftir lögskilnað.

Tafla 1. Forsjá barna eftir lögskilnað. (Hagtíðindi 2004:3. 16 júní 2004)

Ár	**Börn alls**	**Móðir fær forsjá %**	**Faðir fær forsjá %**	**Sameiginleg forsjá %**	**Aðrir fá forsjá %**
1989	564	87,4	12,2		0,4
1990	548	88,9	11,1		0,0
1991	606	88,0	11,1		1,0
1992	583	84,4	4,5	11,1	0,0
1993	580	86,0	7,6	6,2	0,2
1994	523	70,6	6,7	22,8	0,0
1995	513	61,8	3,5	34,3	0,4
1996	569	65,9	0,9	33,2	0,0
1997	545	57,1	3,7	39,3	0,0
1998	521	53,9	5,2	40,9	0,0
1999	540	58,0	4,1	38,0	0,0
2000	636	49,2	3,8	46,9	0,2
2001	705	49,1	3,5	47,4	0,0
2002	596	38,6	3,4	58,1	0,0
2003	593	36,3	2,5	61,2	0,0

Tafla 1 sýnir að meginbreytingin síðustu ár er hversu margir foreldrar notfæra sér þann möguleika, sem fyrst kom í íslensk lög árið 1992, að hafa forsjá barns eða barna sameiginlega þegar þau skilja. Ríflega 60% foreldra völdu sameiginlega forsjá árið 2003. Að sama skapi fækkar auðvitað þeim tilfellum þar sem annað hvort foreldra fer eitt með forsjána og sérstaklega hefur orðið hrun hvað feðurna varðar. Þeim tilfellum þar sem faðirinn hefur forsjána fækkar úr 12,2% árið 1989 og í 2,5% árið 2003. Með þessu er þó ekki öll sagan sögð því þó forsjáin sé sameiginleg þá þarf barnið að eiga lögheimili hjá öðru hvoru foreldranna og það foreldrið fær þá stöðu einstæðs foreldris gagnvart hinu opinbera og er sjálfsagt í flestum tilfellum megin umhyggju- og uppeldisaðilinn.

Tafla 2. Lögheimili við sameiginlega forsjá við lögskilnað (Upplýsingar fengnar frá Ólöfu Garðarsdóttur hjá Hagstofu Íslands).

Ár	Lögheimili hjá föður	Lögheimili hjá móður
1994	13%	87%
1995	19%	81%
1996	14%	86%
1997	15%	85%
1998	10%	90%
1999	15%	85%
2000	16%	84%
2001	13%	87%

Eins og sést á töflu 2 þá eru þau tilfelli þar sem lögheimili er hjá föður við sameiginlega forsjá mun fleiri en þau tilfelli þar sem faðirinn fær einn forsjá.

Ef þannig eru tekin saman þau tilfelli þar sem faðir fær forsjá eftir skilnað annars vegar og hins vegar þar sem forsjá er sameiginleg en lögheimili hjá föður þá er það í u.þ.b. 10% tilfella þau ár sem tölur ná yfir. Í því ljósi er breytingin frá 1989 varðandi stöðu feðra ekki jafn mikil og í fyrstu virðist.

Það sem hér hefur verið rakið á einvörðungu við ef foreldrar hafa verið gift og skilja. Tölur virðast ekki ná jafn langt aftur varðandi það hvernig forsjá er fyrir komið ef foreldrar sem ekki hafa verið gift ákveða að slíta sambúð. En síðastliðin þrjú ár hefur þróunin verið þannig:

Tafla 3. Forsjá barna við sambúðarslit (Hagtíðindi 2004:3. 16 júní 2004)

Ár	Börn alls	Móðir fær forsjá %	Faðir fær forsjá %	Sameiginleg forsjá %	Aðrir fá forsjá %
2001	787	30,9	1,7	67,5	0,0
2002	680	29,1	0,9	70,0	0,0
2003	680	26,0	0,6	73,4	0,0

Svo sem sjá má í töflu 3 þá er sameiginleg forsjá enn algengara úrræði við sambúðarslit en löskilnað. Ríflega 70% barnanna eru í sameiginlegri forsjá foreldra sinna eftir sambúðarslitin. Við sambúðarslit heyrir það til hreinna undantekninga að faðir fái einn forsjána.

Upplýsingar um lögheimili barns í sameiginlegri forsjá ef um sambúð hefur verið að ræða eru ekki aðgengilegar nema fyrir árið 2003. Það ár urðu alls 680 börn fyrir því að foreldrar slitu sambúð. Af þeim 499 sem búa við

sameiginlega forsjá hafa 94,4% lögheimili hjá móður og 5,6% hjá föður (upplýsingar fengnar frá Ólöfu Garðarsdóttur hjá Hagstofu Íslands).

Það er því augljóst af þessu að mun sjaldgæfara er að faðir fái forsjá barns eða að lögheimili þess sé hjá honum ef um sambúðarslit er að ræða en eftir lögskilnað. Það er raunar í samræmi við niðurstöður rannsóknar Bjarkar Sigurgísladóttir og Fjólu Pétursdóttir (1996) þar sem m.a. var skoðað hvar lögheimili barna í sameiginlegri forsjá var árin 1994, 1995 og 1996. Þegar um lögskilnað var að ræða fengu 14,6% barnanna lögheimili hjá föður en þegar um sambúðarslit var að ræða fengu 5,5% barnanna lögheimili hjá föður.

Dómarnir

Á árunum 1995 til 2001 voru alls kveðnir upp 90 dómar í forsjármálum við héraðsdómstóla landsins. Þeir skiptust þannig milli dómstóla: Reykjavík 54, Vesturland 1, Vestfirðir 0, Norðurland vestra 3, Norðurland eystra 5, Austfirðir 5, Suðurland 5, Reykjanes 17.

Í 34 tilfellum (38%) stefnir faðir en móðir í 56 tilfellum (62%). Föðurnum er dæmd forsjáin í 35 tilfellum (39%), móðurinni í 54 tilfellum (60%) og einu sinni var systkinum skipt. Ef litið er til barnafjöldans í stað dómanna verður niðurstaðan sárasvipuð því 58 börn fara til föður síns (40%) og 88 til móður sinnar (60%).

Þessi niðurstaða kom mér verulega á óvart enda skiptingin með allt öðrum hætti en einkennir samfélagið í heild. Hins vegar er til þess að taka að þeir foreldrar sem deila fyrir dómstólum eru ekki þverskurður af samfélaginu. Verulegur hluti foreldra sem eru með forsjármálin fyrir dómstólum er fólk sem á í miklum erfiðleikum á fleiri sviðum tilverunnar. Hér er mikið um fólk sem á í félagslegum, efnahagslegum og andlegum erfiðleikum. Eftir því sem fram kemur í dómunum áætla ég að þetta eigi við í að minnsta kosti 60% tilvika. Svipaður bakgrunnur foreldra kom fram í rannsókn Koch (2000) á dómum í forsjármálum í Osló í Noregi.

Mál þessi fara yfirleitt þannig fram að dómstóllin kveður til sérfræðinga til að leggja mat á hæfi foreldranna og til að meta hvorum aðilanna barnið eða börnin eru tengdari og hvar skynsamlegt sé að forsjáin verði. Sá möguleiki að kalla sérfróða aðila til mats er nefndur í 34. grein þágildandi barnalaga. Það á við í 63 tilfellum af þessum 90 (þ.e. 70% tilvika) að slíkir sérfræðingar eru kvaddir til. Í þeim tilfellum þegar það er ekki gert virðist fyrst og fremst um það að ræða að niðurstaðan er allt að því sjálfgefin, annað foreldranna er

flutt úr landi eða sækir ekki þing eða hefur ekki uppi kröfur í málinu. Oftast eru a.m.k. tveir matsaðilar en í sumum tilfellum fleiri og dæmi eru um að 5 og 6 sérfróðir matsaðilar komi að matinu. Auk sálfræðinga eru geðlæknar og félagsráðgjafar fengnir til mats.

Auk þess að fá sérfræðinga til að meta hæfið er ekki óalgengt að dómarinn kalli á sérfræðinga til að sitja í dóminum og taka þátt í að kveða upp úrskurð. Á það við um 36 af þessum 90 dómum (40%). Fyrst og fremst eru það sálfræðingar sem til eru kvaddir en einnig eru dæmi um aðra svo sem geðlækna, félagsráðgjafa og prest. Slíkir meðdómendur verða þó sjaldséðnari eftir því sem árin líða.

Undantekningarlítið komast sérfræðingarnir að þeirri niðurstöðu að báðir aðilar séu hæfir foreldrar. Það er ljóslega tregða í álitsgerðunum til að ganga lengra og beinlínis mæla með því að annað foreldranna fái forsjána. Í þeim tilfellum þar sem það er gert fylgir niðurstaða dómsins alltaf áliti sérfræðinganna nema í 3 tilfellum. Niðurstaða sérfræðinganna skiptir því verulegu máli og því má ætla að þar sem frá henni er vikið megi betur greina hverjar séu áherslur dómara. Það er því eðlilegt að skoða undatekningarnar betur.

Í máli sem dæmt var í héraðsdómi Reykjavíkur 14. febrúar 1997 kemur fram að sálfræðingur sem fenginn var til að meta stöðuna mælti með því að faðirinn fengi forsjá barnsins. Dómurin klofnaði og komst meirihluti hans að þeirri niðurstöðu að rétt væri að móðirin færi með forsjána. Þar virðist mestu hafa ráðið að drengurinn sem um var deilt væri ungur (þriggja ára) og alvarlega heyrnaskertur. Því þyrfti fyrst og fremst að horfa til þarfa hans allra næstu árin. Að auki er í forsendum dómsins lögð veruleg áhersla á að líklegra sé að umgengni við forsjárlausa foreldrið sé tryggð ef móðirin fari með forsjána.

Fjölskipaður héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu 28. september 1998 að hafna bæri kröfu stefnanda (móður) um að samkomulag foreldra um sameiginlega forsjá yrði felld niður og henni falin forsjá fjögurra barna þeirra. Matsmenn höfðu komist að þeirri niðurstöðu að hæfni aðila sé svipuð en trúlegt sé „að börnin njóti meiri reglusemi og stöðugleika hjá móður en föður“. Meginforsenda dómsins fyrir því að hafna kröfum móðurinnar var að það myndi valda of mikilli röskun á högum barnanna ef hún fengi forsjána. Börnin voru búsett hjá föður sínum en móðirin hafði flutt í annað bæjarfélag og tekið saman við annan mann. Faðirinn fékk því einn forsjá barnanna.

Héraðsdómur Norðurlands eystra ákvað með dómi 8. nóvember 1995 að forsjá tveggja systra skildi skipt milli foreldra þeirra. Matsmenn höfðu þó varað við skiptri forsjá og talið systrunum fyrir bestu að móðirin færi með

forsjá þeirra beggja. Mál höfðu hins vegar verið þannig að yngri stelpan bjó með föður sínum en hin eldri með móður sinni og komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til að raska þeirri skipan mála.

Í þessum þremur tilfellum þar sem beinlínis er gengið gegn niðurstöðu matsmanna kemur því vel fram sú áhersla sem lögð er á að raska ekki því fyrirkomulagi sem ríkir þegar dómur er kveðinn upp sem og áherslan á að forsjárforeldrið sýni vilja til að tryggja umgengni forsjárlausa foreldrisins.

Aldur barna sem um er deilt virðist ekki hafa stór áhrif á niðurstöðuna en þó er rétt að taka fram að af þeim 146 börnum sem um er deilt er ekki unnt að sjá aldur 32 en hvað hin 114 varðar er meðalaldur þeirra 7,9 ár. Meðalaldur þeirra sem feður fá forsjá yfir er 8 ár en meðalaldur þeirra sem lúta forsjá mæðra er 7,1 ár. Munurinn er því sáralítill.

Kyn barnsins virðist á hinn bóginn skipta máli. Deilt er um 75 drengi (51%), 66 stúlkur (45%) og í 5 tilfellum (3%) kemur kyn barnsins ekki fram. Þegar skoðaðar eru niðurstöður á þessum grunni kemur áhugavert mynstur fram. Af 75 drengjum fara 36 til föður síns (48%) og 39 til móður sinnar (52%). Af 66 stúlkum fara 22 til föður síns (33%) en 44 til móður sinnar (67%). Þau 5 börn þar sem kynið kemur ekki fram fara öll til móður.

Kynjaskiptingin er þannig skakkari en heildarskiptingin. Sérstaklega er áberandi að stúlkur eru miklu líklegri til að fara til móður en föður. Liggur þá fyrir að athuga hvernig þetta horfir við ef skoðað er hver hefur frumkvæði að málaferlunum. Er það þannig að feður sækjast frekar eftir forsjá sona en dætra eða að mæður sækist eftir forsjá dætra?

Nánari skoðun leiðir slíkt ekki í ljós. Mæður stefna til að fá forsjá 91 barns, 49 stráka (54%), 37 stelpna (41%) og í 5% tilfella kemur kynið ekki fram. Feður stefna til að fá forsjá 55 barna, 26 stráka (47%) og 29 stelpna (53%). Sýnist því svo sem dómstólar séu hallari að því að stelpur séu hjá mæðrum sínum.

Það er ekki oft sem dómstólar beinlínis segja eitthvað slíkt en þó kemur það fyrir. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur 11. júlí 1997 var t.d. talið mjög mikilvægt að 6 ára drengur sem um var deilt „njóti uppeldislegrar leiðsagnar og aðhalds föður á þeim árum sem framundan eru...“. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur 17. júlí 1998 í máli þar sem deilt var um forsjá 5 ára stúlku sagði: „Líta ber til þess að mjög mikilvægt er að auka tengsl C [stúlkunnar] við aðalstefnanda [móðurina] og barnið hafi þörf á uppeldislegri leiðsögn móður sinnar til mótunar og þroska á eigin sjálfsmynd á þeim árum sem framundan eru“. Rétt er þó að geta þess að aldrei er um það að ræða að þetta séu einu eða aðalrök niðurstöðunnar.

Rökstuðningur

Þau barnalög sem í gildi voru þegar þessir dómar voru kveðnir upp veittu ekki miklar leiðbeiningar um að hverju skyldi hyggja þegar ákveða þyrfti forsjá barns við skilnað foreldra. Í 34. grein sagði einfaldlega: „Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið kveða í úrlausnum sínum á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu.“ Ekki eru heldur frekari leiðbeiningar í athugasemdum með frumvarpinu.

Í þeim dómum sem ég hef skoðað eru fyrst og fremst þrjú atriði lögð til grundvallar niðurstöðunni svo fremi báðir foreldrar teljist hæfir. Í fyrsta lagi hvoru foreldranna barnið er nánara. Í öðru lagi hvort fyrirkomulagið valdi minna raski í lífi barnsins og loks í þriðja lagi hvort foreldranna sé líklegra til að tryggja umgengni barnsins við forsjárlausa foreldrið. Við þetta er svo rétt að bæta að viðhorf barnsins skipta einnig máli ef þau koma fram og þá sérstaklega eftir því sem barnið er eldra. Þessi áhersluatriði eru svipuð þeim sem Davíð Þór Björgvinsson (1995) hefur bent á að hafi einkennt sjónarmið dómstóla og dómsmálaráðuneytis við úrlausn í forsjárdeilum 1989-1994.

Bent hefur verið á (Davíð Þór Björgvinsson 1995) að það sjónarmið hafi verið ríkjandi áður fyrr í barnarétti að ganga bæri út frá því að heppilegra væri fyrir börn að vera hjá móður en föður. Það sjónarmið hefur ljóslega verið á undanhaldi þó svo Davíð Þór nefni eitt dæmi sem bendir til að þetta sjónarmið sé enn að gera feðrum erfitt fyrir.

Ég kann ekki að nefna dæmi úr þeim héraðsdómum sem ég hef skoðað þar sem ég treysti mér til að halda því fram að innan áðurnefndra meginforsendna sé mismunað milli kynja. Hins vegar má til sanns vegar færa að í og með að þessi atriði eru lögð til grundvallar þá standi feður höllum fæti sem ekki væri ef t.d. meiri áhersla væri lögð á efnahagslega þætti en velþekkt er að almennt séð eru tekjur karla hærri en tekjur kvenna. Raunar kom það mér örlítið á óvart hversu mikið aukaatriði efnahagur foreldra er í ákvörðun dómstóla. Á stundum virka efnahagslegir þættir raunar í öfuga átt ef svo má að orði komast, þ.e. það er talið fólki (móður) til tekna að vera ekki sjálfbjarga. Eða með öðrum orðum það að vera öryrki og á bótum er talið með sem rök fyrir því að það foreldri (móðir) eigi að hafa forsjána því hún verði svo mikið heima við. Þannig segir í dómi héraðsdóms Reykjavíkur 22. júní 1995 þar sem verið er að rökstyðja þá ákvörðun að móðir fái forsjá tveggja ára stúlku: „Þá verður einnig að líta til þess að stefnda, sem er öryrki hefur mun rýmri tíma til að annast um dóttur sína en stefnandi sem er útivinnandi allan daginn, enda er telpan þann tíma í umsjá föðurömmu þess.“ Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1998 er móður falin forsjá ungs

drengs m.a. með þeim rökum að hún starfi „ekki úti og hefur því nægan tíma til þess að sinna þörfum drengsins“.

Þetta er þó alls ekki einhlítt. Á stundum eru tryggar efnahagslegar aðstæður taldar mikilvægur þáttur. Til dæmis er ákvörðun héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 1997 um að forsjá fjögurra ára stúlku skuli vera hjá föður rökstudd þannig: „Dómurinn telur að forsjá föðurins tryggi betur hagsmuni barnsins, einkum að því er varðar stöðugleika í fjölskyldulífi og tryggari efnahagslegar aðstæður.“ Hins vegar kemst héraðsdómur Reykjaness að því með dómi 15. maí 1998 að föður 6 ára drengs skuli falin forsjá hans þó svo að efnahagsleg staða móður sé mun betri. Þá vóg þyngra „að aðalstefnandi [faðirinn] hefur annast barnið verulega mikið frá fæðingu þess og frá því að aðiljar skildu hefur barnið átt heimili hjá föður sínum. Tengsl barns og föður eru mjög sterk.“

Á heildina litið sýnist mér því að efnahagsleg staða foreldra skipti sáralitlu máli í úrskurðum dómstóla þó á stundum geti hún orðið hluti af rökstuðningi.

Segja má að íslenskt velferðarkerfi sé með þeim hætti að óþarft ætti að vera að hafa efnahagslega þætti sem stórt atriði þegar forsjá er ákvörðuð. Ólíklegt er að örorka eða lágar tekjur muni hafa í för með sér að barn líði skort (enda er forsjárlausa foreldrið eftir sem áður framfærsluskylt). Síðustu ár hefur þó orðið þróun í þá átt að foreldra þurfi frekar en áður að greiða fyrir t.d. framhaldsmenntun barna og má því vera að dómstólar muni í ríkari mæli telja sig þurfa að huga að þessu atriði.

Ekki er ólíklegt að þeir þættir sem hér hafa verið nefndir sem mikilvægastir í úrskurðum dómstóla séu í takt við almenn viðhorf á Íslandi. Það séu því þessi atriði sem þyngst vega þegar fólk ákveður sjálft skiptingu forsjár eða lögheimili. Hið klassíska íslenska fjölskyldumynstur vinnur þá gegn möguleikum feðra til að fá forsjá barns ef til skilnaðar kemur. Yfirleitt hefur mynstrið verið þannig að móðirin er utan vinnumarkaðar í 6 til 12 mánuði eftir fæðingu barns og þegar hún snýr aftur út á vinnumarkaðinn þá er það oft í hlutastarfi til að geta verið meira heima með barninu. Hlutskipti föðurins við þessar kringumstæður hefur verið að auka við launavinnu sína og verða í ríkari mæli „fyrirvinna“ heimilisins. Þetta inniber að sjálfsögðu að barnið verður nánara móður sinni. Þegar hér við bætist að svo virðist af dómunum sem ekki sé óalgengt að faðirinn fari af heimilinu þegar skilnaður er yfivofandi má ljóst vera að möguleikar hans til að fá forsjána eru litlir.

Dæmi eru um annað mynstur í dómunum. Bæði eru dæmi um að faðirinn hafi verið frumumönnunaraðili barnsins og að það hafi verið móðirin sem flutti út af heimilinu og þá verka þeir þættir föðurnum í hag. Hvað fyrra

atriðið varðar má benda á niðurstöðu héraðsdóms Norðurlands eystra 26. mars 1999 þegar ákveðið var að forsjá drengs, sem þá var eins árs og níu mánaða skyldi vera hjá föður. Í niðurstöðu segir: „Fyrir liggur að stefnandi [faðirinn] hefir sinnt umönnun sonar síns frá fyrstu tíð og þannig myndað náin tengsl við hann. Það er álit undir- og yfirmatsmanna, sem einnig er í samræmi við önnur sérfræðigögn, að tengsl drengsins við stefnanda hafi og verið stöðugri til lengri tíma en tengsl hans við stefndu."

Hvað seinna atriðið varðar má benda á dóm héraðsdóms Reykjaness 15. maí 1998 sem áður hefur verið vitnað til en þar var m.a. vísað til þess að barnið hafi búið með föður sínum frá því að hjónin skildu.

Ég skoðaði líka hlutfallið þar sem sameiginleg forsjá hefur verið áður þ.e. foreldrar hafi fyrst samið um sameiginlega forsjá en það hafi ekki gengið og báðir aðilar óska eftir að fá forsjá barnsins eða barnanna. Niðurstaðan var sú að í 31 tilfelli af þessum 90 hafði áður verið samið um sameiginlega forsjá (34%). Margvíslegir þættir geta orðið til þess að vilji sé til að breyta ríkjandi fyrirkonulagi en hér verður tvennt nefnt sem ástæða er til að skoða betur.

Annars vegar er ljóst að til eru tilfelli þar sem sameiginleg forsjá er notuð til að viðhalda ofbeldissambandi. Héraðsdómur Reykjaness féllst á það 5. maí 2000 að fella niður sameiginlega forsjá og eftirláta hana móðurinni. Í rökstuðningi móðurinnar fyrir kröfu sinni kemur fram að hún hafi ekki þorað öðru en láta undan kröfu föðurins um sameiginlega forsjá af ótta við ofsóknir. Faðirinn sinnti ekki boðum matsmanna um að koma til viðtals og mætti ekki fyrir dómi.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1999 er fallist á að fella niður sameiginlega forsjá og fela hana móðurinni. Hún vísar til þess að hún hafi alltaf verið efins um að sameiginleg forsjá væri heppilegur kostur en hafi fallist á það vegna þrýstings frá föðurnum. Faðirinn sé hins vegar mjög ofbeldishneigður og hafi m.a. verið höfðað opinbert mál á hendur honum fyrir ofbeldi sem hann hafi beitt sig og hafi hann játað sök. Hún hafi ítrekað óskað eftir samþykki hans fyrir að fara ein með forsjána en ekki haft erindi sem erfiði. Faðirinn sótti ekki þing og var það túlkað sem svo að hann hafi fallist á kröfur móðurinnar.

Ásakanir um ofbeldi verður auðvitað að taka alvarlega og virðist mikilvægt að þeir sem þurfa að koma að forsjárdeilum starfs síns vegna séu meðvitaðir um eðli ofbeldis í nánum samböndum. Virðist vænlegast að fræðsla um heimilisofbeldi verði þáttur í lögfræðinámi.

Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm í forsjárdeilu 27. júní 2000 en þar fór móðir fram á að felld yrði niður sameiginleg forsjá og henni einni falin forsjá 8 ára dóttur þeirra. Samkvæmt því sem fram kemur hefur

umgengni föður og barns verið mjög mikil eftir skilnaðinn þó lögheimili hafi verið hjá móður. Móðirin kveðst hins vegar telja að „óbreyttar samvistir telpunnar við föður sinn henti ekki lengur högum barnsins.“ Án tillits til þess hvort þetta sé rétt mat þá stendur dómurinn frammi fyrir erfiðu úrlausnarefni. Bæði teljast hæf sem foreldrar og bæði hafa sinnt barninu mikið alla tíð. Íslenskir dómstólar hafa ekki möguleika til að dæma til sameiginlegrar forsjár ef annar aðilinn er því andvígur. Í ljósi þess hvernig ákvörðunum um forsjá er háttað er augljóst að dómstólar geta lítið annað gert við þessar kringumstæður en að dæma þeim aðila forsjána sem barnið hefur átt lögheimili hjá. Hitt myndi í langflestum tilfellum hafa meira rask í för með sér fyrir barnið. Þetta er atriði sem ég tel að rétt væri að skoða nánar og þá meðal annars hvernig reynslan er hjá þeim þjóðum þar sem dómstólar hafa möguleika á að dæma til sameiginlegrar forsjár þó svo annar aðilinn sé því andvígur.

Niðurstöður

Það er goðsögn að það sé vonlaust fyrir feður að vinna forsjármál fyrir dómstólum en vafalítið er það rétt mat að kringumstæður þurfi að vera óvenjulegar til að það gangi. Þær meginforsendur sem dómstólar leggja til grundvallar ákvörðun sinni hygla þeim aðila sem mest hefur verið með barnið og sem barnið er hjá þegar dómur fellur. Líklegt er að svipaðir þættir vegi þyngst þegar fólk sem sjálft um hvernig forsjá skuli fyrirkomið og í langflestum tilfellum er móðirin þá betur stödd. Ekki er ólíklegt að breytingar geti orðið þar á næstu árin vegna áhrifa fæðingar- og foreldraorlofslaga. Til að koma í veg fyrir fjölgun dómsmála er líklega besta leiðin að auðvelda fólki að nýta sér það úrræði sem orðið er vinsælast þ.e. sameiginlegu forsjána. Af opinberri hálfu er ýmislegt unnt að gera til að ýta undir og létta samvinnuna.

Heimildir

Barnalög nr. 20/1992.
Björk Sigurgísladóttir og Fjóla Pétursdóttir. (1996). „Sameiginleg forsjá." Óbirt rannsóknarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.
Davíð Þór Björgvinsson. (1995): *Barnaréttur*. Reykjavík. Bókaútgáfa Orators.
Hagtíðindi 2004:3. Reykjavík. Hagstofa Íslands.
Koch, Katrin. (2000). *Når mor og far mötes i retten – barnefordeling og samvær*. Ósló. Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring.
Landshagir 2002. Reykjavík. Hagstofa Íslands.
Statistics Finland, http://statfin.stat.fi
Statistiska Centralbyrån, Sverige, http://www.scb.se

The New Protestants. Reluctance towards European integration in Northern Europe

Magnús Árni Magnússon

During the ever-closer cooperation and integration within Europe in the last three decades, it seems that criticism and caution towards it has been more prevalent in Britain and the member Nordic countries then in other member states, (see for example George (1998), Gowland & Turner (2000), Ingebritsen (1998), Young (1998) and Young (1993)). The British, the Nordics and several other Western European countries originally stood outside the European Communities. Even after some of these countries joined the European Community (EC) and later the European Union (EU), the Danes, Swedes and the British especially seem to have preferred cooperation to integration and put great weight on the importance of national independence and sovereignty (see for example Nugent (1999) p. 524). The most recent examples of this are the negative results of the referenda in Denmark 2001 and Sweden 2003 on these countries taking up the common currency of the European Union, the euro, and the reluctance of the British government to hold a referendum in Britain on that particular topic in the face of a steady two-thirds majority against the euro in opinion polls. The decision to hold such a referendum in Britain has now been made to the astonishment of many.

In this paper I focus on the reasons for the reluctance towards the European integration process in the Nordic countries and Britain and will, by simple correlation analyses, try to identify common characteristics that might account for the 'scepticism' towards European federalist ideals in these countries.

With this simple empirical exercise statistics relating to the attitudes within the member states of the European Union will be examined in order to identify the factors, economic, political, demographic and cultural, that show the best correlation with variations in attitudes towards European

integration between these countries, while putting them in context with other more 'Europhile' populations of EU member states.

The underlying assumption behind the research is that Europe can be culturally divided into three parts, which tend to reflect the traditional divides within European Christianity: The Orthodox east, the Protestant northwest and the Catholic southwest. The concepts of 'Western' and 'Eastern' Christianity have been used as means to argue for a specific 'Western' Civilization, consisting of Western Europe, North America and Australasia, (see for example Huntington (1997)). If one is to use the fragmentation of Christianity to explain the extent of 'civilizations' it must not be forgotten that 'Western' Christianity has been seriously divided for half a millennium. This division has caused an enormous amount of strife and suffering in Europe, by far more so than the division between 'Western' and 'Eastern' Christianity. This thesis will not deal in any particular manner with the Orthodox part of Europe.

After the enlargement of the European Union on 1 May 2004, one can say that the line between Western and Eastern Christianity has been manifested politically clearer than since the days of the Western and Eastern Roman Empires (at least until 2007 when Romania and Bulgaria are set to join the EU), with almost all Western Christian European states inside the EU or EEA (with the exception of Switzerland and Croatia) and, with the exception of Greece and Cyprus, all Eastern Christian states outside.

It is suggested in this paper that populations in predominantly Protestant countries tend to identify themselves more strongly with the nation states than their Catholic counterparts and thus to be more sceptical of supranational decision-making characterized by the EU, or in the words of Hamilton (1991): '[o]ne of the basic and recurrent issues in European post-war integration has been the countries' attitude to supranational decision-making […] The Nordic EFTA countries, Denmark and the UK have traditionally been sceptical to supranational decision-making.' The public attitude is then again, to a certain extent, reflected in the actions of the political elites in these countries when acting in European contexts.

It is not new in social sciences to look at the 'Protestant factor' as being the root of certain social developments. One only has to point to the seminal work of Max Weber (1930), The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism, together with R.H. Tawney's Religion and the Rise of Capitalism and, last but not least the writings of Karl Marx, (See Hobsbawm (1999), p. 82. For the 'Protestant factor' see also Siedentop (2000), Jeremy (1998 ed.) Anderson & Zinsser (1990) and Lehmann, & Ledford, (1993 eds.) to name a

few). Recent studies link Protestantism in North-Western Europe with a neo-Durkheimian model of relation between religion and society, (see Abela (2004)).

The Nordic countries and Britain are the only predominantly Protestant countries in Western Europe, with over 80 per cent of Christians belonging to that particular category (see Johnstone & Mandryk (2001). Germany, Switzerland and The Netherlands have similar proportions of Catholics and Protestants, and the rest of Western Europe is predominantly Catholic.

Using a simple correlation test (see Newbold (1995) pp. 433-4) it is hypothetically possible to test the correlation of economic, political or demographic factors to the attitudes towards European integration as reflected in the extensive survey Eurobarometer conducted twice a year by the European Opinion Research Group for the European Commission.

It has been suggested that within countries factors such as education, sectors of employment and the urban-rural divide have been found to play a part in voters' choices in referendums (see for instance Ingebritsen (1998) and Sciarini & Listhaug (1997)). But these factors do not explain the differences between nations. Why is a considerably higher proportion of citizens in some EU nations, for instance in Britain, Denmark, Sweden and Finland, more sceptical towards the integration process than others? Which factors are statistically significant in identifying 'Eurosceptics' within the EU 15, and now the EU 25?

In this paper one economic factor will be examined: GDP per capita, one demographic factor: urban population (in response to apparent cleavages within states between urban and rural populations with respect to attitudes towards the EU mentioned above), one political factor: neutrality in security matters, and finally a cultural factor: religious affiliation.

GDP per capita

Looking at a cross section of economic factors, Gross Domestic Product (GDP) per capita is arguably the best indicator of a state's economic strength or relative economic position at a given time. It gives the average value of production per capita in a certain defined period, usually a year. When testing the attitudes towards the EU against GDP per capita in 2000 (derived from UNDP Human Development Index 2003), using the variable 'EU bad' which is the percentage of citizens saying that the membership of their country of the EU is 'a bad thing' (Eurobarometer 61, Spring 2004) to find

out if there are any indications of a connection between the two, the results point to the possibility that citizens of EU 15 countries that have experienced relatively strong economic growth are not as negative towards their countries membership of the European Union than the citizens of those EU 15 countries experiencing slower growth.

The statistical results are given in table 1 (test 1a and 1b) in the appendix and they show that the H_0 hypothesis – that GDP per capita is not statistically correlated to attitudes towards the EU (i.e. that the correlation coefficient is not statistically different from zero) – can not be rejected, neither in the EU 15 nor the EU25. If one tests average economic growth between 1975 and 2000 in the EU 15, the H_0 hypothesis can be rejected on the 90% level, but not on the 95% level. The slope is negative, thus pointing to the possibility that citizens of EU 15 countries that have experienced relatively strong economic growth are not as negative towards their countries membership of the European Union as the citizens of those EU 15 countries experiencing slower growth (table 1, test 2a and 2b). It is possible that citizens in these countries, for example Spain and Ireland, connect the growth they have experienced with the EU membership, while citizens in countries with slower growth might even blame that fact on the EU.

Primary production

An influential theory put forward by Christine Ingebritsen (1998) states that the reason why two of five Nordic countries have so far opted to stay out of the EU was the economic makeup of the countries in question. Norway and Iceland have not joined the EU because of their reliance on primary production (oil and fish), while Sweden, Denmark and Finland rely more on manufacturing and have thus joined. This theory is tested statistically with the data, the hypothesis being that the more reliance on primary production the more the negativity towards the EU. When one looks at the EU 15 there is no significant correlation to be found, and the H_0 hypothesis, that the slope is not different from zero, can not be rejected. The same goes for EU 25. (see table 1 test 3a and 3b). However, if one adds the countries Ingebritsen's theory included (Norway and Iceland) and gives their 'EU bad' coefficient the 'no' value from the latest opinion polls on European Union membership in those countries (Norway: 44%, Iceland 42%, see Stavangeravisen (2004) and Gallup.is (2003)), H_0 is rejected with 99%

certainty, pointing to, at least, the statistical curiosity of Ingebritsen's theory, (see table 1, test 3c).

Urban/rural divide

It has been suggested that there exists an urban/rural divide within populations with respect to attitudes towards European integration, where the urban population is more positive towards integration than the rural population (See for instance Ingebritsen (1998) and Sciarini & Listhaug (1997)). The test is if the differences in the proportion of urban populations between EU member states could account for differing attitudes, thus pointing to less negativity in countries with relatively more city-dwellers. The results were unambiguous; they could not (see table 1 test 4a and 4b). The H_0 hypothesis could not be rejected.

Neutrality

Neutrality in security matters was during the Cold War viewed as an impediment for EU membership. Testing the hypothesis that nations that are neutral in security matters tend to have more Eurosceptic populations did actually point to the validity of that argument (see table 1 test 5a and 5b).[1] The H_0 hypothesis could be rejected with 95% certainty.

The Protestant factor

As has been pointed out before the 'Protestant factor' is by no means unknown in the social sciences. Thus the hypothesis that the cultural and political factors originating in the Protestant - Catholic divide in Western Europe have a decisive impact on public attitudes towards membership of the European Union. First the attitudes in EU member states are tested against the proportion of Protestants. The results show a highly significant correlation (see table 1 test 6a and 6b), and the H_0 hypothesis can be rejected with 99% certainty.

---

1 The dummy variable for neutrality is 1 and 0 for NATO membership.

Secondly it is tested if there could be found a correlation between the sense of national identity[2] and proportion of Protestants. The results also show a clear statistical significance, thus pointing to a correlation between these factors (see table 1 test 7a and 7b). In the EU 15 the hypothesis could be rejected with 95% certainty and in the EU 25 with 99% certainty. Similar trends are observed when this factor is tested against the proportion of Catholics, with the EU 15 test being significant on the 99% level and the EU 25 test on the 95% level (see table 1 test 10a and 10b).

Testing the proportion of Protestants against the proportion of the population saying that EU membership is a 'good thing' as the dependent variable gave equally decisive results as tests 6a and 6b on both accounts (see table 1 test 8a and 8b) and a definite negative correlation, thus, the more Protestants, the fewer say EU membership is a good thing.

Does this mean that it is possible to draw the conclusion that a higher proportion of Catholics in an EU member state will mean more enthusiasm for European integration? Roughly speaking the answer could be yes. Catholic Austria does blur the picture somewhat[3] in the EU15 test (test 9a, rejected with 90% certainty), but in EU25 it can be rejected with 95% certainty (see test 9b).

Regressions

I constructed four multiple regressions (for a further description of the method see Newbold (1995) pp. 477-84, Pindyck et al. (1991) or Ramanathan (1998)) to test the above variables all at one go. The first regression is:

$$(1) \quad EU_{15} = \beta_0 + \beta_1(gdp_{15}) + \beta_2(primx_{15}) + \beta_3(urban_{15}) + \beta_4(neutral_{15}) + \beta_5(protestants_{15}) + \varepsilon_i$$

where 'EU_{15}'is the proportion of those considering EU membership of their respective countries bad, 'gdp' is GDP per capita in 2000, 'primx'

---

2 The dependent variable (*Identity*$_i$) is constructed with the proportion of the population that tends to view itself with respects to nationality only, opposed to 'European only', 'nationality and European' or vice versa.

3 Austrians have been rather more sceptical towards the EU than other Catholic member nations, ever since other EU member states proposed sanctions against Austria in 1999 because of the inclusion of a far-right party in the Austrian government.

primary products as proportion of exports in 2000, 'urban' proportion of city dwellers, (see Human Development Report (2002)) 'neutral' a dummy variable for neutrality (see above), and 'protestants' the proportion of Protestants in the Christian population (see Johnstone & Mandryk (2001). The $_{15}$ subscript means that all the variables refer to EU15. As can be seen in table 2 below, none of the variables were significantly different from zero

Table 2. Regression for EU 12

Independent variable:	EU Bad		
		Coefficient	**T-stats**
Dependent variables			
	Constant	0,078	0,614
GDP per capita in 2000		0,000	0,180
Primary exports in 2000		-0,002	0,420
Urban proportion in 2000		0,002	0,299
Neutrality		0,081	0,192
Protestants of religious		0,093	0,118
	Adjusted R-squared	0,43	
n=15	*	Significant at 0,1 level	
	**	Significant at 0,05 level	
	***	Significant at 0,01 level	

Once Austria is omitted from the regression, the picture changes somewhat, and the Protestant factor becomes significant at the 5% level (see table 3)

Table 3. Regression for EU 12 without Austria

Independent variable:	EU Bad			
		Coefficient	**T-stats**	
Dependent variables				
	Constant	0,137	1,194	
GDP per capita in 2000		0,000	-1,580	
Primary exports in 2000		-0,002	-1,425	
Urban proportion in 2000		0,001	0,762	
Neutrality		0,006	0,111	
Protestants of religious		0,147	3,282	**
	Adjusted R-squared	0,64		
n=14	*	Significant at 0,1 level		
	**	Significant at 0,05 level		
	***	Significant at 0,01 level		

The third regression includes all the EU25 countries, and is thus such:

(3) $EU_{25} = \beta_0 + \beta_1(gdp_{25}) + \beta_2(primx_{25}) + \beta_3(urban_{25}) + \beta_4(neutral_{25}) + \beta_5(protestants_{25}) + \varepsilon_i$

In this regression the GDP variable is significant at the 10% level (see table 4), with a negative slope, pointing to more scepticism in poorer countries. The neutrality variable is also significant at the 10% level pointing to more scepticism in neutral countries. These indications are to be considered rather vague. However, the Protestant factor is highly significant in this regression, at the 1% level.

Table 4. Regression for EU 25

Independent variable:	EU Bad			
		Coefficient	**T-stats**	
Dependent variables				
	Constant	0,128	1,888	
GDP per capita in 2000		0,000	-1,847	*
Primary exports in 2000		-0,001	-0,754	
Urban proportion in 2000		0,001	0,848	
Neutrality		0,051	1,937	*
Protestants of religious		0,123	3,560	***
	Adjusted R-squared	0,43		
n=25	*	Significant at 0,1 level		
	**	Significant at 0,05 level		
	***	Significant at 0,01 level		

The same goes once Norway and Iceland are added to the regression with the above modifications. In that regression (table 4), the GDP and neutrality factors are no longer significant (since Norway and Iceland are rich and Eurosceptic NATO countries), but the primary production factor is significant at the 5% level (since they are both primary producers).

Table 5. Regression for EU 25 + Norway and Iceland

Independent variable:	EU Bad			
		Coefficient	**T-stats**	
Dependent variables				
	Constant	0,071	0,943	
GDP per capita in 2000		0,000	-0,641	
Primary exports in 2000		0,001	2,092	**
Urban proportion in 2000		0,001	0,493	
Neutrality		0,043	1,378	
Protestants of religious		0,158	4,016	***
	Adjusted R-squared	0,56		
n=27	*	Significant at 0,1 level		
	**	Significant at 0,05 level		
	***	Significant at 0,01 level		

Conclusions

It is a fact that populations in some member states of the EU are more reluctant towards European integration than others. One is tempted to draw the conclusions from the above analysis that economic differences in terms of GDP per capita between the member states of the EU cannot be established as a primary factor in this respect. Proportion of urban population in the member states does not appear to have any significant explanatory power, neutrality has some, but the Protestant – Catholic divide on the other hand seems to have significant explanatory power.

This result does seem to support the argument that common cultural factors, quite possibly a late derivative of the religious schism in Western Europe – or even the theory on the neo-Durkheimian outlook of the Protestant North-West, as suggested by Abela (2004), may be significant in determining Nordic and British reluctance towards European integration. There could be a different mode of identity, created by centuries of a religious and cultural divide between the Protestant north and the Catholic south. Different modes of religion have created different institutions and different attitudes towards miscellaneous worldly activities that persist in the

culture even where the grips of the Protestant or Catholic faith have all but withered away.

It is worth a mention that the European Community had a distinctly Catholic appearance in the first decades of its existence. Not only do the six original member states put together have a vast majority of Catholic citizens, but the major players in the creation of the Community were men for whom the Catholic faith was more than just a mere formality. Hugo Young says that the Catholic nature of 'Europe' was a generous source of prejudice against it, which acquired a strong political formulation for people who 'saw in the Schuman Plan the beginnings of a Vatican conspiracy or even an attempt to recreate the Holy Roman Empire.' (Young (1999) p. 50).

The Protestant countries are on the edge of Europe, not in her centre. This simple fact of geography is sometimes used to explain the attitudes of the populations, but it doesn't explain the enthusiasm for European integration in Ireland, or even Portugal, which are also geographically peripheral, when compared to the British or Nordics. However it should be borne in mind that the economic situation was quite different in Portugal and Ireland when these countries sought membership of the EC from those of Britain, Denmark, Norway or Sweden. Ireland had a large economic incentive to join, with GDP per capita just over a half of West Germany's GDP per capita in 1973. The same applies to Portugal whose GDP per capita was only 40% of West Germany's in 1977, the year of her application. It is worth a mention that the populations of these countries are staunchly Catholic, thus adding to the validity of that factor in the discussion on the attitudes towards European integration.

Although results from simple statistical tests such as these should be interpreted with caution, they hopefully give indications that deserve further and more extensive research, in this case on the impact of the heterogeneous religious heritage in Europe on European integration.

Appendix

Table 1. Results from correlation tests

Tests	Variable 1 (x)	Variable 2 (y)	Number of observations	Correlation coefficient (p x,y)
1a)	GDPPC	EU Bad	15	-0,1603
1b)	GDPPC	EU Bad	25	-0,0988
2a)*	GDPGrowth75-00	EU Bad	15	-0,3868
2b)	GDPGrowth75-00	EU Bad	25	-0,1159
3a)	PrimX00	EU Bad	15	-0,3006
3b)	PrimX00	EU Bad	25	-0,1075
3c)***	PrimX00	EU Bad	28	0,5179
4a)	Urban00	EU Bad	15	0,0768
4b)	Urban00	EU Bad	25	0,1049
5a)**	Neutral	EU Bad	15	0,4772
5b)**	Neutral	EU Bad	25	0,3631
6a)***	% Protestant	EU Bad	15	0,6539
6b)***	% Protestant	EU Bad	25	0,6297
7a)**	% Protestant	Nationality	15	0,4620
7b)***	% Protestant	Nationality	25	0,4708
8a)***	% Protestant	EU Good	15	-0,5688
8b)***	% Protestant	EU Good	25	-0,4098
9a)*	% Catholic	EU Bad	15	0,3974
9b)**	% Catholic	EU Bad	25	0,3744
10a)***	% Catholic	Nationality	15	-0,6043
10b)**	% Catholic	Nationality	25	-0,4601

Null hypothesis (h0):	(p x,y)=0
No asterix	h0 can not be rejected
*	h0 rejected on 10% level
**	h0 rejected on 5% level
***	h0 rejected on 1% level

References

Abela, A. M. (2004). 'Solidarity and Religion in the European Union: A Comparative Sociological Perspective', Xuereb, P. (ed.) *The Value(s) of a Constitution for Europe*, Malta: European Documentation and Research Centre, University of Malta.

Anderson, B. S. & Zinsser, J. P. (1990). *A History of their Own, Women in Europe from Prehistory to the Present vol. II*, London: Penguin

'Europa', (Website of the European Union), (europa.eu.int):'Eurobarometer, report number 61, Spring 2004, Brussels: European Commission

'Gallup.is' (Website of IMG Gallup in Iceland), (www.gallup.is):*Afstaða til Evrópusambandsins*, August 2003

George, S. (1998). *An Awkward Partner, Britain in the European Community*, Oxford: Oxford University Press

Gowland, D. & Turner, A. (2000). *Reluctant Europeans, British and European Integration 1945-1998*. Harlow: Pearson Education Ltd

Hamilton, C. B. (1991) 'The Nordic EFTA Countries' Options: Seeking Community Membership or a Permanent EEA-Accord', *CEPR Discussion Papers*, Discussion Paper No. 524, April.

Hobsbawm, E. (1999). *On History*. London: Abacus.

Huntington, S. P. (1997). *The Clash of Civilizations and the Remaking of World Order*. New York: Touchstone

Ingebritsen, C. (1998). *The Nordic States and European Unity* Ithaca: Cornell University Press

Jeremy, D. J. (Ed.) (1998). *Religion, Business and Wealth in Modern Britain,* London: Routledge

Johnstone, P. & Mandryk, J. (2001). *Operation World.* Carlisle: Paternoster Publishing

Lehmann, H. and Ledford, K. F. (Ed.), (1993). *Weber's Protestant Ethic: Origins, Evidence, Contexts*. Cambridge: Cambridge University Press

Newbold, P. (1995) Statistics for Business and Economics (4th ed.), Englewood Cliffs: Prentice Hall

Nugent, N. (1999). *The Government and Politics of the European Union*. London: Macmillan

Pindyck, R. S. & Rubinfeld, D. L. (1991). *Econometric Models & Economic Forecasts.* (New York: McGraw-Hill

Ramanathan, R. (1998). *Introductory Econometrics with Applications.* Fort Worth: The Dryden Press

Sciarini, P. & Listhaug, O. (1997). 'Single Cases or a Unique Pair? The Swiss and Norwegian 'No' to Europe', *Journal of Common Market Studies*, vol.35(3), pp. 407-38.

Siedentop, L. (2000). *Democracy in Europe*, London: Penguin Books

'Stavangeravisen', (Website of Norwegian Newspaper), (www.stavangeravisen.no):'Knapt ja til EU i Norge', 14 June 2004.

'United Nations Development Programme', (UNDP Website), (www.undp.org): 'Human Development Report 2002', New York: UNDP.

Young, H. (1998). *This Blessed Plot*, London: MacMillan.

Young, J. W. (1993). *Britain and European Unity, 1945 – 1992*. Basingstoke: MacMillan.

Varðveisla persónuupplýsinga og traust til erfðavísinda - viðhorf almennings[1]

Margrét Lilja Guðmundsdóttir
Salvör Nordal

Með frumvarpi um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem lagt var fram á Alþingi Íslendinga vorið 1998, hófst mikil umræða bæði hérlendis og erlendis um sérstöðu Íslendinga til erfðarannsókna m.a. vegna vel skráðra upplýsinga um heilsufar langt aftur í tímann, einsleits samfélags og almennrar þátttöku fólks í rannsóknum. Skyndilega var íslenskt samfélag í brennidepli framsækinna vísinda og áleitnar spurningar vöknuðu um hvernig nýta ætti viðkvæmar heilsufarsupplýsingar í rannsóknaskyni, traust almennings til heilbrigðisþjónustunnar og væntingar í framtíðinni.

Lögin um gagnagrunninn og umræðan í kringum þau snertu mörg flókin vandamál. Deiluefnin voru þverfagleg og þverpólitísk, snertu félagsvísindi, lögfræði og siðfræði og höfðu lítið sem ekkert verið rædd áður í íslensku samfélagi. Þau vörðuðu m.a. stöðu vísinda í samfélaginu, vaxandi þátt einkafyrirtækja í rannsóknum og tengsl stjórnmála og vísinda. Deilt var um eignarétt upplýsinga og gagna sem verða til í opinberu heilbrigðiskerfi og umráðarétt lækna yfir sjúkraskýrslum. Og síðast en ekki síst var tekist á um vísindasiðfræði, upplýst samþykki í vísindarannsóknum og persónuvernd.

Helen Nissenbaum fjallar í grein sinni *Protecting Privacy in an Information Age: The Problem of Privacy in Public* (1998) um þá möguleika sem nútíma upplýsingatækni gefur við söfnun og notkun persónuupplýsinga. Í greininni ræðir hún um hvernig meiriháttar upplýsingasöfnun á sér stað um einstaklinga. Einstaklingarnir gefa yfirleitt upplýsingarnar frá sér sjálfviljugir en hafa hvorki stjórn á því, né yfirsýn yfir það, hvernig þessar upplýsingar eru eða

---

[1] Greinin byggir á niðurstöðum rannsóknar sem ber yfirskriftina *Siðareglur gagnagrunna og persónuvernd*. Rannsóknin var styrkt af Rannís: Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál og rannsókninni *ELSAGEN* sem styrkt er af 5. rammaáætlun Evrópusambandsins. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa m.a. verið kynntar á fundum NorFA netsins *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Höfundar þakka Vilhjálmi Árnasyni og Garðari Á. Árnasyni góðar ábendingar við samningu greinarinnar.

geta verið notaðar. Nissenbaum segir gagnabanka nýja og áður óþekkta ógnun við friðhelgi einkalífsins. Vegna þess að þegar upplýsingabútar, sem einir og sér geta virkað harla sakleysislegir, eru lagðir saman gefi þeir oft á tíðum mjög skýra mynd af einstaklingnum, lífsmynstri hans og einkennum.

Vaxandi áhyggjur fólks af friðhelgi sinni eða persónuvernd er hluti af alþjóðlegu fyrirbæri. Víða á Vesturlöndum hefur verið fjallað mikið um þessi efni og í Bandaríkjunum þar sem þessi umræða á sér hvað lengsta sögu sýna skoðanakannanir að almenningur er verulega uggandi (sjá m.a. Etzioni, 1999).

Því hefur stundum verið haldið fram að í litlu samfélagi eins og hinu íslenska eigi þegnarnir fá leyndarmál. (Anna Birna Almarsdóttir, Traulsenj og Ingunn Björnsdóttir, 2004). Nálægð fólks er mikil og haft er á orði að „allir viti allt um alla." Þrátt fyrir þessar hugmyndir um íslenskt samfélag hefur friðhelgi einkalífsins fengið aukið vægi á síðustu árum. Ástæðan er einkum eins og fyrr segir, miklar tækniframfarir og auknir möguleikar á eftirliti með einstaklingum, t.d. með ýmis konar eftirlitsmyndavélum á opinberum stöðum, og söfnun upplýsinga í gagnabanka (Salvör Nordal, 2003).

Ýmis mál hafa legið fyrir í íslensku samfélagi á síðustu misserum sem hafa verið til þess fallin að vekja upp umræður um friðhelgi einkalífs og persónuvernd. Má þar nefna umræðu um lífsýnasöfn, erfðaefnisskrá lögreglu, aðild Íslands að Schengen-svæðinu, miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og svo umfjöllun um rafrænt eftirlit í samfélaginu sem og á vinnustöðum. Þessi málefni hafa fengið mismikla umfjöllun í þjóðfélaginu; sum töluverða, önnur nánast enga. Þegar opinber umræða á Íslandi er skoðuð kemur í ljós að skírskotun til friðhelgi einstaklinga hefur verið fyrirferðarmest í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og varðveislu heilsufars-upplýsinga (Þórhildur Þórhallsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Salvör Nordal, 2001). Þannig má sjá að af þeim 235 greinum þar sem komið var inn á friðhelgi einkalífs, og birtar voru í *Morgunblaðinu* á árunum 1995 til 2001, fjallaði 181 grein um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði á einn eða annan hátt. Einungis 54 greinar fjölluðu um friðhelgi einkalífs út frá öðrum forsendum (Þórhildur Þórhallsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Salvör Nordal, 2001).

Samkvæmt könnunum sem gerðar voru um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði þegar deilur um frumvarpið stóðu sem hæst, var almenningur fylgjandi þessum áformum. Þannig sýndi Gallup könnun í nóvember 1998 (Gallup, 1998) að 58% Íslendinga væru fylgjandi frumvarpinu sem þá lá fyrir Alþingi. Önnur könnun sem Gallup framkvæmdi árið 2000 („Rúmt 81% fylgjandi gagnagrunni á heilbrigðissviði", 27. apríl, 2000) sýndi að rúmlega

81% svarenda var fylgjandi miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði, en 9% voru andvíg því þá að gagnagrunnurinn yrði settur saman.

Frá upphafi var því ljóst að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar og áform um miðlægan gagnagrunn nyti umtalsverðrar hylli meðal almennings (Anna Birna Almarsdóttir, Traulsenj og Ingunn Björnsdóttir, 2004). Þessi jákvæða afstaða hefur stundum verið tengd nýungagirni Íslendinga sem kemur fram í því hve fljótir þeir eru að tileinka sér tækninýjungar, og skorts á gagnrýni í samfélaginu á vísindi og framþróun (Steindór J. Erlingsson, 2002).

Aðferðir og gögn

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hefur á undanförnum árum staðið að umfangsmiklum rannsóknum á gagnagrunnum á heilbrigðissviði. Liður í þeim rannsóknum var skoðanakönnun á viðhorfum almennings til persónuverndar, varðveislu heilsufarsupplýsinga og erfðavísinda í lok ársins 2002. Í þessari grein verða nokkrar af meginniðurstöðum þessara rannsókna raktar með það fyrir augum að svara fyrrgreindum spurningum.

Í rannsóknarverkefnum Siðfræðistofnunar HÍ á þessu sviði er markmiðið m.a. að ná fram viðhorfi almennings til persónuverndar, gagnagrunna og varðveislu heilsufarsupplýsinga.

Í því skyni var spurningakönnun lögð fyrir 1500 manna úrtak einstaklinga á aldrinum 18-80 ára af landinu öllu. Þetta er í fyrsta skipti hér á landi sem lagt er af stað með spurningakönnun sem snýr sérstaklega að viðhorfi Íslendinga til varðveislu persónuupplýsinga og trausts til erfðavísinda. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd spurningakönnunarinnar og fór gagnaöflun fram gegnum síma á mánaðartímabili, frá 15. nóvember til 14. desember 2002. Svarhlutfall var 68%, úrtakið endurspeglar þýðið vel hvað varðar bakgrunn þátttakenda.

Niðurstöður

Friðhelgi einkalífsins og persónuvernd

Eins og kemur fram hér að framan, hefur umræða um skerðingu á friðhelgi einkalífs og persónuvernd aukist undanfarin ár. En hvert er viðhorf Íslendinga? Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýna að einungis tæp 26% segjast hafa mjög eða frekar miklar áhyggjur af skerðingu á friðhelgi einkalífs síns. Þeir svarendur sem sögðust hafa áhyggjur af skerðingu á friðhelgi

einkalífs síns voru í framhaldinu spurðir af því hvaða áhyggjur þeir hefðu þá helstar. Um var að ræða svo kallaða opna spurningu þar sem svarendur gátu nefnt hvað sem er. Algengast var að fólk nefndi áhyggjur í sambandi við eftirlitsþjóðfélagið og var þá oftar en ekki gripið til hugtaksins - „Stóri bróðir". Þá nefndi fólk að varðveislu persónuupplýsinga væri almennt ábótavant. Þá voru áhyggjur í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði nefndar. Um 10% svarenda höfðu gripið til ráðstafana til að varðveita friðhelgi sína. Þær ráðstafanir sem fólk nefndi oftast sem lið í að varðveita friðhelgi sínu voru úrsögn úr Miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði og afskráning símanúmers úr símaskrá.

Með friðhelgi einkalífsins er m.a átt við friðhelgi upplýsinga, þ.e. mikilvægi þess að fólk geti stjórnað því hvaða viðkvæmar persónulegar upplýsingar eru opinberaðar og hverjar ekki. En hvaða upplýsingar telur fólk mikilvægastar varðandi friðhelgi sína?

Þátttakendur voru beðnir um að segja hvaða upplýsingar væru mikilvægastar varðandi friðhelgi þeirra. Um var að ræða sex fyrirfram gefnar upplýsingar og var fólk beðið um að tilgreina hvað það teldi mikilvægast – hvað það teldi næst mikilvægast og svo það sem fólk teldi þriðja mikilvægast. Þær upplýsingar sem fólk var beðið um að taka afstöðu til voru: *fjárhagsupplýsingar* (s.s. bankaviðskipti, skuldastaða, skattayfirlit[2]), *upplýsingar um félagslega stöðu* (s.s. staða, stétt, atvinnuleysi, menntun, fjölskylduhagir, styrkir frá félagsþjónustu), *erfðaupplýsingar* (s.s. blóð, lífsýni), *upplýsingar sem til eru um þig á vinnustað* (s.s. fjarvistir, veikindi, laun), *sjúkraskrár* (s.s. upplýsingar á spítölum, heimilislæknum), *upplýsingar um sakaferil* (s.s. afbrot, umferðarlagabrot).

Á mynd 1 má sjá að algengast var að þátttakendur settu fjárhagsupplýsingar í fyrsta sætið eða 36% svarenda. Þar á eftir koma upplýsingar um viðkomandi í sjúkraskrám, en 28% þátttakenda settu það í fyrsta sætið. Um marktækan mun er að ræða eftir bakgrunnsþáttum hvað varðar fjárhagsupplýsingar, en því eldri sem þátttakendur voru, því líklegri voru þeir til að setja fjárhagsupplýsingar í fyrsta sætið.

---

[2] Þær upplýsingar sem koma fram í sviga voru ekki lesnar upp fyrir þátttakendur, heldur hafðar til hliðsjónar fyrir spyrla ef upp kæmu spurningar.



Mynd 1. Hverjar af eftirtöldum upplýsingum um þig telur þú mikilvægastar varðandi friðhelgi þína?

Varðveisla heilsufarsupplýsinga, lífsýna og traust til heilbrigðisstarfsfólks

Þó góður meirihluti svarenda, 60%, telji sig lítið vita um hvernig heilsufarsupplýsingar þeirra séu varðveittar segist fólk almennt treysta starfsmönnum heilbrigðisþjónustu til að halda trúnað um heilbrigðisupplýsingar sínar. Þó að greina megi marktækan mun[3], þar sem þeir svarendur sem telja sig hafa litla vitneskju um hvernig slíkar upplýsingar eru varðveittar eru líklegri til að segjast síður treysta starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar til að halda trúnað en þeir sem telja sig hafa mikla vitneskju um varðveislu heilsufarsupplýsinga, er niðurstaðan engu að síður sú að ríflega 72% svarenda segist treysta starfsmönnunum mjög eða fremur vel. Þá sýna niðurstöður að þeir svarendur sem voru búsettir á smærri stöðum landsins (íbúar færri en 1000 manns) höfðu meira[4] traust til starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar en þeir sem búsettir voru í þéttbýli, en rúm 80% þeirra sem voru búsettir á smærri stöðum sögðust treysta starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar til að halda trúnað varðandi sjúkraskrár sínar. Hér má leiða líkum að því að

---

3 $\chi 2$ (4)=12,8, $p<0,05$

4 $\chi 2$ (4)= 22,6, $p<0,05$

heilbrigðisstarfsmenn á smærri stöðum séu í nánari tengslum við skjólstæðinga sína en þar sem íbúafjöldinn er meiri.

Í spurningakönnuninni voru þátttakendur beðnir um að segja til um hvort þeir treystu fyrirfram uppgefnum aðilum eða stofnunum til að varðveita og geyma lífsýni og heilsufarsupplýsingar um einstaklinga. Á mynd 2 má sjá að fólk er líklegast til að treysta heimilislæknum til slíks, en rúm 81% þátttakenda svarar því til. Litlu minna traust nýtur fagfólk á spítölum og tæp 60% bera traust til vísindamanna í þessum efnum



Mynd 2. Treystir þú eftirtöldum einstaklingum og eða stofnunum til að varðveita og geyma lífsýni og heilsufarsupplýsingar um einstaklinga?

Þegar aðrir hópar eru skoðaðir kemur fram að lyfjafyrirtæki njóta töluverðs trausts eða rétt tæps 32% og að um 38% treystir lögreglunni fyrir þessum upplýsingum. Lítil umræða hefur verið hér á landi um aðgang lögreglu að persónuupplýsingum en traust fólks til hennar er nokkurt ef marka má þessa könnun. Minnst traust til að varðveita og geyma lífsýni og heilsufarsupplýsingar njóta atvinnurekendur og verkalýðssamtök en litlu meira traust er borið til tryggingafyrirtækja eða 14,4%.

Svipaðar niðurstöður komu fram þegar fólk var spurt að því hverjir eigi að hafa aðgang að gagnabönkum með upplýsingum um lífsýni og heilsufar einstaklinga (um fyrirfram uppgefinn lista var að ræða). Rétt tæp 76% svarenda töldu eðlilegt að þeir sem vinna hjá hinu opinbera, s.s. starfsfólk

spítala og háskóla hafi slíkan aðgang. Rúm 37% svarenda taldi eðlilegt að líftæknifyrirtæki í einkaeigu hafi aðgang og rúm 30% nefndi lyfjafyrirtæki og lögreglu. Um 16% svarenda taldi eðlilegt að tryggingafyrirtæki hefðu aðgang en sem fyrr eru það atvinnurekendur sem reka lestina, en rétt rúm 10% svarenda telur eðlilegt að sá hópur hafi aðgang að gagnabönkum með upplýsingum um lífsýni og heilsufar einstaklinga.

Í framhaldi af þessum spurningum voru þátttakendur beðnir um að svara því hvort þeir treystu eftirtöldum aðilum til að segja sannleikann varðandi mögulega áhættu í tengslum við gagnabanka og erfðarannsóknir. Í því sambandi var spurt um átta fyrirframgefna aðila. Niðurstöður sýna að þátttakendur treysta vísindamönnum í háskólum best, en tæp 75% svöruðu þeirri spurningu játandi. Næstmest traust báru þátttakendur til sérfræðinga sem starfa hjá hinu opinbera, rétt innan við 60% sögðust treysta þeim aðilum til að segja sannleikann varðandi mögulega áhættu í þessu sambandi. Þátttakendur treystu trúfélögum og stjórnmálamönnum síst til að segja sannleikann, en innan við 10% þátttakenda bar traust til þeirra.

Samþykki fyrir þátttöku í rannsóknum

Eins og kemur fram í umræðunni hér að framan naut starfsræksla miðlægs gagnagrunnar á heilbrigðissviði fylgi meirihluta þjóðarinnar samkvæmt könnunum. Í þeirri könnun sem hér er greint frá er þessi stuðningur staðfestur þar sem 77% svarenda er mjög eða frekar fylgjandi starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði, rétt rúm 12% svarenda segist hvorki vera fylgjandi né andvígur starfsrækslunni og rétt tæp 11% eru henni mjög eða frekar andvíg.

Eitt af helstu álitamálum varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði var sú ákvörðun að ekki þyrfti að leita eftir upplýstu samþykki fyrir þátttöku. Sú leið var farin að gera ráð fyrir samþykki fólks nema það beinlínis segði sig úr grunninum. Ekki var spurt um þetta efni í könnuninni en hins vegar um það hvort fólk væri sammála eða ósammála því að setja megi lífsýni einstaklings sem tekin eru í tengslum við læknismeðferð (t.d. á sjúkrahúsum eða hjá heimilislækni) í gagnabanka án samþykkis viðkomandi og eru 80% því ósammála.

Þá var spurt að því hvort fólk teldi að biðja ætti um samþykki í hvert sinn sem lífsýni væru notuð í rannsóknum á sviði erfðavísinda. Niðurstöður í því sambandi eru ekki jafn afdráttalausar en þó er meirihluti svarenda, rúm 57% því sammála að nauðsynlegt sé að biðja um samþykki viðkomandi í hvert sinn sem lífsýni þeirra eru notuð í rannsóknum á sviði erfðavísinda.

Viðhorf til erfðavísinda

Vísindamenn hafa löngum haldið því fram að Íslendingar væru mjög fúsir til samstarfs og þátttöku í rannsóknum. Skoðanakönnunin staðfestir þessa skoðun, þar sem rúm 73% svarenda segja það nauðsynlegt að einstaklingar láti í té upplýsingar er lúta að heilsufari þeirra, s.s. sjúkraskrár og lífsýni, til að stuðla að framförum á sviði erfðavísinda. Um 20% er því ósammála en tæp 6% segjast vera hvorki sammála né ósammála. Svipaðar niðurstöður koma fram þegar fólk er spurt hversu jákvæða það telji Íslendinga almennt vera í garð rannsókna á sviði erfðavísinda. En 68% svarenda telur viðhorf Íslendinga almennt vera mjög eða frekar jákvætt í garð rannsókna á sviði erfðavísinda.

Nær allir svarendur voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að framfarir á sviði erfðavísinda verði til þess að lækning fáist við mörgum sjúkdómum, eða rúm 95%. Þá sögðust 73% svarenda vera mjög eða frekar vongóð vegna þeirra áhrifa sem erfðavísindin kunna að hafa í för með sér í framtíðinni. Óhætt er því að fullyrða að Íslendingar beri miklar væntingar til þeirra sem að þessum rannsóknum standa. Einnig kom í ljós að talsverður hópur hefur verið þátttakandi í rannsóknum á sviði erfðavísinda eða 41.7% og um 65% töldu mjög eða frekar líklegt að þeir myndu gangast undir erfðarannsókn sem gæti sagt til um hvort viðkomandi gæti fengið alvarlegan sjúkdóm síðar á ævinni.

Lokaorð

Í ljósi aukinnar umræðu um friðhelgi einkalífs og persónuvernd á undanförnum árum hér á landi, sem meðal annars er sprottin af umræðu um varðveislu heilsufarsupplýsinga, ýmissa gagnagrunna og auknu umfangi eftirlits, er athyglivert að sjá að einungis fjórði hver einstaklingur hér á landi segist hafa áhyggjur af skerðingu á friðhelgi einkalífs síns. Þá vekur einnig athygli að Íslendingar telja fjárhagsupplýsingar mikilvægastar varðandi friðhelgi sína. Fólk telur þannig slíkar upplýsingar vera mikilvægari en t.d. upplýsingar sem varðveittar eru í sjúkraskrám og erfðaupplýsingar. Þessar niðurstöður eru mjög áhugaverðar og varpa án efa ljósi á ástæðuna fyrir því að lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði náðu fram að ganga án þess að almenningur hreyfði miklum mótmælum við.

Þessi niðurstaða kann að koma nokkuð á óvart ekki síst í ljósi þess að því hefur verið haldið fram að erfðaupplýsingar séu með viðkvæmustu upplýsingum um einstaklinga og verðskuldi því meiri persónuvernd en aðrar

upplýsingar s.s. eins og heilsufar og félagslegar aðstæður m.a. vegna þess að þær geta sagt til um heilsufar okkar í framtíðinni (O'Neill, 2001). Íslendingar eru greinilega ekki þessarar skoðunar en afstaða þeirra er þó í samræmi við vilja þeirra til að nýta erfðaupplýsingar til rannsókna eins og kemur fram í niðurstöðum.

Svör einstaklinga við spurningum um upplýst samþykki eru einnig áhugaverð því af þeim má ráða að Íslendingar leggi mun meiri áherslu á upplýst samþykki en endurspeglast í íslenskum lögum. Ekki var spurt sérstaklega um gagnagrunn á heilbrigðissviði, en lög um lífsýnabanka gera ráð fyrir ætluðu samþykki fyrir því að lífsýni vegna þjónusturannsókna séu sett í lífssýnasöfn, en afgerandi meirihluti landsmanna er andvígur því fyrirkomulagi samkvæmt könnuninni.

Niðurstöður sýna að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði nýtur enn meirihluta fylgis meðal íslensku þjóðarinnar. Þá virðast Íslendingar vera bjartsýnir í garð þeirra áhrifa sem erfðavísindin kunna að hafa í för með sér í framtíðinni og telja jafnframt mikilvægt að fólk sé tilbúið til að láta af hendi upplýsingar svo hugsanlegum framförum á sviði erfðavísinda sé náð. Ljóst er að vísindamenn og heilbrigðisstarfsmenn njóta trausts þjóðarinnar til að fara vel með upplýsingar þeirra við þessar rannsóknir. Virðist það traust ekki hafa borið hnekki við þá miklu umræðu sem varð um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þó er rétt að geta þess að þeir sem mest trausts njóta eru þeir vísindamenn og heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan hins opinbera geira. Vel má vera að það sé rökrétt afleiðing af því að Íslendingar hafa búið við gott velferðarkerfi og opinbert heilbrigðiskerfi. Þetta er þó umhugsunarvert á tímum aukinnar einkavæðingar innan bæði heilbrigðiskerfis og vísinda.

Heimildir

Anna Birna Almarsdóttir, Traulsenj, J. M. og Ingunn Björnsdóttir. (2004). „We don't have that many secrets" – the lay perspective on privacy and genetic data. Í Garðar Árnason, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason (Ritstj.), *Blood and Data: Ethical, Legal and Social Aspects of Human Genetic Databases* (bls.193-200). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Etzioni, A. (1999). *The Limits of Privacy*. New York: Basic Books.

Gallup. (nóvember, 1998). Meirihluti fylgjandi gagnagrunnsfrumvarpi. Sótt 12. janúar 2004 af http://www.gallup.is/index.jsp.

Nissenbaum, H. (1998). Protecting Privacy in an Information Age: The Problem of Privacy in Public. [Rafræn útgáfa] *Law and Philosophy*, *17*, 559-596.

„Rúmt 81% fylgjandi gagnagrunn á heilbrigðissviði". (27. apríl, 2000). *Morgunblaðið*, sótt 12. janúar 2004 af www.mbl.is.

O'Neill, O. (2001). Informed Consent and Genetic Information. *Studies in History and Philosophy of Science Part C: Studies in History and Philosophy of Biological and Biomedical Sciences, 32*, 689-704.

Salvör Nordal. (2003). Friðhelgi einkalífsins. Í Kristján Kristjánsson og Logi Gunnarsson (Ritstj.), *Heimspeki messa.* (bls.181-196). Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Steindór J. Erlingsson. (2002) *Genin okkar. Líftækni og íslenskt samfélag.* Reykjavík: Forlagið.

Þórhildur Þórhallsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Salvör Nordal. (2001). V*iðhorf Íslendinga til friðhelgi einkalífs*. Óútgefin skýrsla.

Kísildalur – Leiðarljós Íslands inn í þekkingarhagkerfið?

Stefán Ólafsson

Kísildalur, hátæknisvæðið við San Francisco-flóa í Kaliforníu, er ein öflugasta og þekktasta þekkingarþyrping heimsins. Bylting upplýsingatækninnar breiddist þaðan út um heiminn á stuttum tíma og hratt þar með af stað skriðu nýmæla sem eru enn að skapa nýtt umhverfi fyrir þjóðfélög og efnahagslíf heimsins. Tilkoma hnattvæðingar og þekkingarhagkerfis nútímans er nær óhugsandi án byltingar upplýsingatækninnar. Þar eð Kísildalur er órjúfanlega tengdur þessari tæknibyltingu og vegna þess að gríðarlegur árangur náðist í nýsköpun og hagþróun í dalnum er litið til hans sem fyrirmyndar í eflingu þekkingarhagkerfisins um allan heim. Sagt er að flest borgaryfirvöld í heiminum dreymi um að klóna Kísildal í sinni heimabyggð. Þetta kemur fram í því að um allan heim hafa sprottið upp þekkingarþyrpingar, þ.e. svæðisleg samþjöppun fyrirtækja, háskóla og stofnana, þar sem samlegðaráhrif eru nýtt til að skapa sérstakan þrótt og nýsköpunarstyrk fyrir þekkingarbúskap hvers konar.

Þekkingarþyrpingar sem aflstöðvar þekkingarhagkerfisins

Þekkingarþyrpingar hafa hlutverk í nútímahagkerfum sem best verður líkt við aflstöðvar iðnaðarhagkerfisins sem á undan kom. Þær aflstöðvar, oftast einfaldlega kallaðar iðnaðarsvæði, byggðust gjarnan upp við séstakar aðstæður þar sem nýttir voru kostir náttúruauðlinda (kola, vatnsafls, náma ýmiss kona) og hagstæðra staðsetninga vegna samgöngutenginga (Marshall 1890 (1920); Landes 1998). Hinar nýju aflstöðvar þekkingarhagkerfisins byggja á þekkingu sem helstu uppsprettu verðmætasköpunar og hagvaxtar en ekki á náttúru- og orkuauðlindum eins og iðnaðarhagkerfið. Þær nýta þekkingarbúskap (framleiðslu, meðhöndlun, úrvinnslu og miðlun þekkingar) og markaðssetningu jöfnum höndum og felast því öðru fremur í samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis. Slíkar þyrpingar hafa því

oft byggst upp nálægt háskólaumhverfi, jafnvel fyrir tilstilli háskólastofnana eða í nánu samstarfi við þær (Castells 1994). Það á einmitt við um frumþróun þekkingarbúskaparins í Kísildal.

Í nýlegri skýrslu Council of Competitiveness í Bandaríkjunum um þróun svæðisbundinna þekkingarþyrpinga segir að þyrpingar efli samkeppnishæfni einkum á þrjá vegu. Í fyrsta lagi auki þær framleiðni með því að greiða fyrir aðgangi fyrirtækja að sérhæfðum birgjum, faghæfni, upplýsingum, þjálfun og sérhæfni í krefjandi samkeppnisumhverfi. Uppsöfnun slíkra hagstæðra eiginleika verður að öðru jöfnu meiri í þyrpingum og gerir meðal annars auðveldara fyrir fyrirtæki að sækja það sem vantar til þeirra bestu á sviðinu með samstarfi í stað þess að þróa allt sjálf innanhúss.

Í öðru lagi eru þyrpingar hagstæðar til að örva nýsköpun vegna þess þróttar sem þær hleypa í sérhæft umhverfi. Í þriðja lagi greiða þyrpingar fyrir markaðssetningu nýrra hugmynda með því að mynda hagstætt umhverfi fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, með spunaáhrifum (*spin-offs*) frá háskólum og fyrirliggjandi fyrirtækjum og með eflingu jákvæðs nýsköpunar- og framtakshugarfars á svæðinu. Í tengslum við slíkar þyrpingar eru einmitt gjarnan rekin svokölluð frumkvöðlasetur (*business incubator centers*) sem fóstra ný fyrirtæki fyrstu skrefin á nýsköpunarferlinu. Í þyrpingum er almennt greiðari aðgangur að því sem frumkvöðlar þurfa til að koma sér á legg og viðskiptaumhverfi nýsköpunar er því hagstæðara þar en ella.[1]

Hefðbundið var í svæðisþróun atvinnulífs að reyna að bæta samkeppnishæfni svæða með því að lækka tilkostnað við fyrirtækjarekstur á svæðinu. Þetta fól gjarnan í sér að launum og sköttum var stefnt í lágmark og var þannig reynt að beita fjárhagslegum hvötum til að fá ný fyrirtæki inn á viðkomandi svæði. Michael E. Porter og félagar segja eftirfarandi um þetta:

> Þessi leið er hins vegar orðin úrelt í þróuðu hagkerfunum enda er hún mótsagnakennd (*self-defeating*). Aðföng eins og ódýrt vinnuafl og ódýrar náttúruauðlindir er víða hægt að fá. Hagsæld sprettur hins vegar frekar af getunni til að nýta betur en aðrir aðföng og bjargir viðkomandi svæðis til framleiðslu

---

[1] Michael E. Porter o.fl. (2001), *Research Triangle*, bls. 9-10. Skýrsla þessi er hluti af stóru rannsóknarverkefni Council of Competitiveness og gengst verkefnið undir heitinu Clusters of Innovation Initiative. Það hefur falist í því að þróa og útfæra aðferðarfæði prófessors Porters til að meta samkeppnishæfni einstakra svæða. Gerðar hafa verið sérrannsóknir á þekkingarþyrpingum í San Diego, Wichita, Pittsburgh, Atlanta og á Research Triangle þyrpingunni við Raleigh í Norður Karolínufylki. Sjá einnig skýrslu Porters Regional Foundations of U.S. Competitiveness (heimasíða Competitiveness Council) og loks bók Porters (1990), *The Competitive Advantage of Nations* þar sem svipaðri aðferðafræði er beitt í greiningu á samkeppnisstyrk þjóðhagkerfa. Porter er prófessor við Harvard Business School í Boston.

> vöru og þjónustu. Lág laun skapa ekki raunverulegan grundvöll fyrir samkeppnishæfni, heldur halda þau niðri lífskjörum á svæðinu. Fjárhagslega hvata til fyrirtækja er auðvelt að keppa við frá öðrum svæðum (og öðrum löndum) en þeir rýra skatttekjur hins opinbera sem eru nauðsynlegar til að fjárfesta í menntun og grunngerð samfélagsins á viðkomandi svæði. Frá sjónarhóli hinnar nýju aðferðafræði er eina leiðin til að tryggja sjálfbæra hagsæld sú að byggja upp öflugt viðskiptaumhverfi og getu í fyrirtækjum sem stuðlar að mikilli framleiðni. (Porter o.fl. 2001a, bls 4)[2]

Það virðist því ljóst að framboð lágra launa, lágra skatta og styrkja til fyrirtækja hefur minna gildi fyrir staðsetningu fyrirtækja í umhverfi þekkingarhagkerfisins en ætla má að hafi verið í hinu klassíska hagkerfi inðríkisins (Ellison 1999) (Ellison og Glaeser 1999, DeVol 1999).

Þó að minni rekstrarkostnaður fyrirtækja sé alla jafna jákvæður skiptir aðgengi að menntuðu og faglega hæfu starfsfólki oftast mestu máli í þekkingarhagkerfinu. Fólkið sem fyrirtækin sækjast eftir þarf að vilja búa á viðkomandi svæði. Þar eð þetta fólk hefur valkosti og ágæt laun gerir það kröfu um góð lífskjör í heimabyggð sinni og setur sem skilyrði fyrir búsetu og starfi. Góðir skóla, gott samgöngukerfi, heilbrigðisþjónusta, öryggi gegn glæpum, lítil mengun, fallegt umhverfi o.s.frv. skipta því miklu fyrir þekkingarfyrirtækin til að draga fólk að og halda í það vinnuafl sem þau þurfa á að halda.

Hagstætt viðskiptaumhverfi er auðvitað mikilvægt sem og aðgengi að rannsóknar- og menntaumhverfi. Uppbygging samfélagsins á þann veg að það sé álitlegur búsetukostur er því þýðingarmikið og þar er stórt hlutverk sveitarstjórna og borgarstjórna í samvinnu við þá aðra aðila sem að málum koma, eins og fram kom í tilvitnuninni í verk Porters og félaga hér að framan. Tilkoma þekkingarþyrpinga þarf því alla jafna að fela í sér samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og háskóla eða rannsóknarstofnana, í því sem kallað hefur verið þríþætt stoðkerfi (*the Triple Helix*)[3]. Slíkt samstarf hefur einmitt orðið ríkjandi í þróunaráætlunum byggðarlaga og borga um öll Bandaríkin á síðustu áratugum.

---

[2] Sjá einnig umfjöllun um breyttar forsendur fyrir staðsetningu fyrirtækja í nýja hagkerfinu í bók Richard Florida (2002), *The Rise of the Creative Class*.

[3] Sjá umfjöllun um "the triple helix" aðferðafræðina í tímaritinu *Science and Public Policy*, December 1998, árg. 25. nr. 6.

Kísildalir um allan heim

En þekkingarþyrpingar hafa ekki aðeins verið í örum vexti í Bandaríkjunum, heldur um allan hinn þróaða heim. Á heildina litið eru nú á fimmta hundrað þekkingarþyrpingar í heiminum og hefur vöxtur þeirra verið mjög öflugur á síðustu tuttugu árum. Utan Evrópu eru slíkar þyrpingar einnig mjög öflugar í þróaðri hlutum Asíu (Japan, Taiwan, Suður Kóreu, og Indlandi). Þar koma stjórnvöld gjarnan í miklum mæli að uppbyggingu þyrpinganna, og er það í anda hefðbundins hlutverks stjórnvalda þar í uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpun (Wade 1990, Weiss 2003).

Á Norðurlöndum, utan Íslands, eru þekkingarþyrpingar mjög þýðingarmiklar í framþróun þekkingarhagkerfisins. Í Finnlandi og Svíþjóð, þar sem þessi þróun hefur gengið hvað lengst, eru á þriðja tug slíkra þyrpinga á móti um 50 í Bretlandi. Það bendir til að hlutfallslega séu mun fleiri þekkingarþyrpingar í norrænu löndunum, miðað við fólksfjölda, enda eru skandinavísku þjóðirnar mjög framarlega í þróun þekkingarhagkerfisins.

Uppbygging þekkingarþyrpinga í Finnlandi hefur verið einstaklega ör síðan um 1990, en þróun þeirra á rætur að rekja aftar í tímanum. Í dag lætur nærri að slíkar þyrpingar fyrirtækja og stofnana sé að finna við alla finnsku háskólana. Hátækniþyrpingin við háskólann í Oulu, sem oft er talin meðal atkvæðameiri brautryðjenda í þessari þróun í Finnlandi, var stofnuð árið 1982. Einstakur árangur Finna í uppbyggingu þekkingarþyrpinga er hluti af stærri þróun þekkingarhagkerfisins í landinu, en eftir hrun austurverslunarinnar við Sovétríkin sálugu upp úr 1990 lögðu stjórnvöld megináherslu á framþróun þekkingarhagkerfisins í stað hins gamla iðnaðarhagkerfis sem áður hafði verið helsti vettvangur útflutningsframleiðslu landsins (Castells og Himanen 2002, Schienstock og Kuusi 1999).

Kreppa Finnlands í byrjun tíunda áratugarins var einstaklega djúp. Atvinnuleysi í landinu fór hátt í 20% er markaðir fyrir gamla útflutningsvöru hrundu. Stjórnvöld tóku á vandanum með öflugri stefnubreytingu þar sem aukning útgjalda til rannsókna og þróunar, ásamt eflingu skólakerfisins og umsköpun atvinnulífs voru lykilatriði. Markvissari vinnubrögð voru innleidd á öllum sviðum, árangursstjórnun og samanburður, ásamt með framþróun nýsköpunarumhverfis sem ætlað var að verða samkeppnishæft við það besta sem þekkist í heiminum.

Kraftaverkin í Finnlandi

Gott dæmi um þessa þróun í Finnlandi er að finna í Tammerfors (Tampere) í suð-austur hluta landsins. Tammerfors er borg sem er litlu stærri en Reykjavíkursvæðið. Borgin var brautryðjandi í virkjun vatnsafls og framþróun iðnaðar á 19. öldinni, enda hefur hún lengst af verið kölluð Manchester Finnlands. Í borginni eru nú fjórir háskólar og við hvern þeirra er að finna þekkingarþyrpingu, þær öflugustu við Tampere tækniháskólann (Hermia Technology Center) og við Læknaskólann og háskólasjúkrahúsið (Finn-Medi).

Hermia þekkingarþyrpingin var stofnuð árið 1986 af borgaryfirvöldum í samvinnu við tækniháskólann. Uppbyggingin fór hægt af stað en eftir að út í kreppu tíunda áratugarins var komið var lagður mikill kraftur í hana. Tammerfors varð sérstaklega illa úti vegna hruns verslunarinnar við Sovétríkin og fór atvinnuleysi í borginni í um 30%. Þörfin fyrir umskipti í atvinnulífinu var því sérstaklega mikil þar. Frá 1992 lætur nærri að minnst ein stór bygging hafi risið í Hermia þyrpingunni á ári. Upp úr aldamótunum voru um 100.000 fermetrar í húsnæði til afnota fyrir fyrirtæki í þyrpingunni og áframhaldandi ör vöxtur fyrirséður. Velgengni Nokia fyrirtækisins skilar sér í margföldunaráhrifum á þessum stað eins og víðast í Finnlandi. En uppbyggingin á staðnum byggir einnig á svæðisbundnum styrkleika sem fyrir var á svæðinu, svo sem í einstökum greinum iðnaðar og upplýsingatækni. Borgin hefur nú byggt upp verulegan styrkleika á sviði véltækni og sjálfvirkni, upplýsinga- og boðskiptatækni, miðlun, faglegri viðskiptaþjónustu og heilsutengdri þjónustu, ekki síst í ofangreindum þekkingarþyrpingum (Castells og Himanen 2002, bls. 124-126).

Í Hermia þyrpingunni vinna saman fyrirtæki, háskóli og borgaryfirvöld, sem einnig njóta góðs bakhjarls í ríkisvaldinu sem vill stuðla að framþróun þekkingarhagkerfisins og styrkja svæðislegrar atvinnu- og samfélagsþróunar í landinu. Yfirvöld borgar og héraðs komu að stofnun þekkingarþyrpingarinnar, með fjárframlögum og aðild að rekstri frumkvöðlaseturs í þyrpingunni. Það var mikilvæg meðgjöf en starfsemin byggir síðan að fullu á viðskiptalegum forsendum og þarf því að standa undir sér sjálf. Einkaaðilar fjármagna byggingar í þyrpingunni en rekstrarfyrirtæki hennar framleigir þær síðan til einstakra fyrirtækja. Rekstrarfélagið annast einnig uppbyggingu öflugrar

þjónustu vegna nýsköpunar og fyrirtækjaþróunar í þyrpingunni og hefur tengsl við aðila utan svæðisins og á vettvangi stjórnvalda í landinu.[4]

En þróun þekkingarþyrpinga hefur ekki aðeins gengið vel í Finnlandi, heldur má segja svipaða sögu um framvinduna í Svíþjóð. Þar eru nú um 30 þekkingarþyrpingar í háskólaumhverfi um allt land. Dæmi um öflugar þyrpingar eru Kista við Stokkhólm, Ideon í Lundi, Teknikbyn í Vesteras, Lindholmen og Chalmers í Gautaborg og Mjardevi í Linköping. Þá er Medeon vísindagarðurinn í Malmö einnig öflugur, en hann er hluti af stærri þyrpingu, Medicon Valley, sem er samstarfsverkefni Malmö og Kaupmannahafnar (Öresunds-verkefnið), þar sem samþætt er starfsemi beggja megin við Eyrarsund og er þar sérstakur styrkleiki á sviði heilbrigðistækni og heilsuþjónustu.[5]

Enga eiginlega þekkingarþyrpingu er að finna á Íslandi enn sem komið er og því má ljóst vera að Ísland er nokkuð á eftir frændþjóðunum á hinum Norðurlöndunum í þessum efnum, ekki síst Svíum og Finnum sem fremstir eru. Á vegum Háskóla Íslands hefur hins vegar verið unnið að undirbúningi uppbyggingar slíkrar þekkingarþyrpingar á háskólasvæðinu í Vatnsmýri. Þar er besti staður landsins til slíkrar uppbyggingar, að mati erlendra ráðgjafa. Ástæður þess eru þær, að Háskóli Íslands er lang öflugasti og stærsti rannsóknarháskóli landsins. Hann er að auki staðsettur við miðborgarumhverfi sem að öðru jöfnu er ákjósanlegt fyrir slíka uppbyggingu. Þá er þar stutt í háskólasjúkrahúsið, en það hefur mikla þýðingu fyrir slíka uppbyggingu á sviði heilbrigðistækni og líftækni. Aðgengi að sérfræðilegu fagfólki og stúdentum er því með besta móti og nægt land til öflugrar uppbyggingar þegar fyrir hendi. Þá er ljóst að rúmt vaxtarsvæði býðst á svæðinu til lengri tíma, þegar miðborgarsvæðið þróast frekar út á Vatnsmýrarsvæðið.

Eins og áður hefur fram komið er æskilegast að slíkar þekkingarþyrpingar byggist upp í samvinnu atvinnulífs, stjórnvalda (ríkis og borgar) og háskóla. Þannig hefur þróunin yfirleitt verið þar sem best hefur gengið. Í Svíþjóð og Finnlandi koma sveitarfélög og borgaryfirvöld víðast með beinum hætti að

---

4 Frásögnin af uppbyggingunni í Tammerfors er að stærstum hluta byggð á upplýsingum sem höfundur þessarar greinar aflaði á ráðstefnu Nordic Science Parks Association árið 2002 sem haldin var í borginni. Olli Niemi, framkvæmdastjóri og helsti uppbyggjandi Hermia vísindagarðsins/þyrpingarinnar, veitti ítarlegar upplýsingar um starfsemina og þróun hennar yfir tíma. Hann kom einnig til Íslands til ráðgjafar við undirbúningshóp þekkingarþorps Háskóla Íslands, en Stefán Ólafsson var formaður hans. Hópurinn lauk störfum í byrjun árs 2003 og var þá stefnt að stofnun hlutafélags til að annast næstu skref og framkvæmd uppbyggingarinnar í samvinnu við einkafyrirtæki og fjárfesta.

5 Sjá nánar um sænskar þekkingarþyrpingar á síðunni "www.swedepark.se".

stofnun og frumuppbyggingu þekkingarþyrpinganna, til dæmis með byggingu og rekstri frumkvöðlasetra sem eru lykilþáttur í uppbyggingu nýsköpunarumhverfisins á svæðinu. Byggðastefna í þessum löndum hefur að umtalsverðu leyti farið í þennan farveg á liðnum árum. Á meginlandi Evrópu styður Evrópusambandið rekstur frumkvöðlasetra í umtalsverðum mæli, til dæmis í Frakklandi og Þýskalandi.

Ljóst er að tilkoma öflugrar þekkingarþyrpingar á Reykjavíkursvæðinu gæti skipt gríðarlegu máli fyrir framþróun þekkingarhagkerfisins á Íslandi. Íslendingar eru í dag á eftir helstu grannríkjunum í framþróun atvinnugreina þekkingarhagkerfisins, það er í framleiðslu vöru og þjónustu hátæknigreina, þó þeir búi að sterkri grunngerð í upplýsingatækni. Það eru því ærin tilefni til að fylgja fordæmi annarra vestrænna þjóða sem hafa komið upp öflugum þekkingarþyrpingum til að hraða framþróun þekkingarhagkerfisins á Íslandi.

Valið stendur meðal annars um það, hvort við eigum að fylgja fordæmi Bandaríkjamanna eða Skandinava við útfærslu slíkrar stefnu. Í síðasta hluta greinarinnar berum við saman þær tvær leiðir og spyrjum hvor hentar betur í íslensku þjóðfélagsumhverfi?

Bandaríska eða skandinavíska leiðin?

Hver er kjarninn í leið Kísildals til forystu í nýsköpun og atvinnuþróun og hvað má læra af honum?

Margir telja að leið Kísildals sé leið algjörlega hreinna markaðshátta. Kísildalsævintýrið sé dæmi um hverju frjálsir markaðshættir geti áorkað þegar veruleikinn loks verður eins og í kennslubókum markaðshyggjumanna. Ímyndin er þannig sú, að framþróun dalsins megi rekja til þess að einkaframtak uppfinningamanna og einkafjárfesta hafa fengið að blómstra, algjörlega án opinberra afskipta. Einstaklingar með góðar hugmyndir hafi fengið aðgang að stofnfé til að koma fyrirtækjum á legg til að markaðssetja afurðir sínar. Þeir hafi haft aðgang að góðri þekkingu og sveigjanlegu starfsfólki, sem ekki var heft af reglum og kjarasamningum launþegafélaga. Framtaksmennirnir hafi haft frelsi til að efnast af hinum góðu hugmyndum sínum og þrotlausum dugnaði og sá árangur hafi svo skilað sér í því að þeir hafi í öðrum umgangi gerst fjárfestar og hjálpað sporgöngumönnum sínum til að ná sambærilegum árangri, koll af kolli.

En hver er niðurstaða helstu rannsókna á forsendum árangursins í Kísildal og helstu áhrifaöflunum sem þar bjuggu að baki?[6] Frjálsir markaðshættir eru vissulega mikilvægir í leið Kísildals en alls ekki einir og sér. Hlutverk ríkisvaldsins í framþróun dalsins var mikilvægt, hlutverk háskólasamfélagsins sömuleiðs og loks skiptu menning og félagslegir samskiptahættir miklu máli. Lítum nánar á helstu skýringar á góðum árangri í uppbyggingu hátæknisvæðisins í Kísildal.

Þó rafeindaiðnaður eigi sér sögu á San Francisco svæðinu allt aftur til fyrsta áratugar 20. aldarinnar (Sturgeon 2000), virðist ljóst að frumkvæði Stanford háskóla með stofnun Stanford Research Park upp úr 1950 hafi skapað tímamót í þróun dalsins. Með því gekk háskólinn óhikandi til samstarfs við atvinnulífið um að efla uppbyggingu hátækniiðnaðar. Þekkingarstyrkur svæðisins byggði einnig á öðrum háskólum á San Francisco flóa-svæðinu, til dæmis Kaliforníuháskólanum í Berkley og San Francisco og ríkisháskólanum í San Jose. Þekkingargrundvöllur svæðisins var því óvenjulega sterkur.

Flutningur leiðandi vísindamanns á sviði rafeindaiðnaðar, Williams Shockley, til Palo Alto, var einnig mikilvægur því með honum hófst frekari þróun og framleiðsla transistora (smára) þar. Hann dró að sér öfluga verkfræðinga til að starfa með sér í fyrirtæki sínu, Shockley Semiconductor Laboratory, árið 1955. Fólkið sem Shockley dró að sér fór síðan eigin leiðir og þróaði notkun hálfleiðara yfir í gerð kísilflögu-örgjörfanna sem keyra flestar tölvur heimsins í dag, en INTEL fyrirtækið spratt úr þessum jarðvegi.

Þessi saga frá Shockley til INTEL segir margt um einkenni viðskiptaumhverfisins í Kísildal. Framboð vel hæfs fólks var mikið á svæðinu og það var jafnframt mjög hreyfanlegt og opið fyrir nýjum tækifærum sjálfum sér til handa. Mjög þróttmikil framtaksmenning varð þannig snemma eitt af áberandi einkennum Kísildals, með vinnusemi, nýsköpunarhugarfari, dirfsku og þrotlausri leit að efnahagslegum ábata (Stefán Ólafsson 1996). Efniviður öflugrar efnahagsþróunar var því fyrir hendi á staðnum, en stærsti einstaki hvatinn fyrir framþróun svæðisins kom þó frá bandaríska hernum og opinberum stjórnvöldum, allt fram undir lok Víetnam stríðsins upp úr 1970. Það lá í því að hið opinbera (einkum herinn og NASA geimferðastofnunin) voru helstu kaupendur tækninýjunga og styrkveitendur fyrir nýsköpunarstarfið. Það var ómetanlegt, eins og reyndar hafði áður verið fyrir hátækniiðnaðinn á austurströnd Bandaríkjanna, til dæmis á Boston svæðinu.

---

6 Umfjöllunin hér er byggð á Castells og Hall 1994, Saxenian 1994 og 1999, Castells 1996, Kenney og Burg 1999, Sturgeon 2000, Kenney (ritstj.) 2000, Richter 2000, Lee o.fl. 2000.

Þolinmæði fjárfesta og hversu fljótt tekst að koma seljanlegri vöru á markað eru þau atriði sem einna mestu skipta fyrir nýsköpunarfyrirtæki í lífsbaráttunni fyrstu starfsárin. Herinn og hið opinbera voru bestu viðskiptavinir sem hægt var að fá við slíkar aðstæður (Castells og Hall 1994, Lee o.fl. 2000 og Sturgeon 2000).

Hið opinbera lagði nýsköpun á svæðinu einnig mikið lið með ríflegum styrkjum til vísindarannsókna í háskólaumhverfinu. Stanford og Berkley háskólarnir voru sérstaklega öflugir á sviði hátækni, rafeindaiðnaðar og verkfræði og því fundvísir á rannsóknarfé í opinberum sjóðum, sem oft var notað í samstarfi við atvinnulífið. Vilji háskólanna til að sinna hagnýtum verkefnum samhliða grunnrannsóknum og til að vinna með atvinnulífinu skipti miklu máli fyrir árangur á þessu sviði.

Á tíunda áratugnum tókst afar vel að sveigja fyrirtæki í Kísildal meira inn á svið hugbúnaðar og Internetverkefna, einmitt þegar samkeppni í framleiðslu tölvutengdra afurða hafði harðnað umtalsvert, auk þess sem verkefni frá hernum drógust saman. Einnig varð líftæknin mikilvægur vettvangur framþróunar í dalnum á þessum tíma. Þannig má segja að gæfa samfélagsins á svæðinu hafi einkum falist í því að sýna sveigjanleika til að breyta og halda sér í fremstu röð nýsköpunarstarfseminnar.

Kenney og Burg (1999) aðgreina það sem þeir kalla Hagkerfi I og Hagkerfi II í umhverfi Kísildals. Með því fyrra eiga þeir við stærri og ráðsettari fyrirtæki, rannsóknarháskóla og stofnanir á svæðinu. Það síðara vísar hins vegar til stoðkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemina á svæðinu, það er aðila og stofnanir sem stuðla að framleiðslu nýrra fyrirtækja. Kenney og Burg telja þann þáttinn ekki hvað síst ábyrgan fyrir því að tekist hefur að halda Kísildalssvæðinu í fremstu röð hátækniiðnaðarins í heiminum svo lengi.

Það sem átt er við með þessu stoðkerfi nýsköpunarinnar er, auk rannsóknarstarfsemi háskólanna, öflugir áhættu- og fagfjárfestar, lögfræðifyrirtæki, rekstrarráðgjafar og bókhaldarar, ráðningarþjónustur og ráðgjafar við skráningu einkaleyfa (Kenney 2000). Margir hafa einmitt gert mikið úr hlutverki áhættufjárfestanna, en margir þeirra urðu sjálfir til í starfsemi fyrirtækja í dalnum, efnuðust verulega og snéru sér síðan að fjárfestingu fjármuna sinna í nýjum hugmyndum sem voru á sveimi í þeirra nánasta umhverfi. Áhættufjárfestarnir voru þannig oft með beina reynslu sjálfir af því að byggja upp nýsköpunarfyrirtæki sem náðu miklum árangri. Þeir tóku gjarnan ríkan þátt í stefnumótun þeirra fyrirtækja sem þeir svo fjárfestu í og þannig nýttist reynsla og þekking þeirra áfram á svæðinu. Þessi þróttur í áhættufjárfestingum í Kísildal og fjöldi frægra frásagna um mikinn árangur og mikla auðsöfnun á skömmum tíma dró síðan að sér frumkvöðla með góðar

hugmyndir og gott vinnuafl sem freista vildi gæfunnar á svæðinu. Þannig lögðust saman margir þættir til að skapa jákvæða framþróun og viðvarandi endurnýjun. Áhættufjárfestar einkageirans tóku þannig í vaxandi mæli við hlutverki hersins og hins opinbera sem helstu stuðningsaðila nýsköpunar. Góðir samningar um nýsköpunarverkefni fyrir herinn eða opinberar stofnanir eru þó enn fýsilegir eins og gefur að skilja, þó vægi þeirra hafi farið minnkandi.

Annað sem hefur haft mikla þýðingu fyrir farsæla virkni á svæðinu er hið opna viðskiptaumhverfi sem þar hefur tíðkast (Saxenian 1994, 1999). Það felst í þeim starfsháttum að sækja afurðir til þeirra bestu á hverju sviði í stað þess, sem oft er háttur stórra öflugra fyrirtækja, að byggja upp alla þætti framleiðslu á tilteknu sviði innanhúss. Þannig hefur Kísildalsleiðin falið í sér mikla notkun útboða og samstarfs milli fyrirtækja, mikinn samgang, auk þess samgangs sem hefur fylgt miklu og öru flæði sérfræðilegs starfsfólks milli fyrirtækja. Það er því ljóst að Kísildalur stendur fyrir mikinn árangur í framþróun hátækniiðnaðar á síðustu fjórum áratugum eða svo. Fjöldi nýmæla hefur flætt frá svæðinu og þar hefur orðið til mikill persónulegur auður. En hvernig horfið þessi þróun við frá samfélagslegu sjónarhorni? Hver eru gæði samfélagsins?

Atvinnulífið í Kísildal má auðkenna sem ríkisstuddan markaðsbúskap. Það hefur veitt mörgum framtaksmönnum og sérfræðingum tækifæri og mikla auðsæld. Meðaltekjur á svæðinu eru um 50-60% hærri en að jafnaði í Bandaríkjunum og svæðið dregur að sér ungt og atorkumikið fólk frá öllum heimshornum. Hátt í þriðjungur starfsfólks í dalnum kemur frá öðrum löndum, einkum Asíu. Starf og líf á svæðinu einkennist hins vegar af miklu álagi, miklu óöryggi um atvinnu og miklum ójöfnuði í tekjuskiptingu (Carnoy 2002, Brenner 2002). Fasteignaverð er afar hátt og framfærslukostnaður sömuleiðis. Einungis um fjórðungur íbúa í dalnum hefur efni á að kaupa íbúð sem selst á meðalverði þar, en meðaltalið fyrir Bandaríkin öll er tæp 60%. (Joint Venture Silicon Valley, Index 2002). Mengun er orðin stórt vandamál og umferðarþungi gífurlegur, með tilheyrandi tímatapi vegna ferðalaga til og frá vinnu. Fátækt og glæpir eru alvarleg vandamál á svæðinu, til dæmis í San Jose, engu síður en á öðrum bandarískum þéttbýlissvæðum. Öflugir góðgerðarkapítalistar duga ekki til að vinna bug á vaxandi félagslegum vandamálum á svæðinu.[7]

---

[7] Sjá til dæmis umsögn starfshóps á vegum OECD sem kynnti sér þróunina á Kísildals-svæðinu, meðal annars með skoðunarferð um svæðið og fundum með heimafólki á árunum 2000-2001. (OECD, Local Economic and Employment Development program (LEED), 2001). Það er ef til vill einkennandi fyrir sjónarmið í þessum heimshluta,

Árangur í tækniþróun gerir svæðið spennandi fyrir frekar fámenna yfirstétt en fyrir venjulegt fólk er þetta umhverfi frekar harðneskjulegs kapítalisma. Engin launþegahreyfing er á svæðinu til að standa vörð um hagsmuni launafólks nema að hverfandi leyti og því er hætt við að framgangur þróunar þar taki einkum mið af hagsmunum eigenda og fjárfesta, eins og vill verða í frjálsara markaðsumhverfi. Tekjuskiptingin í Kísildal þróaðist til dæmis þannig á vaxtarárunum miklu milli 1990 og 2000, að tekjur hæstu 20% tekjuþeganna hækkuðu verulega en tekjur annarra stóðu í stað eða jafnvel lækkuðu. Ríkisafskiptin á svæðinu eru ekki til að hafa áhrif á lífskjaradreifinguna heldur til að styðja við nýsköpunina og þá sem mestan fjárhagsávinning hafa af henni.

Steven Cohen og Gary Fields (1999), fræðimenn við Kaliforníuháskólann í Berkley, gerðu rannsókn á félagsgerð og félagsauði svæðisins við San Francisco flóann. Í ljósi hins óvenjulega mikla og nytsama samstarfs milli fyrirtækja sem tíðkast í Kísildal var þessi rannsókn sérstaklega áhugaverð til að meta samfélagsstyrkinn á svæðinu. Robert Putnam (2000), brautryðjandi í rannsóknum á félagsauði, hefur einmitt bent á mikilvægi hans fyrir svæðislega efnahagsþróun. Því má spyrja hvort hið frjóa samstarf milli fyrirtækja sé ekki endurspeglun á miklum persónulegum tengslum og samskiptum fólks í dalnum, það er þróttmiklu borgaralegu mannlífi?

Niðurstaða Cohens og Fields er sú að svo sé ekki, heldur sé samstarfið bundið við formleg viðskiptasambönd milli fyrirtækja, háskóla og stjórnvalda, sem eru einkum hagsmunadrifin fyrir framleiðslustarfsemina. Hrá einstaklingshyggja einkennir samfélagið í Kísildal, hirðuleysi um náungann og sinnuleysi um samfélagsleg atriði, enda mikið flæði fólks inn og út af svæðinu. Þróttmikil borgaraleg þátttaka í samfélaginu og viðburðum á svæðinu er ekki sérstakt einkenni á samfélaginu í Kísildal.

Skandinavíska leiðin í umsköpun þjóðfélaga frá iðnaðarhagkerfi til þekkingarhagkerfis samþættir hins vegar atvinnulíf við öflugt velferðarkerfi, þar sem launþegahreyfing hefur stórt hlutverk í samráðsskipan þjóðfélagsins. Í slíku þjóðfélagsumhverfi er meira gætt að hagsmunum hins almenna launamanns en í bandaríska umhverfinu. Það kemur fram í almennt betri lífskjörum almennings, minni ójöfnuði og færri félagslegum vandamálum. Það sem er sérstaklega athyglisvert við skandinavísku leiðina inn í þekkingarhagkerfið er að frændþjóðum okkar hefur tekist að komast í fremstu röð

Kaliforníu, að helstu hugmyndir til umbóta á samfélagsgerðinni gera ráð fyrir að virkja góðgerðarfélög og stjórnunarhætti atvinnulífsins (philanthropy joint ventures) til að vinna bug á bráðum vandamálum. Það hefur hins vegar oft dugað skammt, enn sem komið er.

þekkingarbúskapar og nýsköpunar innan þjóðfélagsramma velferðarríkisins. Kenningar markaðshyggjumanna spá því hins vegar að slíkt geti ekki farið saman. Góður árangur skandinavísku leiðarinnar í þróun þjóðfélagsins er almennt afsönnun á boðskap hörðustu markaðsfrjálshyggjumanna, allt frá Rose og Milton Friedmann (1980) til Thomas L. Friedman (2000) í nútímanum.

Að lokum skoðum við beinan samanburð á fulltrúa skandinavísku leiðarinnar og þeirrar bandarísku, í töflu 1, en hún kemur úr samanburðarrannsókn Castells og Himanen (2002). Þar er finnsku og bandarísku leiðinni stefnt saman og settir fram nokkrir vísar um árangur á einstökum sviðum efnahags- og samfélagsþróunar.

Í sjálfu sér er afar flókið ef ekki ógerlegt að gera altækan samanburð á árangri tveggja hag- og stjórnkerfa svo óyggjandi sé. Slíkur samanburður hlýtur því alltaf að gefa vísbendingar frekar en algildar niðurstöður.

Gögnin í töflunni sýna að Finnar, líkt og hinar norrænu þjóðirnar, standa mjög vel hvað snertir ýmsar vísbendingar um styrk upplýsingatækninnar. Netþjónar eru fleiri miðað við fólksfjölda og notkun farsíma mun meiri, en hins vegar er netverslun lengra komin í Bandaríkjunum. Notkun Internetsins (aðgengi íbúa) er svipað í þessum tölum, en það er mikilvægt til að nýta bjargir þjóðarinnar og forðast stéttaskiptingaráhrif í útbreiðslu upplýsingatækninnar (*digital divide*).[8] Finnar hafa hins vegar mun meiri styrk í menntun ungs fólks í vísinda- og tæknigreinum. Virkni þjóðarinnar í skólagöngu og læsi eru hvoru tveggja á hærra stigi í Finnlandi en í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn eru með heldur meiri hluta útflutnings sína á sviði hátæknivöru en munurinn er þó lítill.

---

[8] Nýrri tölur um aðgang að Internetinu sýna að norrænu löndin hafa farið fram úr Bandaríkjunum á síðustu arum.

Tafla 1. Einkenni og árangur Finna og Bandaríkjamanna í þróun þekkingarhagkerfisins. Tölur vísa til loka tíunda áratugarins.

	Finnar	Bandaríkjamenn
Tæknipættir:		
Grunngerð:		
1. Netþjónar á hvert 1000 íbúa	200	179
2. Áskrifendur farsíma á hvert 1000 íbúa	752	401
Framleiðsla:		
3. Útflutningur hátæknivöru (%)	27	32
4. Netverslun (öruggir netþjónar á 1000 íbúa)	9,6	28,1
Þekking:		
5. Notkun Internetsins (% íbúa)	46	49
6. Hlutfall háskólastúdenta í vísinda og tæknigreinum (%)	27	14
Efnahagur:		
Þjóðarbúskapur:		
7. Samkeppnishæfni, vísitala (USA=100)	83	100
8. Þjóðarframleiðsla á mann (US$)	23.430	36.144
Viðskiptaþættir:		
9. Framleiðni í iðnaði (vísitala: USA=100)	99	100
10. Aukning verðmæta á hlutabréfamarkaði 1996-2000 (%)	894	429
Nýsköpunarstyrkur:		
11. Fjárfesting í R&Þ (% af VLF)	3,1	2,6
12. Tekjur af einkaleyfum (US$ á hvert 1000 íbúa)	126	130
Velferð:		
Menntun:		
13. Virkir í skóla (Vísitala)	103	95
14. Læsi (Functional literacy - %)	93	82
Heilsa:		
15. Lífslíkur við fæðingu (meðalævi í árum)	77,2	76,5
16. Íbúar sem eru með sjúkratryggingu (%)	100	82
Lífskjaradreifing:		
17. Hlutfallsbil milli tekna hæstu og lægstu 20% tekjuþega	3,6	9,0
18. Íbúar sem eru undir fátæktarmörkum (%)	3,8	14,1
Lífsgildi:		
Þjóðmál:		
19. Frelsi fjölmiðla (Vísitala 0-100; 0=frjálsir)	14	15
20. Jafnræði kynjanna (vísitala: því hærri, því jafnara)	783	738
Samfélagsmál:		
21. Þátttaka í frjálsum félögum (meðalfjöldi aðilda á mann)	1,8	1,1
22. Fjöldi í fangelsi á hvert 100.000 íbúa	62	554
Hnattrænir þættir:		
23. Fólk af erlendu bergi brotið, % íbúa	2,5	10,4
24. Umhverfismál: CO_2 útblástur (tn. Á íbúa)	10,9	20,1
Network Readiness Index 2000[9]	**5,92**	**5,79**

Heimild: Castells og Heimanen (2002, bls. 15-18) og World Economic Forum.

[9] Network Readiness Index er samþætt mæling á styrk þjóða til að þróa þekkingarhagkerfið.

Beinir mælikvarðar á efnahagsstyrk endurspegla yfirburði Bandaríkjamanna sem varað hafa lengst af á 20. öldinni og er þjóðarframleiðsla á mann því hærri í Bandaríkjunum og útkoma í mælingu á samkeppnishæfni sömuleiðis. Finnar hafa þó sótt fram á því sviði á síðustu árum og sumar mælingar á samkeppnishæfni setja þá í hærra sæti en hér kemur fram.[10] Framleiðni í iðnaði er sú sama í báðum löndunum, en aukning verðmæta á hlutabréfamarkaði hefur verið mun meiri í Finnlandi en Bandaríkjunum frá 1996 til 2000. Finnar hafa lagt heldur stærri hluta þjóðarframleiðslu sinnar í rannsóknir og þróun á síðustu árum, sem ásamt góðum styrk í skólakerfinu er líklegt til að skila þeim forskoti á þessu sviði í framtíðinni.

Niðurstaða

Þegar á heildina er litið má segja að árangur Finna á sviði hátækni og efnahagsþróunar sé afar góður og að mörgu leyti sambærilegur við útkomu Bandaríkjanna. Í ljósi þess að Finnar eru nýkomnir í fremstu röð á þessu sviði, það er eftir stefnubreytingu í byrjun tíunda áratugarins, má segja að árangur þeirra sé framúrskarandi. Farsímaframleiðandinn Nokia á stóran þátt í heildarútkomu finnska hagkerfisins, en því fer þó fjarri að það fyrirtæki sé eitt um þróunina. Gróskunnar hefur gætt á fjölmörgum sviðum hátækniiðnaðar (Castells og Himanen 2002 og Schienstock og Kuusi 1999).

Á sviði velferðarmála hafa Finnar hins vegar talsverða yfirburði fram yfir Bandaríkin, svo sem betri sjúkratryggingavernd almennings, hærri lífslíkur, minni barnadauða, meira jafnræði kynjanna, meiri jöfnuð og mun minni fátækt. Það endurspeglar að öflugt velferðarkerfi getur farið farsællega saman við þróttmikið þekkingarhagkerfi. Í reynd er það svo að skandinavíska leiðin er líklegri til að tryggja betri nýtingu á mannauði þjóðanna, með hærra menntunarstigi og minni áhrifum af stéttaskiptingu á aðgengi þegnanna að upplýsingatækninni. Fjárfesting í mannauði og uppbygging á þekkingu og hæfni eru mikilvægustu þróunarleiðirnar í þekkingarhagkerfi framtíðarinnar.

Af ofangreindum sökum virðist flest mæla með því að Íslendingar þrói leið sína inn í þekkingarhagkerfið á svipaðan hátt og frændþjóðirnar á hinum Norðurlöndunum, frekar en að feta sig í átt að bandarísku leiðinni. Af

---

[10] Mun á útkomum í fjölþjóðlegum mælingum á samkeppnishæfni má oftast rekja til ólíkra þátta sem lagðir eru til grundvallar í mælingunum. Sjá nánar á heimasíðu World Economic Forum (http://www.weforum.org/) en þar kemur fram að í skýrslu um samkeppnishæfni fyrir árið 2003-4 eru Finnar í efsta sæti á undan Bandaríkjamönnum.

árangrinum í Kísildal má þó margt læra og hagnýta án þess sporgöngumenn taki upp ríkjandi þjóðmálastefnu Bandaríkjamanna. Eftirfarandi eru helstu lexíurnar frá Kísildal sem vel nýtast til að þróa þekkingarhagkerfi í umhverfi norrænu velferðarríkjanna:

- Mikilvægi öflugs rannsóknarumhverfis fyrir verðmætasköpun
- Mikilvægi góðs samstarfs milli háskóla og atvinnulífs
- Mikilvægi opinbers stuðnings við nýsköpunarumhverfi og frumkvöðlastarf
- Mikilvægi menntaðs og faglegs vinnuafls, sem er hreyfanlegt
- Mikilvægi sveigjanleika og hvatningarkerfa fyrir starfsfólk
- Mikilvægi sterkrar framtaksmenningar á svæðinu
- Mikilvægi opins viðskiptaumhverfis (samstarf auðvelt, stofnun fyrirtækja auðveld)
- Mikilvægi öflugra þyrpinga sem skapa samlegðaráhrif og nýsköpunarumhverfi
- Mikilvægi góðra lífskjara á svæðinu

Heimildir

Benner, C. (2002). *Work in the New Economy: Flexible Labor Markets in Silicon Valley*. Oxford: Blackwell Publishing.

Carnoy, M. (2000). *Sustaining the New Economy: Work, Family and Community in the Information Age*. Cambridge MA: Harvard University Press.

Castells, M. og Hall, P. (1994). *Technopoles of the World: The Making of 21st Century Industrial Complexes*. New York: Routledge.

Castells, M. (2000). *The Rise of the Network Society*. New York: Routledge.

Castells, M. og Himanen, P. (2002). *The Information Society and the Welfare State: The Finnish Model*. Oxford: OUP.

Cohen, S. S. og Fields, G. (1998). *Social Capital and Capital Gains, or Virtual Bowling in Silicon Valley*. Berkley Roundtable on the International Economy, Working paper 132.

DeVol, Ross C. (1999). *America´s High-Tech* Economy (Santa Monica: Milken Institute).

Ellison, G. og Glaeser, E. (1999). "The Geographic Concentration of Industry: Does Natural Advantage Explain Agglomeration?", í *Papers and Proceedings of the One Hundred Eleventh Annual Meeting of the American Economic Association 89* (2), bls. 311-316.

Florida, R. (2002). *The Rise of the Creative Class*. New York: Basic Books.
Friedman, Milton og Rose (1980). *Free to Choose*. Harmondsworth: Penguin.
Friedman, Thomas L. (2000). *The Lexus and the Olive Tree: Understanding Globalization*. New York: Anchor.
Joint Venture Silicon Valley (2002). Index 2002. San Jose; www.jointventure.org.
Landes, D. (1998). The Wealth and Poverty of Nations: *Why Some are so Rich and Some are so Poor*. London: Little Brown and Company.
Lee, Chong-Moon o.fl. (ritstj.)(2000). *The Silicon Valley Edge: A Habitat for Innovation and Entrepreneurship*. Stanford, CA: Stanford University Press
Kenney (ritstj.)(2000). *Understanding Silicon Valley: The Anatomy of an Entrepreneurial Region*. Palo Alto: Stanford University Press.
Kenney og Burg (1999). Technology, Entrepreneurship and Path Dependence: Industrial Clustering in Silicon Valley and Route 128, í *Industrial and Corporate Change*, árg. 8, nr. *1*, bls. 67-103.
Malecki, E. J. (2000). "Creating and Sustaining Competitiveness: Local Knowledge and Economic Geography", í Bryson, J. R. o.fl. (ritstj.), *Knowledge, Space, Economy*. London: Routledge.
Marshall, A. (1890/1920). *Principles of Economics*. London, Macmillan.
Porter, M. E. (1990). *The Competitive Advantage of Nations*. Oxford: OUP.
Porter, M. E. (2001a). Research Triangle (Washington: Council of Competitiveness).
Porter, M. E. (2001b). Regional Foundations of U.S. Competitiveness (Washington: Council of Competitiveness).
Putnam, R. D. (2000). *Bowling Alone*. Touchstone: New York.
Schienstock, G. og Kuusi, O. (1999). *Transformation Towards a Learning Economy: The Challenge for the Finnish Innovation System*, Sitra 213. Helsinki: Sitra.
Sturgeon, (2000). How Silicon Valley Came to Be. Í Kenney (Ritstj.), *Understanding Silicon Valley*.
Richter, R. (2000). *The Silicon Valley Story: Scene, Charactrers, Plot and Moral of the Tale* (Univeristy of Saarland, http://www.uni-saarland.de/fak1/fr12/albert/mitarbeiter/richter/institut/Silicon_Valley.PDF).
Saxenian, A. (1994). *Regional Advantage: Culture and Competition in Silicon Valley and Route 128*. Cambridge MA: Harvard University Press.
Saxenian, A. (1999). Comment on Kenney and von Burg, Technology, Entrepreneurship and Path Dependence: Industrial Clustering in Silicon Valley and Route 128, , í *Industrial and Corporate Change*, árg. 8, nr. 1, bls. 105-110.

Stefán Ólafsson (1996). *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Wade, R. (1990). *Governing the Market: Economic Theory and the Role of Government in East Asian Industrialization*. Princeton: PUP.

Weiss, L. (ritstj.)(2003). *States in the Global Economy: Bringing Domestic Institutions Back In*. Cambridge, UK: CUP.

World Economic Forum (2002). Network Readiness Index (www.weforum.org).

Móta boðskiptin veruleikann?

Þorbjörn Broddason

Um miðja síðustu öld setti Harold Innis (1894-1952) fram kenningar sínar um mismunandi boðskiptahætti og áhrif þeirra á framvindu sögunnar (Innis, 1950, 1951). Að mati James Careys, sem er einn merkasti núlifandi boðskiptafræðingur vestanhafs, bera verk Inniss af í fjölmiðlafræðum í þeim heimshluta „...þrátt fyrir illþolandi óljósa og torráðna framsetningu" (Carey, 1989: 142). Hann lagði meira upp úr eðli og sérkennum boðmiðlanna sjálfra en efnisinnihaldi þeirra (sjá t.d. Heyer, 1993; Carey, 1989). Lykilatriði í skrifum Inniss er flokkun hans á öllum miðlum í tvennt, annars vegar eru þeir sem binda eða skapa samhengi í vídd tímans og hins vegar þeir sem eru bindandi í rúmi. Hinir fyrrtöldu flytja boð sem taka litlum breytingum í tímans rás; þeir varðveita menningu. Talað mál, hin munnlega geymd, er tímabindandi miðill samkvæmt þessu; sömu sögu er að segja um áletraðan stein og handrit á bókfelli. Þessir miðlar skapa samhengi í menningunni á einum stað frá kynslóð til kynslóðar, en boðskapur þeirra breytist og brenglast ef þeir eru fluttir milli staða. Boð hinna síðartöldu má senda um langan veg án þess að þau brenglist og því geta rúmbindandi miðlar tengt stór svæði, en boðin endast aðeins skamma hríð og skapa því ekki sögulegt eða menningarlegt samhengi. Prentlist og útvarp tengja í rúmi. Innis lagði mikla áherslu á mikilvægi munnlegrar geymdar og hann sá í rúmbindandi miðlum hættuna á einokun þekkingar. Svo dæmi sé tekið þá fullyrti Innis að hin fornu konungsríki Egypta og Persa og Rómaveldi væru í grundvallaratriðum afsprengi ritlistarinnar (Innis, 1950). Einnig benti hann á að þegar Egyptar tóku að skrifa á papýrus í stað steins hafi sú breyting á ritfleti grafið undan ríkjandi siðmenningu (Innis, 1950). Ef litið er nær okkar dögum þá skýrir Innis kreppuna miklu og jafnvel heimsstyrjöldina síðari að nokkru leyti í ljósi andhverfu dagblaða og útvarps (Innis, 1946 og 1950). Hann greindi eftirfarandi þversögn í fjölmiðlun tuttugustu aldar: „Prentfrelsið hefur gengið af málfrelsinu dauðu" (Innis, 1946). Að hans mati lá lýðræðislegur styrkur hinnar munnlegu hefðar í því að hún varð ekki auðveldlega einokuð (Carey, 1989). Framlag þessa mikilhæfa kanadíska félagsvísindamanns til fjölmiðla- og boðskiptafræðanna hefur ekki alltaf farið hátt, en landi hans og samtíma-

maður, Marshall McLuhan (1911-1980) veitti hugmyndum hans brautargengi og mótaði þær á sjálfstæðan hátt, sem frægt er orðið (McLuhan, 1964). Einn frægasti orðaleppur McLuhans, „miðillinn er miðlunin“ (the medium is the message) er augljóslega fenginn úr smiðju Inniss. Ævinlega hefur staðið styrr um hugmyndir þeirra og um tíma var Innis lesinn af fáum, en McLuhan var afgreiddur sem óábyrgur grallari og trúður. Nú blikar þetta tvístirni skærar en nokkru sinni á himinfestingu fjölmiðla- og boðskiptafræðanna og engum sem fjallar um fjölmiðla og boðskipti, hvort heldur á okkar dögum eða í sögulegu ljósi, leyfist að sniðganga kenningar þeirra (Onufrijchuk, 1993). Innis féll frá þegar sjónvarp var enn í bernsku og hafði hann þar af leiðandi tiltölulega lítið um þann miðil að segja. Sjónvarpið var hins vegar eitt meginviðfangsefni McLuhans og stillti hann því upp sem „svalri“ andstæðu hinna „heitu“ miðla, prentmáls og útvarps. Að hans mati færði prentlistin mannfólkinu hæfnina til að skoða hluti úr fjarlægð, en þessi hæfni hentar ekki jafnvel að hans mati á tímum rafrænna miðla „þegar allir tengjast öllum, allan tímann“ (McLuhan, 1964: 173). Þar vísar hann til sjónvarpsins, en boðar samt einnig tölvuöldina, sem þó var naumast hafin þegar hann kvaddi þennan heim.

Á fyrri hluta síðustu aldar hófst tímaskeið tíðari boðskiptabyltinga en áður höfðu þekkst og kann því að þykja ástæða til að leggja mat á afleiðingar þessara byltinga á sögu okkar heimshluta undangengna áratugi. Með kenningar ofangreindra fræðimanna að vopni er nærtækt að skoða þjóðfélagslegar breytingar í ljósi þess að útvarpið kom til sögu á fyrsta fjórðungi aldarinnar og steypti dagblöðum úr þeim sessi sem þau höfðu helgað sér í lok 19. aldar. Nokkrum áratugum síðar lauk blómaskeiði útvarpsins þegar sjónvarpið stjakaði því út í jaðar samvitundar okkar. Hér á eftir verður leitað svara við spurningunni hvort röðin sé komin að sjónvarpinu að víkja fyrir nýjum miðli; hvort veldistíma þess sé nú að ljúka. Auk kenninga þeirra Inniss og McLuhans verður svonefnd notagildishefð (á ensku: Uses and Gratifications tradition (Blumler og Katz, 1974; McQuail, 2000)) höfð að leiðarljósi, en helsta forsenda hennar er að notendahópur fjölmiðlanna sé tiltölulega sjálfráður, hann stjórnist að verulegu leyti af einstaklingsbundnum þörfum og löngunum og noti fjölmiðlana og bregðist við þeim í samræmi við það á einstaklingsbundinn hátt.

Sjónvarpssamfélagið

Rök hafa verið færð fyrir því að tengsl almennings við sjónvarpið og ríkjandi viðhorf til þessa fjölmiðils hafi gengið í gegnum ákveðinn þroskaferil sem lýsa má með eftirfarandi hætti (Þorbjörn Broddason, 1996):

Sjónvarpið um og eftir miðja tuttugustu öld:	Sjónvarpið við lok tuttugustu aldar:
furðufyrirbæri	*viðfang lotningar*
aðskotahlutur	*fasti í tilveru okkar*
ógn	*kær félagi*

Sjónvarp var í ríkum mæli vettvangur afþreyingar; það vakti frá upphafi geysimikinn áhuga og jafnvel hrifningu, en fremur var litið á það sem leikfang en alvarlegan þátttakanda í þjóðlífinu. Að því leyti er *furðufyrirbæri* réttnefni.

Sjónvarpið haslaði sér völl í daglegu lífi fólks, sem þá þegar var vitaskuld fullt af viðfangsefnum. Innreið sjónvarpsins knúði einnig fram endurskipulagningu á einkaheimilum fólks. Þannig var sjónvarpið frá upphafi rúmfrekur *aðskotahlutur* í tilverunni (Livingstone, 2002).

Frá upphafi gætti einnig sterkrar andstöðu við sjónvarpið og fjölmennir hópar töldu það raunverulega *ógn* við ríkjandi menningu, menntun og samfélagshætti. Afstaða þessara hópa kristallast í orðum Beptopups nokkurs, töfralæknis af Kaiapoþjóðinni í Amazonskógum Brasilíu: „Á kvöldin kennir gamla fólkið hinum ungu. Sjónvarpið hefur rænt okkur kvöldinu“ (Singer, 1993: 73). Sigurbjörn Einarsson, biskup, hefur orðað svipaða hugsun: „Það var gæfa mín í bernsku að eiga afa og ömmu, en ekkert sjónvarp“ (Sr. Hjálmar Jónsson, munnlegar upplýsingar).

Gagnrýnendum og fræðimönnum fyrr og síðar hefur einnig orðið tíðrætt um að sjónvarpið ali á slappleika notendanna í samanburði við lestur bóka. Hver sem er getur sest fyrir framan sjónvarpstæki og gert sér efni þess að góðu án nokkurrar þjálfunar. Lestur verður hins vegar ekki stundaður nema í kjölfar strangrar sérhæfðrar þjálfunar og agaðs náms. En á þessu má einnig sjá þá jákvæðu hlið að með útvarpi og sjónvarpi er unnt að veita hinum breiða fjölda aðild að opinberu lífi án tillits til læsisstigs (sjá t.d. Williams, 1974 og 1981).

Þegar sjónvarpið var orðið nokkurra áratuga gamalt mátti sjá merki breyttrar afstöðu og breytts hlutverks sjónvarpsins. Furðufyrirbærið er úr sögunni: „Sjónvarpsskjárinn og hægindastóllinn í sameiningu umlykja og einangra. Skjáformið er innlimað í menninguna; það er ekki lengur framhlið myndlampa, heldur altæk staðfesting skjóls og öryggis í tilverunni" (Tichi, 1991: 34). Í þessari afstöðu getur falist *lotning*. Og því fer fjarri að við lítum lengur á sjónvarpið sem aðskotahlut í tilverunni, heldur er það einn af hornsteinum daglegs lífs, *fasti í tilverunni*. Raddir þeirra sem töldu okkur stafa ógn af sjónvarpinu eru að mestu hljóðnaðar; sjónvarpið er *kær félagi* okkar flestra og sjónvarpsstarfsmenn eru í meiri metum en nokkru sinni (Lichter et al., 1986; Robinson og Kohut, 1988; Þorbjörn, 1994; Bourdieu, 1998). Þessa þróun má draga saman: Fyrir fjörutíu til sextíu árum (eftir því hversu langt er um liðið frá upphafi sjónvarps) var sjónvarpið utangátta í samfélaginu, en naut eigi að síður feikilegrar athygli; undir lok síðustu aldar hafði þetta snúist við og sjónvarpið var orðið svo samgróið hinni daglegu tilveru að okkur gat jafnvel daprast vitundin um alnánd þess (Tichi, 1991: 38; Þorbjörn, 1996: 29-31).

Meðal þess sem rík ástæða er til að hafa í huga er jafnræðisaflið sem býr með sjónvarpinu: „allir" hafa aðgang að því, háir sem lágir, ríkir sem fátækir, konur jafnt og karlar, ungir og gamlir. Líklega hefur engum tekist betur en þeim Daniel Dayan og Elihu Katz (1992) að varpa ljósi á samstillandi og alltumvefjandi hlutverk sjónvarpsins á hátíðastundum. Í riti sínu, sem á íslensku gæti heitið *Fjölmiðlahátíðir. Mannkynssagan í beinni útsendingu*, sýna þeir fram á mátt sjónvarpsins til að stilla saman hugi milljóna, jafnvel hundruða milljóna manna, á sömu stundu og skapa þannig viðburð sem hefði verið óhugsandi án sjónvarpsins. Styrkur bókar þeirra Dayans og Katz liggur ekki síst í hugvitsamlegri beitingu klassískra félagsfræðikenninga Durkheims og Webers til að skýra sjónvarpssamfélagið.

Í anda kenninga Inniss og McLuhans ættum við að skyggnast eftir breytingum á heimsmyndinni undangengna áratugi og hugsanlegum áhrifum sjónvarpsins á hana. Við blasir að þjóðmálaumræða í öllum löndum í okkar heimshluta hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum og mörg rök hníga að því að skýringar á þeirri þróun megi að töluverðu leyti rekja til sjónvarpsins. Stjórnmálamenn mega nú sæta nærgöngulla og umsvifalausara eftirliti en áður; sjónvarpsmiðillinn sjálfur afhjúpar með nánd sinni einni saman viðbrögð sem unnt var að dylja bæði í blöðum og útvarpi. Jafnframt hefur sjónvarpið stuðlað að yfirborðsmennsku og skrumi, auk þess að gera stjórnmálin að söluvöru í svo ríkum mæli að áhyggjur fara vaxandi af því að auglýsingafjármunir einir saman fari brátt að ráða úrslitum kosninga. Áhrifa

sjónvarpsins gætir einnig í heimsstjórnmálunum þar sem saman fara hjá einni þjóð yfirburðir í hernaðarmætti og efnahagslegum styrk og algert forystuhlutverk í sjónvarpi. Bandaríska heimsveldið situr nú yfir hlut allra jarðarbúa í krafti þessa styrks. Ekki er þó sjálfgefið að allar breytingar með atbeina sjónvarps séu hinum ríkjandi öflum heimsveldisins að skapi. Þegar sjónvarpið var nýlega búið að slíta barnsskónum greip það með meðvituðum og ómeðvituðum hætti inn í stríðsreksturinn í Víetnam og breytti án alls efa gangi þess hildarleiks. Tveim áratugum síðar tókst „betur" að stilla saman strengi pólitískra valdhafa og sjónvarpsstjórnenda: sú mynd sem sjónvarpsstöðin CNN gaf þjóðum heims af Persaflóastríðinu 1991 var lengi vel ríkjandi og er jafnvel enn, þrátt fyrir að fáir eða engir af þeim sem þar komu við sögu kannist við veruleikann sem þar birtist. Ferskara dæmi af öðru tagi er hlutverk sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera, sem er staðsett í smáríkinu Qatar við Persaflóa og miðlar þaðan sjálfstæðum fréttum til arabaheimsins (Allied Media Corp., 2004) arabískum furstum og vestrænum leiðtogum til ama og skapraunar.

Að breyttu breytanda má draga upp svipaða mynd af þætti sjónvarpsins í mótun lista og menningar á tuttugustu öld. Nýjar listgreinar, ný tegund framreiðslu á „gömlum" listum, ný tegund umfjöllunar, áður óþekkt útbreiðsla: ekki er ofmælt að sjónvarpið hafi bylt heimsmenningunni.

Loks má nefna áhrif sjónvarps á líkamlega líðan fólks, útlit þess og heilsufar. Um þessar mundir eru tæplega tveir þriðju hlutar fullorðinna Bandaríkjamanna skilgreindir sem of þungir (overweight), en tæpur þriðjungur þjáist af offitu (obesity) (American Obesity Association, 2004). Þessar tölur hækka mjög hratt. Fráleitt væri að kenna sjónvarpinu einu um þessa þróun, en jafnfráleitt væri að loka augum fyrir þeim feikilegu breytingum á lífsháttum sem fylgt hafa innreið sjónvarpssamfélagsins og stuðlað hafa jöfnum höndum að kyrrsetum og óhollustu í mataræði (Dennison o.fl., 2002; National Institute on Media and the Family, 2004).

Nýir miðlar

Tímabil gagnasöfnunar þeirrar, sem stuðst verður við síðar í þessari grein, hófst þegar sjónvarpið var nýr miðill í landinu, furðulegur og jafnvel ógnandi aðskotahlutur. Þegar efnt var til síðasta áfanga þessarar söfnunar (að sinni) var sjónvarpið löngu búið að festa sig í sessi sem ómissandi fasti hinnar daglegu tilveru. Nýrri miðlar voru komnir til sögunnar sem ógnuðu veldi sjónvarpsins og voru hugsanlega þegar farnir að grafa undan stöðu þess.

Hverjir eru þessir nýju miðlar? Svarið er ekki alveg jafneinfalt og þegar spurt er um fyrri skil í boðskiptasögunni. Ástæðan er annars vegar sú að höfuðeinkenni sjónvarpsins, skjárinn sem birtir okkur mynd og texta, skýtur einnig upp kollinum í hinum nýju miðlum, en hins vegar er ástæðan sú að nýju miðlarnir eru í raun samfella nokkurra ólíkra fyrirbæra, sem eru ávöxtur framfara í stafrænni tækni, gagnvirkni og fjarskiptum. Þessi tæknilega þróun öðlast þar að auki nýtt gildi í krafti félagslegra og efnhagslegra breytinga og er raunar samofin þeim. Til glöggvunar á fyrirbærinu má stilla upp fjórum flokkum breytinga (Livingstone, Bovill og Gaskell, 1999; Buckingham, 2000; Livingstone, 2002):

- **Í fyrsta lagi** má greina mikla og hraða fjölgun boðskiptatækja í persónulegri eigu einstaklinga fremur en heimilanna.
- **Í öðru lagi** sjáum við stóraukna fjölbreytni í birtingarmyndum hefðbundinna og kunnuglegra boðskipta. Þetta leiðir ýmist af sér staðbundna eða heimsvædda miðla, sérhæfða eða með breiða tilhöfðun.
- **Í þriðja lagi** ber að nefna eindregna tilhneigingu í átt til samleitni miðlanna þar sem upplýsingamiðlun og símaþjónusta fléttast saman.
- **Í fjórða lagi** er róttækasta tilhneigingin og sú sem felur í sér spá um enn meiri breytingu en það eru umskiptin frá einstefnufjölmiðlun yfir í gagnvirk boðskipti milli miðils og notanda.

Ætla verður að þessar byltingarkenndu breytingar – *fjölgun, fjölbreytni, samleitni, gagnvirkni* – hafi það í för með sér að gömlum boðskiptaháttum og jafnvel gömlum miðlum verði í einhverjum mæli rutt úr vegi eða að minnsta kosti stjakað til hliðar. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að gömul miðlun getur lifað áfram við breyttar aðstæður. Minnkandi lestur blaða og bóka vegna þaulsætni við skjáinn felur til dæmis ekki sjálfkrafa í sér að lestur minnki, þegar á heildina er litið, vegna þess að flestar aðgerðir þegar setið er við skjá og lyklaborð krefjast lesturs og reyndar einnig ritleikni. Sá sem ástundar gagnvirk boðskipti við skjá og lyklaborð kemst ekki hjá því að lesa mikið og skrifa töluvert. Félagslegar afleiðingar þróunarinnar eru aðeins að litlu leyti fyrirséðar, en þær geta orðið mjög djúpstæðar. Hér er við hæfi að staldra við hugmyndina um *einstaklingshyggju netverjans*. Hún er sprottin úr nýrri tegund samfélags og samvitundar sem fræðimenn eru teknir að skyggnast um eftir (Wellman, 2001; Castells, 2001). Þeir sjá fyrir sér í þessari þróun sigur

einstaklingsins yfir hópnum – einstaklingsins sem ekki býr lengur í samfélagi þar sem nágrannarnir eru fólkið í næstu húsum, eða jafnvel næstu byggðum, heldur félagarnir á netinu.

Hér á eftir mun ég leitast við að varpa svolitlu ljósi á þær spurningar, tilgátur, ábendingar og umhugsunarefni sem hér hafa verið tínd til og hina sögulegu sýn sem hér hefur verið reifuð. Ég mun leita fanga í reynslugögnum sem safnað hefur verið í langtímarannsókn sem kölluð er *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Þessi gögn hafa margvíslegan fróðleik að geyma, en þau eru einnig háð ýmsum takmörkunum; hin augljósasta er sú að ályktanir af þeim verða ekki dregnar út fyrir hóp íslenskra ungmenna.

Börn og sjónvarp á Íslandi (1968-2003)

Örstutt um aðferðir

Rannsóknabálkurinn Börn og sjónvarp á Íslandi á upphaf sitt á síðari hluta 7. áratugar síðustu aldar, en fyrsta könnunin af þeim sex, sem hingað til hafa verið gerðar, var framkvæmd á útmánuðum árið 1968. Þýðið hefur ævinlega verið skilgreint með sama hætti, eða efstu bekkir, frá og með 10 ára bekk, í grunnskólum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Í fyrstu könnuninni táknaði þetta 5 árganga, en í öllum síðari könnunum hafa könnunarárgangarnir verið sex, sem skýrist af því að skólaskylda var sem kunnugt er lengd um eitt ár í efri endann með grunnskólalögunum frá 1974. Úrtak hefur ætíð verið valið með sambærilegum hætti, þ.e. leitað var til skóla með sem mesta landfræðilega dreifingu í Reykjavík, en til þorra skólanna á hinum stöðunum. Í fyrstu skiptin var raunar farið í alla skólana á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Innan hvers skóla var tekið slembiúrtak einstaklinga. Þátttakendur á hverjum stað hafa verið boðaðir í lausa stofu sem skólinn hefur lánað vegna könnunarinnar. Skriflegir listar voru lagðir fyrir og framkvæmdin var að öllu leyti í höndum rannsakenda og aðstoðarfólks þeirra. Í Töflu 1 er gerð grein fyrir úrtaki og heimtum. Þess skal getið að árið 2003 var fjórum skólum í nýjum landshluta aukið við könnina og einum skóla í enn öðrum landshluta. Þessar viðbætur eru ekki til umfjöllunar hér þar sem áhersla er lögð á samanburðargildi milli kannana.

Tafla 1. Börn og sjónvarp á Íslandi: Úrtök og heimtur 1968-2003

	1968	1979	1985	1991	1997	2003
Úrtak	733	864	896	961	984	1008
Heimtur	601	795	824	817	857	786
Hlutfall	82%	92%	92%	85%	87%	78%

Eins og sjá má hafa heimtur ævinlega verið prýðilega viðunandi, enda eru skilyrðin að mörgu leyti mjög hagstæð þegar leitað er til grunnskólanema á skólatíma og þeim gefinn kostur á að rjúfa venjubundna dagskrá með nýstárlegum hætti. Beinar neitanir um þátttöku hafa ævinlega verið örfáar (t.d. 1,1% í síðustu könnuninni). Lakastar heimtur fengust í síðustu könnuninni og stafar það af því að inflúensufaraldur bar upp á könnunartímann og var það fyrsta óhappið af slíku tagi í sögu kannananna. Venjuleg veikindaafföll í skólum eru undir 5%, en að þessu sinni var hlutfall veikra 13,5%.

Þótt spurningalistinn hafi ekki haldist óbreyttur í gegnum allar kannanirnar er ákveðinn kjarni spurninga sem hefur tekið sáralitlum breytingum. Breytingar á listanum endurspegla fyrst og fremst breytingar á vettvangi fjölmiðla og boðskipta. Árið 2003 var aðalspurningalistinn 16 blaðsíðna langur í stærðinni A4 og samanstóð af 83 spurningum, en talsverður hluti þeirra var í mörgum liðum. Með forathugunum og áratuga reynslu hefur okkur lærst að semja spurningar sem ekki eru of flóknar fyrir yngstu þátttakendurna. Sömuleiðis hefur lengd spurningalistans verið miðuð við að 10 ára börn gætu svarað honum í tveim samfelldum kennslustundum, en það var sá tími sem við höfðum til umráða. Auk spurningalistans voru svarendur beðnir að fylla út í sjónvarpsdagbók fyrir næstliðna viku (aided recall). Meðal þess sem fyrr hefur verið skrifað um niðurstöður þessara kannana má nefna bók eftir Þorbjörn (1996) og MA-ritgerð Kjartans Ólafssonar (2000), en fjallað er um niðurstöður könnunarinnar frá 2003 í ráðstefnuerindi (Þorbjörn, 2004) og nokkrum BA-ritgerðum (Guðmundur Þorkell Guðmundsson, 2004; Heiður Hrund Jónsdóttir, 2004; Helgi Valur Ásgeirsson, 2004; Sigrún Vésteinsdóttir og Sævar Már Guðmundsson, 2004).

Nýtt sjónvarp í nýjum heimi?

Í könnuninni árið 1991 var í fyrsta sinn lögð fyrir fjölliða spurning á þessa leið: „Átt þú sjálf(ur), eða er í þínu herbergi eitthvað af eftirtöldu?“ Þessi spurning var svo endurtekin 1997 og 2003. Tíðni jákvæðra svara við ein-

stökum liðum spurningarinnar er sýnd í Töflu 2 þar sem jafnframt kemur fram hvernig listinn yfir hugsanlegar eigur svarendanna lengist með hverri nýrri könnun.

Tafla 2. Börn og sjónvarp á Íslandi 1991-2003: „Átt þú sjálf(ur), eða er í þínu herbergi eitthvað af eftirtöldu?" Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum

	1991 %	1997 %	2003 %
Plötuspilari	36	16	15
Útvarpstæki	56	51	82
Kassettutæki	48	46	57
Útvarps- og kassettutæki*	75	71	
Geislaspilari	30	76	89
Leikjatölva	32	30	52
Sjónvarp	28	46	66
Heimilistölva		24	36
Sími		14	16
Farsími		3	79
Vídeótæki (myndbandstæki)		13	33
DVD-spilari			26
Nettenging			30
Fartölva			7
Lófatölva			4
MP3-spilari			9
Minidisk-spilari			7

* Þessum lið var sleppt 2003

Þessi einfalda tafla bendir ótvírætt til þess að nýir miðlar af margvíslegu tagi njóti nú hraðrar útbreiðslu meðal íslenskra ungmenna. Hún styður áðurnefndar tilgátur um einstaklingsvæðingu boðskiptanna, bæði hinna nýju og gagnvirku og hinna eldri einstefnumiðla. Ef við tökum sjónvarpið sem dæmi um „gamlan" miðil ber að hafa í huga að breytingarnar „notenda-megin" (fjölgun viðtækja, einstaklingsstefnan) eru í víxlverkun við það sem gerist „sendandamegin" þar sem útsendingartímar hafa lengst þar til sólarhringurinn er fylltur, rásum fjölgar jafnt og þétt og sérhæfing vex hröðum skrefum. Notendurnir ganga að sjónvarpstækinu sínu með allt öðru hugarfari en fyrirrennarar þeirra fyrir tveim til þrem áratugum og hlutverk þessa miðils sem samvitundarafls er mjög að breytast. Í raun hefur

sjónvarpið „báðum megin“ tekið slíkum stakkaskiptum á undangengnum tveim áratugum að næstum er tilefni til að tala um „nýjan miðil.“ Tafla 3 staðfestir gruninn um hraða útbreiðslu einstaklingsstefnunnar í sjónvarpsnotkun. Þessi þróun er augljóslega á fljúgandi ferð allar götur frá könnuninni 1991 og ekki ástæða til að ætla að henni sé að linna.

Tafla 3. Börn og sjónvarp á Íslandi 1968-2003: Hlutfall svarenda sem segjast horfa á sjónvarp ein eða með fjölskyldunni „venjulega“ eða „mjög oft“ Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum

	1968	1979	1985	1991	1997	2003
Horfa „venjulega“ eða “mjög oft“ ein á sjónvarp*	2%	3%	12%	15%	28%	40%
Horfa „venjulega“ eða „mjög oft“ með fjölskyldunni á sjónvarp**	90%	93%	52%	39%	30%	23%

*Í fyrstu könnuninni (1968) var orðalag bundna svarsins: „Ég er venjulega einn þegar ég horfi á sjónvarpið” og 1979 var það „Ég er oftast ein(n) þegar ég horfi á sjónvarp.“ Í könnununum 1985-1997 var merkt við bundna svarmöguleikann „Mjög oft“ við spurningunni „Með hverjum horfir þú á sjónvarp....ein(n)?“ Loks 2003 merkt við bundna svarmöguleikann „Mjög oft“ við spurningunni „Hversu oft horfir þú á sjónvarp....Ein(n)?“

**Í fyrstu könnuninni (1968) var orðalag bundna svarsins: „Ég er venjulega með pabba, mömmu og systkinum mínum þegar ég horfi á sjónvarpið“ og 1979 var það „Ég horfi oftast á sjónvarp með fólkinu heima hjá mér.“ Í könnununum 1985-1997 var merkt við bundna svarmöguleikann „Mjög oft“ við spurningunni „Með hverjum horfir þú á sjónvarp....foreldrum?“ Loks var 2003 merkt við bundna svarmöguleikann „Mjög oft“ við spurningunni „Hversu oft horfir þú á sjónvarp með....foreldrum?“

Einstaklingsstefnan í sjónvarpsnotkun er vitaskuld ekki að eflast í einhverju tómarúmi, heldur er hún aðeins ein birtingarmynd mikilla umskipta. Ef við lítum á síðustu könnunina og aðgætum einstaklingsstefnuna eftir aldri og kyni innan ungmennahópsins kemur í ljós að eldri krakkarnir hafa ríkari tilhneigingu til að horfa ein en hin sem yngri eru og einnig er skýr kynjamunur þar sem tæpur helmingur piltanna en rúmur þriðjungur stúlknanna segist horfa „mjög oft“ ein á sjónvarpið. Þetta endurspeglast einnig í því að piltarnir eru miklu líklegri en stúlkurnar til að eiga eigið sjónvarpstæki. Enn má lesa fylgi einstaklingsstefnunnar úr þeirri niðurstöðu að þegar við báðum

svarendur að merkja við notkun sína á 31 tilgreindri sjónvarpsstöð fékk hver einasta þeirra einhver svör þess efnis að horft væri „mjög mikið“ á hana. Lægst var hálft prósent (4 einstaklingar sem horfðu „mjög oft“ á aðra rás sænska sjónvarpsins), en sú stöð sem fékk hæst hlutfall þessa svars var Skjár einn, en rúmur helmingur svarenda kvaðst horfa „mjög oft“ á þá stöð.

Ekki þarf að efast um að sjónvarpið muni flokkast til rúmbindandi miðla samkvæmt Harold Innis. Núorðið nær þessi „svali“ miðill um víða veröld þegar því er að skipta og getur á hátíðastundum náð að stilla saman alla heimsbyggðina í sömu hughrifum – einni vitund. „Heimsþorp“ McLuhans er orðið að veruleika en ekki er þó víst að hann mundi kannast við þetta hugarfóstur sitt nú. Jafnframt þessu eru sjónvarpsnotendur nú tvístraðri en nokkru sinni fyrr: þeir horfa hver á sína rásina, hver í sínu landi, hver í sínu húsi og meira að segja hver í sínu herbergi. Þeir sem aðhyllst hafa nota-gildishefðina, sem fyrr var getið, sjá staðfestingu hennar hvert sem litið er.

Hvert stefnir með sjónvarpið? Jafnvel Dayan og Katz, hinir eindregnu boðberar hins heimsvædda, sameinandi sjónvarps, gera sér grein fyrir því að sjónvarpsins bíða lík örlög og fyrri miðla, en eigi að síður: þegar sjónvarpið er farið sömu leið og útvarpið mun það samt annað slagið skapa fjölmiðla-hátíðir sem ná munu óskiptri athygli heimsins (Dayan og Katz, 1992). Hér á eftir verður vikið að hinum nýju miðlum, en fyrst kann að þykja ástæða til að leggja mat á stöðu sjónvarpsins. Í gagnasyrpunni sem hér hefur þegar verið vitnað til er að finna svör við spurningum um magn sjónvarpsnotkunar (Tafla 4).

Tafla 4. Börn og sjónvarp á Íslandi 1985-2003: Klukkustundir og mínútur sem varið var til að horfa á sjónvarp undangengna viku* Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

	Piltar %	Stúlkur %	Alls %
1985	11:21	9:11	10:12
1991	13:00	11:17	12:12
1997	13:29	11:28	12:30
2003	12:34	13:49	13:09

* Mæliaðferðum ber ekki algerlega saman milli kannana

Í ljósi mikillar fjölgunar tækja á heimilum, fjölgunar rása og lengingar dagskrár var ekki við öðru að búast en því að aukinn tími færi í sjónvarps-notkun. Og vissulega heldur sjónvarpið sterkri stöðu meðal hinna ungu

notenda sinna. Sú er einnig niðurstaða Soniu Livingstone og Magdalenu Bober í ferskri skýrslu um bresk ungmenni og nýja miðla, en sjónvarpsnotkun í faðmi fjölskyldunnar hefur vinninginn yfir nýju miðlana enn sem komið er í þeim hópi (Livingstone og Bober, 2004). Eigi að síður er í raun undrunarefni að aukningin, sem lesa má út úr Töflu 4, skuli ekki vera meiri. Það eitt ýtir stoðum undir þann grun að hlutverk sjónvarpsins sé að taka umtalsverðum breytingum svo sem þegar hefur verið vikið að. Piltar hafa jafnan verið ötulli sjónvarpsnotendur en stúlkur og endurspeglar taflan mismun í könnununum 1985 til 1997 þar sem meðaltal piltanna er nálægt því tveim klukkustundum hærra en stúlknanna. Árið 2003 bregður hins vegar svo við að munurinn snýst við: nú segjast stúlkurnar horfa rúmum klukkutíma lengur að meðaltali en piltarnir. Ekki er nóg með það, heldur hefur hreinlega *dregið úr* sjónvarpsnotkun piltanna, raunar svo mjög að meðaláhorf þeirra er komin niður fyrir meðaltalið eins og það var í könnuninni 1991. Þess má geta að árið 1991 áttu 38% pilta eigið sjónvarpstæki, en þetta hlutfall var komið í 73% árið 2003. Sambærilegar tölur hjá stúlkum voru 18% og 58%. Sterk rök hníga að því að sjónvarpsnotkun sé að breyta um eðli; stundum hefur verið rætt um að útvarp og hljómflutningstæki skapi eins konar bakgrunn fyrir daglega tilveru nútímaungmenna og nú er talið að sjónvarpið geti verið að bætast í þann flokk: við höfum haft „hljóðveggfóður“ og nú bætist lifandi mynd við. Tölurnar um sjónvarpsnotkun pilta í Töflu 4 gætu bent til víkjandi stöðu sjónvarpsins meðal ungmenna. Piltar hafa jafnan verið skrefi á undan stúlkunum í aukningu sjónvarpsnotkunar og því er ekki langsótt hugmynd að þeir séu einnig skrefi á undan þegar þessi notkun hefur náð hámarki og tekur að sjatna. Svarið við þessu fæst þó ekki fyrr en í næstu könnunarlotu. Hér á eftir verður vikið að því sem hugsanlega er að ryðja sjónvarpinu til hliðar, en fyrst verður staldrað við gamlan miðil sem án alls efa hefur látið undan síga fyrir nýrri miðlum – fyrst sjónvarpi, en síðar öðrum enn nýrri.

Staldrað við hlutskipti „raunverulega“ gamals miðils

Spurningar um lestur á prentuðu máli hafa fylgt könnunum okkar frá upphafi. Hér skal vikið að tveim meginhliðum slíks lesturs, bóklestri og lestri dagblaða. Árið 1968 og aftur árið 1979 var spurt þannig:

> *Ef þú hugsar þig vel um, hver margar bækur, fyrir utan skólabækur, heldur þú að þú hafir lesið síðustu 30 dagana? Viltu skrifa svarið...*

Frá og með könnuninni 1985 var spurningin þannig orðuð:

Hefur þú lesið einhverjar bækur síðustu 30 daga? (hér er ekki átt við bækur sem þú kannt að hafa lesið í sambandi við skólann. Skrifaðu fjöldann).

Forvitni okkar hefur ekki síst beinst að því hvort unnt sé að finna eitthvert samband á milli sveiflna í bóklestri og breytinga á notkun annarra miðla. Þeim fræðimönnum sem um þetta hafa fjallað undangengna áratugi hefur eðlilega orðið starsýnt á þátt sjónvarpsins (Knulst og Kraaykamp, 1997; Koolstra og van der Voort, 1996; Neuman, 1988). Hin síðustu ár eru fundnir nýir bófar í þessu drama með þeim afleiðingum að nú beinist athyglin í vaxandi mæli að hinum nýju miðlum sem svo eru nefndir (Livingstone, Bovill and Gaskell, 1999; Livingstone og Bober, 2004). Svörin við ofangreindum spurningum um bóklestur má taka saman með ýmsum hætti og getur það haft áhrif á þær ályktanir sem dregnar eru. Hér er sá kostur tekinn að varpa sérstaklega ljósi á tvo hópa, annars vegar þá sem geta talist mjög ákafir lesendur bóka, sem hér eru skilgreindir sem þeir svarendur í könnunum okkar sem segjast hafa lesið 10 bækur eða fleiri síðustu 30 daga. Hins vegar tökum við út þá sem segjast enga bók hafa lesið á sama tímabili. Rökin fyrir því eru þau að sveiflur í þessum „öfgahópum" geti gefið vísbendingar um hvert stefnir í samfélaginu. Án þess að samanburður nái lengra má minnast þess hvernig Emile Durkheim studdi félagsfræðilegum rökum ástæðurnar fyrir rannsókn sinni á einni öfgakenndustu og persónulegustu athöfn sem unnt er að grípa til (Durkheim, 1963). Í Töflu 5 eru þessir tveir umræddu hópar dregnir fram, en látið liggja milli hluta hvernig svörin dreifast hjá hinum breiða fjölda þar sem við finnum hvorki „bóklausa" né „bóka-berserki". Til að bæta örlítið úr því skal þess getið að í könnuninni 2003 reyndust næstum jafnmargir lesa eina bók og enga (31%), en þeir sem lásu tvær bækur voru nær helmingi færri (17%). Ef taldir eru allir þeir sem lásu fjórar bækur eða færri erum við komin með fleiri en níu af hverjum tíu svarendum árið 2003.

Tafla 5. Börn og sjónvarp á Íslandi 1968-2003: Fjöldi lesinna bóka „síðustu 30 daga.“ Hlutfallstölur. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

	1968 %	1979 %	1985 %	1991 %	1997 %	2003 %
Fjöldi lesinna bóka:						
Engin bók	11	11	15	18	27	33
Ein til níu bækur	79	69	72	76	65	64
Tíu bækur eða fleiri	10	20	13	6	8	3
	100	100	100	100	100	100
Meðalgildi	*3.9*	*6.7*	*4.2*	*2.8*	*2.7*	*1.8*

Þótt tölurnar í Töflu 5 tali sínu máli hjálparlaust er ástæða til fáeinna athugasemda. Fyrst skal þess getið að þegar spurt er um lestur „í vetur“ í stað „síðustu 30 daga“ lækkar hlutfall „bóklausra“ niður í 11%. Hlutfall þeirra sem segjast ekki hafa lesið bók „í vetur“ í könnuninni 2003, er með öðrum orðum jafnhátt hlutfalli þeirra sem sögðust ekki hafa lesið bók „síðustu 30 daga“ árin 1968 og 1979. Einnig skal þess getið að skýr munur kemur fram milli aldurshópa og kynja (Töflur 6 og 7). Stúlkurnar hafa ævinlega verið miklu meiri lestrarhestar á bækur en piltarnir og einnig er aldursmynstrið kunnuglegt. Munurinn er einungis sá að heildarfjöldi lesinna bóka fer sífellt lækkandi eins og meðalgildin sem birt eru í Töflu 5 leiða glögglega í ljós.

Tafla 6. Börn og sjónvarp á Íslandi 2003: Fjöldi lesinna bóka “síðustu 30 daga.” Hlutfallstölur. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Eftir kyni

	Piltar %	Stúlkur %	Alls %
Fjöldi lesinna bóka:			
Engin bók	42	24	33
Ein til níu bækur	56	72	64
Tíu eða fleiri bækur	3	4	3
	100	100	100

Tafla 7. Börn og sjónvarp á Íslandi 2003: Fjöldi lesinna bóka "síðustu 30 daga." Hlutfallstölur. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Eftir aldri

	10-11 %	12-13 %	14-15 %	Alls %
Fjöldi lesinna bóka:				
Engin bók	12	32	51	33
Ein til níu bækur	80	66	48	64
Tíu eða fleiri bækur	8	2	1	3
	100	100	100	100

Athyglisvert er að líta á þróun bókaútgáfu í ljósi ofangreindra talna. Tafla 8 sýnir sýnir hana samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Eins og sjá má hefur útgefnum titlum fjölgað mjög á þeim þrem áratugum sem taflan tekur til, en hins vegar hefur fjöldi barnabóka staðið í stað og þar með skroppið mjög saman hlutfallslega (úr tæpum 14% í tæp 6%).

Tafla 8. Fjöldi útgefinna bókatitla á Íslandi nokkur valin ár

Ár:	Allir titlar:	Þar af barnabækur:
1970	461	64
1979	669	79
1985	825	68
1991	1.063	92
1997	1.139	52
2000	1.137	53
2001	1.172	65

(Heimild: Hagstofa Íslands)

Eins og fyrr greinir hefur eitt höfuðmarkmiðið með þessum spurningum um bóklestur verið að kanna tengslin við aðrar athafnir, einkanlega notkun annarra boðmiðla. Talað er um ruðningsáhrif (displacement effect) í þessu sambandi og stundum hefur reynst unnt að sýna fram á þau með nokkurri vissu. Þegar könnunin 1968 var gerð stóð svo á að sjónvarpssendingar Ríkisútvarpsins náðust í Reykjavík og Vestmannaeyjum, en ekki á Akureyri. Gafst þar með fágætt tækifæri til að bera saman viðhorf og atferli á „sjónvarpssvæði" og „sjónvarpslausu" svæði innan sömu menningarheildar.

Skýr munur kom þá fram í „öfga"-svörum við spurningunni um bóklestur „síðustu 30 daga" þar sem hlutfallstölurnar víxlast milli sjónvarpssvæðanna og sjónvarpslausa svæðisins (Tafla 9).

Tafla 9. Börn og sjónvarp á Íslandi 1968: Fjöldi lesinna bóka „síðustu 30 daga." Hlutfallstölur. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Eftir sveitarfélagi

	Reykja-vík %	Vestmanna-eyjar %	Akur-eyri %
Fjöldi lesinna bóka:			
Engin bók	12	17	6
Tíu eða fleiri bækur	9	6	17
	100	100	100

Nærtækt er að grípa til ruðningstilgátunnar í skýringarskyni, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga að þessi munur milli Akureyrar og hinna staðanna hvarf í seinni könnunum, en þá var sjónvarpið búið að hasla sér völl á Akureyri (Þorbjörn, 1996). Vikið verður aftur að ruðningsáhrifum. Dagblöð eru prentað mál líkt og bækur, en að mörgu leyti gerólíkur miðill, notaður með gerólíkum hætti, enda sjáum við til dæmis hvernig munur bæði milli aldursflokka snýst við eftir því hvort spurt er um bóklestur eða dagblaðalestur. Kynjamunurinn sem er mjög skýr þegar spurt er um bóklestur (sbr. Töflu 6) snýst að vísu ekki við þegar kemur að dagblöðum, heldur þurrkast hann út. Að einu leyti eru dagblöðin alveg á sömu leið og bækurnar: nýjar kynslóðir ungmenna snúa við þeim bakinu í vaxandi mæli (Tafla 10).

Tafla 10. Börn og sjónvarp á Íslandi 1968-2003: Hlutfall þeirra sem segjast lesa a.m.k. eitt dagblað daglega eða næstum daglega. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

	Piltar %	Stúlkur %	Alls %
1968	90	89	89
1979	90	89	90
1985	76	68	72
1991	70	65	68
1997	64	59	61
2003	40	40	40

Fjöldi útgefinna dagblaða á Íslandi hefur sveiflast töluvert á því tímabili sem kannanirnar sex spanna. Flest hafa þau verið 6, en árið 1997 hafði þeim fækkað í 4 fyrr og árið 2003 hafði þeim enn fækkað um eitt. *Heildareintaka-fjöldi* dagblaða var hins vegar meiri en nokkru sinni fyrr sem stafaði af því að úr ösku blaðadauðans reis nýtt dagblað sem dreift er ókeypis í hús. Hningnun dagblaðalesturs helst því alls ekki í hendur við minnkandi aðgengi að dagblöðum, heldur er aðgengið að öllum líkindum meira en nokkru sinni fyrr. Skýringin á þessari hnignun er ekki að leita í minna framboði lesefnis, heldur í öðrum þáttum sem huga ber að.

Nýir miðlar

Internetið er meira en 30 ára gamalt, en útbreiðsla þess hófst ekki fyrir alvöru fyrr en um miðjan síðasta áratug. Notendur þess voru orðnir 16 milljónir í árslok 1995 og sex árum síðar, í árslok 2002, voru þeir komnir yfir 600 milljónir. Internetið er opið rafrænt tölvusamskiptakerfi, sem spannar heiminn allan og veitir tækifæri til ótal tegunda boðskipta (Castells, 2001; Finnemann, 2001; Guðmundur Þorkell, 2004). Internetið krefst aðgangs að einkatölvu, en þær voru orðnar allútbreiddar þegar líða tók á tíunda áratuginn (fyrsta PC-tölvan frá IBM var sett á markað í ágúst 1981 og var hún valin „maður ársins“ af tímartinu TIME í lok þess árs).

Fyrst var spurt um internetnotkun í könnuninni 1997. Eins og lesa má af Töflu 2 hér að ofan var fjórðungur svarenda á þeim tíma kominn með tölvu í *herbergið sitt* og má því ætla að tölvueign á *heimilum þeirra* hafi verið allmiklu útbreiddari þótt ekki hafi verið spurt sérstaklega um það. Raunar má með óbeinum hætti álykta að 80% heimilanna hafi verið komin með tölvur þá, en það hlutfall svarenda kvaðst nota tölvur heima hjá sér 1997. Á sama hátt má álykta að internetútbreiðsla á heimilum 1997 hafi verið 28%. Þessar tölur koma mjög vel heim við tölur Hagstofu Íslands fyrir allt landið (Sigrún og Sævar Már, 2004).

Árið 2003 er rúmur þriðjungur svarenda okkar með tölvu í eigin herbergi og litlu færri hafa jafnframt nettengingu þar (sbr. Töflu 2). Það segir þó aðeins hálfa söguna því kynjamunur er mikill eins og Tafla 11 leiðir í ljós. Helmingi fleiri piltar en stúlkur njóta þessara hlunninda.

Tafla 11. Börn og sjónvarp á Íslandi 2003: Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. „Átt þú sjálf(ur) eða er í þínu herbergi.....?“

	Piltar %	Stúlkur %	Alls %
Heimilistölva	48	23	36
Nettenging	40	18	30

Nákvæmlega helmingur heildarhóps svarenda segist nota internetið einu sinni á dag eða oftar árið 2003. Á bak við þá tölu dylst hins vegar mjög skýr kynjamunur (Tafla 12) og þarf það ekki að koma á óvart í ljósi þess sem að ofan greinir.

Tafla 12. Börn og sjónvarp á Íslandi 2003: Hlutfall þeirra sem segjast fara á Netið. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hvernig notar þú tölvur?.....Ég nota Netið.

	Piltar %	Stúlkur %	Alls %
Ég nota Netið:			
Oftar en einu sinni á dag	38	18	28
Einu sinni á dag	22	22	22
Eitthvað í hverri viku	24	34	29
Sjaldnar en einu s. í viku	9	16	12
Aldrei eða nær aldrei	7	10	9

Einnig er töluverður aldursmunur þar sem dagleg notkun internetsins er nær helmingi algengari hjá 14-15 ára svarendum en hjá 10-11 ára (tæpir tveir þriðju á móti rúmum einum þriðja). Ef við athugum þessi svör samtímis fyrir aldur og kyn innan svarendahópsins finnum við eins og vænta mátti að elstu strákarnir eru áköfustu notendurnir; 72% þeirra eru daglegir internet-notendur, en ef til vill kemur meira á óvart að meðal yngstu stúlknanna (10-11 ára), sem vissulega nota internetið minnst, er eigi að síður fimmta hver daglegur internetnotandi. Tölvur eru víða aðgengilegar svo sem í skólum og á bókasöfnum. Þrátt fyrir það er notkun þeirra, a.m.k. til netferðalaga, í yfirgnæfandi mæli bundin við heimilið (Tafla 13).

Tafla 13. Börn og sjónvarp á Íslandi 1997-2003: „Notar þú Internetið á eftirtöldum stöðum?" Þeir sem merktu við svörin „Oft" eða „Mjög oft" (1997) „Einu sinni á dag" eða „Oftar en einu sinni á dag" (2003) Hlutfallstölur. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

Notar Internetið einu sinni á dag eða oftar:	1997	2003
heima	19%	48%
í skólanum	3%	7%
hjá vinum	6%	6%
á bókasafni	2%	4%
á Netkaffi	1%	2%
annars staðar	4%	2%

Vefvöfrun er iðja sem tiltölulega auðvelt er að tileinka sér. Guðmundur Þorkell Guðmundsson bar í ritgerð sinni sérstaklega saman svörin varðandi vefvöfrun 1997 og 2003 og komst m.a. að þeirri niðurstöðu að aldurstengdur munur minnki glögglega milli kannana. Hins vegar er áframhaldandi breitt bil milli pilta og stúlkna. Þrátt fyrir mjög aukna notkun beggja kynja standa stúlkurnar 2003 tæplega í sporum piltanna frá 1997. Sem dæmi má taka að árið 1997 kváðust 13% 10 ára pilta fara „oft" eða „mjög oft" á vefsíður, en árið 2003 segjast 4% 10 ára stúlkna fara einu sinni á dag eða oftar á vefsíður. Hjá 15 ára piltum var sambærileg tala árið 1997 46%, en var 43% hjá 15 ára stúlkum sex árum síðar (Guðmundur Þorkell, 2004). Þessar tölur eru auðskildar í ljósi þess að ungmennin sitja fyrst og fremst heima þegar þau vafra um netið og heima hjá sér eru piltarnir þegar á heildina er litið tvöfalt betur settir en stúlkurnar eru heima hjá sér hvað varðar aðgang í eigin herbergi að tölvum og internetinu (sjá einnig umfjöllun um aðstöðumun kynjanna í ritgerð Sigrúnar Vésteinsdóttur og Sævars Más Guðmundssonar (2004)).

Stenst ruðningstilgátan?

Við fyrri prófanir ruðningstilgátunnar á gögnum kannanabálksins, sem kallaður hefur verið Börn og sjónvarp á Íslandi, snerist spurningin fyrst og fremst um áhrif sjónvarpsins á lestur. Þegar fyglnistuðlar voru reiknaðir fannst jafnan hverfandi lítið samband milli sjónvarpsnotkunar og lestrarmagns hjá einstaklingum (Þorbjörn, 1996). Þessi saga endurtekur sig þegar leitað er að sambandi lesturs og sjónvarpsnotkunar 2003. Aðeins í einum undirhópi (14-15 ára) gætir veiks, marktæks sambands milli sjónvarps-

notkunar og blaðalesturs og það samband er reyndar jákvætt, en ekki neikvætt. Við höfum með öðrum orðum veika vísbendingu um að sjónvarpsnotkun og blaðalestur haldist í hendur þegar líður á unglingsárin.

Þegar beitt er sambærilegum fylgniprófunum á svör ungmennanna frá 2003 um samband lesturs og internetnotkunar birtast keimlíkar niðurstöður: bæði þegar á heildina er litið og í einstökum undirhópum aldurs og kynja finnum við mjög lítið samband milli bóklesturs og internetnotkunar. Hvað varðar blaðalestur kemur í ljós að hjá yngri svarendunum, sérstaklega stúlkunum, er *skýrt, jákvætt samband* milli blaðalesturs og internetnotkunar (Spearman's rho=0,448). Þegar könnuð er fylgni milli sjónvarpsnotkunar og internetnotkunar kemur ekkert samband fram.

Táknar þetta að okkur beri að hafna ruðningstilgátunni? Ljóst er að gömlu prentmiðlarnir eru á hröðu undanhaldi hjá íslenskum ungmennum (Tafla 5) og vísbending er um að sjónvarpsnotkun kunni að vera á sömu leið (Tafla 4). Einnig er ljóst af ofansögðu að þeir einstaklingar sem taka nýju miðlunum opnustum örmum skera sig ekki úr með minni notkun á gömlu miðlunum. Niðurstaðan að sinni verður sú að ruðningstilgátan sannist þegar *á heildina* er litið, en þegar litið er á líf og athafnir *einstaklinganna* kemur í ljós að hver þeirra um sig fer sínu fram, hann eða hún velur sér miðil og velur sér tíma. Þar erum við minnt á notagildishefðina þar sem sjálfstæði og svigrúm einstaklingsins er í fyrirrúmi.

Breyta miðlarnir heiminum?

Í upphafi þessa kafla voru reifaðar kenningar tveggja fræðimanna frá miðri síðustu öld um áhrif boðskiptaháttanna á svip og gerð þjóðfélagsins. Frá því þeir mótuðu kenningar sínar hefur sjónvarpið slitið barnsskónum og haft stórfelld áhrif á þá miðla sem fyrir voru. Jafnframt má færa rök fyrir því að sjónvarpið sjálft hafi breytt um eðli í tímans rás. Nýir miðlar eru nú komnir til sögunnar sem þeir Harold Innis og Marshall McLuhan gátu ekki með góðu móti tekið mið af, en sem eigi að síður falla furðuvel að þeirri mynd sem þeir drógu upp. Reynslugögn þau sem vitnað hefur verið til hér að ofan benda með ótvíræðum hætti til stórfelldra breytinga á notkun prentmiðla og hnignandi stöðu þeirra meðal ungmenna (Tafla 5). Enn er mjög mikið horft á sjónvarpið, en blikur eru þó á lofti hvað það varðar (Tafla 4). Staða þess er þó miklu flóknari en áður var vegna þess að með hinni gífurlegu fjölgun viðtækja sem við erum vitni að (árið 2003 var meira en helmingur heimila svarenda okkar með þrjú eða fleiri sjónvarpstæki) og

flutningi sjónvarpstilverunnar úr sameiginlegu rými inn á einkavettvang einstaklinganna (Tafla 3) má færa rök fyrir því að grafið sé undan einu mikilvægasta hlutverki sjónvarpsins, þ.e. að vera tækið sem sameinar og eflir samvitund. Sjónvarpsnotkunin er tvístruð, efnisvalið er brotakennt og sjálf athöfnin að horfa á sjónvarp fær nýja og veikari stöðu. Án teljandi hártogunar má halda því fram að sjónvarpið sem meginfesti þjóðfélagsins hafi því minna vægi í daglegri tilveru okkar sem sjónvarpstækjunum og rásunum fjölgar. Að þessu sögðu er mikilvægt að hafa einnig í huga niðurstöður sem sýna að „sjónvarpsnotkun er enn fyrst og fremst félagsleg athöfn – því þrír fjórðu hlutar [10 til 16 ára ungmenna] horfa með öðrum meira en helming tímans" (Livingstone, 2002: 144; sjá einnig eigindlegar niðurstöður Sigrúnar og Sævars Más (2004) um mikilvægi sjónvarpsins í samvistamynstri fjölskyldna unglinga). Tölvu- og internetvæðingin veitir einstaklingum áður óþekkt tækifæri til að afla sér upplýsinga og afþreyingarefnis og komast í kynni við fólk, hugmyndir og menningarþætti sem áður voru utan seilingar. *Einstaklingshyggja netverjans*, sem áður var nefnd var óhugsandi áður en þessir nýju miðlar komu til sögunnar. Þær niðurstöður sem hér hafa verið reifaðar, auk gagna sem ekki hafa fengið rými í þessum pistli, benda til þess að slík framtíðarsýn geti verið raunhæf. Oft er haft á orði að sjónvarps- og nýmiðlasamfélagið hafi leitt til þess að útidyrum heimilanna hafi verið lokað, þau hafi girt sig af gagnvart nærsamfélaginu, en um leið hafi heimilismönnum verið opnuð gátt út í víða veröld. Nú er þróunin í átt til þess að dyrum einstakra herbergja heimilisins verði lokað, en gáttin til umheimsins innan hvers herbergis verði víðari og eftirlitslausari en nokkru sinni.

Kröfur um aukin fjárráð, gagnvirkni og leikni: sófakartöflur og fátæklingar ómaki sig ekki

Þegar sjónvarpið var nýtt kostaði það fátækar fjölskyldur nokkra fórn að afla sér viðtækis, en svo þótti það eftirsóknarvert að útbreiðsla þess meðal almennings varð með eldingarhraða. Núorðið eru sjónvarpstæki frekar ódýr í innkaupi og einnig í rekstri þótt vissulega geti fátækt fólk munað um afnotagjöldin. Sjálft tækið endist lengi og það er sáraeinfalt í notkun, miklu einfaldara en til dæmis þvottavél eða ryksuga. Frá upphafi hefur hver sem er getað sest fyrir framan sjónvarpstæki og nýtt sér hjálparlaust allt sem það hefur að bjóða. Að þessu leyti var sjónvarpið stórkostlegt jafnaðartæki, milli ríkra og fátækra, sljórra og skýrra, menntaðra og lítt menntaðra, ungra og gamalla, víðsýnna og þröngsýnna, latra og röskra, sterkra og veikra.

Sjónvarpið krefst einskis af notanda sínum. Hugtakið *sófakartafla* var ekki smíðað að tilefnislausu („couch potato" sem Fischer (2004) skilgreinir þannig: „sófakartafla" er heiti á einstakling sem eyðir miklum tíma á sófa þar sem hann drekkur í sig fæðu og upplýsingar á óvirkan hátt og leiðir hjá sér vitsmunalegar eða líkamlegar athafnir).

Tölvurnar og internetið eru á margan hátt andstæða sjónvarpsins, sem þessi tæki kunna þó að vera að leysa af hólmi. Tölvur eru að vísu miklu ódýrari en þær voru áður, en eigi að síður kostar boðleg tölva andvirði tveggja til fimm prýðilegra sjónvarpstækja. Ekki er nóg með það, því á meðan sjónvarpstækið getur hæglega enst á annan áratug verður að skipta tölvunni út á örfárra ára fresti ef full not eiga að vera af henni. Við þetta bætist kostnaður við nettengingu og kaup á dýrum forritum og leikjum. Hinir nýju miðlar mismuna með öðrum orðum ríkum og fátækum í meira mæli en eldri miðlar. Við þetta bætist að tölvu- og internetnotkun er virk athöfn, sem hefur í för með sér mismunun milli röskra og latra og þeirra sem hafa mismikið sjálfstraust. Svo ekki sé talað um þá sem búa yfir mismikilli almennri eða sértækri þekkingu eða eru liprir í tungumálum. Þannig mætti lengi telja. Til að gera langa sögu stutta sjáum við hugsanlega fram á miklu meiri menningarlega aðgreiningu samfélagsins en áður hefur þekkst.

Heimildir

Allied Media Corp. (vefslóð sótt 2. ágúst 2004)
http://www.allied-media.com/aljazeera/

American Obesity Association (vefslóð sótt 2. ágúst 2004)
http://www.obesity.org/subs/fastfacts/obesity_US.shtml

Blumler J. G. og Elihu K. (1974): *The Uses of Mass Communication: Current Perspectives on Gratifications Research*. Newbury Park: Sage.

Bourdieu, P. (1998). *Om televisionen* (þýðing úr frönsku). Stockholm, Brutus Östlings förlag.

Buckingham, D. (ritstj.) (2000). *After the Death of Childhood. Growing Up in the Age of Electronic Media*. Cambridge: Polity Press.

Carey, J. W. (1989 (1992)). *Communication as Culture. Essays on Media and Society*. New York: Routledge.

Castells, M. (2001). *The Internet Galaxy*. Oxford: Oxford University Press.

Dayan, D. and Elihu K. (1992). *Media Events. The Live Broadcasting of History*. Cambridge: Harvard University Press.

Dennison, B. A., Tara A. E., og Jenkins P. L. (2002). Television Viewing and Television in Bedroom Associated With Overweight Risk Among Low-Income Preschool Children. *Pediatrics* 109(6): 1028-1035

Durkheim, E. (1963). *Suicide. A Study in Sociology*. London: Routledge and Kegan Paul Ltd.

Finnemann, N. O. (2001). *The Internet – A New Communicational Infrastructure*. Aarhus: Centre for Internet Research (einnig finnanlegt á slóð: http://cfi.imv.au.dk/pub/skriftserie/002_finnemann.pdf).

Fischer G. (2004): *Beyond "Couch Potatoes": From Consumers to Designers and Active Contributors." First Monday*. Peer-Reviewed Journal on the Internet (sótt á eftirfarandi slóð 8. ágúst 2004: http://www.firstmonday.dk/issues/issue7_12/fischer/).

Fjölmiðlun og menning. Media and Culture 2003. *Hagskýrslur Íslands III*, *93*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Guðmundur Þorkell Guðmundsson (2004). Internetið og íslensk ungmenni. Óbirt BA-ritgerð, Háskóla Íslands.

Heiður Hrund Jónsdóttir (2004). Er ávinningur af því að lesa dagblöð? Dagblaðalestur barna og unglinga á Íslandi. Óbirt BA-ritgerð, Háskóla Íslands.

Helgi Valur Ásgeirsson (2004). Skaðar sjónvarp sköpunargáfu? Óbirt BA-ritgerð, Háskóla Íslands.

Heyer, P. (1993). 'Empire, history, and communications viewed from the margins: the legacies of Gordon Childe and Harold Innis' Continuum: *The Australian Journal of Media & Culture* 7(1) (slóð sótt 31. júlí 2004) (http://wwwmcc.murdoch.edu.au/ReadingRoom/7.1/Heyer.html)

Innis, H. A. (1946). *Political Economy in the Modern State*. Toronto: The Ryerson Press.

Innis, Ha. A. (1950). *Empire and Communications*. Oxford: Clarendon Press.

Innis, H. A. (1951 (1964)). *The Bias of Communication*. Toronto: The University of Toronto Press.

Kjartan Ólafsson (2000). Tómstundastörf og fjölmiðlanotkun íslenskra ungmenna 1968-1997. Niðurstöður rannsókna meðal 10-15 ára ungmenna í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Óbirt M.A.-ritgerð í félagsfræði, Háskóla Íslands.

Knulst, W. og Kraaykamp, G. (1997). The Decline of Reading: Leisure Reading Trends in the Netherlands (1955-1995). *Netherlands Journal of Social Science 33*(2):130-150.

Koolstra, C. M. og van der Voort, T. H. A. (1996). Longitudinal Effects of Television on Children's Leisure-Time Reading: A Test of Three Explanatory Models. *Human Communication Research*, *23*(1):4-35.

Lichter, R.., Rothman, S. og Lichter L. S. (1986). *The Media Elite*. Bethesda: Adler and Adler.

Livingstone, S., Bovill, M. og Gaskell, G. (1999). European TV kids in a transformed media world: Findings of the UK study. bls. 8-24 í Löhr , P. og Meyer M. (ritstj.) *Children, Television and the New Media. A Reader of Research and Documentation in Germany*. Luton: Luton University Press.

Livingstone, S. (2002). *Young People and New Media*. London: Sage Publications Ltd.

Livingstone, S., og Bober, M. (2004). *UK Children Go Online*. London: Economic and Social Research Council.

Marvin, C. (2004). *Famed Psychic's Head Explodes: James Carey on the Technology of Journalism* (slóð sótt 5. ágúst 2004). (http://www.asc.upenn.edu/USR/fcm/warren/warren.htm).

McLuhan, M. (1964). *Understanding Media: The Extensions of Man*. New York: McGraw-Hill Book Company.

McQuail, D. (2000). *McQuail's Mass Communication Theory*. Beverly Hills: Sage.

National Institute on Media and the Family (slóð sótt 3. ágúst 2004) (http://www.mediafamily.org/facts/facts_tvandobchild.shtml).

Neuman, S. B. (1988). The Displacement Effect: Assessing the Relation Between Television Viewing and Reading Performance. *Reading Research Quarterly*, *23*(4): 414-440.

Onufrijchuk, R. (1993). Introducing Innis/McLuhan concluding: The Innis in McLuhan's "System" Continuum: *The Australian Journal of Media & Culture 7*(1) (slóð sótt 31. júlí 2004) http://wwwmcc.murdoch.edu.au/ReadingRoom/7.1/Heyer.html

Robinson, M., and Kohut, A. (1988). Believability and the Press. *Public Opinion Quarterly*, *52*(2):174-189.

Sigrún Vésteinsdóttir og Sævar Már Guðmundsson (2004). Ungmenni og nýir miðlar: Breytt fjölmiðlalandslag. Óbirt BA-ritgerð, Háskóla Íslands.

Singer, D. G. (1993). Creativity of Children in a Television World, í Gordon L. B. and Asamen J. K. (ritstj.). *Children and Television: Images in a Changing Sociocultural World*. London: Sage Publications (bls. 73-88).

Tichi, C. (1991). *Electronic Hearth. Creating American Televison Culture*. New York: Oxford University Press.

Wellman, B. (2001). Physical Place and Cyberplace: The Rise of Personalized Networking. *International Journal of Urban and Regional Research*, *25*(2): 228-252.

Williams, R. (1974/1979). *Television. Technology and Cultural Form*. Glasgow: Fontana/Collins.

Williams, R. (1981/1989)). *Culture*. London: Fontana Press.

Þorbjörn Broddason, (1994 (2000)). The Sacred Side of Professional Journalism. *European Journal of Communication, 9*(3), bls. 227-248 (endurprentað í Scammell, Margaret og Holli Semetko (ritstj.) (2000) The Media, Journalism and Democracy. London: Ashgate Publishing (bls. 147-168).

Þorbjörn Broddason (1996). *Television in Time: Research Images and Empirical Findings*. Lund: Lund University Press.

Þorbjörn Broddason (2004). *The acquisition and uses of new media among 10-15 year old Icelanders 1997-2003*. Ráðstefnuerindi. Digital Generations. Children, young people and new media 26.-29. júlí 2004. Institute of Education, University of London.

„Þetta liggur einhvern veginn betur fyrir henni“

Feður, börn og fæðingarorlof á Íslandi og í Noregi

Þorgerður Einarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

Innan flestra Evrópuþjóða hefur opinber jafnréttispólitík verið að færast frá einhliða áherslu á almenn markmið um jöfn tækifæri á vinnumarkaði og launajafnrétti til sértækari markmiða um samþættingu atvinnulífs og fjölskyldulífs. Ástæðan er sú almenna viðhorfsbreyting að raunverulegt jafnrétti náist ekki nema karlar og konur deili með sér bæði launavinnu og ábyrgð á börnum og heimilishaldi. Þetta felur ekki aðeins í sér aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaði, sem mikil áhersla var lögð á til skamms tíma, heldur einnig aukna fjölskylduþátttöku karla (Lohkamp-Himmighofen og Dienel, 2000). Fæðingar- og foreldraorlof er lykilatriði í þessu sambandi.

Þegar fæðingarorlof er annars vegar eru Íslendingar einstakir í heiminum. Engin önnur þjóð hefur lögleitt jafn langt óframseljanlegt fæðingarorlof fyrir feður eins og Íslendingar hafa gert og á jafn skömmum tíma. Reyndar fetaði Ísland í fótspor Svíþjóðar og Noregs í þessum efnum sem einnig hafa innleitt sérstaka óframseljanlega feðrakvóta. Sá munur er þó á Íslandi og þessum tveimur löndum að þar var feðraorlofið í hægfara þróun í allt að áratug meðan Íslendingar tóku stór skref á stuttum tíma.

Í samanburðarverkefni undir yfirskriftinni „Menning, umgjörð og umhyggja: Möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs“ (e. *Culture, Custom and Caring: Men's and Women's Possibilities to Parental Leave*) voru kannaðir möguleikar karla og kvenna til fæðingarorlofs og fjölskylduþátttöku í fjórum löndum, þ.e. Noregi, Spáni, Þýskalandi og Íslandi. Verkefnið var framkvæmt á tímabilinu 2002 til 2004, það var styrkt af ESB og Jafnréttisstofa annaðist verkefnisstjórn.[1] Sjónum var einkum beint að þrennu: a) undirliggjandi gildis-

---

[1] Lokaskýrslu verkefnisins í heild sinni er að finna á heimasíðu verkefnisins CCC: Þorgerður Einarsdóttir in collaboration with Gyða Margrét Pétursdóttir (2004) *Culture, Custom and*

mati, viðhorfum, hugmyndum og öðrum menningarbundnum þáttum, b) kerfinu og ytri áhrifaþáttum og c) tilhögun fjölskylduábyrgðar og umönnun barna eins og hún birtist kringum fæðingarorlof karla og kvenna.[2] Meginmarkmið verkefnisins var að skoða samspil þessara þátta, þ.e. samhengið milli hlutlægra þátta og huglægra þátta, milli þess hvaða lausnir standa fólki til boða og hvernig fólk nýtir þær. Annað meginmarkmið var að skoða þátt feðra sérstaklega, hvaða þættir ýta undir fæðingarorlof og fjölskylduþátttöku þeirra, og hvaða þættir hindra það. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu niðurstöðum verkefnisins og sérstaklega fjallað um Noreg og Ísland.[3]

Gögn og aðferð

Rannsóknin er tilvikskönnun (e. *case study*) og aðferðin sem notuð er svokölluð aðferðafræðileg margnálgun (e. *methodological triangulation*) en það er þegar mismunandi tegundir rannsóknagagna eru notaðar til að varpa ljósi á viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhornum (Denzin, 1970; Silverman, 1997). Hugmyndin hér að baki er sú að veikleika einnar aðferðar sé hægt að vega upp með styrkleikum annarrar (Denzin, 1970). Silverman (1997) skilgreinir margnálgun þannig að mismunandi upplýsingabrunnar (e. *sources of information*) séu nýttir samtímis í þeim tilgangi að öðlast betri skilning á viðfangsefninu og traustari niðurstöður. Aðferðafræðileg margnálgun þýðir á engan hátt að eigindlegum og megindlegum rannsóknagögnum sé hrært saman, heldur að þau séu túlkuð samhliða og í tengslum hvert við annað.

Í þessari rannsókn er margnálgun beitt til að fá svör við ólíkum spurningum. Megindleg gögn eru nýtt í lýsandi tilgangi til að varpa ljósi á bakgrunnsaðstæður og heildarsamhengi. Staðtölur og opinber gögn eru greind í þeim tilgangi að skilja þróunarmynstur og tilhneigingar. Lykilgögnum

---

Caring: Men's and Women's Possibilities to Parental Leave. Centre for Gender Equality, Centre for Women's and Gender Studies. Akureyri, 2004. [http://www.jafnretti.is/caring/docs/CCC_FinalReport.pdf]. Þessi grein byggir að hluta á erindi sem var haldið á málþingi um niðurstöður verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja, á vegum Jafnréttisstofu á Akureyri 5. mars 2004.

2 Þessir þrír þættir vísa í yfirskrift verkefnisins: fyrsti þátturinn vísar í menningarlega þætti, annar þátturinn vísar í kerfið eða hina ytri umgjörð og þriðji þátturinn er umhyggja í víðum skilningi.

3 Sjá einnig MA-ritgerð Gyðu Margrétar Pétursdóttur sem unnin er innan ramma verkefnisins: „Ég er tilbúin að gefa svo mikið" Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli getu og hlutverk. Félagsvísindadeild HÍ 2004.

var safnað í löndunum um atvinnuþátttöku, vinnutíma, atvinnuleysi, fæðingartíðni og fleira. Þá var gögnum safnað saman um hin mismunandi orlofskerfi, tímalengd orlofs, fyrirkomulag, greiðslur o.þ.h. og ennfremur um nýtingu þeirra. Þessi gögn koma frá hagstofum þátttökulandanna og frá öðrum opinberum aðilum.

Í eigindlega hluta verkefnisins voru tekin viðtöl við sex pör í hverju landi, auk þess sem talað var við yfirmann feðranna. Hvert par var gift eða í sambúð og átti a.m.k. eitt barn á forskólaaldri (milli 6 mánaða og 4 ára). Feðurnir lágu til grundvallar þegar pörin voru valin og var miðað við að þeir ynnu hjá miðlungsstóru fyrirtæki (40-50 manna) í einka- eða opinbera geiranum. Feðurnir þurftu að hafa reynslu af fæðingarorlofi eða reynt að fá fæðingarorlof. Horft var til menntunarstigs þeirra og starfsgreinar þannig að hópurinn endurspeglaði margvíslega atvinnustarfsemi. Skilyrði var að mæðurnar væru í launaðri vinnu utan heimilis en engar kröfur voru gerðar um starfssvið þeirra eða menntun. Hvert viðtal stóð yfir í eina til tvær klukkustundir og stuðst var við samræmdan viðtalsvísi. Viðtölin voru tekin upp á segulband og afrituð. Túlkunin var þematísk og heildræn, en með því er átt við að annars vegar voru tiltekin þemu rakin í öllum viðtölunum og greind eftir undirliggjandi hugmyndum, gildum og viðmiðum[4], hins vegar var hvert viðtal skoðað sem sjálfstæð heild.

Í verkefninu var notuð gagnrýnin orðræðugreining (e. *critical discourse analysis*) sem nýtir sér nálganir og aðferðir Foucault (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004; Willig, 2001). Grundvallaratriðið í nálgun Foucault er einskonar þríhyrningur orðræðu, valds og þekkingar og hún er vel til þess fallin að greina orðræður innan stofnana samfélagsins (Foucault, 1978). Þegar við greinum orðræðu erum við annars vegar gegnsýrð af valdi og þekkingu og á sama tíma erum við að gagnrýna valda- og þekkingarkerfi. Í gagnrýnni orðræðugreiningu er skoðað hvernig hugtök og fyrirbæri fá hugmyndafræðilegt forræði í samfélaginu (Cameron, 2001). Litið er á þau sem náttúruleg fyrirbæri, eins konar brjóstvit eða „heilbrigða skynsemi" (e. *common sense*) en í raun er um að ræða „heilbrigða skynsemi" þeirra sem hafa ráðandi stöðu í samfélaginu. Gagnrýnin orðræðugreining snýst því um að fletta ofan af því sem (1) lúrir undir yfirborðinu eða (2) því sem sagt er beinum orðum, sem oft endurspeglar ráðandi hugmyndafræði. Ennfremur að greina með hvaða hætti hægt er að mismuna einstaklingum og það ferli sem gerir það að samþykktu athæfi (Cameron, 2001). Orðræðan er þannig skapandi afl, hún hefur áhrif og lögmætir sannleika líðandi stundar.

---

4 Nánar verður fjallað um hugtakið viðmið (e. *norm*) hér á eftir.

Foucault skoðaði sambandið milli orðræðu og „normaliseringar" viðmiða.[5] Orðræðan kemur viðmiðum á framfæri og staðfestir þau. Með „normaliseringunni" eru einstaklingar bornir saman og mismunað í samræmi við ríkjandi viðmið. Viðmið eru mælikvarðinn sem allir eru dæmdir eftir, þau gera samfélagið einsleitt með samanburði sem síðan er fylgt eftir með mismunun. Viðmiðin eru það sem einstaklingarnir eiga að laga sig að, sækjast eftir og eru mátaðir við (Carabine, 2001).

Í gagnrýnni orðræðugreiningu er sjónum beint að áhrifum valds. Skilgreiningarvald ráðandi hópa um hvað skiptir máli, skilgreinir og takmarkar með hvaða hætti hægt er að fjalla um ákveðin hugtök og fyrirbæri. Þannig er ætlast til þess að hinn undirokaði hópur lagi sig að ráðandi venjum og viðmiðum. Ráðandi orðræða á hverjum tíma er hin lögmæta leið til að fjalla um ákveðið fyrirbæri (Cameron, 2001).

Lykiltölur og ytri áhrifaþættir

Lítum nánar á nokkrar lykiltölur áður en lengra er haldið. Atvinnuþátttaka karla er 91% á Íslandi og 84% í Noregi, en atvinnuþátttaka kvenna er 77% í Noregi og 82% á Íslandi (15-64 ára, árið 2002). Athygli skal vakin á því að í atvinnuþátttaka felur í sér bæði starfandi fólk og þá sem eru atvinnulausir. Hlutastörf eru sjaldgæf hjá körlum í en um þriðjungur kvenna er í hlutastarfi. Íslenskir karlar vinna að meðaltali 49 stundir á viku. Vinnutími norskra karla, u.þ.b. 38 stundir að meðaltali á viku, er á svipuðu róli og vinnutími íslenskra kvenna sem vinna u.þ.b. 36 stundir að meðaltali á viku, sem segir sína sögu um vinnumenningu Íslendinga. Fæðingartíðni á Íslandi er ívíð hærri en í Noregi, 2,10 á móti 1,85 lifandi fætt barn á hverja konu (sjá nánar Þorgerði Einarsdóttur, 2004).

Fjölskyldupólitík í Noregi hefur verið flokkuð sem kvenvænt og jafnréttissinnað kerfi (e. *the woman friendly egalitarian model*), sem er einkennandi fyrir Norðurlöndin (Lohkamp-Himmighofen og Dienel, 2000). Launað fæðingarorlof er langt í Noregi eða um eitt ár og Noregur var fyrsta land í heimi að innleiða svokallaðan pabbamánuð árið 1993. Ísland tilheyrir Norðurlöndunum en er frábrugðið þeim í mörgum atriðum, m.a. í lægri útgjöldum til velferðar- og fjölskyldumála (Stefán Ólafsson, 2003). Ísland hefur heldur styttra launað fæðingarorlof en Noregur í heild eða 9 mánuði,

---

5 Viðmið (e. *norm*) er bæði eintöluorð og fleirtöluorð og hér er hugtakið notað í báðum myndunum.

en með nýju lögunum frá árinu 2000 hafa íslenskir karlar þó lengstan sjálfstæðan og óframseljanlegan orlofsrétt allra karla. Fæðingarorlof er tengt atvinnuþátttöku í báðum löndunum.

Hér að neðan er leitast við að sýna megineinkenni fæðingar- og foreldraorlofs í Noregi og á Íslandi. Misjafnt er hvaða orð eru notuð yfir orlofið í löndunum, en hér er talað um fæðingarorlof þegar launað orlof er að ræða eftir fæðingu barns en foreldraorlof þegar talað er um rétt til ólaunaðs orlofs.

Tafla 1. Fæðingar- og foreldraorlof í Noregi og Íslandi

Fæðingarorlof		
	Ísland	**Noregur**
Orlof móður fyrir fæðingu barns	1 mánuður (réttur)	3 vikur
Orlof móður eftir fæðingu barns	3 mánuðir	6 vikur
Orlof föður eftir fæðingu barns	3 mánuðir	2 vikur við fæðingu, 4 vikur síðar
Orlof sem foreldrar geta skipt	3 mánuðir	29 eða 39 vikur (sjá neðar)
Greiðslur	80% af launum (þak og gólf) fyrir þá sem hafa verið í minnst 25% starfi. Aðrir fá fasta greiðslu	100 % af launum ef teknar eru 42 vikur, 80% af launum ef teknar eru 52 vikur
Réttur til hlutaorlofs eða sveigjanlegs orlofs	Já	Já
Geta foreldrar verið í orlofi á sama tíma?	Já	Já, en gegn lægri greiðslum
Heildarlengd orlofs	9 mánuðir (fyrir 18 mánaða aldur)	52 vikur
Foreldraorlof		
	Ísland	**Noregur**
Sérstakur réttur mæðra	3 mánuðir uns barn er 8 ára	Eitt ár
Sérstakur réttur feðra	3 mánuðir uns barn er 8 ára	Eitt ár
Orlof sem foreldrar geta skipt með sér	Ekkert	Ekkert
Greiðslur	Engar	Engar
Möguleikar á hlutaorlofi eða sveigjanleika	Já	Já
Geta foreldrar verið í orlofi á sama tíma	Já	Já

(Þorgerður Einarsdóttir, 2004)

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir árið 2003 nýta 76-82% íslenskra feðra rétt sinn eftir því hvaða mánuði feðraorlofsins um ræðir (Ingólfur V. Gíslason, 2003). Í Noregi nýta 85% rétt sinn (Brandth og Kvande, 2003). Í viðtalshluta tilvikskönnunarinnar, sem næst verður fjallað um, er gerð tilraun til þess að varpa ljósi á þessi tölur og setja þær í samhengi.

Noregur: Hægfara kerfi, mild þvingun og virkir feður

Orlofskerfið í Noregi í núverandi mynd hefur verið að þróast síðan í byrjun 8. áratugar síðustu aldar. Frá 9. áratugnum hefur áherslan verið á kynjajafnrétti og þátttöku feðra. Launað orlof er 29 eða 39 vikur eftir því hvort fólk velur að taka út 80% eða 100% launa. Norðmenn voru fyrstir þjóða að innleiða sérstakt fæðingarorlof fyrir feður með feðrakvótanum 1993, en frá 1977 áttu karlar rétt á 2 vikna leyfi kringum fæðingu barns. Fram til ársins 2000 var réttur karla mjög háður vinnumarkaðsþátttöku móður en losað hefur verið um þær hömlur. Annað fyrirkomulag í Noregi er svokallaður tímasjóður (n. *tidskonto*) en með því er hægt að lengja orlofið enn frekar með því að fækka vinnustundum. Þetta átti að auka sveigjanleika kerfisins og var talið fýsilegt fyrir karla. Enn eitt úrræði eru heimgreiðslur (n. *kontantstøtte*) en það eru greiðslur til foreldra barna undir 3 ára sem ekki nýta opinbera dagvistun. Greiðslurnar samsvara niðurgreiðslu ríkisins til dagvistunar. Til viðbótar launuðu leyfi eiga foreldrar rétt á eins árs ólaunuðu leyfi hvort um sig. Að öllu meðtöldu er orlofið 3 ár. (Brandt og Kvande, 2003).

Norska kerfið endurspeglar sterkan pólitískan vilja til kynjajafnréttis með því að virkja feður á sama tíma og boðið er upp á marga valkosti og sveigjanleika. Jafnvel þótt feður hafi haft möguleika á orlofi frá 8. áratug síðustu aldar nýttu þeir það í mjög litlum mæli (Engan, Brandt og Kvande, 2003). Með feðrakvótanum urðu miklar breytingar og hlutfall feðra sem tók pabbamánuðinn jókst frá 4% árið 1993 til 85% árið 1998. Þótt karlar taki pabbamánuðinn taka þeir samt minnihluta orlofsins í heild eða 25 daga að jafnaði á móti 108 dögum sem konan tekur, miðað við árið 2001 (Brandth og Kvande, 2003). Rannsóknir hafa sýnt tengsl milli fæðingarorlofs feðra og vinnumarkaðsstöðu mæðranna. Því hærri stéttarstaða og lengri menntun sem karlarnir hafa því líklegra er að þeir taki fæðingarorlof (Brandth og Kvande, 2003). Feðrakvótanum hefur verið lýst sem „mildri þvingun“ og hann er almennt talin vel heppnuð aðgerð. Hins vegar hefur hann ekki leitt til þess að

karlar taki lengra orlof. Aðeins tæp 14% karla tóku meira en pabbamánuðinn árið 2001 og nú hyggjast stjórnvöld beita sér til að þetta hlutfall aukist (Lismoen, 2003).

Berit Brandt og Elin Kvande (2003) halda því fram að sá hluti norska kerfisins sem er kynhlutlaus feli ekki í sér nógu mikla hvatningu til breytinga. Sá hluti sem foreldrarnir geta deilt með sér fellur í hlut konunnar og sveigjanleikinn verður enn fremur til þess að festa hefðbundin hlutverk í sessi. Aðeins 1,5% karla nota tímasjóðinn svokallaða sem átti sérstaklega að mæta þörfum þeirra fyrir sveigjanleika. Nýtingin er örlítið meiri meðal kvenna, eða 3,5%.

Hingað til hefur norsk fjölskyldupólitík haft sem yfirlýst markmið að jafna stöðu kynjanna. Heimgreiðslurnar sem voru innleiddar 1998 eru stílbrot í þeirri þróun. Kerfið, sem átti að auka tíma barna með foreldrum sínum, hefur einungis gert það í litlum mæli því margir taka við greiðslum án þess að stytta vinnutíma sinn. 96% þeirra sem þiggja heimgreiðslur eru konur og því ýtir kerfið undir hefðbundin kynhlutverk (Engan, Brandth og Kvande, 2003).

Í Noregi er almennt viðtekið að karlar taki fæðingarorlof og þeir karlar sem ekki gera það eru litnir hornauga og þurfa að réttlæta ákvörðun sína. Þetta endurspeglast bæði í lýsingum fræðimanna svo og í viðtölunum við norsku karlana í þessari rannsókn. Karlarnir sem rætt var við voru almennt meðvitaðir um föðurhlutverk sitt, og báðir foreldrar aðhyllast hugmyndir um jafna foreldraábyrgð þótt veruleikinn sé stundum hefðbundnari en foreldrarnir vilja sjálfir trúa. Tveir karlanna hafa einungis tekið 2 vikur kringum fæðingu barns, fjórir hafa tekið feðramánuðinn og tveir af þeim hafa tekið eitthvað umfram það og eru m.ö.o. komnir fram úr „skyldunni".

Yfirgrípandi þema í viðtölunum við norsku feðurna er virk fjölskyldu-þátttaka þeirra og ábyrgð á umönnun barna. Oftast gengur hinn óformlegi sáttmáli paranna út á jafnrétti kynja og jafna foreldraábyrgð, það er viðmiðið sem allir horfa til. Hins vegar gefa pörin því mismunandi inntak. Hjá norsku pörunum er nánast ekki að finna þær hugmyndir um eðlisólík föður- og móðurhlutverk sem dæmi voru um á Íslandi. Þá var merki um óskorað föðurlegt vald eða húsbóndavald var aðeins að finna í einu tilviki. Yfirleitt meta pörin mikils þátttöku föðurins og að hann upplifi „samfelldan tíma" (n. *den langsamma tid*) á forsendum barnsins (Brandth og Kvande, 2003). Þessu lýsti einn faðirinn svona:

> Það er mikilvægt að hafa tíma [með barninu]. Ég set barnið alltaf í fyrsta sæti þegar ég get. Þessi tími kemur aldrei aftur... Ef eitthvað er í gangi á kvöldin, þá sleppi ég því. Ég er mjög ákveðinn í því.

Almennt hefur jöfn foreldraábyrgð þróast frekar áreynslulaust og flest paranna eru bæði fyrirvinnur. Á því eru tvær undantekningar og það eru þau pör þar sem faðirinn hefur aðeins tekið tveggja vikna orlof kringum fæðingu barns. Í öðru tilvikinu er um að ræða allt-um-lykjandi móður með allt skilgreiningarvald og ábyrgð á sínum herðum og það sem hún lætur af hendi til föðurins er á hennar eigin forsendum. Þessari kjörmynd hefur verið gerð skil sem fjölskyldu með kvenlægt miðstjórnarvald (e. *matricentric family*, sjá Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Í hinu tilvikinu var um að ræða hjón með afar hefðbundin hlutverkaskipti, þar sem eiginmaðurinn hafði föður- og húsbóndavald í krafti stöðu sinnar sem fyrirvinnu, en slík kynjasamskipti hafa annars á sér afar neikvæðan blæ hjá norsku pörunum.

Viðtölin við norsku pörin sýna að það krefst gagnkvæms skilnings að deila á sanngjarnan hátt. Þau fjögur pör sem höfðu nýtt feðrakvótann voru ólík innbyrðis, í tveimur höfðu pörin jafna vinnumarkaðstöðu, en í tveimur hafði konan (tímabundið) lakari stöðu. Pörin áttu þó sameiginlegt að samskiptin einkenndust af gagnkvæmni og jafnræði og sterkari aðilinn reyndi ekki að nýta sér stöðu sína. Pörin leituðust þannig við að jafna út ytri kerfislægar aðstæður sem settu þau í ójafna stöðu innbyrðis, svo sem veikari stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Norsku feðurnir virðast meðvitaðir um föðurhlutverk sitt og reyna að rækja það vel. Þeir lýsa tímanum með börnunum gjarna sem ómissandi hluta dagsins. En þrátt fyrir að hugmyndafræði jafnréttis svífi yfir vötnum má einnig greina mynstur sem aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós, m.a. að konur líti á barnaumönnun og heimilisstörf sem „heildarpakka“ en karlarnir velji eins og úr hlaðborði það sem þeim líkar (Þorgerður Einarsdóttir, 1998). Jafnréttishugmyndafræðin birtist einnig í því að pörin þurftu gjarna að réttlæta val sitt. Það var gert með tilvísunum í hugtök eins og „valfrelsi“, „þetta var auðveldast svona“, „þetta var best fyrir börnin“ o.s.frv. Dæmi var um feður sem sögðu að þeir hefðu tekið meira ef þeir hefðu „þurft þess“. Hin „milda þvingun“ feðrakvótans birtist skýrt, t.d. í eftirfarandi skýringum eins föður á því að hann hafi ekki tekið neitt umfram pabbamánuðinn: „Ef ég hefði fengið 100% laun hefði ég örugglega tekið meira.“

Í heildina virðast norskir foreldrar hafa tiltölulega áreynslulaus tengsl við vinnuna sína. Nokkuð gott jafnvægi virðist ríkja milli atvinnulífs og fjölskyldulífs þannig að vinnan gengur ekki of mikið út yfir fjölskyldulífið. Þetta sést bæði í tölum yfir vinnutíma og í viðtölunum. Þá eru viðhorf yfirmanna og stjórnenda býsna góð vísbending um viðmið samfélagsins. Í norska hlutanum er áberandi samskilningur á mikilvægi fjölskyldulífs, og

fæðingarorlof karla er samþykkt og „normaliserað". Það sést bæði á vinnuhegðun karla og viðhorfum yfirmanna og stjórnenda. Lög, reglur og önnur úrræði eru óvéfengd og virt af fyrirtækjunum. Yfirmenn eru skilningsríkir gagnvart fjölskylduábyrgð starfsmanna og reyna gjarnan að takmarka yfirvinnu. Sumir líta jafnvel á það sem auð fyrir fyrirtækið eins og fram kom í máli eins yfirmanns:

> Ef þú vilt að fyrirtækið vaxi og blómstri, og að þú getir ráðið besta fólkið og haldið því, þá þarftu líka að vinna með stóru hlutina... Auðvitað er allt samtvinnað. Þú getur ekki fengið besta fólkið og haldið því ef þú ert ekki með góða stefnu í fæðingarorlofsmálum.

Í sumum tilvikum var vinnumenningin þó hindrun af einhverri ástæðu. Á einum vinnustað þar sem starfsmannavelta var lítil og meðalaldur hár var lítill skilningur á fæðingarorlofi. Í tilviki annars manns sem vann á dæmigerðum karlavinnustað var fjandsamlegt andrúmsloft meðal vinnufélaga.

Mikilvæg undantekning frá þessari jafnréttisásjónu er fasteignasali sem vinnur afar langan vinnudag, hann er í markalausri vinnu sem hefur algjöran forgang fram yfir fjölskyldu og börn. Sjálfsmynd hans stendur og fellur með árangri í vinnunni og fjölskyldan og barnið eiga lítið tilkall til hans. Hann er dæmigerður fyrir vaxandi hóp manna í því harðnandi vinnuumhverfi „gráðugra vinnustaða" sem merki eru um í kjölfar alþjóðavæðingar, aukinnar samkeppni og einstaklingsvæðingar vinnunnar (Flam, 1993; Hochschild, 2001; Sennett, 1998). Þessi þróun er fjölskyldunum afar skeinuhætt og ætti að vera öllum stjórnvöldum áhyggjuefni.

Ísland: Bylting, eðlishyggja og efasemdir

Ísland er land í svo róttæku umbreytingaferli í fæðingarorlofsmálum að því hefur verið líkt við byltingu (Jónína Bjartmarz, 2003). Þriggja mánaða fæðingarorlof karla var innleitt í skrefum árið 2000, eins og kunnugt er, og reynslan af því er ekki einhlít. Nýlegar tölur sýna að um 76% - 82% nýta rétt sinn, eftir því hvaða mánuður á í hlut (Ingólfur V. Gíslason, 2003). Af þeim fjórum körlum sem áttu rétt á pabbamánuði/mánuðum í viðtalshlutanum, nýttu allir einhvern hluta eða allt. Sumir viðmælenda okkar eru jákvæðir en aðrir hafa efasemdir og telja að feðraorlofið hafi verið innleitt á kostnað mæðranna. Þessar raddir komu frá bæði konum og körlum, og ekki síst frá atvinnurekendum. Það er athyglisvert að skoða þessa andstöðu meðal atvinnurekenda og stjórnenda í ljósi nýrra viðhorfskannana. Í könnun á

vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum o.fl. frá 2004 kom fram að 80% bæði karla og kvenna voru jákvæð gagnvart nýju fæðingarorlofslögunum. Þó telur helmingur karla að það sé erfitt fyrir karla að taka 3-6 mánaða fæðingarorlof en aðeins 35% kvenna hefur þá skoðun. Atvinnurekendur skáru sig úr og virtust hafa miklu meiri efasemdir, en 46 % þeirra telja að það sé erfitt fyrir karla að taka 3 mánaða orlof og 26% þeirra telja að erfitt sé fyrir konur að taka 6 mánaða orlof.[6]

Það er athyglisvert að fimm af sex pörum kjósa að vera saman í fæðingarorlofi. Aðeins einn feðranna er einn í fæðingarorlofi. Engin tölfræðileg gögn eru til um hve margir karlar eru einir í orlofi, en viðtalskönnunin bendir til að þeir séu færri en hinir.

Sterkt einkenni á íslensku viðmælendunum eru hugmyndir um ólíkt eðli og hlutverk kynjanna og að einhverju leyti kynbundin foreldrahlutverk. Hjá sumum er þetta gefið í skyn en hjá öðrum er þetta ódulbúið og grímulaust. Einn feðranna hneppir þetta viðhorf í orð þegar hann lýsir óöryggi sínu gagnvart umönnun eigin barna:

> Ég treysti, mundi ekki treysta mér alveg með ungabarn, sko einn, en hérna ég hef allaveganna upplifað hvernig hún getur það alveg, betur sko. Þetta er svona einhvern veginn, liggur einhvern veginn betur fyrir henni.

Hér liggja vitaskuld grafin mörg lög af hefðum og öflum sem „normalisera“ viðhorf, gildi og „brjóstvit“ með því að skapa þau og endurskapa í sífellu í gegnum orðræðuna. Þau hanga saman við marga hlutlæga þætti og ytri aðstæður, svo sem kynbundna vinnuhegðun en á Íslandi er mjög langur vinnutími, einkum og sér í lagi karla. Þessi langi vinnutími ásamt markaleysi gagnvart vinnunni gerir mörkin milli atvinnu og einkalífs mjög fljótandi. Allir feðurnir sinna einhvers konar yfirvinnu sem oft er aðeins borguð eða skráð að hluta, eða þeir eru á nokkurs konar óskilgreindri bakvakt, sem merki um að viðkomandi sé ómissandi í vinnunni. Þessi markalausu tengsl við vinnuna virðast körlunum mikilvæg. Þá sýna íslensku viðtölin ákveðna tortryggni í garð orlofs feðra og grunsemdir um misnotkun. Þetta létu margir viðmælenda í ljós, bæði foreldrar og yfirmenn. Þannig lýstu fjórir af sex yfirmönnum andstöðu við fæðingarorlofslögin og tökurétt feðra, eins og eftirfarandi ummæli eins yfirmannsins sýna. Hann segir það gagnslaust fyrir feður að taka fæðingarorlof á sama tíma og móðirin:

---

6 Könnunin var kynnt á málþingi Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum þ. 30/1 2004 „Viðhorf til jafnréttis“ haldið í Háskóla Íslands.

> Tveir fullorðnir að hanga yfir einhverjum krakka...bæði í frí á sama tíma, hann á golfvellinum, hún heima að hugsa um krakkann [...] Ef hann er ekki einn með krakkann þá er hann ekkert að sinna krakkanum. Og ég, í fyrsta lagi mundi konan ekki treysta honum til þess. Og svo í öðru lagi þá er ekkert ofboðslegur áhugi, vegna þess að karlmaður er alltaf karlmaður og það er munur á karlmanni og kvenfólki, einhverra hluta vegna á kvenmaðurinn börnin en ekki karlmaðurinn.

Í orðum yfirmannsins endurspeglast trúin á náttúruleg og eðlisólík hlutverk karla og kvenna. Dæmi um samskonar viðhorf ungs föður er að finna í eftirfarandi tilvitnun:

> Ég tók þessar tvær vikur sem sagt til að fá náttúrulega launin, en ég vann þessar tvær vikur og svo tók ég mér bara sumarfrí. Það var bara einfaldlega vegna þess að á þeim tíma var ekkert annað í boði í rauninni, bjuggum inni á tengdó, vann hjá tengdó, mikið að gera... Ég þekki náttúrulega engan sem mundi í rauninni taka sér fæðingarorlof svona pent innan gæsalappa yfir barnið… Flestir náttúrulega strákar eru þannig, það er náttúrulega bara hugsunarhátturinn hjá þeim.

Hér er þó mikilvægt að árétta að það voru einnig jákvæð viðhorf og dæmi um það er yfirmaðurinn sem fannst eftirsóknarvert að starfsmenn færu í fæðingarorlof og rökstuddi það með eftirfarandi hætti:

> Þetta er svona hluti af því, svona eitt af stefnuatriðum hjá okkur að reyna að færa sig í verkefnum... Það er svo mikill tendens alltaf í svona fyrirtækjum að fólk gerist sérfræðingar... við erum frekar að reyna að fá fólk til þess að auka víðsýnina, og eins og ég segi oft við fólk að það gerir það að verkum að það er ekki vandamál að fara í frí.

Dæmi var einnig um föður sem var mjög jákvæður og tók virkan þátt í umönnun barnsins. Hann lét eftirfarandi orð falla:

> Eins og ég segi, það eina sem ég geri ekki er að gefa brjóst. Allt annað held ég að ég sé ekkert síðri en mamman.

Það kom fram hjá flestum foreldranna, bæði konum og körlum, að þeim fannst tekjuskerðingin í fæðingarorlofinu slæm og töldu sig muna um að verða af 20% tekna. Óhætt er að segja að nánast öllum viðmælendunum finnist fæðingarorlofið of stutt, réttur mæðranna vera of lítill. Sumir nefndu að orlof pabbanna væri óþarflega langt á kostnað mæðranna. Allar konurnar nema ein voru lengur heima en þær áttu rétt á lögum samkvæmt (þ.e. þær voru í launalausu leyfi eftir að orlofi lauk). Margar nefndu brjóstagjöf í því

sambandi. Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins nota yfir 90% mæðra meira en rétt sinn og hinn sameiginlega rétt (þ.e. af sameiginlegum mánuðum hjónanna) (Ingólfur V. Gíslason, 2003). Ein móðirin sem ekki er sátt við lögin hafði þetta að segja:

> Ég meina það er alltaf talað um að hafa okkur, hafa börnin sem lengst á brjósti og ég veit ekki hvað og hvað og samt á að fá jafnrétti í það að þeir eiga að vera meira heima með börnunum sínum heldur en við.

Mæðurnar eru aðal umönnunaraðilar í öllum tilvikum nema einu. Þær eru „verkstjórarnir" sem leggja línurnar. Í sumum tilvikum úthluta þær verkum til pabbanna, verkum sem þær síður vilja sinna en geta afsalað sér í krafti aðal umönnunarábyrgðar. Hin kynbundu foreldrahlutverk birtast einnig í því að flestir feðurnir líta á sig sem fyrirvinnur og helmingur þeirra setur ekki spurningamerki við það hlutverk. Það þýðir þó ekki að konurnar séu ekki metnaðarfullar því allar lýsa þær metnaði í starfi. Þær virðast hins vegar geta verið með sterkt vinnusjálf þó þær kjósi að setja umönnun barnanna í fyrsta sæti og að þessu leyti mega íslenskir karlar sannarlega taka konur sér til fyrirmyndar. Það er líka athyglisvert að jafnvel þótt íslensku foreldrarnir hafi margir hverjir hugmyndir um eðlislæg og náttúruleg hlutverk kynjanna þá virðast samskipti makanna öðrum þræði einkennast af samkeppni og togstreitu (sjá einnig Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004). Loks verður að nefna að íslenski hversdagsleikinn einkennist gjarna af tímaskorti og líkamlegri þreytu; pörin eiga að jafnaði mörg börn, vinnutíminn er langur og framfærslubyrði drjúg.

Möguleikar og hindranir

Á Íslandi og í Noregi markvissri stýringu verið beitt, þ.e. handaflsaðgerðum, til að virkja karla til þátttöku í umönnun barna sinna. Auk hinna sérstöku feðrakvóta, er hluti kerfisins sveigjanlegur. Reynslan sýnir að sveigjanlegt kerfi sem felst í að foreldrar semji sín á milli í frjálsum óþvinguðum samningum um hvort þeirra nýtir réttinn til fæðingarorlofs, er ekki líklegt til að hrinda af stað breytingum. Ástæðan er sú að til þess eru of margir þættir sem toga í gangstæða átt: Ótalmörg lög af hefðum, gildum og siðvenjum, aldagamlar hugmyndir um ólík hlutverk kynjanna og kynbundnar hugmyndir um foreldrahlutverk og fleira, sem ríghalda fólki á básum hefðarinnar. Þessir hlutir hanga saman við hlutlægari þætti eins og launamun kynja

og veikari stöðu kvenna á vinnumarkaði, fyrir utan síauknar kröfur vinnustaðanna sem verða æ gráðugri á hollustu og fórnfýsi starfsmanna sinna.

Þegar skoðað er samspil *menningar* og *kerfis* í verkefninu Menning umgjörð og umhyggja í heild sinni sést að Ísland og Noregur hafa þróað sitt kerfi eftir svipuðum hugmyndum, með markvissu átaki sem beinist að aukinni fjölskylduþátttöku feðra. Þýskaland og Spánn hafa gjörólíkt kerfi þar sem reynt er að innlima karla í altækt, formlega kynhlutlaust kerfi, sem engu að síður hvílir á langri hefð kynbundinna hlutverka. Niðurstöður verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja sýna að Þýskaland og Spánn búa við kyrrstöðu og kerfi þeirra skortir það innra hreyfiafl sem þarf til breytinga (Sjá Þorgerður Einarsdóttir 2004).

En þrátt fyrir margvísleg líkindi með Íslandi og Noregi hafa kerfin verið þróuð með afar mismunandi hraða og þau hvíla í ólíku hugmyndaumhverfi. Noregur innleiddi pabbamánuð 1993, og eftir margar rannsóknir og aðlögunartíma sem staðið hefur yfir í meira en áratug, eru nú eru uppi raddir um að réttinn skuli lengja í tvo mánuði. Hefðbundar hugmyndir um kynjahlutverk, þ.e. fyrirvinnuhlutverk karla og umönnunarábyrgð kvenna, er löngu tekin að rakna í Noregi, ekki síst vegna pabbamánaðarins sem almenn sátt er um. Ráðandi hugmyndir gera ráð fyrir að kynin séu *lík* fremur en *ólík*, og hið 'normaliserða' viðmið kveður á um jöfn hlutverk kynja.

Ísland hins vegar fer aðra leið en öll önnur lönd í heiminum. Réttur karla var nánast á núllpunkti árið 1998 en þá höfðu stjórnvöld verið mjög treg í taumi þrátt fyrir Hæstiréttardóm (dómur 208/1997 kveðinn upp 5/2 1998) og a.m.k. þrjá úrskurði kærunefndar jafnréttismála (nr. 7/1999, 9/1999 og 10/1999) og um að það væru brot á landslögum og stjórnarskrá að meina körlum að taka orlof. Þegar íslensk stjórnvöld rönkuðu við sér gerðu þau það hressilega og byltu kerfinu frá 0 og upp í 3 pabbamánuði sem er einsdæmi í heiminum. Andstætt Noregi viðrast hugmyndir um kynjahlutverk í talsvert fastari skorðum hérlendis. Ráðandi hugmyndir gera ráð fyrir að kynin séu *ólík* í eðli sínu, hið „normaliserða" viðmið kveður á um ólík og náttúrugerð hlutverk kynja. Þetta hefur skapað spennu milli hugmyndaheims fólks og þeirrar jöfnu foreldraábyrgðar sem löggjafinn ætlast til. Það er því augljóst að mikil vinna er framundan svo hin róttæku íslensku lög megi ná tilgangi sínum.

Ljóst er að margir aðilar þurfi að koma að því verki. Í fyrsta lagi ríkisvaldið sem þarf að auka eftirfylgni eins og Norðmenn hafa gert, m.a. með víðtækum rannsóknum. Nauðsynlegt er að skýra markmið laganna og skapa um þau breiðari sátt. Þá þarf að tryggja fé í Fæðingarorlofssjóð. Útstreymi úr sjóðnum á ekki að koma á óvart því forsendur voru þekktar,

þ.e. árlegur fjöldi fæðinga og launastig íslenskra karla. Ef fé verður ekki tryggt í sjóðinn vakna grunsemdir um að lögin hafi átt að vera upp á punt.

Í öðru lagi þurfa aðilar vinnumarkaðarins að koma að verkinu og vinna að viðhorfsbreytingu og vitundarvakningu. Koma þarf á víðtækri fræðslu til stjórnenda og atvinnurekenda, m.a. í því skyni að leiða þeim fyrir sjónir ávinninginn af lögunum. Færa má rök fyrir því að ávinningur fyrirtækjanna verði betri og markvissari starfsemi og betri starfskraftur, eins og fram kom í tilvitnunum í yfirmenn hér að framan.

Þá þarf að fara fram umræða og vitundarvakning meðal karla – og kvenna. Mikilvægt er að leitast verði við að losa um *ábyrgðarkvöð* kvenna og *vinnukvöð* karla, svo notuð séu hugtök frá Sigrúnu Júlíusdóttur (1997). Brýna þarf fyrir fólki að vinnan getur beðið en ekki börnin. Við Íslendingar eigum afar djarfa og framsækna fæðingarorlofslöggjöf. Í raun má segja að lögin frá 2000, með sértækum aðgerðum í þágu karla með sérstökum kvóta til fæðingarorlofs, séu stærsta handaflsaðgerð Íslandssögunnar í jafnréttismálum. Við þurfum öll að taka höndum saman svo hún megi ná tilgangi sínum.

Heimildir

Brandth, B., og Kvande, E. (2003). *Fleksible fedre. Maskulinitet, arbeid, velferdsstat*. Oslo: Universitetsforlaget.

Cameron, D. (2001). *Working with spoken discourse*. London: Sage Publications.

Carabine, J. (2001). „Unmarried motherhood 1830-1990: A genealogical analysis" í M. Wetherell, S. Taylor, og S. J. Yates (Ritstj.), *Discourse as data: A guide for analysis* (bls. 267-310). London: The Open University.

Denzin, N. (1970). Strategies of multiple triangulation. Í N. Denzin (Ritstj.), *The research act in sociology. A theoretical introduction to sociological method* (bls. 297-313). New York: McGraw-Hill.

Engan, E., Brandth, B. og Kvande, E. (2003). „*Culture, Custom and Caring – men's and women's possibilities to parental leave. Report 1. Statistical information"*. Óútgefin vinnuritgerð vegna verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja: Möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs (e. *Culture, custom and caring: Men's and women's possibilities to parental leave*).

Flam, H. (1993). Fear, loyalty and greedy organizations. Í S. Fineman (Ritstj.), *Emotions in organizations* (bls. 58-75). London: Sage Publications.

Foucault, M. (1978). „Politics and the Study of Discourse". Í *Ideology and Consciousness 3* 1978 (bls. 7–26).

Gyða Margrét Pétursdóttir (2004). *„Ég er tilbúin að gefa svo mikið". Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getu og hlutverk.* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Hochschild, A. R. (2001). *The time bind: When work becomes home and home becomes work.* New York: 2nd Owl Books.

Ingólfur V. Gíslason (2003). *Meginhreyfingarnar þrjár.* Óútgefin vinnuritgerð vegna verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja: Möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs (e. *Culture, custom and caring: Men's and women's possibilities to parental leave*).

Jónína Bjartmarz (2003). „Jafnrétti er réttlæti". *Morgunblaðið* 9/5 2003, miðopna.

Lohkamp-Himmighofen, M. og Dienel, C. (2000). Reconciliation policies from a comparative perspective. Í L. Hantrais (Ritstj.), *Gendered Policies in Europe. Reconciling Employment and Family Life* (bls. 49-67). London: Macmillan Press.

Lismoen, H. (2003, 22. ágúst). Government calls for 'father-friendly' changes to parental leave regulations. Sótt 23. janúar 2004 af http://www.eiro.eurofound.eu.int/2003/08/Feature/NO0308103F.html

Sennett, R. (1998). *The corrosion of character. The personal consequences of work in the new capitalism.* New York: Norton.

Sigrún Júlíusdóttir (1997) „Fjölskyldulíf: Tryggðabönd, kvaðir og réttlæti. Erindi um fjölskyldudyg(g)ðir og hlutverk fjölskyldustefnu" í Jón Á Kalmansson, Magnús D. Baldursson, og Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan og réttlætið: Ráðstefnurit* (bls. 171-191). Reykjavík: Háskóli Íslands Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Silverman, D. (1997). Introducing qualitative research. Í D. Silverman (Ritstj.), *Qualitative Research Theory. Method and Practice* (bls. 1-7). London: Sage Publications.

Stefán Ólafsson (2003). „Welfare trends of the 1990s in Iceland". Í *Scand J Public Health* 2003: 31:401-404.

Willig, C. (2001). *Introducing qualitative research in psychology. Adventures in theory and method.* Buckingham: Open University Press.

Þorgerður Einarsdóttir (1998). *Í gegnum súrt og sætt: Um íslenska karla í fæðingarorlofi.* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar.

Þorgerður Einarsdóttir (2002). „Who rules in the core of the family?" Í R. Liljeström, og E. Özdalga (Ritstýrur), *Autonomy and dependence in the family: Turkey and Sweden in a critical perspective* (bls. 197-216). Istanbul: Swedish Research Institute in Istanbul.

Þorgerður Einarsdóttir, í samvinnu við Gyðu Margréti Pétursdóttur (2004). *Culture, custom and caring: Men's and women's possibilities to parental leave.*

Akureyri: Centre for Gender Equality og Centre for Women's and Gender Studies

Leiðin að heiman... Forspárgildi viðhorfa unglinga fyrir búsetuþróun á Íslandi

Þóroddur Bjarnason

Efnahagslegar umbreytingar á 20. öld lögðu grunninn að mikilli mannfjölgun og þéttbýlisvæðingu á Íslandi (Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason 1994; Stefán Hrafn Jónsson 2004; Stefán Ólafsson 1997). Á tímabilinu 1910–2002 fjölgaði Íslendingum úr um það bil 85 þúsundum í um 288 þúsund (Hagstofa Íslands, 2003). Á þessu tímabili tólffaldaðist íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins, úr um 15 þúsundum í um 180 þúsundir. Á sama tímabili fjölgaði fólki utan höfuðborgarsvæðisins aðeins um helming – úr 70 þúsundum í 108 þúsundir. Af þessum sökum hækkaði hlutfall höfuðborgarbúa af heildarmannfjölda úr 17,6% árið 1910 í 62,4% árið 2002 (Hagstofa Íslands, 2003).

Gróska í sjávarútvegi var helsti drifkraftur búferlaflutninga á fyrri hluta 20. aldar, og uxu sjávarbyggðir umhverfis landið þá á kostnað sveitanna. Á síðari hluta aldarinnar fækkaði hins vegar störfum við bæði landbúnað og sjávarútveg vegna framleiðslutakmarkana og tæknivæðingar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir 2004; Stefán Ólafsson 1997). Tilfærslur á framleiðslukvótum kipptu einnig helstu stoðunum undan sumum byggðarlögum og leiddu til atvinnuleysis, lækkandi fasteignaverðs og almennrar svartsýni meðal íbúa þeirra (Einar Eyþórsson 1996; Gísli Pálsson og Agnar Helgason 1995; Unnur Dís Skaptadóttir 2000). Slíkir þættir stuðluðu að stórfelldum fólksflótta frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á síðustu árutugum tuttugustu aldar, og er enn ekki séð fyrir endann á þeim þjóðflutningum.

Ýmsar þjónustugreinar hafa gegnt sívaxandi hlutverki í íslensku hagkerfi á undanförnum áratugum og hafa þær einnig stuðlað að búferlaflutningum til höfuðborgarsvæðisins með margvíslegum hætti. Sem miðstöð viðskipta, opinberrar þjónustu og menningar á Íslandi býður Reykjavík upp á fjölbreytt atvinnutækifæri sem draga að fólk úr öllum landshlutum. Jafnframt býður höfuðborgin upp á fjölbreytt tækifæri til mennta, menningar og afþreyingar af ýmsu tagi, að ógleymdri þjónustu á sviði heilbrigðismála, stjórnsýslu og

viðskipta svo eitthvað sé nefnt (Ingi Rúnar Eðvarðsson 2004; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir 2004; Stefán Ólafsson 1997). Nærliggjandi bæjarfélög hafa notið góðs af þessu segulmagni höfuðborgarinnar og hafa þau vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum sem úthverfi Reykjavíkur.

Þeirri þróun sem orðið hefur á búsetu Íslendinga svipar mjög til búsetuþróunar annarra norðlægra landa. Flest strjálbýl samfélög í norðanverðri Evrópu og Norður-Ameríku hafa orðið fyrir þungum búsifjum vegna fólksflótta á síðustu áratugum (Hamilton og Otterstad 1998). Ungt fólk er líklegra til að flytjast búferlum en þeir sem eldri eru, og konur eru líklegri en karlar til að flytja úr strjálbýli í þéttbýli. Af þeim sökum einkennast strjálbýl byggðarlög á Vesturlöndum af háu hlutfalli karla eldri en 45 ára (Haase, 1999).

Búsetuáætlanir og búsetuþróun

Búsetuáætlanir einstaklinga hafa þokkalegt forspárgildi fyrir búferlaflutninga þeirra á næstu árum (Card 1982; De Jong 2000; Simmons 1986; Sandu og De Jong 1996). Sambandið milli fyrirætlana og búferlaflutninga er þó ekki einfalt (Gardner o.fl. 1986; Glendinning o.fl. 2003; Myklebust, 1993) og margvíslegir þættir geta haft áhrif á það hvort fyrirætlanir tiltekinna einstaklinga rætast (Card 1982; De Jong 2000; Gardner o.fl. 1986). Leiða má að því líkum að hlutfall íbúa sem ætla að flytjast búferlum geti spáð fyrir um búsetuþróun byggðarlagsins, óháð því hvort einstakir íbúar standi við slíkar fyrirætlanir. Þannig mætti líta á heildarfjölda þeirra sem ætla að flytjast búferlum sem mælikvarða á festu eða los í byggðarlaginu.

Rannsóknir benda til þess að u.þ.b tveir af hverjum þremur unglingum í strjálbýli norðlægra landa ætli að að flytja úr heimabyggð sinni. Að þessu leyti er lítill munur á viðhorfum unglinga í íslenskum sjávarbyggðum (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson 1994) og strjálbýli Alaska (Seyfrit og Hamilton 1993), Nýfundnalands (Hamilton og Seyfrit 1994), Noregs (Heggen 1993) eða Hjaltlands- og Orkneyja (Seyfrit og Hamilton 1992).

Svipaðir þættir spá fyrir um búsetuáætlanir unglinga á norðlægum slóðum og búsetuflutninga meðal þeirra sem eldri eru. Þannig eru menntunar- og starfsáform ein helsta orsök þess að unglingar ætla sér að flytja úr strjálbýli í þéttbýli (Hamilton og Seyfrit 1994; Heggen 1993; Myklebust 1993; Seyfrit o.fl. 1998). Félagsleg tengsl hafa einnig talsvert að segja. Unglingar sem eiga sterk félagsleg tengsl í heimabyggð sinni eru ólíklegri til að ætla að flytjast búferlum (Glendinning o.fl. 2003; Hamilton og Seyfrit 1994; Rudkin o.fl.

1994). Þá nefna unglingar í mörgum löndum að strjálbýlið bjóði upp á takmarkaða möguleika til afþreyingar og felli þunga áfellisdóma yfir þeim sem þykja brjóta gegn hefðbundnum viðmiðum samfélagsins (Glendinning o.fl. 2003).

Fleiri stúlkur en piltar áforma að flytja úr strjálbýli í þéttbýli, og þær eru einnig líklegri til þess að standa við slík áform (Dahlström 1996; Glendinning o.fl. 2003; Hamilton og Seyfrit 1994; King og Shuttleworth 1995; Stefán Hrafn Jónsson, 2004; Stockdale 2002). Þessi kynjamunur skýrist af ýmsum þáttum. Vinnumarkaður í stjálbýli er yfirleitt mjög kynskiptur, og hefðbundin kvennastörf einkennast þar af lágum launum og lítilli virðingu (Guðbjörg Linda Rafsdóttir, 2004). Menntaáform stúlkna eru oft meiri en pilta, og þær eru líklegri til að vilja vinna við þjónustugreinar sem aðeins eru í boði í þéttbýli (Dahlström 1996; Hamilton og Seyfrit 1994; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir 2004; Unnur Dís Skaptadóttir 2000). Stúlkur hafa einnig að jafnaði minni áhuga á þeirri afþreyingu sem strjálbýli býður upp á (Dahlström 1996), og finna meira fyrir félagslegum höftum slíkra samfélaga (Dahlström 1996; Stockdale 2002).

Hér verður sjónum beint að þróun búsetu á Íslandi á tímabilinu 1991–2001. Viðhorf íslenskra unglinga til framtíðarbúsetu við upphaf þessa tímabils eru notuð sem mælikvarði á los árganga í einstökum byggðarlögum, og forspárgildi þeirra fyrir búsetuþróun byggðarlaga metin.

Aðferð og gögn

Þessi rannsókn byggist á tvenns konar gögnum. Annars vegar voru upplýsingar um viðhorf og búsetuáform unglinga fengnar úr gögnum rannsóknarinnar *Ungt fólk 1992* sem fram fór í mars 1992 (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993). Spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekk. Gild svör fengust frá 7.018 einstaklingum, eða 86,8% allra þeirra sem fæddir voru árin 1976 og 1977. Meðaltal viðhorfa og fyrirætlana um búferlaflutninga var fundið fyrir hvern skóla og þær upplýsingar notaðar til frekari úrvinnslu. Í byggðarlögum þar sem fleiri en einn skóla er að finna voru niðurstöður skólanna sameinaðar í eina tölu.

Hins vegar voru upplýsingar um búsetu þessara tveggja árganga fengnar úr gögnum Hagstofu Íslands (2003). Fjöldi einstaklinga sem fæddir voru árin 1976 og 1977 var skráður eftir sveitarfélögum árin 1991, 1996 og 2001. Þar sem tiltekinn skóli þjónaði fleiri en einu byggðarlagi, voru þau byggðarlög sameinuð í eina tölu.

Niðurstöður

Í töflu 1 má sjá breytingar á búsetu eftir tegund byggðarlaga á tímabilinu 1991–2001. Þar sem skilin á milli tegunda byggðarlaga eru nokkuð óljós er hér byggt á skilgreiningum nemenda. Byggðarlög þar sem meirihluti nemenda kveðst búa í sjávarþorpi eru þannig til dæmis skilgreind sem sjávarbyggð.

Eins og sjá má í töflu 1 fjölgaði þjóðinni um 10,3% á þessu tímabili. Einnig fjölgaði þeim sem fæddir voru 1976 og 1977 um 3,2%, eflaust vegna aðflutnings umfram brottflutning. Mannfjöldi óx um 19,1% á höfuðborgarsvæðinu og um 7,3% í öðru þéttbýli frá 1991–2001. Fólki fækkaði hins vegar um 8,7% í sjávarbyggðum og um 6,2% í sveitum landsins á sama tímabili.

Árgangar fæddir 1976 og 1977 voru 13–15 ára árið 1991, 18–20 ára árið 1996 og 23–25 ára árið 2001. Breytingar á búsetu þessara árganga voru talsvert meiri og nokkuð öðruvísi en búsetubreytingar þjóðarinnar í heild. Þannig fjölgaði um 26,7% í þessum árgöngum á höfuðborgarsvæðinu, en fækkaði í öllum öðrum tegundum byggðarlaga. Fólki sem fætt var þessi ár fækkaði um 14,1% í öðru þéttbýli, um 30,9% í sjávarbyggðum og um 34,9% í sveitum.

Tafla 1. Breytingar á búsetu eftir tegund byggðarlaga, 1991, 1995 og 2001

	1991	1996	2001	91-96	hlutf.[1)]	96-01	hlutf. [1)]	91-01	hlutf. [1)]
Árgangar fæddir 1976 og 1977									
Höfuðborgarsvæði	4.385	4.675	5.557	290	6,6	882	20,1	1.172	26,7
Sjávarbyggð	1.524	1.449	1.053	-75	-4,9	-396	-26,0	-471	-30,9
Annað þéttbýli	1.479	1.366	1.271	-113	-7,6	-95	-6,4	-208	-14,1
Sveit	676	639	440	-37	-5,5	-199	-29,4	-236	-34,9
Alls	8.064	8.129	8.321	65	0,8	192	2,4	257	3,2
Allir árgangar									
Höfuðborgarsvæði	150.562	162.417	179.237	11.855	7,9	16.820	11,2	28.675	19,1
Sjávarbyggð	44.874	43.095	40.956	-1.779	-4,0	-2.139	-4,8	-3.918	-8,7
Annað þéttbýli	43.809	44.535	47.014	726	1,7	2.479	5,7	3.205	7,3
Sveit	20.336	19.688	19.068	-648	-3,2	-620	-3,1	-1.268	-6,2
Alls	259.581	269.735	286.275	10.154	3,9	16.540	6,1	26.694	10,3

1) Hlutfall af mannfjölda í hverri tegund byggðarlaga árið 1991

Í töflu 2 má sjá hversu vel búsetuáform unglinganna árið 1992 spáðu fyrir um þessa þróun á landsvísu. Í dálki A má sjá búsetu árganga 1976 og 1977 þann 1. desember 1991, og í dálki B búsetuáform árganganna í mars 1992. Í dálki C kemur fram búseta þeirra 1. desember 1996 og í dálki D er munur áforma ársins 1992 og búsetu ársins 1996 gefinn í prósentum. Með sama hætti er búseta þessara tveggja árganga 1. desember 2001 sýnd í dálki E og munur áforma og búsetu í dálki F.

Tafla 2. Búsetuáform árganga í 9. og 10. bekk vorið 1991 og búseta þeirra árin 1995 og 2001, eftir tegund byggðarlaga

	(A) Búseta árið 1991[1)]	(B) Búsetuáform árið 1992[2)]	(C) Búseta árið 1996	(D) Munur C-B[3)]	(E) Búseta árið 2001	(F) Munur E-B[2)]
Höfuðborgarsvæði	4.385	4.383	4.675	3,6	5.557	14,6
Sjávarbyggð	1.524	899	1.449	6,8	1.053	1,9
Annað þéttbýli	1.479	1.471	1.366	-1,3	1.271	-2,5
Sveit	676	398	639	3,0	440	0,5
Útlönd	---	913	-65	-12,1	-257	-14,5
Fjöldi	8.064	8.064	8.129	0,8	8.321	3,2

1) Búseta 1. desember 1991 skv. Hagstofu Íslands (2003).
2) Búsetuáform í mars 1992 skv. niðurstöðum rannsóknarinnar Ungt fólk 1992. Svör 6,657 svarenda eru vegin til að áætla áform allra 8,064 Íslendinga í árgöngum 1976 og 1977 árið 1991.
3) Munur sem hlutfall af heildarfjölda í árgöngum 1976 og 1977 árið 1991.

Eins og sjá má í töflu 2 hefði stærð þessara árganga staðið nánast í stað á höfuðborgarsvæðinu ef áætlanir unglinganna hefðu gengið eftir. Árið 1992 ætluðu margir unglingar á landsbyggðinni að flytja til höfuðborgarsvæðisins, en þeir unglingar á höfuðborgarsvæðinu sem ætluðu að flytjast búferlum horfðu nær eingöngu til annarra landa. Fyrir vikið hefði fjöldi í þessum árgöngum aðeins breyst um tvo einstaklinga, úr 4.385 í 4.383, ef áætlanirnar hefðu gengið eftir. Þess í stað fjölgaði fólki í þessum árgöngum í 4.675 árið 1996 og í 5.557 árið 2001. Á tíunda ári frá því rannsóknin Ungt fólk 1992 var lögð fyrir, voru því 14,6% fleiri á höfuðborgarsvæðinu en höfðu ætlað sér að vera þar.

Í sjávarbyggðum hefði fólki sem fætt var þessi tvö ár fækkað úr 1.524 í 899 ef allar fyrirætlanir hefðu gengið eftir. Árið 1996 var þessi hópur 1.449 manns, eða 6,8% stærri en áætlað hafði verið. Árið 2001 var hópurinn hins vegar kominn niður í 1.053, eða aðeins 1,9% fleiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Því virðist sem viðhorf unglinganna spái æ betur fyrir um búsetuþróun þessara árganga eftir því sem tíminn líður. Sömu sögu er að segja um sveitir. Í desember 1991 bjuggu 676 unglingar á þessum aldri í sveitum, en aðeins 398 þeirra ætluðu að búa þar áfram samkvæmt könnuninni nokkrum mánuðum síðar. Tíu árum síðar bjuggu 440 manns á þessum aldri í sveitum landsins, og skakkar þar aðeins hálfu prósenti frá áætlun.

Líkt og með höfuðborgarsvæðið gerði áætlun ráð fyrir því að fjöldi í öðru þéttbýli breyttist aðeins um átta manns. Þetta stafaði aðallega af því að unglingar sem ætluðu að flytja úr sveit í annað þéttbýli voru nánast jafnmargir þeim sem ætluðu að flytja úr öðru þéttbýli til höfuðborgarsvæðisins. Þessar áætlanir virðast ekki hafa gengið fyllilega eftir, og því hafði fólki í þessum árgöngum fækkað um 2,5% umfram áætlun árið 2001.

Í töflu 3 er sýnd niðurstaða aðhvarfsgreiningar á fjölda íbúa sem fæddir eru árin 1976 og 1977 í hverju byggðarlagi. Í fyrsta hluta töflunnar er eining greiningarinnar fjöldi pilta og stúlkna í þessum árgöngum í hverju byggðarlagi, en í öðrum hluta fjöldi pilta og í þriðja hluta fjöldi stúlkna í hverju byggðarlagi.

Tafla 3. Aðhvarfsgreining á fjölda íbúa sem fæddir eru árin 1976 og 1977 í einstökum byggðarlögum árin 1996 og 2001 (staðlaðar hallatölur)

	(A) Landið 1996	(B) Utan hbs. 1996	(C) Landið 2001	(D) Utan hbs. 2001
Piltar og stúlkur				
Stærð byggðarlags árið 1991 (ln)	,98***	,98***	,91***	,91***
Hlutf. sem telur byggðarlag til höfuðborgarsvæðis[1)]	---	---	---	---
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sjávarbyggð	-,02	,04	-,11**	-,02
Hlutf. sem telur byggðarlag vera annað þéttbýli[2)]	-,04*	---	-,08**	---
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sveit	-,02	,03	-,12**	-,06
Hlutfall stúlkna árið 1991	,00	,01	-,08***	-,10**
Hlutfall sem bjóst við að flytja á brott árið 1992	-,05**	-,07**	-,09***	-,11**
Frelsisgráður (df)	**60**	**54**	**60**	**54**
Adj. R^2	**,99**	**,98**	**,97**	**,94**

- framhald -

Tafla 3. - framhald

	(A) Landið 1996	(B) Utan hbs. 1996	(C) Landið 2001	(D) Utan hbs. 2001
Aðeins piltar				
Stærð byggðarlags árið 1991 (ln)	,97***	,97***	,91***	,91***
Hlutf. sem telur byggðarlag til höfuðborgarsvæðis[1)]	---	---	---	---
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sjávarbyggð	-,04	,01	-,10*	,00
Hlutf. sem telur byggðarlag vera annað þéttbýli[2)]	-,03	---	-,08*	---
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sveit	-,11*	,02	-,11*	-,03
Hlutfall stúlkna árið 1991	-,05	-,05*	-,04	-,04
Hlutfall sem bjóst við að flytja á brott árið 1992	-,08**	-,10**	-,09**	-,12**
Frelsisgráður (df)	**60**	**54**	**60**	**54**
Adj. R^2	**,96**	**,94**	**,95**	**,92**
Aðeins stúlkur				
Stærð byggðarlags árið 1991 (ln)	,98***	,96***	,89***	,89***
Hlutf. sem telur byggðarlag til höfuðborgarsvæðis[1)]				
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sjávarbyggð	-,03	,03	-,14**	-,05
Hlutf. sem telur byggðarlag vera annað þéttbýli[2)]	-,05	---	-,08*	---
Hlutf. sem telur byggðarlag vera sveit	-,04	-,00	-,14**	-,09
Hlutfall stúlkna árið 1991	-,03	-,04	-,14***	-,14***
Hlutfall sem bjóst við að flytja á brott árið 1992	-,01	-,02	-,07*	-,10***
Frelsisgráður (df)	**60**	**54**	**60**	**60**
Adj. R2	**,97**	**,95**	**,97**	**,92**

1) Samanburðarhópur í líkönum (A) og (C).
2) Samanburðarhópur í líkönum (B) og (D).

Stærð byggðarlaganna árið 1991 skýrir stærð þeirra árin 1996 og 2001 að langmestu leyti, og kemur það ekki á óvart. Stærri byggðarlög halda með öðrum orðum áfram að vera stærri, auk þess sem þau stækka á kostnað hinna minni. Að teknu tilliti til þessara stærðarþátta, fækkar fólki meira en búast hefði mátt við í öðru þéttbýli, sjávarbyggðum, og í sveitum (dálkur C). Ekki

er munur á því hversu mikið fólki fækkar milli þessara þriggja tegunda byggðarlaga (dálkur D).

Í töflu 3 má einnig sjá að fólki fækkar meira í þeim byggðarlögum þar sem hlutfall stúlkna er hærra. Þegar fjöldi pilta og fjöldi stúlkna er greindur hvor í sínu lagi kemur í ljós að hlutfall stúlkna hefur engin áhrif á búsetuþróun meðal pilta. Hins vegar fækkar stúlkum meira í byggðarlögum þar sem hlutfall þeirra var hærra árið 1991.

Loks má sjá í töflu 3 áhrif af hlutfalli þeirra sem bjuggust við því að flytja árið 1992 á búsetuþróun fram til ársins 2001. Búsetuáætlanir pilta höfðu þegar árið 1996 marktæk áhrif á fjölda þeirra í byggðarlögum, og styrktust þau áhrif eilítið árið 2001. Meðal stúlkna komu marktæk áhrif búsetuáætlana ársins 1992 hins vegar ekki fram fyrr en árið 2001.

Umræða

Áform um framtíðarbúsetu mótast í margþættu samspili við fjölskyldu og vini, nágranna, félagslegar stofnanir og menningarstrauma af ýmsu tagi. Börn í strjálbýli velta slíkum áformum fyrir sér frá unga aldri (Matthews o.fl. 2002), og glíman um framtíðarbúsetu verður oft snar þáttur í lífi strjálbýlisunglinga (Glendinning et al., 2003). Margvísleg efnahagsleg, félagsleg og menningarleg tækifæri bjóðast í þéttbýlinu, en við búferlaflutninga rofna einnig tengsl við fjölskyldu og vini í heimabyggðinni (Dahlström 1996; Gabriel 2002; Glendinning o.fl. 2003; Rudkin o.fl. 1994). Mörgum unglingum finnst þeim renna blóðið til skyldunnar að vera um kyrrt, en það getur haft alvarlegar félagslegar og sálrænar afleiðingar að að sitja eftir þegar jafnaldrarnir flytja úr byggðarlaginu í stórum stíl (Ní Laoire 2001). Búsetuáform unglinga eru því mikilvægt rannsóknarefni sem tengist líðan þeirra og framtíðarmöguleikum með margvíslegum hætti.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að búsetuáform unglinga geta einnig skipt máli við mótun byggðastefnu og styrkingu einstakra byggðarlaga. Þótt unglingar séu ekki reiðubúnir til að taka ákvarðanir um framtíð sína og margvíslegar efnahagslegar og félagslegar breytingar geti orðið á tíu ára tímabili, spá áform þeirra þokkalega vel fyrir um framtíðarbúsetu þeirra. Mikil fækkun ungs fólks í sveitum og sjávarbyggðum á tímabilinu 1991–2001 samsvarar áformum þeirra árið 1992 með talsverðri nákvæmni. Færri bjuggu þó í öðru þéttbýli eða í útlöndum en ætlað höfðu og fyrir vikið fjölgaði ungu fólki meira á höfuðborgarsvæðinu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þegar litið er til einstakra byggðarlaga kemur í ljós að hlutfall unglinga sem ætlar að flytja

spáir fyrir um byggðaþróun á næsta áratug, jafnvel þótt tekið sé tillit til stærðar og tegundar byggðarlagsins.

Heimildir

Card, Josaphine J. (1982). The correspondence between migration intentions and migration behavior: Data from the 1970 cohort of Filipino graduate students in the United States. *Population and Environment*, *5*, 3–25.

De Jong, Gordon F. (2000). Expectations, gender, and norms in migration decision-making. *Population Studies*, *54,* 307-319.

Einar Eyþórsson. (1996). Coastal communities and ITQ management: The case of Icelandic fisheries. *Sociologia Ruralis*, *36*, 212 – 223.

Gardner, Robert W., Gordon F. De Jong, Fred Arnold og Benjamin V. Carino. (1986). The best laid schemes: An analysis of discrepancies between migration intentions and behavior. *Population and Environment*, *8*, 63–77.

Gísli Pálsson og Agnar Helgason. (1995). Figuring fish and measuring men: The individual transferable quota system in the Icelandic cod fishery" *Ocean and Coastal Management, 28*, 1–3.

Glendinning, Anthony, Mark Nuttall, Leo Hendry, Marion Kloep og Sheila Wood. (2003). Rural communities and well-being: A good place to grow up? *Sociological Review*, *51*, 129–156.

Guðbjörg L. Rafnsdóttir. (2004). Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Haase, Trutz. 1999. Affluence and deprivation: a spatial analysis based on the 1991 Census of Population. In D. Pringle, J. Walsh and M. Hennessy (eds.), *Poor People, Poor Places: a Geography of Poverty and Deprivation in Ireland.* Dublin: Oak Tree Press.

Hagstofa Íslands. (2003). *Iceland in Figures.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hamilton, Lawrence C. og Carole L. Seyfrit. (1994). Resources and hope in Newfoundland. *Society and Natural Resources*, *7,* 561–578.

Hamilton, Lawrence C. og Oddmund Otterstad. (1998). Sex ratio and community size: Notes from the Northern Atlantic. *Population and Environment*, *20*, 11–22.

Heggen, Kaare. (1993). Kvalifisering og lokal kontekst. Í Kaare Heggen, Jon O. Myklebust og Tormod Oia (ritstj.), *Ungdom i Lokalmiljoe*, Oslo: Samlaget.

Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. 1994. Establishing a discipline: The impact of society on the development of Icelandic society. *Acta Sociologica 37*, 303–312

Ingi R. Eðvarðsson. (2004). Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Matthews, Hugh, Mark Taylor, Kenneth Sherwood, Faith Tucker og Melanie Limb. Growing-up in the countryside: Children and the rural idyll. (2000). *Journal of Rural Studies*, 141–153.

Myklebust, Jon O. (1993). Det foerste aaretaket bort fra oeya. Í Kaare Heggen, Jon O. Myklebust og Tormod Oia (ritstj.), *Ungdom i Lokalmiljoe*, Oslo: Samlaget.

Ní Laoire, Caitríona. (2001). A matter of life and death? Men, masculinity and staying 'behind' in rural Ireland. *Sociologia Ruralis*, 220–236.

Rudkin, Laura, Glen H. Elder, Jr. og Rand Conger. (1994). Influences on the migration intentions of rural adolescents. *Sociological Studies of Children*, *6*, 87–106.

Sandu, Dumitru og Gordon F. De Jong. (1996). Migration in market and democracy transition: migration intentions and behavior in Romania. *Population Research and Policy Review*, *15*, 437–457.

Seyfrit, Carole L. og Lawrence C. Hamilton. (1992). Who will leave? Oil, migration and Scottish island youth. *Society and Natural Resources*, *5*, 263–276.

Seyfrit, Carole L. og Lawrence C. Hamilton. (1993). Town-village contrasts in Alaskan youth aspirations. *Arctic*, *93*, 255–263.

Simmons, Alan B. (1986). Recent studies on place utility and intention to migrate: an international comparison. *Population and Environment*, 8, 120–140.

Stefán H. Jónsson. (2004). Lýðfræði Íslands. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun.

Stockdale, Aileen. (2002). Out-migration from rural Scotland: the importance of family and social networks. *Sociologia Ruralis*, *42*, 41–64.

Unnur D. Skaptadóttir. (2000). *Coping with a Changing Economy in Northern Localities: An Icelandic Case Study*. Smárit nr. 5/2000. Klakksvík: Center for Lokal and Regional Development.

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (1993). *Tómstundir íslenskra ungmenna vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (1994). Some determinants of the future plans of youth in Icelandic fishing villages. Ritgerð lögð fram á 4th *Nordic Youth Symposium,* Hasseludden, Svíþjóð, 2.– 4. júní 1994.

Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir

Freydís J. Freysteinsdóttir

Misbrestur í uppeldi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn. Því er mikilvægt að skoða áhættuþætti misbrests í uppeldi barna og ekki síst þætti sem tengjast endurteknum misbresti í uppeldinu. Afleiðingarnar geta komið fram sem innhverf vandkvæði, s.s. kvíði og óyndi, og sem úthverf vandkvæði, s.s. hegðunarerfiðleikar (Markward, 1997; Saunders, 1994). Algengara er að innhverf vandkvæði komi fram hjá stúlkum og að úthverf vandkvæði komi fram hjá drengjum (Jouriles og Norwood, 1995). Þegar einkenni eru langvarandi og koma oft fram geta þau leitt til greiningar á geðrænum vandkvæðum, t.d. þunglyndis og mótstöðuþrjóskuröskun (American Psychatric Association, 1994). Misbrestur í uppeldi barna getur einnig komið fram í námsörðugleikum og félagslegum erfiðleikum (Miller-Perrin og Perrin, 1999).

En hvað felur misbrestur í uppeldi í sér? Misbresti í uppeldi getur falist í ofbeldi eða vanrækslu. Ofbeldi getur verið líkamlegt, kynferðislegt eða sálrænt/tilfinningalegt. Vanræksla getur verið líkamleg (vanrækslu á grunn-þörfum barns), vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og sálræn/tilfinningaleg vanræksla (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003). Í þessari rannsókn var megin áherslan á vanrækslu. Það er athyglisvert að á undanförnum árum hefur tilkynningum um vanrækslu fækkað hér á landi, en í þeim tilfellum sem barn er þolandi, er þó oftast tilkynnt um vanrækslu (Barnaverndarstofa, 2004).

Vistfræðilíkan Belsky's (1980) var notað sem hugtakarammi í þessari rannsókn. Segja má að vistfræðilíkan Belsky's sé yfirkenning (meta-theory) og aðrar þrengri kenningar falli innan hennar. Til dæmis einstaklingskenningar (líffræðilegar kenningar, hegðunarkenningar), samskiptakenningar (kenningar um tilfinningatengsl og um fjölskyldutengsl) og félagslegar kenningar (áhrif félagslegs stuðnings, félagslegrar einangrunar, efnahags). Einnig felur líkan Belsky's í sér menningaráhrif. Vistfræðilíkan Belsky's skiptir mismunandi áhættuþáttum í meginsvið (levels). Eins og sjá má á mynd 1 eru þeir þættir

sem tengjast einstaklingum, þ.e. móður, föður og barni/börnum á fyrsta meginsviði. Á öðru meginsviði eru þættir sem tengjast fjölskyldu. Á þriðja meginsviði eru félagslegir þættir og á fjórða meginsviði eru þættir sem tengjast menningu. Á öllum meginsviðum finnast þættir sem draga úr (verndandi þættir) eða auka líkur (áhættuþættir) á misbresti í uppeldi barna. Samkvæmt líkaninu á misbrestur í uppeldi sér stað þegar magn og umfang áhættuþátta fer umfram magn og umfang verndandi þátta. Áhættuþættir geta verið skilgreindir sem þættir sem tengjast (hafa fylgni við) misbresti í uppeldi barna (Burgess og Draper, 1989) eða sem þættir sem auka líkur á misbresti í uppeldi barna í framtíðinni (Rosenstein, 1995). Samvirkni er á milli þátta innan meginsviða og milli meginsviða. T.d. getur ungt foreldri sem hefur ekki búið við hlýlegt og styðjandi uppeldi í æsku (einstaklingsþáttur) og missir vinnuna (félagslegur þáttur) verið í aukinni hættu á að vanrækja barn sitt eða beita það ofbeldi. Hins vegar dregur úr þeirri áhættu ef foreldrið fær tilfinningalegan og efnahagslegan stuðning frá maka (fjölskylduþáttur) og ef það býr í landi þar sem líkamlegar refsingar eru ekki viðurkennd uppeldisaðferð (menningarþáttur).



Mynd 1. Vistfræðilíkan Belsky's

Áhættuþættir endurtekins misbrests í uppeldi barna

Mun færri rannsóknir virðast hafa verið gerðar á áhættuþáttum endurtekins misbrests í uppeldi barna heldur en á áhættuþættum misbrests í uppeldi barna (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004). Aukin hætta á endurtekningu hefur verið tengd fjölda þolenda (Wood, 1997), langs tímabils sem misbrestur á sér stað (English, Marshall & Brummel, 1999) og alvarleika (Browne, 1986). Auk þess hefur komið fram að börn sem verða fyrir misbresti í uppeldi á heimili sínu eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi af hálfu aðila utan fjölskyldu (Hamilton & Browne, 1999).

Foreldrar sem hafa sjálfir orðið fyrir misbresti í uppeldi í æsku eru líklegri til að vanrækja börn sín eða beita þau ofbeldi endurtekið (English o.fl., 1999; Jones, 1987; Wood, 1997). Foreldrar sem endurtekið vanrækja börn sín eða beita þau ofbeldi eru líklegri til að vera ungir (Baird's, 1988), eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða (Baird's, 1988; Hamilton & Browne, 1999; Inkelas & Halfon, 1997; Jones, 1987; Murphy o.fl., 1991), eiga við námsörðugleika að stríða og geðræn vandkvæði (Hamilton & Browne, 1999), t.d. greindarskortur foreldris og alvarlegar geðtruflanir (Jones, 1987; Murphy o.fl., 1992). Auk þess hefur komið fram að endurtekning tengist óraunhæfum væntingum mæðra til barna þeirra og lélegri foreldrahæfni (Inkelas & Halfon, 1997; Johnson & L'Esperance, 1984). Tengsl hafa fundist milli ósamvinnuþýðni móður og endurtekins misbrests í uppeldi barna (Atkinson & Butler, 1996; English o.fl., 1999), auk þess sem slíkar mæður eru líklegri til að missa forsjá barna sinna heldur en mæður sem eru samvinnuþýðar (Atkinson & Butler, 1996).

Eiginleikar barna auka líkur á að þau verði endurtekið fyrir vanrækslu eða ofbeldi. Ung börn eru í meiri hættu á að verða endurtekið fyrir vanrækslu eða ofbeldi (Fryer & Miyoshi, 1994; Fuller, Wells & Cotton, 2001; Levy o.fl., 1995). Stúlkur eru líklegri til að verða endurtekið fyrir kynferðislegu ofbeldi heldur en drengir (Fryer & Miyoshi, 1994). Veikleikar barna, t.d. þroskavandamál (DePanfilis & Zuravin, 1999b; Wood, 1997) og fjöldi vandkvæða hjá barni/börnum (Fuller o.fl., 2001) tengjast einnig aukinni hættu á endurtekningu.

Í rannsóknaryfirliti Baird's (1988) kom fram að endurtekin vanræksla var líklegri hjá einforeldrisfjölskyldum. Einnig að endurtekin vanræksla var líklegri til að koma fram hjá fjölskyldum með mörg börn. Þessar niðurstöður hafa einnig komið fram í nýrri rannsóknum varðandi fjölskyldustærð (English o.fl., 1999; Hamilton & Browne, 1999) og fjölskyldugerð (Fuller o.fl., 2001; Levy o.fl., 1995; Silverman & Avard, 1985). Jafnframt hefur

komið fram að ef börn eyða miklum tíma með foreldrum og fleiri en eitt barn eru á heimilinu aukast líkur á endurteknu líkamlegu ofbeldi barna (Johnson & L'Esperance, 1984). Lítið aldursbil milli barna hefur fylgni við endurtekningu (DePanfilis & Zuravin, 1999b). Önnur vandkvæði í fjölskyldu hafa fylgni við endurtekningu, s.s. hjónavandkvæði (Inkelas & Halfon, 1997) og ágreiningur í fjölskyldum (Browne, 1986).

Flestar fjölskyldur sem endurtekið vanrækja börn sín eða beita þau ofbeldi hefur lágar tekjur (Cicchetti & Lynch, 1993). Algengt er að þessar fjölskyldur glími við fátækt, atvinnuleysi og búi í íbúð á vegum hins opinbera (Browne, 1986; Levy o.fl., 1995). Tengsl hafa jafnframt fundist milli lágs menntunarstigs og langvarandi vanrækslu (Nelson, Saunders & Landsman, 1993). Einnig milli skorts á félagslegum stuðningi og endurtekninga allra gerða misbrests í uppeldi (DePanfilis & Zuravin, 1999b).

Markmið þessarar rannsóknar var að finna áhættuþætti endurekins misbrests í uppeldi barna með áherslu á vanrækslu, þar sem um vanrækslu var að ræða við fyrstu tilkynningu í öllum tilfellum. Helstu tilgátur voru eftirfarandi:

1) Fjölskyldur sem tilkynnt er um endurtekið til barnaverndaryfirvalda eru líklegri til að upplifa fleiri vandamál á mismunandi þáttum vistfræðilíkansins heldur en fjölskyldur sem tilkynnt er um einu sinni.
2) Áhættuþættir á innri meginsviðum vistfræðilíkansins spá fremur fyrir um endurtekningu heldur en áhættuþættir á ytri meginsviðum vistfræðilíkansins.
3) Fjölskyldur sem tilkynnt er um endurtekið hafa önnur lýðfræðileg einkenni heldur en fjölskyldur sem tilkynnt er um einu sinni.

Aðferð

Í þessari rannsókn voru tveir hópar bornir saman á mismunandi þáttum lýðfræðilíkans. Hópur þar sem ein staðfest barnaverndartilkynning hafði borist og hóp þar sem tvær eða fleiri staðfestar barnaverndartilkynningar höfðu borist. Notuð var skilgreining DePanfilis & Zuravin (1999a) á endurteknum misbresti í uppeldi barna: „Staðfest tilkynning... varðandi eitthvað barn í fjölskyldunni sem hafði átt sér stað a.m.k. einum degi [24 tímum] frá fyrri tilkynningu. Tvær tilkynningar um sama atburð töldust ekki endurtekning" (bls. 221-222). Í öllum málum fól fyrsta tilkynning í sér vanrækslu, en um aðrar tegundir misbrests í uppeldi gat verið að ræða í síðari

tilkynningum. Barnaverndarafskipti höfðu ekki átt sér stað fyrir fyrstu tilkynningu. Mál 77 fjölskyldna á þremur hverfaskrifstofum félagsþjónusta voru innihaldsgreind, um endurteknar tilkynningar var að ræða í 39 málum, en um eina tilkynningu í 38 málum. Allar fjölskyldur í úrtakinu bjuggu í Reykjavík og Hafnarfirði þegar fyrsta tilkynning barst og þegar innihaldsgreining fór fram. Allar fjölskyldur í úrtakinu áttu a.m.k. eitt barn yngra en 16 ára, foreldri var ávallt gerandi í einu eða fleiri tilfellum sem tilkynnt var um og a.m.k. annað kynforeldra bjó á heimilinu. Í öllum málum barst fyrsta tilkynning frá 1. janúar 1998 til 31. desember árið 2000 (til 31. ágúst árið 2000 í Reykjavík vegna skipulagsbreytinga). Þess má geta að 517 mál voru skönnuð, en af þeim voru einungis 77 sem uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í þessari rannsókn.

Hverju máli var fylgt eftir í 18 mánuði eftir að fyrsta tilkynning barst. Ákvörðun um tímalengd rannsóknar var byggð á fyrri rannsóknum sem hafa sýnt að áhætta endurtekningar sé mest fyrstu 12 mánuði eftir fyrsta tilfelli (DePanfilis & Zuravin, 1999a). Ef málum er fylgt eftir í mjög langan tíma, eru þeir áhættuþættir sem metnir eru í byrjun kannski ekki tengdir tilfellum sem eiga sér stað löngu síðar og aðrir nýjir áhættuþættir geta haft sterkari tengsl við slík tilfelli.

Rannsakandi las yfir öll skjöl barnaverndarmála sem tengdust málum og innihaldsgreindi þau. Stuðst var við skráningarkerfi sem hannað hafði verið fyrir rannsóknina, að hluta til af rannsakanda en að hluta af Coohey (2000). Annar aðili skráði 22% málanna til að kanna áreiðanleika innihaldsgreiningar. Miðað við viðmið fyrir Cohens κ (Altman, 1991) var samræmi á þremur breytum óásættanlegt (> .21), miðlungs samræmi (.41-.60) á tíu breytum, en gott (.61-.80) eða mjög gott (.81-1.00) samræmi á öllum öðrum breytum. Þó að samræmið hafi verið lægra en rannsakandi hefði viljað á miðlungsbreytunum, þá var lægsta samræmið á þeim breytum 70,6%, sem má álíta sem viðunandi.

Tölfræðiforritið SPSS var notað við greiningu gagna. T-próf voru notuð til að prófa tengsl milli forspárbreyta og endurtekningar. Aðhvarfsgreining fyrir fylgibreytur með tvö gildi (logistic regression) var notuð til að lýsa tengslum frumbreytunnar við fylgibreyturnar.

Niðurstöður

Eins og hefur þegar komið fram var um 77 mál að ræða alls, þar af 38 mál þar sem tilkynning barst einu sinni, en 39 mál þar sem tvær eða fleiri

tilkynningar bárust. Meðalaldur mæðra var svipaður meðal hópanna (32-33) og einnig feðra (36). Foreldrarnir áttu samtals 152 börn. Öll börnin bjuggu heima hjá foreldrum nema eitt. Fjöldi barna á hverju heimili var á bilinu 1-4. Miðað við hóp eins tilfellis áttu fleiri foreldrar í endurtekningarhópnum tvö börn en færri þeirra þrjú börn. Meðalaldur barnanna var svipaður meðal hópanna (7,4 eitt tilfelli, 6,8 endurtekin tilfelli) og álíka margar stúlkur og drengir voru í hópunum.

Í 18 tilfellum (23%) breyttist fjölskyldugerð barns/barna á þeim 18 mánuðum sem rannsóknin náði til. Færri börn í endurtekningarhópnum voru í kjarnafjölskyldu (líffræðilegir foreldrar) og í stjúpfjölskyldu heldur en í hóp eins tilfellis. Aftur á móti voru fleiri börn í endurtekningarhópnum í einforeldrisfjölskyldu heldur en í hópi eins tilfellis.

Húsnæðisaðstæður fjölskyldna voru svipaðar meðal hópanna. Þó fluttu fleiri fjölskyldur í endurtekningarhópnum síðustu 12 mánuði fyrir fyrstu tilkynningu heldur en í hópi eins tilfellis. Í flestum tilfellum höfðu foreldrar einungis lokið grunnskólanámi. Þó höfðu fleiri mæður í endurtekningarhópnum einungis lokið grunnskólanámi heldur en í hópi eins tilfellis. Menntunarstig feðra var svipað meðal hópanna. Í allmörgum tilfellum vantaði upplýsingar um menntun foreldra í skráð gögn, einkum varðandi fyrrverandi maka móður. Einnig vantaði upplýsingar um atvinnu foreldra í allmörgum tilfellum. Í rúmlega helming tilfella voru mæður í endurtekningarhópnum útivinnandi (5,1% ekki vitað), samanborið við 42% mæðra í hópi eins tilfellis (26,3% ekki vitað). Hlutfallið var svipað hjá feðrum eða 53% í endurtekningarhópnum (35% ekki vitað) og 56% í hóp eins tilfellis (24% ekki vitað). Meira en 2/3 (65%) fjölskyldnanna upplifði fjárhagserfiðleika við fyrstu tilkynningu og næstum því helmingur (48%) hafði einhvern tíman þurft á fjárhagsaðstoð að halda fyrir fyrstu tilkynningu. Munurinn á milli hópa varðandi þessa þætti var ekki mikill.

Heildarfjöldi tilkynninga var 153. Í 64% tilfella var móðir ábyrg fyrir misbrestinum sem hafði átt sér stað, í 23% tilfella var faðir ábyrgur, í 11% tilfella var fyrrum maki móður ábyrgur og í 2% tilfella var annar aðili en foreldrar ábyrgur. Algengasta tegund misbrests í uppeldi var ófullnægjandi umsjón og eftirlit. Næst algengasta tegundin var líkamleg vanræksla. Nokkrar tilkynningar fólu í sér tilfinningalegan misbrest, líkamlegt ofbeldi eða kynferðislegt ofbeldi.

Mörg barnanna í hópunum upplifðu ýmis konar erfiðleika sem eru líklega afleiðingar af þeim misbresti í uppeldi sem átti sér stað (Miller-Perrin & Perrin, 1999). Algengastir voru erfiðleikar barns í skóla, en um helmingur

barnanna í endurtekningarhópnum áttu við slíkan vanda að etja samanborið við þriðjung barna í hópi eins tilfellis.

Við tveggja þátta greiningu kom eftirfarandi fram. Fjölskyldur í endurtekningarhópnum voru marktækt líkegri til að vera einforeldrisfjölskyldur og hafa flutt á síðastliðnum 12 mánuðum áður en fyrsta tilkynning barst. Jafnframt voru fleiri mæður í endurtekningarhópnum einungis með grunnskólamenntun en mæður í hópi eins tilfellis. Fleiri mæður í endurtekningarhópnum áttu við áfengisvanda að stríða og fleiri þeirra áttu við þunglyndi að stríða heldur en mæður í hópi eins tilfellis. Auk þess voru fleiri mæður í endurtekningarhópnum greindarskertar heldur en í hópi eins tilfellis. Jafnframt höfðu fleiri mæður orðið fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku í endurtekningarhópnum heldur en í hópi eins tilfellis. Fleiri feður höfðu flutt inn eða út af heimilinu í endurtekningarhópnum heldur en í hópi eins tilfellis. Jafnframt höfðu fleiri feður orðið fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku í endurtekningarhópnum. Tveir þættir er tengdust börnum voru marktækir. Í fleiri fjölskyldum í endurtekningarhópnum var greindarskert barn og/eða barn sem átti við hegðunarerfiðleika að stríða, heldur en í hópi eins tilfellis. Marktækur munur var á hópunum er varðar agavandkvæði og/eða samskiptavandkvæði milli foreldra og barna annars vegar og ágreining milli foreldra hins vegar. Báðar tegundir vandkvæða voru algengari í endurtekningarhópnum, heldur en í hópi eins tilfellis. Að lokum kom fram að fleiri fjölskyldur í endurtekningarhópnum upplifðu sig fá stuðning frá nágrönnum heldur en fjölskyldur í hópi eins tilfellis. En ekki var marktækur munur á hópunum varðandi stuðning frá upprunafjölskyldu, vinum eða frá hópum.

Kvarðar voru búnir til úr 1) þáttum er tengdust mæðrum, 2) þáttum er vörðuðu feður, 3) þáttum er vörðuðu börn, 4) fjölskylduþáttum og 5) þáttum er vörðuðu félagslegan stuðning. Ekki var búinn til kvarði úr lýðfræðiþáttum, þar sem þeir töldust það ólíkir innbyrðis. Eins og fram kemur í töflu 1, var einungis einn lýðfræðiþáttur marktækur þegar marktækar lýðfræðibreytur voru settar inn í aðhvarfsgreiningarjöfnu, en það var menntun móður. Einnig voru vandkvæði er tengdust mæðrum marktækur kvarði og vandkvæði sem tengdust fjölskyldunni, en kvarðar vandkvæða er tengdust feðrum, börnum og félagslegum stuðningi voru ekki marktækir.

Tafla 1. Aðhvarfsgreining fyrir tveggja flokka fylgibreytur (N=77)

	β	Chi Square	p value	Odds Ratio	R2
Lýðfræðibreytur:					.064
Menntun móður	.898	3.678	.055	2.45	
Áhættuþættir:					.443
Vandkvæði mæðra	1.008	12.664	.000	2.74	
Fjölskylduvandkvæði	1.268	7.682	.006	3.55	

Umræða

Eins og kemur fram í niðurstöðum, þá voru megin tilgátur í rannsókn þessari studdar. Fjölskyldur í endurtekningarhópnum áttu við fleiri erfiðleika að stríða á mismunandi meginsviðum vistfræðilíkansins heldur en fjölskyldur í hópi eins tilfellis. Auk þess áttu fjölskyldurnar í endurtekningarhópnum við fleiri vandkvæði eða áhættuþætti að etja á innri meginsviðum vistfræðilíkansins heldur en á ytri meginsviðum þess heldur en fjölskyldur í hópi án endurtekninga. Þó voru þættir tengdir mæðrum og fjölskylduvandkvæði sérstaklega mikilvægir þættir á innri meginsviðum. Að lokum kom fram marktækur munur milli hópa er varðar lýðfræðibreytur. Fjölskyldur í endurtekningarhópnum voru marktækt líklegri til að samanstanda af einu foreldri ásamt barni/börnum, móður með grunnskólamenntun, auk þess sem fjölskyldan var líklegri til að hafa flutt síðastliðna 12 mánuði. Einungis ein af þessum þremur breytum, menntun mæðra, var þó marktæk í hvarfsgreiningu.

Niðurstöðurnar gefa ótvírætt til kynna að þó mikilvægt sé fyrir barnaverndarstarfsmenn að meta alla áhættuþætti þegar nýjar tilkynningar berast, er sérstaklega mikilvægt að meta áhættuþætti er varða mæður annars vegar og fjölskyldutengsl og samskipti í fjölskyldu hins vegar og veita viðeigandi stuðning ef þörf er á, til að reyna að fyrirbyggja endurtekningu á vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart börnum.

Heimildir

Altman, D.G. (1991). *Practical Statistics for Medical Research*. New York: Chapman and Hall.

American Psychiatric Association (1994). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders; DSM IV*, 4. útg. Washington DC: American Psychiatric Association.

Atkinson, L. & Butler, S. (1996). Court-ordered assessment: Impact of maternal noncompliance in child maltreatment cases. *Child Abuse & Neglect, 20* (3), 185-190.

Baird, C. (1988). *Validation research in CPS risk assesment: Three recent studies*. Washington, D.D.: American Public Welfare Association.

Barnaverndarstofa (2004). *Ársskýrsla 2002*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Belsky, J. (1980). Child maltreatment: An ecological integration. *American Psychologist, 35* (4), 320-335.

Browne, D.H. (1986). The role of stress in the commission of subsequent acts of child abuse and neglect. *Journal of Family Violence, 1* (4), 289-297.

Burgess, R.L. & Draper, P. (1989). The explanation of family violence: The role of biological, behavioral, and cultural selection. Í L. Ohlin & M. Tonry (ritstj.), *Family Violence* (nr. 11, bls. 59-116).

Cicchetti, D. & Lynch, M. (1995). Failures ini the expectable environment and their impact on individual development: The case of child maltreatment. Í D. Cicchetti & D.J. Cohen (ritstj.), *Developmental Psychopathology* (nr. 2, bls. 32-71). New York: John Wiley & Sons, Inc.

Coohey, C. (2000). *Partnership for safe families: Forms and evaluative coding manual.* Iowa City: University of Iowa.

DePanfilis, D. & Zuravin, S.J. (1999a). Epidemiology of child maltreatment recurrences. *Social Service Review, 73*, 218-389.

DePanfilis, D. & Zuravin, S.J. (1999b). Predicting child maltreatment recurrences during treatment. *Child Abuse & Neglect, 23* (8), 729-743.

English, D.J. Marshall, D.B., Brummel, S. & Orne, M. (1999). *Child Maltreatment, 4* (4), 297-307.

Freysteinsdóttir, Freydís J. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í F.H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Freysteinsdóttir, Freydís J. (2004). *Risk factors for repeated child maltreatment*. Doktorsverkefni. Iowa City: University of Iowa.

Fryer, G.E. & Miyoshi, T.J. (1994). A survival analysis of the revictimization of children: The case of Colorado. *Child Abuse & Neglect, 12*, 1063-1071.

Fuller, T.L., Wells, S.J. & Cotton, E.E. (2001). Predictors of maltreatment recurrence at two milestones in the life of a case. *Children and Youth Services Review, 23* (1), 49-78.

Hamilton, C.E. & Browne, K.D. (1999). Recurrent maltreatment during childhood: A survey of referrals to police child protection units in England. *Child Maltreatment, 4* (4), 275-286.

Inkelas, M. & Halfon, N. (1997). Recidivism in child protective services. *Children and Youth Services Review, 19* (3), 139-161.

Johnson, W. & L'Esperance, J. (1984). Predicting the recurrence of child abuse. *Social Work Research and Abstracts, 20*, 21-26.

Jones, D.P.H. (1987). The untreatable family. *Child Abuse & Neglect, 11*, 409-420.

Jouriles, E.N., Norwood, W.D. (1995). Physical aggression towards boys and girls in families characterized by the battering of women. *Journal of Family Psychology, 9* (1), 69-78.

Levy, H.B., Markkovic, J., Chaudhry, U., Ahart, S. & Torres, H. (1995). Reabuse rates in a sample of children followed for 5 years after discharge from a child abuse inpatient assessment program. *Child Abuse & Neglect, 19* (11), 1363-1377.

Markward, M.J. (1997). The impact of domestic violence on children. Families in Society: *The Journal of Contemporary Human Services, 1*, 67-70.

Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (1999). *Child Maltreatment: An Introduction*. London: SAGE Publications.

Murphy, J.M., Bishop, S.J., Jellinek, M.S., Quinn, S.D. & Poitrast, J.F. (1992). What happens after the care and protection petition?: Reabuse in a court sample. *Child Abuse & Neglect, 16*, 485-493.

Nelson, K.E., Saunders, E.J. & Landsman, M.J. (1993). Chronic child neglect in perspective. *Social Work, 38* (6), 661-671.

Rosenstein, P. (1995). Parental levels of empathy as related to risk assessment in child protective services. *Child Abuse & Neglect, 19* (11), 1349-1360.

Saunders, D.G. (1994). Child custody decisions in families experiencing woman abuse. *Social Work, 39* (17), 51-59.

Silverman, S.B. & Avard, D.M. (1985). Characteristics of re-referred families in a child abuse program. *Journal of Child Care, 2* (5), 49-58.

Wood, J.M. (1997). Risk predictors for re-abuse or re-neglect in a predominantly hispanic population. *Child Abuse & Neglect, 21* (4), 379-389.

Hvernig samhæfa íslenskar barnafjölskyldur atvinnuþátttöku og umönnun ungra barna?

Guðný Björk Eydal

Í erindinu verður gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum rannsóknar á því hvernig íslenskir foreldrar haga atvinnuþátttöku og umönnun barna sinna á fyrstu 3 æviárum barnsins.

Ísland á það sameiginlegt með öðrum Norðurlöndum að óvíða er atvinnuþátttaka mæðra meiri. Viðtekið er að leita skýringa á þessari miklu atvinnuþátttöku í víðfeðmum opinberum stuðningi við barnafjölskyldur (Esping Andersen, 2002; Hantrais, 2004). Íslenskir fræðimenn hafa bent á að opinber stuðningur við barnafjölskyldur hafi verið minni á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum (Sigrún Júlíusdóttir, 1993; Stefán Ólafsson, 1999).

Á síðastliðnum áratug hafa orðið umtalsverðar breytingar á íslenskri fjölskyldustefnu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Árið 1997 samþykkti Alþingi þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar (Alþingistíðindi e.d., þskj. 1230). Árið 2000 voru sett lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar (nr.27/2000) og á sama ári voru sett ný lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) sem hafa gjörbreytt réttindum foreldra, ekki síst feðra, til fæðingarorlofs. Sama ár setti Alþingi einnig ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (nr. 96/2000) og á vorþingi 2004 samþykkti það þingsályktun um 4 ára áætlun í jafnréttismálum (Alþingistiðindi e.d., þskj. 1870). Þá hafa sveitarfélög aukið framboð á dagvist fyrir börn yngri en sex ára og, í kjölfar einsetningar grunnskóla, einnig aukið framboð á vistun fyrir börn á grunnskólaaldri (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2003; Landshagir, 1990; 2003). Fyrir utan umfangsmiklar aðgerðir ríkisvalds og sveitarstjórna á sviði umönnunar- og fjölskyldustefnu hafa íslensk fyrirtæki lagt gjörva hönd á plóg og aukin áhersla er lögð á fjölskylduvæna starfsmannastefnu (sjá Hið gullna jafnvægi e.d.). Þrátt fyrir þetta er opinber stuðningur vegna umönnunar barna 3 ára og yngri talsvert minni en á öðrum Norðurlöndum, og munar þar mest um meiri réttindi foreldra þar til launaðs leyfis vegna umönnunar barna

(Guðný Björk Eydal, 2003; 2004). Engu að síður er atvinnuþátttaka og fæðingartíðni íslenskra kvenna með því hæsta sem gerist meðal vestrænna þjóða. Þessi íslenski veruleiki er því í ákveðinni mótsögn við ofangreinda skýringarkenningu sem gerir ráð fyrir að mikla atvinnuþátttöku kvenna megi einkum skýra með umfangsmiklum opinberum stuðningi við barnafjölskyldur.

Rannsókn á samþættingu foreldra á atvinnuþátttöku og umönnun barna – markmið og aðferð

Tilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur:

1) Að öðlast betri skilning á sérstöðu íslenskra foreldra sem eins og að ofan greinir vinna lengri vinnudag og eignast fleiri börn en foreldrar á öðrum Norðurlöndum þrátt fyrir minni opinberan stuðning við barnafjölskyldur.

2) Að afla þekkingar á því hvernig íslenskir foreldrar höguðu atvinnuþátttöku og deildu ábyrgð á umönnun barna sinna áður en breytingar á fæðingarorlofi kæmu til framkvæmda svo að síðar yrði mögulegt að meta áhrif lagabreytinganna, með því að endurtaka sambærilega rannsókn. (Fyrirhugað er að framkvæma slíka rannsókn í upphafi árs 2007 en þá verða 4 ár liðin síðan lögin komu að fullu til framkvæmda.)

Til að afla gagna var framkvæmd spurningakönnun árið 2001. Spurningalisti var sendur á lögheimili barna þeirra mæðra sem eignuðust sitt fyrsta barn árið 1997. Alls voru sendir út 1551 spurningalistar, 890 svör bárust og var því brúttó svarhlutfall tæp 57% sem telst ásættanlegt miðað við umfang listans og aðferð við öflun gagna (póstkönnun). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd könnunarinnar og innslátt á gögnum en IMG Gallup vann tölulega frumskýrslu úr gögnunum.

Lögð var áhersla á að afla sem nákvæmastra upplýsinga um hvernig foreldrar hefðu hagað umönnun og atvinnuþátttöku á meðgöngu (12 mánuðum fyrir fæðingu) og fyrstu 3 æviár barnsins. Einnig var spurt um aðstæður mæðra og feðra í vinnu, sveigjanleika og stuðning sem foreldrar áttu kost á og breytingar sem urðu á stöðu móður eða föður eftir að barnið fæddist. Þá var spurt um umönnun barnsins, bæði hvernig hún hafði skipst milli foreldranna og eins um umönnun annarra aðila, svo sem dagmömmu,

leikskóla eða ættingja. Spurt var um hefðbundin atriði er varða bakgrunn svarenda s.s. aldur, menntun, tekjur og fjölskylduaðstæður.

Rannsóknin var styrkt af Vísindasjóði Rannsóknaráðs Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands hefur einnig veitt styrki vegna úrvinnslu. Ofangreindum aðilum, þátttakendum og öllum sem hafa starfað eða aðstoðað við rannsóknina eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir fá Friðrik H. Jónsson, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og Tómas Björn Bjarnason, stjórnandi fyrirtækja- og starfsmannarannsókna IMG Gallup.

Niðurstöður

Atvinnuþátttaka

Eins og búast mátti við, leiðir könnunin í ljós að meðgangan sjálf hefur einkum áhrif á atvinnuþátttöku mæðranna. Tæpur helmingur hinna verðandi mæðra segir að meðgangan hafi haft áhrif á atvinnuþátttöku, en 21% nefna að meðgangan hafi valdið því að þær hafi þurft að draga úr vinnu en 24% að þær hafi þurft að hætta vinnu (n=881). Meðgangan hafði aðeins áhrif á vinnutilhögun tæplega 3% verðandi feðra (n=873).

Tæp 76% mæðra (n=887) og tæp 84% feðra (n=820) eru að jafnaði í vinnu 12 til 7 mánuðum fyrir fæðingu barns. Á þessu tímabili eykst hlutfall mæðra í vinnu með hækkandi aldri. Hlutfallið er að jafnaði um 61% meðal yngstu mæðranna (19-23 ára) en tæp 90% meðal þeirra elstu (36-47 ára).

Hlutfall mæðra í vinnu lækkar smámsaman þegar dregur að fæðingunni og síðustu þrjá mánuði fyrir fæðingu barnsins eru að jafnaði rúm 50% hinna verðandi mæðra í vinnu, en um 19% eru í sumar- eða veikindaleyfi, tæp 15% eru í námi, og 6% eru heimavinnandi (Sjá Mynd I).

Fyrstu 3 mánuðina eftir fæðingu barnsins er einungis 1% mæðranna í vinnu (n=887), rúm 89% eru í fæðingarorlofi að fullu eða hluta, aðrar eru í námi, veikindaleyfi, heimavinnandi, eða í sumarleyfi. Mjög fáar mæður eru komnar til vinnu 6 mánuðum eftir fæðingu barnsins (7%) en hlutfallið hækkar hratt eftir það og er 57% 13 mánuðum eftir fæðingu barnsins. Í lok könnunartímabilsins, 36 mánuðum eftir fæðingu barnsins, eru tæp 61% mæðranna í vinnu. Til samanburðar má geta þess að markmið Evrópusambandsins er að atvinnuþátttaka kvenna í öllum aðildarlöndum verði 60% árið 2010 (Périvier og Dorchai, 2003).

Mikilvægt er að hafa í huga að þó niðurstöður sýni að áhrif fæðingar á vinnumarkaðsþátttöku vari alla þá 36 mánuði sem könnunin tekur til eftir að

barnið fæðist að þá hefur fæðing annars barns hér einnig talsverð áhrif. Þær mæður sem eignast annað barn á tímabilinu draga eðli máls samkvæmt aftur úr atvinnuþátttöku við fæðingu og það hefur áhrif á heildarmyndina. Ef einungis er horft til mæðra sem ekki eignast annað barn á tímabilinu þá er atvinnuþátttaka þeirra orðin svipuð og hún var fimm mánuðum fyrir fæðingu þegar börnin ná um tveggja ára aldri (yfir 70%).

Á fyrsta mánuði eftir fæðingu barnsins eru tæp 64% feðra í vinnu (n=820) en strax í öðrum mánuði eftir fæðingu barnsins er hlutfall feðra í vinnu orðið svipað því og það var fyrir fæðingu barnsins. Að jafnaði eru rúm 77% feðranna í vinnu fyrstu þrjá mánuðina eftir fæðingu barnsins, tæp 13% eru í námi að fullu eða hluta, rúm 2% eru í fæðingarorlofi að fullu eða hluta en aðrir í sumarleyfi, veikindaleyfi eða heimavinnandi (sjá Mynd 1).



Mynd 1. Hlutfall mæðra og feðra í vinnu 12 mánuðum fyrir fæðingu og 36 mánuðum eftir fæðingu

Fjöldi vinnustunda er hærri hjá feðrum en mæðrum bæði fyrir og eftir fæðingu. Athygli vekur að 82 % feðranna unnu meira en 40 stundir fyrstu 3 mánuði eftir fæðingu barnsins, og þar af um 40% 51 stund eða meira. Meðalfjöldi vinnustunda mæðranna 12 mánuðum fyrir fæðingu barnsins var um 40 stundir að jafnaði, en 34 stundir 3 árum eftir fæðingu.

Umönnun barnsins

Fyrsta mánuðinn er umönnun barnsins á daginn í rúmum 89% tilvika í höndum móður (n=879), en í rúmum 10% skiptist hún jafnt milli

foreldranna. Í öðrum mánuði dregur úr umönnun föðurins og fyrstu sex mánuðina annast mæðurnar barnið nær algerlega á daginn (94%). Eftir því sem barnið verður eldra skiptist dagleg umönnun jafnar milli foreldranna. Næstu sex mánuði (þegar barnið er 6-12 mánaða) sjá tæp 81% mæðra um umönnun barnsins að deginum en í tæpum 19% tilvika skipta foreldrarnir jafnt með sér umönnun. Hlutfall þeirra sem segja að umönnunin skiptist jafnt eru rúm 12% að jafnaði þegar barnið er á fyrsta ári, rúm 29% að jafnaði þegar barnið er á öðru ári, og tæp 34% að jafnaði þegar barnið er á þriðja ári. Hlutfall feðra sem annast barnið að mestu eða alfarið er hverfandi allt könnunartímabilið (minnst 0,3% mest 2,4%) (sjá Mynd 2).



Mynd 2. Skipting umönnunar milli foreldra á daginn. 1-36 mánuði eftir fæðingu

Umönnun barnsins á nóttunni skiptist jafnar milli foreldranna en á daginn, en tæplega 86% mæðranna annast barnið að jafnaði á nóttunni fyrstu sex mánuðina eftir fæðinguna (n=872), en smámsaman dregur úr umönnun mæðranna. Hlutfall þeirra sem segja að umönnunin skiptist jafnt er rúm 19% að jafnaði þegar barnið er á fyrsta ári, rúm 36% að jafnaði þegar barnið er á öðru ári, og rúm 42% að jafnaði þegar barnið er á þriðja ári. Einnig hér er hlutfall feðra sem annast barnið að mestu eða alfarið mjög lítið allt könnunartímabilið, en hæst verður það að jafnaði um 5% þegar barnið er á þriðja ári (sjá nánar Guðný Björk Eydal, 2004).

Umönnun annarra aðila en foreldra er mjög lítil fyrstu 6 mánuði í lífi barnsins en eykst smámsaman eftir það (n=890). Af öðrum aðilum er

dagmamma mest áberandi næstu sautján mánuðina. Á yfirlitsmyndinni kemur einungis fram hlutfall barna sem er hjá dagmömmum á hverjum tíma og það er hæst um 13% þegar börnin eru tæplega tveggja ára, en alls hafa 90,9% barnanna verið í gæslu hjá dagmömmu áður en þau ná þriggja ára aldri. Afi og amma barnanna taka nokkurn þátt í umönnun barna og um 4% barna frá hálfs árs aldri til tveggja ára njóta umönnunar ömmu og afa. Uppúr eins árs verður algengara að börn njóti umönnunar á leikskólum og við 3 ára aldur eru 22% barnanna á leikskóla að jafnaði um 22 stundir á viku (sjá Mynd 3).



Mynd 3. Hvernig var reglulegri umönnun barnsins háttað þegar umönnun foreldra sem bjuggu á heimili barnsins naut ekki við?

Einnig var spurt hvort foreldrar hefðu fengið aðstoð ættingja eða vina vegna tímabundinnar umönnunar barnsins og kom í ljós að 50% höfðu fengið slíka aðstoð en tæplega 46% höfðu ekki haft þörf fyrir hana.

Samþætting atvinnu og umönnunar

Spurt var hvort foreldrar hefðu notið stuðnings frá atvinnurekanda vegna fæðingar og/eða umönnunar barnsins og kom í ljós að 44% mæðra (n=706) og 30% feðra (n=778) höfðu notið slíks stuðnings (sjá Mynd 4).



Mynd 4. Stuðningur atvinnurekanda við móður og föður

Algengustu þættir, sem mæður sem nutu stuðnings nefndu (n=300), voru: lækkað starfshlutfall (51%); sumarleyfi þegar hentaði (36%), aukin sveigjanleika (35%). Stuðningur sem feður fengu (n=233) var sumarleyfi þegar hentaði (49%) og aukin sveigjanleika (38%). Athygli vekur að 19% mæðranna og 9% feðranna nutu launaðs orlofs utan lögbundins fæðingarorlofs. Margir nefndu fleiri en einn stuðningsmöguleika (sjá Mynd 4).

Þegar spurt var hvort mæður (n=773) hefðu átt auðvelt með að samræma vinnu og umönnun barns svöruðu 58% mæðranna alltaf, en aðeins um 20% feðra (n=688).

Umræða

Niðurstöður könnunarinnar sýna að feður barnanna taka mun minni þátt í umönnun þeirra fyrstu æviárin en mæður og draga mjög takmarkað úr atvinnuþátttöku vegna fæðingar. Hlutdeild feðra í umönnun fer vaxandi eftir því sem börnin verða eldri. Mæður eru megin umönnunaraðilar og þær draga verulega úr atvinnuþátttöku á fyrstu æviárum barnsins auk þess sem vinnutími þeirra er styttri eftir fæðingu barns, einnig eftir að fæðingarorlofi lýkur. Nýting feðra og mæðra á fæðingarorlofi er mjög ólík, en að jafnaði eru um 89% mæðra í fæðingarorlofi fyrstu þrjá mánuði í lífi barnsins en um 2% feðra. Hér er hefur verið dregin upp mjög einfölduð mynd af því flókna samspili sem á sér stað í barnafjölskyldum en unnið er að nánari greiningu á áhrifum ýmissa þátta svo sem hjúskaparstöðu foreldra, menntunar og tekna.

Erlendar rannsóknir sýna að t.d. að menntun mæðra hefur talsvert forspárgildi um hversu fljótt þær snúa til starfa eftir fæðingu (Gustafsson et al. 2002)

Hvað varðar umönnun þá staðfesta þessar niðurstöður í raun það sem fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna, að foreldrar nýta ýmis úrræði, einkum gæslu hjá dagmæðrum, til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og þangað til barnið fær vist á leikskóla (Baldur Kristjánsson, 1989; Sigrún Júlíusdóttir, 1993; 1995).

Svarendur telja að mæður eigi auðveldara með að samhæfa atvinnu og umönnun barna og aðrar niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta að svo sé. Í markmiðsgrein laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 segir: „Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir við bæði föður og móður Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf". Tölur um nýtingu feðra á fæðingarorlofi, eftir að hin nýju lög tóku gildi, benda til þess að þeir hafi aukið verulega hlutdeild sína í umönnun barna á fyrsta æviári (Guðný Björk Eydal, 2003). Spurningunni hvort og hvernig hin nýju lög hafi haft áhrif á möguleika foreldra til að samræma fjölskyldu og atvinnulíf verður ekkit hægt að svara fyrr en seinni hluti rannsóknarinnar hefur verið framkvæmdur og sams konar spurningakönnunin hefur verið lögð fyrir foreldra 3 ára barna sem hafa átt jafnan rétt til fæðingarorlofs.

Heimildir

Alþingistíðindi, vefútgáfa. (e.d) Þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar þskj. 1230, 72. mál, 121. lögþ. Sótt 1. ágúst 2004 af http://www.althingi.is/altext/121/s/1230.html.

Alþingistíðindi, vefútgáfa. (e.d) Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára þskj. 1870, 873. mál, 130. lögþ. Sótt 1.ágúst 2004 af http://www.althingi.is/altext/130/s/1870.html.

Baldur Kristjánsson. (1989). *Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Esping-Andersen, G.; Gallie, D.; Hemerijk, A.; Myles, J. (Rtistj.) (2002). *Why We Need a New Welfare State.* Oxford University Press.

Guðný Björk Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Steinunn Hrafnsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). 'The Development of Local Authority Social Services in Iceland í Sipilä, J. (Ed) *Social Care Services the Key to the Scandinavian Model* (bls. 51-76). Aldershot: Avebury.

Guðný Björk Eydal. (2000). Nordic Childcare Policies and the Case of Iceland í Pfenning, A. og Thomas B. (Ritstj.) Families and Family Policies in Europe- Comparative Perspectives (bls. 104-126). New York: Peter Lang.

Guðný Björk Eydal. (2003). Politiques de la petite enfance dans les pays nordiques. *Lien social et Politiques*, *50*, 165-184.

Guðný Björk Eydal. (2004). *Atvinnuþátttaka og umönnun foreldra við fæðingu fyrsta barns*. Sótt 11. febrúar 2004 af http://www.hgj.is/Frodleikur/GreinarErindi/nr/183

Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson. (2003). *Social and Family Policy- The case of Iceland: Report for the project Welfare Policy and Employment in the Context of Family Change*. Sótt 1. ágúst 2004 af http://www.york.ac.uk/inst/spru/research/summs/welempfc.htm

Gustafsson, S. Kenjoh, E. og Wetzels, C.M.M.P. (2002). *Labour Market and Social Policy- Occasional Papers No. 59. Postponement of Maternity and the Duration of Time Spent at Home After First Birth: Panel Data Analyses Comparing Germany, Great Britain, The Netherlands and Sweden.* Paris: Organisation de Coopération et de Dévelopment Economiques.

Hið gullna jafnvægi. (E.d.) Vefsvæði Hins Gullna Jafnvægis, samstarfsverkefnis Reykjavíkurborgar og Gallup, Sótt 1. ágúst 2004 af http://www.hgj.is/

Haintrais, L. (2004). *Family Policy Matters Responding to Family Change in Europe.* Bristol: Policy Press.

Landshagir (1990). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Landshagir (2003). Reykjavík: Hagstofa Íslands

Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar nr.27/2000.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 96/2000.

Périvier, H. og O´Dorchai, S.(2003). Womens Employment and Public Policies í Meulders, D. og Gustafsson, S. (Ritstj.) *The Rationele of Motherhood Choices: Influence of Employment Conditions and of Public Policies* (bls. 85-124). Luxemburg: Office for Official Publications of the European Communities.

Sigrún Júliusdóttir (1993). *Den Kapabla Familjen i det Islandska Samhallet. En Studie om Lojalitet, Akteskapsdynamik och Psykosocial Anpassning.* Göteborg: Institutionen for Socialt Arbete, Göteborgs Universitet

Sigrún Júlíusdóttir. (Ritstj.). (1995). *Barnafjölskyldur Samfélag-lífsgildi-mótun Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi.* Reykjavík: Landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994; Félagsmálaráðuneytið.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska Leiðin- Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Tryggingastofnun ríkisins.

Notendaval og sjálfsákvörðunarréttur aldraðra

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Miklar breytingar hafa orðið á þjónustu við aldraða á undanförum árum og sífellt er verið að leita nýrra leiða til að veita ört vaxandi hópi aldraðra góða og örugga þjónustu. Markmiðið hefur verið að hvetja til meiri fjölbreytni, með þátttöku fleiri aðila. Einkafyrirtæki hafa í auknum mæli haslað sér völl á þessum vettvangi á Norðurlöndunum og víðar og boðið öldruðum þjónustu bæði í heimahúsum og á stofnunum. Þátttaka notenda í stefnumótun og ákvörðunum um þjónustu fer vaxandi og aukin áhersla er lögð á notendasamráð.

Að ráða sér og högum sínum sjálfur er öllum mikilvægt. Það á ekki síður við um þá sem vegna heilsubrests eða af öðrum ástæðum verða að þiggja þjónustu af öðrum. Valfrelsi í félagslegri þjónustu hefur verið mikið til umræðu og hafa ýmsar aðferðir verið reyndar til að auka val notenda á þjónustu. Ein þessara aðferða er svokallað notendaval (danska: kundevalg; norska: brugervalg, sænska: kundval).

Nú er unnið að samantekt á stöðu notendavals í þjónustu við aldraða og fatlaða á Norðurlöndunum, en þessari aðferð við að veita þjónustu er nú beitt í auknum mæli. Vonir eru bundnar við að með notendavali verði hægt að koma betur til móts við þarfir og óskir notenda/þjónustuþega. Hér verður gerð grein fyrir hver staða notendavals í þjónustu við aldraða er á Íslandi og hún borin saman við hvernig slík þjónustutilboð eru að þróast á hinum Norðurlöndunum. Fræðileg umfjöllun um hugtökin notendaval og notenda-samráð eru nýmæli hér á landi.

Hvað er notendaval?

Með hugtakinu notendaval er átt við að notendur þjónustu - þjónustu-þegar geta valið um ákveðin þjónustutilboð - og einnig um það hver veitir þjónustuna. Notendaval er ný aðferð sveitarfélagsins við að veita íbúunum

þjónustu. Það hefur í för með sér að sveitarfélagið hvetur þjónustuþegann til að ákveða sjálfur hvernig þjónustu við hann er háttað (Hjalmarson, 2003). Markmiðið er að auka áhrif notandans á því hvaða þjónustu hann fær og stuðla þannig að því að hann viðhaldi sjálfstæði sínu og ábyrgð á eigin lífi. Til að leggja enn frekari áherslu á þjónustuþáttinn og stuðla að breyttu viðhorfi til þess að nota þjónustu er nú víða farið að nota hugtakið „notandi" í stað hugtakanna „þjónustuþegi" eða „skjólstæðingur".

Notendavali er ætlað að hvetja til þess að fleiri aðilar séu tilbúinir að bjóða þjónustuna en það skapar ákveðna samkeppni milli þeirra um að veita sem besta þjónustu. Einnig á þetta fyrirkomulag að hvetja til meiri samfellu í þjónustu þannig að sami aðili sjái um þjónustu við ákveðinn notenda (Edebalk og Svensson, 2002).

Víða á Norðurlöndum er hægt að velja milli nokkurra þjónustufyrirtækja, sem rekin eru ýmist af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Notendaval er ein leið til að auka þátt einkaaðila í að veita þjónustu sem hingað til hefur að mestu verið í höndum hins opinbera. Með notendavali eru það þjónustu-þegarnir/notendurnir sem með kaupum sínum á þjónustu stjórna umfangi og dreifingu „framleiðslunnar" milli ólíkra þjónustuveitenda með samþykki stjórnenda þjónustunnar, þ.e. stjórnenda félagsþjónustunnar (Söderström ofl, 2001).

Framkvæmd notendavals

Framkvæmd notendavals er mismunandi eftir löndum og eftir sveitar-félögum en alls staðar er hugmyndin sú að það sé einstaklingurinn sjálfur sem stýrir því hvernig úrræðin sem hann hefur til ráðstöfunar eru notuð. Í heimaþjónustu eru það yfirleitt starfsmenn Félagsþjónustunnar sem meta þörf aldraðra fyrir þjónustu og upplýsa notandann um hvaða þjónusta er í boði. Metið er hvað hann er talinn þarfnast mikillar þjónustu á viku s.s. við persónulega umhirðu, þrif, þvotta og innkaup. Notandinn ákveður síðan sjálfur, stundum með aðstoð, hvernig hann nýtir sér rétt sinn til kaupa á þjónustu. Sem dæmi má nefna að aldraður einstaklingur getur ákveðið hvaðan og hvenær hann fær heimilishjálp. Lögð er áhersla á að færni einstak-lingsins sé við haldið og að unnið sé gegn félagslegri einangrun (Hjalmarson, 2003).

Sums staðar fær notandinn þjónustuseðil (voucher) með ákveðinni upphæð sem hann getur pantað sér þjónustu fyrir að eigin vild. Með þjónustuseðli hefur notandinn möguleika á að velja magn og gæði þjónustu

eftir eigin höfði. Sveitarfélagið greiðir síðan þjónustufyrirtækinu umsamda þóknun (Edebalk og Svensson, 2002). Þjónustuseðilinn er einnig hægt að nota til að greiða aðstandendum fyrir umönnun. Einnig getur notandinn í mörgum tilvikum keypt sér viðbótarþjónustu hjá verksalanum.

Notendaval í nágrannalöndunum

Framkvæmd notendavals er misjafnlega langt á veg komin á Norðurlöndunum. Í Svíþjóð hafa miklar breytingar átt sér stað í þjónustu við aldraða á undanförnum 10-15 árum og einkareknum fyrirtækjum á markaðnum hefur fjölgað. Þeir sem veita einkarekna þjónustu eru í flestum tilvikum stór þjónustufyrirtæki og árið 1999 veittu fjögur fyrirtæki helming einkareknu þjónustunnar (Szebehely, 2003). Þar í landi hefur fjöldi þeirra sveitarfélaga sem bjóða eða hafa ákveðið að bjóða notendaval í heimaþjónustu aukist nokkuð á síðustu árum, en það er þó enn sem komið er helst bundið við sveitarfélög á Stokkhólmssvæðinu (Socialstyrelsen, 2004).

Í byrjun árs 2003 gengu í gildi lög um frjálst val á heimaþjónustu í Danmörku og á það við bæði um heimaþjónustu og heimahjúkrun (Ankestyrelsen, 2004). Sveitarfélögin eru skuldbundin til að bjóða fjölbreytta þjónustu sem veitt er bæði af einkaaðilum og hinu opinbera þannig að þjónustuþeginn getið valið sér þjónustuaðila. Í Danmörku er notendaval bæði fyrir þá sem búa heima svo og þá sem búa í vernduðum þjónustuíbúðum. Þó svo að lögin um frjálst val í heimaþjónustu hafi ekki gengið í gildi fyrr en á síðasta ári hefur valfrelsi í þjónustu verið í stöðugri þróun í Danmörku sl. 10 ár. Í u.þ.b. 11% sveitarfélaganna var hægt að velja milli þjónustu einkarekinna fyrirtækja og þjónustu sveitarfélaganna áður en þessi lög tóku gildi (Ankestyrelsen, 2004).

Í Finnlandi hefur þáttur einkarekinnar öldrunarþjónustu verið að aukast, en þar er þjónustan veitt af mögum litlum fyrirtækjum, en ekki fáum og stórum eins og í Svíþjóð (Szebehely, 2003). Í byrjun þessa árs var tekinn í notkun s.k. þjónustuseðill sem veitir notandanum rétt til að kaupa sér heimaþjónustu, þó ekki heimahjúkrun. Það er sveitarfélagið sem metur þörfina og afhendir þjónustuseðilinn. Notandinn velur síðan sjálfur hvernig hann notar rétt sinn.

Í Noregi hafa tilraunaverkefni med notendaval í heimaþjónustu verið í gangi, m.a. í Oslo. Þar fá notendur þjónustuseðla sem þeir nota við kaup á þjónustu af opinberum eða einkareknum þjónustufyrirtækjum.

Hver er staða notendavals á Íslandi?

Við greiningu ritaðra heimilda, laga og starfsáætlana hér á landi fannst lítið skrifað um notendaval og valfrelsi í þjónustu við aldraða. Víða sér þess þó merki að íslensk sveitarfélög séu að undirbúa meira valfrelsi í þjónustu, bæði við aldraða og fatlaða.

Í tilraunaverkefni um valfrelsi í þjónustu sem unnið var á Dalbæ, dvalarheimili aldraðra á Dalvík á árunum 1989-1990 var átta einstaklingum, sem búið höfðu við elli- og dvalarheimilisfyrirkomulag í þjónustu og aðstöðu, gert kleyft að búa við þjónustu- og rekstrarfyrirkomulag verndaðra íbúða. Íbúarnir gátu þá valið þá þjónustu sem þeir vildu kaupa en áður höfðu þeir fengið staðlaða þjónustu samkvæmt ákvörðun heimilisins. Markmiðið var að reyna að virkja íbúana til að gera meira sjálfir og draga úr þeirri þjónustu sem þeim var áður skylt að þiggja. Reiknað var út hve mikið hver þjónustuþáttur kostaði og hinn aldraði greiddi sjálfur fyrir þá þjónustu sem hann vildi kaupa. Niðurstaðan varð sú að aukið valfrelsi gerði það að verkum að þjónustuþegarnir urðu virkari og jákvæðari, margir fóru að elda mat sinn sjálfir, sáu um lyf sín og fjármál, og jafnvel þrífa herbergi sín (Halldór S. Guðmundsson, 1990).

Eitt af grundvallaratriðum í stefnumótun í málefnum aldraðra hérlendis er að aldraðir haldi sjálfstæði sínu eins lengi og kostur er og að sem minnst röskun verði á högum þeirra þegar aldurinn færist yfir (Heilbrigðisráðuneytið, 2003). Á Íslandi eru það sveitarfélögin sem veita félagslega heimaþjónustu, heilsgæslustöðvar hafa umsjón með heimahjúkrun og ríkið fjármagnar að stærstum hluta rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila. Markmið bæði félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar er að gera fólki kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður eins lengi og unnt er þrátt fyrir sjúkdóma og heilsubrest (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr.40/1991, Heilbrigðisráðuneytið, 2003). Það er stefna stjórnvalda að efla heimaþjónustu og stuðla að samtvinnun hennar undir sameiginlegri stjórn, en jafnframt að auka samstarf heimaþjónustu og stofnana.

Hjá mörgum sveitarfélögum í landinu hefur verið vilji fyrir því að auka áhrif, ábyrgð og þátttöku íbúanna í stefnumótun og ákvaðanatöku, en einnig í vali á þjónustuúrræðum. Í stefnuskrá Félagsþjónustunnar í Reykjavík fyrir árið 2004 er skýrt kveðið á um aukið samráð við notendur „ .... þar sem einstaklingurinn er virkjaður og gerður ábyrgur fyrir eigin lífi með því að hafa ákveðnar skyldur um leið og hann á rétt“ (Félagsþjónustan, 2004a). Sem dæmi um val á þjónustuúrræðum má nefna að þeir sem uppfylla skilyrði fyrir því að fá sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík geta valið hvort þeir bíða

úthlutunar félaglegs leiguhúsnæðis eða leigi húsnæði að eigin vali á almennum markaði og fái sérstakar húsaleigubætur (Félagsþjónustan í Reykjavik, 2004b). Vistmannaráð eru nú víða starfandi á stofnunum fyrir aldraðra, en skv. lögum eiga fulltrúar þeirra rétt til setu á stjórnarfundum stofnananna (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999). Í þjónustu við fatlaða er um ákveðið valfrelsi að ræða varðandi liðveislu og sum sveitarfélög hafa þegar boðið foreldrum grunnskólabarna að velja skóla fyrir börn sín (Garðabær, 2004).

Könnun á stöðu notendavals

Í tengslum við samantekt á stöðu notendavals hér á landi voru félagsmálastjórum og helstu hagsmunafélögum aldraðara og fatlaðra sendur spurningalisti um stöðu notendavals þar sem spurt var um reynslu af notendavali/notendasamráði í þjónustu við fatlaða og aldraða. Einnig var spurt um umfang þess og hverjir væru kostir og gallar að mati svarenda. Alls voru 36 aðilum sendir spurningalistar en aðeins 12 svöruðu skriflega og þrír til viðbótar með símtali. Svörun var því afar dræm og kom í ljós að hugtakið notendaval var flestum framandi.

Niðurstaða könnunarinnar var sú að notendaval í þeirri merkingu að notendur geta valið um mismunandi þjónustutilboð er ekki til staðar í þjónustu við aldraða og fatlaða. Þó kom fram að notendaval væri iðkað með óformlegum hætti m.a. með því að fatlaðir réðu sjálfir hvernig þeir skipulögðu frekari liðveislu sem þeim hafði verið veitt. Dæmi voru einnig um að notendur gætu valið hvenær þeir fá þjónustu og í einstaka tilvikum hvaða starfsmaður sinnir henni. Margir töluðu um notendasamráð og mikilvægi þess að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu sem skipulögð er í nánu samráði við einstaklinginn og aðstandendur hans.

Flestir aðspurðra voru jákvæðir gagnvart notendavali, en töldu að vegna fámennis og fjarlægða milli staða víða á landsbyggðinni væri erfitt að koma við miklu valfrelsi á þjónustu og að ekki væri alltaf hægt að mæta óskum fólks þó svo að vilji væri fyrir hendi. Í nokkrum stærstu sveitarfélögunum er farið að undirbúa notendaval í heimaþjónustu og hafa forsvarsmenn þeirra farið í kynnisferðir til Norðurlandanna til að kynna sér þetta fyrirkomulag.

Lokaorð

Framkvæmd notendavals í þjónustu við aldraða er í þróun og eru skiptar skoðanir um ágæti þess. Hægt er að skoða þessa aðferð út frá mismunandi sjónarhornum og velta því fyrir sér hvaða áhrif notendaval kann að hafa á þjónustu við aldaðra. Sunnevåg (2003) telur að fjárhagsleg sjónarmið setji þær kröfur á þjónustuveitandann að hann veiti þjónustu af þeim gæðum sem notandinn sé ánægður með. Hann telur einnig að út frá persónulegu sjónarmiði geti aukið valfrelsi gefið einstökum notendum þá tilfinningu að þeir ráði meiru um eigin aðstæður og þar með aukið vellíðan þeirra og sjálfstæði. Út frá samfélagslegum og hugmyndfræðilegum sjónarhóli geti notendavalið hvatt til nýrrar hugsunar og skapað fjölbreytni. Það sé markmið í sjálfu sér að notendur geti sjálfir valið en ekki opinber forsjáraðili. Sparnaði hefur ekki verið haldið á lofti í sveitarfélögunum sem komið hafa notendavali á og að mati Sunnevågs er það staðfesting á því að valfrelsi feli ekki í sér fjárhagslegan sparnað.

Þar sem reynsla Norðurlandanna af notendavali er ennþá mjög takmörkuð hafa enn sem komið er fáar rannsóknir verið gerðar á þessu fyrirkomulagi. Nýlega var þó gerð rannsókn í Stokkhólmi á viðhorfi aldraðra til notendavals og breyttu hlutverki þeirra sem meta þjónustuþörfina. Þar kom í ljós að aldraðir eru ánægðir með að hafa möguleika á að velja, en raunin er sú að fáir notfæra sér valið. Mörgum þykir valið erfitt, finnst lítill munur vera á þeim aðilum sem bjóða þjónustu og vilja frekar fá að velja þann sem vinnur verkið en fyrirtæki sem stjórnar því. Þeim finnst það kostur að geta skipt um þjónustuveitanda ef þess gerist þörf. Þeir öldruðu notendur sem spurðir voru leggja ríka áherslu á að heimaþjónustan sé traust og að þjónustuveitandinn hafi aðsetur í nágrenninu (Hjalmarson, 2003).

Þeir sem hafa verið tortryggnir gagnvart notendavali hafa bent á að aðstæður og geta hinna öldruðu notenda væri mismunandi og að valfrelsi sé varla fyrir hendi hjá mörgum vegna heilsubrests. Til þess að geta valið þarf viðkomandi einnig að vera vel upplýstur um hvaða þjónusta er í boði og hvernig hún er útfærð. Víða getur notandinn keypt sér þjónustu aukalega hjá þjónustufyrirtækinu og hafa margir bent á að slíkt geti skapað mismunun, þannig að þeir sem hafi ráð á að kaupa viðbótarþjónustu fái betri þjónustu en þeir sem eingöngu geta nýtt sér þá þjónustu sem sveitarfélagið veiti þeim leyfi til að kaupa. Þetta fyrirkomulag þykir einnig auka á skrifræði og starfsmönnum finnst þeir alltaf vera í tímaþröng.

Eins og fram kom í fyrrgreindri rannsókn er einn af kostunum við notendaval talinn vera sá að notendur geta skipt um þjónustuveitendur og að

samkeppnin auki fjölbreytileika og hvetji til aukinna gæða. Í umræðunni um notendaval er spurt hvort þörfum eintaklingsins fyrir hjálp og stuðning sé nógu vel sinnt og hvort heildarsýn skorti í aðstoð við þá sem eru með fjölþætta þjónustuþörf. Þegar fjöldi þeirra sem veitir þjónustuna í sveitarfélaginu eykst verður erfiðara að halda sambandi við aðra þjónustuveitendur í því t.d. heimilslækna.

Í lögum um málefni aldraðra segir, að við framkvæmd laganna skuli þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999). Með þessu ákvæði er áhersla lögð á að aldraðir ráði högum sínum sjálfir og að sjálfsögð mannréttindi séu ekki brotin á þeim vegna aldurs. Í nýlegri íslenskri rannsókn um sjálfræði aldraðra kom fram að sjálfræði vistfólks á hjúkrunarheimilum er á margan hátt verulega skert og að þeir gefi upp sjálfræði sitt fyrir aukið öryggi (Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason 2004). Hugmyndin um notendaval er í raun svar við því sem fram kemur í rannsókninni að aðlaga þurfi þjónustuna betur að óskum fólksins. Það bendir til þess að hugmyndin sé tímabær og að vitund og mótttökuskilyrði séu fyrir hendi. Með auknu valfrelsi aldraðra notenda og meiri kröfum til þjónustuveitenda um að standa sig verður hugsanlega hægt að stuðla að öruggari þjónustu og hvetja og styðja aldraða til að ráða meiru um eigin aðstæður.

Augljóst er að áhuginn á notendavali fer vaxandi. Hvað varðar íslenskar aðstæður þá má búast við að notendaval í þjónustu við aldraða komist í framkvæmd hjá stærstu sveitarfélögunum á næstu árum. Hjá minni sveitarfélögum er þess þó varla að vænta vegna fámennis þeirra og fjarlægða milli staða.

Þó svo að ekki verði hægt að koma á notendavali nema í stærstu sveitarfélögum landsins getur umræðan um það orðið til þess að virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti aldraðra aukist og að aldraðir ákveði meira sjálfir hvað þeir vilja fá aðstoð við og hvernig sú aðstoð er framkvæmd. Hvort sú umræða skilar sér í bættri þjónustu og aukinni vellíðan aldraðra mun tíminn leiða í ljós.

Heimildir

Ankestyrelsen. (2004). *Frit valg i ældreplejen - erfaringer fra landets kommuner.* Köbenhavn: Höfundur.

Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason. (2004). *Sjálfræði og aldraðir í ljósi íslenskra aðstæðna.* Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Edebalk, P.G. og Svensson, M. (2002). Äldreomsorg och kundval. Är kundval applicerbart i äldreomsorgen? Bilaga 2 i: *Vårda och skapa konkurrens. Vad krävs för ökad konsumentnytta?* (Rapportserie 2002:2). Stockholm: Konkurrensverket.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. (2003). *Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015.* Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Hjalmarson, I. (2003). *Kundval - en reform söker sin form. En utvärdering av kundvalsmodellen i Stockholms stad.* (Rapport 2003:4). Stockholm: Stiftelsen Äldrecentrum.

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsþjónustan í Reykjavík. (2004a). *Starfsáætlun 2004.* Reykjavík: Höfundur.

Félagsþjónstan í Reykjavík. (2004b). *Sérstakar húsaleigubætur.* Reykjavík: Höfundur.

Garðabær (e.d.).

Sótt 26. júní 2004 af http://www.gardabaer.is/displayer.asp?cat_id=8

Halldór S. Guðmundsson. (1990). *Breytt dvalarheimili með aukinni virkni aldraðra. Tilraunaverkefni á Dalbæ, heimili aldraðra, sem fram fór 1. maí 1989 til 1. maí 1990.* Dalvík: Höfundur.

Socialstyrelsen (2004). *Konkurrensutsättning och entreprenader inom äldreomsorgen. Utvecklingsläget 2003.* (artiklenr. 2004-131-12). Stockholm: Höfundur.

Szebehely, M. (2003). Den nordiska hemtjänsten- bakgrund och omfattning. Í Szebehely, M. (Ritstj.) *Hemhjälp i Norden- illustrationer och reflektioner.* Lund: Studentlitteratur.

Sunnevåg, K.J. (2003). *Kommunal tjensteyting og friere brukervalg.* SNF- rapport nr. 29/03. Bergen: Samfunns- og næringslivsforskning AS.

Söderström, L., Andersson, F., Edebalk, P.G., og Kruse, A.(2001). *Privatiseringens gränser: Perspektiv på välfärdspolitiken. Välfärdspolitiska rådets rapport 2000.* Stockholm: SNS förlag.

Rannsókn á fræðastörfum íslenskra félagsráðgjafa

Sigrún Júlíusdóttir

Á síðustu áratugum hefur orðið snörp framvinda í fræðaþróun félagsráðgjafar. Saga greinarinnar er um aldarlöng en upphaf hennar tengist samfélagsumbreytingum og áður óþekktum félagslegum aðlögunarvanda sem fylgdi í kjölfar iðnbyltingar og heimstyrjaldanna tveggja. Félagsráðgjöf sótti hugmyndafræði sína til heimspekikenninga og mannúðarstefnu um félagslegan jöfnuð og áherslu á rétt manna til heilbrigðis og mannsæmandi lífs. Siðferðileg gildi og íhlutun um réttarstöðu og velferð skjólstæðinga mörkuðu þannig normatívan grunn fremur en empírískar rannsóknir fyrir mótun fagsins, aðferðaþróun og meðferðarstarf með skjólstæðingum. Þessi grunnur hefur verið styrkur og hindrun í senn í fræðilegri þróun greinarinnar (Sigrún Júlíusdóttir, 1996 og 2004). Þótt faglegt nám í félagsráðgjöf hafi víða verið sett á laggirnar um aldamótin, m.a. í Hollandi 1895, þá verður greinin ekki hákólafag fyrr en seinna. Á Norðurlöndum var möguleiki á fagmenntun til embættisprófs frá 1921 og á doktorsnámi frá 1976 þegar fyrsta prófessorsstaðan í greininni er skipuð í Svíþjóð (Dellgran & Höjer, 2000). Krafa um meistaranám til að stunda faglega viðurkennda félagsráðgjöf hefur verið viðmið í Bandaríkjunum frá 1938. Nám í félagsráðgjöf var sett á laggirnar við Háskóla Íslands um 1980.

Í Evrópu hefur hin akademíska þróun greinarinnar verið öflugust í Svíþjóð. Hin Norðurlöndin hafa fylgt á eftir en með ólíkum hætti og töluverðum mismun hvað snertir starfstengingu, fræðimennsku og rannsóknaþróun (Juliusdottir & Petterson 2003 og 2004). Áherslan á samræmda og sambærilega þróun æðra náms innan Evrópu hefur átt sinn þátt í því að umræða um almenn viðmið og gæðakröfur hefur fengið byr undir báða vængi en mikill munur er á skipulagi og gæðum félagsráðgjafarnáms í Evrópu (Wöbecke, 2003). Nauðsynlegt er að hvert land viti hver staða þess er og hvernig megi nálgast sameiginleg viðmið (The Bologna Report, 1999, IASSW/IFSW, 2002; Sewpaul, 2002).

Rannsóknum hefur vaxið fiskur um hrygg á Norðurlöndum og bera ný samtök og stofnanir þess vitni (vefslóðir Forsa Norden; Is-Forsa). Síðustu ár hafa hugmyndir um nauðsyn gæðamats á rannsóknum á sviði félagsvísinda, ekki síst hinum starfstengdu rannsóknum í félagsráðgjöf, verkað hvetjandi bæði fyrir eflingu þeirra og bætt gæðaeftirlit. Gæðamatsstofnunin Campbell Collaboration (Vefslóð, NC2) hefur þegar haft nokkur áhrif um að stefnumörkun og aðferðaval í félagsþjónustu grundvallist á marktækum rannsóknum (Sigrún Júlíusdóttir ofl., 2004).

Félagsráðgjöf svipar í mörgu til þróunar skyldra, en eldri, starfs- og fræðigreina eins og, hjúkrunar-, læknis-, lög,- og sálfræði. Margir virðast bera vissan kvíðboga fyrir því að með aukinni áherslu á rannsóknarþáttinn í félagsráðgjöf víki mannúðin og „handverkið" fyrir áherslu á „sannreyndar aðferðir" og að fagið skiptist upp í „fótgönguliið" og „flugheri". Fagleg umræða og þróun rannsókna-og fræðirita í félagsráðgjöf endurspegla glöggt hvert stefnir en jafnframt örlar ávallt á ákveðinni gjá milli „fræða og fags". Þetta snýst annars vegar um menntun og sérhæfingu, og virðingarsess útfrá því, en líka að áhugi og áhersla á fræðastörf kunni að fylgja einu starfssviði frekar en öðru. Ný rannsókn sem Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa lét vinna í tengslum við 40 ára afmæli félagsins 2004 gefur heildarmynd og marvíslegar upplýsingar sem þessu tengist (IMG Gallup, 2003). BA-verkefni Kristínar Ólafsdóttur (2002) þar sem framkvæmd var símakönnun og rætt við alla félagsmenn gaf sömuleiðis gegnlegar upplýsingar um stöðu fagsins.

Þessi atriði voru megin hvatinn til þess að vinna rannsóknina sem er kynnt hér á eftir. Í kynningunni er greint frá fyrstu niðurstöðum. Nánari úrvinnsla niðurstaðna liggur ekki fyrir en verður birt síðar.

Markmið og aðferð

Meginmarkmið rannsókarinnar var að kortleggja heildarmynd faghópsins hvað áhrærir menntun, starfssvið, starfsþjálfun og rannsóknir til þess að fá vitneskju um *í hvaða mæli og hvernig íslenskir félagsráðgjafar eru fræðilega sinnaðir*. Í þessu felst í hvaða mæli félagsráðgjafar nota fræðilega þekkingu í daglegum störfum sínum og hvernig þekking og reynsla á vettvangi tengist fræðilega hluta námins ásamt því hvernig fagleg störf eru tengd rannsóknum?

Mælikvarði á fagvitund og fræðilega sinnun um þróun greinarinnar, var þátttaka í nýliðun, þ.e. kennsla félagsráðgjafarnema á vettvangi og samvinna við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Mælikvarðar á fræðilega áherslu var framhaldsnám, áskrift og notkun fræðilegs efnis úr fagtímaritum, þátttaka í

fag-og rannsóknarmálstofum. Mælikvarðar á rannsóknarvirkni voru notkun rannsóknarniðurstaðna í faglegum störfum, sóttar rannsóknaráðstefnur og þátttaka í rannsóknarverkefnum.

Aðferð. Könnunin var framkvæmd fyrri hluta árs 2003 í samvinnu við Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, m.a. tengt 40 ára afmæli SÍF 2004. Spurningalisti var sendur á netinu til heildarfjölda skráðra félaga í SÍF, þ.e., 274 löggildra félagsráðgjafa. Ítrekanir voru endurteknar þar til svarshlutfall var fullnægjandi. Endanlegur fjöldi svara úr heildarþýðinu 274 var 191, eða um 70%.

Spurningalistinn var 60 atriði í 6 hlutum. Í fyrsta hluta voru tíu spurningar um bakgrunnsbreytur. Í öðrum hluta voru tíu almennar staðhæfingar um starfsþjálfun og vægi hennar í náminu. Í þriðja hluta voru þrettán staðhæfingar um forsendur og kröfur í starfsþjálfunarkennslu á vettvangi. Í fjórða hluta voru fimmtán staðhæfingar um eigin reynslu af rannsóknum og fræðastörfum. Í fimmta hluta voru tíu staðhæfingar um almenn viðhorf um stöðu og vægi rannsókna í félagsráðgjöf. Sjötti og síðasti hlutinn var tvær opnar spurningar. Í heild var spurningalistanum vel og vandlega svarað þannig að innra brottfall var lítið.

Með hinni góðu svarsþátttöku endurspeglar svarshópurinn heildarmynd íslenskra félagsráðgjafa og ekki ástæða til fyrirvara um almennar ályktanir um niðurstöður.

Niðurstöður

Kyn svarenda skiptist í 93% konur og 7% karla. Meðalaldur var 45 ár. Í mynd eitt kemur fram að íslenskir félagsráðgjafar eru fremur ungur starfshópur. Flestir, eða 46%, eru yngra fólk sem hefur minna en 12 ára starfsreynslu, hjá 25% voru meira en 20 ár liðin frá námslokum en hinir dreifðust þar á milli.

Starfssvið. Í mynd tvö kemur fram að stærsti hópur félagsráðgjafa, eða 45%, starfar við félagsþjónustu sveitafélaga, um þriðjungur í heilbrigðisþjónustu og við fötlunarmál, en 18% við stjórnun og fræðslu. Lítill hópur starfar við óvenjulegri félagsráðgjafarstörf.

Menntun og sérhæfing. Í mynd þrjú sést að meiri hluti félagsráðgjafa, eða 62%, hefur lokið fjögurra ára löggildu starfsréttindanámi frá Háskóla Íslands. Um þriðjungur hefur lokið námi á Norðurlöndum og lítill hluti frá öðrum löndum. Um 40% hafa lokið framhaldsnámi, þar af 24% meistaragráðu

(MSW, MA, MSc, MPH, MPA etc.) og 16% lengra endurmenntunarnámi (2-4 misseri). Nokkrir hafa doktorspróf.



Mynd 1. Fjöldi ára frá útskrift. Starfsaldur.



Mynd 2. Starfssvið.



Mynd 3. Framhaldsnám.



Mynd 4. Starfsþjálfunarkennsla. Fjöldi skipta.

Starfsþjálfunarkennarar. Á mynd fjögur kemur fram að nákvæmlega helmingur svarenda hefur tekið að sér starfsþjálfunarkennslu og ívið fleiri hafa hlotið þjálfun sem verðandi starfsþjálfunarkennarar við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Hinn helmingurinn hafði enga reynslu af starfsþjálfunarkennslu en meiri hluti þess hóps, eða 64% gaf upp að „þeir hefðu hugleitt það".

Almenn viðhorf um vægi starfsþjálfunar í félagsráðgjafarnámi

Viðhorf til þess vægis sem félagsráðgjafar telja að starfsþjálfun skuli hafa í náminu kemur glöggt fram í töflu 1.

Tafla 1. Almenn viðhorf um vægi starfsþjálfunar. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að taka nema	70	15	15	100
Allir félagsráðgjafar ættu að geta tekið nema	24	11	65	100
Starfsþjálfun er jafn mikillvæg og fræðilegi hluti námsins	87	5	8	100
Starfsþjálfun þarf að tengjast fagþróun og rannsóknum	81	13	6	100
Starfsþjálfuninni þarf að gera hærra undir höfði en nú er gert í félagsráðgjafarnámi við H.Í.	44	39	17	100
Starfsþjálfun fær of mikið vægi/ hlutfall í náminu (1,5 misseri af 8)	4	19	77	100
Starfsþjálfunin er besta tækið til að móta sterka starfsímynd	73	19	8	100
Starfsþjálfunin er heppilegt tæki til að móta vitund um gildi þess að tengja faglegt staft við fræðilega þekkingu og rannsóknir	90	5	5	100
Starfsþjálfunin er heppilegt tæki til að þjálfa rannsóknarfærni	54	28	18	100
Starfsþjálfunin ætti í meira mæli að felast í æfingum/klínískri þjálfun í kennslu í H.Í.	28	31	41	100

Langflestir, eða 90% álíta vettvangsþjálfun vera heppilegt tæki til að móta vitund um gildi þess að tengja faglegt starf við fræðilega þekkingu og rannsóknir, en um 75% álítur starfsþjálfunina besta tækið til að móta sterka fagímynd. Þannig álíta líka flestir eða 87% starfsþjálfunina jafn mikilvæga og fræðilega hlutann í námi félagsráðgjafa og mjög fáir eru sammála staðhæfingu um að hún fái of mikið vægi í námstímanum. Meiri hluti eða 70% álítur að aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að geta tekið nema. Hins vegar telur fremur lítill hluti, eða 17%, að starfsþjálfuninni þurfi að gera hærra undir höfði en nú er gert við Háskóla Íslands. Innan við þriðjungur er sammála því að starfsþjálfunin ætti í meira mæli að felast í æfingum/klínískri þjálfun í kennslu innan HÍ og 41% eru beinlínis ósammála því. Rúmlega helmingur svarenda telur starfsþjálfunina heppilegt tæki til að þjálfa rannsóknarfærni en hinir eru óvissir eða ósammála (á fjórða ári vinna nemendur rannsóknarverkefni tengt starfsþjálfun).

Um framkvæmd starfsþjálfunarkennslu á vettvangi

Eins og fram kemur í töflu 2 gefur svarsmynstrið í þessum hluta samræmda heildarmynd. Langflestir félagsráðgjafar eru sammála því að forsenda þess að starfsþjálfun heppnist sé að starfsþjálfunarkennari hafi ánægju af að miðla þekkingu sinni, hafi trausta starfsímynd og finni til ábyrgðar gagnvart nýliðun í greininni ásamt því að HÍ undirbúi starfsþjálfunina og fylgi henni markvisst eftir í nánu samstarfi (fundir, málstofur, rannnsóknasamvinna). Sömuleiðis er samhljómur um mikilvægi þess að hlutverk starfsþjálfunarkennara sé formlega viðurkennt innan eigin stofnunar, þeir fái laun fyrir verkefnið og að það sé formlegur samningur milli stofnunar og HÍ ásamt því að HÍ geri strangar kröfur og velji út heppilega starfsþjálfunarkennara. Minna vægi fá atriði eins og að starfsþjálfunarkennari sé formlega viðurkenndur af HÍ og einnig að hann sinni sjálfur fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum.

Um eigin reynslu félagsráðgjafa af rannsóknum

Svörin í þessum hluta sýna all breiða mynd af margvíslegum tengslum við fræði og rannsóknir eins og fram kemur af töflu 3. Þegar atriðin eru skoðuð eftir tíðni er algengast að þátttakendur séu (alltaf eða oft) sammála staðhæfingunni um notkun netsins til að afla fræðilegrar þekkingar. Rúmlega helmingur les fagtímarit um efni tengt faglegu starfi en heldur minni hluti, eða 39%, styðst við niðurstöður rannsókna í daglegum störfum og miðlar fræðilegu efni til samstarfsfólks og nema.

Tafla 2. Um framkvæmd starfsþjálfunar á vettvangi. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Merktu við um álit þitt á eftirfarandi atriðum um það sem þér finnst skipta máli til að starfsþjálfun í félagsráðgjafarnámi heppnist;				
Að starfsþjálfunarkennari hafi hlotið þjálfun frá Félagsráðgjöf H.Í.	75	16	9	100
Að starfsþjálfunarkennari hafi trausta starfsímynd	95	2	3	100
Að starfsþjálfunarkennari hafi ánægju af að miðla þekkingu sinni og reynslu	96	1,5	2,5	100
Að starfsþjálfunarkennari finni til ábyrgðar gagnvart nýliðun í greininni (efla hana og stækka)	96	1,5	2,5	100
Að hlutverk starfsþjálfunarkennara sé formlega metið á vinnustaðnum (t.d. ákv. starfshlutfall eða skilgreind staða)	87	8	5	100
Að starfsþjálfunarkennari fái laun fyrir verkefnið	90	5	5	100
Að starfsþjálfunarkennari sé viðurkenndur sem (stunda)kennari í H.Í.	43	31	26	100
Að starfsþjálfunarkenni sinni (fag) þróunar- eða rannsóknarverkefnum samhliða starfi	41	34	25	100
Að stofnunin sem tekur nema sækist eftir verkefninu	72	24	4	100
Að náið samstarf sé á milli starfsþjálfunarkennara og H.Í. (fundir, málstofur, rannsóknarvinna)	88	9	3	100
Að formlegur samstarfssamningur sé gerður milli stofnunar og H.Í.	86	12	2	100
Að Félagsráðgjöf H.Í. undirbúi og fylgi starfsþjálfun markvisst eftir á tímabilinu	95	3	2	100
Að Félagsráðgjöf H.Í. geri strangar kröfur og velji út heppilega/óheppilega starfsþjálfunarkennara	83	11	6	100

Tafla 3. Um rannsóknir og félagsráðgjafarstörf. Hlutföll. N=191.

	Alltaf Oft	Stundum Sjaldan	Aldrei	Samtals
Merktu við í hvaða mæli eftirfarandi á við um þig:				
Tek þátt í fræðslustarfi SÍF (fundum og ráðstefnum)	36	61	3	100
Sæki aðrar fag- fræðiráðstefnur	48	51	1	100
Sæki erlendar fagráðstefnur	14	61	25	100
Sæki erlendar rannsóknarráðstefnur	3	48,5	48,5	100
Styðst við niðurstöður rannsókna í daglegum störfum	39	60	1	100
Nota netið til að afla fræðilegrar þekkingar	60	39	1	100
Les tímaritsgreinar um efni tengt daglegum störfum	53	47	0	100
Miðla fræðilegu efni til nema sem eru í starfsþjálfun hjá öðrum	14	59	27	100
Miðla fræðilegu efni til samstarfsfólks	38	60	2	100
Vinn að fagþróunarverkefnum í tengslum við fagleg störf	29	61	10	100
Vinn að rannsóknarverkefnum í tengslum við fagleg störf	11	52	37	100
Hef aðstöðu til að sinna fræðilegum verkefnum	12	70	18	100
Hef áætlanir um að vinna fagþróunar- eða rannsóknarverkefni	40	53	7	100
	Já	Nei	Á ekki við	Samtals
Er áskrifandi að erlendu faglegu tímariti, öðru en N.S.A.	26	73	1	100
Miðla fræðilegu efni til eigin nema í starfsþjálfun	37	2	61	100

Tæpur helmingur sækir fagfræðilegar ráðstefnur en aðeins lítill hluti eða 14% sækir erlendar fagfræðilegar.ráðstefnur og enn færri erlendar rannsóknaráðstefnur. Rúmur fjórðungur er áskrifandi af erlendu fagtímariti. Þótt aðeins 12% segist hafa aðstöðu til að sinna fræðilegum verkefnum og svipaður fjöldi, eða 11%, segist í reynd vinna að rannsóknarverkefnum í tengslum við dagleg störf þá segjast mun fleiri, eða tæpur þriðjungur vinna að fagþróunarverkefnum tengdum starfinu og um 40% segjast hafa fyrirætlanir um að vinna að fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum

Tafla 4. Almenn viðhorf til rannsókna og fræðimennsku í félagsráðgjöf. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Félagsráðgjafar almennt ættu að taka meiri þátt í rannsóknarstarfi	85	14	1	100
Yfirmenn þurfa að auðvelda félagsráðgjöfum að sinna rannsóknum samhliða starfi	88	11	1	100
Félagsráðgjafar þurfa betri fræðilegan undirbúning til að geta sinnt rannsóknarstörfum	47	31	22	100
Þátttaka í rannsóknarstarfi er öflug leið til að styrkja stöðu fagsins	95	3	2	100
Rannsóknir eru mikilvægur hluti í starfi félagsráðgjafa sem fagmanns	79	17	4	100
Þátttaka í rannsóknarstarfi skiptir miklu fyrir starfsfullnægju	57	32	11	100
Það er mikilvægt að tengja rannsóknir og fagleg störf í náminu við H.Í.	92	6	2	100
Rannsóknir og fræðileg áhersla er of mikil í námi félagsráðgjöf við H.Í.	5	46	49	100
Aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að stunda eigin rannsóknir	22	32,5	45,5	100
Það er hægt að vera góður fagmaður án þess að byggja á fræðiþekkingu	16	13	71	100

Viðhorf til rannsóknavinnu og fræðastarfa í félagsráðgjöf

Af töflu 4 má sjá að almenn viðhorf til rannsóknavinnu og fræðastarfa í félagsráðgjöf reyndust mjög jákvæð þegar á heildina er litið. Langflestir eða 88-95% eru sammála staðhæfingum um að þátttaka í rannsóknum sé öflug leið til að styrkja stöðu fagsins, það sé mikilvægt að tengja rannsóknir og fagleg störf náminu í HÍ. Meiri hluti, eða 85%, er einnig sammála því að félagsráðgjafar ættu að taka meiri þátt í rannsóknastarfi og að rannsóknir séu mikilvægur hluti í starfi félagsráðgjafa sem fagmanns en telja að yfirmenn þurfi að auðvelda félagsráðgjöfum að sinna rannsóknum samhliða starfi. Rúmum helmingi finnst að þátttaka í rannsóknum skipti miklu fyrir starfsfullnægju en um þriðjungur er óviss um álit sitt á því. Í samræmi við þessi svör er líka meiri hluti, 70%, ósammála því að það sé hægt að vera góður fagmaður án þess að byggja á fræðiþekkingu og fáir eru sammála því að of mikil áhersla sé á fræðilega þekkingu og rannsóknir í félagsráðgjafarnámi, en 46% eru þó óviss. Svo virðist sem flestir félagsráðgjafar álíti menntun sína nægilegan undirbúning til að stunda rannsóknastörf, en þó telja 22% að aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að stunda rannsóknir.Vísbendingar eru um að félagsráðgjafar með lengri starfsaldur taki dýpra í árinni um vægi rannsókna og fræðastarfa og sinni þeim meira.

Opnar spurningar

Nær allir svöruðu opnu spurningunum ítarlega, annarri þeirra eða báðum. Í hinni fyrri voru þátttakendur beðnir að nefna þrjú atriði sem þeir töldu vera mælikvarða á faglegri færni. Svöruðu henni 188 samviskusamlega og útskýrðu oft álit sitt nánar. Atriðunum sem nefnd voru var skipt í fimm flokka: *Nám.* Formlegt nám til meistaragráðu; sérhæfð endurmenntun. *Eigin fagþróun og starfsímynd.* Að þróa sig gegnum (fag)handleiðslu; fylgjast með nýrri þekkingu; sækja fundi og málþing; tengja sjálfur fræði og fag; faglegt innsæi og vökull áhugi; þekkja eigin takmörk og setja mörk í starfi. *Fagheiður og siðvitund.* Viðurkenning og virðing fyrir faglegum gildum félagsráðgjafar og virðing gagnvart skjólstæðingum; beita heildarsýn og kerfisnálgun í samræmi við grunnhugmyndafræði félagsráðgjafar. *Aðferðafærni.* Færni í samskiptum, greiningu, mati og viðtalstækni. *Starfsumhverfi.* Metnaðarfullur og fær yfirmaður; styðjandi og hvetjandi andrúmsloft.

Í seinni spurningunni voru þátttakendur inntir eftir eigin tillögum um starfsþjálfun og rannsóknarþróun. Þeir 72 sem svöruðu settu fram margvíslegar hugmyndir, oft í löngu máli. Svörin voru flokkuð í eftirfarandi fimm þemu: Starfsþjálfun er *veigamikill hluti félagsráðgjafarnámsins* og markvissasta

leiðin til að skapa faglega færni; þjálfa *beitingu aðferða* í félagsráðgjöf m.a. heildarsýn, þverfaglegt samstarf, teymisvinnu og faglega beitingu úrræða og aðferða; *opna breiða sýn* í daglegu starfi félagsráðgjafans með því að nemar myndi tengsl við mörg kerfi og margar samvinnustofnanir; *veita rannsóknarþjálfun* sem er vettvangstengd og hefur raunverulegan tilgang; háskólakennarar í félagsráðgjöf eru mikilvæg *fyrirmynd* í fræðunum en starfsþjálfunarkennarar þurfa að beita sér meira í mótun fagímyndar, á vettvangi og í stundakennslu.

Samantekt, umræða og ályktanir

Niðurstöður rannsóknar á heildarfjölda íslenskra félagsráðgjafa eru í stuttu máli þessar: (i) tiltölulega hátt hlutfall hefur framhaldsmenntun að loknum löggildum starfsréttindum. (ii) Almennur áhugi og fræðileg sinnun um þróun greinarinnar kemur glögglega fram í virkri þátttöku í nýliðun greinarinnar. (iii) Viðhorf félagsráðgjafa til fræðastarfa eru mjög jákvæð þegar á heildina er litið. Yfirgnæfandi meiri hluti telur rannsóknir öfluga leið til að styrkja fagið og finnst að félagsráðgjafar ættu að taka meiri þátt í rannsóknarstarfi. (iv) Borið saman við það eru tengsl félagsráðgjafa við fræði í daglegum störfum og rannsóknavirkni þeirra í reynd fremur lítil.

Svörin við opnu spurningunum gáfu samstæða heildarmynd og samhljóða viðhorf sem í raun endurvörpuðu og staðfestu bundnu svörin.

Verða nú þessar meginniðurstöður skoðaðar nánar og leitast við að draga af þeim ályktanir. Hvað áhrærir menntun félagsráðgjafa er óhætt að segja að sókn þeirra bæði í endurmenntun og formlegt framhaldsnám til háskólagráðu auk sérhæfingar er mikil, ekki síst miðað við hversu nýlegt námið er hér á landi. Aðeins 13 ár eru liðin síðan fyrst var ráðinn lektor til að móta námið og prófessor hefur verið í greininni í fimm ár. Svo virðist sem hlutfall þeirra sem ljúka formlegri framhaldsgráðu, þ.e. til meistara- og doktorprófs, fari ört vaxandi. Frá því könnunin var send út er kunnugt um að tveir (til viðbótar) hafa lokið doktorsprófi og vitað er um þrjá að auki sem stunda doktorsnám erlendis. Um 23% svarenda segist hafa lokið meistaragráðu í félagsráðgjöf eða á sviði tengdu starfinu (stjórnun, heilbrigðisfræði, ákveðið meðferðarform osfrv). Hlutfallslega færri á sviði félagsþjónustu en á öðrum starfsviðum félagsráðgjafar luku meistaranámi en þeir sóttu hins vegar frekar endurmenntun. Í könnun Kristínar Ólafsdóttur (2002) kom fram að rúm 20% höfðu lokið meistaragráðu árið 2000 og einnig var skipting milli starfssviða svipuð. Í áðurnefndri IMG könnun (2003) kom fram mun lægri tala, þ.e. um

17%, sem sögðust hafa lokið framhaldsnámi (í félagsráðgjöf). Hins vegar höfðu 92% stundað framhaldsnám eða sótt námskeið s.l. tvö ár. Hlutfall félagsráðgjafa erlendis sem hafa lokið meistaranámi, t.d. í Svíþjóð er mun lægra, eða 7%. Hlutfall þeirra sem hafa lokið doktorsprófi þar er á hinn bóginn mun hærra (Dellgran & Höjer, 2000 og 2003).

Árið 2003 var í fyrsta sinn boðið uppá framhaldsnám til MSW gráðu við Háskóla Íslands. Fimmtán stunda nú námið, flestir af heilbrigðis- og skóla--sviði en þrír úr félagsþjónustu. Álíka stór hópur stundar einstaklingsbundið MA-námi, meiri hluti á sviði öldrunarfræða. Möguleiki á framhaldsnámi hérlendis er mikilvæg forsenda, ekki síst þar sem um kvennastétt er að ræða. Annað sem verkar vafalaust hvetjandi er nýleg reglugerð um sérfræðiréttindi. Samkvæmt henni er gerð krafa um meistarapróf og birtingu fræðilegrar ritsmíðar.

Áhugi og viðurkenning starfsþjálfunarkennara á vægi nýliðunar í faginu og samstarfi við HÍ í því efni kemur fram í því að helmingur félagsmanna hefur reynslu sem starfsþjálfunarkennari og ekki minna en 64% hins helmingsins kvaðst hafa „hugleitt það". Þessi virka þátttaka og ákveðnu skoðanir benda vissulega til sterkrar fagvitundar og ábyrgðarkenndar gagnvart þróun greinarinnar eins og líka er staðfest í opnu svörunum. Hér kemur vafalaust margt til. Eitt er að margir af reyndari félagsráðgjöfunum hafa hlotið menntun sína erlendis og kunna því að hafa sérstakan áhuga á að miðla og láta til sín taka í náminu hér heima. Þá er vert að nefna að félagsráðgjöf Háskóla Íslands hefur mótað markvissa stefnu í að byggja upp, styðja og halda í fastan hóp starfsþjálfunarkennara. Haldin eru regluleg námskeið fyrir þá að kostnaðarlausu og gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjölmargar stofnanir um vettvangsþjálfun og rannsóknarverkefni nema. Haldnar eru fræðilegar málstofur og fundir með starfsþjálfunarkennurunum þar sem lærdómsferli nema er fylgt eftir. Í samvinnu við starfsþjálfunarkennara hafa verið mótuð matstæki og viðmið um framvindu og námsmat. Þannig hafa þeir einnig orðið virkir þátttakendur í stefnumörkun um inntöku, faglega hliðarvörslu og samþættingu fræða og fags (Sigrún Júlíusdóttir ofl. 2002). Þótt þessi vinna sé krefjandi fyrir litla háskólagrein skilar hún sér í gildi þeirrar sérþekkingar sem byggist upp með samfellunni. Sparnaður verður á tíma og kröftum þegar til lengri tíma er litið, auk þeirrar starfsfullnægju sem slíkt „foreldrasamstarf" skilar. Smæð faghópsins skiptir hér vafalaust líka miklu. Nálægð við náungann er mikil og „við-tilfinning" um að vinna að sama marki þróast auðveldar. Í norrænu samstarfi um félagsráðgjafarnám hefur starfsþjálfunarkennsla verið áleitið viðfangsefni. Fram hefur komið að oft reynist þar erfitt að fá reynda félagsráðgjafa til að

taka að sér þetta hlutverk oftar en einu sinni. Flestir eru þó jákvæðir gagnvart því og hafa prófað það, einkum á fyrri hluta starfsferilsins, en finnst það síðan mikil ábyrgð og of krefjandi með þungu starfi (Yng, 1998).

Hin almenna ánægja sem fram kemur með sess starfsþjálfunar, tímalengd hennar og vægi í náminu þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess sem vikið var að hér að framan um áhuga og virka þátttöku félagsráðgjafa í mótun og framkvæmd starfsþjálfunar.

Hvað viðvíkur hugmyndum um hvað skipti mestu til að starfsþjálfun heppnist vel virðist í stuttu máli sem aðstaða, þ.e. ytri umgjörð og stuðningur auk eigin hæfni vegi þyngra en formlegur sess að mati félagsráðgjafanna.

Mælikvarðar á fræðimennsku og rannsóknarvirkni benda til að jákvæðar hugmyndir og viðhorf félagsráðgjafa í þeim efnum gangi mun lengra en starfsemi þeirra í reynd. Vísbendingar eru um að reyndari félagsráðgjafar sýni meiri samkvæmni í viðhorfum og verki en þeir yngri. Þetta kann að tengjast því að áhugi á skjólstæðingsvinnu höfði sterkar í upphafi starfsferils en reynslan kenni að fræðileg þekking styrki í þungu starfi og að rannsóknarspurningar vaxi fram úr reynslunni. Það er umhugsunarefni að bæði sókn í framhaldsnám og virkni í fræðastörfum og rannsóknum virðist frekar tengjast einum starfsvettvangi en öðrum innan fagsins. Hugsanlegt er að skjólstæðingsvinna höfði meira til sem þess hóps sem ræðst til starfa í almennri félagsþjónustu og að fagumhverfið býr ekki að hefð fyrir rannsóknarvinnu líkt og t.d. heilbrigðisþjónusta. Þetta atriði þarfnast frekari rannsókna. Eins og sagt var frá í inngangi er aukin krafa um sannreyndar rannsóknir til grundvallar stefnumörkunar og aðferðavals í félagsþjónustu líkleg til að hafa hér vaxandi áhrif (Mullen, 1993).

Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar veita mikilvægar upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar. Þær benda bæði til styrkleika og veikleika. Styrkurinn kemur fram í ákveðnum og samfelldum hugmyndum um faglega færni og fagsiðfræði en ekki síður á hugmyndalegri áherslu þeirra á vægi fræðilegrar þekkingar og rannsókna fyrir greinina. Annars staðar hefur einnig komið fram að félagsráðgjafar búa yfir meiri þekkingu á handleiðslumálum en skyldar hjálparstéttir (Sigrún Júlíusdóttir, 2000). Þeir eiga kost á handleiðslu sjálfir í 77% tilvika og nýta sér það (IMG Gallup, 2003).

Nokkur atriði geta bent til ákveðinna efasemda eða eigin óöryggis gagnvart rannsóknarverkefnum.

Það vekur athygli að flestir telja að félagsráðgjafar *ættu* að taka meiri þátt í rannsóknum og að rannsóknir *ættu* að vera órofa þáttur í faglegu starfi félagsráðgjafa en mun færri telja þetta þó forsendu fullnægju í starfi. Um 40% segjast hafa hug á að sinna fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum en aðeins

11% gera það í reynd. Tæpur fjórðungur telur að þurfi meiri þekkingu til að stunda rannsóknir, en benda má á að nemendur í félagsráðgjöf taka öll námskeið í rannsóknaraðferðum félagsvísinda í grunnnámi og eitt sérnámskeið um rannsóknir í félagsráðgjöf að auki. Þar er sérstök áhersla á hlutverk rannsókna og tengsl við fagmennskuhugtakið. Lang flestir telja að yfirmenn ættu að auðvelda rannsóknarvinnu samhliða starfi. Þrátt fyrir að mikill samhljómur sé um vægi starfsþjálfunar fyrir tengingu fræða og fags þá er minna um að hún sé talin besta tækið til að móta sterka fagímynd. Ákveðið misræmi kemur einnig fram í því að rúmur helmingur félagsráðgjafa álítur að starfsþjálfunin sé heppilegt tæki til að þjálfa rannsóknarhæfni og 90% að hún sé heppileg til að skapa vitund um vægi tengingar fræðimennsku og fags, en aðeins 40% telja eigin þátttöku starfsþjálfunarkennara í rannsóknarverkefnum skipta máli til að starfsþjálfun þjóni tilgangi. Þessi atriði gætu endurspeglað óvissu og togstreitu um áherslur, m.a. þegar móta skal starfsímynd nemenda.

Svarið við rannsóknarspurningunni *í hvaða mæli og hvernig íslenskir félagsráðgjafar eru fræðilega sinnaðir* er í hnotskurn að þeir láta sér annt um fagþróun félagsráðgjafar, eru fræðilega *mjög jákvætt sinnaðir* en rannsóknaáhersla þeirra er *meiri í viðhorfum en í verki*. Þessar niðurstöður eru mikilvægar fyrir félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Þær gefa tilefni til að íhuga hvernig stuðla megi að því að sú undirbúningsþekking til rannsóknar- og fræðastarfa sem aflað er í náminu nýtist betur í starfi. Niðurstöðurnar ættu einnig að gagnast fagfélagi og starfandi félagsráðgjöfum til að ræða markvissari nýtingu á hinum jákvæðu fræðilegu viðhorfum. Hugsanlegt er að hugmyndagrunnur fagsins sem vikið var að í upphafi eigi sinn þátt í ákveðnu ósamræmi sem kom fram milli þess sem er í orði og á borði. Það tekur hins vegar skemmri tíma að breyta framkvæmd en viðhorfum og er því full ástæða til að vera bjartsýnn um vaxandi rannsóknavirkni og sköpun eigin þekkingar í félagsráðgjöf. Í því ferli eru starfsþjálfunarkennarar í lykilstöðu þar sem þeir tengja námið, fræðin og starfið á svo virkan hátt.

Heimildir

Dellgran, P. & Höjer, S. (2000). *Kunskapsbildning, Akademisering och Professionalisering i Socialt Arbete.* Akademisk avhandling. Göteborgs Univeritet.

Dellgran, P. & Höjer, S. (2003). "Unbalanced Professionalisation. On Status and Stratification in Swedish Social Work". *Social Work in Europe*, *10*(2), 37-48.

IASSW/IFSW (2002). Discussion document on Global Qualifying Standards in Social Work. Home Page.

IMG Gallup (2003). *Launa – og viðhorfskönnun fyrir Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.* Skýrsla Nóvember 2003. Reykjavík: IMG Gallup

Juliusdottir, S (1999). Social Work Competence in the Competence Society: Professional Survival. *Issues in Social Work Education*, *19*(1), 75-93.

Juliusdottir, S., Hrafnsdottir, S. & Kristjansdottir, B. (2002). Student Practice Placement as Gatekeepers to the Profession. Í Shardlow S.M. and Doel M. (eds) *Learning to Practice Social Work.* London: Jessica Kingsley Publishers. 110-130.

Juliusdottir, S. (2004). Theorizing practice - target and tools in the transformation process. *Nordic Conference for Social Work Education/ SSKH Konferencerapport Notat 1/2004,* 31-47.

Juliusdottir, S. & Petterson, J. (2003). Common Social Work Education Standards in the Nordic Countries - opening an issue. *Social Work and Society*, *1*(1).

Juliusdottir, S. & Peterson, J. (2004). Nordic Standards revisited. *Journal of Social Work Education.* In press.

Kristín Ólafsdóttir (2002. *Félagsráðgjöf. Sérfræðigrein í takt við tímann.* Óbirt BA-ritgerð:Háskóli Íslands.

Mullen, E. J. (1993). The Complementarity between social work practice and research. In S.Berengarten (Ed.), *The Columbia University School of Social Work: A History of social pioneering.* Vol.Monograph 5. New York: The Columbia University School of Social Work.

Sewpaul, V. (2002). Discussion document on global qualifying standards for social work education and training. *Chile: The Global Minimum Qualifying Standards Committee.*

Sigrún Júlíusdóttir, (1996). Utbildning i socialt arbete. *Nordisk Socialt Arbeid*, *16*(1), 61-69.

Sigrún Júlíusdóttir, (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritið. Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 6,* 51-63.

Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal. (2004). Gæðamat í félagsvísindum-sjónarhorn félagsráðgjafar. *Sálfræðiritið. Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 9,* 111-124.

The Bologna Report. Ministers of education in the European Countries (1999). *The Bologna Report. The European Space for Higher Education.*

Wöbecke, M. (2003). The social work profession and education in Europe. The 2.nd Annual EUSW Network conference *European Social Work: Commonalities and Differences*, Vorarlberg, June 26.-28th . Óbirt handrit.

Yng, H. (1998). Recruitment, continuity and the problem of turnover of practice teachers in social work education. *Conference on Social Work Education. Stavanger, April 16-19th*. Óbirt handrit.

Vefslóðir:

http//:starfsfolk.khi.gkrist/isforsa.htm

www.uta.fi/laitokset/sospol/eval2002/CampbellContext.PDF;

wwwNC2.net

Forsa Norden www.forsa.nu;

Rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa

Steinunn Hrafnsdóttir

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að sjálfboðasamtök stuðli að rannsóknum til að meta framlag og efnahagslegt mikilvægi sjálfboðastarfa (Gaskin, 1999; Foster, 1997; Ironmonger, 2002). Ástæður fyrir því eru margvíslegar svo sem að draga fram í dagsljósið umfang sjálfboðastarfa og þýðingu þeirra fyrir samfélagið. Einnig er nú lögð aukin áhersla á samvinnu einkarekinna, opinberra og sjálfboðastofnana í velferðarþjónustu. Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa hvatt til aukinnar samvinnu stjórnvalda við sjálfboðasamtök og bent á mikilvægi þess að þau komi að stefnumótun, áætlunargerð og framkvæmd velferðarmála. Með auknum hlut sjálfboðasamtaka í þjónustu og stefnumótun hefur athyglin beinst að skilvirkni og ábyrgð þeirra. Sjálfboðasamtök hafa meðal annars brugðist við með því að endurskoða starf sitt og beina athyglinni að kostnaði við sjálfboðastörf og mikilvægi slíkra starfa (Knapp og Kendall, 1996; Billis og Harris, 1996; Soupourmas og Ironmonger, 2002). Niðurstöður slíkra rannsókna eru notaðar til að sýna stjórnvöldum og almenningi fram á mikilvægi sjálfboðastarfa í þjóðfélaginu og gildi þess starfs sem fram fer innan samtakanna. Einnig eru þær notaðar við að skipuleggja á markvissan hátt störf sjálfboðaliða og til að bæta skráningu og vinna að samningagerð við stjórnvöld og aðra aðila (Gaskin, 1999; Soupourmas & Ironmonger, 2002).

Eitt þeirra mælitækja sem notað hefur verið til að meta framlag og efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa er *The Volunteer Investment and Value Audit* (var ekki skáletur) (VIVA). Mælitækið var þróað af Dr. Katharine Gaskin hjá Institute for Volunteering Research í Bretlandi.

Í þessari grein verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknar á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa hjá Innanlandsdeildum Rauða kross Íslands fyrir árið 2002 þar sem mælitækið VIVA var notað við framkvæmd rannsóknarinnar. Greinin skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um VIVA aðferðina. Í öðrum hluta er fjallað um markmið, framkvæmd og rannsóknaraðferð. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir helstu

niðurstöðum rannsóknarinnar. Að lokum eru tillögur gerðar að framtíðarrannsóknum með VIVA aðferðinni.

VIVA aðferðin

Með VIVA aðferðinni er unnt að aðstoða sjálfboðasamtök við að meta og þróa sjálfboðastörf. Með aðferðinni er tekinn saman allur kostnaður sem fylgir sjálfboðastarfi eins og laun starfsfólks, auglýsingar og kynningar, þjálfun og öflun sjálfboðaliða, stjórnun og annar kostnaður. Sjálfboðastörf eru flokkuð og metið er hve margar klukkustundir á ári sjálfboðaliðar leggja af mörkum til sjálfboðavinnu. Einnig eru sjálfboðastörfin metin til samsvarandi starfa á vinnumarkaði. Með Viva aðferðinni er hlutfall á milli kostnaðar og framlags af sjálfboðastarfi borið saman með því að deila því heildarfjármagni sem sjálfboðaliðar myndu fá ef um launaða vinnu væri að ræða (Total Volunteer Value) í heildarkostnað af sjálfboðastarfinu (Total Volunteer Investment). Með því móti er unnt að sýna fram á gildi hverrar krónu sem lögð er til sjálfboðastarfa og hversu mikið framlag sjálfboðaliðanna er. Það er að segja hver króna sem lögð er fram til að kosta sjálfboðastarf skilar sér í X krónum í formi afkasta sjálfboðaliða. VIVA aðferðin hefur verið notuð af mörgum stærri og smærri sjálfboðasamtökum síðan 1995. Niðurstöðurnar hafa verið notaðar á margvíslegan hátt hjá sjálfboðasamtökum eins og til dæmis til stefnumótunar og skipulagningar á sjálfboðastörfum, við samningagerð við stjórnvöld og einkaðila, til að afla fjár, bæta skilvirkni og til almannatengsla (Gaskin, 1999).

Markmið, framkvæmd og rannsóknaraðferðir

Markmið rannsóknarinnar var að meta framlag og efnahagslegt mikilvægi sjálfboðastarfa í innanlandsstarfsemi Rauða kross Íslands fyrir árið 2002. Álitið var brýnt að draga fram í dagsljósið hversu umfangsmikið sjálfboðastarf er í innanlandstarfsemi félagsins og að mikilvægt væri að efla virðingu fyrir starfi sjálfboðaliða og leggja áherslu á hve miklu máli það skiptir í samfélaginu. Einnig var talið þýðingarmikið að efla kostnaðarvitund um sjálfboðastörf og greina hvar bæta mætti skráningu þeirra.

Rannsóknin var unnin að frumkvæði Innanlandsskrifstofu Rauða krossins með ráðgjöf frá Dr. Katharine Gaskine. Hildur Bergsdóttir félagsráðgjafarnemi aðstoðaði við rannsóknina.

Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:
-Hversu mikill er kostnaður vegna stuðnings við sjálfboðastörf?
-Hvers konar sjálfboðastörf eru unnin?
-Hvert er markaðsvirði sjálfboðastarfa, þegar klukkustundafjöldi þeirra er reiknaður til samsvarandi launa á vinnumarkaði?

Árið 2002 var fengið leyfi til að framkvæma rannsóknina hjá Rauða krossinum. Einnig var öllum deildum kynnt með tölvupósti að til stæði að framkvæma rannsóknina. Á seinni hluta árs 2002 var öllum formönnum og svæðisfulltrúum Innanlandsdeilda Rauða kross Íslands sent bréf með kynningu á rannsókninni og spurningalisti ásamt leiðbeiningum til útfyllingar. Alls voru þetta 51 deild, auk þess sem Innanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands var sendur spurningalisti. Eftir um það bil mánuð voru send ítrekunarbréf til allra deilda sem ekki höfðu svarað. Alls svöruðu 21 deild af 51 sem er 41.2 % svörun. Svörunin var best á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi. Á töflu eitt má sjá fjölda deilda á svæði og svarshlutfall á ólíkum svæðum. Ljóst er að svarshlutfall er mjög mismunandi eftir svæðum og ákjósanlegt hefði verið að fá hærra svarshlutfall. Þó má benda á að svörun var mest á höfuborgarsvæðinu þar sem umfangsmesta starfsemin fer fram og flestir sjálfboðaliðar vinna. Vera má að lítil starfsemi sé fyrir hendi hjá sumum þeirra deilda sem svöruðu ekki, þó það eigi ekki alls staðar við.

Tafla 1. Fjöldi deilda á svæðum og svarhlutfall

Svæði	Fjöldi deilda á svæði	Fjöldi deilda á svæði sem svarar	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæði	6	4	66.6%
Norðurland	13	6	46%
Austurland	11	5	45.4%
Vesturland	7	3	42.8%
Suðurland	8	2	25%
Vestfirðir	6	1	16.6%
Alls	**51**	**21**	**41.2%**

Til að safna gögnum voru notaðir enskir spurningalistar sem voru þýddir og staðfærðir á íslensku. Spurningalistanum var skipt í tvennt:

A) Útgjöld vegna sjálfboðastarfa svo sem launakostnaður vegna skipulags sjálfboðastarfs, auglýsingar og val á sjálfboðaliðum, þjálfun

fyrir sjálfboðaliða, ferðakostnaður, kynningamál og húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður.

B) Gildi sjálfboðastarfa. Þar flokkast verkefni sjálfboðaliða, fjöldi klukkustunda sem sjálfboðastarf er unnið og fjöldi sjálfboðaliða.

Fyrir utan spurningalistann voru ýmsar aðrar leiðir notaðar við upplýsingaöflun. Ítarlegar leiðbeiningar fengust hjá Dr. Katharine Gaskin. Gagnabanki Inanlandsskrifstofu Rauða krossins yfir sjálfboðastörf var notaður. Einnig voru ársskýrslur fyrir árið 2002 hafðar til hliðsjónar.

Við flokkun á störfum sjálfboðaliða voru ársskýrslur, spurningalisti og gagnabanki yfir sjálfboðastörf notaðar. Nokkrum erfiðleikum var bundið að meta þær klukkustundir sem sjálfboðaliðar unnu innan hvers flokks. En þar voru spurningalistar, símtöl til deilda Rauða krossins og ársskýrslur notaðar. Til að meta sjálfboðastörf til samsvarandi starfa á vinnumarkaði voru notaðar launakannanir frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur (VR) fyrir árið 2003[1] og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfmanna (KOS) fyrir árið 2002. Tekið var mið af meðaltali heildarlauna og 20% í laun og launatengd gjöld. Einnig voru notuð gögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja fyrir árið 2002 fyrir þá sem unnu við fræðslu, fjáröflun, sjúkraflutninga og á bókasöfnum. Miðað var við heildarlaun með 45% vaktaálagi. Sjálfboðastörfin voru flokkuð í:

Stjórnunar- og nefndarstörf: Þar undir heyra stjórnir deilda og seta í stjórnum stofnana, ýmsar nefndir og verkefnishópar svo sem neyðarnefnd, vinalínunefnd, bakhópur sjálfboðamiðstöðvar svo fátt eitt sé nefnt. Auk sjálfboðavinnu sem stjórnarmeðlimir sinna fyrir utan setu á fundum.

Umönnunarstörf: Í þeim felast meðal annars heimsóknarþjónusta, aðstoð við flóttamenn, sjúka, aldraða, geðfatlaða, fanga, börn og unglinga, trúnaðarsími og Rauðakrosshús/vinalína.

Þjónustustörf: Undir þau flokkast vinna á sjúklingabókasöfnum, sölubúðum í sjúkrahúsum, og afgreiðsla í fataverslun Rauða krossins.

Neyðarvarnir- og skyndihjálp: Hér er um að ræða sjúkraflutninga, fjöldahjálp og vaktir á ýmsum samkomum svo sem framhaldsskóladansleikjum og tónleikum.

Fjáröflun: Í henni felast ýmis konar átaksverkefni svo sem göngum til góðs, pennasala og önnur fjáröflun.

Fræðslustörf: Undir þau falla ýmis konar námskeið og fræðsla fyrir einstaklinga og hópa. Hér má nefna fræðslu um starfsemi Rauða krossins,

---

[1] Ekki var gerð launakönnun hjá VR árið 2002.

námskeið í skyndihjálp, námskeið fyrir barnfóstrur, námskeið um áfallahjálp og námskeið fyrir sjálfboðaliða.

Fatasöfnun, pökkun og framleiðsla: Um er að ræða söfnun á notuðum fatnaði og flokkun hans. Fatnaðurinn er gefinn hjálparþurfi innanlands og utan. Hluti hans er seldur í Rauða kross búðinni. Ýmis konar handavinnuhópar sem annað hvort selja afraksturinn og nota til góðgerðastarfs eða senda afraksturinn til þeirra sem á þurfa að halda.

Nokkuð erfitt var að meta sjálfboðastörf til samsvarandi starfa á vinnumarkaði þar sem það er matsatriði hvernig störfin eru flokkuð. Í svipuðum rannsóknum sem gerðar hafa verið erlendis er misjafnt hvernig sjálfboðastörfin eru reiknuð til launa. Annaðhvort eru notaðir mismunandi launaflokkar eða miðað er við meðaltal heildarlauna á vinnumarkaði (Gaskin, 1999; Danish Red Cross, 2002; Finlands Röda Kors, 2001). Í þessari rannsókn var álitið að raunsærri mynd fengist af framlaginu með því að nota mismunandi laun fyrir ólík sjálfboðastörf og því var sú leið farin hérlendis. Reynt var að finna störf á almennum vinnumarkaði sem bera mátti saman við þau verkefni sem sjálfboðaliðar unnu á vegum Rauða kross Íslands.

Tafla tvö sýnir flokkun á sjálfboðastörfum og samsvarandi starf og tímakaup á vinnumarkaði.

Tafla 2. Heiti sjálfboðaflokks, starf og tímavinnukaup

Heiti sjálfboðaflokks	Starf	Tímavinnukaup
Stjórnir og nefndir	Deildarstjórar (VR)	1800 krónur
Umönnunarstörf	Sjúkraliðar (KOS)	1300 krónur
Þjónustustörf	Almenn sölustörf (VR) Störf á bókasöfnun (KOS)	1100 krónur 1300 krónur
Neyðarvarnir og skyndihjálp	Sjúkraflutningar (BSRB)	1300 krónur
Fjáröflun	Póstberar (BSRB)	1100 krónur
Fræðslustörf	Leiðbeinendur (BSRB)	1500 krónur
Fatasöfnun og flokkun	Framleiðsla og pökkun (VR)	1100 krónur

Helstu niðurstöður

Framlag sjálfboðaliða

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar lögðu sjálfboðaliðar samtals 66.411 klukkutíma að mörkum við sjálfboðastörf á árinu 2002. Heildarklukkustundafjöldi var fenginn með því að margfalda fjölda sjálfboðaliða í hverjum sjálfboðaflokki með fjölda tíma sem var unninn. Á mynd eitt má sjá klukkustundafjölda eftir sjálfboðaflokkum og hlutfallslega dreifingu hans.



Mynd 1. Klukkustundafjöldi og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfboðaflokkum

Eins og fram kemur er mesta framlagið til stjórnar-og nefndastarfa. Flokkun, pökkun og framleiðsla fylgir í kjölfarið, þjónustu- og umönnunarstörf eru 30% heildarframlags og minna framlag er í öðrum sjálfboðaflokkum.

Efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa

Á mynd tvö má sjá efnhagslegt gildi sjálfboðastarfa og hlutfallslega dreifingu þess eftir verkefnum. Þessar tölur eru fengnar með því að meta sjálfboðastörf til samsvarandi launa á vinnumarkaði og margfalda með þeim klukkustundafjölda sem sjálfboðaliðarnir lögðu af mörkum innan hvers sjálfboðaflokks. Heildar efnahagslegt gildi sjálfboðaliða í krónum talið er 112.329.600 krónur.



Mynd 2. Efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfboðaflokkum

Kostnaður við sjálfboðastörf

Sjálfboðastarfi fylgja útgjöld fyrir samtökin. Það þarf að skipuleggja sjálfboðastarfið svo það verði árangursríkt og nýtist þeim best sem á þurfa að halda. Í því skyni er nauðsynlegt að halda námskeið fyrir sjálfboðaliða, hvetja, styðja, þjálfa og umbuna þeim. Auk þess fellur til ýmis konar rekstrarkostnaður við sjálfboðastörf. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er kostnaður sjálfboðastarfs Innanlandsdeilda Rauða kross Íslands fyrir árið

2002, 38.720.531 króna. Á mynd þrjú má sjá dreifingu kostnaðar á útgjaldaliði.



Mynd 3. Dreifing kostnaðar á útgjaldaliði

Langmestur kostnaður er vegna launa starfsfólks við stuðning, fræðslu, þjálfun og rekstur sjálfboðaliða eða 62%. Þessi niðurstaða er í samræmi við evrópskar rannsóknir sem gerðar hafa verið með VIVA aðferðinni. Þar er launakostnaður hjá sjálfboðasamtökunum oftast á bilinu 50-70 prósent, nema í þeim tilvikum þar sem sjálfboðaliðar sinna meirihluta stjórnunar á sjálfboðaliðum (Gaskin, 1999). Næst í röðinni er byggingar- og rekstrarkostnaður en undir hann falla húsaleiga, viðhald á húsnæði, rafmagn, hiti, sími og annar rekstrarkostnaður. Útgjöld vegna auglýsinga, þjálfunar, ferðakostnaðar, stuðnings og viðureknninga, búnaðs og gagna og trygginga er á bilinu 2-8 prósent af heildarútgjöldum. Í evrópsku rannsóknunum sem nefndar voru hér á undan var þessi kostnaður með misjöfnum hætti eftir eðli og hlutverki samtakanna (Gaskin, 1999).

Viva hlutfall

Heildargildi sjálfboðaliða fyrir árið 2002 er 112.329.600.krónur. Heildarkostnaður við sjálfboðastörf er 38.720.600 krónur. VIVA hlutfallið fæst með því að deila heildargildinu í heildarkostnaðinn.

VIVA hlutfall

Heildarútgjöld sjálfboðastarfa	**38.720.531 kr**	**= 2.90**
Heildargildi sjálfboðastarfa	**12.329.600 kr**	

VIVA hlutfallið hjá Rauða krossi Íslands er 2.9. Þetta þýðir að hver króna sem kostað er til í sjálfboðastarfa um það bil þrefaldar gildi sitt.

Erfitt er að bera saman niðurstöður íslensku rannsóknarinnar og erlendra rannsókna. Bæði er erfitt að gera samanburð á milli landa, auk þess sem mismunandi aðferðir hafa verið notaðar hjá ólíkum samtökum við að meta sjálfboðastörf til launa. Samtökin eru einnig ólík innbyrðis. Þó er ljóst að VIVA hlutfallið í erlendum rannsóknum er yfirleitt á bilinu 2-8 og fellur íslenska hlutfallið innan þeirra marka. Rannsóknir erlendis benda til að VIVA hlutfallið hjá samtökum sé lægra ef eftirfarandi atriði eru fyrir hendi:

-Þar sem samtökunum er stjórnað af launuðu fagfólki
-Þar sem sjálfboðaliðar eru mikilvægir en sinna eingöngu ákveðnum verkefnum
-Þar sem skjólstæðingar og notendur eru með flókin vandamál og eiga undir högg að sækja í samfélaginu
-Þar sem sjálfboðastörfin eru vel skipulögð og krefjast sérfræðiþekkingar og skilnings
-Þar sem vinna sjálfboðaliða er skipulögð af fagfólki
-Þar sem er sérstök þjálfun og endurmenntun fyrir sjálfboðaliða
-Þar sem handleiðsla, stuðningur og ráðgjöf fagfólks er nauðsynleg vegna eðlis þeirra sjálfboðastarfa sem innt eru af hendi
-Þar sem búnaður, tæki og húsnæði er sjálfboðaliðum að kostnaðarlausu
-Þar sem erfitt er að aðgreina almennan rekstrarkostnað samtakanna frá kostnaði vegna sjálfboðaliða (Gaskin, 1999).

Ofangreindir þættir eiga að miklu leyti við um starfemi innanlandsdeilda Rauða kross Íslands.

Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að hver króna sem kostað er til sjálfboðastarfa hjá Innanlandsdeildum Rauða kross Íslands tæplega þrefaldar gildi sitt. Þannig má leiða líkur að því að sjálfboðaliðar séu efnahagslega hagkvæmir og leggi mikið af mörkum til þjóðarbúsins. Einnig gefa niður-

stöðurnar yfirlit um hvers konar verkefnum sjálfboðaliðar sinna, fjölda sjálfboðaliða og þau útgjöld sem fylgja sjálfboðastörfum. Ljóst er að fjárfesting Rauða kross Íslands er mikil hvað varðar sjálfboðaliða. Þeir fá námskeið, handleiðslu, ráðgjöf, stuðning og hvatningu. Stjórnun á skipulagi og samræmingu sjálfboðastarfa er oftast í höndum launaðs starfsfólks. Þessi fjárfesting er mikilvæg því til þess að starfsemin megi blómstra og til að hún nýtist þeim sem á þurfa að halda þá þarf að laða að nýja sjálfboðaliða, halda þeim reyndari áhugasömum í verkefnum, þjálfa sjálfboðaliða og veita umbun fyrir vel unnin störf. Auk þessarar fjárfestingar þá er kostnaður við húsnæði og annan rekstur vegna sjálfboðaliða, sem oft er erfitt að greina frá almennum rekstrarkostnaði Rauða krossins.

Skoða verður niðurstöðurnar í ljósi þess að um fyrstu rannsókn með VIVA aðferðinni er að ræða hérlendis. Þannig komu upp ýmis álitamál sem læra má af og nota til að bæta aðferðina í rannsóknum hérlendis í framtíðinni. Má þar nefna að líklegt er að klukkustundafjöldi sjálfboðastarfa hafi verið vanmetinn. Í ljós kom að svarendur, sérstaklega í minni deildum, voru ekki vanir að skrá þann klukkustundafjölda sem þeir sinntu sjálfboðastarfi. Skráningu á sjálfboðastörfum og klukkustundafjölda þarf að bæta hjá deildum Rauða kross Íslands til að unnt sé að gera hlut sjálfboðaliða Rauða krossins sýnilegri og meta til verðleika það óeigingjarna framlag sem þeir leggja af mörkum. Til að unnt sé í framtíðinni að nota VIVA aðferðina á skilvirkari hátt er nauðsynlegt að gera slíkar rannsóknir með reglulegu millibili. Hafa verður í huga að með þessari aðferð er einungis verið að meta efnahagslegt framlag sjálfboðaliða og mikilvægt er að mistúlka niðurstöður ekki á þann hátt að verið sé að leggja til að sjálfboðaliðar vinni störf fagfólks. VIVA aðferðin er tækni en ekki stefnumótun og er notuð til að meta til fjár hið óeigingjarna starf sjálfboðaliða, útgjöld sem fylgja slíkum störfum og þróa mælieiningu sem er auðskiljanleg almenningi og stjórnvöldum. Með aðferðinni er ekki verið að meta áhrif sjálfboðastarfa í samfélaginu eða hvernig þau koma skjólstæðingum til góða. Nauðsynlegt er að gera viðameiri rannsóknir á framlagi sjálfboðaliða og hlut þeirra í íslensku samfélagi. Með því móti væri meðal annars unnt að fá upplýsingar um verðmæti sjálfboðastarfa fyrir íslenskt samfélag og viðurkenna það óeigingjarna starf sem sjálfboðaliðar inna af hendi.

Heimildir

Billis, D. og Harris, M. (1996). *Voluntary agencies: Challenges of organisation and management*. UK: Macmillian.

Danish Red Cross (2002). *The Volunteer Investment and Value Audit*. (var ekki skáletur)

Findlands Röda Kors (2001). *VIVA-Undersökning*. (var ekki skáletur)

Foster, V. (1997). What value should be placed on volunteering? in C. Pharaoh, (Ritstj.),. *Dimensions of the voluntary sector 1997*. London: Charities Aid Foundation.

Gaskin, K. (1999). *VIVA in Europe. A comparative study of the volunteer investment and value audit*. UK: Institute for Volunteering Research.

Gaskin, K. (1999). *Valuing volunteers in Europe: A comparative study of the Volunteer Investment and Value Audit. Voluntary Action, winter*, Sótt 25. júní, 2004 www.ivr.org.uk/valuingvolunteers.htm.

Knapp, M. og Kendall, J. (1996). *The Voluntary sector in the United Kingdom*. Manchester: Manchester University Press.

Ironmonger, D. (2002). *Valuing volunteering. The Economic value of volunteering in South Australia. Melbourne*: Households Research Unit. Department of Economics. University of Melbourne.

Rauði kross Íslands (2002). *Ársskýrsla*.

Soupourmas, F. og Ironmonger, D. (2002). *Giving time. The economic and social value of volunteering in Victoria*. Department of Human Services: Victoria.

Orðræður ungs fólks um íslenska menningu og skólastarf í ljósi hnattvæðingar

Guðný Guðbjörnsdóttir
Sergio Morra

Hér er greint frá hluta rannsóknar á menningarlæsi ungs fólks með áherslu á íslenska menningu og skólastarf á tímum hnattvæðingar. Athugunin er hluti þriðja áfanga af rannsókn höfunda um menningarlæsi, menningarímyndir og skapandi starf[1]. Fyrsti hlutinn beindist að því að kanna áhuga ungs fólks á íslenskri menningu, einkum með tilliti til íslenskra bókmennta (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1997); annar hlutinn að þekkingu ungs fólks á íslenskri menningu (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1998; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2000); en þriðji hlutinn hefur beinst að því að kanna hvaða merkingu íslensk menning hefur fyrir ungt fólk á Íslandi í samhengi vaxandi hnattvæðingar, bæði fyrir sjálfsmyndir þeirra (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 2004), skapandi starf og skólastarf. Hér verður rýnt í orðræður unga fólksins um íslenska menningu og skólastarf til að öðlast dýpri sýn á þá menningarlegu félagsmótun sem nú á sér stað í ljósi vaxandi fjölmenningar.

Fræðilega er gengið út frá félagsmenningarlegum (socio-cultural) kenningum um menningarlæsi, þar sem áhersla er lögð á hvernig áhugi, læsi og menningarefni tengjast stað, tíma, samhengi og samfélagi og félagslegum þáttum eins og þjóðerni, félagsstöðu og kynferði (Vygotsky, 1978; Lave and Wenger, 1991; Bourdieu og Passeron, 1977; Grenfell og fl., 1998). Það er alþekkt í fræðunum að fjölskyldan og nánasta umhverfi hefur mikil áhrif á hvatningu fólks til náms (Gauvain, 2001; Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 1997 og 1998). Þó að margt bendi til að nú á tímum hnattvæðingar og

1 Rannsóknin hefur verið styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannsóknarráðs Ítalíu.

svokallaðrar „þriðju bylgju nútímavæðingar“ (Willis, 2003) að áhrif fjölskyldunnar verði minni á kostnað fyrirmynda úr tónlist, íþróttum eða tískuheimi (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2004) má gera ráð fyrir að nemar skilji íslenskar bókmenntir fyrst og fremst út frá eigin reynsluheimi (Patterson og fl., 1994; Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001). Einnig er horft til rannsókna sem benda til að hnattvæðingin ásamt netvæðingunni komi hreyfingu á hugtök eins og menningu, sjálfsvitund, ríki, þjóð og stundum fjölskyldu í huga fólks og að fyrstu viðbrögð séu oft að styrkja hið hefðbundna, halda í öryggi hins þekkta (McCarthy og fl., 2003). Hér er áhersla lögð á að hlusta á orðræðu unga fólksins sjálfs, hvernig þau tjá þennan veruleika með eigin orðum (e. *discourses*) og hvers konar mótsagnir birtast í orðræðunni (e. *contradictions in the Discourse or the discursive field)* (Gee, 1999; Fairclough, 1992; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001).

Að baki liggja spurningar sem ýmsir hafa spurt að undanförnu um erindi Íslendingasagna og íslenskra bókmennta almennt í íslenskum skólum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001; Örnólfur Thorsson, 1998). Einnig skólapólitískar spurningar svo sem hvernig á að kynna íslenska menningu í skólum í ljósi fjölmenningarlegra áhrifa (Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra 2004; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2004) og í ljósi áherslunnar á árangursstjórnun og samræmd próf (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001; Heimir Pálsson og fl., 1997).

Ein undirliggjandi meginspurning er því hvernig hægt er að samræma það að allir fái námsefni og kennslu við hæfi og viðhafa samræmt árangursmat, sem ekki mismunar eftir bakgrunni nema, ásamt því að tryggja miðlun menningararfsins. Til að nálgast svar við þessari spurningu er hér farin sú leið að hlusta á raddir unga fólksins sjálfs því „það er engin forsenda fyrir því nú í upphafi 21. aldarinnar að segja nemendum okkar að læra eitthvað bara af því að okkur fannst það skemmtilegt … sú ástæða ein og sér nægir ekki ef nemendunum finnst efnið leiðinlegt” (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001:15). Forvitnilegt þykir m.a. að komast að hvort núverandi kennsla er „bólusetning gegn frekari lestri fornbókmennta, víti til að varast” (Örnólfur Thorsson, 1998: 216; einnig Ragnar Ingi, 2001:11) eða eitthvað allt annað og jákvæðara. Meginspurningar greinarinnar eru eftirfarandi:

1. Hvernig birtist orðræðan um íslenska menningu á tímum hnattvæðingar meðal nema í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum?
2. Hvaða rök færa nemar sjálfir með og á móti því að læra um íslenskar bókmenntir og íslenska menningu almennt í skólum? Á slíkt nám að vera skylda?

Aðferð

Í þessum rannsóknaráfanga var talað við 48 ungmenni á aldrinum 14 (9. bekk), 18 (3. ár í framhaldsskóla) og rúmlega tvítuga (meðalaldur 22.5 ár) háskólastúdenta í raunvísindum, listum og hug- og félagsvísindum. Rætt var við jafnmarga af báðum kynjum, eða 8 drengi og 8 stúlkur á hverju skólastigi/aldri. Hópurinn var valinn þannig að spurningalisti rannsakenda (1998) um þekkingu á íslenskri menningu var lagður fyrir 296 einstaklinga, þar af 109 8. bekkinga í tveimur grunnskólum í Reykjavík, 86 framhaldsskólanema á öðru ári úr tveimur menntaskólum í Reykjavík og 101 háskólanema frá tveimur háskólum í Reykjavík. Að lokum voru 16 nemar valdir úr hverjum aldurshópi þannig að bæði nemar með mikla þekkingu og minni á íslenskri menningu væru með, og voru þeir paraðir saman á öðrum breytum eins og kynferði, félagsstöðu foreldra og almennri þekkingu. Að auki voru tekin viðtöl við nokkra nýbúa á sama aldri.

Tekin voru einstaklingsviðtöl í skólum viðkomandi, sem tóku um 1-1.5 klst. hvert. Viðtölin voru tekin af fjórum rannsakendum og því var nauðsynlegt að hafa viðtalsrammann skýran með fyrirmælum um að hafa viðtölin samt sem áður sveigjanleg eða hálfopin. Öll viðtölin voru tekin upp og afrituð frá orði til orðs.

Greiningaraðferðin er sú að gögnin eru marglesin yfir og leitað að ráðandi þemum í textanum, ásamt því að skoða sem flestar tegundir af viðhorfum eða rökum. Stuðst er við orðræðugreiningu á talmáli (Cameron, 2001; Fairclough, 1992; Gee, 1999). Leitað er að ráðandi (hegemonic) orðræðum (Discourses), mismunandi þráðum eða orðræðum einstaklinga (discourses) og mótsögnum (contradictions) þar sem litið er á einstaka viðmælendur sem hugverur (subjectivities) staddar í margskonar mótsagnakenndum orðræðum. Um nánari útlistun á hugtökunum orðræða og hugvera sjá Guðný Guðbjörnsdóttir (2001).

Úrvinnslan í þessu erindi er fyrst og fremst eigindleg. Ekki er ætlunin að greina svörin eftir hópum í þessari grein en úrtakið tryggir að bæði er talað við þá sem hafa sérstakan áhuga á íslenskri menningu og aðra og viðmælendur eru blandaðir m.t.t. kynferðis og félagsstöðu nemenda og af þremur skólastigum. Hér er greint frá orðræðum eða röddum ungs fólks, hvernig þeir ræða um íslenska menningu og hvaða merkingu íslenskt menningarefni í skólum hefur fyrir þá á tímum hnattvæðingar og fjölmenningar. Öllum

nöfnum hefur verið breytt í samkynja nöfn og skólastigi er getið í öllum tilvísunum.

Niðurstöður

Orðræður um íslenska menningu og skólastarf

Fyrst verður greint frá því hvernig orðræðan um íslenska menningu birtist hjá nemum á þremur skólastigum. Nemarnir voru m.a. spurðir um hvað þeir lesi helst, hvort það skipti máli hvort bækur séu íslenskar eða erlendar, hvort þeim finnist mikilvægt að kynnast íslenskri menningu í skólanum, lesa íslenskar bókmenntir, Íslendingasögur eða norræna goðafræði nú á tímum hnattvæðingar og hvaða merkingu það hafi helst fyrir þá.

Ráðandi orðræða var sú að það sé æskilegt að kynnast íslenskri menningu og læra íslenskar bókmenntir og Íslendingasögurnar í skólanum. Orðræða grunnskólanemanna einkenndist af lýsingu á viðkomandi bókmenntum, einhverju athyglisverðu úr þeim, eða að það væri markmið í sjálfu sér að kunna þær. Orðræða eldri nemanna benti til meiri ígrundunar um hvað það er sem hafði merkingu fyrir þá. Nýbúarnir lögðu meiri áherslu á tungumálið og að bókmenntirnar væru val fyrir þá sem hafa áhuga.

En lítum nánar til ráðandi orðræðu og meginþráða hennar þjóðarstolt, menningararf, sögulegar rætur og fleira.

Þjóðarstolt

Þjóðarstoltið var sterkur þráður í orðræðunni - það að læra um Íslendinga-sögurnar eða íslenska menningu kallar fram þjóðarstolt: „Ég verð alltaf ánægðari þegar ég les góða íslenska bók en erlenda, þá fæ ég svona ... já við getum þetta, þjóðarstolt, eins og að heyra þjóðsönginn eða að sjá landsliðið í einhverri íþróttagrein standa á stórmóti“ (Magnús, háskólanemi).

Áberandi var hve oft slík rök tengdust Halldóri Laxness: „Ég held það nú, þetta skapar ansi mikla einhverja svona þjóðarvitund, eða svona, já til dæmis Laxness lýsir lífinu í sveitinni og allt það. Já þetta hefur talsverð áhrif á mann“ (Hulda, háskólanemi). „Já það er mikilvægt að læra um höfunda eins og Halldór Laxness, nóbelsskáldið, fyrir þá sem langar að verða rithöfundar, þá er gott að vita að Íslendingar, þó við séum svona pínulítil þjóð, geti alveg verið góðir og allt“ (Guðrún, grunnskólanemi).

Tungumálið var tengt við þjóðarstoltið, en var annars lítill hluti eða veikur þráður ráðandi orðræðu: „Í ljósi hnattvæðingar er tungumálið mikilvægast og þar af leiðandi bókmenntirnar. Það er svona það sterkasta sem við

höfum, þjóðarstoltið, við erum ekki nema 200 þúsund sem tölum það…“ (Páll, háskólanemi). Hefðbundin málverndarsjónarmið heyrðust frá einum:

> Ég myndi segja að í ljósi hnattvæðingar sé mikilvægast að viðhalda tungumálinu og þá sérstaklega að orðaforðinn koðni ekki niður og allt verði ekki fullt af slangri … Mér finnst voða leiðinlegt þegar fólk skrifar vondan texta og vonda íslensku og kemur fram í sjónvarpi og fer að sletta og er með einhverja svona þágufallssýki og leiðindi…þú veist maður getur fyrirgefið sumum þetta en öðrum ekki. (Haukur, háskólanemi)

Menningararfur

Eldri nemarnir skírskotuðu frekar til menningararfsins. Rökin voru af ýmsum toga, allt frá því að það sé merkilegt að við getum enn skilið sögurnar yfir í að menningararfur sé merkilegur í sjálfu sér, sé „okkar gull“: „Já, mikilvægt af því að ... við getum eiginlega skilið þær svona nokkurn veginn óbreyttar“ (Sigríður, framhaldsskólanemi). „Já það er mikilvægt að læra um fornbókmenntirnar, ... verðum við ekki svona einsleit við aðrar þjóðir. Við höldum í okkar menningararf ... Hnattvæðingin á bara vonandi eftir ... að hjálpa okkur að læra um hvað gerir okkur öðruvísi en aðrar þjóðir“ (Jón, framhaldsskólanemi).

> Það er mikilvægt að læra um menningu sinnar þjóðar … við megum ekki glata henni, okkur finnst hún sérstök ... eins og Íslendingasögurnar ... Mér finnst að hver þjóð ætti nú að vita aðeins meira um sína menningu heldur en annarra. (Elín, grunnskólanemi)

Sumir fengu mikið út úr þessum menningararfi:

> Fyrir utan það hvað þetta eru stórkostlegar bækur, þá eru þær svo íslenskar, þetta er svo mikið við ... Þó ekki væri nema til að geta slegið um sig með frösum eins og „illt er að eggja óbilgjarnan“. Mér finnst þetta bara rosalega dýrmætur arfur, þetta er eitthvað, sko, ... þetta er okkar gull...ég hef alltaf fílað þessar bækur alveg í tætlur ... Ég held manni líði ekki vel án menningar eða menningararfs ... Það er enginn að tala um að lesa allan Halldór Laxness eða allar Íslendingasögurnar. Það er bara að vita um hvað málið snýst. (Magnús, háskólanemi)

Almennt var ráðandi orðræða um norræna goðafræði svipuð og um Íslendingasögurnar, þær væru mikilvægur en þó fjarlægari hluti af okkar menningararfi: „Já norræn goðafræði er mikilvæg, þetta er uppruni okkar“ (Gunnar, framhaldsskólanemi). Samanburðar trúarbragða var hluti af orðræðunni:

> Já mjög mikilvæg, vissulega er þetta trú, en … goðafræðin líka á svona skírskotun við mörg önnur trúarbrögð, svona fjölgyðistrúarbrögð … þetta er líka hluti af sögu og menningarlegum arfi … fyrir mig, hefur það ýmsa merkingu. Þetta er alltaf eins, einn er vitrastur. Hávamál eru heilræðavísur en völuspá er sama spáin og í biblíunni, ragnarök og Armageddon, þetta er nákvæmlega það sama, öll þessi trúarbrögð hafa siðferðislega þýðingu … líka svolítið skemmtilegt, getur verið mjög fyndið margt af þessu. (Jónas, háskólanemi)

Arfleifð Laxness er fyrirferðamikil í orðræðunni og margir hafa ígrundað gaumgæfilega hvað þar er á ferðinni. Fyrir sumum er Halldór fyrst og fremst frægur en fyrir öðrum er hann fyrirmynd: „Mér finnst maður eins og Halldór Laxness, sem listamaður, hafa mikla persónulega þýðingu fyrir mig ... af því hann fór út og gerði hlutina ... hann var svona góð fyrirmynd.“ (Stefán, háskólanemi). Aðrir sjá hann í hlutverki þess sem segir dæmisögur um landann:

> Halldór Laxness var mjög snjall í að segja sögu…persónurnar sem hann gerir … eru bæði hálfgerðar dæmisögur, það er til Bjartur í Sumarhúsum í hverju landi - en samt býr hann til nýjar persónur eins og með Bjart, þar tókst honum mjög vel … Jú ég á mína mynd af Bjarti í veruleikanum, sá er bara algjör einbúi … þó að Bjartur sé kannski ekki rosalega góður maður finn ég svolítið til með honum því hann er duglegur og rekur sjálfan sig áfram. (Jónas, háskólanemi)

Oft kom fram að nemar hafa kynnst viðkomandi bókmenntum sem teiknimyndasögu, leikriti, kvikmynd eða í gegnum fræðilega umfjöllun annarra án þess að hafa lesið sjálfan textann.

> Sjálfstætt fólk? Er hún til á spólu? Nei en ég hef alveg komist í gegnum svoleiðis: Sleppa bara að lesa bókina og horfa bara á spóluna. Ég var nú bara … leigðum okkur spólu og keyptum nammi og eitthvað. Síðan voru allir eitthvað geðveikt reiðir. Og við fengum geðveikt hátt. Þeir fengu lágt á prófinu og við lásum ekki bókina, já. (Bjarni, grunnskólanemi)

Fram kom hugmynd um hvernig auka mætti áhersluna á menningararfinn í framtíðinni:

> Já það er bæði mikilvægt að læra Íslendingasögurnar og við ættum að læra norræna goðafræði hér í skólanum. Það er eitthvað sem heitir lífsleikni sem við gerum ekkert í, höngum bara og spilum eða eitthvað, það mætti henda því út og setja þetta inn. Maður lærir svo mikið um hugarfarið með að sjá trúna. Skólinn kom með Kristninni, áður hefnd, auga fyrri auga og tönn fyrri tönn og svoleiðis … Já maður skilur betur af hverju þetta var svona í gamla daga. (Lárus, grunnskólanemi)

Sögulegur rætur

Nátengd orðræðunni um menningararfinn er skírskotun í söguna, fortíðina og ræturnar. Áhersla var á þekkingu á þessari sögu í samanburði við sögu annarra eða aðrar fræðigreinar, jafnvel til að móta framtíðina: „Já það er miklu mikilvægara en að læra t.d. um frumeindir og svona. Vita um hvaðan ég hef komið ... þó þetta sé skáldað" (Guðrún, grunnskólanemi). „Já það er mikilvægt að krakkarnir … viti hvernig við vorum í gamla daga til þess að þau geti mótað framtíð sína … sumir segja að sagan endurtaki sig, betra að vita hvað er í vændum í framtíðinni " (Lárus, grunnskólanemi).

Sumir vilja tengja saman söguna og aðrar fornmynjar:

> Já, því annars gleymast þær … það er svo mikilvægt, svona gögn um hvernig fólki leið í gamla daga og þú veist … til dæmis ef það er hægt að grafa betur upp … getur lesið söguna … svona eldgos eða eitthvað ... grefur upp og finnur kannski mynjar, dót sem grófst undir eldgosinu. (Dóra, grunnskólanemi)

„Þegar ég les eitthvað íslenskt ... þá kynnist maður sjálfum sér og svona, fattar hvernig amma og afi höfðu það og svoleiðis. Þegar maður les eitthvað erlent þá er maður að kynnast annarri menningu, ekki sami tilgangurinn" (Halla, háskólanemi). „Það er líka mikilvægt fyrir ungt fólk að horfa svolítið til baka ... til fortíðarinnar, við erum alltaf svo langt á undan ... allt þetta stress, Íslendingasögurnar geta komið okkur svolítið til baka ... þær gerðu það alla vega fyrir mig." (Magnús, háskólanemi).

Ófáir nefndu að nafnið sitt væri úr norrænni goðafræði eða fornsögunum og því væri það hluti að eigin rótum að læra um þær: „Já það er mikilvægt að kynnast ... menningararfinum, og sjálfum sér betur, nafnið mitt er fengið úr þessum sögum" (Halla, háskólanemi).

Einn þráður orðræðunnar var ættfræðin í Íslendingasögunum og sumir tengdu hana við ættfræðigrunn landans og umræðu samtímans á því sviði:

> Öll ættfræðin í þessum Íslendingasögum er svo gígantísk fyndin. Það fara svona 20 kaflar í að segja „Njörður var sonur bla, bla", þetta er svo mikið við, svona Íslendingabók.is. ... Þetta er svo mikið við ... sem er frábært ... við erum ekki terroristar, við erum ættfræðingar og það er fínt. (Magnús, háskólanemi)

Ráðandi orðræða bendir til að ýmislegt megi læra af sögunni, bæði um sjálfið og nútímann og því óæskilegt að minnka kennsluna á þessu sviði:

> Ég er rosalega mikil alæta á allt sko, mér finnst gaman að lesa um fortíðina og hvaðan við sprettum og hvað við erum púkó og hvað allt var eins fram á 19. öld, þá allt í einu getum við farið að gera eitthvað annað ... Það bendir margt til að þeir ætli að fara að minnka kennsluna í þessu, mér finnst það alveg rangt, þetta eru ræturnar okkar. (Magnús, háskólanemi)

Aðrir treysta á hve skólinn breytist hægt:

> Börnin mín eiga örugglega eftir að læra Íslendingasögur og goðafræði, jú ég held það. Kannski ekki barnabörnin en það er samt aldrei að vita … Þó að allt sé að breytast, ég held að skólarnir taki þetta ekki svo mikið inn til sín. (Björg, framhaldsskólanemi)

Andóf og mótsagnir í ráðandi orðræðu

Þó að ráðandi orðræða væri sú að æskilegt sé að læra um íslenska menningu í skólum, þá mátti greina andóf, en oft á mótsagnakenndan hátt. Sumum finnst æskilegra eða skemmtilegra að læra annað en nú er í boði, en víðast er þó glætu að sjá:

> Skemmtilegast er að lesa það sem maður þekkir best … Ég er nú að lesa bók sem gerist í miðbænum, Myrkraverk eftir Birgittu Halldórsdóttur, skemmtilegt að lesa um nágrennið liggur við. Pælir betur í því, maður labbar þarna um ...Við erum að lesa Íslandsklukkuna núna, ég var ekki alveg að nenna því fyrst og fannst það frekar leiðinlegt og skildi ekkert í þessu … en nú finnst mér það bara mjög skemmtilegt. Maður kynnist alveg landinu sínu miklu betur þannig þó að þetta sé skáldsaga. (Elín, grunnskólanemi)

Sumir andæfa gegn óvirkni við bókmenntanámið: „Sko maður fær í rauninni bara upplýsingar…hvað gerðist áður fyrr og eitthvað svoleiðis, æi, ... við erum ekkert mikið að skrifa í þessum sko bókmenntum“ (Bjarni, grunnskólanemi).

Andóf framhaldsskólanemanna gegn fornsögunum byggðist m.a. á því að skólinn eigi frekar að líta til framtíðar en fortíðar:

> Æ ég veit það ekki. Mér finnst allt sem gerist í fortíðinni ekkert skipta rosalega miklu máli. Mér finnst skólinn eiga að undirbúa fyrir framtíðina … ekkert að vera að læra um eitthvað sem gerðist kannski aldrei … mér fannst allt í lagi að lesa Gretti og Njáls sögu en flest annað hundleiðinlegt, eins og Völuspá. (Atli, framhaldsskólanemi)

Aðrir áttu erfitt með að staðsetja sig í orðræðunni um fornsögur:

> Ekkert rosalega mikilvægt, nei. Það er ekki einu sinni víst að þetta sé satt ... þetta er eiginlega eins og einhver skáldsaga ... mér finnst það eiginlega bara 50-50 hvort maður eigi að lesa þessar bækur, mér finnst ég ekkert betri manneskja þó ég hafi lesið þetta, ekki vita það miklu meira að það skipti miklu máli - það sama á við um norrænu goðafræðina, goðafræðin er ekki skemmtileg. (Björg, framhaldsskólanemi)

Og enn aðrir sáu ekki tilganginn með náminu:

> „Nei mér finnst það ekki mjög mikilvægt, það eina sem það gefur er smá innsýn í bókina kannski - mér finnst voðalega asnalegt að læra þetta í skólanum“. (Karl, framhaldsskólanemi)

Tölvurnar birtast að sjálfsögðu í samkeppni við bækurnar í orðræðunni: „Það er lægð núna, unglingarnir gefa skít í allt og alla … allt nema það sem er í tölvunni… (*R: Ísl.sögur eru í tölvunni?)* já, en maður er í rauninni ekkert mikið að lesa í tölvunni“. (Bjarni, grunnskólanemi)

> Ég held að áhugi krakkanna á íslenskri menningu og svoleiðis fari dvínandi í framtíðinni … út af tækninni og tölvunum. Núna nennir enginn að lesa - eða fáir, eiginlega allir með tölvur. Eru á netinu og chattinu og koma sér í vandræði og svona, slást og svona. (Lárus, grunnskólanemi)

Þá var amast við stílnum á íslenskum bókmenntum, sem réttlæting fyrir því að lesa frekar erlendar bækur:

> I have tried to read Halldór Laxness, I started last summer to read Independent People, but I did not finish it. But I liked it … I read mostly English and Irish books, Icelandic novelists go straight to what happens, English novelists let you discover everything. (María, framhaldsskólanemi aðflutt frá Fillippseyjum)

Orðræðan sýnir að átökin á milli þjóðernisáherslna og hnattvæðingar geta kallað fram mótsagnir, eftir því hvar í orðræðunni hugveran staðsetur sig:

> Það er mikilvægt að kenna um íslenska menningu svo við verðum ekki eins og Bandaríkjamenn … allir feitir … bara borðaðir hamborgarar og eitthvað … bara halda íslenskum peningum og svoleiðis … það væri náttúrulega þægilegt, ef allir hefðu sama tungumálið … og borga með sama pening … ef maður flytur eitthvað annað … þá þarf maður ekki að muna þú veist hvernig dollarinn er þar. (Bjarni, grunnskólanemi)

Orðræðan í fjölmenningarlegu samhengi

Þegar viðmælendur voru spurðir um það hvort nýbúar eigi að læra um íslenska menningu, var ráðandi orðræða skýr og endurspeglast í eftirfarandi tilvitnun: „Ef þeir eru ættleiddir og ef þeir ganga í skóla hérna, en ekki ef þeir flytja hingað seinna, 30 ára eða eitthvað" (Jóhanna, framhaldsskólanemi). Nokkrir tóku tungumálið út úr í andstöðu við menningarefni almennt:

> Mér finnst kannski mikilvægast fyrir útlent fólk sem flyst hingað að það fái almennilega íslenskukunnáttu … eða kennslu, skilurðu, ef fólkið á að funkera í þessu samfélagi er mikilvægast númer 1, 2, 3, 4 og 5 að þau kunni málið. ... Eftir það finnst mér vera hægt að tala um hluti eins og menningu. (Kristín, háskólanemi)

En hvar og hvernig staðsetja aðfluttir Íslendingar eða nýbúar sig í orðræðunni um hvers konar menningarefni eigi að vera í skólum? Flestir nýbúanna staðsetja sig í ráðandi orðræðu, þó með meiri áherslu á íslenskuna sem tungumál:

> Við sem flytjum hingað ættum að læra íslensku og þá lærum við um íslenska menningu en það þarf ekki endilega að lesa bókmenntirnar til þess. Þeir sem fæðast hérna ættu kannski frekar að gera það, ef þeir hafa áhuga, en ég hef heldur ekkert sérstakan áhuga á taílenskum bókum ... Þetta er einn heimur en fólk hefur ekki áhuga á sömu hlutum endilega. (Patrik, framhaldsskólanemi aðfluttur frá Taílandi)

Einnig mátti heyra allt aðrar raddir: Í fyrsta lagi það sjónarmið að auk íslenskunáms væri mikilvægt fyrir þau sem aðflutta Íslendinga að læra um eigin upprunamenningu og að fullmikil áhersla væri á fornsögurnar í skólanum:

> Mér finnst nú mikilvægt að læra um taílenska menningu. Áður en ég kom hingað fannst mér það ekki, en þegar ég átti að fara að læra um hvernig allt er á Íslandi, þjóðhátíð og svona, sem ég hafði aldrei hugsað um, finnst mér mikilvægt að læra um tælenska menningu ... Nei ekki meiri íslenska menningu, við skulum bara horfa á þetta eins og það er. Krakkar hafa engan áhuga á þessum gömlu sögum núna og það breytist ekkert þó þetta sé kennt í skólanum. Áhuginn er annars staðar núna, það kannski breytist en svona er núna. (Sonja, framhaldsskólanemi)

En á að kenna meira um menningu nýbúa í skólum að mati íslensku viðmælendanna? Ráðandi orðræða meðal eldri nemanna var að það væri vissulega gott, en það var greinilega sett í annað sæti og horft á praktíska

erfiðleika við að komast yfir mikið efni: „Eftir aðstæðum gott ef það er tími“ (Pétur, háskólanemi).

Orðræða grunnskólanemanna bendir til meiri áherslu á mikilvægi þess að kenna um menningu nýbúa í skólum. Skírskotað var til fordóma en þó aðallega til trúmála og mismunandi siða:

> Já…svo þeir geta haldið í uppruna sinn … út af því að sko þá verður maður ekki leiðinlegur við þá … þú veist ef þeir koma úr landi þar sem er borðað með höndunum og við segjum: ha það eru bara hálfvitar sem borða með höndunum og algerir asnar ... líka um þeirra trúarbrögð. (Bjarni, grunnskólanemi)

„Já það er eiginlega nauðsynlegt að við lærum um þeirra trúarbrögð svo við getum tekið tillit til skoðana þeirra“ (Elín, grunnskólanemi). Já mér finnst eiginlega mikilvægara að læra um menningu þeirra en bókmenntir … það er mjög misjafnt hvað er strangt, það er svo mikið af trúarbrögðum til, misjafnar hátíðir og svona (Þórdís, grunnskólanemi).

> Gott að það sé valfag, það er auðvitað gott að læra um trúna þeirra svo maður geri ekki eitthvað sem misbýður því … ekki læra utanað og taka próf en læra undirstöður svo maður geri ekki eitthvað sem móðgar þau.“ (Dóra, grunnskólanemi)

Einnig mátti greina andóf í orðræðunni um trúmálin og skólann:

> Ég veit það ekki, ég er búddisti en mér finnst ekki mikilvægt að aðrir læri um búddisma í skólanum … mér finnst ekki að það eigi að kenna nein trúarbrögð, ég hef verið látin læra allt of mikið um kristna trú … mér finnst það ekki mikilvægt. (Sonja, framhaldsskólanemi aðflutt frá Taílandi)

Sumir eiga í erfiðleikum með að staðsetja sig í orðræðunni um trúmálin með tilheyrandi mótsögnum, m.a. María frá Filippseyjum sem hefur búið hér í rúm 5 ár:

> It is not important to read Nordic mythology because it is religion ... The first thing you have to do is to learn about other people. Otherwise you will be very lost … to be able to take care of Icelandic culture … but you have to learn more about others and please them … it is important to teach about all religions, not just one … learn at least the fundamental things about Islam … muslims are a lot of different people with different notions just like the Christians.

Orðræðan um hvatningu, skyldu og markmið menntunar

Fjölskyldan virðist ekki sterkur áhrifavaldur á lestur og lestraráhuga samkvæmt orðræðunni, en aðrar raddir heyrðust einnig, þar sem hvatning fjölskyldunnar var skýr:

> Já þegar ég var lítill las pabbi fyrir mig Íslendingasögurnar, mér fannst það voða gaman ... Jú ég hef gaman að lesa um Snorra Sturluson og svoleiðis … Ég hef ekki mikið lesið en amma mín þylur það allt yfir mér eiginlega … Hún vinnur hjá ... stofnun … jú ég hef ágætis áhuga á fornsögum Íslendinga. ... Svo laumar frænka mín … að mér bókum og spennusögum eins og Jack Higgins, Háskaflug og svoleiðis. (Lárus, grunnskólanemi)

Auk foreldra getur verið hvetjandi að búa erlendis:

> Sko, æ það var rosalega mikið af bókum heima hjá mér og pabbi er rosa mikill bókakall og kenndi mér að meta bækur … Svo fór ég reyndar til Bandaríkjanna en skólakerfið og kennararnir þar voru rosalega uppörvandi, þeir kunna það alveg að draga það besta fram úr einstaklingnum, í börnum kannski helst, alltaf með lestrarmaraþon í gangi, fékkst stjörnur fyrir að lesa bækur og frítt með fjölskylduna á Pizzahut eða miða í bíó. Eftir það hef ég bara alltaf lesið mikið. (Magnús, háskólanemi)

Samkvæmt ráðandi orðræðu er skólinn aðalhvatinn að lestri ungs fólks á íslenskum bókmenntum: „*Njála* - hún er helvíti skemmtileg … Náttúrulega sérstök, það á náttúrulega ekki að neyða þetta upp á fólk en allt í lagi að kynna það fyrir þessu“ (Karl, framhaldsskólanemi). Orðræðan um skyldules-efnið tekur oft á sig mótsagnakennda mynd:

> Mér finnst ekki mikilvægt að læra Íslendingasögurnar, eiginlega alveg hroðalega leiðinlegt. Eða þú veist maður ákveður að það sé leiðinlegt, af því maður þarf að lesa þetta. Ég las Gunnlaugs sögu í fyrra, mér fannst leiðinlegt að lesa hana. Svo vorum við einmitt að tala um það áðan því krakkarnir í 8. bekk eru að fara í próf í henni … Þá var ég að pæla þetta var ekkert leiðinleg bók, hún var skemmtileg … maður fræddist mikið um þetta. Ég á að lesa Gísla sögu á næsta ári, þá er maður alveg bara oj ég nenni ekki að lesa þetta. En svo eftir á er það bara skemmtilegt. Þetta er oft þannig að bækur sem maður les í skólanum verða leiðinlegri, því þá er verið að pína mann að lesa þær eins og Íslandsklukkuna … ef ég hefði tekið hana sjálf, væri hún mjög fín. Þetta er eitthvað svona skólinn...það væri fáránlegt ef Íslendingar myndu ekki lesa þetta. (Guðrún, grunnskólanemi)

Fleiri kvörtuðu undan því að erfitt væri að fá áhuga á og hafa gaman af því sem er skylda að lesa:

> Mér finnst til dæmis gaman að lesa Laxness, en mér fannst ekki gaman að lesa *Íslandsklukkuna* … því það var eiginlega neytt ofan í mig … mér gafst ekki tími til að ákveða það sjálfur. En mér fannst til dæmis gaman að lesa *Kristnihald undir Jökli*... Já en ef ég hefði ekki lesið *Íslandsklukkuna* í skólanum, hefði ég ekki lesið *Kristnihaldið* sjálfur, þannig að þetta hefur haft persónulega þýðingu fyrir mig ... Ég held það eigi að vera „optional" að lesa Íslendingasögurnar eða íslenskar bókmenntir. Kannski að lesa eina sögu þegar maður er unglingur … Ef maður hefur hins vegar engan áhuga á því, þá á ekki að vera að troða þessu ofan í mann út af því að það á ekki eftir að hjálpa manni. (Árni, grunnskólanemi)

Ráðandi orðræða var þó greinilega að það ætti að vera að skylda að læra þetta: „Já mér finnst alveg nauðsynlegt að læra Íslendingasögur, það er lágmarkskunnátta að vita eitthvað um landið. Mér finnnst bara að það eigi að vera skylda" (Björn, framhaldsskólanemi).

> Já mér finnst mjög mikilvægt að fólk kynnist þessum sögum... mér finnst það alveg þess virði að hérna ... að þvæla fólki í gegn um þær, hvort sem því líkar betur eða verr. (Hanna, háskólanemi)

Að síðustu er bent á að ýmsir áttu erfitt með að staðsetja sig í orðræðunni um skyldu og markmið í víðara samhengi:

> Ja mikilvægt fyrir hvað ... ég veit það ekki … þegar ég byrja að svara stærri spurningum, um svona … til hvers er skólakerfið … hvað er þjóð … hvað ber ríkinu eða skólanum að halda að börnum, hvað er of mikið og hvað er eðlilegt … hef ég ekkert rosalega sterkar skoðanir ... eða hvort þjóðernishyggja eða alþjóðahyggja verði ofan á. (Oddur, háskólanemi)

Samantekt og umræða

Hér hefur verið fjallað um bóklestur og íslenska menningu á tímum hnattvæðingar og samskiptatækni. Vissulega segjast margir síðast hafa lesið erlendar bækur eins og *Harry Potter* eða *Hringadrottinssögu* og vissulega er hér um að ræða netkynslóðina, þann hóp einstaklinga sem hefur alist upp við tölvur:

> Ég nota internetið á hverjum degi, fer voða jafnt inn á íslenskar og erlendar síður ... Ég fer voðalega mikið á Huga og er mjög virkur þar. En síðan er ég með blogg

> á erlendum … server. Og svo fæ ég fréttir, eða svona tónlistarfréttir af erlendum serverum. (Árni, grunnskólanemi)

Þetta kemur ekki á óvart og er í samræmi við það sem fræðimenn á sviði unglingamenningar og tæknibreytinga hafa bent á (Willis, 2003) og höfundur hefur fjallað um í annars staðar (2004; ásamt Morra, 2004).

Hér er ætlunin að draga saman niðurstöður og ræða meginspurningar greinarinnar, fyrst hvernig orðræðan um íslenska menningu birtist á tímum hnattvæðingar meðal nema í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum.

Fram kom að ráðandi orðræða var sú að mikilvægt væri að læra um íslenskar bókmenntir og menningu í skólum. Meginþræðir orðræðunnar voru: Þjóðarstolt, gott er t.d. að vita að lítil þjóð eins og við getur fengið nóbelinn; menningararfurinn, okkar gull, m.a. til að skilja eigin sérstöðu, aðskilja okkur frá öðrum á tímum hnattvæðingar og til að geta slegið um sig með flottum orðatiltækjum; sögulegar rætur, til að skilja betur forfeður okkar, fornmynjar og framtíðina; og persónulegar rætur, m.a. til að skilja uppruna eigin nafna, siði og venjur samfélagsins, eins og til dæmis það að landinn hefur meiri áhuga á ættfræði en terorisma.

Þrátt fyrir það síðastnefnda er ljóst að fornkapparnir og hetjudáðir þeirra eru hluti af orðræðunni sem spennandi, en ekki endilega bestu, fyrirmyndir, sem gefur kennslufræðilega möguleika á tengingu við nútímann, kvikmyndir, tölvuleiki og fl. eins og bent hefur verið á (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001) og hvatt er til í Aðalnámskrá grunnskólans (1999).

Þá er athyglisvert í ljósi rannsókna á nútíma samskiptatækni og sjálfsmyndum ungs fólks (Willis, 2003; Lam, 2004; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2004; ásamt S. Morra, 2004) að orðræða skólans eða ráðandi afla sé svona sterk meðal nema af öllum skólastigum. Hugsanlega er um að ræða það sem aðrir hafa fundið, að fyrstu viðbrögð gegn miklum breytingum er að halda í hið óbreytta (McCarthy og fl. 2003). Greina má þá tilhneigingu í orðræðu grunnskólanemanna að þeir viðurkenni það sem gott og gilt sem kennarinn segir, en hjá eldri nemunum er meira um ígrundaðri afstöðu, eins og ráðandi orðræða menningarinnar og skólans um þjóðarstoltið og mikilvægi menningararfsins sé orðinn hluti af þeirra eigin gildum. Þessi munur er skiljanlegur í ljósi kenninga Piagets og Kohlbergs um vitrænan og siðrænan þroska.

Umhugsunarverð er sú hugmynd að auka megi kennslu um menningararfinn á kostnað lífsleikninnar, sem einmitt er sú námsgrein sem gagngert var sett inn í námskrár 1999 til að gera námið nemamiðaðra og merkingarbærara (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003 a og b). Ekki er útilokað að þetta sjónarmið

endurspegli ráðandi orðræðu foreldra, en ljóst er að ekki hefur tekist að gera lífsleikninámið merkingarbært fyrir viðkomandi nema.

Ekki kom á óvart að greina mátti ýmis konar andóf og mótsagnir í orðræðunni. Andstaðan byggðist á því að fornsögurnar væru of fjarlægar eigin reynsluheimi; að skólinn ætti að horfa til framtíðar, ekki fortíðar; að íslenskar bókmenntir væru skáldskapur en ekki sannleikur; að ekki eigi að kenna trúarbrögð í skólum eins og norræna goðafræði; að fólk vildi bara tölvur í dag og læsi ekki bókmenntir í tölvum; að betra væri að fá fleiri karlkennara og gamnislagsmál; að ekkert væri skrifað í þessum tímum og að bókmenntastíllinn væri of knappur. Það síðastnefnda er viðurkennt sjónarmið og sumir telja það bjóða upp á mikla möguleika í kennslu:

> Íslendingasögurnar ... (eru) sagðar á þann hátt að oft er hið ósagða ekki síður magnþrungið og áhrifaríkt en það sem komið er í orð. Stíllinn er afar knappur og oft er líst í einni stuttri setningu, jafnvel einu orði, einhverju sem nútímahöfundur ... mundi segja á einni blaðsíðu. Tilfinningalegri afstöðu er sjaldan lýst né heldur skoðunum þeirra sem um er fjallað. ... Það er í verkahring kennarans ... að auðvelda nemendum að túlka sögurnar, töfra fram þær myndir sem höfundar þeirra földu með þögninni og fá nemendur til þess starfa að draga þær upp og koma þeim í orð, eða teiknaðar myndir. (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001: 13-14)

Mótsagnirnar segja ef til mest um átökin á milli orðræðu skólans og orðræðu eða reynsluheims nemans, sem staðsetur sig í báðum og niðurstaðan er mótsögn: Það yrði slæmt að hætta með íslenska peninga, en um leið þægilegt ef ekki þyrfti að standa í gjaldeyrisskiptum. Margir telja nauðsynlegt að læra um íslenska menningu þó að það hafi litla persónulega merkingu fyrir þá sjálfa (Guðný Guðbjörnsdóttir og S. Morra, 2004). Sömuleiðis bendir orðræðan til að hundleiðinlegt þyki að lesa það sem manni er gert að lesa en um leið er viðurkennt að sú lesning opni dyrnar að heimi viðkomandi bókmennta.

Hið síðastnefnda tengist lokaspurningu greinarinnar hvort það eigi að vera skylda að lesa íslenskar bókmenntir í skólum. Bendir rannsóknin kannski til að núverandi kennsla virki sem „bólusetning gegn frekari lestri“? Glöggt kom fram að mörgum leiddust viðkomandi bókmennntir vegna þess að þeim er gert að læra þær, en flestir viðurkenndu jafnframt að það hafi opnað augu þeirra fyrir sviðinu. Eins og búast má við út frá skilgreiningum á menntahugtakinu sem leggja áherslu á að til að eitthvað sé menntandi verði það að vera meðtekið af fúsum og frjálsum vilja (Peters, 1967) kemur þetta ekki á óvart. Því má segja að svarið við spurningunni um „bólusetninguna“ sé bæði já og nei, en að það eigi í raun við allt skyldunám. Töfralausnin hlýtur

að vera að kenna um íslenskar bókmenntir en gera námið jafnframt sem merkingarbærast, tengja það við reynsluheim nema, óháð kynferði, bakgrunni, upprunalandi eða skólastigi.

Spurt var í upphafi hvernig hægt sé að tryggja það að allir fái námsefni og kennslu við sitt hæfi og viðhafa samræmt árangursmat sem ekki mismunar eftir bakgrunni nema, ásamt því að tryggja samfellu í miðlun menningararfsins. Íslenskar bókmenntir virðast lifa góðu lífi meðal æsku þjóðarinnar, þó að orðræðan bendi til að nokkuð vanti á að allir geti tengt þær við eigin reynsluheim svo þær verði merkingarbærar. Augljóst er jafnframt að skólinn er lykilaðili í að tryggja samfelluna í tilflutningi þessa menningararfs á milli kynslóða. Því er mjög mikilvægt að huga að „textatengslum" allra nema við fornsögurnar og aðrar bókmenntir, láta nemendur umskapa þær í tengslum við eigin menningu og síðast en ekki síst tengja þær tölvutækninni eins og skólamenn hafa bent á (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2001). Eins og ég hef rökstutt annars staðar (2003a, 2003b, 2004, ásamt Morra, 2004) tel ég mjög mikilvægt að í þessum tilgangi verði nám og námskrár grunn- og framhaldsskólans nemamiðaðri. Mun umdeildara er hins vegar að hve miklu leyti þessi fræði eiga að vera hluti af samræmdum prófum (Heimir Pálsson og fl. 1997). Breytingar í átt að einstaklingsbundnara námi eru fræðilega og pólitískt ögrandi viðfangsefni í árangursmiðuðu skólakerfi með áherslu á samræmd próf eða svokölluð námsviðmið (*e. standards*) (Skrla og Scheurich, 2004; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001).

Einn angi þessarar rannsókar var að kanna betur hvað situr eftir eða er merkingarbærast af þessum bókmenntum að mati viðmælenda: hvaða sögur, bækur, söguhetjur og hvers vegna og tengingu þeirrar orðræðu við eigin sköpunarverk og bakgrunnsbreytur. Það er efni í aðra grein sem birtist síðar, til viðbótar þeim sem áður hafa birst og hér hefur verið vitnað til. Þessi grein er því aðeins einn liður í svarinu við ofannefndri spurningu. Hún endurspeglar ýmsar þær mótsagnir sem ungt fólk upplifir á tímum vaxandi fjölmenningar og samskiptatækni og er liður í að fá heillegri mynd af menningarlegri félagsmótun ungs fólks í dag. Hulda, háskólanemi fær lokaorðin:

> Ég held að til þess að manneskja geti lifað í heimi sem er síbreytilegur og fullur af áreiti, þá verði maður fyrst og fremst að þekkja sjálfa sig mjög vel, hafa mjög sterkar rætur ... Til þess verðum við að þekkja söguna og hvað mótar hana ... Svo getum við farið út í heim og við vitum hvað við höfum og við getum lært eitthvað nýtt og tekið það inn sem okkur finnst bæta okkar samfélag ... Ég held það verði tilhneiging til að draga úr íslensku menningarefni í skólum ... lífið er alltaf að verða flóknara ... og ég býst við að það verði svolítið þessi íslenska menning og menningararfur ... Ég held að í hverjum ungum Íslendingi búi tvær

sjálfsmyndir ... annars vegar þessi alþjóðlega og hins vegar þessi íslenska og smám saman erum við að samtvinna þær ... og þá verður að byggja á grunni sem við þekkjum og er traustur. Ef við þekkjum hana (íslenska menningu) ekki mjög vel, munum við aldrei læra að þekkja okkur sjálf, þannig hefur þetta persónulega skírskotun.

Þakkir

Þakkir eru færðar til eftirtaldra aðila sem aðstoðuðu við framkvæmd athugunarinnar:

Margrétar Gauju Magnúsdóttur og Berglindar Rósar Magnúsdóttur M.A. sem tóku viðtölin auk höfundar og Þórdísar Þórðardóttur, lektors og doktorsnema sem er aðili að rannsókninni; Valgerðar Bjarnadóttur, Önnu Berglindar Þorsteinsdóttur og Rósu Signýjar Gísladóttur, fyrir afritun viðtala og aðra aðstoð. Síðast en ekki síst til viðmælenda minna, fyrir fróðleg viðtöl og til skólastjórnenda og kennara fyrir góða fyrirgreiðslu, aðstöðu og þolinmæði.

Heimildir

Bourdieu, P. og Passeron, J.C. (1977). *Reproduction in Education, Society and Culture* (þýð. Nice, R.). London og Beverly Hills: Sage.

Cameron, D. (2001). *Working with spoken discourse.* London: Sage.

Fairclough, N. (1992). *Discourse and Social Change.* Cambridge: Polity Press.

Gauvain, M. (2001). *The Social Context of Cognitive Development.* New York and London: The Guilford Press.

Gee, J. P. (1999). *An Introduction to Discourse Analysis: Theory and Method.* London og New York: Routledge.

Grenfell, M. og James, D. ásamt Hodkinson, P., Reay, D. og Robbins, D. (1998). *Bourdieu and Education.* London: Falmer Press.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2000). Hvernig skilar menningararfurinn sér til ungs fólks? Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum III* (bls. 251- 268). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2001). Orðræða um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun mennastofnana. *Uppeldi og menntun*, *10*: 9-43 .

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003a). Hugmyndir um kyngervi og jafnrétti í námskrám grunnskólans. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (bls. 257-271). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003b). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldskólans í kynjafræðilegu ljósi. *Uppeldi og menntun, 12*: 43-64.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2004). Cognition, identities and education in an era of globalization and technological change. Erindi flutt á ráðstefnunni Technology in Society – Society in Technology: Framework of Everyday Life. Grein í ritrýningu.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Morra, S. (1997). Social and developmental aspects of Icelandic pupils' interest and experience of Icelandic culture. *Scandinavian Journal of Educational Research*, *41*(2): 141-163.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Morra, S. (1998). Cultural literacy: Social and developmental aspects of experience and knowledge of Icelandic culture. *Scandinavian Journal of Educational Research*, *42*(1): 65-79.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Morra, S. (2004). Orðræður ungs fólks um sjálfsmyndir, þjóðarvitund og hnattvæðingu. Væntanleg í *Tímariti FUM, Félags um menntarannsóknir.*

Heimir Pálsson, Þórður Helgason, Gunnlaugur Ástgeirsson, Guðný Eir Jónsdóttir, Valgerður Guðmundsdóttir. (1997). Á að prófa úr lesnum bókmenntum á samræmdum prófum í 10. bekk? *Skíma, 20*(1): 49-53.

Lam, W. S. E. (2004). Border Discourses and Identities in Transnational Youth Culture. Í J. Mahiri (ritstj.) *What they don´t learn in school: Literacy in the Lives of Urban Youth* (bls. 79-97). New York: Peter Lang.

Lave, J. og Wenger, E. (1991). *Situated learning: Legitimate peripheral participation.* New York: Cambridge University Press.

McCarthy, C., Giardina, M., Harewood, S. og Park, J. K. (2003). Contesting Culture: Identity and curriculum dilemmas in the age of globalization, postcolonialism, and multiplicity. *Harvard Educational Review, 73*(3): 449-465.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Patterson, A., Mellor, B., og O'Neill, M. *(1994*). Beyond comprehension: Poststructural readings in the English Classroom. Í B. Corcoran, M. Hayhoe og G. Pradl (ritstj.) *Knowledge in the making: Challenging the text in the classroom.* Portsmouth: Boynton/Cook Publishers.

Peters, R.S. (ritstj.) *(1967). The concept of education.* London: Routledge & Kegan Paul.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2001). Menningararfur við upphaf 21. aldar. *Skíma*, 2: 10-15.

Skrla, L. og Scheurich, J. (ritstj.). *(2004). Educational Equity and Accountability: Paradigms, Policies, and Politics.* New York og London: RoutledgeFalmer.

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in Society: The Development of Higher Psychological Processes.* Cambridge, MA: Harvard University Press.

Willis, P. (2003). Foot soldiers of modernity: The dialectics of cultural consumption and the 21st-century school. *Harvard Educational Review, 73*(3): 390-415.

Örnólfur Thorsson. (1998). Fornritastiginn eða Grettir fer í grunnskóla. Í *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fjölbreytni í lífssögum ungs fólks um fóstur

Guðrún Kristinsdóttir

Í greininni er skýrt frá broti úr niðurstöðum rannsóknar á högum ungs fólks sem komið var fyrir utan foreldrahúsa og dvöldu í langtímafóstri á vegum hins opinbera. Athugunin var gerð að frumkvæði og með styrk Barnaverndarstofu og fór fram 2001 - 2004.[1]

Hvernig á að athuga reynslu ungs fólks af fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda? Hvað mega teljast góð eða slæm afdrif einstaklinga sem hafa verið í langtímafóstri? Hvernig á að standa að því? Þetta voru spurningar sem höfundur stóð frammi fyrir þegar leitað var til hans um að gera rannsókn á fóstri barna. Ótal erlendar athuganir höfðu verið gerðar á efninu frá mörgum sjónarhornum en örfáar hérlendis og úr mörgu var að velja.

Hvar átti helst að bera niður? Rannsóknarefnið einkennist af fjölbreytni, því það snertir marga aðila; barnið, foreldrana, fóstur- og upprunafjölskyldu þess og starfsmenn sem ráðstafa börnunum og velja heimilin. Raða þarf saman mörgum brotum til að fá fram nýja þekkingu; líkt og í mósaíkmynd. Kitzinger (í Brown, bls. 1834) segir um mósaík:

> We shall be able, as if piecing together fragments of mosaic;
> to learn more and more.
> (Brown 1993)

Aðstæður kölluðu á afmörkun á viðfangsefninu. Á undanförnum árum hafði athygli þeirra sem rannsaka fóstur barna og ungs fólks beinst í auknum mæli að lífsreynslu þeirra sjálfra en þetta hafði til skamms tíma verið mun minna rannsakað en annað. Það varð úr að velja þennan sjónarhól.

Til að öðlast nákvæma mynd af viðfangsefninu þarf skiljanlega að athuga mörg atriði. Hér er aðeins rúm til að fjalla um nokkur þeirra og efnið er því afmarkað við aðstæður í bernsku og reynsluna af þeim. Fyrst verður fjallað um tilhögun og aðferðir og síðan um líðan, umönnun og tengsl í fóstrinu.

---

[1] Sigrún Hv. Magnúsdóttur, MSW eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoð við framkvæmdina.

Efnið kallar á lengri umfjöllun og unnið er að heildarbirtingu niðurstaðna þegar þetta er ritað.

Markmið og þátttakendur

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að athuga ofan í kjölinn hagi afmarkaðs hóps ungs fólks, sem hafði dvalið langdvölum í fóstri og hvernig sú ráðstöfun reyndist þeim þegar litið var um öxl. Jafnframt miðaði hún að því að fá fram ábendingar um vænlegt vinnulag. Rætt var við 16 einstaklinga á aldrinum 17 – 29 ára. Úrtakið var valið úr skrá Barnaverndarstofu og frá upphafi var ákveðið að ræða við 20 manns að fengnu samþykki þeirra og forsjáraðila eftir atvikum. Valið miðaði að sem mestri fjölbreytni í aldri, búsetu og gerð heimilis (t.d. ættingjafóstur) og ráðstöfunar (með eða án samþykkis) og að hafa jafna tölu karla og kvenna. Fjölbreytniúrtak er talið henta vel í eigindlegri rannsókn, þar sem reyna á að fá fram ólík tilvik og mynstur sem kunna að vera fyrir hendi. Vitað var að munur hafði verið á framkvæmd mála í Reykjavík og smærri byggðum á þeim tíma sem hluti þessara ráðstafana var líklegur til að hafa farið fram (Guðrún Kristinsdóttir, 1991; Barnaverndarstofa, 2001). Þar sem þetta var fyrsta rannsóknin á efninu hérlendis var mikilvægt að ná yfir sem mesta fjölbreytni tilvika. Rannsóknin afmarkaðist við langtímafóstur sem var skilgreint sem sex mánuðir eða lengur. Starfsmaður Barnaverndarstofu sem ekki vann við einstök mál valdi þátttakendur handahófskennt samkvæmt tilgreindum skilyrðum. Tuttugu einstaklingar, níu karlar og ellefu konur samþykktu þátttökuna. Einum snerist hugur vegna breyttra aðstæðna, þrjá náðist ekki í eða þeir mættu ekki þegar til kom. Því miður voru það allt karlar. Úrtakið náði því til 5 karla og 11 kvenna. Gera verður ráð fyrir að afstaða þeirra sem ekki mættu geti verið neikvæðari en þeirra sem tóku þátt, þó ekki sé hægt að fullyrða um það.

Hérlend þekking á fóstri barna

Rannsóknir á fóstri barna hérlendis eru fáar. Að frátöldum nemendakönnunum hafa tvær athuganir verið gerðar á fóstri barna hér á síðari árum, báðar á níunda áratug sl. aldar og báðar náðu til ráðstafana á vegum Reykjavíkurborgar. Fyrri rannsóknin sem náði til 154 barna sýndi meðal annars að fósturráðstafanir til lengri eða skemmri tíma voru algengar vegna aðstöðuleysis foreldra, sérlega átti það við um mæður barnanna og þær voru

algengari meðal langtímaskjólstæðinga en annarra fjölskyldna. Einnig kom fram meðal annars að börnin voru lítt sýnileg í skráningunni nema hvað þyngstu fjölskyldumál varðaði, feðurnir voru enn ósýnilegri en mæðurnar voru í brennidepli. Niðurstaðan um félagslega slagsíðu kom ekki á óvart þá, þar sem hún var algeng á þessu sviði; en virtist á þeim tíma meira áberandi hér en í Skandinavíu (Guðrún Kristinsdóttir, 1991). Hin rannsóknin sem náði til 200 barna sýndi m. a. að um helmingur barnanna fóru í fóstur til vandalausra. Fóstur rofnaði í 11% tilvika og það gerðist fremur á barnmörgum fósturheimilum og ef börnin voru eldri en yngri við upphaf ráðstöfunarinnar (Sigríður Jónsdóttir, 1993). Hvorug þessara athugana byggði á gögnum frá sjálfum börnunum og talsvert er um liðið síðan þeim lauk. Auk þessa fékk Barnaverndarstofa Gallup til að gera spurningalista-könnun á árinu 2001, sem náði til 50 svarenda í varanlegu fóstri. Hún er óbirt. (Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson o. fl., 2001). Er þá upptalið hvað fyrir liggur af samtímaathugunum á fóstri hérlendis. Eins og sjá má beindust þær ekki að upplifunum og lífsreynslu þeirrra sem áttu í hlut. Við val á athugunarefni voru því stigin fyrstu spor í að athuga á þann hátt reynslu barna eða ungs fólks af fóstri hérlendis. Af ofangreindu er ljóst að mörgu er ósvarað um efnið hérlendis.

Fræðilegur bakgrunnur

Líf barns í fóstri er oft erfið reynsla vegna missis og aðskilnaðar frá upprunafjölskyldu, sem getur leitt til einangrunar og þess að það kreppir að sjálfsmynd barnsins. Sum börn flytja milli fósturheimila og stofnana og þurfa að tengjast nýju fólki eða aðlagast nýjum aðstæðum. Samband við uppruna-fjölskyldu getur verið óreglulegt (Andersson, 1995). Slík ráðstöfun er afdrifarík íhlutun í líf barns og fjölskyldu þess og flókið að standa að henni svo að vel sé. Það er því nauðsynlegt fyrir alla aðila að að fá sem mesta vitneskju um sjónarhól barna og ungs fólks með slíka reynslu. Þekking á eigin reynslu barna og ungs fólks af fóstri gæti bætt hag kynforeldra og systkina, sem oft eiga erfitt. Hvað á að leggja til grundvallar í slíkri rannsókn er á hinn bóginn álitamál. (Cashmore, 2000) hefur meðal annarra fjallað um það hve hugtakið *afdrif* er margslungið. Hún bendir á að oft hefur verið miðað við fjölda fósturrofa, fjölda vistana hjá sama barni, þroskaþætti, að hve miklu leyti börn hafa samband við upprunafjölskyldu, námsárangur og félagsleg tengsl.

Í ítarlegu rannsóknaryfirliti kom fram að erfitt er að alhæfa um afdrif einstaklinga sem verið hafa í fóstri, þó að margar tilraunir hafi verið gerðar til þess, því að athuganirnar voru svo fjölbreyttar að efni og sniði að erfitt reynist að bera niðurstöður saman (Vinnerljung, 1996). Rannsóknir hafa sýnt að erfitt getur reynst að ná góðum árangri í meðferð fósturmála (Berridge 1998). Langtímarannsóknir hafa þó leitt í ljós að sum börn búa yfir seiglu til að komast yfir ýmsa erfiðleika sem gætu bent til hins gagnstæða (Rutter 1990). Eins og áður sagði hafa börn og ungt fólk tiltölulega sjaldan verið spurð um reynslu þeirra sjálfra, heldur fyrst og fremst starfsmenn og fósturæða kynforeldrar. Með því að laða fram raddir einstaklingann sjálfra má vonandi stuðla að auknum áhrifum þeirra á hvernig verður staðið að málum í framtíðinni. Aukin þátttaka þeirra er einnig í samræmi við hugmyndir um að auka áhrif ungs fólks og við samninginn um réttindi barnsins.

En við hvað átti að máta svör þeirra um lífsreynsluna og upplifun? Eðlilegt var að leita í smiðju þeirra sem gert höfðu svipaðar rannsóknir. Niðurstöður þeirra fáu norrænu rannsókna, sem byggt höfðu á frásögnum ungs fólks í umsjá barnaverndar sýndu að þau meta mikils að fólk sem hefur afskipti af þeim sé hlýlegt, umhyggjusamt, áreiðanlegt, aðgengilegt, heiðarlegt, útskýri gang mála á skiljanlegan hátt, fært um að ná samkomulagi og hafa samráð við þau. Að mati þátttakenda var oft langt frá því að þetta væri til staðar (Guldborg, Hansen S. o.fl., 1991; Koch, 1995; Törrönen, 1995; Guðrún Kristinsdóttir, 1997). Þetta er alvarlegt þar sem fósturbörn eru ennþá háðari umsjáraðilum en aðrir. Í breskri rannsókna var rætt við 100 börn og ungt fólk, þar af hafði um helmingurinn verið í umsjá barnaverndar og voru niðurstöður í mjög svipuðum dúr (Butler og Williamson, 1994). Sænsk athugun náði til unglinga í fóstri og þar kom fram að þrennt skipti mestu um aðlögun þeirra; *merking* eða að fóstrið öðlist merkingu fyrir persónuna sem slíka, *viðurkenning*; að fósturforeldrar viðurkenndu þau og loks *von*; að viðkomandi hafði gefið upp vonina um að snúa aftur heim (Lindén, 1998). Þessi atriði virðast öll mikilvæg. Þar við bætist, að mati höfundar þessara skrifa, að athuga þarf hvernig búið er að einstaklingum í fóstri og hvaða tækifæri þau fá í uppvextinum. Efnislegar aðstæður skipta þannig einnig máli.

Fræðilegur grunnur þessarar rannsóknar tók mið af atriðum sem komið hafa fram í rannsóknum um félagslegar og félagssálfræðilegar hliðar málsins. Hér er talsvert. byggt á ofangreindum yfirlitum Vinnerljungs (1996) og Berridge (1998). Með félagssálfræðilegum sjónarhorni er m. a. átt við kenningar um að áhrif innri og ytri skilyrða tvinnist saman í eina heild í lífi mannsins (Bronfenbrenner U. og Crouter A., 1983; Lindén, 1998). Athygli er

beint að styrk og bjargráðum ekki síður en að vandamálum. Þá er vísað til hæfni til að ráða fram úr erfiðum aðstæðum, þrátt fyrir mótlæti, eiginleika sem höfundur velur að kalla *seiglu* (e. resilience) (Garmezy N. og Rutter, 1983; Dahlin L. og Cederblad, 1986; Rutter, 1990).

Á þessum grunni voru fimm hugtök lögð til grundvallar: *Umönnun, líðan, tengsl, sjálfræði og aðstæður*. Nánari útfærsla kemur fram í eftirfarandi viðmiðum sem hægt var að máta við gögnin:

- Einstaklingnum hefur liðið vel að eigin sögn, hefur notið umhyggju og tengst öðru fólki náið, börnum og fullorðnum gagnkvæmum, traustum böndum.
- Hann hefur haldið tengslum við uppruna sinn, kynforeldra, systkini og aðstandendur og eignast vini.
- Hann býr við sjálfræði miðað við aldur og þroska.
- Hann ræður við daglegt líf að svo miklu leyti sem almennt gerist um fólk.
- Núverandi aðstæður eru vel viðunandi, ef litið er til sömu atriða og m. t. t. staðreynda um líf þátttakenda núna og frásagna þeirra.

Lífssaga og þátttökusnið

Lífssöguaðferð hentar vel til að fá fram nákvæmar frásögur af lífsreynslu. Hún felur líka í sér viðurkenningu á gildi slíkrar persónubundinnar reynslu við öflun nýrrar þekkingar á mannlegum högum (Bernler og Bjerkman 1990; Yow 1994). Reynt var að að tryggja að raddir unga fólksins kæmu fram og þau hefðu áhrif þeirra á tilhögun og efni viðtalanna (e. participatory research). Slík þátttökuaðferð byggir á sjónarmiðum um að börn og ungt fólk sé að öllu jöfnu fært um að hafa áhrif á eigið líf, að meta aðstæður og fært um að greina á trúverðugan hátt frá aðstæðum og áliti sínu, ef rétt er að staðið að (Prout og James, 1990; Qvortrup, 1993; Thomas og O´Kane, 1998; James, 1999). Hægt er að fara mislangt í að beita þessari aðferð. Hér fólst hún m. a. í því að viðkomandi fékk val um stað og stund, var sótt/ur ef það hentaði, hafði gott ráðrúm til að ræða um efni sem ekki var spurt beint um og ekki síst í vandaðri og endurtekinni kynningu á rannsókninni. Enn fremur lásu allir þátttakendur sem til náðist yfir samantektir viðtalanna og gátu komið með athugasemdir og útskýringar. Áhersla var lögð á að útskýra að valfrelsi ríkti um hvaða spurningum væri svarað og hvenær yrði látið staðar numið. Slíkt heyrir til góðra siða og reglna um upplýst samþykki en áhrif

hugmynda um þátttökutilhögun hafði umtalsverð áhrif á hvernig að þessu var staðið.

Aðferð

Í eigindlegri viðtalsrannsókn er leitað eftir því hvernig einstaklingurinn upplifir fyrirbæri og hvaða merkingu og gildi þeir hafa fyrir hann. Það er hin huglæga reynsla persónunnar og hans/hennar skilningur, sem er áhugaverður (Repstad 1993). Byggt var á hálfopnum eigindlegum viðtölum, sem henta vel í rannsókn þar sem þátttakendur og rannsakandi stýra báðir viðtalsefnum sem getur verið breytilegt eftir tilvikum (Kvale 1996). Helstu efnisflokkar voru: Dvölin í fóstri, heimilislífið, líðan, tengsl við fósturforeldra, systkini, vini; skólaganga, frístundir. Aðdragandi að fóstri og skýringar á því. Samband við upprunafjölskyldu. Lífið í dag, starf, nám, fjölskylda, fyrirætlanir. Mat á réttmæti fóstursins. Ábendingar til yfirvalda og starfsmanna. Eins og sagði ná þessi skrif einungis til nokkurra þessara atriða.

Viðtölin voru hjóðrituð og afrituð nákvæmlega. Gögnin voru frumflokkuð með NVivo (NVivo 1999 - 2000). Gagnagreiningin tók m. a. mið af umfjöllun (Silverman 1993), sem leggur áherslu á að vera næmur á umhverfi og menningu þátttakenda. Grunnhugtökin fimm voru notuð til að greina gögnin. Túlkun fór fram með endurteknum lestri og samanburði milli þema og reynt að forðast að brjóta efnið of mikið upp (avoidance of fragmentation). Siðferðilegra atriða var gætt eftir mætti, þar sem efnið er viðkvæmt (Hollway og Jefferson 2000). Efnisflokkar í viðtalsrammanum stýrðu greiningunni í upphafi en grunnhugtökin (umönnun, líðan, tengsl, sjálfræði og aðstæður) voru notuð til frekari greiningar og ekki síður var haft vakandi auga með þemum sem féllu fyrir utan þau.

Aðstæður er snerta fóstrið

Aldur við upphaf fóstursins var frá fyrsta ári til tólf ára. Ellefu börn voru fjögurra ára eða yngri og fimm þeirra voru eldri. Skemmsta dvölin var um þrjú ár og lengsta sextán ár. Flest höfðu dvalið á vistheimili og hjá kynforeldrum fyrir fóstrið. Allir foreldrar áttu við félagslega og sálræna erfiðleika og ofneyslu að etja, ýmist allt þetta eða færra. Öll börn fóru á miðstéttarheimili.

Aðstæður og umönnun

Niðurstöður um aðstæður, umönnun, tengsl og líðan í bernsku einkennast af því hve ólíkar þær eru. Þegar reynt er að flokka og fá fram skýr mynstur verða fyrir mörg smábrot fremur en skýrar línur. Hér á mósaíklíkingin sem nefnd var í inngangi því vel við.

Upplifun meirihluta þátttakenda af uppvextinum er jákvæð. Þeir telja heimilisaðstæður hafa verið góðar og fósturforeldrar hafi sinnt þeim vel. Meðal dýrmætra atriða sem þau með jákvæða reynslu tilgreina er *tími til samveru, hagnýt aðstoð t. d. við heimalærdóm og hjálp til að leita aðstoðar við að greiða úr tilfinningalegum vanda.* Sum notuðu orðið *heppni* yfir að hafa komist í góðar aðstæður er veittu öryggi og góðan aðbúnað sem þau hefðu annars ekki notið. Í flestum fósturfjölskyldum virðist hafa ríkt staðfesta sem veitti börnunum vernd, ekki síst þeim sem börðust við þrálátan kvíða og óöryggi, til dæmis skildu engir fósturforeldrar á meðan á fóstri stóð og ef fjölskyldan flutti varð það til góðs. Nokkrir fósturforeldrar eignuðust eigin börn, eftir að fóstrið hófst sem ekki raskaði ró þeirra sem komust vel af, þetta er þáttur sem oft er viðkvæmur (Berridge og Cleaver 1987; Berridge 1998).

Myndin af þessu er þó samsett; nokkrir einstaklingar eru ánægðir með aðbúnað og umönnun fósturforeldra en bjuggu engu að síðar við tilfinningalegt óöryggi, og segja m. a. frá kvíðaköstum og hegðunarerfiðleikum í bernsku sem hamlaði þeim í daglegu lífi. Í þriðja hópnum eru einstaklingar sem telja að fóstrið hafi verið misheppnað, þar sem miklir erfiðleikar urðu og það rofnaði í sumum tilvikum með slæmum afleiðingum. Þau tala um skort á samráði við þau, að val á heimilum hafi ekki verið nógu vandað, að fagmenn náðu ekki til þeirra, að eftirlit hefði þurft að vera til staðar sem þau urðu yfirleitt ekki vör við. Flestir einstaklingar með neikvæða reynslu ásaka þó yfirleitt ekki fósturforeldra sína og sum þeirra telja að ytri aðbúnaður og umönnun hafi verið í lagi en vikið verður að misbresti á þessu síðar.

Tengsl við fósturforeldra

Skipta má myndinni af tengslum við fósturforeldra í þrennt. Fyrst eru þau sem telja sig hafa tengst þeim traustum böndum, þá þau með blendar tilfinningar og loks þau sem festu ekki rætur. Talsverð breidd kemur fram í upplifun af tengslum við fósturforeldra annars vegar og hins vegar hvaða

augum þau líta stöðu sína sem fósturbörn. Ef litið er til dæma af þeim sem voru mjög ung við upphaf fósturins sést þessi munur og fjölbreytni smábrotanna í mósaíkmyndinni á við hér. Til dæmis um það eru fjórar ungar konur sem voru allar á fyrsta til öðru ári við upphaf fóstursins og sem hafa allar tengst vel í fóstrinu. Afstaða þeirra til þess að vera fósturbörn er ólík; allt frá því að telja það ekki skipta máli, ein ung kona segist ekki frábrugðin öðrum börnum og hún líti ekki á þetta sem mikilvægt, aðrar tvær eru bæði sáttar og telja hlutskiptið marka sér sérstöðu og frásögn hinnar fjórðu vitnar um ósátt og hlutverkatogstreitu. Myndin af þessu ber því meira vott um fjölbreytni en einsleitni.

Athygli vekur að þetta einkennir ýmsar aðrar niðurstöður, sem sést m. a. af því að sumir þátttakendur bjuggu við góða umönnun og aðstæður en jafnframt við innri vanlíðan og tengdust fósturforeldrum ekki traustum böndum. Ástæður eru ólíkar. Einni stúlku fannst að fósturmóðir hafnaði henni og tæki fóstursystur fram yfir hana. Ungur maður upplifði skyndilegan flutning í fóstrið sem áfall og jafnaði sig ekki á bernskuárum. Hann var lagður í einelti í skóla árum saman, gekk illa í námi og var snemma í óreglu. Hann gerðist loks ofbeldisfullur og tók ofsækjendur traustataki og hlaut dóm fyrir.[2] Í öðru tilviki misnotaði fósturfaðir fósturbarn sitt og eigin börn sín kynferðislega árum saman og var loks dæmdur til refsingar. Stúlkubarn var aldrei sátt við að vera fóstruð af tvítugu systkini sínu og maka og taldi skort á samráði við hana óásættanlegt en hún var tólf ára við upphaf fóstursins. Hún og önnur stúlka sem líka var ósátt fluttu að heiman um leið og þær gátu og við tók óreglusamt líf.

Fleiri dæmi verða ekki rakin en ljóst er að meðal meiri hluta þátttakenda ríkir ánægja með reynsluna af fóstrinu hvað snertir umönnun, aðstæður og tengsl við fósturforeldrana. Meðal minnihlutans er þessu öfugt farið og sum þeirra ásaka ekki fósturforeldra sína og eru ánægð með umönnun þeirra þó að þau festu aldrei rætur.

Lokaorð

Þessi umfjöllun gefur örlitla innsýn í hve ólíkar upplifanir koma fram meðal þátttakendanna sextán. Hér hefur verið stiklað á stóru og margt verður birt við annað tækifæri. Vinnerljung athugaði mikinn fjölda rannsókna og taldi að ekki væri hægt að segja með vissu hvort fósturráðstafanir væru til

---

2 Það er fyrir utan efni greinarinnar en honum gengur mun betur núna.

góðs eða ekki (Vinnerljung 1996). Það á líka við hér; lífssögur þátttakendanna sextán bera fremur einkenni smábrota mósaíkmyndarinnar en hinna stóru pensildrátta, sem geta skýrt hvað er eindregið jákvætt eða neikvætt. Þó væri unnt að segja meira um það í lengra máli.

Athygli vekur að þau gæði sem ánægðu þátttakendurnir draga fram hjá fósturforeldrum, tími til samveru, aðstoð við dagleg verkefni og aðstoð við að leita hjálpar eru sömu atriði og ungt fólk í breskri rannsókn nefndu (Thomas, Beckford o. fl. 1999). Einnig sést að atriði sem hin óánægðu nefna samrýmast dráttum í norrænum rannsóknum, til dæmis skortur á samráði og fagmenn sem ekki ná til einstaklinga í hremmingum (Guldborg, Hansen S. o. fl. 1991; Guðrún Kristinsdóttir 1997). Stundum voru fagmenn ekki til staðar, t. d. fyrir drenginn sem lagður var í einelti árum saman. Sá skortur á samráði og stuðningi sem sumir þátttakendur upplifðu er alvarlegur.

Hér hefur ekki verið rúm til að kafa djúpt í grunnhugtökin í þessari rannsókn. Í ensku er gerður greinarmunur á *to care for* og *to care about* og því má halda fram, að þetta tvennt; umhyggja og umönnun tengist náið (Graham 1983). Svipað kemur fram í íslensku, þar sem ein merking orðsins *önn* er umhyggja og að ala önn fyrir einhverjum merkir að sjá einhverjum fyrir lífsviðurværi (Mörður Árnason 2002). Umhyggja er nátengd hugmyndinni um hlýju eða hlýlegt viðmót, en er ekki órjúfanlega tengd traustum tilfinningatengslum og svo var heldur ekki hér. Þó að ytri aðstæður væru góðar upplifði sumt af unga fólkinu fóstrið neikvætt er það leit um öxl. Góð umönnun er á vissan hátt undirstaða góðra tengsla en fer ekki endilega saman við traust og jákvæð tengsl.

Það hvernig til tekst við að mynda tengsl við fósturfjölskylduna má telja að sé háð eiginleikum, hegðun og líðan allra aðila sem standa að fósturbarninu. Það skiptir að sjálfsögðu miklu hvernig barn aðlagast á fósturheimilinu og góð aðlögun er forsenda traustra tengsla. Aðlögun er háð gagnkvæmni í samskiptum aðilanna og ræðst langt því frá einhliða af eiginleikum í fari fósturbarnsins (Lindén 1998).

Niðurstöður þessarar rannsóknar veita fremur en annað innsýn í hve ólíkar aðstæður barna í fóstri eru.

Heimildir

Andersson, G. (1995). *Barn i samhällsvård.* Lund: Studentlitteratur.

Barnaverndarstofa (2001). *Árskýrsla 2001*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Bernler, G. og A. Bjerkman (1990). *Den sociala biografin*. Göteborg: Daidalos.

Berridge, D. (1998). *Foster Care. A research review*. London: The Stationery Office.

Berridge, D., og Cleaver, H. (1987). *Foster Home Breakdown.* Oxford: Blackwell.

Bronfenbrenner U. og C. Crouter A. (1983). The Evolution of Environmental Models in Developmental Research. Í Mussen D. H. (Ritstj.). *Handbook of Child Psychology* 1. New York: Wiley.

Brown, L., (Ritstj.). (1993). *New Short English Dictionary on Historical Principles.* Oxford: Clarendon Press.

Butler, I., og H. Williamson (1994). *Children speak, Trauma and Social Work.* Essex: Longman.

Cashmore, J. (2000). *What the research tells us. Permanency planning, Adoption and foster care*,

http://www.acwa.asn.au/ACWA/news/Cashmore.doc. 10.08.2003.

Dahlin L. og M. Cederblad (1986). Salutogenes - faktorer som befrämjar psykisk hälsa hos individer som växt upp i högriskmiljö för psykisk störning. *Psykisk hälsa*, *1*: 14-19.

Garmezy N. og M. Rutter (1983). *Stress, Coping and Development in Children.* N.Y.: Mc Graw-Hill.

Graham, H. (1983). Caring: A Labour of Love. Women, Work and Caring. Í Finch, J. og Groves. D. (Ritstj.). A Labour of Love: *Women, Work and Caring.* London, Routledge Kegan Paul.

Guðrún Kristinsdóttir (1991). *Child Welfare and Professionalization.* Umeå: University of Umeå.

Guðrún Kristinsdóttir (1997). Vænleg vinnubrögð - samvinna við mæður og börn. *Í Barnið og samfélagið* (bls. 56 - 73). Reykjavík: Samtök félagsmálastjóra á Íslandi [Ritstj. ekki getið].

Guldborg, P., Hansen S., Kirk Jensen, E., M., Kjærgaard, J., L., Larsen J. (1991). *Anbring mig ordentligt.* København: Socialpædagogisk bibliotek, Munksgaard.

Hollway, W., og Jefferson, Tony (2000). *Doing Qualitative Research Differently. Free association, narrative and the interview method.* London: SAGE.

James, A., Jenks, C., Prout. A. (1999). *Theorizing Childhood.* Cambridge: Polity Press.

Koch, A., og Koch, K. (1995). *Barn av barnevernet.* Oslo: ad Notam, Gyldendal.

Kvale, S. (1996). *Interviews.* London, N. Y. New Dehli: SAGE Publ.

Lindén, G. (1998). *Att bli fosterbarn i tonåren : om frigörelsen från internaliserade föräldraobjekt.* Stockholm: Almqvist & Wiksell International.

NVivo (1999 - 2000). *QSR NVivo*, QSR International. Pty Ltd.

Prout, A. og A. James (Ritstj.). (1990). *Constructing and Reconstructing Childhood.* London, N.Y. Philadelphia: The Falmer Press.

Qvortrup, J., (Ritstj.). (1993). *Childhood as a Social Phenomenon. Lessons from an International Project. International Conference September 1992. Billund, Denmark. Eurosocial Report.* Vienna: Vienna European Centre.

Rutter, M. (1990). Psychosocial Resilience and Protective Mechanisms. Í J. Rolf, A. S. Masten, D. Cicchetti, K. Nuecheterlein, H., og S. Weintraub (Ritstj.) *Risk and Protective Factors in the Development of Psychopathology.* Cambridge: Cambridge University Press.

Sigríður Jónsdóttir (1993). *Fósturbörn.* Reykjavík: Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Silverman, D. (1993). *Interpreting Qualitative Data.* London, Thousand Oaks, New Dehli: SAGE Publ.

Thomas, C., V. Beckford, Thomas, C., V. Beckford, Lowe, N., Murch, M, (1999). *Adopted Children Speaking.* London: BAAF.

Thomas, N. og C. O´Kane (1998). The Ethics of Participatory Research with Children. *Children and Society*, *112*: 336 - 348.

Törrönen, M. (1995). Barnets rätt och djungelns lag. *Nordisk Sosialt Arbeid, 1*: 67 - 69.

Vinnerljung, B. (1996). *Fosterbarn som vuxna.* Lund: Arkiv.

Yow, V. R. (1994). *Recording Oral History.* Thousand Oaks: SAGE.

Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson, Gísli Steinar Ingólfsson, Matthías Þorvaldsson (2001). *Viðhorfskönnun.* Reykjavík: Gallup á Íslandi og Barnaverndarstofa.

The effect of different teaching methods on the development of children's ideas about the human body

Gunnhildur Óskarsdóttir

A number of studies have been done on the understanding and the development of children's ideas about scientific issues (see e.g. Lawson, 1988 and Driver *et al.,* 1994). An extensive study, the English Primary SPACE Project (*Science Processes and Concepts Exploration),* showed important differences between 'correct' ideas and clear misconceptions, using a variety of different methods, for example discussion, using log-books (free writing and drawing), drawings and individual discussion. (Osborne, Wadsworth and Black, 1992; Harlen, 1992). The youngest children (5-6 years old) were able to name the parts of the body that they could see, touch or hear and they could draw them. Furthermore the study showed that children draw the organs that are more easily sensed: the heart which beats and the bones which they can feel. Therefore they are more aware of the position of their heart than of their lungs. Most children in the study could locate the heart roughly in the correct place but represented it like a Valentine's heart. Some of the children thought of the body like an empty container filled with blood and when they cut themselves the blood would simply flow out. Some of them also tended to think of the body as a container which contains different unconnected organs, bones and blood (Osborne, Wadsworth and Black, 1992; Black and Harlen, 1995).

Most of the children knew that we need air to live but very few were able to locate the lungs on a drawing of the human body. When asked about their muscles most of the children thought of their arms and possibly legs, but they did not seem to realise that all movement of the body involve muscles. The children were also aware that there were bones in arms and legs and many of them also knew about ribs and the skull. But they were usually not aware of, or not sure about, the pelvis or the spine (Osborne, Wadsworth and Black, 1992; Black and Harlen, 1995).

Reiss and Tunnicliffe have also done extensive research on children's ideas about the human body (Reiss and Tunnicliffe, 1999a, 1999b, 1999c, 2001 and 2002). They have used a variety of approaches to establish children's ideas about the structure and the place of the different organs. According to their experience drawings are of especial value for children that have difficulties with expressing themselves verbally. Drawings can also be helpful for those children that are shy in conversation or who lack certain linguistic skills and children that speak a foreign language (Reiss and Tunnicliffe, 2001). Reiss and Tunnicliffe (1999c) also discuss both the learning and teaching processes and the considerable influence the environment has on the development of ideas. They emphasise that for most people learning "takes place principally when two conditions are satisfied: first, when what is being learnt is of a personal meaning to the learner; secondly when there is a social environment for learning" (Reiss and Tunnicliffe, 1999c, p. 14). The teacher has to bear this in mind and has to provide learning opportunities that include a mixture of both (Reiss and Tunnicliffe, 1999c).

Thus there is an emerging picture of both what understanding young children have and under what external conditions it develops. The studies that have been referred to above do not, however, answer some important questions about certain of the details of this development nor the details of the influence teaching has on this development. In particular we don't know how the ideas and understanding of the structure on the one hand and the function of the different organs of the human body on the other develop with young school children, nor do we know enough about how teaching methods, teaching materials and different tasks affect the development of their ideas. In order to obtain information about these important issues the following research questions were formulated:

1. What kind of ideas do children in 1st grade of the primary school in Iceland (six years old) have about their body before teaching about the human body begins?
2. How do these ideas change over the course of two school years during teaching about the human body?
3. What are the main factors influencing the change of ideas, for example the curriculum, teaching methods, teaching materials, teacher-pupil interactions or something else?

In this paper the focus is on the preliminary findings related to the last question and especially on the possible effects of the teaching methods and teaching materials used and the interaction between teaching and learning.

Participants

One primary school in Reykjavík was chosen to take part in the research. Four teachers were teaching four primary-one classes in the school and I decided to focus my research on one teacher and her class so as to undertake a more in-depth study rather than spreading myself over the four classes. In the class were 20 pupils, 10 boys and 10 girls in grade one. In grade two, two children had moved away but one came instead so there were 19 in all.

Classroom observation, interviews, children's drawings and other activities

A variety of methods were used in order to get information from different angles and so increase the validity of my conclusions (see Bogdan and Biklen, 1998). All the lessons in grade one and two, when the teacher was teaching about the human body, were observed. I was present in all of them (26 lessons in total) and I also video-taped them. Each lesson lasted 45 minutes. Teachers' meetings when the four teachers were planning the lessons were also observed. The class teacher was interviewed after each session (lesson or topic) and at the end of the project. One-to-one interviews were also conducted with all the nineteen children at the end of the project. The children made a lot of drawings from the beginning of the project right to the end. All the drawings were collected to be classified and analysed. Finally, in order to get information from a variety of different sources the children were asked to undertake a range of different diagnostic tasks at the end of the project.

I used a number of approaches to analyse my data. I used discourse analysis in order to get a clearer picture of certain words and concepts used in the dialogues (see e.g. Banister and Parker, 1993). I used grounded theory to find categories and themes in my data. (Corbin and Strauss, 1996). I used both open coding, where I identified single words or phrases, and axial coding where I related categories to their subcategories in order to obtain more precise explanations of the phenomena or issues in question (Corbin

and Strauss, 1996). I also used hermeneutic methods to analyse the data by going through my notes and all the drawings the children made throughout the project in order to extract how the different teaching methods, teaching materials and incidents affected the children's ideas about the human body so as to formulate some interpretations on the basis of the data (see Robson, 2002).

Preliminary findings about the interaction between the teaching methods and the development of the children's ideas

When analysing the data a number of themes have emerged that have been particularly interesting, namely:

- the ways the teacher used to catch the children's attention and keep it.
- her teaching methods.
- the pupils' involvement.
- the differences between the involvement of boys and girls.

All these themes are very important to the research but here the focus is on the possible influence different teaching methods have on children's ideas about the body.

The teacher used a variety of teaching methods when teaching about the body. Many of them were aimed at gathering evidence about children's ideas about the human body, whereas some were aimed at extending their ideas. The teacher said her main aim was to find out the ideas the children had about the body, the bones, the different organs and how it all worked but also to 'teach' them about the body in order to add to and to develop their ideas. The teacher used short introductions (mini-lectures) and question-and-answer methods a lot (questioning and discussing). Other methods she used were practical work (hands-on activities or investigations), interactive activities on the Internet, drama and demonstration. Importantly, the children were also asked to draw pictures of their ideas about different topics before and after the teacher taught them.

I classify the teaching methods used into two categories, depending on the aim of teacher. The first one aim at determining the present status of the child's ideas, e.g. the discussion method and questioning strategies (question-and-answer method) where the teacher asks some key questions of the

children. The second category is methods that aim at extending the children's ideas, e.g. introduction, mini-lectures, practical work (hands-on activities or investigations), interactive activities on the Internet, drama and demonstration. But these teaching methods overlap and support each other. Discussion can also extend and develop ideas and by listening to children working on practical activities or doing interactive activities on the Internet can also give the teacher important information about children's ideas. All of these teaching methods also aim at getting children's attention and keeping them interested. When starting a lesson or opening up a discussion about an issue or a topic the teacher usually stood in front of the class holding up the big book *Komdu og skoðaðu líkamann (Come and look at the body)* (Gunnhildur Óskarsdóttir and Ragnheiður Hermannsdóttir, 2002). Sometimes she also used other books or other things relating to the topic. For instance, she once used a big doll to get their attention and she also used a big paper model of a skeleton, a big plastic model of a skeleton and a model of the heart. The teacher wanted the children to raise their hands and share their ideas with the others and after a while there was usually a sample of answers from the children. The teacher usually did not say that an answer or an idea was wrong even if it was, but in order to clarify or correct she repeated the answers and sometimes asked a new question to get a more scientifically acceptable answer. If the children did not come up with the 'right' answer she usually told them the answer or read to them about the body from *Komdu og skoðaðu líkamann*. If someone had come up with the answer she was looking for she usually did not say so but continued to encourage the children to express themselves and share their ideas with the rest of the class. Sometimes she was looking for specific answers but usually she was looking for the children's ideas about certain issues and concepts in order to gather evidence about their ideas. When the children had shared their ideas the teacher usually added to the discussion, gave extra information, and summed up what the children had said. The teacher attempted to involve all the children in the discussion, including those who had not raised their hands. Sometimes she just asked a particular child directly or perhaps two children to get them involved or just to encourage them to add something to the discussion. She said their responding was important even though they did not say a lot and she obviously felt that she was changing their activity state from not being active to being active.

Practical work / hands-on activities were teaching methods used in order to get the children engaged in different activities. When teaching about the heart, lungs and the blood circulation the teacher brought with her two

real stethoscopes and a plastic model of the heart. She divided the children into pairs or groups of three and again they did different tasks. They took turns in listening to each others' heartbeats through the stethoscope before and after jumping up and down. She helped them to put the stethoscope at the right place on their chests and talked to them about their findings. While some children were doing this activity the others were colouring a drawing of the heart using the plastic heart as a model for the drawing. When teaching about the senses the teacher had organised a workshop in the classroom with a variety of different activities and the children took turns in trying them all out. The teacher here had the role of an advisor, asked questions and asking the children to move on to the next activity when finished an activity. These activities, along with information from the teacher and information from the children during discussion and interaction, seem to have extended the children's knowledge about the senses and also about the heart and how it works. This is born out by the interviews, drawings and diagnostic tasks. However, all the children already knew quite a lot about the heart before the project about the body started so here it was a question of extending knowledge and matching what they had seen and experienced in the project to the ideas and knowledge they already had.

While the children were doing a puzzle activity by putting together a skeleton, the teacher asked the children in pairs to come and do a few **interactive tasks** involving the skeleton and the different organs on a computer. There were two computers in the classroom so the children had to take turns in doing these tasks. The teacher explained what they were supposed to do and then the children did the activities without the teachers' aid. However, some of them had to get some extra help from her. In one of the computer activities the children were supposed to put the different organs, the kidneys, liver, heart etcetera, into the right place of the body. According to the drawings the children made after this lesson, these activities seemed to have influenced their ideas.

At both the beginning and the end of the project the children were asked to make a drawing of the skeleton. In all cases there was considerable difference between the two drawings. It is, however, difficult to tell what exactly made the biggest impact on their ideas, and this might have varied from pupil to pupil, because they had done a number of different activities about the skeleton. The children were also asked to make a drawing of the different organs like they were asked to do at the beginning of the project. The difference between the original drawing and the one they did afterwards of the organs was not as great as between the drawings of the skeleton.

However, it was obvious that the interactive activities they did and the visual things like pictures had had an effect on their ideas because in their second drawing some of the children drew the kidneys inside a drawing of a body, even though many of them could not remember exactly where the kidneys were supposed to be. For example, one drew the kidneys in the head, remembering that an organ like this was somewhere, but where it was supposed to be was not such an issue!

The teacher also used **drama** to enrich her teaching. When she was teaching about bones, muscles and joints, she asked the children to imitate locomotion of different animals e.g. giraffe, seal, dog, elephant and gorilla. She controlled the acting by leading them through the game and took part herself by bending herself backwards and forwards. She also involved the children in songs about the body that involved movement and used drama to help them understand cell division and also to understand how nerve cells send messages to the brain and the brain relays information back to the different parts of the body. The teacher often used acting herself when she was explaining something to the class. Sometimes it was difficult to tell whether it was role-playing or demonstration or a mixture of both. When teaching about the blood circulation she took on a role herself where she changed her voice and performed a little act like she was a small person travelling with the bloodstream, going into the lungs to get oxygen and being pumped out from the heart again and again. By doing this she got the children's attention and she told me that "she could feel they were listening." It is difficult to tell exactly what the children learned exclusively from this activity but by being in the classroom and seeing how she got their attention I obtained a firm impression that they were learning. To ascertain this and to measure their knowledge increment at this point is quite difficult. But in the interviews I undertook with the children at the end of the project many of them referred to this lesson so I am quite confident that they were indeed learning something during this particular lesson, which then can be attributed to the activities undertaken.

Demonstration was also used to emphasise the idea the teacher was conveying to her students. A good example is when she was teaching about the digestive system. She put the breakfast cereal, weetabix, and milk in a transparent plastic bag, walked between the children, and her hands were acting like the muscles in the stomach and soon the weetabix and milk had mixed. This demonstration seems to have had a great effect on children's ideas about the digestion according to the drawings they made afterwards where they all, with the exception of one, drew the food like a mixture in the

stomach and many of them also mixed all the colours of the food together. In their first drawings, on the digestive system, the food in the stomach was similar to the food in its original state i.e. whole carrots, whole bread slices or big pieces of the food. Thus this demonstration seems to have had an effect on the ideas, but it has to be borne in mind that in the meantime the teacher had also explained to them a lot about the digestive system.

Drawings made by the children at every stage of the project are an important part of the research. The drawings can be seen as an integral part of the teaching in that the teacher used them to get information about the children's ideas while they can be used as an important part of assessment. They are also a very important part of my data collection and therefore a crucial part of my study. The children made drawings before and after discussion and teaching about each topic of the project (skeleton, organs, digestion etc.). The drawings give important information about the development of the children's ideas because they show how their ideas have changed during the course of the project. There were a few children that did not express themselves a lot verbally so it was impossible to tell just from their dialogue what their ideas were and how they had changed. The drawings give important information about this. The teacher claimed that the drawings were an important tool, *inter alia* for gauging what the children knew. There was one foreign boy, in particular, who did not speak or understand a lot of Icelandic but his drawings gave important information about his ideas. All the drawings give good indications about the importance of the different teaching methods and also the great effect the visual images have. Some of the pictures in the book *Komdu og skoðaðu líkamann (Come and look at the body)* clearly had an impact on the children's ideas according to their drawings and it is very important to dissociate these effects from the effects attributed to the changed understanding the children may have. The pictures that seems to be most affective are the picture of the heart and the blood circulation, the picture of the way the food is transferred from the mouth to the stomach, the picture of the digestive system and the picture of the kidneys. The children seem to remember these pictures and try to imitate them even though they do not have them in front of them when drawing these objects or processes.

The diagnostic tasks that the children did at the end of the project also indicate that all these different methods, activities and visual materials were important to the development of the children's ideas although it difficult to tell at this point what exactly has had the greatest effect. However, these

tasks, along with the drawings, give important hints as to the children's learning at different stages of the project.

Educational importance of the study

In this paper I have focused on the possible influence different teaching methods and teaching materials can have on children's learning about their own body. There is still a lot of data to be analysed and a lot of issues waiting to be explored and discussed. It is already clear that this research will help us to answer important questions about the qualitative development of children's knowledge in the classroom and also about how different activities and interactions between the learner and the teacher have impact on this development. This will be important both to fill in our theoretical understanding of conceptual development in a teaching environment and for writers of curriculum guidelines, writers of teaching materials, teachers, student teachers and, not least, for the pupils themselves.

References

Banister, P. and Parker, I. (1994) *Qualitative methods in psychology: A research guide.* Philadelphia: Open University Press. Page: 92-107.

Black, P., and Harlen, W. (1995). *Living Processes.* Teachers guide. Nuffield Primary Science. London: Collins Educational.

Bogdan, R. and Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research for education.* Boston: Library of Congress Cataloguing -in- Publication Data.

Corbin, J. and Strauss, A. (1996). *Basics of Qualitative Research.* London: SAGE.

Driver, R., Squires, A., Rushworth, P., and Wood-Robinson, V. (1994) *Making sense of secondary science: research into children's ideas.* London: Routledge.

Gunnhildur Óskarsdóttir and Ragnheiður Hermannsdóttir (2002). *Komdu og skoðaðu líkamann.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Harlen, W. (1992). *The Teaching of Science.* London: David Fulton.

Osborne, J., Wadsworth, P. and Black, P. (1992). *Processes of Life: Primary Space Project Research Report.* Liverpool: Liverpool University Press.

Lawson, A. E. (1988). The acquisition of biological knowledge during childhood: cognitive conflict or tabula rasa? *Journal of Research in Science Teaching, 25*, 185-199.

Reiss, M. and Tunnicliffe, S. D. (1999a). Children's knowledge of the human skeleton. *Primary Science Review, 48*, 7-10.

Reiss, M. and Tunnicliffe, S. D. (1999b). Learning about skeletons and other organ systems of vertebrate animals. *Science Education International*, *10*(1), 29-33.

Reiss, M. and Tunnicliffe, S. D. (1999c). Conceptual development. *Journal of Biological Education, 34*, 13-15.

Reiss, M. and Tunnicliffe, S.D. (2001). Students' understanding about human organs and organ systems. *Research in Science Education, 31*, 383-399.

Reiss, M. and Tunnicliffe, S. D. (2002). An international study of young peoples' drawings of what is inside themselves. *Journal of Biological Education, 36*, 58-64.

Robson, C. (2002). *Real World Research*. London. Blackwells.

Uppeldishættir foreldra og námsárangur unglinga á samræmdum prófum við lok grunnskóla

Sigrún Aðalbjarnardóttir
Kristjana Stella Blöndal

Spenna ríkir jafnan bæði á heimilum og í skólum í tengslum við samræmd próf í 10. bekk við lok grunnskóla. Lögð er mælistika á þekkingu og skilning nemenda í tilteknum námsgreinum á þessum tímamótum. Alla hlutaðeigandi skiptir miklu að vel gangi, unglingana, foreldra þeirra og fjölskyldur, kennarana, skólann og samfélagið. Námsárangur unglinga er hluti þess veganestis sem þeir taka með sér þegar þeir stíga næstu skref á lífsgöngunni. Slakt námsgengi er oft tengt vímuefnaneyslu eða brottfalli úr skóla (t.d. Kurdek o.fl., 1995). Þá skiptir árangur unglinga á samræmdum prófum í lok grunnskóla töluverðu um líkur á því hvort þeir ljúka námi úr framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Langflestir hér á landi fara í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla, eða rúm 90% árgangs (Hagstofa Íslands, 2004). Námshæfileikar nemenda skipta að sjálfsögðu miklu máli um námsárangur þeirra, en hvatning frá umhverfinu er einnig þýðingarmikil (sjá yfirlitsgrein Hidi og Harackiewicz, 2000). Hér verður lögð áhersla á að athuga hvernig uppeldishættir foreldra tengjast námsárangri unglinga og beinist athyglin að árangri þeirra í 10. bekk í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig uppeldisaðferðir foreldra tengjast þroska unglinga og velferð þeirra. Kenning Baumrind (1971) frá áttunda áratugnum um mismunandi uppeldisaðferðir foreldra er vel þekkt á þessu sviði. Innan þessarar hefðar hafa fræðimenn einkum farið tvær leiðir við að skoða uppeldisaðferðir. Annars vegar fjalla þeir um samheldni í fjölskyldunni, hegðunarstjórn og viðurkenningu foreldra og skoða hvernig hver uppeldisaðferð um sig tengist aðlögun barna og unglinga. Hins vegar hafa þeir flokkað þessar aðferðir saman í uppeldishætti. Síðarnefnda tilhögunin þykir almennt vænlegri í ljósi þess að hún veiti möguleika á að athuga tengsl

fjölþættari uppeldisaðferða við aðlögun ungmenna (Lamborn o.fl., 1991; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001; Steinberg o.fl., 1994). Samheldni og hegðunarstjórn hafa til að mynda verið flokkaðar í fjóra uppeldishætti: leiðandi (mikil samheldni og mikil hegðunarstjórn), skipandi (lítil samheldni og mikil hegðunarstjórn), eftirlátir (mikil samheldni og lítil hegðunarstjórn) og afskiptalausir (lítil samheldni og lítil hegðunarstjórn).

Leiðandi foreldrar krefjast þroskaðrar hegðunar af barninu og taka vel á móti hugmyndum þess. Þeir setja skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, nota til þess útskýringar og hvetja börnin til að skýra út sjónarmið sín. Þeir eru hvorki uppáþrengjandi né setja börnunum stólinn fyrir dyrnar. Þeir sýna börnunum einnig mikla hlýju og uppörvun. *Eftirlátir foreldrar* bregðast vel við hugmyndum barna sinna, leyfa töluverða sjálfsstjórn og sýna þeim hlýju. Hins vegar setja þeir börnunum ekki skýr mörk. Þeir eru undanlátssamir og forðast beina árekstra. *Skipandi foreldrar* stjórna börnunum með boðum og bönnum og þeir refsa þeim fyrir misgjörðir. Reglur eru skýrar. Þeir vænta þess að skipunum þeirra sé hlýtt án útskýringa. Þeir nota því sjaldan röksemdir og sýna börnunum litla hlýju og uppörvun. *Afskiptalausir foreldrar* ala börnin upp í stjórnleysi, setja ekki mörk og gera ekki kröfur til þeirra. Þeir bregðast ekki við hugmyndum þeirra og veita þeim ekki stuðning. Vanræksla einkennir uppeldisaðferðir þeirra.

Komið hefur í ljós að börn og unglingar sem búa við leiðandi uppeldishætti hafa betra sjálfsálit, meiri sjálfsaga, eru sjálfstæðari í hugsun og sýna meiri samskiptahæfni en unglingar sem alast upp við aðra uppeldishætti (sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001). Þeir eru jafnframt ólíklegri til afbrota og til að neyta vímuefna í óhófi (Lamborn o. fl., 1991; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001; Steinberg o. fl., 1994). Þessar niðurstöður hafa komið fram um heim allan og skiptir þar litlu hver félags- og efnahagsleg staða foreldra er, fjölskyldugerðin eða kynþátturinn.

Unglingar leiðandi foreldra hafa einnig sýnt bestan námsárangur og jákvæðustu tengslin við skólann (Lamborn o. fl., 1991; Radziszewska o.fl., 1996; Steinberg o.fl., 1992). Í rannsókn Lamborn og félaga (1991) kom þó ekki fram marktækur munur á meðaleinkunn unglinga leiðandi og skipandi foreldra. Tekið skal fram að nemendur greindu sjálfir frá meðaleinkunn sinni í þeirri rannsókn. Í ofangreindum rannsóknum reyndust unglingar afskiptalausra foreldra að jafnaði verst settir.

Ýmsar rannsóknir benda til að nemendur sem búa við góða félags- og efnahagslega stöðu foreldra sýni betri námsárangur en nemendur sem hafa lakari stöðu (sjá yfirlitsgrein Jeynes, 2002). Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að stúlkur standa sig að jafnaði betur í íslensku en piltar á samræmdum prófum í

10. bekk, en ekki hefur komið fram munur á stærðfræðieinkunn þeirra (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Nýmæli rannsóknarinnar og tilgátur

Hér á landi virðist lítið efni hafa birst um hvernig skilgreindar uppeldisaðferðir foreldra tengjast námsárangri nemenda. Þetta á ekki síst við þegar til athugunar eru uppeldishættir sem samsettir eru úr uppeldisaðferðum (t.d. samheldni og hegðunarstjórn; sjá hér að framan). Í þessari rannsókn verða fjórir uppeldishættir athugaðir í tengslum við námsárangur unglinga: leiðandi, eftirlátir, skipandi og afskiptalausir. Þá vekur athygli hve fátítt er í erlendum rannsóknum á þessu sviði að notuð séu stöðluð próf til að meta námsárangur (undantekningar eru rannsóknir Kurdek o. fl., 1995 og Steinberg o.fl., 1989; þar voru einstakar uppeldisaðferðir til skoðunar en ekki samsettar í uppeldishætti). Oftar en ekki eru nemendur í þessum rannsóknum spurðir um námsárangur sinn. Slík mæling hlýtur að vera óáreiðanlegri en niðurstöður úr samræmdum prófum.

Jafnframt hafa flestar rannsóknanna verið þversniðsrannsóknir og hefur því skort langtímasnið til að geta ályktað af meira öryggi hvort uppeldisaðferðir spái fyrir um námsárangur. Eins árs langtímasnið má þó sjá í nokkrum rannsóknum (sjá Herman o. fl., 1997; Steinberg o. fl., 1992; Steinberg o. fl., 1994; þar voru einstakar uppeldisaðferðir til skoðunar en ekki samsettar í uppeldishætti). Eins árs langtímasnið er notað í þessari rannsókn.

Komið hefur fram sú athyglisverða umræða að mæling á félags- og efnahagslegri stöðu foreldra sé í raun ekki aðeins mæling á menntun, stöðu og tekjum þeirra heldur á fjölda persónu- og umhverfisþátta. Þar má nefna væntingar foreldra til menntunar barna sinna og uppeldisaðferðir sem tengjast námsgengi þeirra (sjá yfirlitsgrein Jeynes, 2002). Með hliðsjón af þeirri umræðu er hér hugað að því hvort uppeldishættir foreldra tengjast námsárangri unglinga þrátt fyrir að tillit sé tekið til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Loks skal nefna að tengsl uppeldishátta eru athuguð sérstaklega fyrir námsárangur í íslensku annars vegar og stærðfræði hins vegar til að kanna hvort munur komi þar fram og virðist það ekki hafa verið gert áður.

Í ljósi niðurstaðna ofangreindra rannsókna er tilgátan sú, að unglingar leiðandi foreldra séu líklegastir til að sýna bestan námsárangur á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði en unglingar afskiptalausra foreldra lakastan námsárangur. Búist er við þessum niðurstöðum þótt tillit sé tekið til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og þess hvort stúlkur eða piltar eiga í hlut.

Aðferð

Þátttakendur

Rannsóknin er með langtímasniði og náði til allra reykvískra nemenda sem skráðir voru í 9. bekk grunnskóla vorið 1994 (mars). Alls tóku 1293 nemendur þátt í rannsókninni þetta vor (51% stúlkur) og var svarhlutfall 91%. Rúmu ári síðar (1995, apríl) tóku nemendurnir samræmd próf við lok grunnskóla. Eins og gert var með langtímarannsóknina í heild sinni var leitað til Persónuverndar um leyfi til að nota gögn um námsárangur þátttakanda á þessum samræmdum prófum. Það leyfi fékkst.

Mælitæki og framkvæmd

Mæling á námsárangri byggist á einkunn þátttakenda á samræmdum prófum í íslensku (N=1371) og stærðfræði (N=1370) í 10. bekk. Í spurningalista sem lagður var fyrir þátttakendur var meðal annars leitað eftir bakgrunni þeirra (kyni, félags- og efnahagslegri stöðu) og uppeldisaðferðum foreldra. Spurningalistinn var lagður fyrir þátttakendur á skólatíma í mars árið 1994 þegar þeir voru í 9. bekk.

Félags- og efnahagsleg staða foreldra var metin með tilliti til menntunar og starfs beggja foreldra. Notaður var sexskiptur raðkvarði sem byggist á kvarða Hollingshead (1975). Ef menntun og störf foreldra flokkuðust í mismunandi stöðu samkvæmt kvarðanum var miðað við stöðu þess foreldris sem var í hærri flokki. Í þessari rannsókn var kvarðinn endurflokkaður í tvo flokka. Í flokki þeirra sem teljast hafa lakari félags- og efnahagslega stöðu eru þeir sem sinna bæði ósérhæfðum og sérhæfðum störfum í þjónustu, einnig iðnaðarstörfum og skrifstofustörfum. Í flokki þeirra sem teljast hafa betri félags- og efnahagslega stöðu eru þeir sem sinna störfum sem krefjast lengri sérmenntunar (t.d. kennarar úr KÍ) eða háskólamenntunar og stjórnunarstörfum.

Uppeldishættir voru mældir með kvörðum Lamborn og félaga (1991). Mælingarnar nefnast samheldni (involvement) og hegðunarstjórn (behavioral control). Samheldni (15 spurningar, M=0,87, SF=0,09, Spönn=0,47-1,00, alfa=0,76) mælir hversu vel unglingurinn telur sig geta treyst á stuðning forelda sinna og hver fjöldi samverustunda þeirra er. Dæmi um spurningar eru: Hversu oft gerir fjölskyldan þín eitthvað skemmtilegt saman? Möguleg svör: Næstum daglega, Nokkrum sinnum í viku, Nokkrum sinnum í mánuði, Næstum aldrei. Jafnframt var spurt: Hvað af eftirtöldu á oftast við um föður þinn/móður þína?: „Þegar hann/hún vill að ég geri eitthvað þá útskýrir

hann/hún hvers vegna hann/hún vill það“ og „Ég get treyst á að hann/hún hjálpi mér ef ég lendi í vandræðum“. Svarmöguleikar voru: Oftast rétt, Oftast rangt.

Hegðunarstjórn (8 spurningar, M=0,87, SF=0,09, Spönn=0,47-1,00, alfa=0,77) metur að hve miklu leyti foreldrar stjórna börnum sínum með því að setja þeim skýr mörk og fylgja þeim eftir. Dæmi um spurningar eru: Hversu mikið reyna foreldrar þínir að fylgjast með því: „Hvar þú ert flesta daga eftir skóla?“ og „Hvert þú ferð á kvöldin?“ Svarmöguleikar voru þrír: Þau reyna það ekki, Þau reyna það svolítið, Þau reyna það mikið.

Í samræmi við fyrirmynd Lamborn og félaga (1991) voru kvarðarnir „samheldni“ og „hegðunarstjórn“ notaðir til að skilgreina uppeldishættina fjóra: leiðandi, eftirlátir, skipandi og afskiptalausir. Báðum breytunum var þrískipt þannig að jafnmargir einstaklingar voru í hverjum þriðjungi. Þeir unglingar sem mátu foreldra sína í lægsta þriðjung bæði á „samheldni“ og „hegðunarstjórn“ töldust búa við afskiptalausa uppeldishætti (lítil samheldni, lítil hegðunarstjórn, n=224). Þeir unglingar sem mátu foreldra sína í lægsta þriðjung á „samheldni“ en efsta þriðjung á „hegðunarstjórn“ töldust búa við skipandi uppeldishætti (lítil samheldni, mikil hegðunarstjórn; n=62). Í flokki eftirlátra uppeldishátta töldust þeir sem mátu foreldra sína í efsta þriðjung á „samheldni“ en lægsta þriðjung á „hegðunarstjórn“ (mikil samheldni, lítil hegðunarstjórn; n=74). Þeir sem mátu foreldra sína í hæsta þriðjung á báðum þáttum töldust búa við leiðandi uppeldishætti (mikil samheldni, mikil hegðunarstjórn; n=219). Fjöldi unglinga í uppeldisflokkunum fjórum var 579.

Til að geta greint uppeldishættina skýrar að var þeim unglingum sem mátu foreldra sína á miðjuþriðjunginn á annarri eða báðum uppeldismælingunum „samheldni“ og „hegðunarstjórn“ sleppt í tölfræðilegri úrvinnslu (sjá Lamborn o.fl., 1991).

Úrvinnsla

Fylgibreytur voru einkunnir annars vegar á samræmdum prófum í íslensku og hins vegar í stærðfræði í 10. bekk. Frumbreytur voru uppeldishættir, kyn og félags- og efnahagsleg staða foreldra. Með fjölbreytu dreifigreiningu og Tukey-prófi var kannað hvort marktækur munur reyndist á námsárangri eftir uppeldisháttum að teknu tilliti til kyns og félags- og efnahagslegrar stöðu. Jafnframt voru víxlhrif frumbreytna könnuð.

Niðurstöður

Í töflu 1 eru kynntar niðurstöður fjölbreytu dreifigreiningar um áhrif uppeldishátta, kyns og félags- og efnahagslegrar stöðu á námsárangur unglinga á samræmdum prófum í 10. bekk í íslensku annars vegar og í stærðfræði hins vegar. Í töflum 2 og 3 koma fram meðaltöl og staðalfrávik einkunna í íslensku og stærðfræði eftir uppeldisháttum, kyni og félags- og efnahagslegri stöðu foreldra.

Eins og sjá má í töflu 1 kom fram marktækur munur á einkunn nemenda í íslensku í 10. bekk eftir uppeldisháttum foreldra, að teknu tilliti til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og kyns, $F(3,481)=18,6$, $p<0,001$. Í töflu 2 má sjá að unglingar sem töldu sig búa við leiðandi uppeldishætti foreldra stóðu sig að jafnaði betur í íslensku en aðrir unglingar. Meðaleinkunn unglinga leiðandi foreldra var 6,5 en 5,6 hjá unglingum eftirlátra foreldra, 5,7 hjá unglingum skipandi foreldra og 5,0 hjá unglingum afskiptalausra foreldra. Jafnframt kom fram að unglingar eftirlátra og skipandi foreldra fengu að jafnaði hærri einkunn í íslensku en unglingar afskiptalausra foreldra (Tukey, $p<0,05$). Meðaleinkunn stúlkna (6,1) í íslensku reyndist hærri en pilta (5,4), $F(1,481)=7,6$, $p<0,01$ og unglingar sem bjuggu við betri félags- og efnahagslega stöðu foreldra fengu að jafnaði hærri einkunn í íslensku (6,3) en nemendur sem bjuggu við lakari stöðu (5,1), $F(1,481)=37,8$, $p<0,001$. Víxlhrif uppeldishátta, kyns og stöðu reyndust ekki fyrir hendi.

Tafla 1. Dreifigreining á íslensku og stærðfræði

	Íslenska F	Stærðfræði F
Uppeldishættir	18,56***	9,08***
Kyn	7,59**	2,56
Félags- og efnahagsleg staða	37,83***	33,6***
Uppeldishættir*kyn	1,94	2,21
Uppeldishættir*staða	0,42	0,91
Kyn*staða	0,02	0,63
Uppeldishættir*kyn*staða	1,46	0,64

*p<0,05 **p<0,01 ***p<0,001

Tafla 2. Meðaltöl og staðalfrávik einkunnar í íslensku eftir uppeldisháttum, kyni og félags- og efnahagslegri stöðu

	Afskiptalausir			Skipandi			Eftirlátir			Leiðandi			Allir		
	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N
Íslenska	5,02	1,48	(188)	5,67	1,84	(55)	5,61	1,45	(61)	6,48	1,56	(193)	5,73	1,67	(497)
Piltar	4,73	1,35	(106)	5,06	1,95	(18)	5,79	1,49	(33)	6,11	1,67	(74)	5,35	1,64	(231)
Stúlkur	5,40	1,55	(82)	5,97	1,72	(37)	5,39	1,40	(28)	6,71	1,45	(119)	6,07	1,63	(266)
Lægri staða	4,71	1,47	(111)	4,82	1,97	(22)	5,12	1,45	(33)	5,86	1,50	(69)	5,11	1,60	(235)
Hærri staða	5,47	1,38	(77)	6,24	1,52	(33)	6,18	1,25	(28)	6,83	1,49	(124)	6,29	1,55	(262)

Eins og sjá má í töflu 1 kom fram munur á einkunn unglinga í stærðfræði á samræmdu prófi í 10. bekk eftir uppeldisháttum foreldra að teknu tilliti til kyns og félags- og efnahagslegrar stöðu, $F(3,480)=9,08$, $p<0,001$. Í töflu 3 kemur fram að unglingar leiðandi foreldra fengu að jafnaði hærri einkunn í stærðfræði (6,8) en aðrir unglingar (Tukey, $p<0,05$). Þrátt fyrir að unglingar afskiptalausra foreldra fengju að meðtaltali einkunnina 5,5 í stærðfræði en unglingar bæði eftirlátra og skipandi foreldra einkunnina 6,1 (sjá töflu 3) reyndist sá munur (0,6) ekki tölfræðilega marktækur eins og í íslensku.

Unglingar foreldra sem bjuggu við betri félags- og efnahagslega stöðu reyndust fá hærri einkunn í stærðfræði (6,8) en nemendur foreldra með lakari stöðu (5,4). Ekki kom fram munur á einkunn stúlkna og pilta í stærðfræði. Tilhneiging til víxlhrifa kom þó fram á milli uppeldishátta og kyns, $F(3,480)=2,2$, $p<0,1$. Eins og sjá má í töflu 3 er almennt lítill kynjamunur á einkunn í stærðfræði eftir uppeldisháttum nema meðal unglinga eftirlátra foreldra; þar fengu piltar að meðaltali 1,5 hærri einkunn en stúlkurnar. Víxlhrif uppeldishátta og félags- og efnahagslegrar stöðu reyndust ekki fyrir hendi.

Tafla 3. Meðaltöl og staðalfrávik einkunnar í stærðfræði eftir uppeldisháttum, kyni og félags- og efnahagslegri stöðu

	Afskiptalausir			Skipandi			Eftirlátir			Leiðandi			Allir		
	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N
Stærð-fræði	5,49	2,05	(187)	6,07	1,97	(54)	6,06	2,10	(62)	6,81	1,89	(193)	6,14	2,07	(496)
Piltar	5,54	2,10	(107)	5,94	1,98	(18)	6,74	1,81	(34)	6,74	1,96	(74)	6,13	2,08	(233)
Stúlkur	5,43	1,99	(80)	6,14	1,99	(36)	5,25	2,15	(28)	6,86	1,86	(119)	6,15	2,06	(263)
Lægri staða	5,15	2,03	(110)	5,09	2,16	(22)	5,41	2,02	(34)	5,93	1,79	(69)	5,41	1,99	(235)
Hærri staða	5,97	1,99	(77)	6,75	1,52	(32)	6,86	1,94	(28)	7,31	1,77	(124)	6,80	1,91	(261)

Umræða

Ein eindregnasta niðurstaða rannsóknarinnar er sú að unglingar leiðandi foreldra sýna betri námsárangur á samræmdum prófum bæði í íslensku og stærðfræði í 10. bekk en unglingar sem telja sig búa við eftirláta, skipandi og afskiptalausa uppeldishætti. Leiðandi uppeldishættir einkennast af því að foreldrar eru hlýir, staðfastir og lýðræðislegir. Þeir sýna börnum sínum virðingu, ýta undir sjálfstæði þeirra, setja þeim mörk og veita leiðsögn. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna og eru jafnvel afdráttarlausari (sjá Lamborn o. fl., 1991; Radziszewska o. fl., 1996; Steinberg o. fl., 1992).

Athygli skal vakin á því að ofangreind niðurstaða kemur fram þótt uppeldisaðferðir foreldra séu kannaðar rúmu ári áður (þ.e. við 14 ára aldur unglinganna í 9. bekk) en samræmdu prófin fara fram í 10. bekk. Þá er eftirtektarvert að niðurstaðan kemur fram hvort sem stúlkur eða piltar eiga í hlut og hvort sem unglingarnir teljast hafa betri eða lakari félags- og efnhagslega stöðu.

Jafnframt benda niðurstöður okkar til þess að unglingar afskiptalausra foreldra sýni lakastan námsárangur í íslensku. Aftur á móti kom ekki fram munur á íslenskueinkunn þeirra sem töldu sig búa við eftirláta og skipandi uppeldishætti.

Umhugsunarvert er að marktækur munur reynist ekki á námsárangri unglinganna í stærðfræði eftir því hvort þeir töldu sig búa við eftirláta eða

skipandi uppeldishætti annars vegar eða afskiptalausa uppeldishætti hins vegar. Hafa verður þó í huga að mikill munur sýnist á meðaleinkunn þeirra. Þannig hlutu unglingar bæði eftirlátra og skipandi foreldra að meðaltali einkunnina 6,1 í stærðfræði en unglingar afskiptalausra foreldra 5,5. Samsvarandi einkunnir í íslensku hjá unglingum eftirlátra og skipandi foreldra voru 5,6 og 5,7 og hjá unglingum afskiptalausra unglinga 5,0. Sá munur reyndist marktækur sem fyrr segir. Þannig má segja að augað eygi ekki þann mun á tengslum uppeldishátta og einkunna í íslensku og stærðfræði sem tölfræðilegar niðurstöður gefa til kynna.

Í samræmi við fyrri rannsóknir kom hér fram að stúlkur hlutu hærri einkunnir en piltar í íslensku en ekki kom fram munur á stærðfræðieinkunnum þeirra (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þó skal athygli vakin á því að stúlkur sem töldu sig búa við eftirláta uppeldishætti höfðu tilhneigingu til að fá lægri stærðfræðieinkunn en piltar. Þá kom fram að unglingar sem töldust hafa betri félags- og efnahagslega stöðu hlutu hærri einkunnir bæði í íslensku og stærðfræði (Jeynes, 2002).

Í ljósi umræðu Jeynes (2002) um eðli mælingar á félags- og efnhagslegri stöðu má segja að ofangreindar niðurstöður um tengsl uppeldishátta og námsárangurs séu einkar athyglisverðar. Jeynes bendir á að með slíkri mælingu sé ekki einungis verið að kanna menntun, starf og tekjur foreldra heldur einnig fjölda annarra þátta sem tengjast námsárangri nemenda. Þar megi nefna uppeldisaðferðir foreldra og afstöðu þeirra og um leið barna þeirra til náms. Það styrkir því enn frekar niðurstöðurnar um mikilvægi uppeldishátta að tekið var í rannsókninni tillit til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra. Orða má niðurstöðuna þannig að þrátt fyrir að tillit hafi verið tekið tillit til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra skiptu uppeldishættir þeirra máli um námsárangur barna þeirra. Bent skal á að ýmsar rannsóknir á þessu sviði taka ekki tillit áhrifa félags- og efnhagslegrar stöðu foreldra (sjá t.d. Gray og Steinberg, 1999; Steinberg o.fl., 1994).

Slá þarf að minnsta kosti tvo varnagla við niðurstöður okkar um tengsl uppeldishátta foreldra og námsárangurs unglinganna. Annar er sá að í rannsókninni er einvörðungu stuðst við mat unglinganna á uppeldisháttum í stað þess að fá fram mat foreldra eða mat bæði unglinga og foreldra. Þessari aðferð fylgja þeir ókostir að sjónarmið foreldranna koma ekki fram og því erfitt að ganga úr skugga um að ástandið sem unglingurinn lýsir á heimilinu sé raunverulegt. Niðurstöður rannsókna hafa þó sýnt að mat unglinganna sjálfra á uppeldisháttum sé réttmæt aðferð, enda hafi foreldrar tilhneigingu til að fegra uppeldisaðferðir sínar (Lamborn o.fl., 1991). Eins er hætt við að þeir foreldrar sem síst sinna uppeldishlutverki sínu svari ekki spurningalistunum,

brottfall verði meira og skökk mynd fáist (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004a; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001). Hinn varnaglinn er eðli mælingarinnar á uppeldisháttum. Við það að beina athyglinni að þriðjungum hvorrar mælingar um sig á sitt hvorum pól samheldni og hegðunarstjórnar (sjá Lamborn o. fl., 1991) er hluti gagna ekki notaður og verða því niðurstöður bundnar við flokkun uppeldishátta í þessu úrtaki. Í þessu ljósi þarf að fara varlega í að alhæfa um niðurstöðurnar. Hins vegar er ljóst að niðurstöðum svipar til annarra rannsókna og eykur það trúverðugleika þessarar rannsóknar (sjá t.d. Lamborn o. fl., 1991; Radziszewska o. fl., 1996; Steinberg o. fl., 1992; Steinberg o. fl., 1994).

Einn styrkleiki rannsóknarinnar við að skoða tengsl uppeldishátta foreldra í tengslum við námsárangur felst í langtímarannsóknasniðinu. Slíkt snið gerir kleift að álykta með meiri vissu sem svo að uppeldishættir foreldra við 14 ára aldur unglinga, tengist námsárangri þeirra á samræmdum prófum við 15 ára aldur.

Þótt uppeldishættir foreldra leggi vafalítið mikilvægan grunn að námsárangri unglinga er mikilvægt að kanna jafnframt aðra þætti eins og afstöðu þeirra til náms, skólastarfið sjálft og fagmennslu kennara.

Í stuttu máli, benda niðurstöðurnar til þess að miklu máli skipti um námsárangur unglinga að foreldrar noti leiðandi uppeldisaðferðir. Rannsóknin er þannig í flokki þeirra fjölmörgu rannsókna sem sýna að uppeldishættir foreldra skipta miklu um ýmsa mikilvæga þætti í aðlögun barna og unglinga, s.s. um námsárangur þeirra, sjálfsálit, depurð og vímuefnaneyslu (t.d. Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004a, 2004b; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001; Steinberg o.fl., 1994). Niðurstöður þessara rannsókna veita okkur brýnar upplýsingar um þau áhrif sem uppeldishættir foreldra geta haft á líf barna og unglinga. Með þær að leiðarljósi er mikilvægt að sjá til þess að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um vænlegar uppeldisaðferðir og fái leiðbeiningar þar um.

Aftanmálsgrein

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Rannsóknaráðs Íslands veittu Sigrúnu Aðalbjarnardóttur mikilvæga styrki til þessarar rannsóknar sem þakka ber. Unglingarnir, sem tóku þátt í rannsókninni, fá sérstakar þakkir. Skólastjórum og skólameisturum, kennurum unglinganna og foreldrum þeirra eru einnig færðar bestu þakkir. Jafnframt er aðstoðarfólki Sigrúnar, sem tók þátt í gagnasöfnun og tölvuinnslætti gagnanna, þökkuð afar vel unnin störf.

Heimildir

Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Developmental Psychology Monograph, 4*, 1-103.

Gray, M. R. og Steinberg, L. (1999). Unpacking Authoritative Parenting: Reassessing a multidimensional consturct. *Journal of Marriage and Family, 61*, 574-587.

Hagstofa Íslands (2004). Sótt 5. júlí 2004.
http://www.hagstofa.is/skolamal/framhaldsskolar.asp

Herman, M. R., Dornbusch, S. M., Herron, M. C. og Herting, J. R. (1997). The influence of family regulation, connection, and psychological autonomy on six measures of adolescent functioning. *Journal of adolescent research, 12*(1), 34-67.

Hidi, S. og Harackiewicz, J. M. (2000). Motivating the academically unmotivated: A critical issue for the 21st century. *Review of Educational Research, 70*(2), 151-179.

Hollingshead, A. B. (1975). *Four factor index of social status.* Department of sociology, Yale University, New Haven. *Óbirt handrit.*

Jeynes, W. H. (2002). The challenge of controlling for SES in social science and education research. *Educational Psychology Review, 14*(2), 205-221.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Kurdek, L. A., Fine, M. A. og Sinclair, R. J. (1995). School adjustment in sixth graders: Parenting transitions, family climate, and peer norm effets. *Child Development, 66*, 430-445.

Lamborn, S. D., Mounts, N. S., Steinberg, L. og Dornbusch, S. M. (). Patterns of competence and adjustment among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families. *Child Development, 62,* 1049-1065.

Radziszewska, B., Richardson, J. L., Dent, C. W. og Flay, B. R. (1996). Parenting style and adolescent depressive symtomps: Etnic, gender, and ses differences. *Journal of Behavioral Medicine, 19*(3), 289-305.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir. (2004a). Depurð ungs fólks og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 9*, 151-166.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir. (2004b). Uppeldisaðferðir foreldra og sjálfsálit ungs fólks á aldrinum 14 til 21 árs. *Uppeldi og menntun, 13*, 9-24.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson (2001). Parenting Styles and Adolescent Substance Use: A longitudinal study. Journal of Research on Adolesence, 11, 401-423.Tardy, C. H. (1985). Social support measurement. *American Journal of Community Psychology, 13*(2), 187-202.

Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of Research on Adolescence*, *11*, 1-19.

Steinberg, L., Elmen, J. D. og Mounts, N.S (1989). Authoritative parenting, psychosocial maturity, and academic success amond adolescents. *Child development, 60*, 1424-1436.

Steinberg, L., Lamborn, S.D., Darling, N., Mounts, N.S. og Dornbusch, S.M. (1994). Over time changes in adjustment and competence among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families. *Child Development, 65*, 754-770.

Steinberg, L., Lamborn, Dornbusch, S.M. og S.D., Darling, N. (1992). Impact of parenting practices on adolescent achievement: Authoritative parenting, school involvement, and encouragement to succeed. *Child Development, 63*, 1266-1281.

Áhrif lýðræðislegs verklags á sjálfsmat í skólum

Sigurlína Davíðsdóttir
Penelope Lisi

Mat á skólastarfi er flókið verk, vegna þess að skólastarf er flókið. Eftir að skólafólk á Íslandi stóð frammi fyrir því árið 1996 að það hafði lagaskyldu til að gera sjálfsmat á starfinu í eigin skóla, varð ekki undan því komist að taka á sig þetta verk. Skólarnir fengu litlar leiðbeiningar og takmörkuð tæki til að uppfylla þessa lagaskyldu. Menntamálaráðuneytinu bar skylda til að meta sjálfsmatstilraunir skólanna á fimm ára fresti, í fyrsta sinn árið 2001. Þetta setti aukinn þrýsting á skólana að hefja verkið, sem mörgum óx í augum. Víða nægði illa sá stuðningur sem í boði var og lentu þeir skólar í erfiðleikum með sjálfsmatið. Þekking á sjálfsmatsaðferðum var einfaldlega ekki fyrir hendi í nægilega ríkum mæli innan skólakerfisins. Smátt og smátt lærði fólk á þetta nýja verk, og stuðningur var einnig í boði á ýmsum stöðum. Frá menntamálaráðuneytinu kom út bæklingur um viðmið í sjálfsmati og háskólar sem sjá um kennaramenntun buðu upp á leiðbeiningar um sjálfsmat. Til dæmis var í Háskóla Íslands boðið upp á meistaranám í mati og skólaþróun sama haustið og lögin voru sett, eða 1996. Að auki lögðu tveir háskólakennarar, annar frá Háskóla Íslands og hinn frá Central Connecticut State University í Bandaríkjunum, fram aðstoð sína við fjóra valda skóla (tvo grunnskóla og tvo framhaldsskóla). Þetta samstarf hófst árið 2001 og stendur að einhverju leyti enn. Þetta var gert undir þeim formerkjum að lítill hópur fólks úr hverjum skóla fékk þjálfun sem síðan var búist við að notuð yrði í skólanum í heild.

Þeir skólar sem fengu þessa þjálfun voru valdir samkvæmt þessum viðmiðum: a) þeir voru staðsettir á Stór-Reykjavíkursvæðinu, til að auðvelda þeim samstarf; b) þeir höfðu ekki hafið matsvinnu í verulegum mæli; og c) skólastjórnendurnir voru álitnir hafa þá framtíðarsýn fyrir sinn skóla að þeir gætu laðað fólk sitt til samstarfs. Aðstoðin var sett upp í tveim stigum. Á fyrsta stigi var sett upp matsteymi innan skólanna. Teymin fengu þjálfun í aðferðafræði sjálfsmats og unnu síðan að því að hanna matskerfi fyrir

skólann. Á næsta stigi unnu teymin með öðru starfsfólki skólanna og deildu einnig reynslu sinni með öðrum skólum. Að því leyti komu þeir því að því að veita fólki úr öðrum skólum upplýsingar um matsaðferðir, en fengu einnig mikilvægar upplýsingar frá þeim skólum.

Skólastjórnendur í skólunum fjórum samþykktu að taka þátt í þessu matsverkefni af því að þeir trúðu því að það gæti hjálpað þeim til að ná nokkrum umbótamarkmiðum skólanna, þar á meðal:

a) að mynda skólamenningu þar sem ákvarðanir eru teknar á grunni matsgagna
b) að hvetja starfsfólk sitt til samvinnu
c) að fá kennurum og öðru starfsfólki eignarrétt á matsferlinu
d) að ýta undir faglegar framfarir innan skólanna
e) að færa niðurstöður úr mati inn í starfið í skólastofunum.

Fræðilegur bakgrunnur

Aðstoð háskólakennaranna tveggja við skólana er best lýst sem beinskeyttu mati (focused evaluation) sem byggt er á valdeflingarnálgun (empowerment approach). Brunner og Guzman (1989) og McGee og Starnes (1988) urðu fyrstir til að stinga upp á þessari nálgun að mati, en hún varð ekki vinsæl að ráði fyrr en Fetterman (1994) talaði um hana þegar hann ávarpaði bandarísku matsfræðingasamtökin (American Evaluation Association). Fetterman taldi upp nokkra kosti við að nota valdeflingarnálgun (Fitzpatrick, Sanders & Worthen, 2004):

- *Kennsla* – „matsmenn kenna fólki að meta sjálft starf sitt og verða þannig sjálfstæðara" (Fetterman, 1994; bls. 3)
- *Þjálfun* – „matsmenn geta verið eins konar þjálfarar við að hjálpa öðrum til að meta starf sitt " (bls. 4)
- *Talsmenn* – „matsmenn geta ... verið beinir talsmenn og hjálpað þannig til við að styrkja hópa með matinu" (bls. 6)
- *Upplýsing* – „sjálfsstyrkingarmat getur líka verið upplýsandi" (bls. 7). „Þetta ferli skapar síbreytilegt samfélag fólks sem er að læra saman þegar það tekur þátt í listinni og vísindunum að meta eigið starf" (bls. 8).
- *Frelsun* – „sjálfsstyrkingarmat getur ... hjálpað fólki að taka stjórnina á lífi sínu í eigin hendur og fundið gagnlegar leiðir til að meta eigið starf –

> þannig frelsað það frá hefðbundnum væntingum og hlutverkum" (bls. 9).

Í þessu verkefni kenndu háskólakennararnir matsteymunum úr skólunum að gera eigin matsverkefni og þjálfuðu þá þannig í að gera sjálfsmat í skólum. Þeir gerðust ekki talsmenn neins hóps í skólunum en þeir reyndu að tryggja að enginn hagsmunahópur yrði út undan í matinu. Sjálfsmatið hefur áreiðanlega getað haft upplýsingagildi í skólunum, vegna þess að virkt matssamfélag myndaðist í þeim öllum, þar sem reynt var að finna gagnlegar leiðir til að meta eigið starf.

Fetterman (2001) setur valdeflingarlíkanið upp í þrem stigum: a) að koma sér niður á framtíðarsýn, eða tilgang sem sameinar þá sem vinna að honum; b) að ákvarða hvernig staðan er, bæði hvað varðar styrkleika og veikleika; og c) að gera áætlanir um framtíðina með því að þátttakendur setji sér markmið og að þeim sé síðan hjálpað til að ákvarða eigin vinnu að þessum markmiðum. Í öllum þessum stigum er innifalin sú valdefling sem ráðgjafinn getur veitt starfsfólki skólanna til að ákveða sjálft hvert það vill að matið stefni, hvað eigi að meta og til hvers. Matsmaðurinn er þá eins konar þjálfari fyrir starfsfólkið meðan það er að vinna sjálft að eigin mati. Þetta var gert í skólunum fjórum sem tóku þátt í verkefninu sem hér er lýst. Matsteymin voru uppörvuð til að beina verkefninu að sviðum sem þau töldu að gæfi gagnleg gögn í byrjun og meta síðan hvernig staðan væri á þeim sviðum. Gögn úr matinu áttu síðan að segja til um frekara starf á þessum sviðum.

Dahl (1998) setti upp viðmið til að ákvarða hvort ferli eru lýðræðisleg eða ekki:

- virk þátttaka
- jafn atkvæðisréttur
- upplýstur skilningur á málefninu
- stjórn yfir því sem tekið er fyrir
- allir fullorðnir taki þátt.

Til að ákvarða hvort matsferlið í skólunum fjórum var lýðræðislegt eða ekki, verða þessi viðmið notuð þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Það er oft erfitt að breyta skólastarfi, þar sem skólar eru oft íhaldssamir og eiga erfitt með breytingar. Kennarar verða vanir sínu starfi og hika við að

breyta því sem þeim finnst í lagi nú þegar. Fullan (2001) stakk upp á þrem stigum sem skólar verða að fara í gegnum til þess að breytingar skjóti rótum og séu til gagns, eins og til dæmis þær lögskipuðu sjálfsmatstilraunir sem hér voru gerðar. Þessi stig eru: a) upphaf (initiation); b) framkvæmd (implementation); og c) stofnanagering (institutionalization). Þjálfararnir í þessu verkefni hjálpuðu skólunum af stað með matsátakið og litu til með fyrstu stigunum í framkvæmdinni. Næstu skref sem skólarnir þurfa að taka er stofnanagering, þar sem matið er viðurkennt sem nauðsynlegur þáttur í markmiðasetningu og skólanámskrárgerð.

Tilgangur verksins

Meðan háskólakennararnir tveir studdu skólana fjóra í matsverkefnum sínum gerðu þeir á sama tíma langtímarannsókn á framförum skólanna. Kennararnir voru þátttakendur og vettvangsrannsakendur á sama tíma. Áhugavert þótti að athuga, hvort lýðræðislegar aðferðir yrðu notaðar, og hvort þetta skipti máli fyrir matsverkefnið. Þannig varð helsta matsspurningin sem hér verður rædd þessi:

- Hvaða áhrif hefur það á sjálfsmatsferli í skólum, hvort lýðræðislegar aðferðir eru notaðar eða ekki?

Aðferð

Sex mismunandi aðferðir gagnaöflunar voru notaðar til að svara matsspurningunni. Þetta voru spurningalistar sem kennarar og skólastjórnendur svöruðu; viðtöl við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra; vettvangskannanir á fundum matsteyma; innihaldsgreining helstu skjala; og viðtöl við starfsfólk í Menntamálaráðuneytinu.

Spurningalisti. Kennarar og skólastjórnendur svöruðu spurningalista um skólanámskrá og umbætur á skólastarfi (sjá fylgiskjal 1), fyrst veturinn 2001 (áður en sjálfsmat fór fram) og um vorið 2002 (þegar sjálfsmat hafði verið í gangi í nokkra mánuði). Fjöldi þátttakenda úr hverjum skóla við hvora umferð fyrir sig var eins og sýnt er í Töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda úr hverjum skóla

Skóli	Fyrri umferð	Síðari umferð
Grunnskóli A	48	28
Grunnskóli B	41	45
Framhaldsskóli C	42	36
Framhaldsskóli D	54	33
Alls	**185**	**142**

Í spurningalistanum voru spurningar um bakgrunn þátttakenda, og síðan sjö kaflar í viðbót. Þátttakendur notuðu Likert kvarða með 5 svarmöguleikum, frá 1 (*mjög sammála*) til 5 (*mjög ósammála*) til að meta eftirfarandi víddir: *skólamenningu; skipulag skólastarfs; hvaðan markmið skólastarfs koma; hvernig fylgst er með því hvort markmið nást; hvatning til að bæta sig í starfi; kerfisbundin gagnaöflun; og ákvarðanir um að bæta skólastarfið.*

Viðtöl. Rætt var fjórum sinnum við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, haust 2000, maí 2001, október 2001 og mars 2002. Öll þessi viðtöl tóku umþað bil 1 ½ tíma, þau voru tekin upp á segulband, vélrituð og greind. Á svipuðum tímum og á sama hátt var rætt við starfsfólk í matsdeild Menntamálaráðuneytisins.

Rýnihópar. Rýnihópar með kennurum fóru fram þrisvar, í maí 2001, október 2001 og í mars 2002. Rýnihóparnir tóku um það bil 1 ½ tíma, samræðurnar voru teknar upp á segulband, vélritaðar og greindar.

Vettvangsathuganir. Fundir matsteymanna voru skoðaðir. Þetta var gert í samhengi við vinnufundi sem haldnir voru með skólunum, ásamt sérstökum fundum með matsteymunum.

Innihaldsgreining. Helstu skjöl sem viðkomu matinu voru innihaldsgreind. Skólarnir skrifuðu skýrslur um verk sín og niðurstöður, þessar skýrslur voru innihaldsgreindar.

Niðurstöður

Í fyrsta hluta þessa kafla verða niðurstöður bornar saman við viðmið um lýðræðislegt vinnulag svo að hægt sé að ákvarða hvort þetta skiptir máli. Í næsta hluta verða svör kennara og skólastjórnenda við spurningalista greind, og í þriðja hlutanum verður skýrt frá vettvangskönnunum af síðari stigum gagnaöflunarinnar og öðrum þeim niðurstöðum sem máli skipta fyrir mats-spurninguna.

Viðmið fyrir lýðræðislegt vinnulag

Skólarnir voru misjafnlega lýðræðislegir í starfsháttum sínum og mættu því mjög misjafnlega vel viðmiðum um lýðræðislegt vinnulag:

- *Virk þátttaka.* Þátttakendur voru vissulega virkir í þessu matsátaki, en þó var virk þátttaka mjög misjöfn meðal skólanna. Lýðræði við val á meðlimum matsteymisins var til dæmis mjög mismunandi meðal skólanna. Í framhaldsskólunum virtust því sem næst allir geta verið í matsteyminu ef þeir sýndu því áhuga. Valið í matsteymin var meira á höndum skólastjórnenda í grunnskólunum. Grunnskólarnir sendu afar fáa þátttakendur til þjálfunarfunda með háskólakennurunum, þannig gátu mjög fáir tekið beinan þátt í matsferlinu, meðan báðir framhaldsskólarnir sendu stóra hópa til starfsins.
- *Jafn atkvæðisréttur.* Þegar matsteymin höfðu verið sett upp virtust þátttakendur í þeim hafa jafnan rétt til að segja til um hvað ætti að meta og hvernig. Þar sem skólastjórnendur voru í matsteymum sumra skólanna, gæti atkvæði þeirra hafa vegið þyngra en annarra þátttakenda. Þetta virtist þó ekki vera til vandræða þar sem flestar ákvarðanir voru teknar eftir umræður frekar en að til atkvæðagreiðslna kæmi.
- *Upplýstur skilningur á málefninu.* Háskólakennararnir kynntu ýmsar aðferðir og mismunandi leiðir til að meta og reyndu að gefa matsteymunum næg tækifæri til að ræða þessar aðferðir og stefnur. Teymin voru þó ekki öll jafn góðir fulltrúar fyrir kennarahópa skóla sinna, þar sem grunnskólarnir sendu mjög fáa fulltrúa í matsteymin, valda af skólastjórnendum. Þess vegna er alls ekki víst að kennarar í þessum grunnskólum hafi almennt haft upplýstan skilning á því hvað var verið að gera í sambandi við mat á skólastarfinu.

- *Stjórn yfir því sem tekið er fyrir.* Teymin áttu að hafa algera stjórn á því hvað og hvernig átti að meta innan eigin skóla. Háskólakennararnnir höfðu sett sér það hlutverk að þjálfa teymin til að ná markmiðum sem þau settu sér sjálf. Gagnaöflunin í þessum hluta könnunarinnar var ekki þannig sett upp að hægt væri að svara spurningum um hvort háskólakennurunum tókst að veita teymunum allt það sjálfstæði sem meiningin var.
- *Allir fullorðnir taki þátt.* Þar sem þátttaka var hvað virkust, gátu allir kennarar sem áhuga höfðu, orðið þátttakendur í matsteyminu. Þetta var þó ekki svo í öllum skólunum, svo að þessu viðmiði var mætt á mjög mismunandi hátt meðal skólanna fjögurra.

Lýðræðislegt verklag var þannig ekki allsstaðar jafn vel á vegi meðal skólanna. Framhaldsskólarnir virtust tilbúnir til að veita starfsfólkinu meiri stjórnun á verklaginu og veita því meiri tíma til að vinna verkið. Þessi mismunur er á vissan hátt skiljanlegur í ljósi þess að framhaldsskólarnir sóttu um styrk í Þróunarsjóð framhaldsskóla og fengu hann, til að leggja í vinnuna við sjálfsmatið, svo að þeir höfðu aðeins meira olnbogarými að þessu leyti.

Svör við spurningalistum kennara og skólastjórnenda

Allir kennarar í skólunum fjórum voru beðnir að svara spurningalista fyrir matsátakið og eftir fyrsta hluta þess. Til þess að líta á mismun milli skólanna verða svörin greind eftir því hvort þau voru mismunandi frá fyrri til síðari gagnaöflunar. Spurningarnar sem eru stjörnumerktar eru þær sem sýndu tölfræðilega marktækan mun frá fyrri gagnaöflun til hinnar síðari. Neikvætt formerki þýðir að þáttakendur voru síður sammála við síðari gagnaöflunina en þá fyrri, og jákvætt formerki þýðir að þeir voru meira sammála við síðari gagnaöflunina. Spurningarnar eru greindar eftir þeim sjö víddum sem prófaðar voru: *skólamenning; skipulag skólastarfs; hvaðan markmið skólastarfs koma; hvernig fylgst er með því hvort markmið nást; hvatning til að bæta sig í starfi; kerfisbundin gagnaöflun; og ákvarðanir um að bæta skólastarfið.*

Eins og sést í Töflu 2, breytist skólamenning ekki verulega milli gagnaaflana. Í grunnskóla A segjast kennarar ræða kennsluaðferðir meira við samstarfsfólk eftir matið. Kennarar í framhaldsskóla C segjast hafa prófað nýjar kennsluaðferðir oftar eftir átakið. Kennarar í framhaldsskóla D segja að þeir sýni samstarfsfólki sínu sjaldnar nýjar kennsluaðferðir nú, en að þeir fái meiri hvatningu til að nota nýjar kennsluaðferðir sjálfir.

Tafla 2. Skólamenning

	Skólar			
Spurningar	**A**	**B**	**C**	**D**
Ræði aðferðir við samkennara	0,25*	0,10	0,13	0,13
Samvinna við gerð námslýsinga og efnis	0,15	0,11	0,19	0,01
Horfum á kennslu hvers annars og ræðum	-0,21	-0,03	0,10	0,10
Vinn skv. skólanámskrá samin í samvinnu	0,10	0,14	0,25	-0,09
Sýni félögum nýjar kennsluaðferðir	0,14	0,14	-0,28	-0,35*
Jákvætt samband við stjórnendur ýtir undir að hægt sé að taka upp nýjungar	-0,28	-0,20	-0,29	-0,07
Ég hef tekið upp nýjungar í kennsluháttum	0,12	-0,15	0,25*	0,10
Ég er ánægð/ur í starfi mínu	-0,12	-0,03	-0,10	0,01
Stjórnendur hvetja okkur til að taka áhættu með því að nota nýstárlegar aðferðir	0,03	0,05	-0,02	0,40*
Fræðsluyfirvöld sjá okkur fyrir nægum tíma og aðstæðum til að vaxa í starfi	-0,12	-0,12	0,00	0,27
Kvarðinn í heild	**0,00**	**0,04**	**0,19**	**-0,15**

*p< .05

Tafla 3 sýnir heldur ekki mikinn mun á skipulagningu skólastarfs. Í grunnskóla A segjast kennarar oftar nota starfsdaga og kennarafundi til að ræða skólamarkmið og leiðir til að ná þeim. Kennarar í grunnskóla B segjast nota skólamarkmið sjaldnar í starfi sínu, eins og kennarar í framhaldsskóla D. Í framhaldsskóla C var almennt meiri áhersla á skipulagningu skólastarfs (kvarðinn í heild).

Tafla 3. Skipulagning skólastarfs

	Skólar			
Spurningar	**A**	**B**	**C**	**D**
Reglul. umræður um markmið og leiðir	-0,24*	0,19	0,16	-0,12
Ég nota markmið skólans sem leiðarljós	-0,02	-0,23	0,07	-0,35*
Ræði við félaga um markmið skólans	0,23	0,12	0,06	-0,14
Skólamarkmið verða til við skipulagn.	-0,03	0,07	-0,09	-0,06
Tek ákvarðanir skv. skólanámskrá	0,06	-0,08	0,11	0,17
Kvarðinn í heild	**-0,03**	**-0,01**	**0,22***	**-0,12**

*p< .05

Enginn munur fannst milli gagnaaflana varðandi það, hvaðan skólamarkmið eru fengin, eins og sést í Töflu 4.

Tafla 4. Hvaðan skólamarkmið koma

	Skólar			
Spurningar	**A**	**B**	**C**	**D**
Væntingar foreldra hafa áhrif á þróun námsáætlunar	-0,11	-0,17	-0,28	-0.08
Skólanámskrárgerð tók mið af nýlegum rannsóknum á skólastarfi	0,03	-0,18	-0,07	-0,17
Skólanámskrárgerð tók mið af gögnum um árangur nemenda	-0,12	0,17	-0,09	0,08
Kvarðinn í heild	**-0,05**	**0,11**	**-0,25**	**-0,10**

*p< .05

Tafla 5 sýnir tölfræðilega marktækan mun á skoðunum framhaldsskólakennara milli gagnaaflana, að því leyti að þeir voru frekar á þeirri skoðun eftir matsátakið að það væri gott tækifæri til að meta hvort markmið skólans hefðu náðst. Kennarar í framhaldsskóla D voru líka frekar á þeirri skoðun eftir matsátakið að framfarir nemendu væru besta viðmiðið þegar meta ætti árangur skólastarfs. Enginn munur fannst milli gagnaaflana hjá grunnskólunum.

Tafla 5. Hvernig fylgst er með því hvort markmið skólans nást

	Skólar			
Spurningar	**A**	**B**	**C**	**D**
Ákv. starfsaðf. til að fylgjast með því hvort markmið skólans nást	0,02	0,28	0,26	0,00
Framfarir nemenda helsta viðmið um árangur í að ná markmiðum skólans	0,05	-0,20	-0,21	0,38*
Mat á markmiðum er gott tækifæri	0,12	-0,08	0,71*	0,76*
Kvarðinn í heild	**0,08**	**-0,06**	**0,12**	**0,33***

*p< .05

Næst var skoðuð hvatning til að bæta sig í starfi. Þetta var sú vídd sem sýndi mestan mun milli gagnaaflana, sýnt í Töflu 6. Í grunnskóla A sögðust kennarar nú hafa meiri tækifæri til að æfa það sem þeir hefðu lært, og þeir sögðust líka geta bætt hæfni sína á ýmsan mismunandi máta. Í grunnskóla B

sögðu kennararnir að nú væru fleiri starfsdagar og að þeir hefðu nú meiri tíma til að ræða gögn. Þessir kennarar voru meira meðvitaðir á síðara stiginu að þeir bæru ábyrgð á að auka við kennsluhæfni sína og þeir voru sammála kennurum í grunnskóla A að þetta gæti gerst á ýmsa vegu. Þeir sögðust líka meta árangur sinn frekar nú en áður. Kennarar í framhaldsskóla C sögðu einnig að nú væru fleiri starfsdagar kennara. Þeir sögðust líka vera betur hæfir en fyrr til að skoða og meta eigin kennsluaðferðir, og að skólastjórnendur hvettu þá til að taka þátt í matsstarfi. Þeir sögðust frekar geta metið eigin þarfir til að bæta við hæfni sína í starfi nú, og að skólinn sæi þeim fyrir tækifærum til að vinna óformlega innan skólans til að auka kennsluhæfni sína. Almennt töldu kennarar í framhaldsskóla C að þeir fengju meiri hvatningu til að bæta sig í starfi eftir matsátakið en fyrir það. Kennarar í framhaldsskóla D voru að mestu leyti sammála kennurunum í framhaldsskóla C. Þeim fannst vera fleiri starfsdagar en áður, þar voru þeir sammála kennurum í grunnskóla B og framhaldsskóla C. Þeir töldu líka að skólinn gæfi þeim meiri tíma til að vinna með gögn og rannsaka sjálfir. Þein fannst þeir mætu sjálfa sig oftar sem fagmenn og að skólastjórnendur hvettu þá til þessa. Þeir sögðust hafa fleiri tækifæri til að æfa það sem þeir höfðu lært. Tafla 6 sýnir nokkrar almennar tilhneigingar. Meira virðist vera um starfsdaga og starfsþróun í þremur skólanna, meiri tími til að skoða gögn og ræða þau, og meiri hvatning til að gera sjálfsmat á starfi kennaranna.

Tafla 6. Hvatning til að bæta sig í starfi

Spurningar	Skólar			
	A	**B**	**C**	**D**
Skólaskipulagið hvetur til samvinnu	-0,07	-0,16	-0,01	-0,02
Skólinn sér fyrir starfsdögum og fræðslu	-0,02	0,27*	0,36*	0,56*
Skólinn gefur tíma til að skoða gögn	-0,11	0,37*	0,29	0,39*
Ég kann að meta eigin kennsluaðferðir	0,13	0,03	0,36*	0,17
Ég ástunda oft sjálfskönnun í mínu fagi	0,12	0,23	0,20	0,37*
Skólayfirvöld hvetja til sjálfsskoðunar	-0,33	0,28	0,44*	0,43*
Ég tek ábyrgð á að bæta við mig færni	0,20	0,34*	-0,13	-0,01
Skólinn veitir umbótatíma utan kennslu	-0,21	-0,13	-0,18	-0,01
Við leggjum sjálf til mála v/færni okkar	0,00	-0,05	-0,08	0,08
Við metum þarfir v/nýrra hugmynda	0,33	0,06	0,46*	-0,13
Við fáum tækifæri til að æfa nýja hluti	0,61*	-0,12	-0,02	0,46*
Við aukum færni með ýmsu móti	0,42*	0,36*	0,19	0,28
Tækifæri til að ræða formlega færni sína	0,15	0,46	0,02	0,15
Umbótatækifæri með óformlegri vinnu	0,07	0,27	0,37*	0,13
Ég leitast við á virkan hátt að ná markm.	-0,11	0,13	-0,21	0,00
Ég fer eftir markmiðum mínum	-0,17	0,18	0,08	-0,01
Ég met árangur aðferða minna	-0,11	0,38*	0,24	-0,14
Kvarðinn í heild	**0,19**	**0,23***	**0,36**	**0,12***

*p< .05

Eins og sést í Töflu 6, svöruðu kennarar í grunnskóla A tveimur spurningum tölfræðilega marktækt jákvæðar í síðara sinnið, en kennarar í öllum hinum skólunum svöruðu fimm spurningum jákvæðar, ásamt því að allur kvarðinn fékk marktækt jákvæðari svörun í þeim skólum.

Kennurum í grunnskólum virtist ekki finnast að meiri kerfisbundin gagnaöflun færi fram eftir matsátakið en fyrir það. Kennararnir í framhaldsskólunum voru meðvitaðri um þessa gagnaöflun, eins og sést í Töflu 7. Í báðum skólum sögðu kennarar að skólastjórnendur legðu kerfisbundnara mat á kennslu þeirra eftir matsátakið, og í framhaldsskóla C sögðu kennararnir líka að þeir skoðuðu kennslu hver hjá öðrum og mætu

hana reglulegar eftir átakið en fyrir það. Í framhaldsskóla C voru kennararnir almennt meðvitaðri um kerfisbundna gagnaöflun eftir átakið en fyrir það.

Tafla 7. Kerfisbundin gagnaöflun

Spurningar	Skólar			
	A	B	C	D
Í skólanum er reglulega safnað gögnum	-0,12	-0,28	-0,18	-0,10
Skólastjórar meta kennara reglulega	-0,36	-0,06	0,48*	0,48*
Kennararar skoða kennslu hvers annars	0,00	0,12	0,24*	0,13
Kennarar meta kennslu hvers annars	0,16	0,10	0,97*	0,17
Kvarðinn í heild	**0,09**	**0,04**	**0,38***	**0,23**

*p< .05

Það voru aðeins kennarar í einum skóla, grunnskóla A, sem vissu ekki að skólinn hefði matsteymi til að leiða matsátak innan skólans. Kennararnir í hinum skólunum voru meðvitaðir um þessar breytingar á skipulagi skólans. Aðrar spurningar um umbætur á skólastarfinu sýndu ekki marktækar breytingar milli gagnaaflana, eins og sést í Töflu 8.

Tafla 8. Ákvarðanir um að bæta skólastarfið

Spurningar	Skólar			
	A	B	C	D
Ákvarðanir um frumkvæði ræddar við kennara	-0,03	0,19	0,00	0,10
Ég tek sjálf/ur ábyrgð á að leysa vanda	-0,02	0,21	0,07	0,05
Skólinn okkar hefur stýrihóp um mat	0,45	0,38*	0,86*	0,76*
Kvarðinn í heild	**0,38**	**0,52***	**0,34***	**0,37***

*p> .05

Athuganir á síðara stigi gagnaöflunar

Á síðara stigi gagnaöflunarinnar höfðu ákveðnar breytingar verið gerðar í öllum skólunum, eins og hér á eftir verður lýst:

- Í grunnskóla A hafði skólastjórinn, sem hafði verið svo áhugasamur í upphafi, hætt störfum og flutt sig yfir í annan skóla. Aðeins tveir kennarar höfðu tekið þátt í matsvinnunni. Þeir höfðu gert hetjulegt átak í að meta kennsluaðferðir í lestrarkennslu á miðstigi. Annar þessara kennara hafði í lok

vinnunnar fengið vinnu sem aðstoðarskólastjóri í enn öðrum skóla, svo að þá var eftir einn einasti kennari til að ljúka gagnaöflun, greina gögnin og skrifa skýrsluna. Skólastjórinn sem nú starfar við þennan skóla hefur ákveðið að vinna við skólanámskrá nú í stað mats.

- Í grunnskóla B var fólk ekki visst um að það vildi halda áfram með þá nálgun sem hér er lýst. Skólinn hafði orðið sér úti um tæki til að safna miklu magni af gögnum og starfsfólkið var að íhuga að nota það, taldi það heppilegri leið til að meta skólastarfið. Með þetta tæki var unnið um hríð. En um síðir var álitið að þetta yrði líklega of mikið af gögnum sem svöruðu samt ekki þeim spurningum sem þurfti að svara fyrir þennan skóla sérstaklega, svo að nokkurn tíma var snúið aftur að nálguninni sem hinir skólarnir þrír voru að nota. Vitað er að í þessum skóla er verið að safna miklu af gögnum og að minnsta kosti eitthvað af þessum gögnum koma inn á borð kennara til umræðu, en skólinn virðist ekki vera að starfa heils hugar að þeirri nálgun sem hér er lýst.
- Framhaldsskóli C hafði látið fara fram kennslumat nemenda og skýrsla hafði verið skrifuð. Bæði höfðu kennarar í hverju námskeiði metið eigið námskeið og deildirnar höfðu skrifað sameiginlega skýrslu um fyrirfram ákveðin atriði. Skólastjórnendur greindu skýrslurnar og síðan var ein skýrsla skrifuð um alla gagnaöflunina. Margir kennarar höfðu tekið þátt í matsvinnunni, en á síðustu stigunum virtist mesta vinnan leggjast á herðar aðstoðarskólastjóranum.
- Framhaldsskóli D notaði líka kennslumat nemenda, gert á vefnum. Þarna voru gögnin greind fyrir hverja deild fyrir sig, ásamt heildargreiningu fyrir allan skólann. Síðan var samin stutt skýrsla til að senda deildunum ásamt þeirra sérstöku gögnum og heildargreiningunni til að ræða í sínum hópi.

Þrír skólanna eru nú á þriðja stigi matsátaksins, að gera áætlanir um að matið nái yfir allt skólastarfið og taki til allra helstu atriða sem þar fara fram. Fjórði skólinn, grunnskóli A, gat ekki haldið áfram með matið, svo að þar virðist fólk hafa gefist upp á mati um tíma og snúið sér að öðrum verkum.

Umræða

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að lýðræði sé gagnlegt þegar sjálfsmat í skólum er gert. Grunnskóli A er sennilega greinilegasta dæmið um þetta. Virkir þátttakendur í matinu voru frá upphafi of fáir. Í matsteyminu voru tveir skólastjórnendur, annar þeirra hætti í skólanum í miðju átakinu, og aðeins tveir kennarar tóku þátt, en áhugi þeirra kulnaði mjög fljótlega vegna vinnuálagsins. Annar þessara kennara er enn í grunnskóla A, en neitar algerlega að koma nálægt sjálfsmati! Þetta er eina matsreynslan sem skólinn hefur eftir tveggja ára átak. Matsverkefnið var afar fagmannlega gert og gagnlegar breytingar voru gerðar á skólastarfinu í framhaldi af því, en átakið heldur ekki áfram í grunnskóla A. Þess í stað eru kennarar að vinna við skipulag skólastarfsins, eða skólanámskrá, eins og fram kemur í svörum þeirra um það atriði. Þar sem kennararnir við alla hina þrjá skólana töldu að þeir fengju meiri hvatningu til að bæta sig í starfi eftir átakið, virtust kennararnir í grunnskóla A hafa meiri efasemdir um þetta, og þeir vissu ekki einu sinni að matsteymi væri að störfum í skólanum þeirra. Þannig hefur verið lögð gríðarleg vinna í mat í þessum skóla, en lítið situr eftir, nema auðvitað niðurstöður úr lestrarverkefninu sem gert var.

Í grunnskóla B hefur verið meira unnið að mati. Þetta virðist þó hafa verið fremur ómarkvisst, hefur farið í ýmsar áttir. Þetta var eini skólinn þar sem engar breytingar komu fram á skólamenningunni. Kennararnir sögðu jafnvel að þeir notuðu skólamarkmið síður í starfi sínu eftir átakið. En samt er greinilega eitthvað að gerast, þar sem kennararnir við skólann sögðust fá meiri hvatningu til að bæta sig í starfi eftir átakið en fyrir það, og kennararnir vissu að matsteymi væri að störfum í skólanum þeirra. Miklu hefur verið safnað af gögnum, og að minnsta kosti eitthvað af þeim hefur ratað inn á borð kennara þar sem þau hafa verið rædd, svo að matsvinna er sannarlega í gangi þarna. Kennararnir virðast vera ánægðir með þetta, þar sem þeir töldu að þeir fengju meiri hvatningu til að bæta sig í starfi.

Framhaldsskólarnir komu svipað út úr þessu stigi gagnaöflunarinnar. Þeir höfðu báðir notað kennslukannanir nemenda sem aðalaðferð sína til gagnaöflunar, og þau gögn höfðu verið rædd. Kennarar virðast líka hafa aukið samræður sín á mili, þar sem skólamenningin virtist leyfa umræður um nýjar aðferðir og skólastjórnendur hvöttu til að nota einhverjar þeirra. Kennarar við framhaldsskóla C sögðu að meiri áhersla væri á skipulag skólastarfsins eftir átakið en fyrir það, og þegar spurt var um hvernig fylgst

væri með því að markmið skólans næðust, kom fram jákvætt viðhorf gagnvart matinu í báðum skólunum. Kennarar við framhaldsskóla D gengu jafnvel svo langt að segja að framfarir nemenda væru besta viðmiðið um árangur. Jákvætt viðhorf þessara kennara kom einnig fram þegar þeir voru spurðir um hvatningu til að bæta sig í starfi. Kennarar við framhaldsskóla C virtust meðvitaðri en kennarar við hina skólana um að kerfisbundin gagnaöflun færi fram í skólanum þeirra. Þetta getur skýrst að einhverju leyti af því að nú var orðin skylda að láta fara fram kennslukannanir hjá þeim.

Um lýðræði

Almennt virðist reglan vera sú, að því lýðræðislegra sem matið er, því jákvæðari eru niðurstöðurnar. Jafnvel þótt matið sé afskaplega fagmannlega unnið hjálpar það ekki skólanum til að halda áfram á sömu braut ef fólkið sem vinnur verkið er of fátt. Viðmið Dahls (1998) um lýðræðislegt verklag virðast eiga vel við hér. Virk þátttaka virðist vera lykilatriði, sem kemur vel fram í niðurstöðum frá grunnskóla A. Jafn atkvæðisréttur er einnig mikilvægur sem vísbending um að kennarar eigi sinn hlut í matsákvörðunum, sem er ekki lítilvægari en hlutur skólastjórnenda. Þess vegna er mælt með því að kennarar fái gögn úr mati í hendur í hverri deild fyrir sig og geti þar rætt þau og gert áætlanir um að bæta sitt starf, byggðar á þessum gögnum. Ákvarðanir sem byggðar eru á matsgögnum munu fljótlega þykja eðlilegt verklag ef þetta er gert, þar sem upplýstur skilningur ætti að aukast við þetta. Þetta gefur kennurum einnig stjórn á því sem verið er að gera og tryggir að allir sem áhuga hafa, geti tekið þátt í matsstörfunum og ákvörðunum sem teknar eru í framhaldi af þeim.

Um valdeflingu

Áherslan í þessu matsátaki var eins konar valdefling fyrir skólana (Fetterman, 2001). Áherslan var fyrst og fremst á kennslu og þjálfun, til þess að kennararnir gætu orðið sjálfum sér nógir við að meta og gætu haldið starfinu áfram. Skólarnir voru hvattir til að þróa eigin framtíðarsýn um matið, kanna hvernig staðan væri á þeim sviðum sem valin yrðu, og gera áætlanir um framtíðarverkleg, byggðar á gögnum eftir að ljóst væri hvernig staðan er núna.

Mörgum kennurum og skólastjórnendum finnst ógnandi að eiga að gera sjálfsmat og halda jafnvel að þetta geti skaðað skapandi starf og skólamenningu. Gögnin úr þessari rannsókn studdu ekki þetta viðhorf, heldur hið þveröfuga, að kennarar voru ánægðari í stafi sínu og fannst að skólastjórnendur hvettu þá til að bæta sig í starfinu.

Um breytingar

Stig Fullans (2001) voru öll viðeigandi í þessari könnun. Háskólakennararnir hjálpuðu til við upphafsvinnuna við matsátakið, hjálpuðu kennurum og skólastjórnendum að vinna sig í gegnum framtíðarsýn í matinu með því að finna viðeigandi matsspurningar og gera síðan áætlanir um að safna gögnum til að svara þeim. Háskólakennararnir hittu síðan starfsfólkið eftir að búið var að setja matsverkefnið í framkvæmd til að hjálpa til við að ákveða hvað ætti að gera við gögnin. Þrír skólanna (B, C og D) eru allir komnir í þann farveg að stofnanagera matið, eftir fyrstu umferð gagnaöflunar. Þeir eru að reyna að gera sjálfsmat að eðlilegum hluta skólastarfsins, svo að sem flestar ákvarðanir um skólastarfið séu teknar í framhaldi af matsgögnum. Fullan (2001) segir að mat sé nauðsynlegur hluti allra breytinga, til þess að hægt sé að byggja framtíðaráætlanir á hlutlægum gögnum en ekki aðeins hugboðum, venjum og viðhorfum. Hér var það matið sjálft sem breytingum olli, en erfiðleikarnir við að breyta skólastarfinu eru svipaðir, í hverju sem breytingarnar felast. Það virðist sem lýðræðislegt verklag sé góð nálgun að því að hvetja fólk til að leggja á sig erfiðleikana sem fylgja því að breyta venjum sínum og starfsháttum.

Lokaorð

Það átak sem hér hefur verið rætt um, snýst um að breyta skólamenningunni. Til þess að sjálfsmat verði að veruleika þarf að breyta þessari menningu – og það er ekki alltaf auðvelt að breyta slíku. Matsteymin þurfa að halda áfram að tileinka sér hæfni til sjálfsmats. Þessi hæfni er ekki meðfædd, það er hægt að læra hana og það á að kenna fólki hana þegar það þarf á henni að halda. Það þarf líka að koma til móts við áhyggjur kennara af matinu. Þegar verið er að meta kennslu og nám er kennarinn fyrir framan bekkinn sinn undir smásjánni, þegar öllu er á botninn hvolft. Það er hreint ekki auðvelt að vera sá sem mat beinist að og þetta þarf fólk sem stendur að mati að skilja.

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að skólarnir fjórir hefðu gagn af að halda áfram að mynda samstarfssamfélag og að koma með fleiri kennara og starfsfólk að matsborðinu. Með áframhaldandi stuðningi á þetta að vera hægt. Samstarf virðist góð hugmynd þegar skólar standa frammi fyrir skyldum sem erfitt virðist vera að uppfylla. Einn aðstoðarskólastjórinn orðaði þetta svona: „Það var okkar björgunarhringur að hafa þetta samstarf.

Ég get ekki hugsað mér hvernig þetta hefði farið ef það hefði ekki verið til staðar."

Heimildir

Brunner, I., & Guzman, A. (1989). Participatory evaluation: A tool to assess projects and empower people. Í R.F.Conner og M. Hendricks (Ritstj.) *International innovations in evaluation methodology*. New Directions for Evaluation, No. 42. San Francisco: Jossey-Bass.

Dahl, R.A. (1998). *On democracy*. New Haven: Yale University Press.

Fetterman, D.M. (1994). Empowerment evaluation. *Evaluation Practice*, *15*, 1-15.

Fetterman, D.M. (2001). *Foundations of empowerment evaluation*. Thousand Oaks: Sage.

Fitzpatrick, J., Sanders, J.R., & Worthen, B.R. (2004). *Program evaluation: Alternative approaches and practical guidelines, 3rd* ed. Boston: Pearson; Allyn and Bacon.

Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. New York: Teachers College Press.

McGee, D., & Starnes, C. (1988). *Evaluation as empowerment: Holistic evaluation across the curriculum*. Quebec, Canada: Research and Development, John Abbott College. (ERIC Document Reproduction Service No. ED 319-425.

„Já, en þetta var ekki á glærunum!“

–mat á þætti upplýsinga- og samskiptatækni í þróun Háskólans á Akureyri

Anna Ólafsdóttir

> Mikilvægur þáttur í störfum háskóla er almannaheill, við erum að vinna fyrir almannaheill og við þurfum að taka mið af því þegar við metum núverandi og framtíðarþarfir þjóðfélagsins. Síðan er einn þáttur sem er afar mikilvægur og það eru gæði. Háskólanám á alltaf að ögra fólki til að ná betri árangri, meiri þekkingu, meiri hæfni og það næst ekki öðruvísi en að gæðin séu óumdeild [úr viðtali við stjórnanda í Háskólanum á Akureyri].

Háskólinn á Akureyri hefur vaxið hratt síðan hann var stofnaður árið 1987 en þá hófst nám í tveimur deildum, heilbrigðisdeild sem í voru 13 nemendur og rekstrardeild þar sem 18 nemendur stunduðu nám (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2000). Árið 2003 voru deildirnar orðnar sex og nemendafjöldinn kominn nálægt fjórtán hundruð (Þorsteinn Gunnarsson, 2003). Fjarnámið hefur verið stærsti vaxtarbroddurinn í þróun skólans og hefur upplýsinga- og samskiptatækni[1] leikið stórt hlutverk í þróun hans sem stofnunar. Í rannsókninni sem hér er lýst var lagt mat á stöðu skólans á því sviði. Athyglinni verður hér beint að áhrifum upplýsinga- og samskiptatækni á þróun Háskólans á Akureyri sem fræðslustofnunar og verða niðurstöður könnunar sem gerð var á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu nýttar til að varpa ljósi á niðurstöður mats á stöðu stofnunarinnar. Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu NámUST en verkefnið samanstendur af mörgum rannsóknum þar sem athyglinni er beint að notkun upplýsinga- og samskiptatækni frá leikskólastigi til háskólastigs (sjá

---

[1] Upplýsinga- og samskiptatækni (UST): Hvers konar beiting á tækni við gagnavinnslu, samskipti og miðlun. Hugtakið tekur yfir sama merkingarsvið og hugtakið upplýsingatækni en er yngra og sprettur af auknu vægi samskipta við beitingu upplýsingatækni. Með hugtakinu tækni er yfirleitt átt við hvers konar tölvutækni, fjarskiptatækni og aðra rafræna miðlun (byggt á skilgreiningu í *Í krafti upplýsinga*, 1996).

http://namust.khi.is). NámUST verkefnið hefur hlotið styrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) til þriggja ára.

Viðmið mats

Viðmiðin sem liggja til grundvallar matinu eru þríþætt. Fyrst er að nefna markmið sem sett eru í stefnuskrá Háskólans á Akureyri. Menntamálayfirvöld hafa einnig komið með markvissum hætti að mótun stefnu á sviði upplýsinga- og samskiptatækni. Í þriðja lagi má finna ýmis viðmið í þeirri fræðasýn sem þróast hefur með sívaxandi þætti upplýsinga- og samskiptatækni í menntun á háskólastigi. Verður hér gerð nokkur grein fyrir þessum viðmiðum.

Í kjölfar kerfisbundinnar stefnumótunarvinnu sem hrundið hafði verið af stað á haustdögum 2000 var lögð fram stefnuskrá Háskólans á Akureyri fyrir árin 2001 til 2003. Í þeim kafla stefnuskrárinnar sem fjallar um þjóðhagslegan ávinning og fjárhagsleg markmið er kveðið á um hlutverk hans sem landbyggðarháskóla sem greini og bregðist við þörfum atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir háskólamenntað starfsfólk. Einnig setur háskólinn sér þau markmið að auka hlutfall háskólamenntaðs fólks og efla nýsköpun og rannsóknir á landsbyggðinni. Í þeim hluta sem snýr að nemendum og námi er sérstaklega kveðið á um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og þróun kennsluhátta. Þar ber hæst að nemendur verði búnir skipulega undir að nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni í lífi og starfi. Sett eru þau markmið að tryggja að nemendur fái kennslu og þjálfun í tölvufærni, nái tilskilinni færni í upplýsingalæsi og verði færir um að nota tölvur á skapandi hátt í námi og störfum. Lögð er rík áhersla á að teknir verði upp nýir kennsluhættir sem geri aðgengi að háskólanámi opnara og nemendur óháðari staðsetningu háskólans. Er í því sambandi sérstaklega vísað til fjarkennslu háskólans (Háskólinn á Akureyri, 2001).

Menntamálayfirvöld hafa á undanförnum áratug komið að stefnumótun á sviði upplýsinga- og samskiptatækni með ýmsum hætti. Skýrast hefur hún þó birst í ritunum *Í krafti upplýsinga* sem gefið var út árið 1996 og verkefnaáætlun í rafrænni menntun sem sett var fram í ritinu *Forskot til framtíðar* árið 2001. Í hinu fyrrnefnda, í kaflanum „Stefna menntamálaráðuneytisins í upplýsingamálum 1996-1996“ segir:

> Menntamálaráðuneytið, skólar, menningarstofnanir og aðrar stofnanir á stjórnsýslusviði ráðuneytisins, verða að færa sér í nyt þær miklu framfarir, sem

> orðið hafa í upplýsingatækni á undanförnum árum, til að bæta þjónustu sína og auka hagræði (Menntamálaráðuneytið, 1996).

Í hinu síðarnefnda er bent á að verkefnaáætlunin sé framhald þeirrar stefnu sem mörkuð var 1996 en leggja beri nýjar áherslur í takt við þá þróun sem orðið hafi í nýtingu Netsins. Vakin er athygli á kostum dreifnáms[2] og bent á að í þeim efnum séu möguleikarnir mestir á háskólastigi. Í áætluninni er vikið sérstaklega að náms- og kennsluháttum og hlutverki kennara:

> Mikilvægt er að framsetning efnis á Netinu styðji við fjölbreytta náms- og kennsluhætti. Styðja þarf við það hlutverk kennarans að vera leiðbeinandi og ráðgefandi fyrir nemendur um þekkingarleiðir. Stuðla þarf að sjálfstæði nemenda um samsetningu og skipulag náms síns og sveigjanleika varðandi námsval, námshraða og námshætti (Menntamálaráðuneytið, 2001).

Segja má að við sama tón kveði þegar litið er yfir fræðasviðið og þær áherslur sem greina má í fræðilegri umræðu um háskólamenntun. Peters (2000) vekur athygli á ýmsum áskorunum sem mæta háskólum í flestum löndum heimsins. Þar ber hæst öra tækniþróun, breytta samfélagsgerð, breytingar á viðtekinni fræðasýn, aukna áherslu á fjarnám og nám í rafrænu umhverfi, aukinn kostnað menntakerfisins og um leið auknar kröfur um gæði samfara hnattvæðingunni. Ýmsar kröfur um breytingar á háskólakennslu birtast í stefnumótun háskóla sem afleiðing af þessu. Bent er á að háskólinn þurfi að mæta breyttri nemendasamsetningu. Nú stundi fullorðið fólk á öllum aldri háskólanám og þessir nemendur geri síauknar kröfur um að geta stundað námið á eigin forsendum. Slíkt kalli á aukinn sveigjanleika sem bæði hafi áhrif á námskrá og námsfyrirkomulag. Augljóst sé að þessum breytingum verði ekki mætt með góðu móti með hefðbundnum aðferðum eins og tíðkast hafi í háskólastofnunum. Þess vegna þurfi nýja nálgun sem byggi einkum á þremur grundvallarþáttum, sjálfsnámi, námi í rafrænu námsumhverfi og þátttöku í kennsluathöfnum í hefðbundnu háskóla-umhverfi. Peters bendir á almennt megi orða það svo að í háskólamenntun þurfi að eiga sér stað ákveðinn viðsnúningur frá kennslumenningu yfir í námsmenningu (Peters, 2000 sbr. Arnold, 1995: 300).

---

[2] Dreifnám: Hugtakið er notað um nám þar sem aðferðir fjarnáms og staðbundins náms eru notaðar jöfnum höndum þannig að dregið er úr staðbundinni kennslu og hún færð yfir á aðra miðla að hluta til, til dæmis Netið, en nemendur og kennarar hittast eftir sem áður með reglubundnu millibili.

Garrison og Anderson (2000) beina athyglinni að samspilinu milli kennsluaðferða og þess hvernig nemendur nálgast námið. Benda þeir á að í umræðu um áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á háskólakennslu og námsárangur þurfi að hafa í huga hvaða eiginleikum og gæðum sé verið að sækjast eftir. Þeir vísa í þessu tilliti m.a. til rannsókna Entwistle og Ramsden (1988) og Marton og Säljö (1976). Hinir síðarnefndu lýsa í grein sinni *On Qualitative Differences in Learning: Outcome and Process* hvernig greina megi ólíka eiginleika í nálgun nemenda í námi. Um sé að ræða tvö ólík úrvinnslustig, annars vegar yfirborðslæga úrvinnslu (e. *surface-level processing*) en hins vegar dýptarúrvinnslu (e. *deep-level processing*) upplýsinga (Marton og Säljö, 1976). Entwistle (2001) hefur útfært þessar hugmyndir enn frekar. Í töflu 1 má sjá greiningu Entwistle á muninum á dýptarnámi og yfirborðsnámi:

Tafla 1. Einkenni dýptarnáms og yfirborðsnáms (sbr. Entwistle, 2001).

Dýptarnám (e. deep learning)	Yfirborðsnám (e. surface learning)
Nemendur tengja hugmyndir við fyrri þekkingu og reynslu	Nemendur nálgast gjarnan efni námskeiðs eins og um sé að ræða ótengda þekkingarmola
-leitast við að finna undirliggjandi reglur, mynstur eða lögmál	-leggja á minnið ákveðnar staðreyndir og nálgast verkefni eins og um sé að ræða rútínubundna vinnu
-afla reynslugagna og tengja þau niðurstöðum sínum	-eiga gjarnan í erfiðleikum með að tileinka sér nýjar hugmyndir sem settar eru fram
-ígrunda meðrök og mótrök vandlega og með gagnrýnum huga	-sjá oft lítinn tilgang í verkefnum og jafnvel námskeiðunum í heild
-eru meðvitaðir um eigin skilning í náminu og þróun hans	-læra án þess að ígrunda tilgang og uppbyggingu efnisins
-sýna virkan áhuga á innihaldi og efni námskeiðsins.	-finnst þeir gjarnan vera undir pressu og hafa áhyggjur af vinnuálagi.

Entwistle setur þó ýmsa fyrirvara á greiningu sem þessa, hún eigi ekki að hafa þann tilgang að flokka nemendur enda sé beinlínis rangt að reyna að draga nemendur í dilka með einhverjum hætti. Hann vekur athygli á því að greiningin sé í eðli sínu víð og fremur ætlað að gefa vísbendingar, hún geri ekki nein tæmandi skil því flókna ferli sem eigi sér stað þegar nemandinn læri. Entwistle bendir í því sambandi á að mismunandi geti verið eftir námsgreinum hvað þurfi til að stuðla að dýptarnálgun í námi, nálgunin hljóti alltaf að taka mið af samhengi og innihaldi (Entwistle, 2001).

Garrison og Anderson (2002) benda á að eðlilegt sé að meta árangur kennslu út frá því hvoru af þessum ólíku stigum verið sé að sækjast eftir. Kennsla sem byggist á kynningum og framsetningu upplýsinga í miklu magni sé eðli málsins samkvæmt líkleg til að leiða til yfirborðslægrar úrvinnslu upplýsinga. Kennsla sem leggi áherslu á leiðsögn til skilnings og miði að því að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin þekkingaruppbyggingu sé aftur á móti líklegri til að stuðla að því að nemendur fari á dýptina í úrvinnslu viðfangsefnisins. Garrison og Anderson greina áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á háskólakennslu í tvö stig. Annars vegar eru það hin takmörkuðu eða vægari áhrif (e. *weaker technological influences*), sem þeir nefna svo, þar sem áhrif tækninnar eru þau að bæta ríkjandi kennsluhætti. Tæknin er þá nýtt til að auðvelda aðgengi að upplýsingum og auka gæði kynninga sem settar eru fram í formi fyrirlestra. Í þessu tilliti er tæknin eins konar viðbót án þess þó að breyta ríkjandi kennsluháttum og námi. Hins vegar eru það hin sterkari eða kröftugri áhrif (e. *stronger technological influences*) þar sem tæknin breytir í grundvallaratriðum væntingum til þess hvaða ávinningur eigi að hljótast af náminu. Þær væntingar hafa í för með sér annars konar nálgun sem miðar að því að nemendur nýti tækifærin sem upplýsinga- og samskiptatækni býður upp á til samskipta og gagnrýnnar umræðu um viðfangsefnin og kennsluhættir miðast við að nemendur séu virkir í eigin þekkingaruppbyggingu. Höfundar benda í þessu sambandi á að ef tilgangur háskólamenntunar sé að útskrifa nemendur sem hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, löngun til stöðugrar þekkingarleitar og hæfileika til að nýta hugmyndafræði og kenningar á starfsvettvangi þurfi að skapa tækifæri til gagnrýninnar umræðu og virkni í náminu. Því megi færa rök fyrir því að upplýsinga- og samskiptatæknin sem slík bjóði upp á aukin tækifæri til að varðveita ýmis hefðbundin gildi og markmið háskólamenntunar eins og þau að stuðla að gagnrýnni hugsun (Garrison og Anderson, 2000).

Ofangreind viðmið eru þau sem lögð verða til grundvallar í umræðu um niðurstöður matsins en rétt er að fram komi að matið byggir einnig á því persónulega gildismati höfundar að í notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu á háskólastigi felist margvísleg tækifæri til að auðga og dýpka námið og mikilvægt sé að nýta þau til hins ýtrasta til að tryggja sem bestan undirbúning nemenda fyrir líf og starf í framtíðinni.

Aðferð

Við öflun gagna í rannsókninni voru notaðar bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir. Meginrökin voru þau að með því að flétta aðferðunum saman fengist skýrari mynd og meiri dýpt í niðurstöður (Greene o.fl., 1989, sjá Worthen o.fl., 2. útg., 1997).

Viðtöl voru tekin við yfirstjórnendur Háskólans á Akureyri í júní 2003. Viðmælendur voru tíu talsins og var um að ræða hálfopin viðtöl (e. *semi-structured interview*) en með því móti hafa viðmælendur ákveðinn sveigjanleika varðandi röðun spurninga og geta einnig bætt við upplýsingum og spurningum (sbr. Hitchcock og Hughes, 1995). Meginþema viðtalanna var þáttur upplýsinga- og samskiptatækni í þróun háskólans sem stofnunar. Í því sambandi var fjallað um námsframboð, kennsluskrá, þróun deilda, nám og kennsluhætti, rannsóknar- og alþjóðastarf og stefnumótun.

Spurningalistakönnun var lögð fyrir nemendur og önnur fyrir kennara á haustmisseri 2002 og var þeim ætlað að afla margvíslegra upplýsinga um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu (Anna Ólafsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir, 2004a, 2004b). Viðhorf voru könnuð til mismunandi kennslu- og námsmatsaðferða og ýmissa annarra þátta er tengjast notkun tækninnar í námi og kennslu. Könnunin var lögð fyrir á Netinu með vefkönnunarkerfinu OUTCOME og send á netföng nemenda og kennara en upplýsingar um þau fengust úr upplýsingakerfinu *Stefaníu* sem notað er í Háskólanum á Akureyri. Vefkönnunarkerfið er hannað með þeim hætti að ekki er hægt að tengja svör þátttakenda við netfang eða nafn. Svör bárust frá 416 nemendum og 60 kennurum. Svarhlutfall nemenda var um 40% en um 55% hjá kennurum. Bæði aldursdreifing og kynjaskipting svarenda var svipuð eða sú sama og þýðisins.

Rýnihópa- og einstaklingsviðtöl við fjarnema sem rannsakandi tók vorið 2002 í vettvangsferðum á fjarkennslustaði Háskólans á Akureyri voru einnig nýtt sem gögn til frekari dýpkunar við matið. Alls var rætt við 74 fjarnema um ýmislegt er varðar skipulag og framkvæmd fjarnámsins, notkun upplýsinga- og samskiptatækni í náminu, kennsluaðferðir og annað það er nemendur höfðu áhuga á að ræða. Viðtölin voru með hálfopnu sniði eins og viðtöl við stjórnendur.

Niðurstöður og umræða

Rétt er að ítreka að hér verður athyglinni beint að niðurstöðum mats á þróun Háskólans á Akureyri sem fræðslustofnunar og staðan metin í ljósi þeirra gagna sem fengust úr viðtölum við stjórnendur en með skírskotun til þess sem spurningalistakannanir og viðtöl við fjarnema leiddu í ljós.

Stjórnendur voru spurðir hvaða þættir skiptu máli og hefðu áhrif á námsframboð:

> Í töluvert miklum mæli tengist námsframboðið ákveðnum fagstéttum, … í mörgum tilvikum eru þetta háskólamenntaðar fagstéttir sem hefur verið allmikill skortur á, á landsbyggðinni og það hefur verið svona okkar útgangspunktur. Síðan færist starfsvæði og upptökusvæði háskólans út um land, til þess höfum við notað upplýsingatæknina [úr viðtali rannsakanda].

Ofangreind tilvitnun er dæmigerð fyrir svör viðmælenda og niðurstöður viðtala bæði við stjórnendur og fjarnema gefa til kynna að staða Háskólans á Akureyri sem háskólastofnunar á landsbyggðinni sé hans meginstyrkur. Markmið Háskólans á Akureyri að sinna þörfum landsbyggðarinnar með fjölbreyttu námsframboði bæði í staðbundnu námi og fjarnámi hefur haft mikil áhrif á þróun hans sem stofnunar og skapað honum ákveðið forskot í samkeppnisumhverfi. Fram kom í viðtölum að það fyrirkomulag að bjóða upp á fjarnám á fjarkennslustöðum í samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í héraði, mynda nemendahópa á fjarkennslustað og nota myndfundabúnað í kennslu réðist mest af aðstæðum þegar námið fór fyrst af stað árið 1998. Einn viðmælandi mat það svo að „ef menn hefðu rambað niður á form sem var gott þá væri það meira tilviljun en eitthvað annað“ (Anna Ólafsdóttir, 2003).

Niðurstöður viðtala við fjarnema gefa tilefni til að ætla að það hafi reynst háskólanum afar heilladrjúgt að ramba niður á þetta form eins og það var orðað. Þær gefa sterkar vísbendingar um að fyrirkomulag fjarnámsins hafi leitt til myndunar virkra námssamfélaga á fjarkennslustöðum. Þessi áhrif endurspeglast í frásögnum nemenda af margvíslegum stuðningi sem þeir töldu sig njóta hver frá öðrum og sumir fullyrtu jafnvel að það að hitta samnemendur reglulega í fjarkennsluverum hafi komið í veg fyrir að þeir gæfust upp á náminu. Fjarnemar lýstu því gjarnan hvernig þeir deildu með sér verkum, hittust fyrir kennslustundir til að undirbúa sig og lærðu saman eftir kennslu og töldu að með þessu hafi skapast ákveðið aðhald í náminu.

Að auki nefndu þeir að mikilvæg tengsl hafi einnig náðst við fjarnámshópa á öðrum fjarkennslustöðum og nánara samband við kennarann með notkun myndfundabúnaðarins.

Annan áhrifaþátt í þróun háskólans á Akureyri má einnig greina í tilvitnuninni hér að framan, þ.e. hversu afgerandi áhrif fjarnámið hefur haft á þróun notkunar upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu. Allir viðmælendur bentu á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í fjarkennslu sem stærsta áhrifavaldinn í þróun háskólans í þessum efnum. Einn viðmælandi orðaði það svo að „fjarkennslan væri drifkrafturinn sem drifi þróunina áfram, tækni nýtt í fjarnámi væri yfirfærð yfir á staðbundna námið" (Anna Ólafsdóttir, 2003).

Í viðtölunum voru könnuð viðhorf stjórnenda til þess hvað skipti máli og hefði áhrif á notkun kennara á upplýsinga- og samskiptatækni og þróun kennsluhátta í því samhengi:

> Ég held að það skipti mestu máli að kennararnir sjái að með þessari tækni þá öðlist þeir vald yfir nýju tæki sem bæði auðveldar þeim kennslu og eins líka hefur áhrif á rannsóknarstarfsemi þeirra, langtíma sjónarmið. Kennararnir eru þarna í ákveðinni aðstöðu og þeir þurfa að sjá þetta sem tæki til þess að þróa áfram sitt starf og gera það árangursríkara [úr viðtali rannsakanda við stjórnanda].

Ofangreind tilvitnun endurspeglar kjarnann í því sem fram kom í máli viðmælenda um þátt kennara í þróuninni, þ.e. að mikilvægt væri að kennarar sæju tilgang í því að nýta upplýsinga- og samskiptatækni og möguleikana sem hún gæfi til þróunar kennsluhátta. Flestir nefndu áhuga kennara sjálfra sem áhrifaþátt í þessu sambandi. Bent var á að þar gæti aldur skipt máli og talaði einn viðmælandi um „neikvætt línulegt samband milli áhuga og aldurs" þegar notkun tækninnar í kennslu væri til umræðu (Anna Ólafsdóttir, 2003). Fram kom einnig að það hefði áhrif á þróunina að margir kæmu að háskólakennslu sem sérfræðingar á ákveðnum sviðum án þess að hafa þekkingu á kennslufræðum eða upplýsinga- og samskiptatækni. Þeir hneigðust til að nota aðferðir sem þeir þekktu frá eigin námsárum fremur en að reyna að fóta sig í heimi tækninnar með því óöryggi sem slíku fylgdi.

Einnig var nefnt að auknar kröfur um aðgengi nemenda að gögnum frá kennara á Netinu hefði haft áhrif á viðhorf í þá átt að kennarar legðu meira upp úr að hafa efni eins og fyrirlestra á tölvutæku formi, væru duglegri að uppfæra kennslugögn og huguðu meira að útliti og framsetningu efnis. Annar athyglisverður áhrifaþáttur kom fram í máli viðmælenda. Haustið 2002 var tekið upp nýtt greiðslufyrirkomulag fyrir kennslu. Það fól í sér þá breytingu að tekið var upp flokkunarkerfi fyrir námskeið og greidd ákveðin upphæð

fyrir námskeiðið í heild óháð t.d. fjölda fyrirlestra. Einn viðmælandi komst svo að orði þegar spurt var hvað skipti máli og hefði áhrif á þróun kennsluhátta:

> ...sá þáttur sem ég hef talið skipta máli, langmestu máli, það er greiðslufyrirkomulagið fyrir kennslu...Þessi breyting, þar sem menn fóru frá þeirri hugmynd að borga mismunandi fyrir vinnustund..... [þ.e.] fjórgilt fyrir fyrirlestur, eingilt fyrir verkefnatíma ... þessi breyting á greiðslufyrirkomulaginu, yfir í það að borga fyrir kúrs,...ég veit að þetta breytti og er að breyta kennsluháttum í minni deild [úr viðtali rannsakanda við stjórnanda].

Fram kom hjá einum viðmælanda að ákvörðun um breytt greiðslufyrirkomulag hefði „þegar valdið meiri breytingum en nokkurn óraði fyrir“ (Anna Ólafsdóttir, 2003). Flestir voru sammála um að breytingarnar birtust með afgerandi hætti í fækkun fyrirlestra. Fram kom að sumir kennarar hefðu blendnar tilfinningar þegar kæmi að umræðunni um fækkun fyrirlestra og fyndu fyrir óöryggi gagnvart því hvað ætti að koma í staðinn og hvort það efni sem hefði verið komið til skila með fyrirlestrum rúmaðist innan „kvótans“. Einnig blandaðist ótti við nýjungar inn í þetta viðhorf og þess vegna vildu þeir halda í gamla formið, aðrir væru tilbúnir „að stinga sér útí“. Spurning væri þarna um vilja og getu en einnig skipti það miklu hvernig staðið væri að stoðþjónustu við kennara (Anna Ólafsdóttir, 2003). Almennt töldu viðmælendur þó að þessi breyting á greiðslufyrirkomulagi myndi skila sér í jákvæðri þróun kennsluhátta og þar léki upplýsinga- og samskiptatækni stórt hlutverk.

Vert er að skoða þessar vangaveltur stjórnenda um þróun kennsluhátta í ljósi þeirra upplýsinga sem fengust úr könnun á notkun upplýsinga- og samskiptatækni meðal kennara og könnun á viðhorfum nemenda til hinna ýmsu kennsluaðferða (Anna Ólafsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir, 2004a, 2004b). Rétt er að taka fram að könnunin var gerð sama haust og breytingar á greiðslufyrirkomulagi komu til framkvæmda. Ætla má að áhrifanna hafi ekki verið farið að gæta nema að takmörkuðu leyti á þeim tíma.

Niðurstöður beggja kannana gefa til kynna að notkun upplýsinga- og samskiptatækni sé orðin almenn og viðhorf til notkunar hennar jákvæð bæði meðal nemenda og kennara. Samkvæmt niðurstöðum einkenna glærugerðarforrit og ritvinnsla notkun kennara ásamt því sem vefkennslukerfið WebCT er mikið notað. Niðurstöður úr nemendakönnun og könnun meðal kennara gefa samhljóma vísbendingar um að WebCT sé mest nýtt til að skapa nemendum aðgengi að efni. Glærugerðarforrit eru notuð alltaf eða oftast við undirbúning kennslu hjá 83% kennara og fyrirlestraglærur mest notaða tölvu-

studda námsefnið. Þegar spurt var notkun upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu kom í ljós að 86% kennara notuðu glærur aðgengilegar á pappír eða Netinu alltaf eða oftast í kennslu. Tölvusamskiptamiðlar aðrir en tölvupóstur, svo sem vefumræður og spjallforrit, forrit ætluð til birtingar efnis á Netinu, rafræn gagnasöfn og ýmsir aðrir miðlar virðast ekki vera nýttir að því marki að álykta megi að þeir hafi öðlast sess sem venjubundinn hluti af kennsluháttum.

Weigel (2002) fjallar um hinn hefðbundna fyrirlestur sem kennsluaðferð. Hann bendir á kosti eins og þá hversu öflug leið hann geti verið til að koma á framfæri miklu magni upplýsinga en fylgifiskurinn sé oftar en ekki sá að kennslustundirnar verði lítið annað en móttaka upplýsinga sem aðeins gangi í aðra áttina, þ.e. frá kennara til nemendahópsins. Hann vekur í þessu sambandi sérstaklega athygli á fyrirlestrum í formi glærusýninga þar sem framsetning efnis einkennist af notkun ákveðins skeytastíls. Weigel bendir á að slík framsetning sé til þess fallin að festa enn frekar í sessi þá skynjun nemenda að þekking sé einhvers konar safn upplýsingaskammta. Kennaranum hætti til að láta glærurnar stýra um of kennslustundunum, markmiðið að komast yfir glærurnar sitji í fyrirrúmi og það geti auðveldlega útilokað að nemendur fái tækifæri til gagnrýnnar samræðu um efnið við kennara og sín í milli. Þegar rætt var um stefnumótun til framtíðar í viðtölum við stjórnendur var athyglinni hjá einum stjórnanda beint og tölvutæku námsefni og í því sambandi vék hann sérstaklega að glærum:

> Það sem hins vegar hefur verið dálítill misskilningur, tíska eða nýjabrum, er það að nemendur telja að þeir þurfi kannski ekki svo mikið að lesa og læra því að þetta sé allt til staðar á einum stað hvort eð er. Þannig að við höfum t.d. lent í því að nemendur segja: „já en þetta var ekki á glærunum“, en við bendum þeim á það: „að þetta var í bókinni, þetta var hluti af því námsefni sem að þú áttir að læra“ og þá kemur aftur: „já en þetta var ekki á glærunum“. Þannig að það sem kannski þarf að leggja dálitla áherslu á er að kynna þessa upplýsingatækni fyrir bæði nemendum og starfsfólki sem leið til þess að koma á samskiptum og leið til þess að miðla, en þetta er ekki leiðin til þess að læra, lærdómurinn fer alltaf fram hjá nemandanum en ekki í gegnum tölvuna sem slíka, hann verður að hugsa, hann verður að pæla, hann verður að glíma við þau verkefni sem fyrir hann eru lögð [úr viðtali rannsakanda við stjórnanda].

Svipuð viðhorf mátti merkja í ýmsu því sem kennarar nefndu í svörum í könnuninni aðspurðir hverja þeir teldu helstu ókosti þess að nota upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu:

> Mér finnst nemendur oft ætlast til of mikillar mötunar.

Námsefni „steriliserast“ um of; elur á leti nemenda.
Óskir nemenda um niðursuðu á námsefni [tilvitnanir í svör kennara við spurningalistakönnun].

Ekki er laust við að hér megi greina viðhorf sem koma heim og saman við þá umræðu sem vikið hefur verið að um sampil kennsluaðferða, notkunar tækninnar og nálgunar nemenda í námi (sbr. Garrison og Anderson, 2000 og Weigel, 2001).

Niðurlag

Sé tekið mið af greiningu Garrison og Anderson (2000) um hin vægari og sterkari áhrif og lýsingu Entwistle (2001) á einkennum dýptarnáms og yfirborðsnáms má álykta sem svo að niðurstöður gefi vísbendingar um að kennsluhættir séu með þeim hætti að greiningin um hin vægari áhrif af notkun upplýsinga- og samskiptatækni eigi við um stöðu notkunar í Háskólanum á Akureyri, tæknin sé að mestu nýtt til að auka aðgengi að efni og bæta ríkjandi kennsluhætti. Niðurstöður gefa líka til kynna að kennarar og stjórnendur geri sér grein fyrir að sú hætta geti verið fyrir hendi að slík notkun tækninnar hvetji nemendur fremur til yfirborðslægrar nálgunar í náminu en dýptarnáms.

Um það verður vart deilt að sívaxandi vægi Internetsins í þekkingarsamfélaginu og þróun á sviði upplýsinga- og samskiptatækni með þeim tækifærum sem hún hefur opnað í rannsóknum, námi og kennslu kallar á að háskólar sem stofnanir endurskoði stöðugt þau gildi sem liggja til grundvallar stefnumótun þeirra og þróun til framtíðar. Háskólinn á Akureyri hefur náð ákveðnu þroskastigi á þróunarbraut ef svo má að orði komast. Það er reynsla höfundar sem starfsmanns við stofnunina að þar hafi ríkt sá staðblær að líta beri á stefnumótun og stjórnskipulag sem lifandi ferli þar sem stöðug endurskoðun og umbætur eigi sér stað (Háskólinn á Akureyri, 2001; Anna Ólafsdóttir, 2003). Til marks um það má nefna að á vordögum 2004 var gengist fyrir endurskoðun á skipulagi fjarkennslumála með það að markmiði að þróa enn frekar alla stoðþjónustu sem tengist framkvæmd fjarkennslunnar. Í áfangaskýrslu með tillögum um nýja skipan mála var lögð áhersla á að Háskólinn á Akureyri verndaði og nýtti þá ímynd sem hann hefur skapað sér sem öflug háskólastofnun á sviði fjarkennslumála. Bent var á að það væri vænleg leið til að stuðla að þróun kennsluhátta í staðnámi að tækni sem nýtt væri í fjarkennslu yrði í vaxandi mæli einnig beitt í staðnámi.

Með því væri meðvitað dregið úr þeim mun sem nú væri á fjarnámi og staðnámi. Tillögur voru lagðar fram um að einfalda boðleiðir og ákvarðanatöku innan stoðþjónustu skólans á sviði upplýsingatækni og samskipta. Í því skyni og til að nýta sem best þekkingu innan stofnunarinnar á sviði samskiptatækni var lagt til að tölvuþjónusta, gagnasmiðja og markaðs- og kynningarmál yrðu sameinuð í eina einingu, samskiptamiðstöð (Ögmundur Knútsson og Úlfar Hauksson, 2004). Tillaga um þessa nýju skipan var samþykkt í háskólaráði í júní 2004 (Háskólinn á Akureyri, 2004).

Ofangreind stefnumótunarvinna ber með sér að stjórnendur ætli með markvissum hætti að nýta styrkleika stofnunarinnar á sviði fjarkennslu í áframhaldandi þróun kennsluhátta og notkun upplýsinga- og samskiptatækni og virkja þannig áfram þann drifkraft sem fjarnámið hefur reynst stofnuninni á þróunarbraut.

Heimildir

Anna Ólafsdóttir (2003). *Mat á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu í Háskólanum á Akureyri.* Óbirt M.Ed. ritgerð. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Anna Ólafsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir (2004a). *Könnun á notkun háskólanemenda á upplýsinga- og samskiptatækni í þremur háskólum á Íslandi* (Skýrsla). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Anna Ólafsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir (2004b). *Könnun á notkun háskólakennara á upplýsinga- og samskiptatækni í þremur háskólum á Íslandi* (Skýrsla). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Entwistle, Noel (2001). Promoting Deep Learning Through Teaching and Assessment. Í Linda Suskie (Ritstjóri), *Assessment to Promote Deep Learning* (bls. 9-19). Washington DC: American Association for Higher Education.

Garrison, Randy og Anderson, Terry (2000). Transforming and enhancing university teaching: stronger and weaker technological influence. Í Terry Evans og David Nation (Ritstjórar), *Changing University Teaching: Reflections on Creating Educational Technologies* (bls. 24-33). London: Kogan Page Limited.

Háskólinn á Akureyri (2001). *Háskólinn á Akureyri, hlutverk, stefnuskrá og markmið*. Sótt 10. júní 2003 af http://www.unak.is/uploads/files/stefnan.PDF.

Háskólinn á Akureyri (2004). Fundargerðir háskólaráðs. Sótt 8. október af http://www.unak.is/uploads/files/220.%20fundargerd.pdf.

Hitchcock, Graham og Hughes, David (1995). *Research and the Teacher*, (önnur útgáfa). London: Routledge.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (Ritstjóri) (2000). *Árbók Háskólans á Akureyri 1997-1999*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Marton, Ference og Säljö, Roger (1976). On qualitative differences in learning: outcome and process. *British Journal of Educational Psychology*, *46*, 4-11.

Menntamálaráðuneytið (1996). *Í krafti upplýsinga: tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996-1999*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 10. júní 2003 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafuskra/?fra=1996&til=2003&strengur=-uppl%fdsingat%e6kni&Tegund=*&raf=&-Token.syn='faersla'&-SkipRecords=6.

Menntamálaráðuneytið (2001). *Forskot til framtíðar: verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 3. júlí 2004 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/forskot.pdf.

NámUST (2002-2004). Heimasíða um verkefnið. http://namust.khi.is.

Peters, Otto (2000). The transformation of the university into an institution of independent learning. Í Terry Evans og David Nation (Ritstjórar), *Changing University Teaching: Reflections on Creating Educational Technologies* (bls. 24-33). London: Kogan Page Limited.

Weigel, Van B. (2002). *Deep Learning for a Digital Age*. San Francicisco, CA: Jossey-Bass.

Worthen, Blaine R. og Sanders, James R. (1987). *Educational Evaluation Alternative Approaches and Practical Guidelines*. New York: Longman Publishers USA.

Þorsteinn Gunnarsson (2004). *Brautskráningarræða rektors*. Sótt 2. ágúst 2004 af http://www.unak.is/uploads/files/brautskraning_2004.pdf.

Ögmundur Knútsson og Úlfar Hauksson (2004). *Áfangaskýrsla um fjarkennslu í Háskólanum á Akureyri - júní 2004*. (skýrsla). Óútgefin. Háskólinn á Akureyri.

Hinum megin Suðurgötunnar. Um nám og kennslu innan ólíkra háskólagreina

Guðrún Geirsdóttir

Síðustu áratugi hafa fræðimenn sýnt vaxandi áhuga á skipulagi náms og kennslu á háskólastigi. Aukin og almenn aðsókn nemenda í háskólanám, kröfur um aukin gæði náms og kennslu, innleiðing nýrrar tækni til kennslu svo og kröfur um hagræðingu hafa vakið menn til umhugsunar um mikilvægi náms- og kennslufræða. Áhuga manna á háskólakennslu má annars vegar sjá í því að próun háskólakennslu hefur orðið viðfangsefni rannsókna og fræðilegrar umfjöllunar og hins vegar kröfum til háskóla um bætta kennsluhætti. Þannig er til þess tekið í samningi menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands frá árinu 1999 um kennslu, að skólinn skuli efla kennslufræðilega færni kennara sinna með námskeiðum fyrir nýja kennara og mati á kennslu og var Kennslumiðstöð Háskóla Íslands m.a. sett á laggirnar í þeim tilgangi.

Eins og aðrar sambærilegar miðstöðvar við háskóla erlendis hefur Kennslumiðstöð lagt sitt af mörkum til að stuðla að bættri kennslu og færni háskólakennara með ýmis konar starfsþjálfun og ráðgjöf. Ráðgjöfin og námskeiðin hafa verið grundaðar á hugmyndum um „hinn ígrundandi þátttakanda“ (the reflective practicioner) (Schön, 1987), á nýlegum rannsóknum á námi nemenda og hugmyndum kennara um kennslu. Í tilraunum okkar í Kennslumiðstöð til að efla nám og kennslu höfum við sannfærst æ betur um að ekki dugi að horfa á kennslu sem einangraðan þátt námskrár heldur þurfi að taka mið af því flókna samspili námskrárgerðar í háskólanum og þeim kennsluháttum sem tíðkast innan ólíkra fræðigreina.

Vegna starfa minna við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands finnst mér áhugavert og þarft að vita meira um námskrárgerð við Háskólann og reyna að skilja hvernig kennarar skipuleggja námskeið sín, í hvaða samhengi námkrárgerðin á sér stað og hvað hefur áhrif á það mikilvæga verkefni. Ég tel mikilvægt að átta mig á hvaða augum kennarar innan ólíkra háskólagreina líta þekkingu sinna fræðigreina og hvort og þá hvernig sú sýn hefur áhrif á hugmyndir þeirra um nám og kennslu. Í þessu erindi verður leitað leiða til að

skoða einkenni ólíkra háskólagreina og hvernig viðhorf háskólakennara til þekkingar endurspeglast í kennslu þeirra og námsmati. Síðar í erindinu mun ég vísa í rannsókn sem ég hef unnið að á síðustu tveimur árum og tekur til námskrárgerðar innan Háskólans. Þar hef ég með viðtölum og þátttöku-athugnunum m.a. kannað hugmyndir kennara til námskrárgerðar í skor iðnaðar- og vélaverkfræði.

Skipulag þekkingar

Þar sem meginhlutverk háskóla er ekki aðeins að miðla þekkingu heldur að skapa hana og endurskapa er ekki að undra þó að formgerð þekkingar-innar ráði miklu um skipulag háskóla. Skipulag háskóla í brautir og greinar byggir á hugmyndum manna um ólíkt eðli þekkingar og þær hugmyndir endurspeglast í orðræðu háskólans, skipulagi hans sem stofnunarinnar, sjálfsmynd háskólakennara, skipulagi námskeiða og hvernig staðið er að námi og kennslu. Það þarf ekki langa viðdvöl í Háskólanum til að átta sig á því að kennimenn ólíkra fræðigreina líta þekkinguna misjöfnum augum og kemur sú sýn fram í daglegu máli manna svo og í öðrum athöfnum þeirra. Þannig hefur Suðurgatan um langt skeið verið nokkurs konar landamærateikn á milli raunvísinda og hugvísinda og menn gjarnan talað um „þá hinum megin götunnar“ sem ólíka hópa[1].

En hvað ræður niðurskipan þekkingar í háskólagreinar? Eru háskólageinar í grundvallaratriðum sérstakar, og ef svo er, tekur sá munur þá til skipulags náms og kennslu? Allt frá tímum Platós og Aristótelesar hafa menn reynt að skilja og koma böndum yfir þekkinguna. Verk þeirra Pantini (1968) og Kuhn (1977) eru mögrum kunn en þeir hafa báðir gert tilraunir til að flokka þekkingu. Flokkun Pantini á fræðigreinum byggir fyrst og fremst á þekkingarfræðilegu skipulagi og einkennum fræðigreinanna á meðan að Kuhn horfir fremur til fræðigreinasamfélagsins og skoðar skipulag þekkingar út frá félagslegu sjónarhorni. Kuhn flokkar fræðigreinar eftir því hversu „þroskaðar“ þær eru og telur þær þroskaðastar sem búa við skýrust viðmið (paradigm). Samkvæmt hugmyndum Kuhn eru skýr viðmið þannig merki um stöðugleika háskólagreinar en óskýr viðmið einkenni þeirra greina sem enn

---

1 Reyndar hefur Askja aðeins riðlað þessari annars skýru heimsmynd og mætti kannski líta á staðsetningu hennar sem póstmóderníska þróun þekkingarstrauma ef menn eru í því skapinu.

búa við innri ágreining um hvernig skoða eigi heiminn og með hvaða rannsóknaraðferðum (Kuhn, 1977).

Fræðimennirnir Becher og Trowler (2001) velja, eftir viðamikla viðtalsrannsókn við háskólakennara, að flokka háskólagreinar í fjóra meginflokka: *harðar tærar*, *mjúkar tærar*, *harðar hagnýtar* og *mjúkar hagnýtar* eftir þekkingarfræðilegum einkennum greinanna:.

Harðar, tærar (hard pure).

Dæmi: Eðlisfræði

Einkenni: Stigvaxandi þekking og mælanleg, þekkingaröflun felst í leit algildra lögmála, þekking er ópersónuleg, til eru skýr viðmið um hvað telst réttmæt þekking, sátt um hvað teljast mikilvæg rannsóknarefni

Mjúkar tærar (soft pure)

Dæmi: Saga, mannfræði

Einkenni: Heildstæð þekking, eigindlegar rannsóknaraðferðir, þekking felst í leit að því sérstæða fremur en almenna, þekking er persónuleg og oft gildishlaðin, ekki einhugur um viðmið fyrir réttmæti þekkingar og hvað telst fullgilt rannsóknarefni

Harðar hagnýtar (hard applied)

Dæmi: Vélaverkfræði

Einkenni: Hagnýt þekking, meginmarkmið er að ná tökum á náttúrulegu umhverfi, áhersla á notkun hagnýtra leiða, megindlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir, viðmið um réttmæti þekkingar helgast af notkunargildi hennar

Mjúkar hagnýtar (soft applied)

Dæmi: Kennslufræði, lögræði

Einkenni: Hagnýt þekking, markmið að bæta sérfræðistörf, ýmsar rannsóknaraðferðir nýttar og markmið þekkingarsköpunar að endurbæta siða- eða samskiptareglur innan starfsgreina

Þeir Becher og Trowler taka vara fyrir því að þrátt fyrir þekkingarfræðilegan mun á háskólagreinum verði þær að teljast að verulegu marki félagsleg hugsmíð. Háskólagreinar taka breytingum, nýjar verða til og viðfangsefni sem falla innan ákveðinnar háskólagreinar á Íslandi geta átt sér samastað innan annarra greina í öðrum háskólum eða á öðrum tímum. Hvað

er þá það sem aðgreinir eina háskólagrein frá annarri og réttmætir tilvist þeirra?

Háskólagreinar og völd

Bernstein (2000) telur að aðskilnaður háskólagreina sé fyrst og fremst spurningin um völd og því fremur félagslegur en þekkingarfræðilegur. Í umfjöllun sinni um þekkinguna skipta hugtök hans *flokkun* (classification) og *römmun* (framing) höfuðmáli (Bernstein, 1971). Flokkun vísar í þessu tilfelli til sambandsins á milli flokka eða hópa. Ef hugmyndir Bernstein eru heimfærðar upp á háskólagreinar getur háskólagrein aðeins orðið og verið til ef henni eru skapaðar aðstæður og svigrúm til að þróa sérkenni sín eða sérstöðu með eigin orðræðu, innri reglum og eigin rödd. Slík sérstaða fæst því aðeins að háskólagreinin geti aðgreint sig á einhvern máta frá öðrum greinum. Háskólagreinin verður þannig til við sjálfa aðgreininguna og í aðgreiningunni felst vald eða styrkur greinarinnar. Ef einangrun háskólagreinar er rofin, t.d. með samþættingu við aðrar greinar, á hún það á hættu að missa sérstöðu sína og verða þá veikari en fyrr. Það er valdið sem viðheldur einangruninni og allar tilraunir til að rjúfa hana draga fram ríkjandi valdatengsl. Háskólagrein sem er skýrt afmörkuð frá öðrum greinum (býr við sterka flokkun), byggir á stigvaxandi þekkingu (er hörð og tær) og hefur skýr viðmið (sbr. Kuhn) býr við mun sterkari stöðu en aðrar (Bernstein, 2000). Háskólakennarar slíkra greina standa sterkari fótum innan háskóla, greinar þeirra njóta yfirleitt meiri virðingar og standa betur að vígi í átökum innan sem utan háskólasamfélagins. Hér ber þó að hafa í huga að háskólaumhverfi er breytilegt og er verkfræði gott dæmi um grein sem ýmist er talin hafa sterka eða veika flokkun eftir því hvort kennimenn hennar sækja til íhaldssamra eða framsækinnar hugmynda (Trowler, 1998) eða hvort hún er talin til hagnýtra vísinda fremur en hreinna (Henkel og Kogan, 1999) .

Bernstein (1971) notar hugtakið *römmun* (framing) yfir þau samskipti sem talin eru gild í uppeldislegu samspili af hvaða tagi sem er. Segja má að hugtakið vísi hér til stjórnunar á námskránni þ.e. hver það er sem ákveður hverju er miðlað, hvernig því er miðlað, í hvaða röð, á hvaða hraða, hvað skiptir mestu máli og við hvaða aðstæður. Þar sem römmun er skýr hefur sá sem miðlar (kennarinn) vald til að ákveða ofangreinda þætti en þar sem römmun er veikari virðast móttakendur (nemendur) oft hafa meira að segja um námskrána þó það þurfi ekki að vera í reynd. Háskólagreinar sem búa við sterka flokkun (eru vel afmarkaðar fá öðrum) hafa gjarnan skýrari ramma en

greinar sem búa við veikari flokkun. Þannig er algengt að nemendur innan mjúkra greina hafi meira val um námsleiðir og áfanga en nemendur innan harðra greina

Hvort sem munur milli háskólagreina er talinn þekkingarfræðilegur eða félagslegur vilja ýmsir kennimenn halda því fram að háskólagreinar standi fyrir annað og meira en sameiginlega sýn á þekkingu. Háskólagreinar móti í raun akademíska sjálfsmynd háskólakennara og starfshætti þeirra þ.m.t. kennslu (Barnett, Perry og fleiri, 2001). Clark (1983) segir t.d. að sá sem gerist þátttakandi í fræðigreinasamfélagi, hvort heldur sem nemandi eða kennari, gangi í raun inn í ákveðinn menningarhóp sem deilir trú á kenningum, aðferðafræði, tækni og viðfangsefnum (bls. 7). Fræðigreinin mótar ekki aðeins viðhorf og daglega hætti háskólakennara heldur er trúnaður þeirra líka fyrst og fremst bundinn greininni (Becher og Trowler, 2001; Henkel, 2000) þó hann geti einnig verið aðstæðubundinn (Valimaa, 1998). Út frá ofangreindum hugmyndum má segja að það að með námi sínu séu háskólanemendur að innvígjast í menningu viðkomandi háskólagreinar. Það að nema t.d. verkfræði felur ekki aðeins í sér að nemendur tileinka sér ákveðna þekkingu og færni heldur einnig tungutak, orðræðu, rannsóknaraðferðir, reglur og gildi sem eru hluti þeirrar sjálfsmyndar að tilheyra hópi verkfræðinga. Mótun hinnar fræðigreinabundnu sjálfsmyndar nemenda viðheldur svo aftur og styrkir aðgreiningu og flokkun hennar sbr. ofangreindar hugmyndir Bernstein (1971, 2000).

Nám og kennsla innan ólíkra háskólagreina

Snúum okkur þá að kennsluháttum. Oftar en ekki hafa tilraunir til að bæta kennsluhætti í háskólum aðeins beinst að kennslunni eða miðlun þekkingar. Hér verður því haldið fram að til að þróunarstarf á sviði náms og kennslu nái fram að ganga þurfi í slíku starfi að taka mið af ólíkum hugmyndum háskólakennara um þekkingu og þekkingarsköpun og skoða kennslu sem hluta af heildarnámskrá. Hafa þarf í huga að hvort sem háskólagreinar eru þekkingarfræðilega ólíkar eða hvort munur á uppbyggingu þeirra er fyrst og fremst félagsleg hugsmíð þá hljóta kennsluhættir að taka lit af hugmyndum háskólakennara þar um.

Samkvæmt Bernstein (2000) á formlegt nám sér stað í gegnum þrjár meginleiðir eða miðla: námsefnið, uppeldisfræðina og námsmat. Með námsefni skilgreina háskólakennarar hvað telst réttmæt þekking innan viðkomandi háskólagreinar. Uppeldisfræðin tilgreinir hvað telst réttmæt

miðlun þekkingar þ.e. hvers konar kennsluaðferðir eru taldar viðeigandi innan ákveðinnar greinar og námsmatið skilgreinir hvað telst vera réttmætur skilningur eða þekking nemandans (Bernstein, 1971, bls. 47). Þannig er alltaf samhengi á milli þess sem er kennt, hvernig það kennt og hvernig sú þekking er metin.

Ekki er að finna margar rannsóknir á námskrá og kennslu ólíkra háskólagreina og verður hér einkum stuðst við ritstýrt greinasafn Havita og Marincovich (1995). Þar benda rannsakendur á merki þess að kennsluhættir innan háskólagreina séu á ýmsan hátt ólíkir og dragi dám af hugmyndum háskólakennara um eðli þekkingar. Nám (námskrá) á sviði harðar, tærrar þekkingar (t.d. efnafræði eða eðlisfræði) er yfirleitt séð sem línulegt og stigveldislegt og nemendur feta sig í gegnum námskeiðin þar til þeir hafa að lokum náð heildartakmarkinu. Námskráin leyfir ekki útúrdúra eða mikið val nemenda og sú þekking og leikni sem nemendur verða að tileinka sér er skilmerkilega skilgreind. Hlutverk kennara er yfirleitt að miðla þekkingu og staðreyndum og taka kennsluaðferðir mið af því og eru fyrirlestrar algengir.

Þekking innan mjúkra, tærra háskólagreina (t.d. sögu og mannfræði) er hins vegar best lýst sem spíral þar sem nemendur takast á við ákveðin hugtök en dýpka skilning sinn á þeim með hverju nýju viðfangsefni eða námskeiði (Bruner, 1967). Þekkingin byggir ekki á mjög skýrum eða afmörkuðum viðmiðunum, námskráin er fremur opin og fyrir vikið geta nemendur oft valið sér mismunandi leiðir að lokatakmarkinu, innan ákveðinna ramma þó. Í kennslu er talið mikilvægt að draga fram viðhorf og gagnrýnin sjónarmið nemenda og kennsluaðferðir miða að því að efla gagnrýna hugsun þeirra. Við hæfi þykir að kenna nemendum í minni hópum og málstofum þar sem þeim gefst tækifæri til að viðra skoðanir sínar.

Hagnýtar háskólagreinar, bæði harðar og mjúkar, byggja á þeim tæru greinunum sem þær eru grundvallaðar á. Þannig er þess krafist í hörðum hagnýtum greinum (t.d. verkfræði) að nemendur nái tökum á línulegri þekkingu sem grundvallast fyrst og fremst á skilningin á grundvallarlögmálum á meðan mjúkar, hagnýtar greinar (t.d kennslufræði og lögfræði) byggja á fremur á þekkingu sem orðið hefur til af reynslu. Starfsþjálfun er talin mikilvæg í hagnýtum greinum hvort sem þær teljast mjúkar eða harðar þó að þar sé nokkur munur á. Starfsþjálfun í hörðum greinum er gjarnan talin geta farið fram án mikillar forþekkingar nemenda og reiknað með að nemendur læri til verka á vettvangi. Við starfsþjálfun í mjúkum greinum er oftar gert ráð fyrir að nemendur búi yfir ákveðinni forþekkingu sem þeir fá svo tækifæri til að láta á reyna á vettvangi.

Fyrir utan ofangreindan mun á námskrá hinna ólíku háskólagreina, telja ýmsir rannsakendur sig hafa fundið greinabundinn mun á því hvernig háskólakennarar skipuleggja námskeið sín (Stark, 2000), hvers konar hugarfærni og leikni þeir krefjast af nemendum sínum (Lattuca og Stark, 1994), hvers konar markmið þeir setja fram með kennslu sinni (Eljamal, 1998), hve langan tíma þeir telja sig þurfa til undirbúning kennslu (Smedby, 1996) og jafnvel á persónueinkennum kennarar innan ólíkra greina (Smedby, 1996). Þess ber þó að geta að rannsóknarniðurstöður eru fáar og misvísandi og ljóst er að ýmislegt annað en viðhorf til þekkingar hefur áhrif á kennsluhætti. Þannig virðist kennslureynsla, starfsreynsla svo og viðhorf kennara til náms og kennslu skipta máli við val á námsefni og kennsluaðferðum. Þá hafa aðstæður í háskólum veruleg áhrif á það hvort og hvernig kennurum tekst að haga kennslu sinni eins og þeir hefðu helst hug á að gera.

Iðnaðar- og vélaverkfræði

Hér að ofan hef ég fjallað um flokkun þekkingar; tengsl þekkingar við kennslu og námsmat svo og einkenni námskrár mismunandi háskólagreina. Til að varpa ljósi á ofangreinda umræðu verður háskólagreinin iðnaðar- og vélaverkfræði tekin sem dæmi en í tengslum við rannsókn mína á hugmyndum háskólakennara á námi og kennslu hef ég rætt við kennara úr þeirri skor. Þeim kennurum þakka ég jafnframt góða hjálp og samstarf.

Iðnaðar- og vélaverkfræði myndi falla undir það að vera sem hörð, hagnýt háskólagrein sem í grunninn byggir á harðri, tærri þekkingu (t.d. stærðfræði), hefur það að markmiði ná tökum á náttúrulega umhverfi og bæta framleiðslu og tækniþekkingu (Becher, 1989; Bernstein, 2000; Neumann, 2002). Háskólakennarar sem ég hef rætt við í skor iðnaðar- og vélaverkfræði eru vel meðvitaðir um sérstöðu sinnar háskólagreinar. Einn viðmælenda dregur vel fram mun harðar hagnýtrar greinar og tærrar þegar hann orðar sérstöðu verkfræðinnar svo:

> Það vita allir hvað raunvísindi eru þannig að það er ágætt að taka útgangspunkt í því. Og munurinn á verkfræði og raunvísindum er sá að raunvísindi fást við að greina vandamál eða analýsera en fara ekki út í sýnstesuna þ.e.a..s að hanna. En þar liggur sérstaða verkfræðinnar. Við getum ekki látið okkur nægja að greina eitthvað og skilja vandamál, við verðum að koma með lausn. Lausnin er stóra orðið.

Námskrá harðra, hagnýtra háskólagreina krefst þess að nemendur nái stigvaxandi tökum á beiting ákveðinni tækni eða færni sem grundvallast á skilningi á grunvallarlögmálum Nákvæmni er ekki eins mikið í hávegum höfð eins og í þeim háskólagreinum sem falla undir það að vera harðar og tærar (Donald, 1995). Einn viðmælenda minna segir að nemendur þurfi í raun að tileinka sér *verkfræðilega ónákvæmni* sem geti reynst þeim erfitt eftir að hafa þurft að beygja sig undir þá kröfu um návæmni sem gerð er til þeirra í undirstöðugreinum eins og stærðfræði. Þetta á einkum við þegar að nemendur fara að takast á við námskeið sem falla undir það að vera *raunverulegir verkfræðikúrsar*:

> Þá komu þessir sem við kölluðum stundum „syntesukúrsar" þar sem verið að fara inn í þennan hönnumarheim þar sem ekkert er rétt og ekkert er rangt en lausnirnar eru hins vegar mjög misgóðar.

Nám í iðnaðar- og vélaverkfræði er skipulagt sem þriggja ára BS nám en þar ofaná geta nemendur bætt við sig tveggja ára meistaranámi. Í viðtölum við kennara má sjá að námskráin í verkfræðinni hefur sterka flokkun þ.e. þekking og sérstaða greinarinnar er vel skilgreind og aðgreind frá öðrum háskólagreinum. Þetta á þó einkum við í grunnnáminu þar sem kennarar segja námskeiðin stöðluð eða *standard* og lík því sem gerist í verkfræði um heim allan. Afmörkun greinarinnar kemur t.d. fram í því að skipulag og kennsla námskeiða ræðst að miklu leyti af vali kennara á kennslubók. Kennslubækurnar eru stórar og miklar og hafa sumar hverjar verið endurútgefnar ótal sinnum og með notkun þeirra tryggja kennarar það að nemendur þeirra standi jafnfætis verkfræðinemum um heim allan. Endurskipulagning námskeiða felst oft í því að velja nýja bók þó ekki sé nema til að fríska upp eigin kennslu:

> Já maður þarf kannski að velja kennslubókina, maður svona róterar henni meira til fyrir sjálfan sig þegar maður er orðinn þreyttur að kenna allaf eins.

Hönnunin eða hin hagnýti þáttur þekkingarinnar er vel sýnilegur í námskrá verkfræðinnar s.s. í skipulagi námskeiða, hugmyndum háskólakennaranna um nám og kennslu svo og í námsmati. Kennarar telja flestir að það skipti miklu máli að nemendur öðlist hagnýta þekkingu og reynslu. Einn kennaranna segir

> Ég trúi ekki á þetta að mæta í tíma og tala eitthvað voða fræðilegt við þau (nemendur) sem enginn skilur...svo ég reyni að hugsa ...praktískt: Hvað væri nú

> gott að vita? Og í hverju fannst mér ég vera alveg eins og auli þegar að ég fór að vinna...?

Markmið námsins er að nemendur læri að beita þekkingu sinni og kennsla og námsmat í greininni tekur mið af því markmiði. Í grunnnáminu einkennist kennslan af fyrirlestrum þar sem kennarar útskýra meginviðfangsefni og svo dæmatímum þar sem kennarar leiða út dæmi og aðstoða nemendur við að finna lausnir. Námskráin er fastmótuð, rammi hennar er skýr og nemendur hafa lítið val um námsleiðir eða námskeið. Í meistaranáminu er skipulag námskeiða síður staðlað, rammi námskrár ekki eins skýr enda telja kennarar sig búa þar við meiri sveigjanleika í námskrárgerð og geta tekið mið af eigin rannsóknarsviðum og sériślenskum aðstæðum.

Kennsla í grunnnámi einkennist af því að aðstoða nemendur við að ná tökum á ákveðinni færni eða leikni sem þeir nýta við lausn verkefna. Eftir því sem ofar dregur í námi verða viðfangsefni flóknari og gerðar eru meiri kröfur um að fá nemendur til að:

> Takast á við verkefni á eigin spýtur, leysa þau, grafa sig niður, virkilega afla þeirrar þekkingar sem þarf...og geta þannig haldið áfram að næsta skrefi...þetta er verkfræðin í sjálfu sér.....það er svona sem ég sé verkfræðina.

Á sama máta færist námsmat smátt og smátt frá því að vera athugun á hæfni nemenda til að leysa fyrirframgefin vandamál í það að nemendur sýni færni sína við að glíma við óþekkt vandamál. Námsmat í meistaranáminu er gjarnan í formi raunhæfra verkefna sem nemendur vinna að í tengslum við starfsvettvang og kynna formlega.

Þó að iðnaðar- og vélaverkfræðin búi sem háskólagrein við nokkuð skýra flokkun eða afmörkun er verkfræðin sem slík hvorki laus við innri né ytri ágreining. Kennarar telja að innan deildar sé að finna ólíkar hugmyndir um það hversu hagnýt eða verkleg greinin eigi að vera og finnst sumum kennurum að vegið sé að megintilgangi greinarinnar með því að gera hana of fræðilega eða vísindalega (harða og tæra fremur en harða og hagnýta). Kennarar sem telja verkfræðina fyrst og fremst hagnýta grein hafa áhyggjur af því að verið sé að útskrifa nemendur án nægilegrar verklegar kunnáttu en þeir sem aðhyllast vísindasjónarmiðið telja fræðilegar áherslu forsendur þess að námið uppfylli nauðsynlegar gæðakröfur, einkum hvað varðar meistaranámið. Einn viðmælenda sem spurður um ágreining í skor segir:

> Ekki í skorinni...En það er innan verkfræðideildar í heild. Þar eru tveir pólar. Annar póllinn sem okkur verkfræðingum í gæsalöppum finnst vera of

> raunvísindalegur, hann er sá að þú ert fyrst og fremst í einhverju fræðilegu sviði. Þú ert að birta þá mikið, vera mikið tengdur út á við, út í alþjóðlega vísindasamfélagið. Ekki mikið atvinnulífstengdir og ekki mikið að kenna nemendum sínum verkfræði í þeim skilningi sem ég var að tala um heldur meira einhverja analýsutækni.

Ágreining í skor iðnaðar- og vélaverkfræði (sem þar er ræddur opinskátt og í mesta bróðerni) má sjá sem skoðanaskipti háskólakennara með ólíka sýn á einkenni og „eðli" sinnar háskólagreinar og sú sýn endurspeglast í viðhorfum sömu kennara til náms og kennslu. Ágreininginn má einnig skoða úr frá hugmyndum Bernstein um valdaátök en samkvæmt þeim hugmyndum myndi verkfræði sem háskólagrein öðlast sterkari stöðu innan háskólans eftir því sem hún kæmist nær því að teljast til harðrar, tærrar greinar fremur en hagnýtrar. Kennarar sem telja verkfræðina fyrst og fremst hagnýta grein álíta sumir hverjir að rannsóknarstefna Háskólans sé hliðholl vísindastefnu greinarinnar þannig að það styrki stöðu greinarinnar innan háskólasamfélagsins að vera fræðileg fremur en hagnýt. Hins vegar benda þeir einnig á að ýmsir ytri þættir eins og niðurskurður á fjármagni, skortur á aðstöðu svo og aukinn nemendafjöldi geri verklegt nám erfiðara og dýrara í framkvæmd og hafi þannig veruleg áhrif á námskrá greinarinnar.

Lokaorð

Hér að ofan hef ég skoðað námskrárgerð út frá hugmyndum háskólakennara um sérstöðu og einkenni háskólagreina sinna svo og tengslum þeirra hugmynda við skipulag kennslu og námsmats. Hugmyndir háskólakennara innan iðnaðar- og vélaverkfræðiskorar hafa hér verið nýttar sem dæmi þau viðfangsefni og ákvarðanir innan námskrárgerðar sem háskólakennarar takast á við í daglegum störfum sínum. Enn liggur fyrir að kanna hugmyndir háskólakennara innan fleiri háskólagreina.

Háskóli Íslands er, eins og flestir aðrir vestrænir háskólar, að takast á við nýjar kröfur hvað varðar rekstur og skipulag á öllum sínum starfssviðum. Þær kröfur hafa m.a. mikil áhrif á skipan náms og kennslu. Námskrárgerð á háskólastigi er enn lítt kannað svið en það er trú mín að aukin þekking þá því sviði sé mikilvæg forsenda þess að hægt sé að taka ábyrgar og skynsamlegar ákvarðanir um nám og kennslu á umrótatímum.

Heimildir

Barnett, R. o.fl. (2001). Conceptualising Curriculum Change. *Teaching in Higher Education*, *6*(4), 435-449.

Becher, T. (1989). *Academic Tribes and Territories: Intellectural Enquiry and the Culture of the Disciplines.* Buckingham: SRHE and Open University Press.

Becher, T. og Trowler, P. (2001). *Academic Tribes and Territories : Intellectual Enquiry and the Culture of Disciplines.* Buckingham: SRHE and Open University Press.

Bernstein, B. (1971). On the Classification and framing of Educational Knowledge. Í M. D. F. Young (Ritstj.), *Knowledge and Control.* London: Collier-Macmillian Publishers.

Bernstein, B. (2000). *Pedagogy, Symbolic Control and Identity.* US: Rowman and Littlefield.

Bruner, J. (1967). *Towards a Theory of Instrution.* Camebridge, MA: Harvard University Press.

Clark, B. R. (1983). *The Higher Education System: Organization in Cross National Perspective.* Berkeley, Cal.: University of California Press.

Donald, J. G. (1995). Disciplinary differences in knowledge validation. Í N. Hativa og M. Marinocovich (Ritstj.), *Disciplinary Differences in Teaching and Learning: implications for practice.* San Fransisco, CA: Jossey-Bass.

Dunkin, M. J. P., R.P. (1992). Award-winning university teachers´concepts of teaching. *Higher Education*, *20*, 47-66.

Eljamal, M. B. o.fl. (1998). Listening for Disciplinary differences in Faculty Goals for Effective Thinking. *The Journal of general Education*, *47*(2), 117-148.

Geertz, C. (1983). *Local knowledge.* New York: Basic Books.

Havita, N. og Marinocovich, M. (Ritstj.). (1995). *Dsiciplinary Differences in Teaching and Learning: Implications for Practice* (Vol. 64). San Francisco: Jossey-Bass.

Henkel, M. (2000). *Academic Identites and Policy Change in Higher Education.* London og Philadelphia: Jessica Kingsley Publishers.

Henkel, M. (2000). *Academic identities and Policy Change in Higher Education* (Vol. 46). London: Jessica Kingsley Publishers.

Henkel, M. a. K., Maurice. (1999). Changes in Curriculum and Institutional Structures. Response to Outside influences in Higher Education Institutions. Í C. Gellert (Ritstj.), *Innovationa and Adaption in Higher Education* (Vol. 22). London and Philadelphia: Jessica Kingsley Publishers.

Kember, D. (1997). A Reconceptualization of the Research into University Academics' Conception of teaching. *Learning and Instrucion*, *7*(3), 255-275.

Kuhn, T. S. (1977). *The Essential Tension.* Chicago, IL: University of Chicago Press.

Lattuca, L. og Stark, J. S. (1994). Will Disciplinary Perspectives Impede Curriculum Reform? *Jounal of Higher Education*, *65*, 401-426.

Neumann, R. o.fl. (2002). Teaching and Learning in their Disciplinary Contexts: a conceptual analysis. *Studies in Higher Education*, *27*(4), 405-417.

Pantini, C. F. A. (1968). *The Relations Between the Sciences.* Cambridge: Cambridge University Press.

Samningur milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands. (1999). Kennslu-samningur. Reykjavík.

Schön, D. (1987). *Educating the Reflective Practicioner.* London: Jossey-Bass.

Smeby, J.-C. (1996). Diciplinary Differences in University Teaching. *Studies in Higher Education, 21*(1), 69-79.

Squires, G. (1990). *First Degree - the undergraduate curriculum.* Buckingham: SRHE and Open University Press.

Stark, J. S. og Lattucka, L.R. (2000). Planning introductory college courses: Content, context and form. *Instructional Science*, *28*, 413-438.

Trigwell, K. P., Michael. (1996). Congruence between intention and strategy in university sscience teachers´approaches to teaching. *Higher Education*, *32*, 77-87.

Trowler, P. (1998). *Academics Responding to Change: New Higher Education Frameworks and Academic Cultures.* Buckingham: SRHE/Open University Press.

Valimaa, J. (1998). Culture and identity in higher education research. *Higher Education, 36*, 119-138.

„... ef það er eitthvað sem þeim þykir áhugavert“ Enskukennsla við upphaf 21. aldar

Hafdís Ingvarsdóttir

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 er lögð áhersla á mikilvægi tungumálakunnáttu fyrir Íslendinga. Þar er bent á hið mikla notagildi þess að kunna erlend mál og orðrétt segir: „Því þarf að leggja áherslu á að námið sé hagnýtt og víkki sjóndeildarhringinn“ (*Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend tungumál*, 1999, bls.6).

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla (1999) var gerð sú grundvallarbreyting að enska var gerð að fyrsta erlenda tungumálinu í stað dönsku. Í kafla um ensku er tekið fram að enska gegni „lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum á sviði stjórnmála, viðskipta, æðri menntunar, ferðaþjónustu og tölvusamskipta svo aðeins fá dæmi séu nefnd“ (*Aðalnámskrá framhaldsskóla. Erlend tungumál*, bls. 19). Í inngangi að sömu námskrá er talað um að í vaxandi mæli sé gerð krafa um færni fólks í erlendum tungumálum til að greiða fyrir samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir og til að geta staðið undir kröfum sem gerðar eru til náms og starfs í nútímasamfélagi. Enn fremur segir orðrétt „Það er því ekki talið nægjanlegt að geta lesið málið, geta skrifað bundinn texta, ráða yfir tilteknum orðaforða og kunna málfræðireglur utanað“ (Sama rit, bls. 9). Þessi ákvörðun enduspeglar breytta stöðu enskunnar í íslensku samfélagi og breyttar og auknar kröfur um færni í málinu.

Venja er meðal fræðimanna að greina á milli þess að kenna tungumál sem annað mál og sem erlent mál. Enska er skilgreind sem annað tungumál ef nemandinn býr í málumhverfinu. Á þessi skilgreining t.d. alltaf við þegar er verið er að kenna innflytjendum hið nýja „móðurmál“. Áhersla er lögð á að tekið sé mið af slíku í kennslunni með því að nýta tungumálareynslu nemenda utan skólastofunnar. Erlent mál er skilgreint sem tungumál sem er lítt eða ekki að finna í umhverfi nemanda og hann lærir fyrst og fremst í kennslustofunni. Enska á Íslandi fellur í raun undir hvorugra þessara skilgreininga og má halda því fram með nokkrum rétti að enska sé orðin svo

áberandi í daglegu lífi á Íslandi að taka ætti að taka meira mið af kennsluaðferðum annars máls.

Íslensk námskrá kveður ekki fast að um notkun tiltekinna kennsluaðferða eins og tíðkast í sumum erlendum námskrám. Engu að síður er fjallað nokkuð um kennsluaðferðir og finna má ýmsar vinsamlegar ábendingar: „Til þess að ná markmiðum málanáms er mikilvægt að beita mismunandi kennsluaðferðum, bæði einstaklingmiðuðum og samvinnunámi“ (*Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend tungumál*, 1999, bls. 8). Í Aðalnámskrá framhaldsskóla en rætt um að mikilvægt sé að nemandinn kynnist eins fjölbreyttum kennsluaðferðum og kostur er og höfundar sjá ástæðu til að benda á að málanám sé einstaklingbundið ferli og framfarir séu háðar virkni nemandans og þátttöku í eigin námi (bls. 20).

Kenningar um tungumálanám- og kennslu

Þessi hógværu tilmæli í námskrá um kennsluaðferðir endurspegla umræðu um enskukennslu meðal fræðimanna. Í kennslufræðilegri umræðu síðustu áratugi hefur hugsmíðahyggjan (constructivism) verið áberandi svo og kennsluaðferðir sem byggjast á þeirri hugmyndafræði svo sem einstaklingmiðað nám, lausnarleitarnám, samvinnunám og ýmsar gerðir svonefndar prójekt vinnu[1]. Allar þessar aðferðir fela í sér talsvert nemendasjálfstæði og hafa m.a. að markmiði að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi.

Kenningar um mikilvægi nemendamiðaðs náms í tungumálakennslu eru ekki nýjar af nálinni. Slíkar kenningar voru mjög áberandi í fræðilegri umræðu við upphaf níunda áratugarins. Þá var talið mikilvægt að draga úr afskiptum kennarans og stýringu hans á málnotkun nemenda í kennslustofunni [2]: (Brumfit og Johnson, 1983, bls. 159) og áhersla lögð á nemendamiðaða kennslu; nemendur þyrftu að fá tækifæri til að tjá sig sem mest. Tjáskipti (interaction) var eitt af lykilorðunum (Ellis, 1990). Tungumál væri samskiptatæki og kennslan ætti að taka mið af því. Rök fyrir þessum kenningum hafa verið sótt í máltökurannsóknir og rannsóknir í félagsmálvísindum (Hymes, 1971; Ellis, 1984; Littlewood, 1984).

---

1 Prójekt er samheiti yfir samvinnuverkefni um tiltekið efni sem nemendur velja oft sjálfir að vinna með og stendur venjulega yfir í nokkurn tíma. Að lokum kynna nemendur afraksturinn. Nemendur skipta með sér verkum og taka þátt í að meta verkefnið. Hlutverk kennarans er fyrst og fremst að vera til aðstoðar.

2 „to reduce the extent of teacher involvement in and direction of the process of language use in the classroom“.

Hin klassiska málfræði- og þýðingaraðferð sem ráðið hafði ríkjum í kennslustofum um aldaraðir var léttvæg fundin þar sem hún uppfyllti ekki kröfur nútímans um tungumálakunnáttu og gæti af sér þekkingu án færni (Brumfit, 1983). Á sama tíma kom fram sterk gagnrýni á niðurnjörvaðar kennsluáætlanir sem miðuðu að því koma fyrirfram skilgreindri þekkingu til skila á sama tíma til hóps nemenda. Með þannig kennsluáætlunum væri horft framhjá því að nemendur væru mjög misjafnlega staddir í máltökuferlinu og að tungumálanám væri einstaklingbundið ferli (sama rit).

Rannsóknir á hinum góða tungumálanema (Rubin, 1975; Naiman o.fl., 1978) sýndu að sumir nemendur lærðu ekki aðeins hraðar og betur vegna þátta eins og námshvatar og hæfileika heldur einnig vegna þess að þeir notuðu *fjölbreyttari námsaðferðir* (strategies). Áherslan hefur því á allra síðustu árum beinst að því að fá nemendur til að velta fyrir sér *hvernig* þeir læra (Wenden o.fl., 1987; Oxford, 1990).

Síðasta atriðið leiðir okkur að hugtaki sem er nátengt hugmyndinni um námsaðferðir „the autonomous learner“ eða sjálfstæði nemandans (Little, 1994; Little, 2002). Með þessu hugtaki er átt við nemanda sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í námi: skipuleggur nám sitt, fylgist með og tekur þátt í að meta eigin framfarir. Evrópuráðið leggur mikla áhersla á að efla þetta nemendasjálfstæði sbr. „The European Language Portfolio“ (sjá t.d. Schneider og Lenz, 2001; Little, 2002). Vald nemandans yfir eigin námi er mikilvægur liður í að stuðla að einstaklingmiðuðu námi og því má segja að námsaðferðir og nemendasjálfstæði haldist hönd í hönd (Hafdís Ingvarsdóttir, væntanleg).

Rannsóknin

Í þessari grein er sjónum beint að því að skoða hvernig starfskenningar enskukennara og kennsla þeirra samræmast þeim áherslum sem nýjastar eru á fræðasviðinu og gert hefur verði grein fyrir hér að framan. En þetta hefur ekki verið rannakað með þessum hætti fyrr.

Rannsóknin beindist að því að fá fram viðhorf eða persónulegar kenningar enskukennara um starf sitt, leitast við að skilja þær kenningar og sjá hvernig þær endurspegluðust í starfi þeirra í kennslustofunni.

Hugtakið *starfskenning* var lagt til grundvallar og skilgreint sem persónubundin kenning kennara um nám og kennslu sem hver kennari þróar stöðugt með sér í námi og starfi. Í starfskenningunni fléttast saman siðferðileg gildi, fræðilegt nám, þ.e. nám í grein og kennslufræðinám ásamt því sem ég vil

kalla *reynslunám* það er. það sem kennari lærir í starfi m.a. við ígrundum og samræður (Hafdís Ingvarsdóttir, væntanleg).

Þátttakendur voru tíu enskukennarar sem allir kenndu við framhaldsskóla. Kennararnir voru á misjöfnum aldri og með mislanga starfsreynslu frá tveimur árum upp í þrjátíu og sex ár og störfuðu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi við allar gerðir framhaldsskóla nema sérskóla. Því má segja að þessir tíu kennarar geti myndað nokkurn þverskurð af enskukennurum.

Gögnin sem aflað var voru margþætt. Kennarar drógu upp mynd af lífsfljóti sínu (Pope og Denicolo, 2001) og röktu síðan lífsögu sína á grundvelli lífsfljótanna. Æ fleiri fræðimenn telja að: „lífssaga hafi afgerandi áhrif á framgöngu kennara og starf hans í skólastofunni" (Knowles, 1992, bls. 99). Því var talið áhugavert að nota lífssögulega nálgun við öflun ganga sem áttu að draga fram starfskenningu kennara.

Fylgst var með kennurum í kennslu og ýmis gögn er fjölluðu um stefnu skólans, hugmyndafræði og starfsemi voru höfð til hliðsjónar. Leitast var við að fá sem besta heildarmynd af starfsumhverfi kennaranna og skólamenningunni til að átta sig á áhrifum þessara þátta á starf þeirra. Að lokum voru kennarar beðnir að draga upp sjálfsmyndarskissur þar sem þeir lýstu sér sem kennarar séð með augum hliðholls félaga (Kelly, 1955; Diamond, 1991). En það er nýlunda að flétta þessar aðferðir saman við rannsóknir á hugmyndum kennara.

Sameiginlegar starfskenningar

Þau þemu sem mest voru áberandi í frásögnum kennaranna tengdust, kennsluefni, kennsluaðferðum, undirbúningi, markmiðum og nemendum. Rýmis vegna er aðeins hægt að taka hér örfá dæmi sem ætlað er að endurspegla hugmyndir kennara.

Undir ráðstjórn kennslubókarinnar

Enskukennarar á Íslandi búa við óvenjumikið frelsi þar sem þeir geta valið nánast hvaða enskukennslubók sem völ er á á heimsmarkaðinum og eru þar af leiðandi að nota mismunandi bækur. En segja má að sá á kvölina sem á völina og kennurum verður tíðrætt um kennslubókina og hvað það sé erfitt að velja góða bók en góð kennslubók er afar mikilvæg. Kennslubókin virðist vera hið stýrandi afl í kennslu þeirra. Arna gæti sem best verið að mæla fyrir munn allra þegar hún segir: „Það er nauðsynlegt fyrir mig að hafa kennslubók, ég þarf að hafa einhvern ramma, eitthvað til að styðjast við." En

hún bætir síðan við: „En auðvitað þarf að aðlaga hana að nemendum. Maður notar hana á ólíkan hátt með ólíkum nemendum.“

Kennslubókin virðast þannig genga hlutverki námsáætlunar að hluta og kemur í veg fyrir, að sögn kennaranna, að þeir þurfi stöðugt að vera að tína til og ljósrita efni og kennslubókin geri kennslustundirnar skipulegri.

Kennararnir eru allir sammála um að þrátt fyrir kennslubókina fari mikill tími í undirbúning og án kennslubókar yrði sá undirbúningur óyfirstíganleg byrði. Einnig virðast flestir þeirra sammála um að nemendur vilji hafa kennslubók og álit nemanda skiptir kennara afar miklu máli og á stóran þátt í mótum starfskenninga þeirra.

Jafnvel kennarar sem eru mjög gagnrýnir á kennslubókina fylgja þessu mynstri. Birna segir: „Maður gæti verið að vinna á miklu skemmtilegri og árangurríkari hátt með nemendum en að vera alltaf að fara yfir þessar andlausu kennslubækur“. En samkennarar og hin sterka hefð virðist binda hendur hennar.

Þessi áhersla á kennslubókina kemur heim og saman við vettvangsathuganirnar. Flestar kennslustundirnar einkenndust af því að kennari var að fara yfir kafla í kennslubókinni. Það var þó gert á mismundi vegu. Oft var það þannig að kennarinn stóð fyrir framan töfluna lungað úr tímanum og fór yfir blaðsíður eftir blaðsíðu, æfingu eftir æfingu, sem nemendur áttu að vera búnir að vinna heima. En hins vegar var oft misbrestur á því og þá þurfti kennari að hægja á sér svo þeir nemendur næðu að skrifa svörin niður (!). En það voru líka dæmi um ólíka notkun kennslubókarinnar og að hún væri fyrst og fremst nýtt til að láta nemendur vinna verkefni saman í hópum og pörum. Hins vegar voru nemendur alltaf allir að vinna á sömu blaðsíðu að sömu viðfangsefnum.

Þetta skilur okkur eftir með þá spurningu hversu mikil áhrif kennslubókin hefur beinlínis á kennsluaðferðir kennara, hvort hún stýri bæði yfirferð og kennsluháttum og standi hugsanlega í vegi fyrir þróun til einstaklingmiðari kennsluhátta.

Bókmenntir bókmenntanna vegna

Vægi kennslubókarinnar minnkar eftir því sem nemar færast ofar í áföngum/bekkjum og virðast bókmenntir koma í staðinn sem þungamiðja námsefnis, smásögur, skáldsögur og leikrit. Textaval virðist í sumum tilfellum taka nokkurt mið af kjörsviðum nemenda. Nær allir kennararnir í rannsókninni eru menntaðir sem bókmenntafræðingar og skýringarinnar á þessari mikla áherslu á bókmenntalestur er sennilega að hluta að leita í þeirri staðreynd. Margir þeirra tala líka um að þeir hafi valið ensku í háskóla vegna

bókmenntanna. Mikilvægt markmið enskukennslunnar er, að áliti þessara kennara, að auðga andann. Það er hluti af því að vera menntamaður að hafa lesið Shakespeare á frummálinu.

Björk segir: „Það er svo mikilvægt að láta þau lesa bókenntir sem víkka sjóndeildarhringinn. Ég myndi aldrei láta þau lesa Stephen King. Ég vil að nemendur þekki klassískar enskar bókmenntir". María segist eiga þá ósk heitasta að nemendur hennar fái svo mikinn áhuga á ensku að þau sitji og lesi góðar, enskar bókmenntir í frístundum. Þessir kennarar virðast kenna bókmenntir bókmenntanna vegna.

Það kveður við nokkurn annan tón hjá Örnu. Hún telur að þar sem hennar menntun sé aðallega á sviði málvísinda kenni hún bókmenntirnar á annan hátt er félagar hennar: „Ég held til dæmis að ég kenni bókmenntir á annan hátt en samkennarar mínir, ég legg meiri áherslu á hvernig höfundarnir **nota** málið. Ég nota bókmenntir til að þjálfa þau í **málnotkun** (leturbreyting mín)".

Til viðbótar við þessa bókmenntatexta lesa nemendur ýmsa rauntexta, mest úr tímaritum eins og Newsweek og Times. Það er athyglisvert í ljósi umræðna um nemendasjálfstæði að nær alltaf virtust textarnir vera valdir af kennurunum. Stundum var um að ræða bundið val þ.e. nemendur máttu velja úr ákveðnum fjölda texta sem kennarar lögðu til. Kennarar segjast reyna að velja fjölbreytta texta sem höfði til nemenda. Einn karlkennara sá ég velja mismunandi texta fyrir kven- og karlnemendur og gaf þá skýringu að áhugamál kynjanna færu ekki alltaf saman. Kennarar telja hins vegar nauðsynlegt að greinunum fylgi vinnublöð með æfingum sem þeir þurfa þá að útbúa og því þurfi að takmarka valið.

Kennarar virðast eiga þá sameiginlega starfskenningu að þeir þurfi að stýra kennslunni og ef þeir losi takið muni nemendur ekki vinna verkið. Ef þetta eru viðhorf kennara almennt er mikilvægt að velta fyrir sér hvers vegna svo sé og það skýrir enn frekar að þeir vilji halda fast í kennslubókina. Þeirri hugsun skýtur upp hvort það sé ekki líklegra til að vekja áhuga og auka vinnugleði ef nemendur fá sjálfir að velja texta og vinna þær upplýsingar úr þeim sem þeim þykja athyglisverðastar. Slík vinnubrögð væru í anda kenninga um aukna ábyrgð nemenda á eigin námi og myndi búa nemendur betur undir að verða sjálfstæðir málnotendur þegar skóla sleppir.

Í tengslum við textaval er vert að benda á að í rannsóknum mínum með raungreinakennurum kemur fram að erfitt sé að láta nemendur lesa eðlis- og efnfræði á ensku þar sem nemendur skilji ekki hugtökin og treysti sér illa til að lesa slíkar bækur á ensku (Hafdís Ingvarsdóttir, 2003). Það vekur upp spurningu hvers vegna enskukennarar og raungreinakennarar vinni ekki

saman og hvaða hindranir séu þar í vegi. Ýmsir fræðimenn halda því fram að svonefnd innihaldsmiðuð kennsla, CBI „content-based instruction“ (Snow og Brinton, 1997), það er að tileinka sér nýja þekkingu á erlendu máli sé einhver áhrifaríkasta leiðin til að læra tungumál. Slík kennsla í efri áföngum myndi styðja við þau markmið námskrár að búa nemendur undir háskólanám.

Að kenna á ensku

Allir kennararnir í þessari rannsókn létu í ljósi mikilvægi þess að kenna sem mest á ensku. Vettvangsathuganir sýna að þeir fylgja þessari starfskenningu sinni í framkvæmd. Það heyrði til undantekninga ef þeir brugðu yfir í íslensku. Það var hins vegar mjög misjafnt hvernig kennurum gekk að fá nemendur til að nota ensku í kennslustundunum. Algengast var að nemendur svöruðu á íslensku nema um væri að ræða að lesa svör við spurningum eða kynna efni sem þeir höfðu undirbúið. Nemendur töluðu nær alltaf íslensku sín á milli nema um væri að ræða hreinar talæfingar. Þetta virtist þó fara nokkuð eftir kennurum og þeirri áherslu sem þeir lögðu á þetta atriði. Flestir kennarar virtust hafa sætt sig við þetta en litu engu að síður það sem vandamál þar sem nemendur þyftu að þjálfa sig í tali en bættu við að það væri mjög erfitt að fá þá til að tjá sig. Samkvæmt vettvangsathugunum virðast nemendur fá takmarkaða þjálfun í að setja fram skoðanir sínar munnlega og beita nýjum orðaforða í tali.

Uppeldisfræði aðhaldsins

Kennarar segjast nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og vettvangsathugunin staðfestir það. Þeir nota paravinnu, hópvinnu, einstaklingsvinnu en sem fyrr var henni alltaf stýrt af kennara og allir nemendur voru að vinna að samskonar verkefnum á sama tíma. Prójektvinna þar em nemendur vinna sjálfstætt að stærri verkefnum sem þeir hafa sjálfir valið og skipulagt virðist heyra til hreinna undantekinga.

Mikill tíma fer í að fara yfir heimavinnu nemenda og tímarnir byrja mjög oft á stuttri könnun úr heimalestri. Einkum á þetta við um smásögur og eða kafla úr lengra verki. Sums staðar er gefin sérstök einkunn fyrir heimavinnu. Dóra segir: „Nemendur verða að vera undir stöðugu eftirliti“ og Arna segir „Þeir þurfa aðhald“. Að áliti þeirra þurfa nemendur að finna að kennarinn fylgist með heimavinnunni. Kennarar beita ýmsun aðferðum við þetta aðhald og Ingi gerir það t.d. með því að nálgast hvern og einn nemanda í tímanum og athuga heimavinnuna.

Einn liður í aðhaldinu er að láta nemendur skila öllu skriflegu til kennara og kennarar kvarta undan að vera alltaf með bunka af verkefnum til að fara yfir. Allt þarf að hafa stimpil kennarans. Ég varð aldrei vör við að nemendur væru að leggja mat á eigin vinnu. Kennarar og nemendur virtust ekki hafa tileinkað sér þau vinnubrögð.

Góðir fagmenn en ...

Það er athyglisvert að margir, einkum eldri kennararnir, telja að þeir hafi upphaflega lært ensku með málfræði-þýðingaraðferðinni. Þeir eru þó augljóslega ekki að fylgja þeirri aðferðafræði og vísa á bug þeim kenningum að kennarar kenni eins og þeim var kennt. Samkvæmt orðum kennaranna má því draga varfærnislega ályktun um að enskukennsla hafi tekið töluverðum breytingum síðustu áratugi. „En þeir [nemendur] kunna líka svo miklu meira í ensku en við gerðum“, segir einn viðmælenda minna og vísar þar til enskunnar í umhverfinu sem kennarar eru þó, að því er virðist, lítt sem ekkert að nýta í kennslunni.

Allir kennararnir eru vel menntaðir og hafa brennandi áhuga á fagi sínu. Flestir eru með meistarapróf og veitist auðvelt að halda uppi kennslu á ensku. Þeir láta sér mjög annt um nemendur sína en markmið þeirra eru fyrst og fremst námsmarkmið: að tryggja að nemendur standi sig og nái prófunum. Kennarar hafa áhyggjur af að í hinni nýju námskrá sé enskunni skammtaður of naumur tími og telja nemendur þurfa fleiri skylduáfanga því enskan sé svo mikilvæg. Sumir telja einnig mikilvægt að búa nemendur undir háskólanám. Þeir virðast leggja mikla vinnu í að undirbúa kennsluna og kennslustundirnar eru vel skipulagðar.

Þeir eru duglegir að sækja endurmenntunarnámskeið og fara oft til enskumælandi landa til að viðhalda eigin færni í ensku. Þetta eru allt kennarar sem myndu hiklaust falla að skilgreiningu á góðum fagmanni.

Það hlýtur því að vera umhugsununarefni hversu lítið við sjáum af þeim kenningum um nám og kennslu sem lýst var hér í inngangskafla. Áherslan virðist vera á kennsluhætti sem miðast að því að „geta lesið málið, geta skrifað bundinn texta, ráða yfir tilteknum orðaforða og kunna málfræðireglur utanað” sem er „ekki talið nægjanlegt“ svo vitnað sé aftur í Aðalnámskrá (*Aðalnámskrá framhaldsskóla. Erlend tungumál*, 1999, bls. 9).

Hvers vegna er kennslan svo kennarastýrð og kennslubókarmiðuð? Hvers vegna sjást lítil merki um einstaklingmiðað nám? Hvers vegna eru nemendur svo áhugalausir að þeir þurfa stöðugt aðhald? Hvers vegna eru fagmúrarnir

svona þykkir? Hvers vegna er enskan í umhverfi nemenda ekki nýtt í ríkara mæli?

Nærtækt er að spyrja hvort kennarar hafi verið þjálfaðir í þessum aðferðum í grunn- og endurmenntun? Ég leyfi mér að draga það í efa. Það er ekki nóg að *kynna* aðferðir, kennarar þurfa að eiga þess kost að fá þjálfun í þeim. Grunnmenntun íslenskra framhaldsskólakennara er ein sú stysta í norðanverðri Evrópu og endurmenntun hefur lengst af verið byggð upp á stuttum sumarnámskeiðum sem ekki hefur verði fylgt eftir (Hafdís Ingvarsdóttir, 1999). Breyttar hugmyndir um nám og kennslu kalla enn fremur á nýjar aðferðir við námsmat sem kennurum hefur lítið verið kynnt og ekki gefist kostur á að fá þjálfun í að beita.

Skólamenning og þróunarstarf

Ef breytingar eiga að ná fram þurfa þær að eiga samleið með þeirri menningu sem ríkir í skólanum að öðrum kosti ná nýjar hugmyndir ekki fram að ganga (Sarason, 1971). Er skólamenning okkar þannig að hún samræmist fyrst og fremst kennaramiðuðu námi?

Gefur skólamenningin og kerfið svigrúm til að vinna á annan hátt en hér hefur verið lýst? Í áfangaskólum stendur hvor önn í 13 vikur samfellt og kennarar kvarta yfir að þetta 13 vikna kerfi sé mjög heftandi og bjóði upp á lítinn sveigjanleika. Hér vantar frekari rannnsóknir til að skilja betur hvað heftir og hindrar.

Þótt grunn- og endurmenntun kennara verði efld dugar það skammt ef kennarar starfa í andrúmslofti sem vinnur á móti þeim hugmyndum sem þar er verið að leggja grunn að. Til að breyta kennsluháttum þarf að breyta starfskenningum kennara og slíkt gerist ekki í tómarúmi. Þróun á kennsluháttum á sér ekki stað nema unnið sé með starfkenningar kennara og tekið á þeim þáttum sem móta þær (Hafdís Ingvarsdóttir, væntanleg).

Ólíklegt er að kennarar sjái sér fært að taka upp kennsluhætti sem þeir hafa engar fyrirmyndir að: hafa ekki kynnst sem nemendur, sjá ekki beitt í kennaranáminu og fá lítil sem engin tækifæri til að þjálfast í. Ekki virðist heldur vera til staðar mikil hvatning eða umbun fyrir kennara sem vilja hætta sér út á hálan ís umbreytingastarfs.

Mig langar að enda þessa grein á dæmi úr rannsókninni sem getur vísað veginn fram á við og sýnir hvað getur gerst þegar saman fer sannfæring kennara og stuðningur skólayfirvalda. Edda er búin að kenna í 17 ár en hefur

nýlega fengið tækifæri að vinna með kennurum í öðrum Evrópulöndum þar sem nemendur skiptast á heimsóknum og/eða prójektum. Hér hefur henni opnast nýr heimur. Það hafði marg oft komið fram í máli hennar að í hennar augum væri tungumál fyrst og fremst samskiptatæki og þannig ætti að kenna það. „Það er ekki dauður hlutur sem þú átt að flytja af einum pappír yfir á annan". Edda sér þessi prójekt gefa henni möguleika á að ná markmiðum sínum: að kenna tungumál sem lifandi mál - en hún bætir við. „Þetta er auðvitað rosaleg vinna fyrir þau en nemendur eru alltaf tilbúnir að vinna ef það er eitthvað sem þeim þykir áhugavert".

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend tungumál (1999). Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá framhaldsskóla. Erlend tungumál (1999). Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Brumfit, C.J. og Johnson (ritstj.) (1983). *The Communicative Approach to Language Teaching.* Oxford University Press. Third impression.

Brumfit, C.J. (1983). Methodological Perspectives. Í Brumfit, C.J. og Johnson, K. (ritstj.) *The Communicative Approach to Language Teaching.* Oxford University Press. Third impression bls. 183-191.

Ellis, R. (1984). *Classroom Second Language Development.* Pergamon Institute of English.

Ellis, R. (1990). *Instructed Second Language Acquisition. Learning in the Classroom.* Applied Language Studies. Basil Blackwell.

Diamond, C.T. P. (1991). *Teacher Education as Transformation.* Milton Keynes: Open University Press.

Hafdís Ingvarsdóttir (1999). Áhrif endurmenntunar á þróun kennsluhátta. Í Friðrik H. Jónsson, Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum III.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan bls. 171-180.

Hafdís Ingvarsdóttir (2003). „Ísland hefur enga hefð fyrir að kenna raungreinar". Frá sjónarhóli raungreinakennarans. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum IV. Félagsvísindadeild.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, bls. 321-332.

Hafdís Ingvarsdóttir (væntanleg). „Ég fór í ensku og varð ástfanginn..." Mótun starfskenninga íslenskra framhaldsskólakennara. *Ráðstefnurit FUM.*

Hafdís Ingvarsdóttir (væntanleg). Námsaðferðir: Leiðir til árangursríkara tungumálanáms. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.) *Mál Málanna*. Háskólaútgáfan.

Hymes, D.H. (1971). *On communivative competence*. Philadelpia: University of Pensylvania Press.

Kelly, G. A. (1955). *The Psychology of Personal Constructs*. Vols. 1 and 2. New York: Norton and Co. Republished (1991) London: Routledge.

Knowles, J.G. (1992). Models for Understanding Pre-service and Beginning Teachers' Biographies: Illustrations from case studies. Í Goodson, I. (ritst.) *Studying Teachers' Lives*. Routledge. bls. 99-152.

Little, D. (1994). Learner autonomy.: A theoretical construct and its practical application. *Die Neureren Sprachen, 93*:5, bls. 430-442.

Little, D. (2002). The European Language Portfolio and learner autonomy. Viðtal, *Málfríður,* 2.tbl.18. árgangur, bls. 4-7.

Littlewood, W. (1984). *Foreign and Second Language Learning. Language acquisition research and its implications for the classroom*. Cambridge University Press: Cambridge.

Naiman, N., Fröhlich, M., Stern, H., Todesco, A. (1978). *The Good Language Learner. Research in Education No. 7*. Toronto: Ontario Institute for Studies in Education.

Oxford, R. (1990). *Language Learning Strategies. What every teacher should know*. Henle & Henle Publishers.

Pope, M. og Denicolo, P. (2001). *Transformative Education - Personal Construct Approaches to Education and Research*. London: Whurr Publishers.

Rubin, J. (1975). What the good language learner can teach us. *TESOL Quarterly, 9*/1, bls.41-51.

Sarason, S. (1971). *The Culture of the School and the Problem of Change*. Boston: MA. Allyn og Bacon.

Schneider, G., Lenz , P. (2001). *European Language Portfolio. Guide for Developers*. Council of Europe. Modern Language Division. Strasbourg.

Snow, M. A. og Brinton, D.M. (ritstj.). 1997 *The Content-Based Classroom:Perspectives on Intergrating Language and Content*. New York: Longman.

Wenden, A., Rubin, J. (1987). *Learner Strategies in Language Learning*. New York: Prentice Hall International. Englewood Cliffs.

Fjarnám í ljósi athafnakenningarinnar: tilviksathugun úr kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands

Þuríður Jóhannsdóttir

Í skólaheimsóknum í nokkra grunnskóla á Vestfjörðum á árunum 2003-2004 vakti það athygli mína að í sumum skólanna hafði einn eða fleiri kennarar stundað fjarnám við Kennaraháskóla Íslands frá því að það fyrst bauðst árið 1993. Í einum skóla sem heimsóttur var höfðu allir kennarar utan einn tekið grunnskólakennarapróf í fjarnáminu. Sumt af þessu fólki gegnir nú mikilvægum stöðum í skólunum ýmist sem skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða öðrum störfum innan skólanna þar sem fagmennska skiptir máli. Margir af þeim sem voru í fyrstu hópum fjarnema hafa síðan haldið áfram námi í framhaldsdeild KHÍ og þannig sérhæft sig á ýmsum sviðum kennslu. Þetta vakti áhuga minn á hvaða þýðingu þessi þróun hefur fyrir skólana sem stofnanir og fyrir kennarana faglega jafnt sem persónulega. Jafnframt þykir mér áhugavert að öðlast skilning á hvers eðlis kennaranám í fjarnámi er.

Í kennaranámi er það vel þekkt vandamál að nýir kennarar eiga margir erfitt með að nýta í starfinu það nám sem þeir tileinkuðu sér í háskóla, hvort heldur um er að ræða fræðilega þekkingu eða þau vinnubrögð sem þeir hafa lært í kennaranáminu. Margir hafa litið svo á að tengsl eða tengslaleysi kennaramenntunarstofnana og skólanna sem vinnustaða sé ákveðið vandamál sem ekki hafi tekist að finna lausn á. Félags-menningarleg nálgun (*e. socio-cultural approach*) gæti hugsanlega varpað ljósi á þetta vandamál svo sem kenningar um aðstæðubundið nám (*e. situated learning*) (Lave, 1997) þar sem litið er svo á að nám verði best skilið sem þátttaka í félagslegum athöfnum og að það að verða fagmaður á tilteknu sviði megi líkja við það að verða handgenginn eða innvígður í menningu fagsins. Fræðimenn sem vinna í anda menningar- og sögulegrar athafnakenningar (*e. cultural historical activity theroy*) hafa bent á að störf í samfélagi samtímans einkennist af þátttöku í fjölþættu samhengi (*e. polycontextuality*) (Ludvigsen, 2003) í þeirri merkingu að fólk tengist yfirleitt margskonar athafnasamfélögum. Við þessar aðstæður þarf fólk að læra að færa sig á milli samfélaga og hvernig það að fara yfir mörkin

milli samfélaga gerist, hefur vakið áhuga fræðimanna sem rannsaka nám. Mig langar í þessari grein að freista þess að varpa nýju ljósi á skilning okkar á fjarnámi, í þessu tilviki kennaranámi, með hjálp hugtaka og greiningarlíkana athafnakenningarinnar (Centre for Activity Theory and Developmental Work Research, Skoðað 21.07.2004a), ef það mætti verða til að stuðla að þróun þessa námsforms sem um þessar mundir virðist njóta sívaxandi vinsælda.

Rannsóknin

Í greininni er kynntur hluti af rannsókn minni á fjarnámi til grunnskóla-kennaraprófs við Kennaraháskóla Íslands[1] þar sem fjarnámið er skoðað frá sjónarhóli kennaranema sem búa og vinna í dreifbýli. Tilgangurinn er að rannsaka merkingu, mikilvægi og möguleika kennaranáms í fjarnámi fyrir kennaranemana og fyrir grunnskóla í dreifbýli. Einnig að velta fyrir sér þeim möguleikum sem tengsl við skóla það sem fjarnemar búa og/eða starfa býður uppá fyrir kennaramenntunarstofnanir þar sem fjarnemar geta verið mikilvægir tengiliðir.

Markmiðið með þeim þætti rannsóknarinnar sem hér er til umræðu er að kanna hvernig megi skilja eitt einstakt tilvik í kennaranámi ef það er skoðað í ljósi athafnakenningarinnar, einkum með hliðsjón af hugtökunum yfirferð mæra (*e. boundary-crossing*) (Tuomi-Gröhn, T., Engeström, Y. & Young, M. 2003), víkkað nám (*e. expansive learning*) (Engeström, 1987) og þróuð yfirfærsla (*e. developmental transfer*) (Tuomi-Gröhn, T. & Engeström, Y. 2003). Sú meginspurning sem ég leitast við að svara er hvort það að setja fjarnámið í nýtt samhengi með hjálp athafnakenningarinnar geti eflt skilning okkar á því og hvort það gæti síðan skapað grundvöll sem byggja mætti á við þróun fjarnámsins í takt við síbreytilegar þarfir í samfélaginu.

Í greininni er sjónum beint að sögulegum þætti fjarnámsins frá sjónarhóli kennaranema sem voru í fyrsta hópnum sem innritaður var í fullt kennara-nám í fjarnámi í janúar árið 1993. Við undirbúning var rætt við fjóra fyrrum nemendur, allt konur sem nú gegna mikilvægum störfum við grunnskóla í sinni heimabyggð þar sem þær störfuðu jafnframt á meðan á náminu stóð. Skólarnir eru allir í sjávarbyggðum og mætti gróflega flokka þá sem lítinn skóla (minna en 50 nemendur), millistóran skóla (rúmlega 100 nemendur) og

---

[1] Rannsóknin er fyrirhuguð til doktorsprófs við Háskóla Íslands; leiðbeinandi er Jón Torfi Jónasson. Þessi hluti er unnin með styrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands, markáætlun um upplýsingatækni sem hluti af NámUST rannsókninni sem stýrt er af Allyson Macdonald, forstöðumanni Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands.

stóran skóla (um 500 nemendur). Hér er unnið upp úr viðtölum við tvær þessara kvenna, sem nefndar eru dulnöfnunum Elísabet og Helena, og leitast við að endurgera frásögn þeirra af fjarnáminu sem hófst 1993 eins og þær muna það nú 10-11 árum síðar. Áhersla er lögð á að raddir þeirra fái að njóta sín en greiningarlíkan athafnakenningarinnar er notaðu sem rammi frásagnanna.

Líkanið byggist á kenningum Vygotskys sem fjalla m.a. um hlutverk verkfæra í mannlegum athöfunum sem eiga sér stað í félagslegu og menningarlegu samhengi (Centre for Activity Theory and Developmental Work Research, Skoðað 21.07.2004a) en Engeström setti síðar fram þróðari útgáfu af því (Engeström, 1987). Líkanið gerir ráð fyrir að fólk sé gerendur í athafnakerfi sem samanstendur af ákveðnum grundvallarþáttum (*e. nodes*) sem tengjast og hafa áhrif hver á annan. Sé líkanið skoðað með fjarnám í huga þá er litið svo á að fjarnemar séu gerendur í athafnakerfi sem myndar ramma um fjarnám sem litið er á sem athafnir sem skipulagðar eru í þeim tilgangi að leiða til tiltekins afraksturs eða útkomu. Nám sem athöfn er framkvæmd með einhvers konar verkfærum svo sem tungumáli, hugtökum, bókum, tölvuverkfærum o.s.frv. Fjarnemar eru hluti af samfélagi sem lýtur tilteknum reglum og þar sem gert er ráð fyrir áveðinni verkaskiptingu.



Á grundvelli frásagnanna sem draga upp mynd af athafnakerfi fjarnemanna verða ræddir þeir möguleikar sem námið virðist bjóða uppá fyrir víkkað nám (*e. expansive learning*) og þróaða yfirfærslu (*e. developmental transfer*) þar sem gerð verður tilraun til að túlka fjarnámið í ljósi athafnakenningarinnar með

sérstakri áherslu á mærasvæði (*e. boundary zone*) og yfirferð mæra (*e. boundary crossing*) á milli athafnakerfa.

Víkkað nám er hugtak sem Engeström (1987) hefur lagt til í þróun greiningarlíkans athafnakenningarinnar. Það getur orðið þegar nokkrir einstaklingar sem eru þátttakendur í athafnakerfi fara að draga í efa og setja spurningarmerki við starfsemin þess eins og hún er framkvæmd. Þetta getur leitt til umræðu og greiningar á mótsögnum sem eru í ástandinu eins og það er sem aftur getur leitt til nýrra starfshátta sem leysa þessar mótsagnir. Rannsóknarhópur í Miðstöð Athafnakenningar í Helsinki hefur kynnt hugmyndina um þróaða yfirfærslu (Centre for Activity Theory and Developmental Work Research, Skoðað 21.07.2004b) og hefur til viðmiðunar að þróuð yfirfærsla eigi sér stað þegar hagur af samstarfi milli tveggja athafnakerfa komi báðum kerfum til góða; bæði kerfin læra hvort af öðru. Þegar afrakstur eða útkoma sem stefnt er að með starfsemi kerfanna skarast þá styður það flutning yfir mærin milli kerfa og til verður mærasvæði þar sem gerendur úr báðum athafnakerfunum vinna að viðfangsefnum sem koma til góða og þjóna markmiðum beggja kerfanna. Rannsóknarhópurinn í Helsinki skýrir þetta með mynd: (Centre for Activity Theory and Developmental Work Research, Skoðað 21.07.2004b):



Sjá: http://www.edu.helsinki.fi/activity/pages/research/transfer/

Frásagnir fyrstu fjarnemanna í ljósi líkans athafnakenningarinnar

Hverjir og af hverju? Gerendur og markmið

Skortur á fagmenntuðum kennurum hefur lengi verið vandamál, einkum í dreifbýli. Elísabet lýsir því hvernig hópur kvenna í skólanum þar sem hún var að kenna upp úr 1990 hófu að berjast fyrir að gert yrði mögulegt að öðlast kennaramenntun í fjarnámi:

> ...þessi barátta var, ja kannski vegna slæmrar stöðu skólanna í samfélaginu, það var sem sagt, skólinn þótti ekki góð stofnun á þeim tíma og við vorum hérna nokkrar, það var eins komið á með okkur að við vorum sem sagt með framhaldsmenntun þó það væri ekki kennaramenntun sem gaf okkur ekki rétt til að kalla okkur kennara.[...] ...allt fjölskyldukonur ...gátum ekki eða treystum okkur ekki í það [að flytja suður] þá.

Hún heldur áfram og skýrir hvað varð til þess að þær höfðu frumkvæði að því að afla sér formlegrar kennaramenntunar:

> [Þetta var hópur] …sem vildi bara hreinlega fá meiri faglega umræðu inní skólann og jú, geta titlað okkur kennara. Konur sem höfðu mikinn áhuga á kennslu og höfðu lesið greinar og bækur og annað.

Þegar námið var sett af stað í janúar 1993 voru reglur um inntöku í námið byggðar á þörfinni fyrir menntaða kennara á landsbyggðinni og skilyrði til að komast að voru þau að hafa reynslu af kennslu og vera í starfi sem leiðbeinandi í skóla úti á landi. Hópurinn varð því nokkuð einsleitur, flest konur á aldrinum 30-40 ára sem bjuggu á landsbyggðinni og kenndu í grunnskóla á þeim tíma sem þær stunduðu námið. Elísabet segir:

> Mér finnst þessi fyrsti hópur hafa verið eins og fólk sem hafi verið svelt lengi. Áhuginn og þessi fítonskraftur, það var engin okkar kornung, ég hef aldrei fundið þennan geisla síðan.

Hvað og hvernig lærðu fjarnemarnir? Viðfang – afrakstur - reglur

Konurnar segja ekki beinlínis frá því hvað þær lærðu í fjarnáminu heldur svara óbeint og leggja áherslu á hvað þær fengu út úr náminu; afraksturinn.

> …þetta grunnnám sem við förum þarna í gerir okkur öruggari og staða okkar er sterkari sem kennara…
> Hún [menntunin] skilar sér náttúrulega í öryggi. Við fórum alveg að standa upp hér leiðbeinendurnir nýkomnar úr kúrs í kennslufræði samfélagsgreina og vissum alveg að við vorum að tala um eitthvað af viti, vissum nákvæmlega hvernig við ætluðum að gera þetta og við sögðum ekki við erum ekki ánægð með þetta eins og þetta er núna búið. Við sögðum við erum ekki ánægðar við viljum hafa þetta svona. (Elísabet)

Á þessum tíma var gert ráð fyrir að fjarnemar lykju þriggja ára kennanámi á þremur og hálfu ári. Staðlotur voru tvær vikur í byrjun janúar og fjórar vikur í júní. Í staðlotum fengu nemendur yfirlit yfir námsefnið, hlýddu á fyrirlestra og síðast en ekki síst unnu þeir að námsverkefnum í samvinnu við samnemendur víðs vegar að af landinu og efldu félagsleg tengsl með samveru og skoðanaskiptum. Helena hefur orðið:

> …þegar við hittumst í Reykjavík sko, þá héldum við svolítið mikið hópinn. Við vorum svolítið mikið að hittast og svona, fyrir utan skóla, eða jafnvel bara - borða alltaf saman í mötuneytinu, við unnum verkefnin uppi á bókasafni og svona - við buðum kennurunum með okkur út.
> Það var oft ofsalega gaman. … Það var svo gaman að heyra hvað allir hinir voru að gera. … af því að meira og minna voru þetta kennarar í litlum skólum. Þannig að þú gast: Hvað segirðu, hvað ert þú að gera? Ef að ég var að kenna stærðfræði eða íslensku, eða hvað sem ég var að kenna, þá. Þá gastu, sko, fengið svo mikið af upplýsingum, þú gast deilt svo miklu með þeim. Og þeir með þér.
> Þegar að þessir hópar mættust, að þá sko, þá var hægt að sitja í marga klukkutíma. Ef þú fannst einhvern sem að akkúrat, já! Er að kenna íslensku alveg eins og þú. Þá lagðir þú bara spilin á borðið. Þetta er það sem að ég er að gera. Getur þú moðað eitthvað úr því? Þú segir mér. Og svo komst þú heim. Ekki bara með þekkinguna úr Kennaraháskólanum, heldur líka hvað hinir voru að gera, þannig að þú varst alltaf að bæta við, fannst mér.

Milli staðlota var gert ráð fyrir að nemendur ynnu að námsverkefnum heima hjá sér. Þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir að tölvupóstur á netinu væri aðalsamskiptaleiðin þá var sími og venjulegur póstur ekkert síður notað. Námið var meira í ætt við bréfaskóla sem notaði tölvupóst heldur en við þá

tegund fjarnáms á netinu sem við þekkjum núna. Netið var samt mikilvægur þáttur í að gera þetta nám að veruleika þó að tæknin væri frumstæð. Konurnar segja frá tæknivandræðum sem oft ollu spennu við að koma frá sér verkefnum á tiltekunum tíma. Sömuleiðis muna þær eftir að sambandsleysi við suma kennara hafi valdið öryggisleysi. Helena segir:

> …það er alveg sama hvað þú ert gamall. Ef þú ert í einhverju verkefni þar sem einhver er yfir, þú verður að hafa eitthvað kontakt við viðkomandi. Það er að segja sko... þú þarft að skynja frá honum beint...ekki bara í gegnum tölvuna sko. Það verður að eiga sér stað.

Verkaskipting – Mikilvægi samvinnu

Lítið samband við kennara skapaði stundum spennu sem gerði það að verkum að fjarnemum fannst þeir oft einangraðir og öryggislausir. Viðbrögð fjarnemanna virðast víða hafa verið að reyna að standa saman og stofna samvinnuhópa, í fyrstu með þeim sem bjuggu í nágrenninu en seinna með skólafélögum hvar sem er með aðstoð tölvupósts og síma. Elísabet segir:

> … en þú ert bara svona eyland. En þegar maður er komin inní svona hóp, við bundumst náttúrulega mjög sterkum böndum og hjálpuðumst mikið að og hittumst og drógum hvora aðra að landi og börðumst...

Og hún tekur dæmi um hvernig þær unnu saman að námsverkefnum:

> Já við áttum allar að fara að skila verkefni kannski í einhverjum einum kafla í barnasálarfræði og þá hittumst við hérna. Þá vorum við búnar að lesa kaflann. Renndum í gegnum hann, hvort við hefðum ekki skilið þetta allar jafnt, fórum yfir verkefni sem átti að skila, það er þetta, þetta og þetta sem á að koma fram og þá gátum við farið sáttar heim. Svo settist hver niður til að vinna sitt verkefni. Svona unnum við tvö fyrstu árin en eftir það fara að skilja leiðir. [...] Við aðstoðuðum, við fengum hringingar þegar við fórum að skipta. Ein fór í enskuval og hún hafði samband við Hornafjörð.

Umræða í ljósi athafnakenningarinnar

Kennaranemarnir eru þátttakendur í tveimur athafnakerfum, annars vegar sem fjarnemar þar sem fjarnám KHÍ er þeirra athafnakerfi og hins vegar sem leiðbeinendur sem vinna kennslustörf í grunnskólum. Þessi staða gerir þær kröfur til þeirra að þeir læri að fara yfir mæri þegar þeir fara á milli þessara tveggja kerfa. Samkvæmt athafnakenningunni getur merkingarbær yfirfærsla átt sér stað þar sem samspil verður á milli athafnakerfa. Hér er það áhugavert

að skoða á hvern hátt fjarnemarnir fara á milli kerfa og hvort það að fara yfir mærin milli þeirra gerir þeim kleift að verða talsmenn breytinga (*e. change agents),* þ.e. hvort þeir geta orðið til þess að stuðla að víkkuðu námi (*e. expansive learning)* eða þróaðri yfirfærslu í báðum kerfunum.

Tuomi-Gröhn og fl. (Tuomi-Gröhn, T. Engeström, Y. & Young, M. 2003) segja að líta megi á ákveðnar vinnuaðferðir sem tæki til að auðvelda yfirfærslu þegar flutt er yfir mæri milli athafnakerfa. Samvinnu fjarnemanna, sem hófst með stofnun hópa í heimahéraði og þróaðist í samvinnu í staðlotum og síðan með samskiptatækni milli landshluta, má þá líta á sem mærasvæði (*e. boundary crossing zone*) en með því sköpuðu fjarnemar sér tæki til að stuðla að yfirfærslu milli kerfa og gerðu sér auðveldara að ferðast milli skólanna heima og fjarnámshópsins. Þær athafnir sem fram fóru í samvinnuhópunum þjónuðu sameiginlegu markmiði beggja kerfa þar sem ávinningur beggja kerfanna var faglega hæfir kennarar með formlegt kennarapróf.

Elísabet og Helena lýsa víða vel á hvern hátt þær ferðuðust á milli kerfanna og færðu með sér reynslu og nýttu á víxl. Helena segir:

> Sko, ég segi fyrir mína parta: Þú heimfærðir alltaf. Sko þetta var veröldin þín. Skólinn sem þú varst að kenna í. Og þú heimfærðir alltaf allt efni sem þú fékkst. Varst alltaf að reyna að heimfæra. Hvernig get ég notað það í kennslu? Maður náttúrulega bara um leið, þegar maður var búinn að læra hvernig átti að gera kennsluáætlun og eitthvað svona. Samþætta, búa til samfélagsfræði, taka saman landafræði, sögu, heimilisfræði og svona sko, þá bara setti maður hér upp ferðaskrifstofu með unglingunum. Og prófaði strax sko. Og allt virkaði og maður fór alltaf glaður sko til baka. Já! Þetta! Þetta er fínt. Þetta er gott. Svo deildi maður. Þú fórst alltaf strax í það að deila með hinum sko. Ég held að á þessum tíma, sem við sem vorum í samfélagsfræðikúrsinum, sko ég er viss um að það hafi allir sett upp ferðaskrifstofu sem voru að kenna úti á landi í litlum skólum. Meira og minna.

Í þessu sambandi bendir Helena á að það var mjög mikilvægt að hafa skólastjóra sem studdi og hafði skilning á náminu og í hennar tilviki hvatti skólastjórinn fjarnemana í sínum skóla til að prófa allt sem þær voru að læra með nemendum. Í þeim skóla voru tveir fjarnemar og tveir leiðbeinendur og bara skólastjórinn með kennaranám. Leiðbeinendurnir fylgdu dæmi þeirra tveggja sem riðu á vaðið og allir luku réttindanámi í fjarnámi. Það sem þarna gerðist má túlka sem útvíkkað nám þar sem fjarnemarnir fóru á milli kerfa og virkuðu sem talsmenn breytinga og þróunar í sínum skóla. Í þessu tilviki skiptir sköpum að skólamenningin sé móttækileg fyrir þróun starfshátta og tilbúin að taka á móti og nýta nýjar hugmyndir. Lýsing Helenu á því hvernig

fyrstu fjarnemarnir virkuðu sem stuðningsaðilar fyrir þá sem hófu nám seinna styrkir þetta.

> Kannski hringdi Ellen og sagði: Helena, ég verð að tala við þig, ég bara verð. Hvað erum við að tala um hérna? [...] Þá ræddum við um: Já en þú gætir, gætirðu ekki skrifað um...dadadadada, þú veist eitthvað. Já og ýta aðeins, svona pínulítið sko og þá, og svo varstu kannski kominn með slatta af stikkorðum sem gerðu að verkum að þú svona já, sást ljós þarna hinu megin á ganginum, skilurðu. Þú veist það eygði aðeins. Og það var nóg. Heyrðu og svo kom kannski bara daginn eftir. Heyrðu ég sat bara við í nótt, þetta gekk svo vel. Bara kláraði þetta, þetta var alveg frábært.

Elísabet kenndi í stórum skóla og þær sex sem voru í fyrsta fjarnámshópnum höfðu áður en þær hófu námið sett ákveðin spurningarmerki við starfsaðferðir í skólanum. Þær höfðu það beinlínis að markmiði að breyta skólanum og sáu fjarnámið sem mögulegt verkfæri til þess.

> Já það sem við vildum gera var að breyta ástandinu, vildum breyta sýn samfélagsins á skólann. Við vildum sem sagt auka virðinguna útí samfélaginu fyrir skólanum, draga úr því ástandi sem var inní skólanum og jú verða svona góður skóli, ef það er hægt að tala um góðan skóla. Eða gera sem sagt skólann betri, nemendurna ánægðari og að við horfðum á eftir hóp út úr tíunda bekk sem að gat sko stoltur staðið hér á hlaðinu og horft inní framtíðina.

Þær höfðu í raun sterka umbótasýn að leiðarljósi. Elísabet lýsir því vel hvernig vinnuandinn breyttist smám saman:

> Ég held að með þessum sex konum sem fara í þetta nám þá hafi þeir kennarar sem voru fyrir meira farið að geta spjallað saman... þetta var svona endurnýjun. Það var hér hópur af menntuðum kennurum en þegar leiðbeinendahlutfallið er svona mikið verður þessi faglega umræða ekki. Við stöndum alveg fastar á því að þetta hafi gjörbreyst í skólanum. Skólaandinn breyttist og viðhorf samfélagsins til skólans. En það var kannski ekkert skrifað á okkur en við viljum segja að það sé vegna þess að við fengum þetta tækifæri. Það voru skólastjóraskipti og það kom karlmaður úr Reykjavík og fólk má alveg halda að það hafi eingöngu verið það. Hinsvegar var ástandið farið að batna áður en hann kemur, það var búið að snúa þessu við.

Samkvæmt hennar skilningi voru starfshættir í skólanum að verða fagmannlegri og hún nefnir dæmi:

> Á kennarastofunni hættum við að ræða hvað hann Jakob var leiðinlegur og erfiður og amma hans var nú alveg eins en fórum að ræða hvað við gætum gert

> til að Jakobi liði betur og hvernig getum við byggt kennsluna upp þannig að seinfærir nemendur nái einhverjum tökum á einhverju námi. Bara sko, sáuð þið greinina í mogganum í gær, umræðan fór öll inná eitthvað svona...[...] Já, og skoðanaskipti á til dæmis einhverju nýju, um glæru sem átti að geta aukið lesgetu barna, þetta varð allt öðruvísi mórall á kennarastofunni. Og ég held að öllum hafi liðið vel með það, þeir sem voru menntaðir fyrir og höfðu verið að reyna að sækja námskeið þeir fengu miklu meiri stuðning við það sem þeir vildu helst ræða.

Engeström fjallar um víkkað nám sem þróunarferli sem eigi rætur í umhugsun um og greiningu á þeirri starfsemi sem fyrir er, fólk verður að skilja hverju það vill breyta. Jafnframt leggur hann áherslu á að það kosti íhugun að átta sig á hvernig maður vill nýta þróaðri starfaðferðir og verkfæri sem leið út úr innri mótsögnum sem gera starfsemi í viðkomandi athafnakerfi óviðunandi (Engeström, 1999). Lýsing Elísabetar á því hvað gerðist í hennar skóla í kjölfar þess að konurnar sex hófu fjarnám virðist lýsa víkkuðu námi í þessum skilningi að einhverju leyti þó að Engeström virðist e.t.v gera ráð fyrir að verið sé að koma á nýjum og bættum vinnuferlum á skipulagðari hátt. En innsæi fjarnemanna og það hvernig þeir greindu stöðuna í skólanum gerði þeim mögulegt að virka vel sem talsmenn breytinga um leið og þeir ferðuðust milli athafnakerfa skólans og fjarnámsins og þrátt fyrir vandamál í skólanum viriðst skólamenningin hafa verið móttækileg fyrir breytingum.

Af frásögnum fyrstu fjarnemanna má álykta að sú reynsla sem þeir færðu með sér úr athafnakerfi skólanna þar sem þær unnu hafi haft áhrif á hvernig fjarnámið sem athafnakerfi þar sem fjarnemar voru gerendur þróaðist. Umfjöllun um það rúmast ekki í þessari grein.

Niðurstaða

Megintilgangur þessarar greinar var að kanna hvort greiningarlíkön og hugtök athafnakenningarinnar fælu í sér möguleika til að varpa nýju ljósi á skilning á kennaranámi í fjarnámi. Niðurstaða mín er sú að með því að líta á aðstæður fjarnema sem ferðalanga milli athafnakerfa þá sé hægt að öðlast betri skiling á fjarnáminu. Skilningur er forsenda framþróunar og athafnakenningin leggur áherslu á að mikilvægt sé að greina eldri tímabil þess athafnakerfis sem til athugunar er. Athafnakerfi er í eðli sínu margradda kerfi og þróun innan þess byggist á að samstilla þessar raddir upp á nýtt (Engeström, 1999). Það er mun auðveldara séu hinar ýmsu raddir í kerfinu

skoðaðar í sögulegu ljósi. Þess vegna er hér byrjað á að skoða raddir fyrstu fjarnemanna.

Heimildir

Centre for Activity Theory and Developmental Work Research. (Skoðað 21.07.2004a). The Activity system, http://www.edu.helsinki.fi/activity/pages/chatanddwr/activitysystem/

Centre for Activity Theory and Developmental Work Research. (Skoðað 21.07.2004b). Workplace Learning and Developmental Transfer. http://www.edu.helsinki.fi/activity/pages/research/transfer/

Engeström, Y. (1987). *Learning by Expanding: An Activity - Theoretical Approach to Developmental Research.* Helsinki: Orienta-Konsultit.

Engeström, Y. (1999). Activity theory and individual and social transformations. Í Yrjö Engeström Reijo Miettinen and Raija-Lena Punamäki (Ritstj.), *Perspectives on Activity theory* (bls. 19-38). Cambridge: Cambridge Universtiy Press.

Lave, J. (1997). Learning, apprenticeship, social practice. Nordisk Pedagogik. *Journal of Nordic Educational Research*, *17*(3), 140-151.

Ludvigsen, S. R., Havnes, A. & Lahn, L. Chr. (2003). Workplace Learning across Activity Systems: A Case Study of Sales Engineers. Í Terttu Tuomi-Gröhn and Yrjö Engeström (Ritstj.), *Between School and Work. New Perspectives on Transfer and Boundary-crossing.* Amsterdam: Pergamon. An Imprint of Elsevier Science. Published in Associaltion with the European Association for Learning and Instruction.

Tuomi-Gröhn, T. & Engeström, Y. (2003). Conceptulizing Transfer: From Standard Notions to Developmental Perspectives. Í Terttu Tuomi-Gröhn and Yrjö Engeström (Ritstj.), *Between School and Work. New Perspectives on Transfer and Boundary-crossing* (bls. 19-38). Amsterdam: Pergamon. An Imprint of Elsevier Science. Published in Associaltion with the European Association for Learning and Instruction.

Tuomi-Gröhn, T., Engeström, Y & Young, M.. (2003). From Transfer to Boundary-crossing between School and Work as a Tool for Developing Vocational Education: An Introduction. Í Terttu Tuomi-Gröhn and Yrjö Engeström (Ritstj.), *Between School and Work. New Perspectives on Transfer and Boundary-crossing* (bls. 1-15). Amsterdam: Pergamon. An Imprint of Elsevier Science. Published in Associaltion with the European Association for Learning and Instruction.

Birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífssögum þriggja kvenna með þroskahömlun

Guðrún V. Stefánsdóttir

Margt fullorðið fólk með þroskahömlun lifði við þær aðstæður langt fram á 20.öld að vera sent á sólahringsstofnanir á unga aldri þar sem aðrir stjórnuðu, settu reglur og tóku ákvarðanir um líf fólksins. Í doktorsrannsókn minni hef ég meðal annars verið að skoða hvernig fólk brást við og upplifði þessar aðstæður. Í þessari grein verður fjallað um hvort og með hvaða hætti þrjár konur með þroskahömlun andæfðu og mótmæltu slíkum aðstæðum. Jafnframt verður þátttöku þeirra í rannsókninni lýst en á undanförnum árum hefur fólk með þroskahömlun tekið aukinn þátt í rannsóknum um eigið líf og aðstæður. Í ljós hefur komið að slík þátttaka hefur aukið sjálfstraust og sjálfsvirðingu og verið fólkinu hvatning til þess að taka eigin ákvarðanir. Með því að segja sögur sínar hefur fólk sem lengi hefur búið á stofnun eða undir stjórn annarra, til dæmis inn á sambýlum, fengið tækifæri til að mótmæla aðstæðum sem það oft hefur þurft að lifa við. Áhrifum þátttöku í slíku rannsóknarstarfi hefur verið líkt við þátttöku í sjálfsákvörðunarhópum (self-advocasy).

Rannsóknin

Efni þessarar greinar byggir á hluta af doktorsrannsókn sem fjallar um lífssögur fólks með þroskahömlun sem fætt er á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Lykilþátttakendur eru átta, þrír karlar og fimm konur. Auk þeirra taka þátt aðstandendur og starfsfólk sem þekkir lykilþátttakendur vel, alls tuttugu manns. Þó að viðtöl séu tekin við fleiri en lykilþátttakendur er megináherslan í rannsókninni að fólkið lýsi sjálft lífi sínu, segi sögu sína og séu á þann hátt virkir þátttakendur í rannsóknarvinnunni. Viðtöl við aðstandendur og starfsfólk þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að fá fram staðreyndir, ártöl atburða og í vissum tilvikum að dýpka sögurnar.

Gagnasöfnun skiptist í tvo hluta. Annars vegar voru tekin 35 viðtöl við áðurnefndan hóp fólks og út frá þeim skrifaðar lífssögur átta lykilþátttakenda. Jafnframt voru gerðar 20 þátttökuathuganir á heimilum og vinnustöðum fólksins. Þeirri gagnasöfnun lauk haustið 2002. Hins vegar hefur gagnasöfnun falist í að stofnaður var rannsóknarhópur sem í áttu sæti auk mín fjórar konur með þroskahömlun. Þrjár þeirra bjuggu á stofnunum í lengri eða skemmri tíma en um þær er fjallað hér. Hópurinn hefur hist einu sinni í viku frá því í september 2003 – maí 2004 alls í 27 skipti. Áður höfðu konurnar verið viðmælendur mínir í einstaklingsviðtölunum og þátttökuathugunum og ég hafði skrifað lífssögur þeirra. Rannsóknargögnin telja nú um 2700 blaðsíður alls.

Í lífssögurannsóknum innan eigindlegra rannsóknahefða hefur á undanförnum árum í auknum mæli verið byggt á nánu samstarf milli rannsakenda og þátttakenda (Atkinson, 1997; Booth og Booth, 1996; Stalker, 1998; Ward, 1998; Walmsley og Johnson, 2003). Meðal annars hafa verið stofnaðir rannsóknarhópar eins og sá sem hér er fjallað um. Í hópunum talar fólk um líf sitt og aðstæður, rifjar upp minningar sínar, ræðir rannsóknina, gefur ráð um rannsóknina og er með í greiningu á rannsóknargögnum (Atkinson, Jackson og Walmsley 1997; Walmsley og Johnson, 2003; Rolph, 2002). Tilgangur með þeim rannsóknarhópi sem hér er lýst var auk áðurnefndra þátta að dýpka sögur kvennanna og gefa þeim tækifæri til að ræða við aðrar konur sem höfðu svipaða reynslu og þær sjálfar. Jafnframt hefur í kjölfar baráttu fatlaðs fólks fyrir fullri þátttöku í samfélaginu og þeirrar umræðu sem skapast hefur í tengslum við félagsleg líkön um fötlun komið fram aukin krafa frá fötluðu fólki og samtökum þess um að rannsóknir skuli ekki bara vera um fatlað fólk heldur líka fyrir fatlað fólk (Rannveig Traustadóttir, 2003; Barnes, 2003; Walmsley og Johnson, 2003). Bent hefur verið á mikilvægi þess að rödd fólks með þroskahömlun heyrist í rannsóknum og skrifum en sú rödd heyrðist vart fyrr en á níunda áratug 20. aldar og gerir reyndar mjög lítið enn (Atkinson, og Walmsley, 1999; Goodley, 2000). Jafnframt hefur sýnt sig að slík þátttaka hefur haft afar frelsandi áhrif á fólk með þroskahömlun og fyrir marga reynst vera árangursrík leið til að takast á við þá erfiðu lífsreynslu sem til dæmis fólst í lífi á stofnun (sjá t.d. í Rolph, 2002; Goodley, 2000; Walmsley og Johnson, 2003).

Í rannsóknarhópnum sem hér er fjallað um hefur auk áðurnefndra þátta verið rætt um hvernig konurnar hafa upplifað þátttöku sína í rannsókninni og hvaða áhrif sú þátttaka hefur haft á þær. Á fjórða hvern fund hjá hópnum höfum við boðið gestum sem á einhvern hátt tengjast lífi kvennanna. Tilgangur þess var að gefa konunum tækifæri til að ræða ýmsar minningar og

dýpka þær umræður sem höfðu farið fram. Konurnar töldu líka mikilvægt að fá fram sjónarhorn annarra og jafnframt höfðu þær margar spurningar sem þær vildu fá svör við. Þær hafa skipst á um að ákveða hverjum á að bjóða en í flestum tilfellum var um að ræða fólk sem konurnar þekktu allar og hafði tengst lífi þeirra á einhverjum tímapunkti. Sem dæmi má nefna að forstöðukona stofnunnar sem tvær kvennanna höfðu búið á kom og tók þátt í umræðum í hópnum og svaraði spurningum kvennanna. Konurnar hafa líka ásamt mér flutt fyrirlestra um þátttöku sína í rannsókninni og sagt frá lífi sínu. Ein þeirra hefur í kjölfar þátttöku sinnar í rannsókninni tekið þátt í alþjóðlegum hópi sem í eiga sæti fræðimenn og fólk með þroskahömlun sem vinnur í rannsóknum.

Stutt brot úr lífssögum þriggja kvenna

Málamiðlarinn og talsmaður lítilmagnans

Edda Jónsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1935. Hún fæddist með hreyfihömlun og er líka töluvert sjónskert. Hún er af fátæku fólki komin og þegar hún var níu mánaða gömul var hún send á sjúkrahús og dvaldi þar til níu ára aldurs. Hún lýsir því sjálf að hún hefði átt að fara í aðgerð og þess vegna farið á sjúkrahúsið en að aðgerðin hafi aldrei verið gerð. Sennilega hafa fátækt og erfiðar aðstæður fjölskyldunnar orðið til þess að Edda dvaldi svo lengi sem raun bar vitni á sjúrahúsinu. Jafnframt þau viðhorf sem voru ríkjandi á fyrri hluta 20. aldar og fólust meðal annars í að litið var á fatlað fólk sem sjúklinga. Árið 1945 fór Edda aftur heim til fjölskyldu sinnar og bjó þar í tvö ár en fór árið 1947, þá 11 ára gömul, á stofnun fyrir þroskahefta. Sem dæmi um þær aðstæður sem voru á þessum tíma þá eignaðist Edda ekki hjólastól fyrr en eftir að hún kom á stofnunina og gleraugu fékk hún fyrst þegar hún var 35 ára. Edda talar um að þegar hún var barn hafi hún aldrei vitað að hún væri þroskaheft, ekki fyrr en eftir hún flutti á stofnunina.

Edda gekkst undir ófrjósemisaðgerð þegar hún var 22 ára gömul. Hún stóð í þeirri trú að botlanginn hefði verið fjarlægður þar til systir hennar sagði henni frá ófrjósemisagðerðinni fyrir örfáum árum. Edda bjó á stofnuninni í 38 ár og eins og hún lýsir því sjálf þá leið henni aldrei vel þar. Edda flutti á sambýli árið 1993 og er nýflutt á heimili fyrir eldri borgara. Hún vinnur á hæfingastöð fyrir fólk með þroskahömlun. Hún er mjög ánægð með heimili sitt og segir að í fyrsta skipti eigi hún sitt eigið heimili. Þó að Edda hafi mestan hluta lífs síns búið inn á stofnunum er hún mikil baráttumanneskja og hefur haldið reisn sinni og virðingu þrátt fyrir oft á tíðum

mjög erfiðar aðstæður. Í sögu hennar kemur fram að henni er mikið í mun að rétta hlut þeirra sem minna mega sín og er mikil barnagæla.

Í rannsóknarhópnum hefur Edda verið í hlutverki málamiðlarans þegar konurnar hafa verið ósammála og ekki haft sömu skoðanir á hlutunum. Edda er tæplega sjötug og frá henni streymir góðvild og áhugi á lífinu. Hún er hvorki reið né bitur, þrátt fyrir erfitt líf, og nýtur lífsins til fulls. Edda er mikill tónlistar- og leiklistarunnandi og er í kór. Hún fer líka oft í Kringluna og Kolaportið. Hún er virkur félagi í Átaki, baráttusamtökum fólks með þroskahömlun og hefur verið frá stofnun félagsins árið 1993.

Ljóðskáldið og náttúrubarnið

Ragnheiður Guðmundsdóttir fæddist árið 1950 í litlu sjávarþorpi út á landi. Hún ólst þar upp hjá fjölskyldu sinni til 9 ára aldurs en þá flutti hún á stofnun fjarri sinni heimabyggð og bjó þar í 22 ár. Hún fæddist með snúna fætur og upplifir ekki að hún hafi verið þroskaheft fyrr en hún flutti á stofnunina. Ragnheiður gekkst undir ófrjósemisaðgerð árið 1981 en það var sett sem skilyrði þess að hún fengi leyfi til að flytja af stofnuninni. Hún flutti á sambýli árið 1981 og býr í dag ein í íbúð í kjallara sambýlis. Hún hefur unnið í þvottahúsi síðan árið 1976 og er afar stolt af vinnu sinni og talar um sjálfa sig sem verkakonu. Ragnheiður yrkir ljóð í frítíma sínum og er mikið fyrir að vera út í náttúrunni og ferðast um Ísland. Henni finnst gott að vera ein en ræktar vini sína og fjölskyldu til dæmis með því að bjóða þeim öðru hverju í „kaffi og hjónabandssælu“ eins og hún orðar það sjálf. Ragnheiður er reglusöm og kýs til dæmis að gera reglubundna hluti ávallt á sömu tímum. Hún hefur þó breytt út af venjunni og mætt á fundi í rannsóknarhópnum þrátt fyrir að venjulega sinni hún öðrum hlutum á þeim tíma sem hópurinn hefur hist. Metur hún því þátttöku sína í hópnum mikils og hefur haft margt til málanna að leggja. Meðal annars er hún ótrúlega minnug á dagsetningar á þeim atburðum sem hafa komið upp í rannsóknarvinnunni.

Frumkvöðullinn

Erna Gunnarsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1950. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum og systkinum og gekk í almennan skóla. Hún fæddist líkamlega fötluð en fékk að eigin sögn ekki „stimpilinn þroskaheft“ fyrr en hún flutti á stofnun. Erna gekkst undir ófrjósemisðagerð þegar hún var 14 ára gömul. Hún fór í aðgerðina undir því yfirskini að fjarlægja ætti botnlangann. Þegar Erna var 18 ára gömul veiktist móðir hennar og dó skömmu síðar. Í kjölfar þess flutti Erna á stofnun fyrir fólk með þroskahömlun og bjó þar í átta ár. Erna flutti af stofnunni árið 1976 á sambýli

ásamt sex öðrum. Hún vann á vernduðum vinnustað fyrir fólk með þroskahömlun frá 1975 til 1993 en hefur ekki haft vinnu síðan. Erna gifti sig árið 1993 og býr nú í leiguíbúð í félagslega kerfinu með manni sínum. Þau ferðast mikið bæði innan lands og utan, fara í leikhús, oft í Kringluna og niður í bæ og „gera það sem annað fólk gerir" eins og hún orðar það sjálf. Hún er sátt við líf sitt og aðstæður í dag og finnst margt hafa áunnist. Hún lítur á sjálfa sig sem frumkvöðul í málefnum fólks með þroskahömlun á Íslandi bæði vegna þess að hún var fyrsti íbúi á sambýli sem og vegna þátttöku sinnar í þeirri rannsókn sem hér er lýst. Jafnframt er hún virkur félagi baráttusamtökum fatlaðs fólks.

Birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífi kvennanna

Í sögum kvennanna kemur fram að birtingarmyndir andófs og mótspyrnu eru mjög ólíkar. Eins og fram hefur komið hér að ofan hafa konurnar mismunandi persónueinkenni, hafa átt ólíka æsku og hafa haft afar mismunandi tengsl við fjölskyldur sínar og vini. Hafa þessir þættir án efa haft áhrif á hvernig konurnar brugðust við aðstæðum sínum.

Eftir ítarlega greiningu á viðtölum og sögum kvennanna fjögurra spruttu fram nokkur þemu sem gefa að einhverju leyti sameiginlegan ramma fyrir birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífi þeirra. Þessi þemu eru: andóf gegn „stimplinum þroskaheft", mikilvægi minninganna, reiði og sorg, vináttutengsl og mikilvægi þess að segja sögu sína. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum þemum og og tekin dæmi úr lífssögum kvennanna.

Andóf gegn stimplinum „þroskaheftur"

Breski félagsfræðingurinn Dan Goodley (2000) rannsakaði birtingamyndir andófs og mótspyrnu í lífi fólks með þroskahömlun og kemst meðal annars að þeirri niðurstöðu að ástæðan fyrir því að fólk veiti andóf og mótspyrnu sé sú að öllum manneskjum sé mikilvægt að halda sjálfsvirðingu sinni. Jafnframt að í eðli flestra búi þörfin fyrir að mótmæla erfiðum aðstæðum, stimplum sem samfélagið setur á menn og niðurlægingu sem fólk verður fyrir. Konurnar hafa allar verið skilgreindar þroskaheftar og með því hafa þær fengið ákveðinn stimpil sem oft virðist gera það að verkum að umhverfið bregst við með því að horfa fram hjá eiginleikum fólks og draga það í dilka. Á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar komu fram kenningar um áhrif þess á fólk að fá sig stimpilinn fráviki, þ.e. einhver sem samfélagið skilgreinir á neikvæðan máta sem frábrugðinn (sjá t.d. Goffmann 1961, 1963; Becker, 1963). Gengið er út

frá að frávik séu félagslega sköpuð og því sé menningarbundið hver telst til frávika og hver ekki. Erving Goffmann (1963) gerði rannsóknir á hvernig fólk bregst við stigma eða stimpil í daglegum samskiptum við annað fólk og komst að þeirri niðurstöðu að um leið og fólk fær stimpil fer það sjálft að líta á sig sem slíkt. Sjálfsmynd og sjálfstraust býður hnekki þegar fólk hefur ekki þau félagslegu hlutverk sem almennt eru viðkennd í samfélögum.

Í lífi kvennanna þriggja hefur stimpillinn haft afgerandi áhrif. Þær þurftu til dæmis allar að gangast undir ófrjósemisaðgerðir sem sýnir það viðhorf að þeim var ekki treystandi til að lifa eðlilegu fjölskyldulífi og eignast börn. Konurnar þrjár bjuggu á stofnun í lengri eða skemmri tíma en þær lýsa því allar að þær hafi fengið „stimpilinn" þegar þær fluttu á stofnanirnar. Erna lýsir í lífssögu sinni að árin sem hún bjó á stofnuninni hafi verið hræðilegur tími. Hún var bæði hrædd og óörugg og lenti því oft í aðstæðum sem hún réði ekki við. Verst var þó upplifunin af því að vera „stimpluð þroskaheft". Hún lýsir tilfinningum sínum á eftirfarandi hátt:

> Ég var svo reið og er ennþá reið. Mér fannst ég hvergi eiga heima, hvorki á stofnuninni né heima hjá pabba. Ég er ekki reið við þig eða neinn, ég er bara reið yfir að hafa verið gerð þroskaheft.

Erna óskaði þess oft að hún væri ein af starfsstúlkunum á stofnuninni sem voru margar á svipuðum aldri og hún sjálf. Hún brást líka við með því að látast vera önnur en hún var. Þetta gerði hún eingöngu í huganum og sagði engum frá því.

> Úr því að ég þurfti að vera þarna ákvað ég að vera ekki ég sjálf, heldur bara einhver önnur. Ég heiti tveimur nöfnum og seinna nafnið mitt er yfirleitt ekki notað. Það nafn notaði ég á stelpuna á stofnuninni. Þegar ég fór svo heim til pabba og systkina minna aðra hvora helgi gat ég aftur verið ég sjálf.

Erna neitaði í huganum að tilheyra því samfélagi sem var á stofnuninni og þeim stimpli sem því fylgdi. Fjölskyldan var og er hennar haldreipi enda hefur hún haft mjög mikil tengsl bæði við föður sinn og systkini. Með því að látast vera önnur manneskja þegar hún var á stofnuninni tókst henni að finna undankomuleið og lifa af þau átta ár sem hún bjó þar og um leið andæfa stimplinum sem hún hafði fengið. Það er athyglisvert að í frásögnum Ernu virðist sem hún miði líðan sína á hverjum tíma við hvort hún geti verið hún sjálf eða ekki. Þegar hún er hún sjálf er hún ekki þroskaheft. Það er einnig athyglisvert að Erna kýs í dag að tala um sjálfa sig sem hreyfihamlaða en ekki þroskahefta. Hún er til dæmis virkur þátttakandi í baráttusamtökum með

hreyfihömluðu fólki en ekki fólki með þroskahömlun. Eins og hún sjálf segir er betra að vera hreyfihömluð en þroskaheft af því að fólk „lítur á mann eins og maður kunni ekkert og geti ekkert ef maður er þroskaheftur“.

Í nýrri rannsóknum innan fötlunarfræða hefur verið bent á að þó að samfélagið gefi fólki stimpilinn þroskaheft þurfi það ekki að leiða til að fólkið sjálft líti þannig á sig (sjá t.d. í Goodley, 2000; Walmsley og Johnson, 2003). Konunum var og er öllum mikið í mun að mótmæla „stimplinum þroskaheft“ og skilgreina sjálfar sig ekki þannig. Eins og fram hefur komið lítur ein þeirra á sig sem frumkvöðul, önnur er ljóðskáld og verkakona og sú þriðja er talsmaður lítilmagnans. Þá tala þær um sig sem systur, frænkur, dætur og eiginkonu. Sjálfsmynd kvennanna einskorðast því ekki við „stimpilinn þroskaheft“. Þær eru þó allar meðvitaðar um fötlun sína og fá allar nema Erna þjónustu innan þeirra kerfa sem þjónusta fólk með þroskahömlun (s.s. sambýli, verndaðir vinnustaðir). Ragnheiður og Edda sjá ekkert athugavert við að tilheyra hópi fólks með þroskahömlun og eru virkar í baráttu með félögum sínum,til dæmis í Átaki. Það má vel vera að þær tengi stimpilinn að einhverju leyti við það erfiða líf, neikvæðu viðhorf og niðurlægingu sem oft fylgdi því að búa á stofnun. Þær tala til dæmis ekki um að þær verði varar við fordóma eða neikvæð viðhorf úti í samfélaginu. Aftur á móti virðast þær líta á stimpilinn sem afar neikvæðan áhrifavald í lifi þeirra og þær hafa allar mikla þörf fyrir að mótmæla honum.

Að halda í minningarnar

Því hefur lengi verið haldið fram að tilheyra eða eiga rætur sé ein af grundvallarþörfum mannsins (Maslow, 1970). Hún byggir á þeim tenglsum sem skapast við að eiga samskipti, deila sameiginlegum upplifunum og skilningi á hlutunum. Jafnframt upplifun af því að einhver önnur manneskja skilji tilfinningar manns og hafi trú á manni (Goodley, 2000; King, Brown, og Smith, 2003). Dýpstu ræturnar liggja oftast hjá fjölskyldunni. Síðar í lífinu verða til félagsleg tengsl í ýmsu samhengi og fólk tilheyrir mismunandi hópum; skólafélögum, vinahópum, vinnuhópum,baráttuhópum o.s.frv. Þörf manna fyrir að tilheyra er afar rík og grunnur þess að manneskjan efli sjálfstraust sitt og sjálfsmynd (Ramcharan o.fl.; Goodley, 2000).

Það er ekki erfitt að gera sér í hugarlund hvaða áhrif það hefur haft á líf fólks með þroskahömlun að vera, oftast án samþykkis, flutt á stofnanir víðs fjarri fjölskyldum sínum. Í lífssögum þeirra þriggja kvenna sem hér er fjallað um kemur fram að þær tókust á við lífið á stofnun meðal annars með því að halda fast í minningar æskuáranna og viðhalda í huga sér þeim félagslegu tengslum sem þar höfðu skapast. Undirstrikar það þörf þeirra eins og allra

annarra að heyra til, vera hluti af og eiga rætur. Jafnframt er líklegt að með því hafi þær einnig andæft stimplinum sem setti þær í þá stöðu að vera öðruvísi en aðrir og að tilheyra því samfélagi sem fólst í lífi á stofnun. Þá kemur líka skýrt fram að þær sóttu styrk sinn til að mótmæla aðstæðum sínum í minningarnar. Í sögu Eddu kemur fram að til þess að lifa árin á stofnuninni af voru minningar frá æskuárunum „heima" henni afar dýrmætar. Þó að hún hafi einungis búið heima hjá fjölskyldu sinni í tvö ár lýsti hún í smáatriðum atburðum sem tengdust föður hennar sem var sjómaður. Hún lýsti til dæmis þegar hann var að koma heim af sjónum, hvernig fótatak hans hljómaði þegar hann gekk upp stigann, lyktinni af honum, hvernig hann talaði við hana og hvað hann sagði. Hún lýsti því einnig að oft hefði hún látið sig dreyma um að hún væri heima að leika við systkini sín og hlusta á pabba sinn segja þeim sögur.

Ragnheiður flutti níu ára gömul á stofnun en hún er ótrúlega minnug á atburði úr bernsku sinni og lýsir til dæmis borðhaldi og matarvenjum á heimilinu á eftirfarandi hátt.

> Á morgnana fékk ég alltaf alltaf hafragraut og slátur en í hádeginu fisk og kartöflur og þá drukkum við vatn með matnum. Í síðdegiskaffinu var borðað brauð og drukkin mjólk og á kvöldin eldaði mamma mín oft súpu og hafði brauð með. Það er nefnilega ekki hollt að borða tvær heitar máltíðir á dag.

Ragnheiður talar líka oft um allt sem hún fór á mis við og spyr systkini sín oft um hvað þau hafi haft fyrir stafni og hvar þau hafi verið eftir að hún flutti á stofnunina. Eins og fram hefur komið lýsti Erna því að hún hafi aldrei getað verið hún sjálf á stofnuninni en þegar hún fór heim til sín aðra hvora helgi gat hún aftur verið hún sjálf. Öll þessi dæmi sýna að konurnar þrjár höfðu mjög mikla þörf fyrir að tilheyra fjölskyldum sínum og tengslin og minningarnar gáfu þeim styrk til að takast á við lífið á stofnun og mótmæla aðstæðum sínum.

Reiði og sorg

Í lífssögum kvennanna kemur fram að oft voru þær bæði sorgmæddar og reiðar. Sjaldnast höfðu þær þó tækifæri til að fá útrás fyrir reiði sína eða sorg. Erna lýsir tilfinningum sínum á eftirfarandi hátt.

> Ég var svo sorgmædd og reið innan í mér og ef ég var ekki reið þá bara grenjaði ég svo það var betra að vera reið. Ég er ennþá reið og ef ég hætti að vera reið þá finnst mér eins og þetta sé allt í lagi. En þetta var ekki allt í lagi og maður á ekki að gleyma því heldur. Það hefði verið hægt að gera svo miklu meira fyrir okkur.

Ragnheiður brást við með því að beita starfsfólk líkamlegu ofbeldi ef henni fannst gengið á hlut sinn eða þegar henni leið illa. Hún lýsir þessu á eftirfarandi hátt.

> Ég man að ég var oft svo reið á stofnuninni. Ég held það hafi verið af því að ég vildi vera hjá pabba mínum, mömmu minni og systkinum. Svo var ég aldrei spurð um neitt. Þá lamdi ég stundum fólk og svo var ég lokuð inni, stundum lengi og stundum styttra. Þegar ég var lokuð inni leið mér nú ekki vel, mér finnst alltaf best að vera úti og skoða blómin og svo bý ég til ljóð. Ég hef ort ljóð á hverjum degi síðan ég var 18 ára. Svo er flugur og fiðrildi og randaflugur og hungangsflugur og býflugur og geitungar út í náttúrunni. Svo er líka köngulóin sem býr til köngulóarvef.

Auðvelt er að gera sér í hugarlund líðan náttúrbarnsins Ragnheiðar á þeim stundum sem hún var innilokuð og hafði enga stjórn á aðstæðum sínum. Athyglisvert er líka að með því að leita út í náttúruna og yrkja ljóð gat Ragnheiður fundið undankomuleið frá stofnuninni og með því andæft lífinu þar.

Edda lýsti því að hún hafi oft verið reið og sorgmædd. Hún talaði sérstaklega um að hún hafi saknað föður síns. Hún segist líka alltaf hafa verið svo sorgmædd ef farið var illa með þá sem voru minni máttar. Hún reyndi að taka málstað þeirra og mótmæla fyrir þeirra hönd.

> Eftir að ég varð eldri leit ég oft eftir litlu börnunum. Ég hef alltaf haft gaman af börnum. Stundum hugsa ég svona inni í mér að ég hefði viljað taka að mér svona eitt lítið barn sem á enga foreldra og ala það upp. Á stofnuninni voru allir svo vondir við hann Badda. Einu sinni hentu þeir honum niður stigann. Ég sagði þá við þá: „ Hvað er eiginlega að ykkur. Hann Baddi getur ekki gert að því hvernig hann er. Þið eigið að vera góðir við hann.“ Ég reyndi svo alltaf að passa hann svo enginn gæti gert honum neitt.

Edda lýst því líka að hún hefði saknað pabba síns og fjölskyldu sinnar mjög mikið og eins og fram hefur komið látið sig dreyma um lífið heima. Þá segist hún hafa reynt að muna allt sem gerðist þau tvö ár sem hún bjó með fjölskyldu sinni.

Vinátta og sambönd

Þrátt fyrir að konurnar hafi tekist á við og andæft lífi á stofnun með því að leita í minningar um fjölskyldur sínar og bernskuárin kemur fram að það hefur skipt þær miklu máli að eignast vini bæði inn á stofnununum og eftir

að þær fluttu á sambýli eða út í samfélagið. Þetta kemur sérlega skýrt fram í sögu Eddu sem bjó lengst þeirra á stofnun en hún hafði mjög lítil samskipti við fjölskyldu sína.

> Ég átti góða vini á stofnuninni og þeir hjálpuðu mér oft af því að ég átti engan hjólastól. Strákarnir smíðuðu fyrir mig kassabíl sem þeir ýttu mér áfram í. Einu sinni fór vinkona mín með mig í berjamó. Hún bar mig á bakinu og ég setti berjafötuna um hálsinn og svo fórum við í berjamó og týndum fullt af bláberjum. Þann dag var sól. Vinkona mín er gift kona norður í landi í dag. Ég fór að heimsækja hana í fyrra og það var svo gaman að hitta hana. Við töluðum og hlógum heila nótt og töluðum um þegar við stálumst til að hita kaffi seint um nótt. Það mátti ekki drekka kaffi á stofnuninni en pabbi hafði sent mér kaffi.

Þrátt fyrir að ekki komi fram mörg dæmi í sögum kvennanna að um skipulagt andóf hjá hópi fólks hafi verið að ræða koma fram ýmis dæmi um samstöðu þeirra sem bjuggu á stofnununum. Erna var mjög stolt þegar hún sagði frá ýmsum mótmælum sem hún hafði tekið þátt í og lýst því á eftirfarandi hátt.

> Stundum ef við höfðum verið óþekk fengum við ekki að borða. Þá gátum við stolið mat úr eldhúsinu á kvöldin og við læddumst og náðum okkur í eitthvað gott. Hvað við gátum hlegið, ég og Gunna á náttfötunum. Ég strauk líka stundum heim til pabba og fékk að borða þar en þá var ég líka alltaf skömmuð þegar ég kom aftur. En það var samt þess virði. Mér fannst ég alltaf vera að vinna eitthvað í hvert skipti sem ég gerði svona.

Í lífssögum kvennanna kemur einnig fram að miklu máli skipti fyrir þær að taka þátt í baráttusamtökum fólks með þroskahömlun eftir að þau voru stofnuð árið 1993. Þær voru allar virkir félagar frá upphafi en Erna færði sig seinna í önnur baráttusamtök.

Erna er sú eina af konunum sem er í föstu sambandi en hún gifti sig árið 1993. Eftir að hún kynntist eiginmanni sínum fluttu þau í félagslega íbúð en fram að þeim tíma hafði hún búið á sambýli. Hún lýsir sambandinu á eftirfarandi hátt.

> Ég hitti hann fyrst í hálku og ég datt í fangið á honum og hef verið þar síðan. Við gerum allt saman og þó að við séum ekki alltaf sammála er það allt í lagi við erum bestu vinir. Síðan við giftum okkur get ég alltaf verið ég sjálf og ég veit að hann tekur mig eins og ég er og skilur mig. Það skiptir öllu máli. Fjölskylda hans hjálpar okkur og nú á ég tvær fjölskyldur.

Að segja sögu sína

Með þátttöku í þeirri rannsókn sem hér er fjallað um hafa allar konurnar lýst því að þær hafi öðlast viðurkenningu og uppreisn æru. Það hefur til dæmis verið Eddu afar mikils virði að taka þátt í rannsóknarvinnunni og lýsir því eins og hinar konurnar hvað það sé mikilvægt að fá tækifæri til að segja sögu sína. Hún biður oft um að fá afrit af segulbandsupptökum af fundunum og er það fyrst og fremst í þeim tilgangi að deila því sem fram fer með vinum sínum og starfsfólki. Frukvöðulinn Erna lýsir upplifunun sínum á eftirfarandi hátt.

> Loksins fæ ég að segja hvað mér finnst. Það er hlustað á mig. Ég hefði alltaf viljað hafa þetta svona. Ég er svona og ég á að vera í svona. Loksins sjá allir hvað ég get og hvernig mér hefur liðið. Ég get verið ég sjálf. Svo geta aðrir líka lært af mér. Ég hef svo mikið að segja.

Bent hefur verið á að þátttaka í rannsóknarhópum sem þessum megi líkja við sjálfsstyrkingu sem gerir það að verkum að fólk eflist, verður fært um að mótmæla og takast á við sjálft sig og aðstæður sínar (Goodley, 2000; Walmsley og Johnson, 2003). Erna fór ásamt mér á alþjóðlega ráðstefnu þar sem fræðimenn og fólk með þroskahömlun fjallaði saman um rannsóknir. Þar sagði hún sögu sína og hitti fólk frá mörgum löndum sem hafði svipaða reynslu og hún sjálf. Erna var afar ánægð með ráðstefnuna og þátttöku sína og er ákveðin í að halda rannsóknarstarfinu áfram. Í undirbúningi fyrir ráðstefnuna þurfti hún að sækja um styrki og ætluðum við að gera það saman. Þegar við hittumst til semja bréf og undirbúa okkur hafði hún farið á fjóra staði eins síns liðs og fengið jákvæð svör á öllum stöðunum. Var hún að vonum afar ánægð með frumkvæði sitt og árangur þess. Annað dæmi um hversu þátttakan hefur eflt konurnar. Á fyrstu fundunum grétu Erna og Edda oft þegar rifjaðar voru upp erfiðar minningar frá þeim árum sem þær bjuggu á stofnun. Átta mánuðum síðar gerðu þær grín af ýmsum atburðum sem gerðust á stofnunum og höfðu því greinilega komist að einhverju leyti í gegnum erfiðar minningar með því að deila þeim með öðrum. Eins og fram hefur komið hafa konurnar líka haldið fyrirlestra fyrir þroskaþjálfanema og sagt frá lífi sínu. Edda lýsir því hvernig henni er innanbrjóst.

> Nú er ég kennari og allir hlusta á mig. Ég fæ líka borgað fyrir það eins og aðrir. Fólk sem er að fara að vinna með þroskaheftum á að hlusta á okkur. Við getum sagt frá því hvernig okkur líður. Fólk á ekki að taka heimilið sitt með í vinnuna og vera alltaf að tala um það. Svo eru þær alltaf að tala saman um það eins og við

séum hvergi nálægt. Ég vil segja fólkinu sem er að læra að vinna með okkur að svona vil ég ekki hafa það. Þetta er okkar heimili.

Samantekt og lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir hluta af niðurstöðum rannsóknar sem fjallar um lífssögur fólks með þroskahömlun. Fjallað var um hvort og hvernig þrjár konur með þroskahömlun andæfðu og mótmæltu aðstæðum sínum. Þrátt fyrir að konurnar hafi tekist á mismunandi hátt við aðstæður sínar hafa þær markvisst veitt andóf og mótspyrnu og með þeim hætti gert tilraunir til að halda mannlegri reisn sinni og sjálfstæði. Í sögum kvennanna birtast þessi mótmæli með mismunandi hætti. Ljóðskáldið Ragnheiður beitti til dæmis starfsfólk líkamlegu ofbeldi og leitaði svo undankomuleiðar út í náttúruna þar sem hún orti ljóð um þá fegurð sem fyrir augu hennar bar. Frumkvöðulinn Erna sagði stolt frá því að á stofnuninni hefði hún ásamt vinkonu sinni stolið mat og samið leikrit um framkomu starfsfólks við þær. Talsmaður lítilmagnans Edda tekur málstað þeirra sem minna mega sín og hikar ekki við að mótmæla ef gert var á hlut þeirra þrátt fyrir að hún fái sjálf skömm í hattinn. Konurnar virðast allar hafa sótt styrk til að takast á við aðstæður sínar í minningar um „lífið heima“ og þau félagslegu tengsl sem þær höfðu haft þar. Einnig hafa vináttutengsl, hjónaband og þátttaka í baráttuhópum eins og Átaki eflt þær til að takast á við líf sitt og aðstæður. Það er athyglisvert að þrátt fyrir að konurnar hafi meiri hluta lífs síns þurft að lúta stjórn annarra og á tímbilum í lífi sínu litlu getað ráðið um aðstæður sínar búa þær allar yfir sjálfsstyrk og sjálfstrausti og vita hvað þær standa fyrir. Þá hefur þátttaka kvennanna í rannsóknarhópnum haft mjög jákvæð áhrif á sjálfsstyrk og sjálfstraust þeirra. Fyrir þær allar hefur þátttakan gert það að verkum að þær upplifa að hafa fengið uppreisn æru.

Konunum var og er öllum mikið í mun að mótmæla „stimplinum þroskaheft“. Eins og fram hefur komið búa tvær kvennanna á sambýlum og ein í félagslegri íbúð. Ein þeirra hefur atvinnu út á almennum vinnumarkaði en hinar tvær eru báðar á vernduðum vinnustöðum. Vinir þeirra eru flestir með þroskahömlun og þær taka allar þátt í starfi baráttusamtaka fatlaðs fólks. Líf þeirra einskorðast því að miklu leyti við hóp fólks með þroskahömlun og í rannsókninni er ekki hægt að greina að þær hafi óskir um annað. Það kallar á ýmsar spurningar. Er ástæðan ef til vill sú að enn fái þær ekki tækifæri til að vera fullir þátttakendur í samfélaginu eða velja þær sjálfar þetta hlutskipti og vilja hafa þetta svona? Eða er ef til vill er megin ástæðan sú að þeim bjóðast

ekki önnur tækifæri og þær sækjast ekki eftir því af því að þær þekkja ekki annað líf.

Heimildir

Atkinson, D., Jackson, M. og Walmsley, J. (1997). *Forgotten lives: Exploring the history of learning disability.* Kidderminster: BILD.

Atkinson, D. (1997). *An auto/biographical approach to learning disability research,* Aldershot: Ashgate Publishing.

Atkinson, D. og Walmsley, J. (1999). Using autobiographical approaches with people with learning difficulties. *Disability and Society, 21, (2),* 203-216.

Barnes, C. (2003). What a difference a decade makes: Reflections on doing emancipatory, disability research. *Disability and Society, 18*, 3-17.

Becker, H. (1963). *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance.* New York: The free press.

Booth, T. og Booth, W. (1996). Sound of silence: Narrative research with inarticulate subjects. *Disability and Society, 11*, 55-59.

Goffman, E. (1961). *Asylums: Essays on the social situation of mental patients and other inmates*. New York: Anchor Books.

Goffman, E. (1963). *Stigma: Notes on the management and spoiled identity.* Boston: Prentce-Hall.

Goodley, D. (2004). *Self-advocacy in the lives of people with learning difficulties.* Buckingham: Open University Press.

King, G., Brown, E. og Smith, L. (2003). *Resilience. Learning from people with disabilities and the turning points in their lives.* Westport: Praeger.

Maslov, A.H. (1970). Motivation and personality. New York: Harper and Row.

Ramcharan, P., Roberts, G., Grant, G. og Borland, J. (1997). *Empowerment in everyday life.* London: Jessica Kingsley publishers.

Rannveig Traustadóttir. (ritstj.) (2003). *Fötlunarfræði.* Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Rolph, S. (2002). *Reclaming the past.* Milton Keynes: The Open University.

Stalker, K. (1998). Some ethical and methodological issues in research with people with learning difficulties. *Disability and Society 13, 1*, 5-19.

Traustadóttir, R. og Johnson, K. (2000). *Women with intellectual disabilites: Finding a place in the world.* London: Jessica Kinglsey.

Walmsley, J. og Johnson, K. (2003). *Inclusive research with people with learning disabilities.* London: Jessica Kingsley.

Ward, L. (ritstj) (1998). *Advocacy and Empowerment.* Chorley: Lisieux Hall.

Þátttaka fólks með þroskahömlun í menningu samtímans

Kristín Björnsdóttir

Grein þessi skiptist í tvo hluta og byggir sá fyrri á meistararitgerð um þátttöku þroskaheftra nemenda í skólastarfi framhaldsskóla. Rannsóknin var unnin á árunum 1999-2001 og fór fram í fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Skoðuð var þátttaka þroskaheftra nemenda í námsframboði skólanna, með hvaða hætti þeir nýttu sér nemendaaðstöðuna, þátttaka þeirra í félagsstarfi, auk samskipta og vináttu við ófatlaða nemendur. Í þessari grein verður sjónum hins vegar eingögnu beint að því hvernig skólasamfélagið skiptist í tvær fylkingar. Annars vegar í fylkingu ófatlaðra nemenda og hins vegar í fylkingu þroskaheftra nemenda.

Í seinni hlutanum er kynnt doktorsrannsókn sem fjallar um þátttöku fólks með þroskahömlun í menningu samtímans. Einkum verður fjallað um menningarbundin viðhorf til fatlaðs fólks.

Þroskaheftir framhaldsskólanemendur

Aðferð

Þátttakendur M.A.- rannsóknar minnar voru 41 nemandi og 15 kennarar úr fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu ásamt nokkrum foreldrum þroskaheftra nemenda og starfsmönnum skólanna. Lykilþátttakendur voru hinsvegar 16; sex þroskaheftir nemendur, fjórir ófatlaðir nemendur og sex kennarar. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir við rannsóknina. Eigindlegar aðferðir hafa talsvert verið notaðar í rannsóknum með þroskaheftum einstaklingum (Taylor og Bogdan, 1998). Þar sem stór hluti þroskaheftra einstaklinga á í erfiðleikum með að lesa og svara skriflegum spurningalistum tel ég að með því að beita megindlegum aðferðum útiloki ég mögulega ákveðinn hóp þroskaheftra frá þátttöku.

Gagnasöfnun fór fram með þátttökuathugunum og opnum viðtölum. Tilgangur opinna viðtala er að fá viðmælendur til þess að lýsa með eigin

orðum sjónarmiðum sínum, lífi og reynslu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Kristín Björnsdóttir, 2003; Kvale, 1996; Taylor og Bogdan, 1998). Í þátttökuathugunum fer rannsakandinn á vettvang til þess að kynnast lífi þeirra sem taka þátt í rannsókninni. Hann er þátttakandi á vettvangi og aflar upplýsinga um samskipti, samtöl og allt það sem fyrir augu og eyru ber (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Kristín Björnsdóttir, 2002). Niðurstöður rannsóknarinnar byggjast á greiningu þessarra gagna.

Unglingamenning

Á unglingsárum sækist fólk fremur eftir félagskap jafnaldra sinna en fjölskyldunnar og um leið og unglingarnir fjarlægjast fjölskyldur sínar í leit að auknu sjálfstæði reyna þeir að líkjast hver öðrum og falla inn í hópinn (Brown, 1990; Savin-Williams og Berndt, 1990). En áhrifin koma ekki síður úr fjölmiðlum og frá auglýsendum sem kappkosta að selja unglingunum einskonar *glansímynd*. Auglýsendur selja þeim gerviveröld þar sem enginn er fátækur, ljótur, feitur, fatlaður eða venjulegur. Og í raun eru þessar auglýsingar ekkert annað en vel skipulagður hópþrýstingur (Kilbourne, 1995). Því má jafnvel ætla að margir hverjir séu unglingamenningunni ofurseldir. Ofurseldir auðvaldinu sem selur þeim föt, tísku og tónlist. Ofurseldir menningu sem drepur allt sjálfstæði og hugsun (Strinati, 1995). Þrátt fyrir að unglingar séu margir áhrifagjarnir heldur Kellner (1995a og 1995b) því fram að unglingar noti einnig tískuna og unglingamenninguna til þess að skapa sér ákveðna ímynd eða stíl og hafa þannig áhrif á það hverjir þeir eru í augum annarra. Hins vegar benda niðurstöður rannsókna til þess að neytendur hafi talsverðan mátt til þess að túlka og jafnvel hafna skilaboðum fjölmiðla (Sweeney og Riddle, 2003). Fjölmiðlar geta engu síður haft mikil áhrif á samfélagið (Kitzinger, 1999)

Í framhaldsskólunum, sem tóku þátt í M.A.-rannsókninni, ríkti ekki tískufrelsi. Í vinhópunum voru óskráðar reglur um viðeigandi hegðun og virtust þær álíka strangar og reglurnar sem ríktu í Evrópu á miðöldum. Þá réðst klæðaburður af stéttarstöðu einstaklingsins og kotbændum fyrirboðið að klæðast samskonar fötum og embættismenn. Í ákveðnum hópum unglinga er bannað að klæðast *fínum* fötum, í öðrum hópum eru tískuföt bönnuð og í enn öðrum hópum er bannað að klæðast íþróttafötum. Ófötluðu viðmælendur mínir töluðu gjarnan um klæðaburð sérnámshópsins og sögðu flesta klædda eins og foreldrana:

> Þeir eru allt öðruvísi í klæðaburði en aðrir nemendur. Þau eru ekki í svona tískufötum, þau eru bara í jogginggöllum ... og maður sér það bara að þau eru í sérdeildinni. Þau eru alltaf í sömu fötunum og hárið allt út í loftið.

Nemendur af sérnámsbraut í einum framhaldsskólanna leyfðu mér að koma með sér í partý og á árshátíð. Á árshátíðinni var mjög misjafnt hvernig ófötluðu nemendurnir voru til fara, en þroskaheftu nemendurnir skáru sig talsvert úr í klæðaburði. Fötin þeirra voru ekki eftir nýjustu tísku og var einn piltanna t.d. með rúllað upp á skálmarnar á sparibuxunum þannig að þær náðu bara rétt niður fyrir miðja kálfa. Þroskaheftu stúlkurnar voru ómálaðar í fínum síðkjólum og ófatlaðar jafnöldrur þeirra flestar stífmálaðar í djörfum stuttpilsum og efnislitlum bolum. Þrátt fyrir að klæðnaður þeirra hafi stungið í stúf við klæðnað annarra á ballinu virtust þau ekki taka eftir því sjálf. Stúlka á sérnámsbraut sagði: „Þá náttúrulega fór maður í sínu fínasta pússi. Flottum kjól með greiðslu í hárinu. Ég held að ég hafi verið með þeim glæsilegustu. Það var alveg æðislegt“.

Þroskaheftu nemendurnir sögðust hlusta mikið á íslenska og klassíska tónlist. Ófatlaðir viðmælendur mínir sögðust hins vegar hlusta á nýjustu tónlistina og voru mjög meðvitaðir um hvaða hljómsveitir væru flottar og hverjar ekki. Einn hinna ófötluðu viðmælenda minna sagði að hann teldi sig ekki geta átt þroskahefta vini af því að þeir höfðu ekki sama smekk á tónlist og kvikmyndum og hann. Í framhaldsskólunum fjórum sem ég heimsótti var hópur þroskaheftra nemenda sem eiga í samskiptum við ófatlaða nemendur skólans fámennur. Lítil áhersla var lögð á að þroskaheftir og ófatlaðir nemendur fengju tækifæri til að kynnast hver öðrum og sérkennararnir efuðust um að vináttutengsl gætu myndast milli þeirra. Hins vegar benda niðurstöður rannsókna til þess að fatlaðir og ófatlaðir einstaklingar hafi átt í nánum og langvarandi vináttusamböndum (Bogdan og Taylor, 1987).

Menningarkimi fólks með þroskahömlun

Niðurstöður M.A.-rannsóknar minna benda til þess að skólasamfélag framhaldsskólanna skiptist í tvær fylkingar. Um er að ræða ófatlaða nemendur annars vegar og þroskahefta nemendur hins vegar. Báðar fylkingarnar áttu það sameiginlegt að tala um „okkur“ og „hina“. Á sérnámsbrautinni voru „við“ greind með þroskahömlun af sérfræðingum, en „hinir“ voru ófatlaðir. Þar sem ég hafði lesið talsvert af rannsóknum og fræðigreinum sem fjalla um neikvæð áhrif fötlunargreiningar (Til dæmis Caplan, 1995; Gallagher, 1972; Gelfand o.fl., 1997; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Krasner, 1976) kom það mér á óvart að viðmælendur mínir úr hópi

þroskaheftra nemenda litu ekki neikvætt á þroskahefta stimpilinn. Í þeirra augum var fötlunin eingöngu lítill og óverulegur hluti af því hverjir þeir voru í raun og veru. Sjálfsmynd þeirra var ekki háð stimplinum og skilgreindu þeir sig t.d. sem framhaldsskólanemendur, unglinga, dætur og syni. Það voru aðrir eins og t.d. ófötluðu nemendurnir og ég sem rannsakandi, sem höfðu skipað þeim í þennan sérnámshóp. Og með því að rannsaka „hina", þroskahefta nemendur, má jafnvel segja að ég hafi lagt áherslu á og undirstrikað það sem greinir okkur að (Rannveig Traustadóttir, 2001).

Líta má á framhaldsskóla sem eftirmynd af þjóðfélaginu þar sem tilhneiging er til að aðskilja þroskahefta einstaklinga frá ófötluðum. Sé þessi eftirmynd rétt má ætla að þroskaheftir einstaklingar tilheyri einskonar menningarkima. Menningarkimi þessi er undirfylking íslensks samfélags og er myndaður af einstaklingum sem greindir hafa verið með þroskahömlun. Í menningarkimanum ríkja önnur viðhorf en í ráðandi menningarsamfélagi (Cohen, 1955). Þar þykir það ekki neikvætt að vera fatlaður, þroskaheftur eða öryrki. Viðmælendur mínir sögðust allir vera fatlaðir, þroskaheftir eða öryrkjar. Þrátt fyrir að þeir höfðu allir upplifað fordóma og stríðni virtist það hafa óveruleg áhrif á sjálfsmynd þeirra. Sjálfsmyndin tengdist þeim viðhorfum sem ríktu í sérnámshópnum en ekki viðhorfum sem ríktu almennt í íslensku menningarsamfélagi.

Gustavsson (1996) skoðaði samfélag þroskaheftra einstaklinga í Svíþjóð og bendir á að aðrir minnihlutahópar hafa myndað samskonar undirfylkingar eða menningarkima. Og þannig hafa þroskaheftir sýnt fram á sömu félagslegu hegðun og aðrir þjóðfélagshópar. Breskir fötlunarfræðingar (Til dæmis Goodley, 2003; Riddell og Watson, 2003) taka í sama streng og halda því fram að þroskaheftir einstaklingar hafi myndað sitt eigið samfélag í andspyrnu við ráðandi menningarsamfélag. Myndun menningarkimans ber því samtímis vott um undirokun og frelsun fyrir þroskaheft fólk.

Menning samtímans

Eftir að hafa skoðað þátttöku þroskaheftra nemenda í skólastarfi framhaldsskólanna ákvað ég að hefjast handa við nýja eigindlega rannsókn og beina sjónum að árunum eftir að framhaldsskóla lýkur. Þessi rannsókn er doktorsverkefni mitt við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og hófst í júní 2004 og er áætlað að henni ljúki vorið 2008. Í rannsókninni fylgist ég með þátttöku ungs fólks með þroskahömlun í menningu samtímans. Rannsóknin miðast m.a. að því að skoða þátttöku fólks með þroskahömlun í tómstund-

um, félagsstarfi, trúfélögum og dægurmenningu. Enn fremur verða hugmyndir um kyngervi, menningarkima og borgaraleg réttindi og skyldur (enska: citizenship) skoðaðar.

Í rannsókninni verður gengið út frá því að menning feli í sér alla þætti samfélagsins og að hún hafi áhrif á og verði fyrir áhrifum frá sögunni, umhverfinu, stjórnmálum og efnahagslegu ástandi (Charlton, 1998; Frow og Morris, 2000). Menningunni er viðhaldið með siðvenjum, helgisiðum, goðsögnum, táknum og stofnunum eins og t.d. trúfélögum, skólum og fjölmiðlum (Charlton, 1998). Íslenskar og erlendar rannsónir hafa verið gerðar á þátttöku þroskaheftra einstaklinga í skólakerfi, vinnumarkaði og fjölskyldulífi (Til dæmis Anna Einarsdóttir, 2000; Gretar Marinósson og Rannveig Traustadóttir, 1994; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Sigríður Einarsdóttir, 2003) en að mínu mati vantar íslenska rannsókn sem fjallar um þátttöku þeirra í menningu samtímans og sem lýsir með hvaða hætti ímynd fatlaðra birtist í menningunni.

Ímynd fatlaðs fólks í bókmenntum

Bandarísku fræðimennirnir Robert Bogdan og Steven Taylor (1994) benda á að í fæstum tilvikum sé hægt að rekja orsakir þroskahömlunar til sjúkdóma og erfða. Þar af leiðandi halda þeir því fram að þroskahömlun sé samfélagslegt eða menningarlegt fyrirbæri sem orðið hefur til í gegnum athafnir, skoðanir og gildi. Neikvæðar ímyndir af fólki með þroskahömlun og öðru fötluðu fólki birtist í bókmenntum, trúarbrögðum og mannkynsögunni. Þessar ímyndir og staðalmyndir hafa átt þátt í því að ýta undir útskúfun fatlaðra frá samfélaginu (Shapiro, 1994).

Í bókmenntum hefur fötluðum sögupersónum verið lýst sem ósjálfbjarga sjúklingum sem eru mikil byrði fyrir fjölskylduna og samfélagið. Gott dæmi um þetta er *Jóladraumur* eftir Charles Dickens sem er lesinn, leikinn og sýndur í sjónvarpinu um hver jól. Söguhetjan, Ebenezer Scrooge, er vondur auðkýfingur sem bjargar lífi fatlaðs drengs. Drengurinn var mikil byrði fyrir fjölskylduna, ósjálfbjarga og veikur. Scrooge breytir til betri vegar og gerist bjargvættur fyrir fjölskylduna, drenginn og jafnvel samfélagið í heild (Shapiro, 1994; Nelson, 1996). Annað dæmi er úr bók Jóhönnu Spyri þegar söguhetjan Heiða er fengin til að hugsa um Klöru, litla ríka og fatlaða stúlku. Heiða hugsar vel um hana og Klara lærir að ganga að nýju. Nelson (1996) bendir á að eini tilgangur Klöru í bókinni er að sýna fram á hversu góð stúlka Heiða er. Í barnabók Guðrúnar Helgadóttur *Enn af Jóni Oddi og Jóni Bjarna* er sagt frá Selmu, lítilli stúlku með Downs heilkenni. Guðrún lýsir henni sem *skrýtinni, ljótri* og *veikri* stúlku sem að lokum deyr úr lungnabólgu (Guðrún Helgadóttir,

1975: bls.20-26). Bræðurnir Jón Oddur og Jón Bjarni eru harmi slegnir og faðir þeirra hughreystir þá með því að segja að það hafi verið best fyrir hana að fá að deyja. Það virðist vera trú höfundar að fólk eins og Selma geti ekki lifað innihaldsríku og hamingjusömu lífi og eru því betur komin dauð.

Ímynd fatlaðs fólks í kvikmyndum og fjölmiðlum

Í nútíma hryllingsmyndum jafnt og klassískum bókmenntum hefur líkamleg fötlun verið notuð til þess að búa til illmenni. Fötlunin er ýkt og útlit afskræmt til þess að gera menn trúverðugri morðingja og hrakmenni. Í leikriti Shakespears um Ríkarð þriðja var útlit hans afmyndað og hann sagður svo ljótur að meira að segja hundarnir voru hræddir við hann (Nelson, 1996; Shapiro, 1994). Þessar ímyndir af fötluðum sem illmenni ýta undir fordóma og hræðslu í garð fatlaðra. Ófötluðu framhaldsskólanemendurnir sem tóku þátt í M.A.-verkefninu mínu sögðust hafa verið feimnir og jafnvel hræddir við þroskaheftu nemendurna og vissu ekki hvernig þeir ættu að tala við þá. Það má því velta því fyrir sér að hve miklu leyti þetta óöryggi í garð fatlaðra stafi af neikvæðum ímyndum úr menningunni.

Líkams- og fegurðardýrkun á sér langa sögu í vestrænni menningu. Breski fræðimaðurinn Bill Hughes (2002) bendir á að þessi dýrkun hafi fengið byr undir báða vængi með tilkomu erfðavísinda sem skýra líkamlegt atgervi og hegðun fólks út frá genum og erfðum. Einnig bendir Hughes á áhrif dægurmenningarinnar sem hafnar líkamlegri fötlun. Fatlað fólk er ekki fagurfræðilega fallegt og er útskúfað sökum útlits og ímyndar.

Þrátt fyrir að fatlaðir hafi orðið sýnilegri í fjölmiðlum á undanförnum tíu árum má enn gera betur. Í M.A.-verkefni mínu kom það skýrt fram að nemendafélög skólanna vildu ekki útiloka þroskaheftu nemendurna frá þátttöku í félagsstarfinu. Hins vegar geta utanaðkomandi áhrif sett strik í reikninginn. Formaður nemendafélags sagði mér að skólinn hans hefði fengið tækifæri til þess að koma fram í sjónvarpsþætti á vegum Ríkissjónvarpsins. Í þessum þætti áttu nemendafélögin að kynna sína skóla. Umrætt nemendafélag ákvað að nemendur á sérnámsbrautinni fengju nokkrar mínútur til þess að kynna sig og sitt starf. Ríkissjónvarpið hafnaði þessari tillögu og höfðu umsjónarmenn þáttarins áhyggjur af því að áhorfendur teldu skólann vera að gera grín af sérnámsbrautinni. Formaðurinn sagði þetta hafa komið nemendafélaginu í opna skjöldu. Sem betur fer var hann ekki búinn að tala um þetta við nemendur sérnámsbrautarinnar. Hann var viss um að þeim hefði sárnað þessi höfnun. „Þetta kom mér rosalega mikið á óvart og það virðist vera oft í samfélaginu eins og í Ríkissjónvarpinu að þau vilja hafa allt fullkomið sko“.

Auglýsingar eru samofnar okkar daglega lífi, hvort sem það eru tilboð á netinu um að léttast, risastór mynd við fjölfarna umferðagötu af hraustum fótboltakappa með kókflösku, undraverður uppþvottalögur í sjónvarpinu eða eilíf æska í glanstímaritum. En auglýsingar gera meira en að selja vöru. Þær selja gildi, hugmyndir, vinsældir, ást og jafnvel kynlíf (Kilbourne, 1995). Ekki er algengt að sjá fatlaða einstaklinga sitja fyrir í íslenskum eða erlendum auglýsingum. Árið 2003 hófu Umferðastofa og Vegagerðin auglýsingaherferð gegn bílslysum. Áhersla var lögð á hraðakstur, beltanotkun og akstur undir áhrifum áfengis. Í þessum auglýsingum voru fatlanir notaðar sem einskonar Grýla og fólki hótað: „Ef þú bara ..." Í einni af umræddum auglýsingum er manni í hjólastól stillt upp fyrir neðan tröppur. Sjónum okkar er beint að þeim hindrunum sem fatlaðir mæta í samfélaginu. Og með þessari mynd hefur Umferðastofa og Vegagerðin gert hjólastólinn að ímynd ósjálfstæðis þegar hann er í raun og veru tákn sjálfstæðis. Önnur svipuð sjónvarps-auglýsing frá VÍS sagði frá Dóra ungum manni sem er fatlaður eftir að hafa keyrt drukkinn og lent í bílslysi. Í auglýsingunni er Dóri sagður heppinn af því að: „ ... hann þarf í rauninni ekkert að gera nema sitja á rassinum og horfa út í loftið". Með auglýsingum sem þessum er verið að ýta undir þá ímynd að fatlaðir séu ósjálfbjarga, ósjálfstæðir og aumkunarverðir.

Lokaorð

Neikvæðar ímyndir fatlaðra sem birtast í menningunni tengjast að mínu mati læknisfræðilegu sjónarhorni fötlunar. Þetta sjónarhorn hefur verið mjög ríkjandi í hinum vestræna heimi (Rannveig Traustadóttir, 2003). „Læknis-fræðilega líkanið leggur áherslu á að greina líkamleg eða andleg afbrigði eða skerðingu og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð, endurhæfingu eða ummönnun" (Rannveig Traustadóttir, 2003: bls. 25). Litið hefur verið á fatlaða sem sjúklinga með bilaða líkama og óstarfhæfa huga (Hughes, 2002; Rannveig Traustadóttir, 2003).

Fatlað fólk og fötlunarfræðingar hafa gagnrýnt læknisfræðilegt sjónarhorn fötlunar og lagt áherslu á félagsleg sjónarhorn. Þekktast er svokallað breska félagslega líkan um fötlun og gerir það m.a. greinarmun á skerðingu (líffræðilegur þáttur eins og t.d. þroskahömlun) og fötlun (félagslegur þáttur eins og t.d. fordómar). Samkvæmt líkaninu er fólk með skerðingu útilokað frá fullri þátttöku í samfélaginu og þannig gert fatlað (Chappell, Goodley og Lawthorn, 2001; Goodley, 2000; Hughes, 2002; Rannveig Traustadóttir, 2003; Thomas, 2002). Líkanið var upprunalega ætlað fólki með líkamlegar

fatlanir eða skynskerðingar (enska: sensory impairment) og hefur það verið gagnrýnt fyrir að vanrækja fólk með þroskahömlun (Chappell, Goodley og Lawthorn, 2001; Rannveig Traustadóttir, 2003). Einnig hefur verið bent á að samfélag fatlaðra hefur í gegnum árin undanskilið og útilokað fólk með þroskahömlun. Oft á tíðum hafa fatlaðir, sem ekki eru með þroskahömlun, skilið hindranir í lífi fólks með þroskahömlun sem hluta af skerðingunni frekar heldur en sem félagsleg fyrirbæri (Chappell, Goodley og Lawthorn, 2001).

Þegar litið er á fatlanir út frá félagslegu sjónarhorni vakna margar spurningar um þátttöku fólks með þroskahömlun í menningu samtímans: Er íslenskt menningarsamfélag aðgengilegt fyrir alla? Hvað er gert til þess að tryggja að fólk með þroskahömlun eigi möguleika á að taka virkan þátt menningarlífi samfélagsins? Tilheyrir fólk með þroskahömlun menningarkima? Er samfélag fólks með þroskahömlun aðskilið samfélagi fatlaðs fólks sem ekki er með þroskahömlun? Eru það ófatlaðir, með fordómum og undirokun, sem hafa ýtt fólki með þroskahömlun út á jaðar samfélagsins og skipað þeim í sérstakan aðskilinn menningarkima? Hefur fólk með þroskahömlun sjálft kosið að mynda þennan menningarkima? Hvaða áhrif hafa neikvæðar ímyndir af fötluðu fólki á þátttöku þeirra í samfélaginu? Með hvaða hætti er þessum ímyndum viðhaldið?

Í doktorsrannsókn minni kem ég m.a. til með að takast á við þessar spurningar og mun reyna að notast við félagslegt líkan um um fatlanir.

Heimildir

Anna Einarsdóttir. (2000). *Fatlaðar konur á almennum vinnumarkaði*. MA-ritgerð nr. 1680, Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild

Bogdan, R. og Taylor, S.J. (1987). Toward a sociology of acceptance: The other side of the study of deviance. *Social Policy*, *18*, 34-39.

Bogdan, R. og Taylor, S.J. (1994). *The social meaning of mental retardation: Two life stories*. New York: Teacher College Press.

Brown, B.B. (1990). Peer groups and peer cultures. Í S.S. Feldman og G.R. Elliot (ritstj.), *At the threshold: The developing adolescent* (bls. 171-196). Cambridge: Harvard University Press.

Caplan, P.J. (1995). *They say you're crazy: How the world's most powerful psychiatrists decide who is normal*. Reading: Addision-Wesley.

Chappell, A.L., Goodley, D. og Lawthorn, R. (2001). Making connections: The relevance of the social model of disability for people with learning difficulties. *British Journal of Learning Disabilities*, *29*, 45-50.

Charlton, J.I. (1998). *Nothing about us without us: Disability oppression and empowerment*. LA: University of California Press.

Cohen, A. (1955). *Delinquent boys: The culture of the gangs*. Simon & Schuster.

Frow, J. S og Morris, M. (2000). Cultural studies. Í *N.K. Denzin Handbook of Qualitative research* (bls. 315-346). London: Sage Publications Inc.

Gallagher, J.J. (1972). The special education contract for midly handicapped children. *Exceptional Children*, *38*, 527-535.

Gelfand, D.M., Jenson, W.R. og Drew, C. J. (1997). *Understanding child behavior disorders*. Fort Worth: Harcourt Brace College Publishers.

Goodley, D. (2000). *Self-advocacy in the lives of people with learning disabilities*. Buckingham: Open University Press.

Goodley, D. (2003). Against a politics of victimisation: disability culture and self-advocates with learning difficulties. Í S. Riddell og N. Watson (ritstj.), *Disability, culture and identity Essex*: Pearson Education Limited.

Gretar Marinósson og Rannveig Traustadóttir. (1994). „Við hugsum um okkar fólk". *Glæður: Tímarit um uppeldis- og skólamál*, 56-52.

Guðrún Helgadóttir (1975). *Enn af Jóni Bjarna og Jóni Oddi*. Reykjavík: Iðunn

Gustavsson, A. (1996). Reforms and everyday meanings of intellectual disability. Í J. Tøssebro, Gustavsson, A. og Dyrendahl, G. (ritstj.) *Intellectual disabilities in the Nordic welfare states: policies and everyday life* (bls. 214-236). Kristiansand: Høyskoleforlaget.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Seinfærar/þroskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Hughes, B. (2002). Disability and the body. Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton (ritstj.) *Disability studies today* (bls. 58-76). Polity Press

Kellner, D. (1995a). *Media culture: Cultural studies, identity and politics between the modern and the postmodern*. London: Routledge.

Kellner, D. (1995b). Cultural studies, multiculturalism and media culture. Í G. Dines (ritstj.) *Gender, race and class in media: A text-reader* (bls. 5-17). London: Sage Publications Inc.

Kilbourne, J. (1995). Beauty and the beast of advertising. Í G. Dines (ritstj.) *Gender, race and class in media: A text-reader* (bls. 121-125). London: Sage Publications Inc.

Kitzinger, J. (1999). A sociology of media power: key issues in audience reception research. Í G. Philo (ritstj.) *Message Received: Glasgow Media Group Research 1993-1998*. London: Longman.

Krasner, E. (1976). *Labeling the children*. Washington DC: US Department of Health, educaiton and welfare.

Kristín Björnsdóttir (2002). *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur*. Óbirt M.A.-ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Kristín Björnsdóttir (2003). Sérnámsbrautir og skólasamfélag. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 131-150). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kvale, S. (1996). *InterViews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage Publications.

Nelson, J.A. (1996). The invisible cultural group: images of disability. Í Lester. P. M. (ritstj.). *Images that injure* (bls. 119-125). Westport: Praeger Publishers.

Rannveig Traustadóttir (2001). Research with others: Reflections on reoresentation, difference and othering. *Scandinavian Journal of Disability Research, 3*,(2

Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51).

Riddell, S. og Watson, N. (ritstj.) (2003). *Disability, culture and identity*. Essex: Pearson Education Limited.

Savin-Williams, R.C. og Berndt, T.J. (1990). Friendship and peer relations. Í S.S. Feldman og G.R. Elliot (ritstj.), *At the threshold: The developing adolescent* (bls. 277-307). Cambridge: Harvard University Press.

Shapiro, J.P. (1994). *No Pity: People with disabilities forging a new civil rights movement*. New York: Three River Press.

Sigríður Einarsdóttir. (2003). Að vera í sérdeild: Átján fyrrum nemendur lýsa reynslu sinni. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 131-150). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Strinati, D. (1995). *Introduction to theories of popular culture*. London: Routledge.

Sweeney, B. og Riddell, S. (2003). Mainstreaming disability on Radio 4. Í S. Riddell og N. Watson (ritstj.), *Disability, culture and identity* (bls. 143-159). Essex: Pearson Education Limited.

Taylor, J.T. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley and Sons, Inc.

Thomas, C. (2002). Disability theory: Key ideas, issues and thinkers. Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton (ritstj.) *Disability studies today* (bls. 38-57). Polity Press

Fötlunarfræði:
Upphaf, þróun og fræðileg sjónarhorn

Rannveig Traustadóttir

Fötlunarfræði er ung fræðigrein hér á landi sem og á alþjóðavettvangi. Innan þessara fræða er vakin athygli á því að fötlun er mikilvægt en vanrækt svið mannlegrar reynslu sem brýnt er að beina athygli fræðanna að. Fötlunarfræðingar eru að þróa ný fræðileg sjónarhorn og skilning á fötlun og aðstæðum fatlaðs fólks. Þessar nýju nálganir hafa haft mikil áhrif á undanförnum árum; innan fræðanna, á sjálfskilning fatlaðs fólks, baráttu samtaka fatlaðra og opinbera stefnumótun. Þessi grein fjallar um fötlunarfræði sem nýja fræðigrein, rætur hennar, helstu einkenni og tengsl við annað fræðistarf. Ein lykilspurning þessara nýju fræða er *Hvað er fötlun?* Meginviðangsefni þessarar greinar er að gera þessari spurningu skil. Einkum verður fjallað um ríkjandi skilningi á fötlun á Norðurlöndum og hið svonefnda breska félagslega líkan um fötlun, en það síðarnefnda er ein umdeildasta nálgunin í fötlunarfræðum nú um stundir vegna rótækrar endurskilgreiningar á fyribærinu *fötlun*.

Hvað er fötlunarfræði?

Fötlunarfræði hafa, eins og aðrar fræðigreinar, þróast í ákveðnu sögulegu, fræðilegu, samfélagslegu og pólitísku samhengi. Sterkustu rætur þessara fræða eru í Bandaríkjunum (Albrecht, 2002; Davis, 1997) og Bretlandi (Oliver, 1990; Shakespeare, 1998). Fötlunarfræði voru frá upphafi tengd kröfunni um fulla samfélagsþátttöku fatlaðs fólks, mótmælum gegn einangrun á sérstofnunum og útilokun frá venjulegu lífi. Fötlunarfræði hafa því þróast í nánum tengslum við daglegt líf og baráttu fatlaðra einstaklinga og hreyfinga þeirra. Þrátt fyrir að meirihluti þeirra fræðimanna sem stunda fötlunarrannsóknir séu ófatlaðir þá hafa fatlaðir fræðimenn verið áhrifamiklir og áberandi meðal þeirra sem hafa haft mótandi áhrif á hin nýju fræði.

Fötlunarfræði eiga sér samsvörun í þróun annarra fræðigreina sem snúa að samfélagshópum sem ekki hafa notið jafnréttis og fullra mannréttinda svo sem konum, þjóðernisminnihlutahópum og samkynhneigðum. Fræðistarf tengt slíkum hópum á sér rætur í pólitísku umróti og ólgu sjöunda og áttunda áratuga síðustu aldar sem einkenndist af mannréttindabaráttu ýmissa minnihlutahópa. Elst þessara hreyfinga er baráttuhreyfing svartra í Bandaríkjunum en öflugust og fjölmennust er líklega kvennahreyfingin (Evans, 1979; Ferree og Martin, 1995; Freeman, 1975). Þessar hreyfingar urðu til utan háskólanna, en fræðimenn innan þeirra fóru fljótlega að beita aðferðum baráttuhreyfinganna og stofnuðu til rannsóknarverkefna sem einkenndust af gagnrýni og kröfum um breytingar (Bowels og Klein, 1983; Hill Collins, 1990; Morris, 1991; Sandfort, Schuyf, Duyvendak og Weeks, 2000). Þessir fræðimenn áttuðu sig fljótlega á að líf, aðstæður, saga og dagleg reynsla fólks úr undirokuðum hópum hafði verið sniðgengin eða afbökuð í hefðbundnum fræðistörfum og gagnrýndu ríkjandi tilhneigingu til að alhæfa út frá reynslu ráðandi hópa.

Þau nýju fræði sem spruttu upp úr baráttu samfélagshópa sem búið hafa við mismunun, og mótast af gagnrýni á hefðbundið fræðistarf, mynda nú áhrifamikla og fjölbreytta flóru innan fræðasamfélagsins. Meðal þessara fræðigreina má nefna femínísk fræði, hinsegin fræði og fræði sem beinast að ýmsum þjóðernisminnihlutahópum. Þróun þessara nýju fræðigreina hefur haldist í hendur við kröfuna um að fræðin sinni öllum, ekki aðeins ráðandi hópum, en sú krafa verður sífellt háværari innan fræðanna að þau geri grein fyrir öllum þeim fjölbreytileika sem er að finna meðal fólks og í mannlegu samfélagi (Andersen og Hill Collins, 1998; Spelman, 1988; Weber, 2001).

Fötlunarfræði er yngst þessara nýju fræðigreina, sem líta gjarnan hver til annarrar og hafa lært hver af annarri. Það eru einkum kvenna- og kynjafræði, eða femínísk fræði, sem hafa orðið fyrirmynd annarra fræða því það er sú fræðigrein á þessum nýja meiði sem hefur náð mestri útbreiðslu, viðurkenningu og fótfestu innan fræðasamfélagsins. Innan kvenna- og kynjafræði hafa verið þróaðar ýmsar kenningar, fræðilegar nálganir, hugtök og rannsóknaraðferðir sem aðrar fræðigreinar hafa notað sem fyrirmyndir (Richardson og Taylor, 1993).

Aðeins er rúmur áratugur síðan fræðirit kennd við fötlunarfræði litu fyrst dagsins ljós (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Davis, 1997; Shakespeare, 1998). Rannsóknir sem hafa beinst að fötluðu fólki hafa hins vegar verið stundaðar mun lengur. Þessar rannsóknir áttu sér stað innan ýmissa fræðigreina sem flestar voru, og eru víðast enn, undir sterkum áhrifum frá

læknisfræðilegum skilningi á fötlun, sem skilgreinir fatlað fólk sem sjúkt eða afbrigðilegt (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999).

Gagnrýni á hið læknisfræðilega sjónarhorn á fötlun naut frá upphafi stuðnings meðal fatlaðs fólks en einnig meðal stórs hóps fagfólks og fræðimanna. Undanfarna áratugi hefur ríkjandi skilgreiningum verið hafnað af vaxandi þunga, skilgreiningum sem ganga út frá því að vandamál fatlaðra einstaklinga stafi einvörðungu af skerðingunni, það er, af líkamlegu eða andlegu ástandi þeirra. Þess í stað hafa fræðimenn og hreyfingar fatlaðra sett fram nýjar hugmyndir og nýjar leiðir til að skilja fötlun. Hinar nýju hugmyndir leggja áherslu á mikilvægi samfélagslegra þátta, menningar og umhverfis og hafa leitt af sér vaxandi áhuga á fræðistörfum sem kennd eru við fötlunarfræði. Á síðustu árum hefur komið út fjöldi bóka á þessu nýja fræðasviði. Útgáfan er hvað mest í Bandaríkjunum (Davis, 1997; Ingstad og Whyte, 1995; Linton, 1998; Mitchell og Snyder, 1997) og Bretlandi (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Barton og Oliver, 1997; Johnstone, 2001; Shakespeare, 1998).

Fötlunarfræði eiga um sumt mismunandi sögu og fræðilegar hefðir í ólíkum löndum. Þrátt fyrir ólíkar áherslur fræðimanna á hvernig beri að skilja fötlun og hvernig fötlunarfræði skuli skilgreind sem fræðigrein, eru þeir sammála í gagnrýni á hið hefðbundna læknisfræðilega sjónarhorn á fötlun og samtaka í áherslum á að þróa nýjan skilning á fötlun. Skilning sem tekur meira mið af samfélagslegum þáttum.

Markmið fötlunarrannsókna er að leiðrétta ósýnileika fatlaðs fólks í hefðbundnum rannsóknum og afbökun á reynslu þess, auk gagnrýni á þá þekkingaröflun sem hefur átt þátt í að skapa og viðhalda niðurlægingu og undirokun fatlaðs fólks (Clough og Barton, 1995). Fötlunarfræðingar hafa einnig gagnrýnt hefðbundnar fræðigreinar fyrir að líta framhjá nýrri fræðilegri þróun innan fötlunarfræða (Barnes, 1998). En fötlunarfræðingar hafa ekki látið staðar numið við gagnrýni á einstakar rannsóknir og fræðigreinar heldur hafa sumir gagnrýnt hina akademísku starfsemi í heild sinni og bent á að „vísindaleg vinnubrögð“ og „fræðilegt hlutleysi“ hafi verið notuð til að dylja þann þátt sem ríkjandi rannsóknarhefðir eiga í því að lögmæta, viðhalda og endurskapa samfélagslegt misrétti, þar á meðal fötlunarmisrétti (Clough og Barton, 1995).

Hvað er fötlun?

Hér á eftir verður fjallað um nokkur mismunandi sjónarhornum á fötlun. Fyrst er stutt greinargerð um þá hefðbundnu nálgun sem kennd er við læknisfræði, en það sjónarhorn hefur verið ráðandi um skilning fagfólks, fræðimanna, almennings og fatlaðra sjálfra um langt árabil. Mest áhersla er þó á umfjöllun um þær félagslegu nálganir sem einkenna hin nýju fötlunarfræði.

Læknisfræðileg sjónarhorn

Læknisfræðileg sjónarhorn á fötlun voru ráðandi í hinum vestræna heimi mestan hluta 20. aldar (Finkelstein, 1980). Sá skilningur sem liggur þar að baki hefur verið þróaður innan læknisfræði og heilsufélagsfræði sem líta á fötlun sem andstæðu þess sem er heilbrigt og eðlilegt. Læknisfræðileg líkön leggja áherslu á að greina líkamleg eða andleg afbrigði, eða skerðingu, og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð, endurhæfingu eða umönnun. Litið er svo á að fötlunin feli í sér persónulegan harmleik, skerðingin er álitin uppspretta allra erfiðleika einstaklingsins og lítið eða ekki tekið tillit til áhrifa umhverfis eða aðstæðna.

Í stuttu máli fela læknisfræðileg sjónarhorn í sér að litið er á einstaklinginn sem ólánssamt fórnarlamb, háðan öðrum og í þörf fyrir umönnun, lækningu, meðferð eða þjálfun, enda hefur hin læknisfræðilega nálgun oft einnig verið kennd við einstaklinginn og meintan persónulegan harmleik þeirra sem búa við skerðingu. Þetta sjónarhorn hefur lengi litað nálgun og viðhorf fagfólks og almennings, og gerir að stórum hluta enn. Vegna þeirra takmarkana sem þessi grein setur er umfjöllun um læknisfræðileg sjónarhorn stutt en þeim sem vilja kynna sér þau frekar er bent á mun ýtarlegri umfjöllun í nýútkomnu ritsafni um fötlunarfræði (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Félagsleg sjónarhorn: Norræna tengslalíkanið

Félagsleg sjónarhorn á fötlun eiga sér rætur í gagnrýni á hina hefðbundnu læknisfræðilegu sýn sem rakin er hér að framan og er ráðandi meðal almennings, innan fræðanna og þess þjónustukerfis sem beinist að fötluðu fólki. Félagsleg líkön leggja áherslu á að samfélagslegar hindranir eigi einnig stóran þátt í að skapa fötlun einstaklingsins.

Á Norðurlöndum er enginn einn ríkjandi skilningur á fötlun. Þrátt fyrir það telur norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro (2004) að unnt sé að greina

sameiginlegar hugmyndir sem Norðurlandabúar deila og hann telur að einkennist af áherslunni á tengsl hins fatlaða einstaklings og umhverfisins. Söguleg þróun þessara hugmynda hefur verið með mismunandi hætti á Norðurlöndum. Þrátt fyrir sameiginlegar hugmyndir má því finna mun á milli landa. Það sem rakið er hér á eftir sem einkennandi fyrir norrænan skilning á fötlun styðst við umfjöllun Tøssebro (1997, 2002, 2004) um þetta efni.

Norræn hugtök sambærileg við hugtakið fötlun í íslensku máli (á norsku funksjonshemming) komu fram eftir 1960. Þessum nýju hugtökum var ætlað að leysa af hólmi eldri hugtök sem þóttu hafa neikvæða merkingu (til dæmis hugtakið handikap á norsku), en fyrir 1960 var sjaldgæft að nota eitt hugtak fyrir hópa fólks með mismunandi skerðingar. Algengara var að vísað væri til fatlaðra út frá skerðingu hvers hóps (blindir, heyrnarskertir og svo framvegis). Þegar hugtakið fötlun var kynnt í Noregi var markmiðið ekki að boða breytingar úr læknisfræðilegum skilningi yfir í áherslu á félagslegan skilning, heldur var markmiðið að finna hugtak sem mátti nota sem yfirhugtak um allt fatlað fólk og hefði ekki óæskilega neikvæða merkingu sem var tengd eldri hugtökum. Um leið og þetta nýja hugtak var kynnt var jafnframt lögð áhersla á að ekki skyldi einhliða ætla fötluðu fólki að aðlaga sig samfélaginu, það væri ekki síður mikilvægt að laga umhverfið að þeirra þörfum (Tøssebro, 2002, 2004).

Þennan breytta skilningur á fötlun má finna í lögum og öðrum stefnumótandi plöggum á Norðurlöndunum frá því um miðjan sjönda áratug síðustu aldar. Áherslan á hinn félagslega og umhverfislega þátt fötlunar varð einnig til þess að beina athyglinni frá því að skilgreina einstaklinginn sem einu uppsprettu vandans og að öll úrræði skyldu beinast að því að laga, lækna, þjálfa, gera við, eða endurhæfa hinn fatlaða einstakling. Þess í stað beindust sjónir í sífellt ríkara mæli að því hvernig jafnframt væri unnt að fjarlægja samfélagslegar hindranir, og laga umhverfið að fötluðu fólki. Þessi breyting fól ekki í sér eina leið, aðferð eða fræðilega nálgun til að skilja fötlun, heldur var hér um að ræða fjölda skyldra hugmynda sem beindust að því að þróa þann nýjan skilning á fötlun, sem nú er ríkjandi á Norðurlöndum og Tøssebro (2004) nefnir norræna tengslalíkanið um fötlun. Þótt hér sé ekki um að ræða einsleitan skilning á fötlun, þá er þetta sú nálgun sem endurspeglast í ríkjandi hugmyndafræði og skilgreiningum, bæði í félagsvísindalegum fræðiskrifum og í stefnumótandi gögnum stjórnvalda. Meginatriðin í hinni norrænu tengslanálgun eru þrjú að mati Tøssebro (2002, 2004).

Í fyrsta lagi, fötlun er misgengi milli einstaklings og umhverfis; þetta tvennt fellur ekki vel saman. Orsökin getur verið sú að einstaklingurinn býr ekki yfir þeirri færni sem er skilgreind innan hinna venjulegu marka, en einnig

vegna þess að umhverfið gerir ekki ráð fyrir öllum þeim mannlega margbreytileika sem til staðar er. Í samræmi við þetta er einstaklingur skilgreindur fatlaður ef takmörkuð færni, veikindi eða skerðing leiðir til þess að hann eða hún verður fyrir verulegum hindrunum í sínu daglega lífi. Fötlun er þannig álitin afstæð, háð umhverfinu og skilgreind í tengslum við það.

Í öðru lagi er fötlun aðstæðubundin. Hvort ákveðin skerðing leiðir til fötlunar eða ekki fer eftir aðstæðum og er bundið því samhengi sem einstaklingurinn er í hverju sinni. Heyrnarleysi væri ekki fötlun ef allir töluðu táknmál. Sjónskert manneskja er ekki fötluð þegar hún talar í síma. Einstaklingur með lesblindu á í erfiðleikum í skóla en ekki endilega við ýmsar aðrar aðstæður.

Í þriðja lagi þá fötlun er afstæð. Hér á Tøssebro (2002, 2004) ekki aðeins við það sem leiðir af því sem sagt er hér að framan (það er, að fötlun sé afstæð með hliðsjón af umhverfinu og tilteknum aðstæðum) heldur bendir hann á að ákvarðanir um hvenær einstaklingsbundin líffræðileg einkenni eru skilgreind sem fötlun séu að nokkru marki tilviljunarkenndar. Sem dæmi nefnir hann að mörk þroskahömlunar hafi verið dregin með mismunandi hætti í Evrópu á 20. öld. Skilgreiningar á þroskahömlun hafa verið miðaðar við greindarvísitölustig (IQ) 50 og allt upp í 85. Þannig hefur verið misjafnt hve stór hluti þjóða í Evrópu hefur verið skilgreindur þroskaheftur. Þetta varpar ljósi á hversu tilviljanakennt það getur verið hver er skilgreindur fatlaður og ekki síður hvernig skilningur á fötlun er hluti af okkar félagslega ákvarðaða veruleika.

Í umfjöllun minni um ríkjandi skilning á fötlun á Íslandi (Rannveig Traustadóttir, 2003) hef ég bent á að finna megi merki um hinn norræna tengslaskilning á fötlun í íslenskri löggjöf allt frá árinu 1979, þegar Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 voru sett.

Félagsleg sjónarhorn: Breska félagslega líkanið

Á undanförnum tveimur áratugum hefur verið þróaður fjöldi félagslegra sjónarhorna á fötlun. Öll eiga það sameiginlegt að ögra hinum hefðbundna skilningi sem kenndur er við einstaklinginn, líffræði og hið læknisfræðilega sjónarhorn. Félagsleg sjónarhorn hafna nálgunum sem einskorðast við skerðingu einstaklingsins og leggja áherslu á að umhverfið og félagslegir þættir hafi ekki síður áhrif á lífsaðstæður og möguleika fatlaðs fólks. Hin félagslegu líkön færa þannig athyglina frá einstaklingnum og skerðingunni yfir á þær hindranir sem er að finna í menningu, umhverfi og samfélagi. Þekktast - og jafnframt umdeildast - þessara líkana er hið svonefnda breska félagslega líkan um fötlun (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Barton og Oliver,

1997; Finkelstein, 1980; Oliver, 1990, 1992). Þetta líkan hefur fengið mikla athygli fræðimanna og fatlaðs fólks undanfarin ár, ekki síst vegna hinnar róttæku endurskilgreiningu á fötlun sem líkanið boðar.

Upphaf breska félagslega líkansins er yfirleitt rakið til áttunda áratugar 20. aldar og baráttu samtaka fatlaðs fólks þar í landi gegn innilokun á sólarhringsstofnunum, fátækt og útskúfun frá samfélagsþátttöku (Campbell og Oliver, 1996; Oliver, 1992). Þessi pólitíska barátta leiddi til nýrra, róttækra hugmynda um fötlun, en eitt megineinkenni breska félagslega líklansins er að þar er gerður greinarmunur á hinum líffræðilega þætti (skerðingunni) og hinum félagslega (fötluninni). Skerðingin er skilgreind sem hin líkamlega, andlega eða sálræna skerðing sem einstaklingurinn býr við. Fötlunin, hins vegar, vísar til takmarkana á athöfnum eða tækifærum fólks með skerðingar til að taka þátt í eðlilegu lífi, eða jafnrétti til þátttöku, vegna ýmiss konar samfélagslegra hindrana. Samkvæmt breska félagslega líkaninu er það því ekki skerðing einstaklingsins sem orsakar fötlunina. Þess í stað er litið svo á að fötlunin sé form undirokunar sem orsökuð er, eða sköpuð, af umhverfi sem takmarkar athafnir fólks með skerðingar með því að setja félaglegar hindranir í veg þeirra (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Cambell og Oliver, 1996; Oliver, 1990; Thomas, 1999). Fólk er fatlað af umhverfinu en ekki af eigin skerðingu.

Þær nýju hugmyndir um fötlun sem felast í breska félagslega líkaninu hafa haft mikil áhrif innan baráttuhreyfinga fatlaðs fólks í Bretlandi. Þær hafa jafnframt verið mjög frelsandi fyrir fatlað fólk því hér er boðið heim þeirri túlkun að staðsetja megi hindranirnar og erfiðleikana sem fatlað fólk upplifir í umhverfinu, sem afleiðingu af félagslegum hindrunum, fremur en að þær stafi af skerðingunni. Breska fræðikonan Carol Thomas (2002) bendir á að fötluðum einstaklingum sem kynnast þessum hugmyndum finnist þær yfirleitt mjög áhrifamiklar því að þær geri fólki, oft í fyrsta sinn, mögulegt að sjá að erfiðleikar þess eiga sér að miklu leyti félagslegar rætur. Undir þessu sjónarhorni koma í ljós hindranir sem auka á fötlunina; í húsnæðismálum, menntun, atvinnu, samgöngum, menningar- og frístundastarfi, heilbrigðis- og velferðarþjónustu, á sviði borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda og fleiri sviðum (Barton, 1996; Barton og Oliver, 1997; Morris, 1991).

Á íslensku, líkt og öðrum Norðurlandamálum, hefur hugtakið fötlun verið haft sem yfirheiti um margvíslegar skerðingar. Í daglegu tali vísar íslenska hugtakið því til hópa fólks sem talið er ófært um að taka þátt í „eðlilegum“ athöfnum vegna líkamlegra eða andlegra „galla“ sem gera það „óeðlilegt.“ Breska félagslega líkanið hefur endaskipti á þessum hversdagslega skilningi (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999; Thomas 2002). Þvert á

hefðbundna merkingu er litið svo á að takmarkaðir möguleikar fatlaðra einstaklinga til að takast á við daglegar athafnir séu afleiðing félagslegra hindrana sem settar eru af hinum ófatlaða meirihluta. Í stuttu máli er litið svo á að slíkar hindranir skapi félagslega útilokun og leiði til undirokunar fólks sem býr við skerðingar. Hugtakið fötlun vísar því til ákveðinnar tegundar félagslegrar undirokunar og misréttis sem er samærilegt við kynjamisrétti og kynþáttamisrétti (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Thomas 1999).

Mikið hefur verið rætt og ritað um breska félagslega líkanið á undanförnum árum og talsverð átök hafa verið um áherslur og skilning, um veikleika þess og styrkleika, takmarkanir og fræðilega ávinninga (Thomas, 1999, 2002). Hér verða raktir í örstuttu máli nokkrir þættir þessarar gagnrýni.

Ein harðasta gagnrýnin er sú að hagsmunir fólks með ákveðnar skerðingar hafi verið sniðgengnir eða þeim ekki gerð skil innan félagslega líkansins vegna þess að reynsla þessa fólks fellur ekki vel að líkaninu. Hér er aðallega vísað til fólks með þroskahömlun, geðræna erfiðleika og heyrnarskertra (Chappell, 1998; Goodley, Armstrong, Suterland, Laurie, 2003; McCliments, 2003; Thomas, 1999). Gagnrýnendur hafa einnig bent á að höfundar líkansins hafi lagt ofuráherslu á umhverfislega þætti og haft tilhneigingu til að líta framhjá eða hafna mikilvægi skerðingarinnar, bæði í daglegu lífi fatlaðs fólks og í kenningarsmíði innan fötlunarfræða (Goodley, Armstrong, Suterland, Laurie, 2003; Thomas, 1999). Sá skilningur að allar hindranir sem fatlað fólk upplifi séu orsakaðar af umhverfinu og félagslegum þáttum er gagnrýndur. Þess í stað benda fræðimenn, svo sem Carol Thomas (1999) og Shakespeare og Watson (2001), á að skerðingin geti að sjálfsögðu átt þátt í sumum hindrunum og þar með orsakað fötlun. Gagnrýnt er að í ofuráherslu sinni á félagslegar og efnahagslegar hindranir geri líkanið lítið úr menningarlegum þáttum og persónulegri reynslu. Thomas (1999) er meðal þeirra sem leggur áherslu á að beina athyglinni að sálrænum og tilfinningalegum þáttum og hinni persónulegu upplifun og reynslu af því að búa við skerðingu.

Enn má nefna gagnrýni á tvíhyggjuna milli hins líffræðilega (skerðingar) og hins félagslega (fötlunarinnar) sem felst í líkaninu (Goodley, Armstrong, Suterland, Laurie, 2003). Bent er á að þessi tvískipting hafi gert höfundum þess mögulegt að þróa kenningar og fræðilegar hugmyndir um fötlun en gagnrýnt er að skerðingingin hafi orðið útundan í fræðilegri greiningu félagslega líkansins og þar með skilin eftir í viðjum læknisfræðilegrar þekkingar.

Þá er ótalin gagnrýni þeirra sem telja sig finna takmarkanir á félagslega líkaninu sem felast í því að það útiloki reynslu ákveðinna hópa fatlaðra á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar eða aldurs (eða samþættingu

þessara þátta). Þetta er annaðhvort álitið innbyggt sem veikleiki líkansins eða talið stafa af því að höfundar þess og forsvarsmenn eru hvítt gagnkynhneigt fólk, flest karlkyns, sem hefur tilhneigingu til að skilgreina vandamál og lausnir í sinni mynd (Thomas, 1999).

Misjafnt er hvaða grundvallarafstöðu gagnrýnendur breska félgaslega líkansisns hafa til þess, sumir hafa gengið svo langt að leggja til að líkanið sé ónothæft, því sé nauðsynlegt að þróa ný fræðilegt sjónarhorn sem geti leyst það af hólmi (Shakespeare og Watson, 2001). Aðrir, svo sem Carol Thomas (1999, 2002), leggja til endurskoðun og endurbætur.

Hin líflega umræða og átök sem fylgt hafa gagnrýninni á breska félagslega líkanið hefur kallað á þróun, endurskoðun og nýjan skilning á fyrirbærinu fötlun. Umræðan hefur því orðið til þess að efla og skerpa fræðilegar nálganir innan hinna nýju fötlunarfræða.

Niðurlag

Fötlunarfræði er ungt fræðasvið sem vaxið hefur hratt á stuttum tíma. Hér að framan hefur verið gerð stutt grein fyrir uppruna þessara nýju fræða, helstu einkennum þeirra og tengslum við annað fræðistarf. Þá voru nokkur sjónarhorn á fötlun rakin. Fræðileg þróun á þessu sviði endurspeglar vaxandi áhuga á fötlun sem samfélagslegu fyrirbæri og mikilvægum þætti í lífi okkar allra.

Hvaða skilning við leggjum í *fötlun* er annað og meira en fræðilegir loftfimleikar. Hér er mikið í húfi. Ráðandi skilningur á fötlun skiptir verulegu máli því hann stýrir því hvernig brugðist er við fötluðu fólki. Ef litið er svo á að fötlun sé galli sem búi innra með einstaklingnum þá eru rökrétt viðbrögð að lækna, laga eða gera við viðkomandi, setja í meðferð, þjálfun, endurhæfingu eða grípa til viðlíka aðgerða. Ef hins vegar er litið svo á að fötlun eigi sér jafnframt rætur í félagslegum hindrunum þá beinir það sjónum að mikilvægi samfélaglegra breytinga.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að fatlað fólk hefur verið ósýnilegra en aðrir samfélagslegir jaðarhópar. Fjölbreytileiki líkamlegs og andlegs atgervis er eitt lykilatriði í mannlegri tilveru. Það er akkur að því fyrir okkur öll að rannsaka og rýna í margbreytileikann í öllum sínum myndum og því er tími til kominn að fötlunarfræði verði hluti af þeim fræðum sem rannsaka margbreytileika, mismunun og mannréttindi.

Heimildir

Albrecht, G.L. (2002). American pragmatism, sociology and the development of disability studies. Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton, (ritstj.), *Disability studies today* (bls. 18-37). Cambridge: Polity Press.

Andersen, M.L. og Hill Collins, P. (ritstj.) (1998). *Race, class and gender.* New York: Wadsworth Publishing Company.

Barnes, C. (1998). The social model of disability: A sociological phenomenon ignored by sociologists. Í T. Shakespeare (ritstj.), *The disability reader: Social science perspective* (bls. 56-78). London: Cassell.

Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability: A sociological introduction.* Cambridge: Polity Press.

Barnes, C., Oliver, M. og Barton, L. (ritstj.) (2002). *Disability studies today.* Cambridge: Polity Press.

Barton, L. og Oliver, M. (ritstj.) (1997). *Disability studies: Past, present and future.* Leeds: The Disability Press.

Bowels, F. og Klein, R.D. (ritstj.) (1983). *Theories of women's studies.* London: Routledge and Kegan Paul.

Campbell, J. og Oliver, M. (1996). *Disability politics: Understanding our past, changing our future.* London: Routledge.

Chappell, A.L. (1998) Still out in the cold: People with learning difficulties and the social model of disability. Í T. Shakespeare (ritstj.). *The disability reader: Social science perspectives* (bls. 201-210). London: Cassell.

Clough, P. og Barton, L. (ritstj.) (1995). *Making difficulties: Research and the construction of special educational needs.* London: Paul Chapman.

Davis, L.J. (ritstj.) (1997). *The disability studies reader.* New York: Routledge.

Evans. S. (1979). *Personal politics: The roots of women's liberation in the civil rights movement and the new left.* New York: Random House.

Ferree, M.M. og Martin, P.Y. (1995). *Feminist organizations: Harvest of the new women's movement.* Philadelphia: Temple University Press.

Finkelstein, V. (1980). *Attitudes and disabled people.* New York: World Rehabilitation Fund.

Freeman, J. (1975). *The politics of women's liberation: A case study of an emerging social movement and its relation to the policy process.* New York: David McKay.

Goodley, D., Armstrong, D., Sutherland, K., Laurie, L. (2003). Self-advocacy, "learning difficulties," and the social model of disability. *Mental Retardation, 41*, 149-160.

Hill Collins, P. (1990). *Black feminist thought: Knowledge, consciousness, and the politics of empowerment.* New York: Routledge.

Ingstad, B. og Whyte, S.R. (ritstj.) (1995). *Disability and culture*. Berkeley: University of California Press.

Johnstone, D. (2001). *An introduction to disability studies* (2. útg.). London: David Fulton.

Linton. S. (1998). *Claiming disability: Knowledge and identity*. New York: New York University Press.

McCliments, A. (2003). The organization of difference: People with intellectual disabilities and the social model of disability. *Mental Retardation, 41*, 35-46.

Mictchell, D.T. og Snyder, S.L. (ritstj.) (1999). *The body and physical difference: Discourse on disability*. Ann Arbor, MI: The University of Michigan Press.

Millman, M. og Kanter, R.M. (1975). *Another voice: Feminist perspectives on social life and social science*. Garden City: Anchor Doubleday.

Morris, J. (1991). *Pride against prejudice: Transforming attitudes to disability*. London: Women's Press.

Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979.

Oliver, M. (1990). *The politics of disablement*. Basingstoke: MacMillan.

Oliver, M. (1992). Changing the social relations of research production. *Disability, Handicap & Society, 7*, 101-114.

Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Richardson, L. og Taylor, V. (1993). *Feminist frontiers III*. New York: McGraw-Hill.

Sandfort, T., Schuyf, J., Duyvendak, J.W. og Weeks, J. (ritstj.) (2000). *Lesbian and gay studies: An introductory, interdisciplinary approach*. London: Sages.

Shakespeare, T. (ritstj.) (1998). *The disability reader: Social science perspectives*. London: Cassell.

Shakespeare, T. og Watson, N. (2001). The social model of disability: An outdated ideology? Í S. Barnatt og B.M. Altman (ritstj.), *Exploring theories and expanding methodologies: Where are we and where we need to go*. Research in social sciences and disability, 2 hefti, (bls. 9-28). London: Elsevier Science.

Spelman, E. (1988). *Inessential woman: Problems of exclusion in feminist thought*. Boston: Beacon Press.

Thomas, C. (1999). *Female forms: Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Open University Press.

Thomas, C. (2002). Disability theory: Key ideas, issues and thinkers. Í C. Barnes, M. Oliver, og L. Barton, (ritstj.), *Disability studies today* (bls. 38-57). Cambridge: Polity Press.

Tøssebro, J. (1997). Book review. *Acta Sociologica*, *40*, 409-413.

Tøssebro, J. (2002). *A brief introduction to "the Nordic relational approach to disability"*. A working paper for the 6th NNDR annual conference, Reykjavík, August 22-24.

Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research. Special Issue on Understanding Disability, 6*, 3-7.

Weber, L. (2001). *Understanding race, class, gender and sexuality: A conceptual framework*. Boston: McCraw Hill.

Áhrifaþættir á þátttöku nemenda með hreyfihömlun

Snæfríður Þóra Egilson

Þátttaka í daglegum viðfangsefnum er nauðsynleg hverjum manni. Við að taka þátt í fjölbreyttum verkum og við ólíkar aðstæður öðlumst við leikni, tengjumst öðru fólki og samfélaginu og finnum tilgang með lífinu. Þátttökuhugtakið er hins vegar flókið og margþætt og mismunandi skilgreiningar við lýði. Í flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning, Disability and Health: ICF) er þátttaka skilgreind sem aðild eða hlutdeild við tilteknar aðstæður (World Health Organization, 2001).

Hér á eftir verða skoðaðir helstu þættir sem hafa áhrif á þátttöku nemenda með hreyfihömlun. Stuðst er við rannsóknargögn sem komið hafa fram í yfirstandandi doktorsverkefni höfundar í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna þátttöku grunnskólanemenda með hreyfihömlun í skólastarfi og jafnframt hvaða þættir stuðla að eða torvelda þátttöku þeirra, virkni og vellíðan. Hugtakið þátttaka er skilgreint, sem það að hvaða marki nemandi tekur virkan þátt við mismunandi aðstæður og nýtir þau tækifæri sem standa til boða og eru dæmigerð fyrir nemendahópinn. Ennfremur hvort og hvernig hann upplifir takmarkanir eða hindranir vegnar skerðingar (impairment), mismununar eða fordóma (Coster, 1998). Sjónum er beint að því hvað nemandi gerir, hvar, með hverjum og hve mikla ánægju hlutdeildin veitir honum.

Rannsóknin

Rannsóknin er unnin innan eigindlegrar hefðar en byggir að auki á megindlegum gögnum (concurrent nested model) (Creswell, 2003). Eigindlegi hlutinn snýr að 14 lykilþátttakendum, nemendum með hreyfihömlun í 1.-7. bekk, sem valdir voru með markvissu fræðilegu úrtaki (Patton,

2002; Strauss og Corbin, 1998). Fylgst var með börnunum í nokkrar kennslustundir í skólanum og tekin viðtöl við mörg þeirra. Að auki voru tekin viðtöl við foreldra þeirra og kennara. Í megindlega hluta rannsóknarinnar var frammistaða 32 nemenda með hreyfihömlun metin samkvæmt matstækinu Skóla-Færni-Athugun (SFA) sem er markbundið matstæki og beinir sjónum að þátttöku og færni 6-12 ára nemenda með sérþarfir.

Hvað ræður mestu um þátttöku nemenda með hreyfihömlun? Er það summa þátta sem stuðla að hlutdeild og árangri eða samspil þeirra hjá hverjum nemanda? Er ákveðin lágmarksfærni (critical value) á vissum sviðum forsenda þátttöku eða skiptir samspil tiltekinna þátta sköpum? Rannsóknin leiddi í ljós samspil þriggja meginvídda, þ.e. umhverfis, nemanda og viðfangsefna. Hér á eftir verður fjallað um hverja þessara vídda, auk nokkurra álitamála sem upp komu í rannsókninni.

Umhverfi

Kannaðir voru ólíkir umhverfisþættir (CAOT, 1997; Law o.fl., 1996) enda benda rannsóknir til að umhverfi hafi mikil áhrif á þátttöku nemenda með hreyfihömlun (t.d. Hemmingsson og Borell, 2000, 2002; Law o.fl., 1999). *Efnisheimur* er hið ytra umhverfi, bæði náttúrulegt og manngert. Það felur í sér náttúru, veðurfar byggingar, innréttingar, tækni og búnað. Undir efnisheim falla meðal annars aðgengismál, svo sem skipulag innan húss og utan, þröskuldar og fjarlægðir milli bekkjarstofa. Undir *stjórnsýslu* falla opinberar stofnanir og starfsemi þeirra, þar með talin lög og reglugerðir, fjárveitingar, réttindi og þjónusta. *Samfélag* felur í sér félagsleg tengsl, viðhorf, væntingar og samskiptamynstur. *Menning*, tekur til siða og hefða sem grundvallast á lífssýn og gildismati ýmissa hópa.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu skarast umhverfisvíddir að talsverðu leyti. Gildi og viðhorf hvers skólasamfélags hafa áhrif á hvaða leiðir eru taldar færar hverju sinni og þar með hvernig úrræði, tengd öðrum víddum, nýtast. Þannig eru mörg atriði efnisheims undir áhrifum stjórnsýslu- og menningarlegra þátta sem ákvarða skipulag skólastarfs og það hvaða úrræði eru tiltæk. Fjármagn, sveigjanleiki og skilningur ræður því til dæmis hvort vandi nemanda er leystur með því að veita aðstoð eða aðlögun ytra umhverfis og sveigjanlegum kennsluháttum til að auðvelda nemanda að taka þátt á eigin forsendum. Þannig hafa stjórnsýsluþættir áhrif á menningu og samfélag og á sama hátt mótar menningin lög, reglugerðir og ýmis konar

vinnulag. Í sameiningu hafa þessar víddir síðan grundvallaráhrif á fjölmarga þætti efnisheims, svo sem hönnun eða aðlögun skólahúsnæðis og það hvaða búnaður er tiltækur. Efnisheimur hefur einnig áhrif á aðrar umhverfisvíddir þar að ytri umgjörð mótar iðulega skoðanir fólks á því sem talið er „rétt" eða gerlegt.



Mynd 1. Samspil umhverfisvídda

Þótt gott aðgengi sé forsenda þátttöku nemenda með hreyfihömlun töldu margir viðmælendur helstu hindranir liggja í stjórnsýslunni sem hvorki tryggir nægilegt fjármagn né þjónustu til að mæta sérþörfum barnanna. Skortur á skýrum boðleiðum og samspili milli þjónustukerfa var áhyggjuefni flestra. Auk þess töldu foreldrar og kennarar að þekkingu og skilning skorti á sértækum þörfum nemenda með hreyfihömlun. Viðkvæðið var gjarna: „Það eru allir af vilja gerðir en þetta er bara meiri háttar mál." Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (t.d. Law o.fl., 1999; Pivik, McComas og LaFlamme, 2002).

Nemandi

Fjölmargir einstaklingsbundnir þættir hafa áhrif á þátttöku nemenda með hreyfihömlun. Þar má nefna andlegt atgervi, hreyfifærni, hæfni til tjáskipta, félagsfærni, aldur og kyn. Áhugi, viljastyrkur og upplifun af stjórn á eigin lífi skipta einnig miklu (King o.fl., 2003; Law, 2002). Nemendurnir í rannsókninni voru um margt ólíkir. Tæpur helmingur þeirra var með

skilgreinda námsörðugleika eða aðrar fylgifatlanir auk hreyfihömlunar, sem jók enn á breytileika innan hópsins. Tilteknir þættir höfðu jafnframt áhrif á notkun annarra eða vógu upp á móti skerðingu, sér í lagi viljastyrkur og félags- og samskiptafærni.

Áhrif hreyfiskerðingar voru oft og tíðum greinileg, svo sem þar sem framkvæmd athafna fól í sér mikla áreynslu, þreytu eða sársauka. Slíkir erfiðleikar komu gjarnan niður á úthaldi, einbeitingu við viðfangsefni, eða almennri líðan nemenda og leiddi stundum til uppgjafar. Umfang og tegund skerðingar hafði jafnframt áhrif á að hvaða marki var unnt að aðlaga umhverfi og aðstæður. Það var til dæmis erfitt að koma fyllilega til móts við þarfir nemenda með víðtæka hreyfihömlun og tjáskiptaerfiðleika og þátttaka þeirra var oft takmörkuð, jafnvel með besta fáanlega búnaði, jákvæðum viðhorfum og þekkingu. Á hinn bóginn var ekki ætíð komið til móts við þarfir nemenda með vægari eða lítt sýnilega skerðingu og því urðu „smámál" oft að „stórmálum." Þar af leiðandi var ekki beint orsakasamhengi milli alvarleika skerðingar og takmarkaðrar þátttöku nemenda.

Aldur, reynsla og þroski höfðu í mörgum tilvikum áhrif á þátttöku. Þrátt fyrir að yngri nemendur tækju ekki endilega virkari þátt en þeir eldri voru þeir að jafnaði ánægðari með hlutdeild sína og frammistöðu. Ekki var hægt að greina áhrif kynferðis á þátttöku en vera kann að smæð úrtaks og samspil við aðra þætti hafi þar úrslitaáhrif.

Eins og áður sagði stuðluðu tilteknir persónuleikaþættir að aukinni þátttöku. Kennarar töldu nemendur, sem höfðu góða félagsfærni, voru vel greindir og höfðu jákvætt viðmót, mun oftar fulla þátttakendur í skólastarfi en aðra. Hins vegar var vandi umræddra nemenda stundum vanmetinn einmitt vegna þessara sömu eiginleika. Það var sem þessir jákvæðu, glaðlyndu og iðnu nemendur gætu ekki átt við neinn vanda að etja. Þetta beinir sjónum að þeirri menningarlegu hefð að líta á eiginleika og hæfni eina og sér, eins og tíðkast á hefðbundnum þroska- og persónuleikaprófum, en ekki í samhengi við viðfangsefni og aðstæður. Rannsóknin leiddi í ljós að margir einstaklingsbundnir þættir höfðu fyrst og fremst áhrif við tilteknar aðstæður en ekki aðrar. Þótt greind og félagsfærni nýttist iðulega vel í skipulögðu umhverfi bekkjarstofunnar komu þessir eiginleikar oft að takmörkuðum notum á skólalóðinni þar sem erfitt yfirborð, hraði og skortur á skýrri umgjörð gerði mörgum ókleift að taka virkan þátt.

Viðfangsefni

Viðfangsefni skóla eru fjölmörg og aðstæðubundin og endurspegla mismunandi kröfur um frammistöðu. Þótt mörg viðfangsefni reyni á alhliða frammistöðu þá reyna sum mestmegnis á vitræna þætti og almennt atferli og önnur fremur á líkamlega þætti (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998; Coster, Mancini og Ludlow, 1999). Samkvæmt rannsókn Mancini, Coster, Trombly og Heeren (2000) spá líkamlegir þættir, vitrænir þættir og almennt atferli fyrir um fulla þátttöku nemenda í viðfangsefnum skóla. Skert líkamleg færni spáir hins vegar betur fyrir um takmarkaða þátttöku nemenda en skerðing á öðrum þroskasviðum. Þetta kann að benda til þess að erfiðara sé að aðlaga viðfangsefni, sem reyna á hreyfifærni, eða að ekki sé jafnmikil hefð fyrir aðlögun slíkra verka og þeirra sem varða vitræna færni og atferli. Gögn sem aflað var með matstækinu SFA (Coster o.fl., 1998) leiddu í ljós mesta erfiðleika á eftirfarandi kvörðum: *Að fara upp og niður stiga, að taka þátt í leikjum, að halda og skipta um stöðu, að klæða sig* og *að handfjatla á hreyfingu.* Það reynir á ofangreind viðfangsefni við fjölmargar aðstæður á hverjum skóladegi. Styrkleikar komu fram á kvörðunum *að hafa stjórn á hegðun, að fylgja félagslegum hefðum* og *að muna og skilja.*

Aðstæður

Hugtakið aðstæður er hér skilgreint sem samspil þeirra umhverfisþátta og viðfangsefna sem mynda tilteknar kringumstæður. Í rannsókninni var sjónum beint sérstaklega að helstu aðstæðum skóla, það er *bekkjarstofu, skólalóð/-frímínútum, matmálstímum, snyrtingu/salerni, að fara í og úr skóla, að fara um í skólanum, sérgreinatímum og vettvangsferðum.* Þátttaka var mjög mismunandi eftir aðstæðum og hafði tilhögun (structure) aðstæðna veruleg áhrif á frammistöðu nemenda og möguleika til virkrar þátttöku.

Samkvæmt matstækinu SFA (Coster o.fl., 1998) var þátttaka nemendanna mest í matmáls- og nestistímum en minnst á skólalóð/frímínútum og að fara úr og í skóla. Matstækið tekur ekki til sérgreinatíma og vettvangsferða, en töluverð vandamál komu einnig fram þar. Tilhögun aðstæðna stuðlaði stundum að árangri og samkennd en ýtti í öðrum tilvikum undir vanda eða einangrun. Sveigjanlegir kennsluhættir og einstaklingsbundin nálgun skipti að jafnaði miklu um þátttöku og frammistöðu nemenda. Að sama skapi dró

notkun hefðbundinna kennsluaðferða, þar sem allir fylgja sama hraða og vinna við sams konar verkefni, úr þátttökumöguleikum. Áhrifa rýmis-eiginleika gætti einnig og voru opin rými með takmörkuðu skipulagi, s.s. á skólalóð, í íþróttahúsi og í vettvangsferðum yfirleitt erfiðari en önnur.

Sem fyrr sagði var möguleiki nemenda á að nýta eigin styrkleika tengdur tilhögun mismunandi aðstæðna. Ef þeir náðu ekki að ferðast um, þar sem þess var krafist, komu styrkleikar þeirra oft að takmörkuðum notum. Atli Einarsson, nemandi í 5. bekk, tók virkan þátt í öllum viðfangsefnum í bekkjarstofu þar sem andlegt atgervi hans, jákvætt viðmót og félagsfærni nýttust til fullnustu. Í frímínútum var hann hins vegar óvirkur áhorfandi að leik skólafélaga og gegndi einhæfu hlutverki og heldur óspennandi. Atli lýsti þessu þannig:

> Ég er oftast í göngugrindinni í frímínútunum, labba bara um. Ég get tekið þátt í svo litlu í frímínútunum, það er það sem mér finnst erfiðast. Það er oftast fótbolti og það er möl og þá kemst ég svo illa. Og svo eru frímínúturnar bara búnar. Stundum koma krakkarnir og stundum eru leikir sem ég get verið með í. Það gerist nú rosalega sjaldan. Og líka þegar það er snjór þá koma einhverjir krakkar að leika við mig, kasta í mig, þá á ég að reyna að forða mér.
>
> (Úr viðtali við Atla Einarsson, 2003).

Þótt Atli stæði vel að vígi í námi og þyrfti helst aðstoð við að fara á milli, sækja námsgögn og ganga frá, var hann með stuðningsfulltrúa í öllum tímum. Í frímínútunum var hann hins vegar einn á báti og engar markvissar aðgerðir til að stuðla að þátttöku hans þar.

Samkvæmt áætlun eða fyrir tilviljun?

Þrátt fyrir að víða gengi vel og vinnubrögð væru oft til fyrirmyndar voru leiðir til að stuðla að virkni og hlutdeild nemenda almennt séð hvorki notaðir nægilega meðvitað né markvisst. Góður árangur virtist því stundum háður tilviljun en ekki stafa af vel mótaðri áætlun. Víða gegndi áhugasamur og úrræðagóður bekkjarkennari lykilhlutverki og léti hann af störfum reyndist erfitt að yfirfæra þekkingu og vinnulag. Vinnubrögð margra kennara einkenndust að auki af „þögulli þekkingu“ (tacit knowledge) (Polanyi, 1967), þeir áttu erfitt með að útskýra ákvarðanir sínar og vinnubrögð og þar með að leiðbeina stuðningsfulltrúum og öðru starfsfólki skóla. Hraði, annríki, takmörkuð tengsl við stoðkerfið og skortur á verklagsleglum og skýrum

boðleiðum torvelduðu einnig yfirfærslu þekkingar úr einum stað í annan. Því varð ástandið brotakenndara en ella og „sífellt verið að finna upp hjólið“ eins og margir viðmælendur höfðu að orði. Formlegar einstaklingsáætlanir voru sjaldséðar og alger undantekning að fyrir lægi skilgreining á heildarþörfum nemanda með skýrum markmiðum um árangur og leiðir.

Hvað þarf til?

Til að stuðla að þátttöku nemenda með hreyfihömlun þarf að vera gott samspil milli þeirra krafna sem mismunandi aðstæður fela í sér og nemandanna sjálfra. Ef hefðbundnar leiðir duga ekki er oft hægt að nota aðrar aðferðir til að ná settu marki. Vettvangsferðir reyndust mörgum erfiðar, sér í lagi ferðalög í íslenskri náttúru þar sem erfitt yfirborð torveldaði aðgengi. Stundum var hreinlega ekki reiknað með að nemendur með hreyfihömlun færu með í vettvangsferðir og var þeim þá ýmist ætlað að sitja heima eða fengin önnur viðfangsefni. Hins vegar komu einnig fram áhugaverð dæmi um hið gagnstæða sem staðfestu að með jákvæðum viðhorfum, útsjónarsemi og sveigjanleika má beita óhefðbundnum leiðum til að stuðla að árangri.

> Hera Harðardóttir nemandi í 3. bekk átti erfitt með að ferðast um innan dyra og utan vegna vöðvasjúkdóms sem fól í sér skertan styrk og jafnvægi. Þegar kom að tveimur fyrstu vettvangsferðum haustsins útvegaði Sigrún bekkjarkennari tryggan reiðskjóta og kom því til leiðar að teymt var undir telpunni í náttúrunni í nágrenni skólans. Auk aðstoðarmanns komu tveir foreldrar með í ferðirnar þannig að fyllsta öryggis væri gætt. Bekkjarfélagarnir voru hinir ánægðustu yfir að Hera gæti tekið þátt með þeim og enginn fetti fingur út í að hún væri sú eina sem fengi að vera á hestbaki.
>
> (Samkvæmt viðtali við foreldra og kennara Heru Harðardóttur, 2003).

Í þessu tilviki fór saman gagnger aðlögun á viðfangsefninu (ferðast um í náttúrunni), styrkleikar í samfélagi og menningu (sterkur og úrræðagóður kennari og styðjandi félagahópur) og styrkleikar hjá barninu sjálfu (ljúft viðmót og viljastyrkur) sem leiddu til þess að þátttaka var tryggð við þessar annars erfiðu aðstæður.

Könnun á því hvað skipti mestu um þátttöku nemenda leiddi ætíð í ljós virkt samspil nemanda, umhverfis og viðfangsefna en breytilegt var hvaða þættir skiptu sköpum hverju sinni. Stundum var það viljastyrkur, þrautseigja eða félagsfærni nemanda. Í öðrum tilvikum höfðu jákvæð viðhorf og heiltæk

sýn skólasamfélagsins, samvinna skóla og heimilis, eða tiltekinn búnaður úrslitaáhrif á hlutdeild. Oft var breyting eða aðlögun á viðfangsefnum forsenda þátttöku. Law, Cooper, Strong, Stewart, Rigby og Letts (1996) settu fram líkan um samspil einstaklings, umhverfis og iðju. Með aðlögun má nýta líkanið til að skoða og skilgreina þátttöku nemenda með hreyfihömlun við mismunandi aðstæður í skóla. Sveigjanleiki líkansins leiðir til þess að afstaða milli víddanna þriggja getur verið mismunandi, en aukin skörun stuðlar að aukinni þátttöku. Sem fyrr segir byggja mismunandi aðstæður á tilteknum umhverfisþáttum og viðfangsefnum.



Mynd 2. Áhrifaþættir á þátttöku nemenda með hreyfihömlun við mismunandi aðstæður í skóla

Hvert er svo notagildi líkansins? Ef allir þessir þættir hafa áhrif á þátttöku, hvert er þá best að beina sjónum til að auka hlutdeild nemenda og færni?

Yfirleitt er árangursríkara að aðlaga umhverfi og viðfangsefni en að reyna breyta nemendum, þar eð meirihluti þessa tiltekna hóps hefur fötlunargreiningu/ástand sem alla jafna tekur ekki gagngerum breytingum. Jafnframt er mikilvægt að greina styrkleika hjá barni og umhverfi til að þróa leiðir til þátttöku og árangurs. Eins og fram kom í upphafi eru áhrif skerðingar á þátttöku oft óljós vegna þess að þar kemur ætíð til samspil við umhverfið, það er, hvernig umhverfið býr að einstaklingnum og tekur tillit til sérþarfa hans. Iðulega er vandi nemenda með hreyfihömlun heimfærður upp á skerðingu þeirra meðan aðrir þættir ráða úrslitum um þátttöku og virkni. Mörg þeirra vandamála sem þátttakendur í þessari rannsókn stóðu frammi fyrir stöfuðu til dæmis af tímaleysi og álagi sem auðveldlega hefði mátt koma í veg fyrir með breyttu skipulagi, meira svigrúmi og aukinni þekkingu á tiltækum úrræðum.

Mismunandi skilningur á þátttöku

Nemendur og aðrir viðmælendur voru ekki alltaf sammála um hvaða aðstæður væru mest krefjandi. Foreldrar og kennarar höfðu iðulega áhyggjur af því að nemendur fengju ekki viðfangsefni við hæfi og að þörfum þeirra væri ekki fyllilega mætt í sérgreinatímum. Aðspurðir sögðu hins vegar margir nemendur sérgreinatímana sína uppáhaldstíma. Minni nemendahópar, aukið valfrelsi og sveigjanlegri umgjörð, sem gerði nemendum kleift að vinna á mismunandi hraða, stuðlaði meðal annars að vinsældum sérgreinatímanna.

Hins vegar var skilgreining nemenda á þátttöku nokkuð breytileg eftir aldri. Yngri nemendur lögðu mesta áherslu á að fá að vera með bekkjarfélögunum, þótt þeim væru stundum fengin önnur viðfangsefni. Þau eldri sættu sig verr við einhæf viðfangsefni eða aukið erfiði við framkvæmd, svo sem í íþróttatímum, og fannst tíma sínum þá illa varið. Þrátt fyrir dæmi um hið gagnstæða urðu nemendur alla jafna gagnrýnni og meðvitaðri um stöðu sína og vanda samfara auknum aldri og þroska.

Þar sem best gekk upplifðu nemendur sig sem fullgilda þátttakendur í bekkjarstarfi þrátt fyrir að þeir framkvæmdu viðfangsefni oft á annan hátt en aðrir. Bekkjarfélagar, foreldrar og kennarar virtust á sömu skoðun. Sú spurning vaknar hvort raunverulegt vandamál sé fyrir hendi við slíkar aðstæður? Hvers vegna að skilgreina vanda sem er ekki til staðar samkvæmt áliti helstu aðila, nemenda, kennara og foreldra? Á hinn bóginn ber að gæta fyllstu varfærni í ljósi þess hve lítið þurfti til að breyta áliti og skilgreiningu þátttakenda. Þótt vel gengi eitt árið gat allt annað verið uppi á teningnum

næsta vetur í kjölfar breytinga í kennaraliði, félagahópnum eða samfara breyttum námskröfum. Því þurfa málin að vera í stöðugri endurskoðun og mikilvægt að sofna ekki á verðinum.

Þrátt fyrir að greint sé á milli þátttöku (participation) og athafna (activity) í ICF (World Health Organization, 2001) heimilar flokkunarkerfið eingöngu að þátttaka sé skilgreind sem aðild að athöfnum. Ánægja einstaklinga með eigin hlutdeild og upplifun þeirra af sjálfræði og sjálfstæði er því ekki metin.

Lokaorð

Þátttaka nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi er flókið fyrirbæri sem byggir á fjölmörgum umhverfisþáttum, persónueinkennum nemenda og loks þeim kröfum sem mismunandi viðfangsefni skóla fela í sér. Breytilegt var hvað réð mestu um þátttöku hvers nemanda og oftast var um að ræða samspil ólíkra vídda eða þátta sem ýmist stuðluðu að eða torvelduðu hlutdeild. Jafnframt var þátttaka verulega mismunandi eftir aðstæðum. Þörf fyrir aukna þekkingu, betra skipulag, greiðari aðgang að fagfólki og samvinnu milli skóla, fjölskyldu, heilbrigðis- og félagskerfisins kom ítrekað fram. Þess má geta að samkvæmt bandarískri löggjöf ber að veita nemendum með sérþarfir tiltekna stoðþjónustu sem tengist námi þeirra (educationally relevant) eða veitir aðgengi að menntun (Giangreco, 2001; "Individuals with Disabilities Education Act Amendments of 1997,"). Hér á landi er hins vegar ekki gerður greinarmunur á hefðbundinni heilbrigðisþjónustu, sem hefur að markmiði að auka heilbrigði og koma í veg fyrir sjúkdóma, og þjónustu sem auðveldar menntakerfinu að mæta þörfum nemenda með hreyfihömlun, svo sem að gera húsnæði aðgengilegt, útvega nauðsynlegan búnað og gera nemendum kleift að takast á við hefðbundin viðfangsefni skóla. Skilningur menntakerfisins á þörf fyrir aukna og fjölbreytilega þjónustu vegna nemenda með hreyfihömlun hefur verið takmarkaður til þessa. Hugsanlega leiðir breytt tilhögun í skólastarfi til aukinnar samvinnu og samhæfingar þjónustu, enda eru þeir þættir meðal mikilvægustu skilyrða skólastarfs án aðgreiningar (Arthur Morthens, 2004; Rósa Eggertsdóttir o.fl., 2002). Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta mikilvægi þess að aðlaga umhverfi og viðfangsefni til að stuðla að aukinni þátttöku nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi.

Heimildir

Arthur Morthens. (2004). Sérkennsla á krossgötum. *Glæður: Tímarit um uppeldis og skólamál, 14*(1), 26-32.

CAOT. (1997). *Enabling occupation: An occupational therapy perspective*. Ottawa: CAOT Publications.

Coster, W. (1998). Occupation-centered assessment of children. *American Journal of Occupational Therapy, 52*(5), 337-344.

Coster, W., Deeney, T., Haltiwanger, J. og Haley, S. (1998). *School Function Assessment: User's manual.*: The Psychological Corporation.

Coster, W., Mancini, M. C. og Ludlow, L. H. (1999). Factor structure of the School Function Assessment. *Educational and Psychological Measurement, 59*(4), 665-677.

Creswell, J. W. (2003). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (second ed.). Thousand Oaks, CA: Sage.

Giangreco, M. F. (2001). Interactions among program, placement, and services in educational planning for students with disabilities. *Mental Retardation, 39*(5), 341-350.

Hemmingsson, H. og Borell, L. (2000). Accommodation needs and student-environment fit in upper secondary schools for students with severe physical disabilities. *Canadian Journal of Occupational Therapy, 67*, 162-172.

Hemmingsson, H. og Borell, L. (2002). Environmental barriers in mainstream schools. *Child Care Health and Development, 28*(1), 57-63.

Individuals with Disabilities Education Act Amendments of 1997.

King, G. o.fl. (2003). A conceptual model affecting the recreation and leisure participation of children with disabilities. *Physical & Occupational Therapy in Pediatrics, 23*(1), 63-90.

Law, M. (2002). Participation in the occupations of everyday life. *American Journal of Occupational Therapy, 56*(6), 640-649.

Law, M. o.fl. (1996). The person-environment-occupation model: A transactive approach to occupational performance. *Canadian Journal of Occupational Therapy, 63*, 186-192.

Law, M. o.fl. (1999). Environmental factors affecting the occupations of children with physical disabilities. *Journal of Occupational Science, 6*(3), 102-110.

Mancini, M. C., Coster, W. J., Trombly, C. A. og Heeren, T. C. (2000). Predicting elementary school participation in children with disabilities. *Archives of Physical Medicine and Rehabilitation, 81*(3), 339-347.

Patton, M. Q. (2002). *Qualitative research & evaluation methods* (3 ed.). Thousand Oaks: Sage Publications.

Pivik, J., McComas, J. og LaFlamme, M. (2002). Barriers and facilitators to inclusive education. *Exceptional Children, 69*(1), 97-107.

Polanyi, M. (1967). *The tacit dimension*. Magnolia, MA: Peter Smith.

Rósa Eggertsdóttir o.fl. (2002). *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofun Kennaraháskóla Íslands.

Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics of qualitative research*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications, Inc.

World Health Organization. (2001). *International Classification of Functioning, Disability and Health*. Geneva: World Health Organization.

The Perception of Trees and Forested Environments in Iceland

Adriana Binimelis Sáez

When I arrived in Iceland for the first time in August 1997, like often tourists have reported, I was astonished by the lack of vegetation. The view I saw reminded me of the huge extension of land, the 'cold desert', I had seen in the southern part of my country (Chile), where native forests were long ago removed in order to develop farming and agriculture.

Being an anthropologist who had work in the area of environmental issues, particularly those related to people's relation with native forests, I wondered if I could carry on developing this interest in Iceland at all. As the time passed, I realised that trees where usually close to the places where people were living (such as cities, gardens, or right next to the farm house), and some patches of greenery could be appreciated when travelling in the countryside. How these trees arrived to these places?

In 2001 I became acquainted with the existence of the Icelandic Forestry Association, and then I started to think about the possibility of undertaking a research degree at the University of Iceland. My initial question was about changes in Icelandic public opinion concerning environmental issues, but by studying forestry in Iceland I saw an opportunity to becoming to know the people involved in the area and their aims (or what I considered, was the project of transforming a deserted landscape into a green and productive dwelling). Also, I thought the case would be a good example of people's influence on their surroundings, that is, forestry as a way humans do affect and change environments; and, I expected I could become to know how in the Icelandic society, the public opinion participates in the process and discussion related to environmental issues.

The Research Project

The theme of my research project - which I formally started in September 2001 - concerned with the perception of trees and forested environments in Iceland, in particular, the environmental changes that had occurred due to afforestation during the period 1950 - 2000. In other words, I intended to explore people's perception of forests, and folk ideas and attitudes towards the development of forestry in the country.

Since then, I have reviewed written sources (mainly in English), have interviewed tens of people involved in forestry at various levels, I have participated in some of the activities of the Icelandic Forestry Association and the Icelandic Forestry Service, and had stayed 4 months doing fieldwork at Hallormsstadur.

The final thesis will be finished hopefully by the end of 2004. Therefore, what I will present in the following part are some previous conclusions intending to give the reader an idea of the main findings.

I thank indeed the support I have received from the Icelandic Forest Service and its Research Centre at Mogilsa, which between other things, provided me with the facilities to do fieldwork at Hallormsstadur, and invited me to attend various meetings and conferences organised by them. I am also grateful to the Icelandic Forestry Association, which generously provided written material and all kind of information. The people working at both organisation warmly welcomed my curiosity in their activities and themselves. Very important too has been the economic support received from the Icelandic Research Council, and the Consul of Chile in Iceland.

Theoretical background

The theoretical ideas supporting the research come mainly from the British anthropologist Tim Ingold, who in his work 'The Perception of the Environment. Essays in livelihood, dwelling and skill' (2000) developed his 'Sentient Ecology'.

In few words, he calls to overcome dualistic distinctions - such as nature/culture and body/mind-, that have prevailed in anthropology during the last decades, in particular when tackling the question on the relationship between people and their environments.

In Ingold's understanding, a person's environment is constituted by non human-made elements, human-made elements, and other human beings (the social environment). And because "the most fundamental thing about life is that it does not begin here or there, but is always going on (..) for the same reason, environments are never complete but are continually under construction" (Ingold, 2000:172)[1]

Incorporating ideas from Phenomenology and Gibson's Ecological Psychology, Ingold contends that perception is "an active and exploratory process of information pickup [that] far from working on sensations already received, it involves the continual movement, adjustment and reorientation of the receptor organs themselves. [Therefore] what we perceive must be a direct function of how we act. Depending on the kind of activity in which we are engaged, we will be attuned to picking up particular kinds of information. The knowledge obtained through direct perception is thus practical, it is knowledge about what an environment offers for the pursuance of the action in which the perceiver is currently engaged. In other words, to perceive an object is to perceive what it affords" (2000:166).

The perception of trees and forested environments by people involved in forestry

When becoming to know the people who works today in forestry, the first distinction I did find was between those who had received a professional/academic formation, and those who haven't. The first ones would be often in positions where decisions were taken, or leading research activities; whereas the second group would develop activities directly related to the maintenance and management of forests.

People in the first group usually knew about forestry in their early years of life (often introduced by a close relative or friend), experienced the countryside in such a way that the idea of an eroded land was early acknowledged; and, had some kind of experience doing forestry before taking formal studies.

The latter group often arrived to forestry because they saw an immediate job opportunity. They had had little previous knowledge on forestry, but as practice was gained personal involvement and interest in the field grew up.

---

[1] Ingold, Tim (2000). *The Perception of the Environment. Essays in livelihood, dwelling and skill.* London: Routledge.

When describing the main issues that had contributed to the development of forestry in Iceland, the people involved pointed out that - in its beginnings - the development of forestry was closely related to the aims of fighting soil erosion, protecting the remnants of birch forest, and making Iceland self-sufficient in terms of wood supply.

When looking at the historical development occurred during the last fifty years, they described it as the process of the Icelandic people becoming convinced that 'forestry in Iceland is possible'. Attending to the main issues contributing to such development, I have divided the period in decades, but my informants did not necessarily followed this pattern.

In the 1950s, the public opinion knew ideas on conservation and problems due to land degradation, thus the discourse denouncing erosion due to human practices (in the past and present) had a place in the public discussion. Forestry was well established at the institutional level - the Icelandic Forest Service and the Icelandic Forestry association had been working for many years - but the scope of their activities was quite marginal and limited.

During the 1960s the image of the forestry sector declined due to the death of many trees planted in the previous years, caused by drastic oscillations in daily temperature and the appearance of diseases. This issue had a devastating impact in those trying to bring forwards the ideas related to forestry. At that time sheep farming was the main activity developed in the countryside, and 'foresters' were just 'crazy people' who were against 'farming and agriculture'.

But a turning point occurred in 1965, when the Forest Service started to plant on 'naked land' (until then, most of the planting had occurred inside the birch forest). At that moment the 'pioneers' did not imagine the results and the posterior impact on people's perception this was going to have.

In the 1970s a pilot project of afforestation on farmers' land started in the Fljotsdalur (North-East of the country), involving five farms. This was the continuation of the planting done in 1965. The little participation occurred due to the lack of interest, and not by limitations defined in the project itself. Also during this decade, the State decided to finance 'land reclamation' projects which renewed the interest in planting trees.

The 1980s are considered years of great favourable changes for the development of forestry. In the agricultural sector the sheep stock was drastically reduced, mainly due to decreased subsidies on meat production, the reduction of meat products demand, and not the least, because of a sickness affecting sheep which lead to their killing. In 1980, a major

emphasis on publicity and diffusion occurred when the Forestry Association declared its campaign "The year of the Tree". In the political area - also in 1980 - Vigdís Finnbogadóttir was elected president (and was in power until 1996). During her presidency she planted birch trees every time she visited a place in the country. By doing this, she became the most popular supporter of afforestation, and this had a great positive impact on the public opinion. Also, another important issue occurred in 1984 - in the legal area - when a law on production forestry in farmlands was promulgated. This was the very first law announcing subsidies to promote the development of forestry.

Finally, the 1990s are considered the years of 'consolidation', or decisive turning point: in 1990 a law was passed establishing the *Héraðsskógar* project, that is, the State would support the development of forestry for many years, assuming the initial costs of afforestation. Thus, the pilot project of the 1970s was prolonged and enlarged. In terms of publicity and diffusion, the Icelandic Forestry Association began another public campaign in 1990, which was called "Land Reclamation Forest", and its aim was to promote tree planting on eroded land.

Summarising, during the period 1950 - 2000 the increase in resources destined to afforestation projects, and the emergence of plantations that were developing successfully, had a major impact in the public opinion, and radical changes related to the possibility of developing forestry in Iceland started to occurred: as people saw that trees could grow 'on naked land' they started to believe that forestry was possible.

In terms of the variation in the discourse about forestry, I recognise four main aspects. First, the interest people had towards trees and afforested environments varied from being quite indifferent towards them, to manifesting a keen interest in planting trees and creating arboreal surroundings (both, in urban and rural areas). This process started about 40 years ago. Second, the level of scepticism towards the possibility for trees to grow in the country varied from not believing and/or being sceptical about the possibility, to considering possible and even desirable to plant trees. According to the people involved in forestry, this process started no more than 20 years ago: "You only have to go 15 years back, and then most people didn't think it was possible to grow trees". Third, with respect to silvicultural concerns, the main preoccupation that people had for many years about the planted trees referred to their height. Nowadays, the main concern is about how the forests and the introduced (exotic) species are fitting in the Icelandic landscape. Finally, another variation refers to the aims of forestry. From conservation and combating erosion, today the planting work in Iceland is

much diversified and people talks about 'productive forestry' (that is, planting for commercial purposes), 'land reclamation forestry' (that is, afforestation destined to recuperate eroded land and/or improving soil conditions), 'protective forestry' (the one destined to improve environmental conditions for another activities, for example, through the creation of 'shelter belts'), 'recreational forestry' (that is, the creation of spaces for the practice of sports and the enjoyment of nature), and 'urban forestry' (the greening and gardening - particularly as recreational areas - that occurs inside the urban boundaries).

The most prominent actors developing forestry today are the farmers involved in afforestation projects all around the country, the State Forest Service and the people participating in the Forestry associations. Delimiting the boundaries between these entities can be pretty difficult as a same person may participate in all these groups, and the sharing of information and co-operation is very active between them.

The farmers initially had no interest in planting trees and/or were very sceptics. Today many of them are participating in afforestation projects that counts with loans from the State, destined mainly to cover the initial costs of planting. They see in forestry a source of income (specially in the immediate term), it adds commercial value to their land, constitutes a temporarily job opportunity for all family members, it is compatible with other activities developed in the farm or other places, it constitutes an opportunity for learning something new, and it improves the conditions for developing another productive activities (such as farming and tourism).

For the people working at the Icelandic Forest Service forestry ensures the existence of the remnants of native birch forests, it increases the woodland surface of the country, and it promotes rural development. With respect to the latter, forestry improves life conditions when, for example, providing a new motivation for the farmers to remain in their lands.

For people participating in the Forestry associations - distributed all around the country - forestry constitutes the possibility of putting forwards an ideology and a vision, that is, the environmental project of greening Iceland. Working on the basis of their own interest and motivation (that is, no commercial interest or direct personal benefit), they also see forestry as a social project that involves a 'social responsibility', that is, they have in mind the future generations and their well-being. In this sense, many consider that people can live well only where there is vegetation. Thus, trees are a sign of human activity and provide life to the environments where they inhabit.

People involved in forestry are aware that they are modifying the landscape with forests. In their discourse 'plantations' and 'forests' are often synonymous. Also, it does not matter if the altitude of the trees is a meter high or thirty meters high. They will refer to both environments as 'forests'. These are environments created by humans, therefore, they are an expression of people's perseverance and will power.

In their view, the impact forestry will have in the landscape in the long term is not possible to predict. Nevertheless, and despite all the increment in the planting work, the total surface afforested will be quite small and insignificant with respect to the surface of the country.

One effect already recognised is the great influence that forests have in changing local weather conditions. Also, forests themselves varied from one season to another, and with that, they influence the type of activities that people might develop in the forest.

The state of a forest is usually assessed in terms of its altitude (when inside the forest), and the extension of the surface covered (when observing it from far away). In this sense, an afforested environment is in the first place a visual experience, and it will be valued in terms of the 'panoramic view' that it affords. Thus, although the social value that trees themselves enjoy, the presence of open spaces and wide horizons remain as a distinctive and desirable feature of the landscape.

As forests grow and people start to spend more time in these environments, new experiences start to be described. For example, forests afford particular experiences in terms of hearing, like the noises produced by the wind through the trees, the running water that becomes a point of reference, and the bird presence that is assumed after a certain noise. Also, smelling acquires a particular character (for example, 'the smell of trees') and gradually, changes in the ground become to be noticeable (for example, the appearance of mushrooms, unseen before). The latter is often considered a sign that biodiversity increases in the local environment due to forestry.

The main concern that 'forestry people' have today refers to 'undesirable' environmental change that could occur in special areas, that is, those defined as 'fragile' and/or uncommon ecosystems, as well as those ones with cultural value (i.e. archaeology). Therefore, the preventive measure that was usually pointed out was the importance of 'choosing the right place' for planting.

Above all, people involved in forestry fierily believe in the goodness of afforestation, and its positive impact on the local environment. For them, the 'Icelandic forests' are real, beautiful and necessary.

The perception of forested environments by people not involved in forestry

The ideas previously mentioned, in my view, greatly contrast with those of people not involved in forestry. A possible explanation might lie in the differences in engagement that the latter group has with forested environments, that is, its little dwelling and/or access to them.

When asking people not involved in forestry about the existence of 'Icelandic forests', I often received two type of answers: "Yes, there are forests in Iceland", and "No, there are no forests in Iceland". The former answer usually was followed by a complement that, in my understanding, tended to reinforce such environments as very 'particular ones', and where the concept 'forest' might be used in a too accommodating way. Thus, 'Icelandic forests' are the groups of trees that grow in the city and/or near to it and, are the few remnants of birch trees founded in the countryside, specially at Hallormsstadur and Vaglaskogur.

The latter answer - the 'radical negation' - contends that some people had planted trees here and there (for example, where the summer houses are), but these group of trees are not forests strictly speaking, they are 'just few trees together'. The mild version of this negation might recognises the presence of 'small forests here and there' (for example, those located in the Eastern part of the country), but they do not constitutes proper and real forests. The difference between having trees (or group of trees) and forests is usually determined attending the height of trees and the size of the afforested surfaces. In Iceland, both are considered rather small.

In terms of the environmental impact, the presence of trees is perceived as positive when protecting from the wind, they combat or prevent erosion, are good for birds, are beautiful, and create cosy enclosures where to stay. In terms of the negative impacts, people mentioned that trees prevent the panoramic view of the landscape, and look like 'not quite part' of the Icelandic landscape.

This people usually had very little knowledge on the history of the forestry development in the country (this was most notorious in people under 35 years old). They often expressed a neutral position towards afforestation, that is, there was no opposition to planting trees, specially if it was destined to combat soil erosion. They mentioned to be aware of changes in the local environment due to the presence and growth of trees, specially in

the areas around the cities, but also pointed out the disappearance of the countryside due to urbanisation.

Conclusion

By developing this research I have found that people involved in afforestation - the 'forestry people' - constitutes a peculiar group in the context of the Icelandic society. They fiercely denounced erosion, but above all they are committed to change the look of the landscape from a 'deserted and empty land' to one that is green and rich in biodiversity. Their involvement in what they do, their experience of their surroundings, and their appreciation of trees are so interrelated that they 'see' forests and afforested environments where others see nothing. For the Icelandic forestry people, 'potential forests', 'future forests', 'little forests' and 'real forests' have all a relevant value. Each one offers a particular experience of dwelling in a forested environment.

The history of forestry in Iceland and how people's attitudes towards trees had changed through the time, provide a good example of how the relationship between humans and their surroundings work both sides, that is, both are mutually affected. The case is also useful to exemplify how environments are always in their making. We, humans, can contribute both to their impoverishment as well as their enrichment (for example, in terms of their biodiversity), but by no means we are 'neutral' or 'outside' of such process.

„Málsvari heimsósóma“

Hallfríður Þórarinsdóttir

„Hugumprúðir víkingar innblásnir af rómantík 19. aldar slógu um tunguna vörð. „Land, þjóð, tunga, þrenning sönn og ein,“ höfðu menn kyrjað um hríð ... (Tungan) varð viðurkenndur grundvöllur þjóðernisins sem varð loks „okkar“ 1944, um það leyti sem evrópsk þjóðernisstefna var að klára sitt harakírí“ (Haukur Már Helgason, 2003: www.kistan. Kistugrein nr. 1924)

Í nýlegri doktorsrannsókn minni *Purity and Power: The Policy of Purism in Icelandic Nationalism and National Identity*, rannsakaði ég tilurð og þróun íslenskrar þjóðarímyndar (national identity) og beindi sjónum einkum að miðlægu hlutverki hreinleikahugtaksins í þessu mótunarferli og tengsla þess við vald (1999). Þar gerði ég bæði sögulega og samtímalega sundurgreiningu á áhrifum rómantískrar þjóðernishyggju á íslenska þjóðarmótun og þá hugmynd hennar (rómantískrar þjóðernishyggju) að tungumál og einkum þó s.k. hreint tungumál skipaði fólki í menningarpólitískar og að því er virtist eðlislægar einingar sem kallaðar væru þjóð/nation. Þessum hreinleikahugmyndum var síðan fylgt eftir og áhrif þeirra á íslenska málstefnu skoðaðar.

Í gegnum tíðina hafa talsmenn íslenskrar þjóðernishyggju og íslenskrar málstefnu upphafið „hreinleikann“ og haft afgerandi áhrif á hugmyndir Íslendinga um íslenskt mál og hvað það væri sem gerði þá að „þjóð meðal þjóða“. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar er sú að gagnrýnin umfjöllun um félagslega tilurð þessara hugmynda og pólitískt hlutverk þeirra í íslensku samfélagi hafi til skamms tíma verið afar takmörkuð meðal annars vegna þess að hugmyndin um „hreinleikann“ hefur verið umlukin helgiljóma og litið hefur verið á *þjóðina* og fylgifiska hennar þjóðmenningu og þjóðtungu sem náttúrusprottin fyrirbæri. Í doktorsritgerðinni er fjallað á gagnrýninn hátt um þetta mótunarferli þjóðarímyndar og hlutverk og samspil afla og einstaklinga (structure and agency) sundurgreint meðal annars með tilliti til kenninga um yfirráð/hegmóníu og vald.

Niðurstöður hafa að hluta verið kynntar og kallað á sterk viðbrögð. Viðbrögðin sem komið hafa bæði frá leikum og lærðum, hafa birst í ýmsum prentmiðlum auk umræðu í sjónvarpi og útvarpi. Flest viðbragðanna, sem

birst hafa í fjölmiðlum hafa einkennst af nokkuð harðri gagnrýni og sum af tilfinningahita. Þó eru hér undantekningar t.d. tvisvar í sjónvarpsþættinum *Silfur Egils,* sem sýndur var á sjónvarpsstöðini *Skjár einn* í nóvember 2000, og svo í sama þætti á sjónvarpsstöðini *Stöð 2* í janúar 2004. Munnlegan stuðning við rannsóknarniðurstöður hef ég líka fengið frá einstaklingum (málfræðingum og öðrum) sem sumir hverjir hafa haft á orði að það væri löngu kominn tími á gagnrýni eins og þá sem ég setti fram. Enn fremur er augljóst mál að sífellt heyrist í fleiri röddum sem gagnrýna íslenska málstefnu eins og þeirri sem vitnað var í upphafi auk annara sem vikið verður að síðar .

Í þessu erindi ætla ég að velta vöngum yfir því hvers vegna rannsóknarniðurstöður hafa kallað á þessi viðbrögð. Spyrja mætti hvort líklegt sé að rekja megi þessi sterku viðbrögð til þess að líta megi á íslenska þjóðernishyggju sem veraldleg trúarbrögð og að íslensk málstefna endurspegli einhverskonar skurðgoðadýrkun eins og Toshiki Toma hefur haldið fram (2000). Eða má skýra þau út með tilvísun í hræðslu við að missa tökin/valdið á því á hvaða hátt veruleikinn er túlkaður? (Bourdieu, 1991; Gal, 1989). Hér verður líkum leitt að því að svörin við þessum spurningum séu játandi þó vissulega séu tengsl eiginlegra trúarbragða og þjóðernishyggju miklu flóknara fyrirbæri en hægt er að gera grein fyrir hér.

Til að svara þessum vangaveltum er skyggnst í sögulegar rætur íslenskrar þjóðernishyggju. Enn fremur er fjallað stuttlega um þær niðurstöður rannsóknarinnar sem lúta að tengslum valds og þjóðernishyggju um leið og viðbrögðin á niðurstöðurnar eru sundurgreindar m.a. útfrá hugmyndum Bourdieus um táknrænt vald. En lítum á dæmið fyrst.

Árás úr útvarpi

Þann 16.október 2001 hlustaði ég líkt og fjöldi annara landsmanna á kvöldfréttir Ríkisútvarpsins og í framhaldi af þeim á fréttaskýringaþáttinn Spegilinn – sem innihélt reglulegan pistil s.k. Málfarsmínútu - og brá heldur í brún þegar ég heyrði eftirfarandi:

> „Nú þekkist sú skoðun og þykir fín að íslensk hreintungustefna sé eitt helsta kúgunartæki íslenskrar málvaldastéttar, tengist með sérstökum hætti Íslandi og íslenskri þjóðernisstefnu og beinist ekki aðeins gegn málhöltum Íslendingum heldur líka þeim innflytjendum sem hingað koma og eiga önnur mál en íslensku að móðurmáli. *Helsti málsvari þessa heimsósóma er mannfræðingurinn Hallfríður Þórarinsdóttir* sem hefur ritað doktorsritgerð um efnið, haldið um það erindi og skrifað í blöð hér á landi. Að sjálfsögðu er það rétt að tungumálið er eitt af

> máttugustu valdatækjum mannlegs samfélags. En það er bara alveg óháð íslenskri málpólitík og íslenskri þjóðernisstefnu. ..., Hreintunguþáttur íslenskrar málstefnu hefur... verið hinn alþýðlegasti og er mjög illa til gagnrýni fallinn sé ætlunin að berjast gegn málkúgun ráðandi afla“ (Gísli Sigurðsson í þættinum Málfarsmínútan 16. 10. 2001, skáletrun mín).

Það verður að segjast eins og er að mér varð nokkuð bylt við að heyra nafnið mitt nefnt þarna og vera um leið úthrópuð sem „málsvari heimsósóma.“ Fyrstu viðbrögð mín voru þau að ef til vill hefði ég að mati þáttastjórnanda framið einhverskonar glæp eða helgispjöll með því að setja fram gagnrýni á íslenska málpólitík og með því að tengja hana við þjóðernishyggju, völd og stjórnun. Áður en lengra er haldið er þó rétt að árétta að Gísli vitnar hvergi beint í skrif mín eða málflutning t.d. notar hann hugtakið „íslensk málvaldastétt“ sem ég hef aldrei heyrt hvorki fyrr né síðar. Bent er hér á grein um efnið eftir undirritaða sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins „*Trúin á hreinleikann og fjölmenningarlegt lýðræði – ósættanlegar andstæður,“ (28. apríl 2001).

Það er margt við þennan málflutning Gísla Sigurðssonar sem er athyglisvert. Hér er ekki á ferðinni einhver talmálsþáttur þar sem verið er að gaspra um málefni líðandi stundar og allt látið flakka. Þvert á móti, í Málfarsmínútunni og fyrirrennurum hennar, vanda menn val orða sinna, segja þau af yfirlögðu ráði. Í orðum Gísla, má í fyrsta lagi kenna ákveðið yfirlæti og hneykslan. Í öðru lagi, er leiðin sem hann velur til að gagnrýna hugmyndir þær sem ég hef sett fram um hlutverk málstjórnunar í mótun og þróun á íslenskri þjóðarímynd, athyglisverð í sjálfu sér. Leiðin felur í sér bæði vettvanginn og tímann - þ.e. besti útsendingatími í Ríkisútvarpinu – og vekur óneitanlega upp spurningar. Síðast en ekki síst, er vert að spyrja, afhverju þessi harkalegu viðbrögð? Hver er hann þessi *heimsósómi* sem undirrituð hefur gerst sek um? Hvað felst í honum? Margir fræðimenn hafa bent á að líta megi á þjóðernishyggju sem veraldleg trúarbrögð (Anderson, 1983; Greenfeld, 1992; Hobsbawm og Ranger, 1983). Stjórnmálafræðingurinn Anthony Marx heldur því t.d. fram í nýlegri bók sinni að þjóðernishyggjan eigi sér í raun rætur í trúarbrögðum (2003). Er þá mögulegt, eins og fyrr var spurt að þessi sterku viðbrögð megi rekja til þess að líta megi á þjóðernishyggju sem veraldleg trúarbrögð? Ef tekið er undir það er þá hægt að líta á gagnrýni mína sem einskonar drottinssvik, guðlast, helgispjöll, svik við málstaðinn, þjóðina?

Til að átta sig betur á gagnrýni Gísla Sigurðssonar er nauðsynlegt að líta á hverjar grunnhugmyndirnar í íslenskri málpólitík eru og hvaðan þær eru

ættaðar hvort heldur málpólitíkin eða málstefnan er kölluð hreintungustefna, málrækt eða málvernd. Íslendingar eru flestir aldir upp við þá hugsun að íslensk tunga sé það menningarlega einkenni sem geri þá að þjóð og aðgreini þá frá öðrum þjóðum. Þessar hugmyndir ganga þvert á alla flokkadrætti í pólitísku landslagi þjóðarinnar, eins og ræður talsmanna stjórnmálaflokkanna á 50 ára lýðveldisafmælinu á Þingvöllum 17. júní 1994 bera glöggt vitni (sjá *Morgunblaðið* 19. júní 1994).

Hin þýska arfleifð - ný veraldleg trúarbrögð

Eins og getið var í upphafi á hugmyndin um að „tungumál" geri fólk að *þjóðum*, sem eiga náttúrulegt tilkall til pólitískra yfirráða yfir tilteknu landssvæði, rætur sínar í menningarlegri eða rómantískri þjóðernishyggju, sem eins og flestir vita gaf íslenskri sjálfstæðisbaráttu á nítjándu öld byr undir báða vængi (sjá t.d. Guðmund Hálfdanarson, 2001). Til að glöggva sig betur á inntaki íslenskrar málstefnu er rétt að skoða ögn nánar þennan grunn. Rétt er að geta þess að menningarleg/rómantísk þjóðernishyggja hefur líka gengið undir nafninu málleg þjóðernishyggja (á ensku linguistic nationalism) þó svo það hugtak hafi, eftir því sem ég best veit, ekki náð mikilli útbreiðslu hér á landi (Hobsbawm, 1990).

Lærifaðir menningarlegrar þjóðernishyggju er álitinn vera þýski heimspekingurinn Johann Gottfried Herder, sem fyrstur setti fram hugmyndina um að sérstaða „þjóðarinnar" birtist fyrst og fremst í tungumálinu, þar byggi hinn sanni þjóðarandi, eða þjóðarkarakter. Í anda Herders litu rómantískir þjóðernisssinar svo á að tungumálið væri lykilinn að huga fólksins og í því endurspeglaðist túlkun þess og skynjun á lífinu. Þeir höfðu fyrst og fremst áhuga á móðurmálinu og þessi áhugi tengdist praktískum kennisetningum, sem gengu út á að hreinsa málið af hverju því sem talið var hafa spillandi áhrif á hreinleika þjóðarandans. Jafnframt var lögð áhersla á að vernda málið frá utanaðkomandi spillingaráhrifum eða „slæmum" áhrifum sem komu innanfrá, frá einstaklingum eða málhópum, sem talið var að ekki fylgdu settum reglum um hreinleika. (Berlin, 1992).

Félagsfræðingurinn Liah Greenfeld (1992) hefur bent á að fyrstu talsmenn þýskrar þjóðernishyggju hafi verið undir sterkum áhrifum frá Pietísma sem var trúarleg hugmyndafræði sem fram kom í Þýskalandi eftir Siðaskipti. Upphafning tungumálsins þ.e. *móðurmálsins* meðal þýsku rómantíkeranna á sér rætur í trúarlegri hugmyndafræði Pietismans.

Þar sem íslensk málleg þjóðernishyggja er undir ákaflega sterkum áhrifum frá þessum hugmyndum er vert að líta aðeins nánar á þessi trúarlegu element. Greenfeld segir að þýsk rómatísk þjóðernishyggja hafi gert hugmyndir Píetista að sínum og gert þær veraldlegar og gat þess vegna viðhaldið trúarlegum einkennum á tímum þegar máttur trúarbragða var á hröðu undanhaldi. Píetisminn hafði þróast úr gömlum trúarbrögðum og fyrir fylgismenn hans var trú tilfinning. Rómantíkerarnir breyttu þessari hugmynd og fyrir þá var það tilfinningin sjálf, sem varð trúin. Þessi hugmynd um Guð sem tilfinningu var ekkert minna en ný trúarbrögð, segir Greenfeld, en í raun veraldleg. Þetta var ekki meðvitaður ásetningur af hálfu rómantíkeranna og eins og Greenfeld hefur bent á þá hafa áhrif þessa ekki verið metin til fulls, en urðu engu að síður „sáðland veraldlegra trúarbragða 19. og 20. aldarinnar sem umbreyttu lífi okkar“ (Greenfeld, 1992:330). Þegar latínan hvarf af vettvangi sem *lingua franca* heilagra hluta kölluðu Siðaskiptin á aukna þörf eftir útgáfu trúarlegra rita á staðbundnum tungumálum. Með tilkomu prenttækninnar flýttu þessar útgáfur fyrir stöðlun tungumála. Benedict Anderson hefur, í bók sinni *Imagined Communities* (1983) sem nú er orðin klassík, bent á að þessar breytingar sem leiddar voru áfram af málstöðlun hafi rutt veginn fyrir tilurð þjóðarímynda og þjóða. Anderson tekur undir með Greenfeld um trúarlegan þátt þjóðernishyggju, sem gerir hana jafnframt öðruvísi en alla aðra pólitíska hugmyndafræði í nútímanum.

Þjóðin og þjóðtungan - valdið

Lengi vel var sú hugsun ríkjandi í fræðilegum skrifum að *þjóðin* væri svo gott sem náttúrusprottin eining, hugmynd sem rekja má aftur til Herders og félaga og hafa talsmenn þessara hugmynda verið kallaðir eðlishyggjumenn eða primordialistar (Spencer og Wollman, 2002, Özkirmili, 2000). Laust eftir 1980 urðu vatnaskil í fræðlegri umfjöllun um þjóðerni og þjóðernishyggju. Þá komu fram kenningar sem – þó um margt séu ólíkar – ganga útfrá því að þjóðin, þjóðríkið og fylgifiskar þeirra, þjóðmenning, þjóðarímynd og þjóðtunga séu afurð nýsköpunarinnar og því ekki mikið eldri en tvö hundruð ára eða svo. (Sjá t.d Anderson, 1983; Gellner, 1983; Hobsbawm, 1990). Þó vissulega sé hér um margsleitan hóp fræðimanna að ræða hafa þeir verið kallaðir einu nafni módernistar. Í fyrrgreindri rannsókn minni á tilurð íslenskar þjóðarímyndar tek ég undir þessar hugmyndir. Þetta sjónarhorn á þjóðernishyggju gerir ekki ráð fyrir að þjóðin sem samfélag, né heldur þjóðmenning hafi einhverjar eðlislægar eigindir. Hins vegar er litið svo á að

þjóðarímynd og þjóðmenning – afurðir þjóðernishyggjunnar – séu mótanleg og hreyfanleg fyrirbæri.

Að sama skapi hafa mannfræðingar endurskoðað og skilgreint menningarhugtakið. Í anda Bourdieus (1977) líta þeir nú á menningu sem einskonar breytanlega útkomu úr praxís og eru fyrst og fremst uppteknir af því að skilja útkomuna úr hinu síkvika sampili milli einstakra aðila og félagslegra afla. Hugmyndir um vald og hegemóníu eru því grundvallaratriði til að skilja hvernig menning er mótuð og endurmótuð í tímans rás.

Franski heimspekingurinn Michel Foucault segir að líta megi á vald sem skipulögð tengsl og að valdið sé óaðgreinanlegt frá sannleikanum - það þarf vald til að skilgreina, eða framleiða sannleikannn (Foucault, 1980). Þessi nýi skilningur á menningarhugtakinu, valdi og sögu hefur varpað nýju ljósi á skilning mannfræðinga á þjóðmenningu og enn fremur á tengsl valds og tungumáls. Því má færa fyrir því rök að málpólitík, hvort sem við kjósum að kalla hana málvernd, málrækt eða hreintungustefnu, sé tæki til félagslegar stjórnunar. Hin ráðandi öfl hafa tök á því að setja reglurnar um hvernig og með hvaða orðum á að túlka þann veruleika sem íslenskumælandi fólk býr í.

Þegar litið er á rómantískan skilning á þjóð, menningu og tungu, sem einskonar náttúrusprottnum fyrirbærum og hann skoðaður, kemur í ljós að hann er allsendis ófær um að sundurgreina tengsl þessara þátta („þjóðar", „menningar" og „tungumáls") og valds. Með öðrum orðum þá verður skilgreining á hvað gerir þjóðina að þjóð, hvað telst til menningarinnar og hvað ekki og enn fremur hvernig tungan er skilgreind, hvar mörkin eru dregin, ekki spurning um þátt einstakra aðila eða afla og vald þeirra til að skilgreina þessa hluti, heldur eru þessar skilgreiningar svo gott sem gefnar. Skilgreiningarnar virðast liggja í hlutarins eðli, vera eðlilegar en ekki spurning um mannanna stjórn. Í þessu sjónarhorni er aldrei efast um valdið til þessara skilgreininga, því ef það er svo gott sem náttúrusprottið þarf ekki spyrja. Sama gildir um málstefnu eða pólitík; hún verður aðeins spurning um að lúta einskonar náttúrulögmálum.

Hér má líka benda á að Bourdieu (1991) hefur sett fram hugtakið „táknrænt vald" m.a. til að skýra út hvers vegna þeir sem ekki búa yfir sama mállega kapítali og þeir sem stjórna sætta sig við gildi sem ganga gegn þeirra eigin hagsmunum. Táknrænu valdi er venjulegast ekki beitt með líkamlegu afli heldur er því umbreytt yfir í táknrænt form og gefið lögmæti sem það annars ekki hefði. Iðkun eða beiting táknræns valds stendur og fellur með því að þeir sem eru því beittir trúi á lögmæti þess. Líta má á málstefnu sem táknrænt vald í anda Bourdieus. En hvað er þá málstefna?

Hvað felst í málstefnu?

Hvað er málstefna, málstjórnun og/eða málpólitík og í hverju felst hún? Í fyrsta lagi þá er óhætt að segja að hún sé bæði fræðileg grein og pólitískt verkefni, líkt og málvísindamaðurinn James W. Tollefson (1991) hefur bent á. Ólíkt félagsmálvísindum þar sem áherslan er á að skoða mállegan mismun þá hefur málstefna byggt á þeim hefðbundna skilningi að tungumál sé einhverskonar heildstæð og stöðug eining, hugmyndir sem rekja má til Herders og fylgismanna og eru ákaflega áberandi í hreintungustefnu (Haugen, 1987).

Margir gera greinarmun á hugtökunum málstefna annars vegar og málstjórnun og/eða málpólitík hins vegar og líta svo á að fyrra hugtakið eigi við allar meðvitaðar tilraunir til að hafa áhrif á gerð eða strúktúr málafbrigða en hið síðara vísi einungis til opinberra afskipta og verkefna. Tollefson (1991) hefur varað við þessari skiptingu og bent á að þessi aðgreining dragi úr hinum nánu tengslum hins persónulega (enska: private) og opinbera (enska: public). Hefðbundin skilgreining á málstefnu hefur líka gengið útfá því að hún sé í eðli sínu óháð tíma, aðgerðum og valkostum. Slíkur skilningur gefur enga innsýn í hugmyndafræðilegan grunn málpólitíkur né heldur að hún hafi eitthvað með vald og hegemóníu að gera. Óhætt er að fullyrða að þessi skilningur hafi ríkt hér á landi.

Ef hins vegar skrifað er undir þann skilning sem Tollefson setur fram þá inniheldur málpólitík ekki einungis opinberar aðgerðir og afskipti heldur endurspeglast hún líka í viðhorfum og aðgerðum málnotenda gagnvart hvor öðrum, eins og t.d þegar fólk „leiðréttir“ „slettur“ og/eða s.k. „málvillur.“ Samkvæmt þessum skilningi á málpólitík er hægt að skoða hana sem mekanisma sem gerir mögulegt að staðsetja tungumál og málafbrigði innan félagsgerðarinnar á þann hátt að unnt er sjá hverjir hafa aðgang að pólitískum og efnahagslegum björgum. Í þeirri málstefnu sem ríkjandi hefur verið á Íslandi hvort heldur hún er kölluð hreintungustefna, málvernd eða eitthvað annað er öll áhersla lögð á einingu - jafnvel einsleitni - málsins og stöðugleika.

Íslensk málstöð, sem rekin er af Íslenskri málnefnd (og er skv. lögum málræktar- og málverndarstofnun) er sú ríkisstofnun sem hefur það opinbera hlutverk samkvæmt lögum „að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti“ (*Lög um Íslenska málnefnd*, 1990 nr. 2. 31. janúar). Ari Páll Kristinsson forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, hefur bent á að

„aðalatriði íslenskrar málstefnu eru annars vegar *varðveisla málsins* og hins vegar *efling málsins*“ (Ari Páll Kristinsson, maí 2001). Í sem stystu máli vísar varðveisluþátturinn til þess að „reyna að varðveita málið eins og hægt er í þeirri mynd sem það er í nú. Megintilgangur varðveislunnar er að viðhalda því samhengi sem er í íslensku ritmáli frá upphafi.“ (ibid.). Síðari þátturinn „efling málsins“ vísar fyrst og fremst til nýyrðasmíðar, styrkingar hvers kyns menningarstarfsemi á íslensku og þess að efla „trú á gildi íslensku sem móðurmáls velflestra Íslendinga og eina opinbera tungumálsins á Íslandi.“ (ibid.).

Þegar litið er á áhersluatriði íslenskrar málstefnu kemur glögglega fram að hún nálgast tungumálið sem einhverskonar sjálfstæður strúktúr, sem lýtur eigin náttúrulögmálum. Spyrja mætti hvort áherslan á *varðveisluna* vegi þyngra á metunum en sátt við eðlilegar málbreytingar - tungumál eru lifandi tjáningartæki og veruleikinn er sífelldum breytingum undirorpinn og því hlýtur málleg tjáning að breytast og þróast í takt.

Í þessu sambandi má benda á skrif Gunnars Smára Egilssonar (2002) ritstjóra *Fréttablaðsins* um íslenska málstefnu, sem hann kallar hreintungustefnu og segir að áratugum saman hafi hún verið „geld – jafnvel skaðleg. Undir naggi hennar og tuði missti viðurkennt ritmál á Íslandi tengsl við almennt talmál og var að veslast upp; skorti næringu og endurnýjun. Það má jafnvel skilgreina öflugasta framlag hennar til íslenskunnar á síðustu áratugum sem almennan ótta landsmanna við að tjá sig í rituðu máli.“ (*Fréttablaðið* 4.11:8).

Tilefni skrifa Gunnars Smára var útgáfa nýrrar íslenskrar orðabókar síðla árs 2002. Ef til vill má segja að þessi útgáfa marki að sínu leyti vatnaskil í íslenskri málstefnu. Í þessari nýju orðabók – sem er arftaki gömlu Menningarsjóðsorðabókarinnar frá 1983 (1963) - kveður við nýjan tón. Þar er að finna er að finna orð eins og bögg og sjitt, dissa og digga, sem hafa lengst af verið brennimerkt og bannfærð og máttu helst ekki sjást á prenti né heldur heyrast í fjölmiðlum. (Edda, 2002).

Útkoma orðabókarinnar markar sannarlega jákvæðar breytingar á íslenskri málstefnu. Hinu er þó ekki að leyna, að svokölluðum héraðsbundnum mállýskum slepptum, hefur viðurkenning á fjölbreytileika málafbrigða verið mjög ábótavant og oftar en ekki hafa slík afbrigði verið skrifuð á aðra reikninga, t.d. svo kallaða latmæli, þágufallssýki o.s.f.v. Þessar hugmyndir hafa haft gífurleg áhrif í íslensku málsamfélagi – margir málnotnendur hafa trúað blint á þær og gera jafnvel enn. Þess vegna full ástæða til að óttast að þessar hugmyndir geti haft áhrif á framgang þeirra sem hafa íslensku sem annað mál, þ.e.a.s innflytjendur.

Þegar litið er á tungumál sem einhverskonar sjálfstæðan strúktúr, sem lýtur eigin náttúrulögmálum eins og opinberir málsvarar íslenskrar málstefnu hafa lengst af gert, hafa þeir ekki haft tök á því að skoða hin gagnkvæmu tengsl milli máls, málnotkunar og valds og finnst það jafnvel hreinasta firra eins og merkja má af orðum Gísla Sigurðssonar að ofan.

Niðurlag

Ég hef bent á það hér (og annars staðar sjá t.d HÞ 2001) að til að skilja mátt mállegrar þjóðernishyggju - íslenskrar og annarar tek ég undir með þeim fræðimönnum sem segja að hana megi skoða sem veraldleg trúarbrögð. Hugmyndir og skilgreiningar um hvað það er sem gerir þjóð að þjóð eru meðhöndlaðar sem heilagur sannleikur, eða heilög ritning. Ef tekið er undir þessa skýringu verður líka ljóst að hollusta við þessa „heilögu“ kennisetningu er jafnframt mælikvarði á svokallaða þjóðhollustu. Óhollusta við hana er er að sama skapi skynjuð sem ögrun, einskonar helgispjöll. Þetta mætti líka umorða og segja að óhollustan felist í óhollustu við þá sem valdið hafa til að skilgreina veruleikann.

Í þeirri þjóðernishyggju, sem hér varð vinsælust var „móðurmálið“ sett á geistlegan stall og upphafið. Íslenskir þjóðernissinnar tóku upp þessar hugmyndir og þær hafa lengst af verið uppistaðan í íslenskri málstefnu, þar sem trúin á „íslenskuna“ einkum á s.k. „hreina íslensku“ hefur ráðið ríkjum. Ég hef bent á það að þessi trú á „tungumálið“ snúist ekki um hvað fólk segir heldur hvernig það segir hlutina og skiptir þá meginmáli hverjir hafa valdið eða umboðið til að skilgreininganna. Ytri umgjörðin, strúktúr málsins verður aðalatriði en ekki inntak þess. Með öðrum orðum menn fara að dýrka skurðgoðið sjálft en ekki guðinn. Eins og flestir íslenskir málnotendur vita þá hafa menn sýnt mismikla hollustu við þessa kenningu, sumir fylgt henni af stakri kostgæfni og aðrir ekki og verið lastaðir fyrir.

Ferli sjálfsímyndarsköpunar er lifandi og ekki hægt að miðstýra því, og málnotkuninni ekki heldur. Þjóðarímynd Íslendinga hefur tekið örum breytingum með breyttum samfélagsháttum og sömuleiðis tungumálið. Og rétt eins og skipulögð trúarbrögð undir verndarvæng ríkisstjórna eiga lítt upp á pallborðið má merkja að brestir séu komnir í hina veraldlegu *þjóð*trú og þar með ef til vill komnir brestir í táknrænt vald íslenskrar málstjórnunar.

Heimildir

Ari Páll Kristinsson. (2000). Íslensk málstefna. *Språk og kultur i Vest-Norden*. Maí. Http://vestnorden.no.

Anderson, Benedict. (1983). *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London: Verso Editions and NLB.

Berlin, Isaiah. (1992). *The Crooked Timber of Humanity. Chapters in the History of Ideas*. New York: Vintage.

Bourdieu, Pierre. (1991). *Language and Symbolic Power*. Ritsjtórn og inngangur eftir John B. Thompson. Þýðendur Gino Raymond og Matthew Adamson. Cambridge Massachusetts: Harvard University Press.

- (1977). *Outline of Theory of Practice*. Cambridge: Cambridge University Press.

Foucault, Michel. (1980). *Power/Knowledge: Selected Interviews and Other Writings*. Ritstjóri Colin Gordon. New York: Pantheon.

Gal, Susan (1989). "Language and Political Economy." *Annual Review of Anthropology*, *18*, 345-67.

Gellner, Ernst. (1983). *Nations and Nationalism*. Ithacha: Cornell University Press.

Gísli Sigurðsson (2001) *Málfarsmínútan* í *Ríkisútvarpinu* 16. október.

Greenfeld, Liah. (1992). *Nationalism Five Roads to Modernity*. Cambridge Massachusetts: Harvard University Press.

Gunnar Smári Egilsson. (2002). Ritsjórnarpistill *Fréttablaðið* 4.11.2002.

Hallfríður Þórarinsdóttir. (2001). Trúin á hreinleikann og fjölmenningarlegt lýðræði. Ósættanlegar andstæður. *Morgunblaðið Lesbók* 28. apríl.

- (1999). *Purity and Power: The Policy of Purism in Icelandic Nationalism and National Identity*. Óbirt doktorsritgerð. New York: New School for Social Research.

Haukur Már Helgason (2003). *Af stríði*. www.kistan. Kistugrein nr. 1924.

Haugen, Einar. (1987). "Variation in Language Policy: A Unique Case" í Peter H. Lowenberg (ritstj.) *Language Spread and Language Policy: Issues, Implications, and Case Studies*. Washington D.C: Georgetown University Press.

Hobsbawm, Eric. (1990). *Nations and Nationalism Since 1780 Programme, Myth and Reality*. Cambridge: Cambridge University Press.

Hobsbawm. Eric og Terrance Ranger (1983). *The Invention of Traditions*. Cambridge: Cambridge University Press.

Íslensk orðabók. (2002). Ritstjóri Árni Böðvarson. Aukin og endurbætt útgáfa ritstjóri Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.

Lög um Íslenska málnefnd nr. 2/1990.

Marx, Anthony. W. (2003). *Faith in Nation. Exclusionary Origins of Nationalism*. Oxford: Oxford University Press.

Morgunblaðið 19.júní (1994) - ræður talsmanna stjórnmálaflokkanna á 50 ára lýðveldisafmælinu á Þingvöllum.
Silfur Egils, Skjár einn nóvember 2000.
Silfur Eglis Stöð 2 janúar 2004.
Spencer, Philip og Howard Wollman (2002). *Nationalism. A Critical Introdution.* London: Sage Publication.
Tollefson, James W. (1991). *Planning Language, Planning Inequality.* London: Longman.
Toma, Toshiki. (2000). Hlæjandi fuglahræða (innflytjendamál) *Morgunblaðið* 8. febrúar.
Özkirmili, Umut. (2000). *Theories of Nationalism. A Critical Introduction.* New York: St. Martin Press.

Meðferð mikilla fyrirbura: „Þessar ósvöruðu spurningar eru erfiðastar“

Jónína Einarsdóttir

Samfara nýrri tækni og betri þekkingu á meðferð mikilla fyrirbura hafa lífslíkur þeirra aukist verulega á s.l. tveimur áratugum. Fæðing þessarra barna, með fæðingarþyngd minni en 1000 g (<4 merkur) og meðgöngulengd frá 23 til 28 vikur, felur þó í sér aukna hættu á varanlegri fötlun. Auk þess eru lífslíkur þeirra verulega skertar miðað við fullburða börn. Það hefur leitt til umræðu um hvort alltaf sé siðferðilega réttlætanlegt að reyna að bjarga lífi minnstu og veikustu fyrirburanna. Ágreiningsmál snerta m.a. helgi mannlegs lífs og lífsgæði (Anspach, 1993; Brinchmann ofl., 2002; Kvestad ofl., 1999; Mchaffie ofl., 2001; Munck ofl., 1997; Vilhjálmur Árnason, 1997). Skoðanir eru einnig skiptar um hlutverk foreldra þegar ákvarðanir eru teknar um að hætta meðferð. Því er haldið fram að foreldrar eigi ekki að taka slíkar ákvarðanir þar sem hagsmunir þeirra og barnsins gætu verið andstæðir. Sumir telja að foreldrar séu ekki tilfinningalega færir um að taka ákvarðanir um meðferð, það gefi þeim sektarkennd eða að þá skorti nauðsynlega faglega þekkingu. Aðrir halda því fram að foreldrum beri að taka slíkar ákvörðanir þar sem barnið sé þeirra og að þeir lifi með afleiðingarnar.

Í dag er barnadauði á Íslandi sá lægsti í heiminum (Hagstofa Íslands, 2004). Þær aðstæður sem leiða oftast til andláts ungbarna á Íslandi, eins og í Vestur Evrópu og Bandaríkjunum, eru lág fæðingarþyngd og stutt meðganga (Davis ofl., 2000). Mörg þeirra deyja eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að hætta meðferð. Sem dæmi má nefna að í Hollandi var ákvörðun tekin um að hætta meðferð hjá um 2/3 barna sem létust á fyrsta æviárinu (Heide ofl., 1997; Heide ofl., 1998). Slíkar ákvarðanir eru venjulega teknar í samráði við foreldra og þegar þeir vilja ekki að meðferð sé hætt er henni haldið áfram. Aftur á móti þegar foreldrar krefjast þess að meðferð sé hætt í andstöðu við vilja lækna er ósk þeirra ekki framfylgt. Hliðstæðar reglur gilda víða í Evrópu

en samanburður milli landa sýnir þó að foreldrar eru mismikið innblandaðir í ákvarðanir um að hætta meðferð barna sinna (Cuttini ofl., 1999).

Í nýlegri tímaritsgrein er stungið uppá svokallaðri gagnreyndri siðfræði (evidence-based ethics) sem leið til að taka ákvarðanir um hvenær beri að gefa miklum fyrirburum meðferð og hvenær meðferð skuli hætt (Tyson og Stoll, 2003). Samkvæmt henni á aðeins að gefa meðferð þegar meira vinnst með henni en tapast. Innan ramma slíkrar siðfræði skal ákvörðunartaka um meðferð mikils fyrirbura vera byggð á tölfræðilegum líkum um ásættanlegan árangur miðað við fæðingarþyngd, meðgönguviku og kyn barns, en ekki einstaklingsbundnu mati á heilsu þess. Þegar árangur meðferðar er mjög óviss skal hafa foreldra með í ráðum þegar ákvarðanir um hana eru teknar. Þegar líkur á góðum árangri eru litlar á ekki að hefja meðferð og þegar líkur um árangur eru taldar vera ásættanlegar ber að gefa meðferð.

Síðan í júní 2001 hef ég unnið að rannsókn sem hefur það að markmiði að skoða viðbrögð foreldra og fagfólks hér á landi við fæðingu mikilla fyrirbura með fæðingarþyngd minni en 1000 g. Á Íslandi fæðast árlega um 10-15 slík börn. Sérstaklega eru til skoðunar siðfræðileg álitamál sem varða meðferð og daglega umönnun þeirra og þau áhrif sem fæðingin hefur á líf foreldranna. Vettvangsrannsókn fór fram á vökudeild Barnaspítala Hringsins og voru leikskólar, meðferðarstofnanir og heimili barnanna heimsótt eftir því sem við átti. Stuðst er við framvirkan og afturvirkan rannsóknarhóp foreldra, fagfólks og aðstandenda barna. Börn í framvirkum hluta rannsóknarinnar eru fædd á tímabilinu 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 og börn afturvirka hlutans frá 1. september 1998 til 31. ágúst 2001. Rannsóknin var fjármögnuð með þriggja ára rannsónarstöðustyrk frá Rannís og tilskilin leyfi voru fengin hjá Persónuvernd og Vísindasiðanefnd Landsspítala-háskólasjúkrahúss.

Hér verða kynntar hugmyndir foreldra barna í afturvirkum hluta rannsóknarinnar (22 mæður og 19 feður) um hvort og þá hvenær það geti verið réttlætanlegt að hætta meðferð mikilla fyrirbura og hver eigi að taka slíka ákvörðun. Þá er leitast við að svara spurningunni hvort gagnreynd siðfræði skv. Tyson og Stoll (2003) geti leyst siðferðileg álitamál sem fylgja ákvörðnum um meðferð þeirra.

Að sjá barnið í fyrsta sinn

Minningarnar af fæðingu fyrirburanna og heimsókn á vökudeildina þar sem foreldrar sáu barnið í fyrsta sinn er flestum foreldrum ofarlega í huga. Þeir lýsa fæðingunni sem ógnvekjandi og minnast þess hvernig varla sást í

barnið fyrir „tækjum og tólum.“ Eins minnast sumar mæður þess að hafa verið þjáðar af verkjum, þrekleysi og svima þar sem þær sátu á vondum stólum, í miklum hita og hávaða fyrir framan hitakassann þar sem barnið þeirra var til meðferðar.

„Mikið ofboðslega var barnið lítið“ eru sennilegast algengustu viðbrögð foreldra og fleiri en einn faðir notaði stærð smjörlíkisstykkis sem viðmiðun. Bæði feður og mæður leggja áherslu á að þeim hafi fundist barnið sitt vera fallegt og svo sannarlega þeirra. Ekki er óalgengt að foreldrar taki fram að það hafi komið þeim á óvart hversu barnið var „tilbúið“ með allar tær og fingur og jafnvel hár á höfðinu. Nokkrir foreldrar sögðu að barnið hafi verið gegnsætt eða að það hafi líkst fóstri, geimveru (ET), fuglsunga eða kjúlkingi. Sumum þeirra fannst engu að síður að barnið hafi verið þeirra. Aðrir nefndu þó að þeir hafi ekki á þessari stundu fundið fyrir mikilli foreldratilfinningu gagnvart barninu og skömmuðust sín fyrir það. Það sama gilti um foreldra sem veigruðu sér við að snerta barnið sitt, hvort heldur þeim fannst tilhugsunin fráhrindandi á einhvern hátt eða óttuðust að skaða „brothætt“ barnið eða valda því sýkingu.

Baráttan fyrir lífinu endurspeglast í frásögnum margra foreldra. Það var „bara að halda áfram og berjast.“ Trú á bata endurspeglast einnig í staðhæfingum sumra foreldra um að barnið hafi verið „hraustlegt,“ „pattaralegt“ og „stærra en hinir.“ Aðrir upplifðu barn sitt hins vegar sem hjálparlaust, á mörkum lífs og dauða eða jafnvel andvana. Þá vöknuðu gjarnan upp spurningar um hvaða framtíð biði barnsins og margir foreldrar leiddu hugann að æðri máttarvöldum.

Má hætta meðferð?

Fyrstu dagarnir eftir fæðingu mikils fyrirbura segja mikið til um hvort „þetta gangi upp.“ Bati lætur kannski á sér standa, heilablæðingar eiga sér stað, ákveðin líffæri eru óvirk, börnin eru stundum í þörf fyrir mikið súrefni og komast ef til vill ekki úr öndunarvélinni þegar fram líða stundir. Vandamálið til lengdar er ekki að barnið sé í bráðri lífshættu, heldur að því sé haldið á lífi með hátæknimeðferð eða að framtíða fötlun verði hugsanlega mjög alvarleg. Spurningar vakna því hvort ekki væri réttlætanlegt að hætta meðferðinni og „leyfa barninu að fara.“ Gæti dauðinn verið lífinu betri?

Allflestir foreldranna gátu séð fyrir sér aðstæður sem myndu réttlæta að meðferð mikils fyrirbura væri hætt, en þá yrði vissan að vera algjör um að „ekkert líf“ biði þeirra. Spurningin var ekki hvort barnið yrði fatlað, heldur

hversu mikið. „Það skiptir ekki máli hvernig barnið verður, það verður alltaf barnið mitt," segir móðir. „Það gæti verið í lagi að hætta ef læknarnir eru algjörlega sammála um að þetta barn sé heiladautt eða að barnið muni bara liggja og stara út í loftið. Já, þá held ég, ef þeir geta fullvissað mig um það." Faðir taldi hæfileikann til mannlegra samskipta mikilvægastan. „Ef heilinn virkar ekki, þá kannski … og þá er barnið ekki lifandi," sagði hann. „Mér er sama um fötlun. Mikilvægt að meðhöndla ef einhver mannleg samskipti geta átt sér stað. Mikilvægast með heilann, restin er bara tæknileg útfærsla."

Aðeins einn faðir taldi að það væri aldrei rétt að taka ákvörðun um að hætta meðferð þannig að einstaklingur myndi deyja. Hann var þeirrar skoðunar að enginn ætti rétt á að taka slíka ákvörðun, hvorki fyrir sjálfan sig né aðra og að það ætti við um fullorðna jafnt sem börn. Hann lagði áherslu á að skoðun hans ætti ekki trúarlegar rætur, en það væru „peningar en ekki virðing fyrir manneskjunni" sem réði þegar að gefin væri sprauta eða vél tekin úr sambandi.

Foreldrar nefndu að læknar hafi tjáð þeim að við miklar heilablæðingar eða ef önnur mjög alvarleg veikindi steðjuðu að þá gæti komið til greina að hætta meðferð barnsins. Slíkt yrði þó ekki gert án samþykkis þeirra. Nokkrir foreldranna höfðu því ákveðið hverju þau myndu svara ef slík staða kæmi upp. Samtímis voru þau flest meðvituð um að eitt væri að taka ákvörðun fyrirfram en annað að framfylgja henni þegar á reyndi. Móðir sem hafði ákveðið að hún myndi samþykkja að hætta meðferð barnsins ef hún yrði spurð rifjaði upp:

> Ég vildi leyfa henni að fara ... en faðir hennar ekki. Kannski var það eigingirni eða eitthvað. Fannst að við ættum allt lífið framundan ... Mér finnst það hundleiðinlegt í dag að hafa gefið grænt ljós á það. Ef ég lenti í þessu aftur? Veit ekki, ef fyrirburi. Ég á yndislegt [barn]. En ef eitthvað ... þá myndi ég ekki hika við það. Hugsa bara hvernig líf er maður að bjóða barninu.

Þessi móðir á það sameiginlegt með fleirum að vísa til æðri máttarvalda eða lögmála náttúrunnar þegar spurningar um líf og dauða eru annars vegar: „Ef barnið deyr, er það ekki náttúran? Hlýtur að vera ástæða fyrir því að þau deyi." Eins er með þau börn sem lifa af. Móðir barns sem var nokkrum sinnum hætt komið sagði: „Ef [barninu] hefði verið ætlað að fara þá væri [það] farið."

Greinilegt er að foreldrar gáfu stundum óspurð til kynna hug sinn um áframhaldandi meðferð. Móðir barns sem var í bráðri lífshættu og með heilablæðingu brást illa við þegar ættingjar sögðu að kannski væri best að barnið fengi að fara. „Ég sagði bara nei. ... Ég vil ekki taka neitt frá [barninu],

mér finnst ég ekki hafa rétt til þess. Læknarnir sögðu alltaf við okkur að [barnið] er ofboðslega veikt og er að fara. Ég sagði bara ... já, já við skulum bara sjá til hvað gerist ... Ég ætlaði bara að gefa [barninu] sjens." Önnur móðir sagðist hafa látið vita strax að hún vildi að allt yrði reynt: „það var talað við okkur og sagt að [barnið] getur orðið svona og svona. Við vorum undirbúin undir allt og [spurð] hvað við myndum vilja og hvort við myndum vilja hafa svona fatlað barn og við sögðum að það skipti ekki máli." Faðir barnsins sagði „hjá okkur kom aldrei til greina að slökkva á neinum tækjum. Við gáfum aldrei upp vonina um að það myndi ekki ganga og það gekk. Guð hjálpi mér ef við hefðum ákveðið að hætta." Hann var meðvitaður um að þá hefði hann ekki vitað hvað varð og benti á að það eru einmitt „þessar ósvöruðu spurningar sem eru erfiðastar." Hann taldi réttlætanlegt að hætta meðferð þegar engin von væri sjáanleg og að þá myndi hann vilja taka ákvörðunina sjálfur og „ýta á takkann."

Aðeins örfáir foreldrar lenda í þeirri erfiðu aðstöðu að þurfa í raun að svara þeirri spurningu hvort þau samþykki að meðferð barns þeirra verði hætt. Faðir barns sem dó eftir að það var tekið af vél taldi að foreldrar ættu að vera með í ráðum við slíkar aðstæður. Hann sagðist þó hafa litið svo á að barnið hefði verið tekið af vél hvort eð var:

> Ég tók það einhvern veginn þannig. Eiginlega að þetta væri bara vonlaust. [Barnið] er að fara og það var tekin ákvörðun [um] að slökkva á [því]. Mig minnir það. Og svo spurði maður hvort að [barnið] eigi enga möguleika og jú [það] getur lifað kannski einhverjar vikur og sárkvalist. Þá er búið að setja það í hausinn á manni og maður vill það ekkert.

Þessum föður fannst að það hafi ekki verið neitt val. Annað hvort samþykkti hann eða að hann veldi að barnið myndi kveljast til einskis.

Hver tekur ákvörðunina?

Það var nánast samdóma álit foreldra að ekki væri ásættanlegt að hætta meðferð mikils fyrirbura nema að hafa foreldra með í ráðum. Það væri hlutverk lækna og annars fagfólks að upplýsa þá um staðreyndir málsins. Foreldrar lögðu þó ekki allir sama skilning í hvað fólst í því að vera með í ráðum. Móðir benti til dæmis á að læknirinn hefði sagt við hana að foreldrar tækju aldrei ákvörðun um að hætta meðferð barns síns, en fyrir slíka ákvörðun þyrfti þó samþykki þeirra: „Finnst það gott mál, en auðvitað er það ábyrgð hjá manni að gefa grænt ljós."

Margir foreldrar lögðu áherslu á að þeir treystu læknunum vel til að meta hvað væri best að gera hverju sinni. Móðir taldi til dæmis að sennilegast væri „best að tala saman og ef læknir segir að það sé ekkert að gera þá held ég myndi bara hætta.“ Nokkrir foreldranna undirstrikuðu þó að óeining væri stundum meðal fagfólks um hvað væri rétt að gera og að erfitt gæti verið að segja til um framtíðarhorfur mikilla fyrirbura. Þess vegna væri mikilvægt hvernig upplýsingar væru gefnar. Faðir fyrirbura sem var mjög hætt kominn sagði: „Ég sem foreldri myndi vilja taka þessa ákvörðun en að vel hugsuðu máli og eftir samræður við sérfræðinga.“ Hann var meðvitaður um þá óvissu sem oft ríkir um framtíðarhorfur mikilla fyrirbura og að læknar eru ekki alltaf sammála um hvað sé rétt að gera. Þessi faðir taldi þó að mismunandi upplýsingar sem hann hafði fengið um ástand barns síns sýndi ekki endilega að eitthvað var rangt með farið heldur endurspeglaði það „mismunandi sjónarmið eða aðferðir“ við að segja hlutina. Móðir sem er meðvituð um sama fyrirbæri sagði: „Þetta er ákvörðun foreldra en þau taka hana aldrei nema hafa upplýsingar frá læknum. En spurningin er hvernig kynna þeir þetta fyrir þeim?“

Sumir foreldranna, sem töldu að ekki væri rétt að hætta meðferð mikils fyrirbura nema foreldrar samþykktu það, bentu samtímis á að það lengdi sennilega þjáningu og dauðastríð alvarlega veikra barna. Þeir gátu séð fyrir sér að slíkt hefði sennilegast gerst í þeirra eigin tilviki. Það þótti augljóst að foreldrar vildu halda í vonina um óvænta lækningu. Nokkrir foreldrar veltu því fyrir sér hvort foreldrar myndu fá sektarkennd síðar meir. Faðir taldi að það væri „voðalega þægilegt að ýta frá sér málinu og segja að læknirinn verður að ákveða þetta, en ég held að eftir á myndi maður sjálfur vilja ákveða frekar en að kenna öðrum um það.“ Ungur faðir sagði hins vegar afdráttarlaust að foreldrar ættu ekki að taka ákvörðun um það að barnið þeirra ætti að deyja: „Læknirnin veit að það verður ekki neitt, bara stofnanamatur, og ef það er ljóst þá eiga læknar að taka þá ákvörðun og þú þarft ekki að vita of mikið um það. Þú segir ekki dreptu barnið mitt. Auðvitað á að reyna fyrst ... en foreldar geta ekki tekið þessa ákvörðun. ... Ég vil það ekki.“

Sú staða getur komið upp að foreldrar vilji hætta meðferð en ekki læknarnir. Enginn foreldranna hafði lent í þeirri stöðu og fannst sumum erfitt að gera upp hug sinn til þess hvernig rétt væri að bregðast við í slíkum tilvikum. Faðir, sem taldi að foreldrar ættu ávallt að taka ákvörðun um meðferð barns síns viðurkenndi þó að það væri kannski ekki á færi allra þar sem „þroski fólks á þessum tímapunkti er misjafn.“ Auk þess neiti t.d. Vottar Jehovar að gefa barni blóð, sem honum fannst óásættanlegt. Móður sem fannst að foreldrar ættu að vera með í ráðum hvort meðferð verði hætt, hélt

því hins vegar fram að þau gætu ekki tekið einhliða ákvörðun um að hætta meðferð gegn ráðum lækna. Hún benti á að „um leið og þú ert orðin ófrísk getur hvað sem er gerst.“ Og ef fólk er ekki tilbúið að taka þeirri áhættu sem fylgir því að eignast barn er bara að „sleppa því.“ Það voru einnig foreldrar sem ýmist sýndu vanþóknun sína eða skilning á því að til væri fólk sem myndi vilja láta fatlað barn sitt deyja.

Einn faðir taldi að vilji foreldra skyldi virtur þegar þeir vildu að meðferð yrði hætt gegn vilja lækna. Hann viðurkenndi að foreldrar væru „náttúrulega ekki sérfræðingar í þessu máli nema tilfinningalega séð,“ en benti á að kona sem gengi með barn sem hefði Downs heilkenni mætti fara í fóstureyðingu. Því væri rökrétt að foreldrar hefðu rétt á að ákveða hvort mjög alvarlega fötluðu barni væri haldið á lífi eða ekki. Ein móðir velti því fyrir sér hvort læknar myndu kannski neita að hætta meðferð mikils fyrirbura í rannsóknaskyni. Flestir litu þó svo á að þegar læknar neituðu að hætta meðferð barns gegn vilja foreldranna væri það sennilegast gert með velferð barnsins í huga.

Lokaorð

Hér hefur verið lýst hugmyndum foreldra mikilla fyrirbura á Íslandi með fæðingarþyngd minni en 1000 g (4 merkur) um hvort það geti einhvern tíma verið réttlætanlegt að hætta meðferð slíkra barna á gjörgæsludeild nýbura og í því tilviki hvenær og hver eigi að taka þá ákvörðun.

Foreldrarnir voru nánast einróma um að til væru aðstæður sem réttlættu að meðferð mikilla fyrirbura væri hætt. Í slíkum tilvikum lögðu flestir áherslu á að það mætti ekki leika nokkur vafi á um að barnið ætti „ekkert líf“ fyrir höndum eða myndi búa við mjög alvarlega fötlun. Fyrir flesta var mat á möguleika barnsins til mannlegra tjáskipta mikilvægast fyrir ákvörðun. Nánast allir foreldranna voru á því að ekki mætti hætta meðferð mikils fyrirbura án samþykkis foreldra. Einstaka foreldri taldi þó að ákvörðun ætti að vera fyrst og fremst á verksviði sérfræðinga. Skoðanir voru meira skiptar um hvort foreldrar gætu tekið ákvarðanir um meðferð barns síns án samþykkis lækna. Foreldrar voru misjafnlega meðvitaðir um þann ágreining sem einkennir umræðu um að hætta meðferð mikilla fyrirbura og hversu erfitt það getur verið að segja til um framtíðarhorfur þeirra.

Gagnreynd siðfræði skv. Tyson og Stoll (2003) gerir ráð fyrir að miklir fyrirburar séu flokkaðir í fyrirfram skilgreinda hópa misjafnlega lífvænlegra barna með hliðsjón af tölfræðilegum líkum á lifun og fötlun miðað við fæðingarþyngd, meðgönguviku og kyn. Slíkt regluverk er ekki siðferðilega

ásættanlegt fyrir foreldra sem telja að meta skuli ástand hvers barns fyrir sig. Auk þess er ágreiningur um hvaða árangur meðferðar sé ástættanlegur. Hafa ber í huga að rök fyrir meðferð byggjast ekki eingöngu á þekkingu og siðfræðilegum sjónarmiðum. Trú á lífsvilja viðkomandi barns, félagslegur þrýstingur eða von um óvænta lækningu skipta meðal annars miklu máli.

Heimildir

Anspach, R. (1993). *Deciding Who Lives: Fateful Choices in the Intensive-Care Nursery*. Berkeley: University of California Press.

Brinchmann, B.S., Førde, R., og Nortvedt, P. (2002). What matters to the parents? A qualitative study of parents' experiences with life-and-death decisions concerning their premature infants. *Nursing Ethics*, *9*(4), 388-404.

Cuttini, M., Rebagliato, M., Bortoli, P. ofl. (1999). Parental visiting, communication, and participation in ethical decisions: a comparison of neonatal practice in Europe. *Archives of Disease in Childhood Fetal and Neonatal Edition*, *81*(2), 84-91.

Davis, L. J., Okuboye, S. og Ferguson, S. L. (2000). Healthy People 2010: Examining a Decade of Maternal & Infant Health. *AWHONN Lifelines*, *4*(3), 26-33.

Hagstofa Íslands. (2004). *Dánartíðni og ævilengd árið 2003*. Sjá http://hagstofan.is/template25.asp?pageid=219&nid=835&highlight=barnadauði, sótt 2. ágúst 2004.

Kvestad, E., Lunde, K., Markestad, T. J. og Førde, R. (1999). Holdninger til behandling av ekstremt premature barn ved norske føde- og barneavdelinger. *Tidsskrift for Den norske lægeforening*, *119*, 3015-3018.

McHaffe, H., Laing, I. I., Parker, M. og McMillan, J. (2001). Deciding for imperilled newborns: medical authority or parental. *Journal of Medical Ethics*, *27*(2), 104-110.

Munck, S. S., Skov, L., Sylvest, A., Schmelling, W. ofl. (1997). Attitudes towards treatment of extremely premature infants. *Ugeskrift for Læger*, *159*(50), 7488-7491.

Tyson, J. E., og Stoll, B. J. (2003). Evidence-based ethics and the care and outcome of extremely premature infants. *Clinics in Perinatology*, *30*(2), 363-387.

van der Heide., A, van der Maas, P. J., van der Wal, G., ofl. (1997). Medical end-of-life decisions made for neonates and infants in the Netherlands. *Lancet*, *350*(9073), 251-255.

van der Heide, A., van der Maas, P. J., van der Wal, G. ofl. (1998). The role of parents in end-of-life decisions in neonatology: physicians' views and practices. *Pediatrics*, *101*(3), 413-418.

Vilhjálmur Árnason. (1997). *Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðiskerfinu*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði, Háskóli Íslands.

„Ég er ekki með kynþáttafordóma en.....“ Hugtakið kynþáttur og íslenskt samfélag

Kristín Loftsdóttir

Þjóðdansafélag Reykjavíkur varð fyrir alvarlegum ásökunum um kynþáttafordóma dagana fyrir 17. júní 2004 þegar forsvarsmenn tímaritsins *Grapevine* héldu því fram að félagið hafi neitað að lána þjóðbúning til fyrirsætu blaðsins sökum dökks hörundslitar hennar. Í kjölfarið sendu forsvarsmenn félagsins frá sér tilkynningu þar sem staðhæft var að félagið hefði verið haft fyrir rangri sök og að slíkir búningar hefðu áður verið lánaðir út til margvíslegra hópa (til dæmis *Fréttablaðið* 18. júní, 2004, bls 4). Ég minnist á þetta hér til að benda á að málið vakti hörð viðbrögð hjá almenningi og grunur um beina fordóma byggða á litarhætti olli almennri andúð. Í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. Stjskl. 97/1995, er í 65. grein gerð grein fyrir því að allir skulu jafnir fyrir lögum „án tillits til kynþáttar.“ Víða um heim eru beinir kynþáttafordómar almennt fordæmdir auk þess að vera bannaðir með lögum líkt og hérlendis. Kynþáttafordómar hafa því tekið á sig margræðari myndir og ný form (Harrison, 1998, 2002) og halda áfram að vera að einhverju leyti samofnir hugmyndum um menningu og þjóðerni (sjá yfirlit í Kristín Loftsdóttir, 2003).

Þó er áhugavert að burtséð frá því hvort fólk hafni kynþáttafordómum eður ei virðist ógagnrýnin nálgun að hugtakinu kynþáttar oft undirliggjandi í umræðunni, rétt eins og hugtakið vísi til náttúrulegrar skiptingar fólks í hópa. Fræðimenn hafa þó lengi vel undirstrikað að hugtakið hefur mjög takmarkað – ef eitthvert – vísindalegt gildi og felur í sér, eins og segir í stefnu Bandaríska mannfræðifélagsins um kynþáttahugtakið frá 1998, ákveðna heimsmynd sem afmyndar hugmyndir okkar um fjölbreytni mannkyns, hæfileika þess og hegðun (Anthropology Newsletter, 1998). Kynþáttahyggja (*racialism*), þ.e. trú á kynþætti sem vísindalegt fyrirbæri, hefur þannig verið nefnd sem ein lífseigasta goðsögn samtíma okkar (Montagu, 1964). Hér ætla

ég að skoða hugtakið kynþáttur og merkingar þess í íslensku samhengi.[1] Ég byrja umfjöllun mína hér á stuttu sögulegu yfirliti yfir þróun hugmynda um aðskilda kynþætti og nokkrum skilgreiningum hugtaksins á íslensku. Megináhersla umfjöllunarinnar verður á niðurstöður stuttrar viðhorfskönnunar þar sem leitast var við kanna viðhorf Íslendinga til hugtaksins kynþáttur.

Sögulegt yfirlit kynþáttahugtaksins

Í kenningum fræðimanna um kynþáttahyggju hefur áhersla á sjálfsmyndir (*identity*) í auknum mæli unnið sér sess og hafa rannsóknir að mörgu leyti færst frá einhliða túlkun kynþáttahyggju sem tæki til að skapa ákveðnum hópum efnahagsleg yfirráð yfir í að skoða kynþáttahyggju og fordóma sem samofna sjálfsmyndum og valdi í víðara samhengi (Hall, 1986). Slík áhersla á mikilvægi kynþáttahugmynda í mótun sjálfmynda þýðir ekki, eins og Gilroy varar við (1998:32), að litið sé fram hjá undirokun og kúgun sem samofin kynþáttahyggju. Þá hafa margir bent á að í rannsóknum og innan samfélagsins virðist kynþáttahugtakið frekar eignað fólki með dökkan húðlit en ljósan. Hafa þeir hinir sömu talið hluta af valdi hvíts húðlitar felast í þessum félagslega ósýnileika hans. Eins og Ruth Frankenberg bendir á í bók sinni *White Women, Race Matters* (1993) er félagsleg afmörkun hvíts húðlitar sem viðmið í samfélaginu samofin valdi og hegðun einstaklinga.

Talið er að enska hugtakið *race* hafi fyrst fengið nokkuð afmarkaða merkingu á 18. öld (Smedley, 1998). Á 19. öld náði hugtakið sterkum hugmyndafræðilegum tökum með þróun líffræðilegra og félagslegra kenninga sem röðuðu manneskjunni upp á gildishlaðin þrep líffræðilegrar og menningarlegrar þróunar. Hugmyndir um að aðskilja mætti hópa með því að byggja á litarhætti einstaklinga eiga sér þó mun eldri rætur. Sem dæmi má nefna að á kristnum miðöldum Evrópu var Ham, einn þriggja sona Nóa sem Biblían segir frá, gjarnan tengdur við Afríku á heimskortum og í sumum heimildum einnig við dökkt litaraft (Friedman, 2000 [1981]:100-101). Hugmyndir um fjölbreytileika mannskyns urðu samhliða landvinningum um 1500 nokkuð fastmótaðri og voru loks settar undir hatt kynþátta- og þróunarhyggju sem hið vökula auga vísindanna þróaði úr brotakenndum hugmyndum fyrri alda. Kynþáttahyggja varð einn meginþráður skipulagningar samfélagslegrar þekkingar á 19. öld (sjá einnig Jóhann M.

[1] Þessi umfjöllun er hluti af rannsóknarverkefninu „Ímyndir Afríku á Íslandi“ sem hlaut styrk frá RANNÍS, Rannsóknarsjóð Háskóla Íslands og Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands árin 2002, 2003 og 2004.

Hauksson, 1999; Unnur B. Karlsdóttir, 1998; Kristín Loftsdóttir, 2004). George Stocking (1968:122) bendir á að hugmyndir um yfirburði „hvíts“ fólks voru vissulega ekki uppgötvun þróunarsinna 19. aldar en samtenging kenninga um menningu og líffræði ljáði slíkum kenningum nýja gerð trúverðugleika. Kenningar þróunarsinna drógu iðulega upp gróf tengsl á milli líkamlegs útlits, andlegs atgervis og menningar ákveðinna einstaklinga með yfirgripsmiklum alhæfingum um eðli þeirra.

Franz Boas, einn helsti frömuður bandarískrar mannfræði, var mikilvægur í að breyta áherslum mannfræðinnar hvað snerti kynþátta- og þróunarhyggju í byrjun 20. aldar. Boas var vissulega ekki gagnrýninn á hugtakið kynþáttur heldur undirstrikaði hann í verkum sínum að engin tengsl væru á milli kynþáttar, menningar og tungumáls (1963 [1911]). Stocking (1968:203) hefur bent á að sýn Boasar á menningu gróf undan kynþáttafordómafullri sýn á menningu samfélaga utan Evrópu því samtímaskilningur á hugtakinu fól í sér að samfélög hefðu menningu í mismiklum mæli. Boas fór í auknum mæli að vísa til hugtaksins í fleirtölu en slík notkun felur í sér áherslu á margbreytileika menningar og ákveðið fráhvarf frá línulegri hugsun þróunarhyggju. Stocking bendir á til samanburðar að Tylor notaði menningahugtakið aldrei í fleirtölu og fræðimenn almennt vísuðu til menningarstiga (*cultural stages*) og menningarform (*forms of culture*). Hugtakið í fleirtölu byrjaði eingöngu með fyrstu kynslóð nemanda Boas í kringum 1910 (Stocking, 1968:203). Aðgreining Boasar á menningu og kynþætti var mikilvæg á sínum tíma en hún leiddi þó til þess að kynþáttahyggja sem félagslegt fyrirbæri færðist út fyrir verksvið mannfræðinnar (Shanklin, 1999:670).. Í gagnrýni sinni á arfleifð Boasar bendir Kamala Visweswaran (1998) á að í nálgun hans og nemenda hans hafi hugtökin menning og kynþáttur dregið merkingu sína hvort frá öðru sem andstæður. Menning varð það sem kynþáttur var ekki og því hluti af verksviði mannfræðinnar og kynþáttur að sama skapi andhverfa menningar og utan við verksvið hennar. Ashley Montagu hafnaði hins vegar vísindalegu gildi hugtaksins sjálfs og notaði til þess tiltölulega nýlegar niðurstöður frá líffræðilegri mannfræði og erfðafræði, en sú afstaða er eins og fyrr er sagt almennt viðurkennd í fræðunum nú til dags (sjá umfjöllun í Visweswaran, 1998).

Trú á kynþætti sem náttúrulegt fyrirbæri, kynþáttafordómar og samsemd byggð á slíkri flokkun eru þó augljóslega hluti af samtíma okkar. Í lok 20. aldarinnar lagði Bandaríska mannfræðifélagið áherslu á mikilvægi þess að styrkja og örva rannsóknir á kynþáttahugtakinu og fordómum sem tengjast því (Harrison, 1998). Rannsóknir hafa einnig gefið til kynna að hugmyndir

um kynþætti haldi áfram að vera samofnar hugmyndum um menningu og fjölbreytni (Balibar, 1988; Trouillot, 2002).

Hugtakið kynþáttur á íslensku

Á íslenskri tungu hefur hugtakið kynþáttur verið notað á nokkuð fjölbreytilegan hátt en fleiri hugtök hafa einnig verið notuð til að vísa til skiptingar fólks í hópa. Ætlun mín hér er fyrst og fremst að gefa nokkur dæmi um fjölbreytni hugtaka. Athugun á orðasöfnun innan gagnasafnsins *Orðabanki Íslenskrar málstöðvar* leiddi í ljós að í flestum tilfellum er hugtakið notað sem samheiti enska orðsins *race*.[2] *Íslensk orðabók* (2002) útskýrir hugtakið kynþáttur sem: „kynkvísl, kyn, rasi, kynstofn." Nánari útlistun hugtaksins segir: „hópur fólks með svipuð arfgeng útlitseinkenni, s.s. hörundslit og hár, eða með tiltekna siði og trú sem gengið hafa í arf" en við það hefur verið bætt innan sviga: „afmörkun styðst ekki við vísindarök en orðið er notað um stærri og minni hópa, t.d. mongóla, indjána, norræna menn, araba, gyðinga" (bls 847).[3] Orðabókin endurspeglar einnig hvernig „kyn" og „kynstofn" hafa ósjaldan verið notuð sem nánast samheiti kynþáttar. Hugtakið kyn er í orðabókinni útskýrt meðal annars sem „ætt, ætterni" og „stofn", „tegund, gerð" (bls 844). Í *Íslenskri samheitaorðabók* (2000) er „ætt" og „tegund" gefin upp sem samheiti orðsins kyn og „ætt" sem samheiti „kynstofns" (bls. 265). Hugtakið kynþáttur hefur þannig einnig verið notað sem samheiti enska orðsins *tribe* eins og sjá má í bókaflokk Ágústs H. Bjarnasonar *Saga mannsandans* sem gefinn var út á tímabilinu 1948-1954.[4]

---

2 Orðasöfnin Læknisfræði, Landafræði, Uppeldis- og sálarfræði, Erfðafræði og Líforðasafn. Í Líforðasafni er hugtakið einnig notað sem þýðing á sex factor. Þrjú þessara orðsafna gefa upp orðið mannflokkur sem samheiti orðsins kynþáttur (Læknisfræði, Landafræði og Líforðasafn).

3 Í Íslensku alfræðiorðabókinni (1990) er einnig tekið fram í umfjöllun um kynþætti (sem er þar samheiti orðsins kynstofn) að hugtakið hafi „lítið vísindalegt gildi" (bls. 336).

4 Þessar upplýsingar fengust með leit í Orðabók Háskólans (www.lexis.hi.is).

Niðurstöður spurninganna

Spurningar um viðhorf til kynþáttahugtaksins voru gerðar í sambandi við verkefnið „Ímyndir Afríku á Íslandi“ og var markmið þeirra að safna upplýsingum sem auka mættu skilning á merkingu kynþáttahugtaksins í íslensku samfélagi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands aðstoðaði við uppsetningu spurninganna og sá um framkvæmd könnunarinnar. Um var að ræða símakönnun sem var framkvæmd dagana 25. nóvember til 10. desember 2003. Svarhlutfall var 63,2%. 52,4% svarenda voru karlar og 47,6% konur. Gögn voru greind eftir öðrum bakgrunnsbreytum svo sem aldri, búsetu, menntun, hjúskaparstöðu, fjölskyldutekjum og atvinnustöðu. Hér verður eingöngu gerð grein fyrir hluta af þeim upplýsingum sem fram komu í könnuninni og niðurstöður stuttlega skoðaðar út frá kyni og menntun.

Spurningar könnunarinnar voru sex og voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til ákveðinnar staðhæfingar í hverri spurningu. Í öllum tilvikum gátu svarendur valið á milli fimm möguleika: „mjög sammála,“ „frekar sammála,“ „hvorki sammála né ósammála,“ „frekar ósammála,“ og „mjög ósammála.“ Einnig gat fólk neitað að svara spurningunni eða vísað spurningu frá með því að segja að það vissi ekki svarið. Í þessari umfjöllun hefur svörum verið skeytt saman í „sammála“, „hvorki né“ og „ósammála.“ Umfjöllunin hér miðast við hlutfall svara út frá þeim sem tóku afstöðu nema að annað sé tekið fram.

Í fyrstu tveimur spurningunum áttu svarendur að taka afstöðu til staðhæfinganna „Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu“ og „Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar“ en þessum spurningum var ætlað að kanna þætti sem hafa lengi vel verið viðloðandi kynþáttahugmyndir, þ.e. að kynþættir hafi ólíkt eðli og atgervi. Síðan var spurt: „Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir“ og var þeirri spurningu ætlað að reyna að skilja hvort fólk teldi tengingu á milli menningar og kynþátta vera til staðar. Þrjár spurningar sneru svo að gildi hugtaksins sjálfs og þar gátu svarendur látið í ljós afstöðu sína til gagnsemi og eðli hugtaksins sem slíks. Þessar spurningar voru: „Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti“, „Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð“ og „Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir.“

Spurningar í könnuninni	Sammála (N)	Hvorki né (N)	Ósammála (N)
Sp. 1: Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu	32,7 % (242)	4,3% (32)	63,0% (465)
Sp. 2: Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar	9,0% (77)	2,7% (20)	88,3% (655)
Sp. 3: Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir	66,5% (498)	3,9% (29)	29,6% (221)
Sp. 4: Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti	44,2% (320)	5,9% (43)	49,8% (360)
Sp. 5: Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð	49,0% (313)	8,0% (51)	43,2% (276)
Sp. 6: Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir	40,0% (253)	9,2% (58)	50,8% (322)

Í töflunni má sjá að meirihluti svarenda er ósammála staðhæfingunni að ólíkir kynþættir hafi mismunandi líkamlega getu. Hér má auðvitað spyrja hvaða merkingu svarendur leggja í orðasambandið „líkamleg geta." Með spurningunni var verið að vísa til þeirrar sýnar sem oft er viðloðandi við kynþáttahugmyndir að fólk með ákveðinn húðlit hafi ólíka hæfni að einhverju leyti, svo sem að ákveðnir hópar séu betri eða verri í körfubolta eða dansi. Rúmlega einn þriðji þeirra sem svara þessari spurningu var sammála því að kynþættir hafi ólíka líkamlega getu. Við athugun á bakgrunnsþáttum vekur athygli að 41% karla svara spurningunni á þann veg en aðeins 23% kvenna.[5] Ekki greindist mikill munur á viðhorfum eftir menntun.

Í spurningu tvö var athugað hvort einstaklingar legðu þann skilning í hugtakið kynþáttur að um væri að ræða ólíkt greindarfar en slíkan skilning

[5] Munur er marktækur miðað við 99% öryggismörk ($p<0,01$).

má telja að fylgi gjarnan beinum kynþáttafordómum. Tiltölulega fáir voru sammála þessari staðhæfingu eða 9% þeirra sem svöruðu. Stærsti fjöldi svarenda tók skýra afstöðu á móti staðhæfingunni en 63% voru „mjög ósammála“ og 25% voru „frekar ósammála“. Fyrir meirihluta Íslendinga virðist hugtakið kynþáttur því ekki fela í sér mismunandi greindarfar einstaklinga eftir kynþætti. Lítill munur var á afstöðu kynjanna í þessari spurningu og einnig var lítill munur með tilliti menntunar.

Svör við spurningu þrjú voru einkar athyglisverð. Tæplega tveir þriðju svarenda voru sammála því að menning væri mismunandi vegna þess að kynþættir væru mismunandi. Spurningin felur í raun í sér að orsakasamband sé á milli menningar og kynþáttar en eins og fyrr var minnst á lagði Franz Boas í upphafi aldarinnar ríka áherslu á aðskilnað menningar og kynþáttahugtaksins. Hér virðist sem töluverður fjöldi einstaklinga á Íslandi setji einhvers konar tengingu á milli þessara tveggja hugtaka. Tiltölulega lítinn mun má hér greina á milli kynjanna. Þeir sem voru með háskólapróf voru líklegri til að vera ósammála staðhæfingunni (44%). Sambærilegt hlutfall var aftur á móti 25% hjá þeim sem voru með grunnskólapróf og framhaldsskólapróf.

Í spurningu fjögur gátu svarendur tekið afstöðu til gagnsemi hugtaksins burtséð frá vísindalegu gildi þess. Hér vekur athygli að hlutfall þeirra sem svara spurningunni telja hugtakið gagnlegt (44%) sem er nokkuð svipað hlutfalli þeirra sem telja það hafa litla gagnsemi (tæp 49%). Hlutfall kynjanna var nokkuð jafnt og hið sama gildir hvað varðar menntun svarenda. Með spurningu fimm var ætlunin hins vegar að athuga þekkingu svarenda á hugtakinu kynþáttur sem er áhugavert í ljósi seinni tíma afneitun hugtaksins af fræðimönnum sem vísindalegs hugtaks. Óvissu virtist gæta meðal svarenda sem endurspeglast meðal annars í háu hlutfalli einstaklinga sem töldu sig ekki vita svarið við spurningunni og/eða voru ekki tilbúnir að taka afstöðu en alls voru 17% sem svöruðu „veit ekki.“ Hér var lítill munur á milli kynja og einnig lítill munur eftir menntun.

Niðurstöður spurninganna sex renna stoðum undir þær vísbendingar sem spurning fimm veitir um viðhorf fólks til vísinda og kynþátta. Af þeim sem voru spurðir var næstum sama hlutfall ósammála því að kynþáttur sé úrelt vísindalegt fyrirbrigði og það hlutfall sem var sammála vísindalegu gildi á hugtakinu kynþáttur í spurningu fimm. Spurningin sýnir einnig að einn þriðji úrtaksins er tilbúinn að vera sammála þeirri einörðu afstöðu sem fram kemur á móti kynþáttahugtakinu í orðalagi spurningarinnar. Ekki var hægt að greina mikinn mun eftir bakgrunnsþáttunum menntun og kyn.

Að lokum

Niðurstöður spurninganna undirstrika mikilvægi þess að kafa dýpra ofan í skilning kynþáttahugtaksins á Íslandi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að töluverður fjöldi fólks virðist trúa því að hugtakið kynþáttur hafi vísindalegt gildi, en einnig að þó nokkrir séu óöryggir með hugtakið og aðrir hafni því alfarið. Meirihluti einstaklingar virðist taka ákveðna afstöðu gegn tengingu á líkamlegri getu og greind við kynþátt en í nokkurri mótsögn er að meirihluti viðmælenda telur að einhverskonar tengsl séu milli menningar og kynþáttar. Kynjamunurinn sem fram kemur í fyrstu spurningunni er athyglisverður og gæti gefið til kynna að karlar aðhyllist fordómafyllri myndir kynþáttahugtaksins en konur. Slíkt þyrfti þó að rannsaka mun betur og er til dæmis ekki stutt af spurningu tvö sem snýr að greind og kynþáttum. Einnig er áhugavert að þeir sem hafa háskólagráðu virðast síður líta svo á að hugtakið hafi vísindalegt gildi. Skilningur og notkun hugtaksins eru þó augljóslega margslungnari en niðurstöður stuttrar spurningarkönnunar geta náð utan um og er frekari rannsókna þörf.

Aukið litróf Íslendinga kallar á aukna þörf á að skoða gagnrýnið þær merkingar sem lagðar eru í hugtök eins og kynþáttur, menning og fjölbreytni. Hvað þýðir þessi tenging menningar og kynþáttar í íslensku samfélagi samtímans sem viðhorfskönnunin gefur til kynna? Hefur hún að einhverju leyti þau áhrif að athafnir Íslendinga með ólíkan húðlit eru túlkaðar mismunandi af samfélagi þeirra? Er talað öðruvísi um eða við Íslendinga eða útlendinga eftir litarhætti?

Eins og fyrr segir hafa fræðimenn lagt áherslu á afbyggingu hugtaksins kynþáttur og má segja að skilningur á merkingu hugtaksins sé einn þáttur í slíkri afbyggingu en jafnframt þarf að undirstrika kynþátt sem sögulegt fyrirbæri sem varð til á ákveðnum tíma við ákveðnar kringumstæður. Einnig er mikilvægt að afhjúpa ósýnileika kynþáttahyggju og gera hana – þar sem hún er til staðar – sýnilegri í samfélagi okkar. Hér virðist ef til vill vera um þversögn að ræða en áhersla á afbyggingu hugtaksins má ekki gleyma því að flokkun fólks í kynþætti hefur, rétt eins og flokkun í kyn, ákveðna félagslega virkni og afleiðingar. Þótt kynþáttur sé ekki líffræðilegt fyrirbæri er kynþáttahyggja vissulega félagsleg og söguleg staðreynd. Ein hættan við kynþáttahyggju er þegar flokkun fólks eftir litarhætti og útskýring á hegðun út frá kynþáttum verður svo eðlileg að hún er hulinn blæju almennrar skynsemi (*common sense*) í merkingu ítalska fræðimannsins Antonio Gramsci (1971), þ.e. að enginn gæti ímyndað sér að hlutir eða veruleikinn væru öðruvísi.

Heimildir

Anthropology Newsletter (1998). AAA Statement on "Race." *September*, 3.

Balibar, E. (1988). Is there a "Neo-Racism"? Í E. Balibar & I. Wallerstein (ritstj.), *Race, Nation, Class: Ambiguous Identities* (bls. 17-28).

Boas, F. (1963 [1911]). *The Mind of Primitive Man*. New York: Collier Books.

Frankenberg, R. (1993). *White Women, Race Matters: The Social Construction of Whiteness*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Friedman, J. B. (2000 [1981]). *The Monsterous Races in Medieval Art and Thought*. New York: Syracuse University Press.

Gilroy, P. (1998). *The Black Atlantic: Modernity and Double Consciousness*. London and New York: Verso.

Gramsci, A. (1971). *Selection from the Prisons Notebooks*. New York: International Publishers.

Hall, S. (1986). Gramsci´s Relevance for the Study of Race and Ethnicity. *Journal of Communication Inquiry, 10*(2), 5-27.

Harrison, F. V. (1998). Introduction: Expanding the Discourse on "Race." *American Anthropologist, 100*(3), 609-631.

Harrison, F. V. (2002). Unraveling "Race" for the Twentieth-First Century. Í J. MacClancy (ritstj.), *Excotic No More: Anthropology on the Front Lines* (bls. 145-166). Chicago and London: University of Chicago Press.

Íslensk orðabók (2002). Reykjavík: Edda.

Íslensk samheitaorðabók (2000). Reykjavík: Mál og menning.

Íslenska alfræðiorðabókin (1990). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Jóhann M. Hauksson (1999). *Kynþáttahyggja*. Reykjavík: Mál og menning.

Kristín Loftsdóttir (2003). Menning, trúarbrögð, hefðir: Kynjaðar orðræður um tvo-þriðju hluta heimsins. *Studia Theologica Islandica, ritröð Guðfræðistofnunar, 18*, 413-424.

Kristín Loftsdóttir (2004). Tómið og myrkrið: Afríka í Skírni á 19. öld. *Skírnir*(vor), 119-151.

Montagu, A. (1964). *Man's Most Dangerous Myth: The Fallacy of rRace*. Cleveland: World.

Shanklin, E. (1999). The Profession of the Color Blind: Sociocultural Anthropology and Racism in the 21st Century. *American Anthropologist, 100*(3), 669-679.

Smedley, A. (1998). "Race" and the Construction of Human Identity. *American Anthropologist, 100*(3), 690-702.

Stocking, G. (1968). *Race, Culture and Evolution: Essays in the History of Anthropology*. Chicago: University of Chicago.

Trouillot, M.-R. (2002). Adieu, Culture: A New Duty Arises. Í R. G. Fox & B. J. King (ritstj.), *Anthropology Beyond Culture* (bls. 37-60). Oxford: Berg.

Unnur B. Karlsdóttir (1998). *Mannkynsbætur: Hugmyndir um bætta kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun, Háskóla-útgáfan.

Visweswaran, K. (1998). Race and the Culture of Anthropology. *American Anthropologist, 100*(1), 70-83.

Fjölmenning á ferð og flugi

Unnur Dís Skaptadóttir

Á kirkjuþingi árið 2003 hélt biskup Íslands því fram að ekki væri gefið að Ísland væri fjölmenningarlegt samfélag. Í umræðum sem spruttu upp í kjölfarið mátti greina að ekki voru allir sammála honum (Einar Skúlason, 2003). Hugtakið fjölmenning hefur verið mikilvægt í umfjöllun um innflytjendur á síðustu áratugum með auknum fjölda útlendinga á Íslandi. Ekki eru þó allir á einu máli um hvað fjölmenning er. Umræður á síðustu árum um fjölmenningu og hvað felst í því að vera Íslendingur sýna að fyrri hugmyndum um einsleita þjóð með sameiginlega sögu, tungu og vel afmörkuð landamæri er ögrað. Vangaveltur hafa komið fram um hvernig tryggja megi þátttöku nýrra íbúa í samfélaginu og koma þannig í veg fyrir að aðskilnaður og ójöfnuður skapist á milli íbúa landsins byggt á þjóðernislegum uppruna þeirra. Meðal annars hefur verið spurt hvort áhersla á fjölmenningu hjálpi til við þátttöku í nýju samfélagi eða hvort hún leiði til afmörkunar og einangrunar hópa og útilokunar þeirra frá þjóðríkinu. Viðfangsefni þessarar greinar er sú kenningarlega umfjöllun sem átt hefur sér stað um fjölmenningu í mannfræði og ýmsum greinum félagsvísinda á síðustu árum. Umfjöllun mín er hluti af rannsóknarverkefninu Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar. Útlendingar á Íslandi: möguleikar og mótlæti[1].

Stefna stjórnvalda í móttöku innflytjenda og hugmyndir um þjóðerni hafa mikilvæg áhrif á hvernig til tekst að gera nýjum íbúum kleift að nýta hæfileika sína og þekkingu í íslensku samfélagi. Ísland er ólíkt hinum Norðurlöndunum og öðrum Vestur-Evrópulöndum að því leyti að það er aðeins nýlega sem hlutfall innflytjenda af íbúafjölda landsins hefur hækkað verulega. Eftir seinni heimsstyrjöldina átti flutningur vinnuafls stóran þátt í uppbyggingu og umbreytingu iðnvæddra hagkerfa í Vestur-Evrópu en við myndun nýrra þjóðríkja í fyrrum nýlendum á síðari hluta 20. aldar hafa innflytjendur í þessum löndum í vaxandi mæli verið flóttafólk. Á Íslandi hafa innflytjendur fyrst og fremst komið til að vinna og aðeins lítill hluti þeirra er flóttamenn.

---

1 Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannís. Ég vil þakka Ásdísi Maríu Elfarsdóttur og Kristínu Loftsdóttur fyrir gagnlegar athugasemdir.

Þó staðan sé ólík því sem var í mörgum löndum Vestur Evrópu fyrir 30 til 40 árum þegar þar var sóst eftir erlendu verkafólki getum við þó lært af reynslu þeirra og mistökum. Við getum þó ekki gengið út frá því að þróun fjölmenningarlegs samfélags verði eins á Íslandi og í þessum löndum. Samfélagslegt samhengi er annað og gagnrýnin fræðileg umfjöllun um fjölmenningu hefur átt sér stað sem mikilvægt er að kunna skil á.

Fjölmenning

Tvö líkön voru ríkjandi á seinni hluta 20. aldar í tengslum við umfjöllun um innflytjendur bæði meðal fræðimanna og þeirra sem unnu að stefnumótun. Annars vegar var litið á innflytjendur sem fólk sem settist að í nýju landi og aðlagaðist smátt og smátt landinu sem það flutti til – þó það tæki jafnvel tvær til þrjár kynslóðir. Talið var að fólk legði niður tungumál og aðra menningarþætti og tæki smátt og smátt upp mál og menningu ríkjandi samfélags og yrði meðlimir þess. Hins vegar var litið á fólk sem vinnuafl sem aðeins væri komið til að vinna tímabundið og héldi því fyrst og fremst tengslum við heimaland þangað sem það stefndi á að snúa aftur. Ekki var talið nauðsynlegt að fólkið aðlagaðist og oft á tíðum hafði það ekki sömu borgaralegu réttindi og aðrir íbúar eða tækifæri til að læra mál hins nýja lands. Talað var um gestaverkamenn sem dveldu tímabundið í landinu til að afla sér tekna (Castles, 2002).

Hugmyndir um fjölmenningu komu fram sem viðbrögð við þeirri einföldu sýn sem þessi líkön bjóða upp á. Fjölmenningarleg stefna ólíkra þjóðríkja hefur birst á mismunandi hátt í ólíkum þjóðríkjum en í meginatriðum gengur hún út á það að tryggja öllum meðlimum borgaraleg réttindi óháð þjóðernislegum uppruna á sama tíma og fólki er gert kleift að halda í menningarlegan uppruna sinn. Í stað þess að tala um aðlögun (assimilation) var í auknum mæli talað um samþættingu (integration). Bæði hugmyndir um aðlögun og um tímabundið vinnuafl fólu í sér þá sýn að samfélagið breyttist ekki sjálft við tilkomu innflytjenda. Fjölmenning þýðir að mýtan um einsleit þjóðríki er gefin upp á bátinn og sú staðreynd er viðurkennd að breytingar eigi sér stað með nýjum þegnum.

Í lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21. hefur tvenns konar umræða verið í gangi sem hefur haft áhrif á hvernig litið er á fjölmenningu. Í fyrsta lagi hefur hnattræn sýn haft áhrif á kenningamótun í rannsóknum á fólksflutningum, stöðu þjóðríkisins og fjölmenningu. Gagnýnt hefur verið að fjölmenning beini sjónum einungis að landinu sem flutt er til og sem svar við þessari

gagnrýni hefur sjónum verið beint að áframhaldandi tengslum við upprunaland innflytjenda. Í öðru lagi hefur verið bent á að hugmyndir um fjölmenningu gangi út frá því sem gefnu að hver etnískur hópur hafi sína afmörkuðu menningu sem einstaklingar innan hans tileinki sér. Oft skorti á gagnrýna umfjöllun um hvað felist í menningu etnísks hóps og þjóðernislegri sjálfsmynd (Baumann 1999; Castles 2002). Æ oftar er litið á sjálfsmyndir sem margþættar og í stað þess að tala um fjölmenningu er talað um þau ferli sem skapa sjálfsmyndir (identities).

Fjölmenning og hreyfanleiki

Fræðimenn eru meðvitaðri um hreyfanleika fólks en áður og hugtök eins og hnattvæðing, svæðing, afsvæðing og þverþjóðleg tengsl eru öll til marks um tilraunir til að nálgast hið hreyfanlega og tengsl sem ná út fyrir og þvert á skilgreind þjóðríki og menningarleg landamæri (Sørensen og Olwig, 2002; Urry, 2000, 2003; Hannertz, 1996, 1997). Hinn aukna áhuga sem finna má á fólksflutningum nú á tímum er ekki eingöngu hægt að útskýra út frá auknum hreyfanleika fólks því fólksflutningar hafa verið miklir síðustu aldir. Til dæmis voru miklir fólksflutningar á 19. öld í tengslum við iðnvæðinguna og um það bil 2,5 milljónir einstaklinga fluttu frá Skandinavíu til Ameríku frá 1850 til 1930 (Sørensen og Olwig, 2002).

Hugtakið transnationalism eða þverþjóðlegur veruleiki hefur verið miðlægt í fræðilegri umfjöllun um innflytjendamál og í rannsóknum um fólksflutninga síðasta áratug (Portes, 2001, 2003; Appadurai, 1996; Basch ofl., 1994; Kearny, 1995). Rannsóknir sýna að fólk flytur ekki endilega til að byrja nýtt líf annars staðar heldur allt eins til að finna ný tækifæri sem gera þeim kleift að bæta líf sitt heima fyrir (Sørensen og Olwig, 2002; Basch ofl., 1994; Glick Schiller og Fouron, 1999; Wimmer og Glick Schiller, 2002). Hinar ýmsu hliðar þverþjóðlegs veruleika hafa verið rannsakaðar eins og til dæmis efnahagslegt framlag brottfluttra til heimalands og þátttaka þeirra í stjórnmálum þar. Komið hefur í ljós að framlag þeirra sem senda peninga heim er mjög mikið. Á tíunda áratug 20. aldar var það u. þ. b. 20% hærra en opinber efnahagsaðstoð til svokallaðra þróunarlanda (Guarnizo, 2003). Ríkisstjórnir sendandalanda eins og Filippseyja og Haiti reyna að höfða til þjóðerniskenndar og vísa jafnvel í sameiginlegt blóð þegar þeir reyna að virkja tengsl brottfluttra við upprunaland (Glick Schiller og Fouron, 1999).

Á síðustu árum hefur komið fram umræða um það að of mikið hafi verið gert úr hinu þverþjóðlega. Tengsl við heimaland séu mismikil og af ólíkum

toga og ekki sé um nýtt fyrirbæri að ræða (Portes, 2001; Nagel, 2002). Nagel (2002) hefur bent á að þó svo að rannsóknir á þverþjóðlegum veruleika hafi komið fram sem mjög mikilvæg gagnrýni á kenningar um aðlögun þá þurfi að gæta þess að ganga ekki of langt og líta framhjá þeim sem vilja taka þátt í nýju samfélagi og falla inní hópinn. Of mikil áhersla á að innflytjendur séu uppteknir af heimalandi geti ýtt undir fordóma gegn þeim eins og gerðist í Bandaríkjunum eftir 11. september 2001. Það má ekki gleyma því að þó svo að fólk haldi tengslum við upprunaland þá lifir það sínu daglegu lífi á nýjum stað.

Fjölmenning og margbreytileiki í mótun

Þó rannsóknir á þverþjóðlegum veruleika sýni hvernig sjálfsmyndir fólks geti tengst fleiri en einu þjóðríki samtímis þá leiða slíkar rannsóknir í sjálfu sér ekki til gagnrýnnar umræðu um félagslega sköpun þjóðernis og etnískrar skiptingar. Baumann (1999) bendir á að á sama hátt og félagsleg sköpun þjóðernis (*nationality)* og kynþáttar hafi verið rannsökuð þurfi að rannsaka félagslega sköpun hugmynda sem etnískir hópar byggja á. Hann telur að hið etníska sé í raun eins og 20. aldar ljósrit af 19. aldar kynþætti; útlínur myndarinnar eru ekki eins skýrar en hönnun myndarinnar er alveg eins slæm segir Baumann (1999: 20). Hann bendir á að þjóðernis-, etnískar og trúarlegar sjálfsmyndir byggi á samskonar hugmyndum sem þurfi að skoða til að skilja betur ráðgátuna um fjölmenningu. Þetta sé best að gera með því að greina hugtakið sem allar byggja á, þ.e. menning.

Menningarhugtakið eins og það er notað nú til dags var mótað af mannfræðingum í upphafi 20. aldar til að útskýra að ólík hegðun væri ekki tilkomin vegna líkamlegra eiginleika. Í dag eru margir þeirra gagnrýnir á það hvernig litið er á menningarhugtakið og benda á að menning sé ekki hlutur sem auðvelt er að lýsa og setja fingur á. Í umræðu um fjölmenningu hafa mannfræðingar í auknum mæli gagnrýnt þá sýn að menningarhópar séu afmarkaðar stærðir með innri eiginleika og skýr ytri mörk og að litið sé á menningu og þá sérstaklega menningu minnihlutahópa eins og hún væri hlutbundið fyrirbæri sem fólk flytji með sér í heilu lagi milli landa og stýri hegðun þess (Eriksen, 1993; Wikan, 1999; Baumann, 1999). Þeir sýna m. a. að menningarþættir öðlast nýja merkingu í nýju samhengi. Baumann (1999) hefur bent á hvernig ímyndir um hópa frá sömu löndum skapist á ólíkan hátt í samspili við ólík þjóðríki og að ráðandi aðilar í innflytjendahópum taki þátt í mótun slíkra hugmynda. Til dæmis séu ekki sömu hugmyndir í Frakklandi

og Þýskalandi um borgaralegt samfélag og ríkisborgararétt og þess vegna nálgist þessi ríki innflytjendur á ólíkan hátt, franskir skólar skapi því franska tegund af Tyrkjum og þýskir skólar þýska tegund af Tyrkjum (1999, bls. 151). Fjölmenning sé því ekki bara ráðgáta fyrir þjóðríkin til að takast á við heldur einnig ráðgáta um þjóðríki.

Baumann (1999, bls. 137) segir að í dag sé oftast litið á menningu, hvort sem um er að ræða þjóðernislega, etníska eða trúarlega, sem eitthvað sem maður á og er meðlimur af í stað þess að líta á hana sem eitthvað sem maður mótar og endurmótar. Hann telur að slík sýn sé ekki gagnleg fyrir fjölmenningarlega framtíð því hún skapi fleiri vandamál en hún leysi. Hún líti framhjá þeirri staðreynd að við tökum öll þátt í fleiri en einni menningu og menningar liggi ekki samhliða eins og mósaíkmynd heldur skarist þær á marga vegu. Menning er síbreytileg blanda menningarþátta og strauma og það er erfitt að segja hvar ein menning endar og önnur byrjar. Blöndun menningarstrauma og hugmynda er þó meiri og hraðari nú en áður með auðveldari samskiptum í hnattvæddum heimi (Nederveen Pieterse, 2001; Urry, 2000). Túlkunin á menningararfinum er oft umdeild og algengt er að meðlimir sama hóps séu ekki sammála um hvaða þætti eigi að draga fram í sameiginlegri sjálfsmynd. Menning, samfélag eða etnískir hópar hafa aldrei verið vel afmarkaðir og sama gildir um sjálfsmyndir. Það að hlutgera menningu og landamæri milli menningarhópa getur leitt til þess að við lítum framhjá þeim margbreytileika sem er að finna innan hvers samfélagshóps og ólíkra hagsmuna sem þar er að finna. Þessi fyrirbæri hafa aldrei verið stöðug eða einsleit og öll menning er félagsleg og söguleg afurð.

Þegar við segjum að etnísk skipting sé félagslega sköpuð og menning sem hún byggir á sé margþætt erum við þá með því að gera lítið úr hugmyndum fólks sem notar þessi hugtök? Lykilatriðið hér er að reyna að skilja af hverju fólk notar þessi hugtök og hvaða markmiðum það vill ná fram með því. Stundum vill fólk ná fram réttindum fyrir þann samfélagshóp sem það tilheyrir. Það er ekki félagsvísindanna að gera lítið úr þessum markmiðum heldur frekar að skilja af hverju og í hvaða samhengi fólk notar slíkar kenningar til að ná fram markmiðum sínum. Slíkar hugmyndir móta ekki aðeins hugmyndir meirihlutans um etníska minnihlutahópa heldur einnig hugmyndir minnihlutahópa um sig sjálfa og þess vegna er svo mikilvægt að reyna að skilja hvaðan þessar hugmyndir koma (Baumann, 1999, bls. 91).

Lokaorð

Í nýlegum Kastljósþætti (Kastljósið 27. júlí 2004) talaði stuðningskona fjölmenningar um að það væri „dásamlegt að geta heimsótt ókunnug lönd þar sem menningin blómstrar í sínu náttúrulega umhverfi". Hún talaði um að það þyrfti að varðveita menningu ólíkra hópa á sama hátt og ólíkar plöntutegundir í náttúrunni. Jafnframt þyrfti að leyfa menningu að dreifast eins og plöntur dreifast. Stjórnandi þáttarins spurði hvort það að leyfa svo marga innflytjendur í svo litlu landi byði ekki hættunni heim að menningar blönduðust svo mikið að ekki yrðu ólíkar tegundir til heldur óskilgreind blanda. Hann benti á að ef við blöndum ólíkum kartöflum í eina fötu og gróðursetjum það höfum við ekki lengur margar tegundir heldur bara kartöflur. Hann spurði einnig hvort ekki væri svolítill hroki í Vesturlandabúum að gleyma að líta á eigin menningu sem sérstaka menningu en ekki aðeins þeirra frumstæðu.

Þetta brot úr umræðum þáttarins endurspeglar að vissu leyti þau viðhorf til fjölmenningar sem hér hafa verið til umfjöllunar. Bæði stjórnandi þáttarins og viðmælendur virtust gera ráð fyrir að menningar væru óblandaðar, þær ættu sér náttúrulegt umhverfi og þær væri hægt að hafa með sér milli landa. Þegar einn viðmælandinn sagði „ég kem með bakpokann minn og þú kemur með bakpokann þinn og svo tölum við saman" getur þó verið að hún hafi gert ráð fyrir að innihald pokanna hafi verið af ýmsum toga. Umræða eins og sú sem fram fór í þættinum um fjölmenningu er mikilvæg og gagnlegt er að fjallað sé um styrk fjölmenningarsamfélags og vandamál sem upp koma. En það er líka mikilvægt að festast ekki í gömlum hugmyndum um fjölmenningu því sagan heldur áfram.

Íslensk menning hefur alltaf mótast í samspili við hugmyndir utan úr heimi og þjóðernishyggjan sjálf er skýrasta dæmið um það. Innflytjendur í dag, sem fyrr, bera með sér nýja strauma og hugmyndir. Hvernig væri íslensk menning án erlendra áhrifa í tónlist, trúarhugmyndum, sjávarútvegi og bókmenntum? Allar þjóðmenningar eru margþættar og með innra ósamræmi í hugmyndum og síbreytilegur bræðingur alveg eins og íslensk menning. Þetta á auðvitað líka við um menningu þess fólks sem flyst hingað og þegar það kemur, kemur það ekki með einfaldan menningarböggul með sér. Fólk velur meðvitað og ómeðvitað ákveðna þætti sem það kýs að halda í að heiman. Flestir innflytjendur koma úr samfélögum sem eru miklu flóknari og fjölbreytilegri en íslenskt samfélag og sem hafa lengi verið fjölmenningarleg.

Til að auðvelda fólki sem flyst milli landa að nýta þekkingu og reynslu sem það ber með sér til nýs lands og gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur er nauðsynlegt fyrir þjóðríki að byrja á því að viðurkenna að fólksflutningar milli landa eru staðreynd, hafa alltaf verið það og allt bendir til þess að þeir muni halda áfram. Víða í Vestur Evrópu vantar til dæmis bæði faglært og ófaglært fólk til starfa og mun vanta áfram þar sem Evrópubúar eru að eldast og fólk þar eignast sífellt færri börn (Castles, 2002). Þjóðríki eru síbreytileg og breytast meðal annars með innflytjendum og þátttöku í hnattrænum heimi. Það er mikilvægt að spyrja hvernig landamæri verða til og af hverju þau hafa mismikið vægi á ólíkum tíma. Einnig er mikilvægt að spyrja hvernig sameiginleg etnísk sjálfsmynd hefur verið sköpuð sögulega og að taka þessa sköpun ekki úr félagslegu, stjórnmálalegu og efnahagslegu samhengi og gefa henni fasta menningarlega eiginleika (Turner, 1993; Gilroy, 1992).

Ég vil enda umræðu mína með áframhaldandi samlíkingu við plönturíkið á orðum Gerd Bauman sem segir: „Fjölmenning er ekki aðeins spurning um að leyfa þúsund blómum að blómstra og gæta þess að hver tegund fái réttláta meðferð. Hún snýst einnig um gagnrýna hugsun, um að spyrja: Hver lýsir því yfir að tiltekið fyrirbæri teljist vera blóm og hvernig hefur frjóvgun, áburðargjöf og önnur mannleg stjórn á lífskilyrðum þess gert það að verkum að það varð að veruleika?“ (Baumann, 1999, bls. 115).

Heimildir

Appadurai, A. (1996). *Modernity at Large: Cultural Dimensions of Globalization*. Minneapolis, MN: University of Minnesota Press.

Axel, B. K. (2002). National interruption: Diaspora Theory and Multiculturalism in the UK. *Cultural Dynamics, 14*(3), 235-256.

Banerjee, S. B. og S. Linstead (2001). Globalization, Multiculturalism and Other Fictions: Colonialism for the New Millennium? *Organization, 8*(4), 683-722.

Basch, L., N. Glick-Schiller og C. Szanton Blanc (1994). *Nations Unbound: Transnational Projects, Postcolonial Predicaments, and Deterritorialized Nation-States*. Amsterdam: Gordon and Breach.

Baumann, G. (1999). *The Multicultural Riddle: Rethinking National, Ethnic, and Religious Identities*. New York: Routledge.

Castles, S. (2002). Migration and Community Formation under Conditions of Globalization. *The International Migration Review, 36*(4), 1143-1168.

Einar Skúlason (2003). Stefnumót biskups við samtímann. *Morgunblaðið*, 28. október.

Eriksen, T. H. (1993). *Ethnicity and Nationalism. Anthropological Perspectives.* London: Pluto Press.

Glick Schiller, N. og G. E. Fouron (1999). Terrains of blood and nation: Haitian transnational social fields. *Ethnic and Racial Studies, 22*, 340-361.

Guarnizo, L. E. (2003). The economics of transnational living. *The International Migration Review, 37*(3), 666-699.

Hannerz, U. (1996). *Transnational Connections: Culture, People, Places.* London: Routlege.

Hannerz, U. (1997). *Flows, boundaries and hybrids: Keywords in transnational anthropology*. Stockholm: Stockholm University.

Kearney, M. (1995). The Local and the Global: The Anthropology of Globalization and Transnationalism. *Annual Review of Anthropology, 24*, 547-665.

Nagel, C. R. (2002). Geopolitics by another name: immigration and the politics of assimilation. *Political Geography, 21*(8), 971-987.

Nederveen Pieterse, J. (2001). Hybridity, So What? The Anti-hybridity Backlash and the Riddles of Recognition. *Theory, Culture & Society, 18*(2-3), 219-245.

Olwig, K. F. og N. N. Sørensen (2002). Mobile livelihoods: Making a living in the world. Í K. F. Olwig og N. N. Sørensen (ritstj.), *Work and Migration: Life and Livelihoods in a globalizing world* (bls. 1-19). London: Routledge.

Portes, A. (2001). Introduction: the debates and significance of immigrant transnationalism. *Global Networks, 1*(3), 181-193.

Portes, A. (2003). Theoretical convergencies and empirical evidence in the study of immigrant transnationalism. *The International Migration Review, 37*(3), 874.

Urry, J. (2000). *Sociology beyond societies: Mobilities for the twenty-first century.* London: Routledge.

Urry, J. (2003). *Global Complexity.* Cambridge: Polity Press.

Wikan, U. (1999). Culture: A new concept of race. *Social Anthropology, 7*(1), 57-64.

Wimmer, A. og N. Glick Schiller (2002). Methodological nationalism and beyond: nation-state building, migration and the social sciences. *Global Networks, 2*(4), 301-334.

Ein eða tvær – hverjar eru þær? Eru ásynjurnar Frigg og Freyja af sömu rót eða ekki?

Ingunn Ásdísardóttir

Líklega getum við öll verið sammála um að eðlislæg trúarþörf mannsins hafi leitt hann til að skapa sér guði og trúarbrögð af ýmsu tagi allt frá því hann fór fyrst að spyrja: hver er ég, hvers vegna er ég? í mistri fyrndarinnar.

Það er svo ekki fyrr en á síðasta kortérinu í sögu mannkynsins að menn hafa farið að skoða þetta fyrirbrigði og reyna að gera sér grein fyrir annars vegar hvað trú og trúarbrögð séu og hins vegar hvernig þau séu og hvers vegna þau séu jafn mismunandi og raun ber vitni. Það trúarkerfi sem stendur okkur næst af hinum fornu, svokölluðu heiðnu trúarbrögðum, er hin norræna goðafræði sem líklega mun hafa verið iðkuð á Norðurlöndum og hluta af Norður-Evrópu á svokölluðum víkingatíma eða svo rúmt sé ætlað á tímabilinu frá því um 4-500 e.Kr. og fram um árþúsundamótin eittþúsund. Hér ætla ég að fjalla um ásynjurnar tvær Frigg og Freyju og þá mynd sem gefin er af þeim í textaheimildum út frá spurningunni: Eru Frigg og Freyja runnar af sömu rótum – ef svo er, hverjar eru þá þær rætur; ef svo er ekki, hverjar eru þá rætur þeirra hvorrar fyrir sig?

Rannsóknir á norrænni heiðni hafa um flest fylgt þeim straumum sem ríkjandi hafa verið í fræðunum hverju sinni. Þannig voru verk fyrstu fræðimannanna eins og Finns Magnússonar, Finns Jónssonar, Sophusar Bugge, Gustavs Neckel og fleiri aðallega handrita- og textarannsóknir. Síðan fer að bera á túlkun og samanburðarrannsóknum í auknum mæli og má þar t.d. nefna Sigurð Nordal, Jón Helgason, Anne Holtsmark og Jan de Vries. Þegar líður fram á 20. öldina taka rannsóknirnar í þessum fræðum að víkka mjög og færast jafnframt yfir á sérhæfðari svið. Enn fremur fara menn smátt og smátt að taka mið af fleiri fræðigreinum til stuðnings rannsóknum sínum. Þannig eykst hlutur mannfræði og fornleifafræði, auk trúarbragðasögu almennt og samfélagsfræði og sálarfræði eru hér ekki heldur undanskildar. Stærstur hluti allra rannsókna í goðafræði hefur þó í megindráttum beinst að karlgoðunum,

og kvengoðin hafa oftar en ekki verið látin sitja á hakanum. Innan norrænnar goðafræði má segja að ásynjurnar hafi lengi vel í besta falli fengið umfjöllun a) í tengslum við æsina (sem ástkonur eða eiginkonur), b) sem hluti af goðafjölskyldunni, eða c) stutta kynbundna umfjöllun sem oftast flokkar þær sem hjónabands- eða frjósemisgoð án nánari útlistunar.

Með aukinni þátttöku kvenna í fræðilegum rannsóknum á síðari hluta síðustu aldar taka rannsóknir á gyðjum og kvenlegum goðverum síðan mikinn kipp. Marija Gimbutas vann mikið frumkvöðlastarf með rannsóknum sínum og kenningum um móðurgyðjudýrkun á Balkanskaga allt frá fyrri hluta steinaldar. Rannsóknir sínar studdi hún víðtækum fornleifarannsóknum á þessu svæði og fjölda gripa og skreytimynstra á þeim sem hún túlkaði að stærstum hluta til sem birtingarform átrúnaðar á þessa móðurgyðju. Með ritum sínum hleypti hún af stað almennum áhuga á gyðjum, bæði meðal lærðra og leikra. Þrátt fyrir að hún hafi verið að rannsaka forsögulegt tímabil, sem litlar heimildir eru til um og vitanlega engar textaheimildir, hafa bækur hennar haft mikið að segja fyrir rannsóknir á kvenlegum goðmögnum síðari tíma. Hugmyndir hennar um svo forna og afgerandi dýrkun mikillar gyðju urðu til þess að fræðimenn fóru í auknum mæli að líta svo á að aðrar og síðari gyðjur hafi getað verið alvöru goðmögn sem nutu sjálfstæðs átrúnaðar í stað þess að vera bara eins konar viðhengi við karlgoðin. Vitaskuld fylgdi þessi þróun bæði í þessum fræðum sem öðrum, þeim samfélagslegu hræringum á Vesturlöndum sem hófust um miðbik 20. aldar þegar femínismi og kvennabarátta fengu byr undir báða vængi.

Í kjölfar Mariju Gimbutas má segja að riðið hafi yfir alda gyðjurannsókna og fjöldi fræðikvenna einhenti sér í þær. Innan norrænnar goðafræði riðu þarna á vaðið konur á borð við Ursulu Dronke, Hildu Ellis Davidson og Lotte Motz auk margra annarra sem hafa lagt geysilega mikið til norrænna goðafræðirannsókna bæði í ræðu og riti. Rannsóknir þessara kvenna hafa varpað ljósi á margar hliðar gyðjumyndarinnar og dregið fram í dagsljósið áður óþekktar áherslur sem ekki aðeins hafa gildi fyrir þekkingu manna á gyðjumyndinni, heldur ekki síður fyrir þekkingu manna á goðafræðinni og heiðnum sið sem lifandi trú. Nokkrir karlar hafa reyndar líka lagt sitthvað til málanna á þessum vettvangi svo allrar sanngirni sé gætt en flestir fræðimenn af karlkyni hafa þó haldið sig karlamegin í fræðunum.

Það sem mér virðist einna helst einkenna þau fræðirit sem komið hafa út um hinar norrænu ásynjur á síðustu áratugum er sú tilhneiging höfunda þeirra að feta beint í fótspor Mariju Gimbutas og vinna út frá hugmyndinni um eina allsherjar móður- eða æðstu gyðju sem allar aðrar gyðjumyndir eru sprottnar af eða eru einstakar og sérhæfðar hliðar hennar. Þar sem hér er ekki

rúm til að gera nána grein fyrir öllum þessum ritum læt ég nægja að nefna fáein rit sem með titlunum gefa nokkra vísbendingu um efnið og viðhorfin sem fram koma. *Roles of the Northern Goddess* eftir Hildu Ellis Davidson, *Máttugar meyjar* eftir Helgu Kress, greinasöfnin *The Concept of the Goddess* og *Mythological Women* og síðast en ekki síst bók Britt-Mari Näsström *Freyja – The Great Goddess of the North*. Í öllum þessum ritum er það viðhorf ríkjandi að gyðjan sé ein, ævaforn og að öll þau gyðjunöfn og mismunandi sérsvið þeim kennd séu aðeins mismunandi hliðar hennar. Þetta er að mínu mati helst til almenn og einföld skýring, enda kemur á daginn þegar þessar kenningar eru skoðaðar nánar að hægt er að fella nánast hvað sem er inn í þær. Þetta sést hvað best í skilgreiningu sem Britt-Mari Näsström hefur sett fram um Æðstu gyðjuna en þar segir hún að gyðjan sé „… sjálfstæð [óháð] … ákvarði örlög … tengist jörðinni en geti jafnframt birst sem himingoð … tengist tunglinu, sólinni aðeins sjaldan, [og] margræð persóna hennar felur í sér bæði gæsku og illsku; stundum skiptist hún í tvær gyðjur sem birtist sem móðir-dóttir eða tvær systur.“ (Näsström, 1995)

Eins og ég minntist á hér að framan tel ég þetta nokkra einföldun og ýmsum þáttum sem skipta máli sleppt. Á ég þar einkum við þrennt: a) framrás tímans og sögulega þróun, b) samfélagslegan og landfræðilegan mismun svæða, c) mismunandi sagnir af goðunum sem gefa til kynna sérkenni þeirra og hlutverk.

Framrás tímans og sögulega þróun má skoða af fornleifum sem fundist hafa víða um heim og benda til átrúnaðar á kvenkyns goðmögn allt frá örófi alda. Í Evrópu má nefna 5-7000 ára gamlar fornleifar frá Balkanskaga og 4-6000 ára gamlar helluristur á Norðurlöndum, einkum í Norður-Noregi og í Bohusléni í Svíþjóð. (Gimbutas, 1982; Almgren, 1926-27.) Litlar kvenstyttur og myndir úr bronsi, tré og fleiru sem fundist hafa vítt og breitt um Norðurlönd frá tímabilinu 1500 f.Kr. og fram á ofanvert fyrsta árþúsundið e.Kr. benda til hins sama. Þessar kvenmyndir bera ýmis sameiginleg einkenni, svo sem einhvers konar hálsmen, sérstaka tegund af hárhnút sem hugsanlega hefur haft trúarlegt gildi, margar þeirra eru í strápilsi af ákveðinni gerð og sumar virðast vera í einhvers konar dansstellingum. Það má því kannski gera ráð fyrir að ákveðin atriði í átrúnaðinum hafi haldist þau sömu yfir löng tímaskeið á þessum svæðum.

En þrátt fyrir að þróunin hafi væntanlega verið hægari á þessum tímum en nú, urðu samt sem áður margvíslegar breytingar, bæði landfræðilegar og samfélagslegar og ber þar helst að nefna umskiptin úr veiðimannasamfélögum yfir í akuryrkjusamfélög, og síðan aukinn hernað og þjóðflutninga. Áherslur í átrúnaði hljóta að hafa verið mismunandi; veiðiguð eða -gyðja

mikilvægara goðmagn í veiðimannasamfélagi heldur en í akuryrkjusamfélaginu sem tók við af því, þar sem líklegt má þykja að frjósemis- og jarðargoð hafi verið einna máttugust; hernaðargoð síðan verið hafin til vegs og virðingar meðal samfélagshópa sem ástunduðu slíkt, þ.e. yfirstétt og höfðingjar. Það er ólíklegt að lifnaðarhættir hafi verið eins hjá fólki uppi í norðurnorskum afdal og hinum sem bjuggu á hinum víðáttumiklu jósku grundum eða við vötnin á austurströnd Svíþjóðar, þótt öll hafi þau kannski verið akuryrkjusamfélög. Líklegt er að á þéttbýlli svæðum hafi samskipti manna verið meiri og fjölbreyttari, kaupskapur líflegri og almenningur í meiri nálægð við höfðingjastéttina. Þetta hefur haft í för með sér meiri umferð ókunnugra og aukin utanaðkomandi áhrif, bæði í trúarlegu tilliti sem öðru. Enn fremur hafa trúarathafnir líklega verið íburðarmeiri en á dreifbýlli svæðum.

Við megum heldur ekki gleyma því að við vitum ekkert um nöfn þessara goða, því að þau eru hvergi skráð. Það er ekki fyrr en með kristninni sem lestur og skrift koma til sögunnar. Og þá fyrst kynnumst við nöfnum einstakra goða og goðamynda. Einstaka nöfn hafa komið fram fyrir þann tíma á rúnaristum en í öllum tilfellum eru það nöfn karlgoða, sem eru ekki til umfjöllunar hér. Ein elsta textaheimild um norræn goð sem við höfum er *Germania* eftir rómverska sagnaritarann Tacitus sem uppi var á 1. öld eftir Krist. Hann gefur öllum norrænum goðum sem hann nafngreinir rómversk nöfn nema einu og það er gyðjan Nerthus sem við þekkjum hvergi úr norrænum textaheimildum. Með orðsifjafræði hafa menn rakið hana saman við vanagoðið Njörð, og athyglisvert er að það er eins og upphaflega hafi þetta goð verið kvenkyns en síðan breytt um kyn einhvern tíma á vegferð sinni um fyrsta árþúsundið eftir Krist.

Og þá erum við loksins komin að ásynjunum tveim, Frigg og Freyju. Það er svo til eingöngu í gegnum textaheimildirnar, aðallega *Eddukvæðin* og rit Snorra Sturlusonar *Heimskringlu* og *Snorra-Eddu* sem við þekkjum nöfn þessara tveggja ásynja, sem og hugtökin *æsir* og *vanir* en eins og flestir vita telst Frigg til ása en Freyja er vanaættar.

Nú orðið eru fræðimenn tiltölulega sammála um að átrúnaður á vani, sem lengst af munu hafa verið goð frjósemi og árferðis og nátengd vatni og jarðarmegni, sé mun eldri á Norðurlöndum en átrúnaður á æsi. Talið er að æsir, sem fremur eru goð hernaðar og þekkingar og eru himingoð öfugt við vani, hafi komið til Norðurlanda frá Mið-Austurlöndum og suðausturhluta Evrópu, þ.e.a.s. frá indógermönum. Þetta má m.a. rekja í gengum nöfn þeirra Friggjar og Freyju sem virðast óneitanlega vera skyld við fyrstu sýn en þegar farið er að rýna í þau kemur þó ýmislegt athyglisvert í ljós. Í orðsifjafræðiriti sínu rekur Jan de Vries uppruna beggja nafna og kemst að þeirri niðurstöðu

að merking nafns Freyju sé „drottning, frú“ og sé þar með fremur stöðuheiti en eiginnafn. Frigg má rekja til fornindverska orðsins *priya* sem þýðir „eiginkona“ eða „hin elskaða“. (Vries, 1962, bls. 142-3) Ein elsta heimild um Friggjarnafnið er hin svokallaða *Síðari særing frá Merseburg* en það er fornháþýsk töfraþula sem varðveist hefur í handriti frá 10. öld en er talin vera mun eldri en handritið. Þar eru nefnd nokkur goð sem við þekkjum úr frændgarði ása, *Uodan* sem er Óðinn, *Balder* eða Baldur, *Friia* eða Frigg og *Volla* sem er líklega sama nafn og Fulla sú sem Snorri kallar eskimey Friggjar. Hér ætla ég að staldra aðeins við af því að ég geri ráð fyrir að lesendur hnjóti við nafnmynd Friggjar *Friia*, sem óneitanlega hljómar Freyjulegri en Friggjar. Þetta gefur tilefni til að. ímynda sér nöfnin samstofna eða skyld en orðsifjafræðilega leiða öll eldri nafnformin sem finna má á meginlandi Evrópu, fornháþýska *Friia*, fornenska *Frige*, langbarðamál *Fria* til Friggjarnafnsins en ekki Freyju. (Prokosch, 1939) Þessi nafnform fylgja jafnframt málþróun og þjóðflutningum indógermana til og um Evrópu allt frá öðru árþúsundi f.Kr.

Þrátt fyrir að þær textaheimildir sem við þekkjum best, *Eddukvæðin* og verk Snorra Sturlusonar, sýni Frigg sem háttprúða og virðulega eiginkonu Óðins og hina harmþrungnu móður virðast þær fáu heimildir sem til eru um hana sunnan úr Evrópu gefa nokkuð aðra mynd af henni. Af lýsingum bæði Paulusar Diaconusar í *Langbarðasögu* (Paulus Diaconus, I:8) sem rituð er á 8. öld eftir nú glataðri frásögn frá því um 650 og Saxa málspaka í *Danasögu* (Saxo Grammaticus, 1979) sinni frá ofanverðri 12. öld má ráða að þarna sé á ferðinni bardagaglöð og lostafull gyðja, jafnvel fjölkunnug. Hún er að vísu gift Óðni eða *Wodan* í öllum heimildum en það virðist ekki skipta sköpum. Athyglisvert í þessu sambandi er að þegar germanir kynnast Rómverjum og taka að yfirfæra ýmis hugtök og heiti þeirra yfir til sín þá verður Dies Veneris eða Venusardagur að vikudagsnafninu *Frigedæg* eða Friggjardagur.

En hvað þá með Freyju? Og hvaðan kemur nafn hennar? Ljóst virðist að gyðjudýrkun mun hafa verið snar þáttur í átrúnaðinum á vani, bæði eins og sést af gyðjunafninu Nerthus sem fyrr var drepið á en einnig af fornleifum af ýmsu tagi sem sumar hverjar eru mjög gamlar, þær elstu allt frá steinöld, þær yngstu frá víkingatímanum. Þetta eru m.a. kvenmyndir af ýmsu tagi, styttur, örsmáar gullþynnur með áþrykktum myndum, myndir á bautasteinum frá Gotlandi og fleira. Mjög háttsett kona var jarðsett í mikilfenglegri skipsgröf við Oseberg í Noregi einhvern tímann um 835-50 og í gröfinni fundust ýmiss konar hlutir sem virðast hafa trúarlegt gildi. Því hefur verið haldið fram að þarna hafi verið grafin prestynja Freyju eða sambærilegrar gyðju, sem jafnframt hafi verið staðgengill gyðjunnar í átrúnaði fólksins (Ingstad, 1992). Allt fram um þennan tíma, þ.e. fram undir árið þúsund höfum við engar

heimildir um nafn þessarar vanagyðju og það er ekki fyrr en með norrænu textaheimildunum sem Freyjunafnið kemur fram. Og í þeim kemur líka fram að hún átti sér mörg nöfn, Hörn, Gefn, Sýr, Mardöll, Vanadís, Skjálf … Sum þessara nafna vísa til ákveðinna hlutverka, svo sem Hörn sem vísar til línræktar og hörvinnu og Sýr sem þýðir gylta, en merking annarra er óljós. Þetta gæti bent til þess að hún hafi verið þekkt undir mismunandi nöfnum á mismunandi svæðum.

Eins og áður var minnst á er talið að nafnið Freyja sé upphaflega titill fremur en eiginnafn. Eftirfarandi athugasemd Snorra Sturlusonar um Freyju virðist styðja það en hann segir „at með hennar nafni skyldi kalla allar konur tígnar, svá sem nú heitar frúvur. Svá hét ok hver freyia yfir sinni eigu, en sú húsfreyia, er bú á.“ (Snorri Sturluson 1941, 10.k.)

Svo virðist sem Freyjunafnið hafi borist til Norðurlanda eftir öðrum leiðum en Friggjarnafnið. Svo furðulegt sem það kann að hljóma þá er líklegast að freyjutitillinn sé kominn til Norðurlanda frá austurströnd Bretlands en konungsætt Norðúmbríumanna var nátengd Skandínövum þeim sem höfðu sest þar að. Það virðist því vænlegast að álykta að nafnstofninn hafi annars vegar flust með ásum norður eftir Evrópu til Skandinavíu og orðið að eiginnafninu Frigg en jafnframt tekið á sig krók yfir til Bretlands og komið þaðan til Norðurlanda sem titill sem hin forna vanagyðja sem þar var föst í sessi hafi fengið, líklega þó aðeins á ákveðnum svæðum, eins og örnefni benda til.

Þegar farið er að skoða betur hvað er líkt og ólíkt með þeim Frigg og Freyju kemur ýmislegt í ljós. Við fyrstu sýn virðast þær eiga ýmislegt sameiginlegt, t.d. eru báðar sagðar eiga fuglsham (Snorri Sturluson, 1998. *I* 2/9-5, 24/22-30, 30/11; *Þrymskviða,* 1998 er. 3, 5, 9). Þegar farið er að grafast aðeins fyrir um fuglshaminn finnst ekkert sem viðkemur Frigg, hvorki bein né óbein tengsl. Um Freyju gegnir nokkuð öðru máli. Ýmsar heimildir benda til þess að Freyja hafi verið eins konar drottning valkyrjanna eða þeirra æðst (Ström, 1954, 3. og 4. k.; Ellis Davidson 1998), ímynd valkyrjanna er að þær ríði loft og lög og kjósi þá sem falla í orrustum; í sumum tilfellum eiga þær fuglshami *(Völundarkviða* 1998). Í *Grímnismálum* segir að Freyja byggi að Fólkvangi, sem þýðir orrustuvöllur, og eigi hálfan val á móti Óðni (1998, 14). Elsta heimildin sem virðist vísa til hugmyndarinnar um valkyrju er í fornenska kvæðinu *The Battle of Brunanburh* frá 937, þar sem hræfuglar eru í þessu hlutverki. Það sýnist mega draga þá ályktun að upphaflega hugmyndin um valkyrjur hafi verið eins konar kvenlegir andar í fuglslíki, tengdir orrustum og dauða. Hér má minna á að átrúnaður á vani mun vera eldri en á æsi á Norðurlöndum, og jafnframt virðist átrúnaður á dísir, nornir og

valkyrjur, þ.e. slík óljós fjölkunnug kvenleg og nafnlaus goðmögn, vera mun eldri en á hin nafngreindu goð.

Annað atriði sem við fyrstu sýn virðist vera sameiginlegt þeim Frigg og Freyju er að báðar standa þær í nánum tengslum við Óðin. Öllum heimildum ber saman um að Frigg sé eiginkona hans, en eiginmaður Freyju að sögn Snorra heitir Óður. Hann fór í brott og er hans hvergi að öðru getið en Freyja leitar hans og grætur gulltárum af söknuði. Í *Sörla þætti* er Freyja sögð frilla Óðins (1944). Nafnalíkindin á milli Óðs og Óðins eru greinileg og hafa fræðimenn talið að hér geti hugsanlega verið um sömu persónuna að ræða, enda segir Saxi málspaki frá því að Óðinn hafi farið í brott og skilið Frigg eftir (1979). En að þessu slepptu eru líkindin milli Friggjar og Freyju í tengslum við Óðin lítil. Frigg er sýnd sem eiginkona hans, æðsta ásynjan, en hefur lítið sem ekkert vald óháð Óðni. Hún tengist í engu dauðanum en það gerir Freyja aftur á móti á mörgum sviðum: hún á hálfan val á móti Óðni eins og fyrr sagði. Hún er líklega æðsta valkyrjan og dísin, enda er eitt nafna hennar Vanadís. Hún heitir líka Hörn sem tengist líni, hör, vefnaði og spuna en sú iðja öll stendur í nánu sambandi við örlög og sköpun þeirra, fjölkynngi og seið. Hún er sögð hafa kennt ásum seið (Snorri Sturluson, 1941, 4. k.) en eins og kemur fram víða var Óðinn sérfræðingur í seiði, rúnaþekkingu og fjölkynngi ýmiss konar.

Þegar nánar er að gáð virðist því fremur sem þarna ruglist saman tvær gyðjur en að þær séu af sama stofni. Og nafnform Friggjar sem fjallað var um hér að ofan styður þetta enn frekar. Snorri Sturluson virðist í lýsingum sínum meðvitað reyna að gera hlut Friggjar sem mestan, hún er eiginkonan, móðirin, og hæfir betur þeim kristna hugsunarhætti sem ríkir á ritunartíma heimildanna. En Freyja þvælist stöðugt fyrir. Maður getur ekki varist þeirri hugsun að hún hafi verið svo máttugt goð, óháð, sjálfstætt og notið mikils átrúnaðar, að skáld og sagnaritarar hafi ekki komist framhjá henni, hafi ekki getað minnkað hlut hennar eins og þeir kannski hefðu viljað. Í *Ynglinga sögu* segir Snorri: „Freyia helt þá uppi blótum, því at hon ein lifði þá eptir goðanna. Ok varð hon þá in frægsta…“ (Snorri Sturluson, 1941, 10. k.).

Það virðist því mega álykta að þegar kristnin var verulega farin að láta til sín taka hafi menn verið hvað tregastir til að láta af átrúnaði á þessa fornu gyðju sem hugsanlega stóð lifnaðarháttum þeirra og hugmyndaheimi nær en hin kristna trú.

Þegar farið er að skoða hvað er ólíkt með Frigg og Freyju taka myndir þeirra að skýrast. Það sem vegur einna þyngst er að öllum heimildum ber saman um að þær séu sín hvorrar ættarinnar, Frigg ásaættar, Freyja vanaættar. Æsirnir eru himingoð, guðir hernaðar, þekkingar og yfirstéttar, þeir tengjast

menningu og samfélagsskipan, vanirnir eru tengdari jörðinni og því sem hún gefur af sér, vatni og hinni villtu óbeisluðu náttúru og frjósemi. Vanir voru frjálslyndari í ástamálum og systkinahjónabönd munu hafa tíðkast meðal þeirra, en sá siður er talinn eldforn og var við lýði í ýmsum heimshlutum en þekkist ekki meðal ása. Sú mynd sem sterkust er dregin af Frigg er að hún sé eiginkona og móðir og í krafti þess hlutverks er hún sögð æðst ásynjanna, valdsvið hennar tengist alfarið stöðu Óðins og sjálfstæði hennar og virkni er ekki áberandi. Freyja aftur á móti virðist sjálfstæð og óháð, valdsvið hennar er á ákveðnum sviðum lífsins svo sem frjósemi, ástum, seiði og fjölkynngi, jafnvel dauða í sumum tilfellum en það er algengt að frjósemisgyðjur séu jafnframt nátengdar dauðanum. Báðar eru harmþrungnar yfir missi. Harmur Friggjar er hinn dæmigerði móðurharmur en harmur Freyju er flóknari, hann hefur á sér erótískan blæ og tengist jafnframt gulli en Freyja grætur gulltárum. Tengsl Freyju við gull eru jafnframt eitt af megineinkennum hennar, hún ber hið mikla Brísingamen, dætur hennar heita Hnoss og Gersemi og í mynd hennar blandast erótík og gull.[1] Þar má hugsanlega sjá leifar einhvers konar trúarsiða sem tengjast ástafari fyrir gull (Motz 1997). Líklegt má telja að viðhorf kristinna sagnaritara liti frásagnir þeirra um slíkt atferli.

Enn fremur virðist sem hinni norrænu vanagyðju hafi verið færðar blótfórnir, og fornleifar frá ýmsum tímum styðja það en engar slíkar vísbendingar er að finna varðandi Frigg. Það er kannski ekki að undra þegar það er skoðað örlítið nánar, því að Frigg er himingoð, gyðja hjónabandsins og hvergi tengd dauða eða orrustum eftir að hún er orðin norræn ásynja. Hin forna vanagyðja virðist aftur á móti nokkuð halda sínu, þrátt fyrir innreið ásanna. Að auki virðist mynd hennar og jafnvel nöfn hafa verið nokkuð mismunandi hér á norðurslóð eftir stöðum, lifnaðarháttum fólks og samfélagsskipan. Hugsanlegt er meira að segja að um hafi verið að ræða margar minni en sjálfstæðar gyðjumyndir, einangraðar við lítil samfélög, með eigin nöfn, eiginleika og einkenni sem nú eru allar meira eða minna horfnar í þokur aldanna.

Niðurstaða mín er því í stuttu máli sú að Frigg og Freyja séu tvær sjálfstæðar gyðjur sem ekki séu runnar af sömu rót. Þó að þær hafi líklegast upphaflega báðar verið frjósemisgyðjur, hvor í sínum heimshlutanum, þá er það aðeins afleiðing af eðli mannsins til að skapa sér guði sem henta lifnaðarháttum hans. Við vitum einfaldlega meira um Freyjumyndina, vanagyðjuna hér norður frá, en hina suðrænu. Þegar hinir indóevrópsku æsir tóku að færast norður á bóginn með breyttum lifnaðarháttum manna og samfélags-

---

1 Sjá *Sörla þátt* bls. 304 um hvernig Freyja eignaðist Brísingamen.

skipan virðist þessum tveimur gyðjum slá saman, en hin aðkomna nær þó aldrei alveg að ryðja hinni fornu vanagyðju úr vegi.

Heimildir

Almgren, O. (1926-27). *Hällristningar och kultbruk*. Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitets Akademiens Handlingar 35, Stokkhólmi.

Ellis Davidson, H.R. (1998) *Roles of the Northern Goddess*. New York: Routledge.

Gimbutas, M. (1982). *The Goddesses and Gods of Old Europe. 6500 – 3500 BC. Myths and Cult Images*. Berkeley & Los Angeles: University of California Press

Grímnismál. Eddukvæði (1998). Gísli Sigurðsson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og menning.

Ingstad, A. S. (1992). „Osebergdronningen – hvem var hun?" *Osebergsdronningens grav*. Christensen, Arne Emil, Ingstad, Anne Stine og Myhre, Björn (ritstj.), bls 224-256. Oslo: Schibsted.

Motz, L. (1997). *Faces of the Goddess*. Oxford: Oxford University Press.

Näsström, B. (1995). *Freyja – The Great Goddess of the North*. University of Lund, Svíþjóð.

Paulus Diacounus. (1971). *Historia Langobardorum*, I:8. Þýð. á sænsku: Helge Weimarck. Stokkhólmur: Forum.

Prokosch E. (1939). *A Comparative Germanic Grammar*. Philadelphia: University of Philadelphia.

Saxo Grammaticus (1979). *The History of the Danes*, I: Text, trans. Fisher, P. ritstj. Ellis Davidson, Cambridge.

Snorri Sturluson (1941). Ynglinga saga: *Heimskringla I*. Íslenzk fornrit 26. Bjarni Aðalbjarnarson annaðist útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Snorri Sturluson (1998). *Skáldskaparmál I*. Útg. Anthony Faulkes. London: University college.

Ström, F. (1954). *Diser, nornor, valkyrjor*. Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitets Akademiens Handlingar, Filologisk-filosofiska serien 1, Stokkhólmur.

Sörla þáttur: *Flateyjarbók I* (1944). Akranes: Flateyjarútgáfan. bls. 304-313.

Vries, J. (1962). *Altnordisches Etymologisches Wörterbuch*. E.J. Brill, Leiden.

Völundarkviða. Eddukvæði (1998). Gísli Sigurðsson (ritstjóri), Reykjavík: Mál og menning.

Þrymskviða 3, 5, 9. *Eddukvæði* (1998). Gísli Sigurðsson (ritstjóri), Reykjavík: Mál og menning.

Íslenskir sagnaþulir og ævintýrin þeirra

Rósa Þorsteinsdóttir

Þegar þjóðsagnafræðingar skilgreina muninn á sögnum og ævintýrum nefna þeir ávallt mismunandi tengsl þessara tveggja sagnagreina við raunveruleikann. Þessi greining hófst þegar hjá bræðrunum Grimm sem sögðu: „Das Märchen ist poetischer, die Sage historischer" (*Deutsche Sagen* 1816/1976, 7). Nærri einni og hálfri öld síðar orðaði annar þýskur fræðimaður það á þá leið að „Sagen wollen 'Geschichte' sein; Märchen dagegen sind 'Geschichten'" (Rörich 1956/1974, 10). Sagnirnar eiga sem sagt að greina frá raunverulegum atburðum, til sögunnar eru nefndir ákveðnir staðir, fólk nafngreint og aðrar sannanir dregnar fram. Ævintýrin segja aftur á móti af kóngsbörnum og karlsdætrum og –sonum á óræðum stað sem „einu sinni var". Eða eins og Einar Ólafur Sveinsson (1940) orðaði það í bók sinni *Um íslenskar þjóðsögur*:

> Allur þorri slíkra sagna er fullur af hinum mestu furðum og undrum, yfirnáttúrlegum verum, álögum og kynjagripum, og eru engar þjóðsögur fjær öllum sanni en þau, enda er sá meginmunur á þeim og þjóðsögnunum, að ævintýrunum hafa engir trúað í margar aldir, allir vita, að þau eru skáldskapur. Þau gerast úti í löndum, enginn veit hvar, og þó að kapparnir séu nefndir á nafn, vita allir, að þeir finnast í engum sögubókum (14-15).

Og lengi vel var litið svo á að ævintýrin væru komin um langan veg tiltölulega fast mótuð og væru þess vegna að verulegu leyti hafin yfir það umhverfi þar sem þau eru sögð og skráð.

Ástæðan er sú að allt frá því að Grimmsbræður byrjuðu að safna þjóðsögum í Þýskalandi og langt fram á síðustu öld, beindust rannsóknir þjóðsagnafræðinga einkanlega að textum ævintýranna. Fræðimennirnir veltu fyrir sér uppruna þeirra, eðli og útbreiðslu, en sagnamennirnir skiptu litlu máli í því sambandi. Þeir sem aðhylltust þróunarkenninguna litu á sögur sem menningarleifar. Þróun skýrði þá fjölbreytileika sagnanna, þar sem mannlegt eðli var alls staðar hið sama, en mismunandi aðstæður og umhverfi ollu því að menn stóðu á mismunandi þróunarstigum og í sögunum áttu þá að

finnast leifar af úreltum siðum og venjum eða gamalli trú. Þjóðsagnafræðingar sem rannsökuðu útbreiðslu sagna virtust líta á sagnamenn nær eingöngu sem tæki sem fluttu sögur frá einum stað á annan. Litið var á útbreiðsluna sem sjálfvirkt ferli óháð einstaklingum, eins og straum frá uppsprettu í ákveðna átt eða eins og hringi sem myndast og dreifast jafnt í allar áttir þegar steini er kastað í vatn. Þar sem sögurnar voru taldar hefðbundnar og gamlar var yfirleitt litið svo á að það sem þær áttu sameiginlegt skipti miklu meira máli en fjölbreytileiki þeirra. Með því að rekja sig eftir því sem var sögunum sameiginlegt átti að vera hægt að finna aldur og upprunastað hverrar sögu.

Þó voru settar fram skýringar á þeim breytingum sem sögur tóku um leið og þær dreifðust. Annars vegar voru þær breytingar sem urðu vegna hugrænna annmarka eða afbökunar: Um leið og sögunum var miðlað munnlega urðu á þeim breytingar vegna þess að sagnamönnunum brást minnið, þeir slepptu óvart úr eða bættu við atriðum og rugluðu saman einstökum sögum, frásagnaratriðum eða röð atriða. Hvert slíkt tilvik, eða nokkur slík í röð, gátu þá orðið til þess að til varð nýtt afbrigði hefðbundinnar sögu. Hins vegar voru þær skýringar sem byggðar voru á því sem kalla mætti „regluna um aðlögunarhæfni“: Sögurnar breyttust vegna þess að þær aðlöguðust mismunandi náttúrulegum aðstæðum eða hópum af mismunandi þjóðerni, með mismunandi tungumál og menningu. Þannig urðu til viðvarandi staðbundnar gerðir eða afbrigði sagna.

Íslensk ævintýri fóru ekki varhluta af þessu viðhorfi eins og sést á orðum Einars Ólafs Sveinssonar (1940) í fyrrnefndri bók. Þar segir:

> Afbakanir og gleymska eru mjög algeng í íslenskum ævintýrum, og er að jafnaði hægast að sjá það með því að taka einhverja unglega sögu og bera saman tilbrigði hennar. Miklu skemmtilegra er þó að athuga fornlegri sögurnar, þar sem mismunurinn við útlend ævintýri er margræðari: getur stafað af gleymsku og afbökun, eða þá eldri gerð, eða íslenskun sögunnar og umbótum sögumanna. (232)

Útgáfa Jóns Árnasonar á íslenskum þjóðsögum og ævintýrum frá 1862 og 1864 varð til þess að farið var að líta á íslenskar þjóðsögur sem einsleita heild og ekki tekið tillit til þess að þær geta margar haft héraðs- eða landshlutabundin sérkenni, eða jafmvel sérkenni sem rekja má til sagnaþularins sjálfs. Og að sjálfsögðu höfðu menn skoðun á því hvað einkenndi helst íslensk ævintýri eða hvernig staðbundnu afbrigðin væru hér á landi. Um þetta segir Einar Ólafur Sveinsson (1940):

> Meðal þeirra ævintýra, sem framar öðrum sýnast hafa fengið á sig íslenskan brag, er flokkur, þar sem orðalag er með meira móti fast, og stundum eru þar vísur. Þetta eru kotasögur, sem lýsa yfirleitt frumstæðu lífi, og yfir þessu öllu er lítill rómantískur ljómi. Allt er hér skýrt og greinilegt og hlutrænt, margt gróft og kámugt. Hér skipta tröllin ekki um ham eins og í stjúpmæðrasögunum, tæla ekki með flærð og hyggindum; þau eru ljót og afkáraleg, heimsk og trúgjörn og oft prettuð. Þau búa hér ekki nema góða bæjarleið frá kotinu, alveg eins og í tröllasögunum, og eru yfirleitt líkari tröllum þjóðtrúarinnar en vant er í ævintýrum. (228)

Smám saman rann upp fyrir mönnum að sögurnar eru sagðar af einstaklingum og það er með þeim sem sögurnar dreifast, en ekki einhverjum nafnlausum hópi fólks. Af því leiddi að sumir þjóðsagnafræðingar beindu athyglinni frá sögunum sem fólk segir og að fólkinu sem segir sögur og því að segja sögur. Þá kom í ljós að jafnvel í samfélögum þar sem sagnahefð er mjög sterk geta alls ekki allir sagt langar sögur þannig að þær fangi áheyrendur. Enn mikilvægari uppgötvun var þó að átta sig á að mismunur og breytingar á sögum stöfuðu ekki alltaf af gleymsku sagnafólksins eða ruglingi, heldur voru þær oft gerðar meðvitað og á skapandi hátt. Einar Ólafur Sveinsson (1940) minnist vissulega á hlutverk sagnamanna og segir:

> ... hefur þá komið í ljós, að hver sögumaður hefur sínar hneigðir og sín einkenni. Einn gerir sér far um að segja söguna sem líkasta því, sem hann hafði heyrt hana, annar fer frjálslega með, [...] Smekkur, hugsunarháttur og lífsatvik sögumanns geta ráðið því, að ákveðin efni eru felld niður, eða sögð ýtarlega, eða þeim er bætt við. Hér er allt lifandi og breytilegt, háð lyndi og listargáfu sögumannsins. (57-58)

Aðaláhersluna leggur Einar þó á texta ævintýranna, sagnaefnið, uppruna ævintýranna og aldur, eins og langflestir þjóðsagnafræðingar veraldar gerðu á sama tíma.

Bók Einars Ólafs Sveinsonar var gefin út árið 1940, eða skömmu áður en fyrst fóru að birtast rannsóknir á einstökum sagnamönnum og sögum þeirra í nágrannalöndunum. Slíkum rannsóknum fór síðan mjög fjölgandi á seinni hluta síðustu aldar og eftir því sem athyglinni hefur í auknum mæli verið beint að sagnafólkinu og sagnasjóði þess, hefur komið í ljós að, eins og sagnirnar, endurspegla ævintýrin einnig umhverfi þess sem söguna segir. Til dæmis hefur komið í ljós að söguhetjan er oftast af sama kyni og hefur svipaða félagslega stöðu og sá sem segir söguna. Eins hefur sést að náttúrulegt umhverfi og samfélag sagnafólksins hefur áhrif, bæði á einstakar sögur, en ekki síður á það hvaða sögur það velur að segja. Því hefur meira að segja

verið haldið fram að í mörgum tilfellum geti ævintýrin virkað sem nokkurs konar sjálfsævisaga, en sagnamennirnir geri sér ekki alltaf grein fyrir að þeir séu að segja frá eigin lífi og reynslu.

Segja má að ungverski þjóðsagnafræðingurinn Linda Dégh (1969) hafi mótað nýjar aðferðir til að beita við rannsóknir á sagnafólki og sögum þess. Við rannsókn mína leitast ég við að beita þeim aðferðum þrátt fyrir að þar sé gert ráð fyrir að rannsakandi safni sjálfur því efni sem hann notar, en ég sæki efnivið minn í segulbandasafn Árnastofnunar (Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: SÁM). Þrátt fyrir þá annmarka sem það hefur í för með sér tel ég þó að með upptökunum, öðrum heimildum um æviferil sagnamannanna og jafnvel viðtölum við fólk sem man eftir þeim og heyrði þá segja sögur, sé hægt að sjá hvernig sögurnar taka mynd af viðhorfum þeirra, umhverfi og sálarlífi. Með þessari aðferð er einnig hægt að gera sér grein fyrir sagnasjóði viðkomandi sagnamanna, en lífsviðhorf þeirra getur einnig birst í því hvaða sögur þeir velja að segja. Við leit að frekari upplýsingum um sagnafólkið en hægt er að finna á segulböndunum sjálfum skiptir máli sérstaða Íslands varðandi heimildir um alþýðufólk á seinni hluta 19. aldar og á 20. öld. Vegna smæðar landsins og áhuga landsmanna á að skrá ýmsan fróðleik er mun auðveldara að finna slíkar heimildir hér en í flestum öðrum löndum. Hér á eftir mun ég segja stuttlega frá nokkrum sagnaþulum sem ég hef hlustað á og rekja dæmi um hvernig umhverfi þeirra, lífsreynsla og lífsviðhorf koma fram í ævintýrunum sem þau segja.

Elísabet Friðriksdóttir var fædd árið 1893 á Brekku í Kaupangssveit. Hún ólst þar upp og bjó reyndar aldrei annars staðar, því í fyllingu tímans tók hún þar við búi ásamt eiginmanni sínum. Þau eignuðust fimm börn og sonur þeirra tók við búi af foreldrum sínum og býr enn á Brekku, Elísabet átti þar heimili alla tíð þar til hún lést árið 1975. Hallfreður Örn Eiríksson heimsótti Elísabetu í nóvember 1969 og aftur í júní 1970 og hljóðritaði eftir henni 14 sögur (sjá nánar Rósa Þorsteinsdóttir 2002).

Í sögum Elísabetar má finna sterka samúð með þeim sem eru minni máttar og mjög sterkur boðskapur um að vera góður við alla birtist í sögunum. Hún segir fimm sögur þar sem búast mætti við að öskubusku- eða kolbítsminnið væri áberandi, en aðeins í þeirri sögu sem er virkileg Öskubuskusaga minnist Elísabet á að karl og kerling hafi haft yngstu dótturina útundan. Þessi hugsun virðist vera henni mjög fjarlæg. Það er líka athyglisvert að hún segir aðeins eina sögu af vondri stjúpu en það minni er mjög algengt í íslenskum ævintýrum. Mest áberandi er sú hugsun að manni sé launað fyrir góðmennsku og greiðvikni en hefnist fyrir græðgi, heimsku og vanþakklæti. Sumir telja ef til vill að þetta sé boðskapur allra ævintýra, en það er áberandi

að Elísabet velur sér sögur þar sem hægt er að láta þetta koma sterkt fram. Undantekningar á þessu er þó að finna hjá Elísabetu og í þeim sögum birtist ef til vill óskadraumur hennar. Þegar hún hefur lokið við söguna af stúlkunni sem vildi ekki spinna og fékk þá ósk sína uppfyllta án þess að hafa nokkuð unnið til þess, segir Elíasbet: „Það eru nú ekki allir svona heppnir í lífinu" (SÁM 90/2317 EF).

Auk þess að segja sögur fer Elísabet með nokkrar þulur og syngur kvæði, en það sem vekur mesta athygli er að hún segir engar sagnir. Hallfreður spyr hana þó sérstaklega um þær, svo sem af draugum, huldufólki, álagablettum og um örnefnasagnir, en hún segist ekki kunna neinar. Þetta er merkilegt vegna þess að hægt er að fullyrða að eina af sögunum sem hún segir hljóti hún að hafa heyrt sem sögn. Þetta er saga sem fyrst var prentuð í *Eimreiðinni* 1898 (Kristján H. Benjamínsson 1898) og seinna í *Eyfirðingabók* (Benjamín Kristjánsson 1970). Hún segir frá Sesselju húsfreyju á Hvassafelli sem sá huldukonu fyrir mjólk og fékk að launum þrjá gripi: grænt pils, gullhring og silfurkross. Af þessum gripum er silfurkrossinn ennþá til hjá afkomendum Sesselju. Minnst er á níu systur (dótturdætur Sesselju) sem allar vildu eiga silfurkrossinn, en engin fékk hann svo ekki væri gert upp á milli þeirra. Þegar sagan er prentuð í *Eimreiðinni* býr eigandi krossins á Syðra-Hóli sem er mjög stutt frá Brekku, þar sem Elísabet er þá að alast upp, svo það er eiginlega útilokað annað en hún hafi þekkt þessa sögn. En Elísabet gerir þessa sögu að ævintýri; hún staðsetur söguna ekki og nafngreinir ekki sögupersónur og sviptir hana þannig því sem talið hefur verið megineinkenni sagnanna, sönnunum fyrir sannleiksgildi þeirra. Saga Elísabetar segir samt af konu sem dreymir að til hennar kemur kona og biður hana að gefa sér mjólk í könnu sem verði á búrhillunni. Konan verður við bóninni og fær hring að launum. Þegar konan deyr vilja báðar dætur hennar eiga hringinn, en hann hverfur þá og sést aldrei framar (SÁM 90/2315 EF).

Það að hún segi ekki sagnir finnst mér bera vott um að Elísabet vilji færa sig og áheyrendur sína burt frá hinu hversdagslega, inn í ævintýraheim, og það virðist hún gera á meðvitaðan hátt. En um leið og henni er þetta svo mikið í mun, læðist raunverulegt umhverfi hennar inn í sögurnar án þess að hún viti af. Sem dæmi má taka söguna af bræðrunum Smjörbitli og Gullintanna. Það er letinginn og fýlupokinn Smjörbitill sem skessan kemur og sækir. Hún stingur honum í pokann sinn og leggur af stað heim í hellinn, en þá þarf hún að „hægja sér og hóa", eins og Elísabet segir, og spyr hvert hún eigi að fara. Smjörbitill segir henni að fara til fjöru „því það var svo langt út í fjöruna" (SÁM 90/2315-2316 EF). Þar með hefur Smjörbitill nægan tíma til að sleppa úr pokanum og komast aftur heim. (Í þriðja sinn kemur skessan

honum að sjálfsögðu alla leið heim í hellinn). Ég hef ekki fundið annað afbrigði þessarar sögu þar sem Smjörbitill sleppur frá skessunni vegna þess hve langt sé út í fjöru, en Brekka stendur hátt uppi í fjallinu inni í Kaupangssveitinni og verður að teljast þaðan nokkuð langt út í fjöru.

Sú er aftur á móti ekki raunin hjá Kristínu Níelsdóttur, annarri sagnakonu í segulbandasafninu, sem fædd er og uppalin í Sellátri á Breiðafirði. Ég verð að segja að það kom mér ekki mjög á óvart að persónur í ævintýrum Kristínar fara oftast siglandi á milli staða í stað þess að „ganga lengi, lengi" eins og margar söguhetjur íslenskra ævintýra gera. Það sem einkennir annars ævintýri Kristínar er að þau fjalla um greindar og ráðagóðar stúlkur sem reynast oftast fremri karlkyns hetjunum við að ráða fram úr málum.

Sá sagnamaður sem ég hef rannsakað mest er Friðfinnur Runólfsson (Frissi) sem var fæddur árið 1881 austur í Hjaltastaðaþinghá (sjá Rósa Þorsteinsdóttir 1998 og 2002). Í sögum hans er að finna mörg dæmi um hvernig náttúrulegt umhverfi sagnamanns birtist í sögunum. Þegar biskupinn í Skálholti sendir mann að Hólum í Hjaltadal og segir honum að vera fljótur í för, segir Frissi að hann fari beint vestur að Hólum eins og maðurinn fari úr Hjaltastaðaþinghá (SÁM 92/3131-3133 EF). Annað slíkt dæmi er blóðmörskeppur sem amerískur ferðamaður á sléttunum miklu þar vestra gefur hundinum sínum (SÁM 92/3245 EF).

Hjá Frissa er einnig að finna skýr dæmi um hvernig lífsreynsla sagnamanns hefur áhrif á sögurnar sem hann segir. Í lok sögunnar af Skógarhvít rétt nær Sigurður heim í ríki föður síns til þess að bjarga fóstru sinni frá því að verða brennd á báli, fyrir að vera völd að hvarfi hans. Þessi endir sögunnar er þekktur úr sögum sömu gerðar en aldrei er gert eins mikið úr reiði Sigurðar við föður sinn og Frissi gerir. Sigurður er svo reiður föður sínum að hann ætlar að fara og segist „aldrei ætla að stíga fæti sínum í landið aftur" en móðir hans blíðkar hann og sættir þá feðga að lokum. Þá kemur í ljós að kóngurinn er ekki samþykkur ráðahag sonar síns en lætur þó gott heita þar sem hann sér að hann ræður ekki við Sigurð (SÁM 92/3135-3137 EF). Ég efast ekki um að þessi endir sögunnar byggist á samskiptum Frissa við foreldra sína. Þarna birtist beiskleiki hans vegna harðneskju föður hans og ekki síður löngun Frissa til að verða sá sterkari í sambandi þeirra, en hann segir frá því í viðtölum að faðir hans hafi verið harður við hann og jafnvel barið hann.

Við athugun á þeim viðhorfum sem birtast í sögum ákveðins sagnamanns verður að líta á sögurnar frá tveimur sjónarhornum. Skilja verður á milli þeirrar sýnar sem birtist í flestum eða öllum hefðbundnum sögum og heimsmyndar sagnamannsins sjálfs. Allt það sagnafólk sem ég hef minnst á

hér er trútt hefðunum. Þau gæta þess vel að allt sem á að gerast þrisvar gerist þrisvar og þau nota fast orðalag sem er vel þekkt úr ævintýrum yfirleitt og fylgir oftast ákveðnum efnisatriðum. Þegar söguhetjan er send til að finna eitthvað eða einhvern og spyr hvert hún eigi að fara er svarið: „Það geturðu sagt þér sjálfur." Og þegar „hjálpararnir" hafa hjálpað hetjunni við að leysa þrautirnar segja skessurnar undantekningarlaust: „Ekki ert þú nú einn í ráðum." Af þessu er ekki hægt að draga neinar ályktanir um persónu sagnafólksins eða lífsviðhorf þess, þar sem það notar slíkar formúlur eflaust af virðingu við hefðina. Heimsmynd sína afhjúpar sagnamaðurinn fyrst með vali sínu á sögum og síðan því hvernig hann býr til ný afbrigði. En í raun er ekki nóg að líta á sagnagerðirnar og hvernig sagnamaðurinn gerir þær sérstakar heldur verður einnig að skoða túlkun hans, athugasemdir og lýsingar, eða það sem hann bætir við formúlukennda framvindu sögunnar.

Allt þetta sagnafólk hefur frá bernsku tileinkað sér sögur þeirrar sagnahefðar sem það hefur alist upp við. Sögurnar endursegja þau síðan á sinn eiginn hátt og breytingar sem þau gera á sögunum eru ýmist meðvitaðar eða ósjálfráðar. Það er alveg ljóst að til þess að skýra sérkennileika sagna ákveðinna sagnamanna verður að þekkja æviferil þeirra, samfélag og umhverfi og gera sér þannig mynd af lífsviðhorfum þeirra, gildismati og heimsmynd.

Í langflestum ritgerðum sem birst hafa um íslensk ævintýri er fjallað um þau sem bóksögur og þau túlkuð án þess að tillit sé tekið til hver hefur sagt þau og hvernig. Ég er aftur á móti fyrir löngu orðin sannfærð um að sagnamennirnir og -konurnar, hver þau eru og hvaðan þau koma, skipta öllu máli. Annars á túlkandinn á hættu að túlka og alhæfa um það sem á rætur að rekja til staðhátta og einstaklingsbundinna afbrigða, eða er jafnvel eitthvað sem útgefandinn breytti eða bætti við.

Heimildir

Benjamín Kristjánsson. (1970). *Eyfirðingabók II. Sögur frá umliðnum öldum*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.

Dégh, L. (1969). *Folktales and Society. Story-Telling in a Hungarian Peasant Community*. Bloomington: Indiana University Press.

Deutsche Sagen. (1816/1976). Herausgegeben von den Brüdern Grimm. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft.

Einar Ól. Sveinsson. (1940). *Um íslenzkar þjóðsögur*. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Jón Árnason. (1862-1864). *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 2 b. Leipzig: Verlag der J. C. Hinrichs'schen Buchhandlung.

Kristján H. Benjamínsson. (1898). Álfakrossinn. *Eimreiðin*, *4*, 94-97.

Rósa Þorsteinsdóttir. (1998). Frissi, fróðleiksmaður að austan. Í Jón Jónsson o.fl. (ritstj.) *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni* (bls. 337-347). Reykjavík: Þjóðsaga.

Rósa Þorsteinsdóttir. (2002). Heimsmynd í sögum tveggja sagnamanna. Í Baldur Hafstað og Haraldur Bessason (ritstj.) *Úr manna minnum. Greinar um íslenskar þjóðsögur* (bls. 431-448). Reykjavík: Heimskringla.

Röhrich, L. (1956/1974). *Märchen und Wirklichkeit*. Wiesbaden: Franz Steiner Verlag.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:

Elísabet Friðriksdóttir: SÁM 90/2159-2160 EF; SÁM 90/2315-2317 EF

Friðfinnur Runólfsson: SÁM 87/1271-1272 EF; SÁM 92/3123-3141 EF; SÁM 92/3147-3156 EF; SÁM 92/3240-3246 EF

Kristín Níelsdóttir: SÁM 84/93-99 EF; SÁM 85/291-293 EF; SÁM 86/657-662 EF; SÁM 86/682-687 EF; SÁM 92/2636-2638 EF

Íslenski sagnagrunnurinn

Terry Gunnell

There is a particular characteristic of the Icelandic people with early roots which strikes most visiting foreigners the moment they try to buy a drink in a busy bar, or board a bus in a blizzard. It is a feature that strikes a note of pride in the hearts of many Icelanders, even though in the academic field at least, it can be both a set of shackles and a pair of blinkers. The feature in question here is that of having to take an "individual" path, pretending that it has never been previously trodden, only to end up falling in the same hole that every other traveller has previously ended up in. It is a feature that shines like a beacon in the individual use of the expression "Íslendingar" rather than "Ísland" when talking of the nation. Everyone is individual; everyone is a leader; everyone has to make the same mistakes; every man is an island.

In the field of folkloristics, it might be argued that this feature slowed potential progress down considerably, not least during the first half of the last century at a time when it was understandably important for everything to be classed as "Icelandic" rather than "Nordic", "European" or even a local feature of a particular part of Iceland. This was a period when the concept of regional identity was side-lined for the greater good, and also a time when Iceland went out of its way to prove it could "go it alone". As a result, it appears that little real notice was taken of those features in Icelandic folklore and culture that were shared with other nations around us; few comparisons of any kind were made by Icelandic scholars (except perhaps in a limited fashion in Einar Ólafur Sveinsson's *Um íslenskar þjóðsögur* [1940]). Outside Árni Böðvarsson's and Bjarni Vilhjálmsson's six-volume edition of Jón Árnason's collection of folk tales (1954-1961), few editions of folk tales paid any attention to the forms of international classification that were being developed for folk tales and folk tale motifs in northern Europe, from Aarne and Thompson onwards. This approach is perhaps most clear in the recent *Íslenskt þjóðsagnasafn* (Ólafur Ragnarsson et al, 2000) and the new translation of Einar Ólafur's work (2003), which even today largely ignore the central

classification work of figures like Christiansen (1958) and Simonsuuri (1961) when discussing "Icelandic" legends and folk belief.

Even among themselves, it seems that the early collectors and academics could not agree on what form of terminology should be used for folk tales. In this period, we regularly hear of "þjóðsögur og ævintýri", "þjóðsögur og sagnir" and then "þjóðsögur" meaning both "sagnir" and "ævintýri" (which is the agreed form today). Furthermore, while it might be a bit much to expect all the collectors to consider refering to foreign collections of legends, there was still little or no system of cross-referencing to the original two-volume collection of folk tales published by Jón Árnason. In short, everyone seems to behave like the first settlers in an uncharted territory.

This weakness does nothing to detract from the fact that Iceland's folk tale material collected and published from the time of *Landnámabók* onwards, by figures like Ari fróði, Snorri Sturluson, Árni Magnússon, Konrad Maurer, Jón Árnason, Sigfús Sigfússon, Þórbergur Þórðarson and most recently Rakel Pálsdóttir, is one of the country's great national cultural treasures. Arguably, it stands alongside the sagas, the Eddic poems, and the materials preserved within *Þjóðminjasafnið*. The published collections alone contain over fifteen thousand legends, alongside several hundred wonder tales. There might be as much material again in manuscript and sound form in the *Árnastofnun* and *Handritadeild*. Taken together, this collection gives an invaluable insight into the worldview, lives, beliefs, attitudes and values of the Icelanders living in the rural community of the past. In international terms, this is no small amount of material. However, unlike the sagas and the Eddic poems, only about 5% of it is accessible to people who can not speak Icelandic. Very little has been translated, outside the first two volumes of Jón Árnason´s collection.

Why should any foreigner want access to such material? As noted above, like the sagas, the Eddic poems and the material in *Þjóðminjasafn*, it is an invaluable social, historial and cultural treasure trove on the Icelanders (if they can get into it). However, what is often ignored is that this material (like the Eddic poems and sagas) also has great international value, and not least because it is full of recognised international motifs and legend types which have been brought to this country by people who have had contact with other nations and cultures. As a start, this underlines Iceland's place in a wider international context. On one side, like the other earlier material, it underlines the mixed roots of the Icelandic people in the Gaelic and Nordic worlds, while on another it throws a spotlight on Iceland's cultural contacts in more recent times (see, for example, Gunnell 1998, 2000 and 2002).

Furthermore, since Iceland is an island that had limited foreign contacts, it is also considered a *relik område* where earlier forms of folklore material might wash up. The fact that Iceland's international connections were limited and well-documented makes it easier to date this material and trace its path to these shores. Here we need international cooperation and comparison, something that is also essential to help us isolate exactly what *is* truly Icelandic in this material. This in turn opens up the potential of examining the way in which material has adapted to the Icelandic social environment and why unique forms should have evolved.

There is no question that Iceland's legendary material is of unique importance, not only for Icelanders but also foreign scholars. The key problem, however, is that unlike in other neighbouring countries which all have archives, the Icelandic legends have never been thoroughly indexed, catalogued or classified according to any international system such as those developed by the Norwegians (Christiansen 1958), Finns (Simonsuuri 1961, and Jauhiainen 1998), Swedes (Klintberg 1993), Irish (Almqvist 1991) and Scots (Bruford 1981 and MacDonald 1994-5). As noted above, many collections not only lack indexes, but also any form of cross-referencing. There is no agreed form of reference. In many cases, they even lack information about storytellers or the place of origin of legends. In short, as with the bus and the bar, we have a case of valiant Icelanders all rushing forward bravely and independently but without any form of interaction.

For any later researcher of folk legends, this was a nightmarish situation. Anyone who wanted to research particular international types or motifs simply had to plough through every single one of the various Icelandic collections in the *Árnastofnun*, something which could take weeks or months. As noted above, the situation was very different in neighbouring countries, which not only made use of international classification systems but also had well-developed card archives of all collected legends from a relatively early point. While these catalogues may not be perfect, the situation is certainly much better than which existed here, where the archive material was split across three different institutions (*Árnastofnun*, *Þjóðháttardeild*, and *Handritadeild*), none of which had a complete catalogue of the legends in their charge, let alone made any attempt to classify it by any international system.

So much for the past. We can be grateful for the fact that the situation now is very different, thanks in no small measure to the pioneering work of Gísli Sigurðsson and Rósa Þorsteinsdóttir in the *Árnastofnun*, Professor Bo Almqvist of University College, Dublin, the continued financial support of *Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands* and RANNÍS, and the diligent work of a

large number of other individuals, many of them students of Folkloristics in *Háskóli Íslands*. The first steps came from two different sides. On one hand, as part of his own comparative research into Scandinavian and Irish legend types over the past forty years, Bo Almqvist began individually compiling detailed catalogues of all the Icelandic variants of several international legend types, following foreign models in making careful note of all relevant details, ranging from the place of origin of each tale, to the sex and social background of each storyteller, and key points about the form of the legend in each case. Alongside this, in 1994, Gísli Sigurðsson at the *Árnastofnun* employed Rósa Þorsteinsdóttir to start compiling a basic database of all the material contained in the sound archives, which ranges from social history to riddles, songs, belief accounts and folk tales of all kinds. Both of these examples served as a basis for the work on the new *Sagnagrunnur* of all published legends the work on which commenced in the University of Iceland in 1999, largely as a result of my own frustration and growing awareness of the failings in the "system" that previously existed.

In short, the *Sagnagrunnur* (which is still under construction, and hopefully will remain so for many years to come as new material is regularly added) is intended to be the first complete on-line digital archive of written Icelandic legendary material. As such, it is meant to serve as as a brother to the Árnastofnun database of material (the legend section of which is currently being updated to make it a working parallel to the *Sagnagrunnur*). In the long run, it is also hoped that the database will also include material from the Færoes, Orkney and Shetland, thus forming a wider international North Atlantic island catalogue, which could be placed in connection with other databases from Norway, Scotland and Ireland when they eventually come to be compiled. It would be ideal if they could also all be connected.

Based on four years of recording and classification work by more than twenty-five students and other helpers in addition to myself, the *Sagnagrunnur* now contains records of more than ten thousand Icelandic legends. It covers over sixty volumes of material (see the bibliography). A typical entry can be seen below. As will be noticed immediately, no attempt has been made to replace the existing books by putting the entire text of each legend into the database, something that would have been a waste of both time and space. The intention is simply to provide an easily accessible key and cross reference tool for the material that these books contain.

Heiti: *Missögn um Trölla-Láfa*
Heimild: *Jón Árnason, Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri, ný útgáfa, rits. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík, 1954-61), I, 185-186*
Heimildarmaður: „Eftir gamalli konu úr Rangárþingi"
Kyn: *kv*
Heimili: *Rang.*
Sendandi: *Magnús Grímsson (Hdr. 415, 202)*
Heimili sendanda: *Kjós: Mosfell, Mosfellssveit*
Skráningarár: *19. öld*
ML, AT, MI númer: *IML (Man Kidnapped by Troll Women); IML (Wall or Building Permanently Damaged By Supernatural Being); MI F455 (Trolls); MI G304.2.4.1 (Trolls Cannot Endure Church Bells); TMI N801 (Demon-giants Flee from the Sound of the Church Bell); TMI M76 (Mountain Trolls Flee from Sound of Church Bell)*
Sögustaður:
Tímabil:
Efnisorð: *tröll, kirkjur, jurtir, ferðalög, kirkjuklukkur, álög*
Efni: *Maður var numin brott af skessum í grasaferð. Létu þær hann sofa á milli sín og blésu í eyru honum með pípum sínum til að trylla hann en tókst ekki. Lést hann einhverju sinni sýkjast, neytti einskis matar og sagðist aðeins batna myndi ef hann fengi níu ára gamlan hákarl og þriggja ára gamalt fornskyr. Skessurnar fara þá báðar að sækja þetta, önnur norður í land en hin vestur. Á meðan hljóp maðurinn til byggða og að kirkjustað einum. Rétt í því kom önnur skessan en hann náði að hringja kirkjuklukkunum og settist hún þá á kirkjugarðinn svo fast að hann hrundi. Sagði hún þá: „Svei þér, skítur, og stattu aldri !" Og þykir það hafa ræst*
Vísur:
Not.

The format, at present in File-Maker Pro, basically follows the format established by Rósa Þorsteinsdóttir for the *Árnastofnun* database, but goes a little further. As can be seen, the record begins with information about the title of the legend, the printed collection in which it is contained, the manuscript number (if that is available), the name, sex and place of abode of the storyteller, and the name and place of abode of the person who collected the account in question. Following this comes reference material about the legend in question: a summary of the story, information about the places where it takes place, and then a list of relevant key words drawn from a shared list used by both the Sagnagrunnur and the *Árnastofnun* database, something designed to ease future cross-referencing between the two data-

bases. In addition to this, information is provided about any northern European classification system that the legend (or motifs from it) might belong to (see above); about any available translations; and any international academic works relevant to the legend in question. Finally, the first verse of any poetic material is quoted for quick cross referencing purposes.

So what exactly is it that this new database will allow us to do? First of all, it will make it possible for scholars to find all variants of a particular motif or international legend type from Iceland within the space of a few seconds rather than several weeks. The same will apply to the use of the key words which will not only benefit folk tale scholars, but also others interested in specific fields such as sports, clothing, housing or festivals. Our plan to connect the database to a GIS mapping programme (connected to the *sýslur* and placenames mentioned in the database) which will allow us to see at the push of a button not only the distribution of particular legends or motifs but also, for example, that of smaller items, such as the use of the word *álfar* rather than *huldufólk*, for example. The distribution findings can then be analysed in connection to environmental and social factors that might explain any regional differences. In short, among other things, the database will be an important tool for re-opening the field of local folklore and regional identity, something ably demonstrated by Júlíana Magnúsdóttir (2004) in her ground-breaking BA dissertation on the legends of Austur-Skaftafellssýsla, which made some use of the database at an earlier stage.

Alongside such regional analysis, the database will allow us to analyse the repetoires of different storytellers, a field that has been of increasing importance in folklore research in other countries during the last few decades. It will also make it possible to analyse the connections between the storytellers and their material. Among other things, we will be able to assess statististically whether there seem to be differences between the types of legends told by men and women, and analyse whether certain sorts of legends were connected with particular classes or types of work. If so the next step might be to examine the function of such a tale for these groups of people. An obvious example is the common connection between the "Midwife to the Fairies" legend, and working midwives. Alongside this, we will have a chance to analyse how legends have actively passed between relations, and how they change on the way.

Something else that the database will enable us to do statistically is to effectively analyse the type of legendary material that was chosen for the earliest volumes of folk tales that were published in Iceland. As is well known from studies undertaken abroad (see for example Hodne 1979), there

was often a slightly unconscious political agenda behind the earliest collections, especially those undertaken in countries like Iceland, Norway, Denmark, Ireland, Scotland and Germany, where the publication of these books had a key role to play in political struggles for independence. The legends contained in them were seen as underlining not only the nation's roots in a distant golden past, but also their connections with greatness (such as the Grimms collection). At the same time they revealed the special qualities of the common people, their individuality and independence. In short, the collections helped to create a useful "national character". Statistical and stylistic comparison between the material contained in the first two volumes of Jón Árnason and that which appears in both later Icelandic collections and foreign collections is likely to be very revealing. Here, too, the *Sagnagrunnur* can help greatly.

Most important of all, however, is the fact that when the standardised database eventually becomes available on the internet, it will make this cultural treasure trove immediately accessible to a new audience, not only students and teachers at all levels of schooling, but also those working in the tourist industry and interested in bringing the landscape and heritage of the countryside back into focus. Furthermore, the original intention was that the appearance of the database on the web would at last make the legends recorded in Iceland also easily accessible to the rest of the world for the first time. As noted above, this is especially important, not only because of Iceland's great international value as a potential *relik område*, but also because we all have a great deal to gain from foreign folklorists bringing their own wide range of experience to bear on Icelandic material, something already ably demonstrated in the invaluable work of figures like Bo Almqvist, Jacqueline Simpson, John Lindow and Timothy Tangherlini.

Here, however, we reach another cultural problem. As noted above, up until now, all that has been available to those foreign folklorists who do not speak Icelandic are translations of a number of legends mainly taken from the first two volumes of Jón Árnason´s collection of folk tales which have appeared in English, German or Scandinavian. As also noted, it is questionable exactly how typical these two volumes were of Icelandic legends as a whole. Like the other Icelandic folk tale collections, the database with all its international potential, is in Icelandic. And as such, it remains near totally inaccessible to anyone abroad who cannot speak or read the language. While it is a relatively easy matter to translate the framework and the key words into English, the same cannot be said for the ten thousand legend summaries themselves which form the basis of the work. Translation costs money, and

the relevant ministries (*Samgönguráðuneyti*, which is in charge of tourism, and *Menntamálaráðuneyti*, which is in charge of culture) while pleased to bathe in foreign interest in Icelandic culture, have both recently refused funding of any kind for such a project. It would seem that they are quite happy for the legends collected in Iceland to remain locked away from foreign view and foreign research, as Icelandic as they can be. In short, for some, the blinkers are still as firmly in place as they were in the nineteenth century. One can only be grateful that *Háskóli Íslands* and *RANNÍS* have their eyes set somewhat wider afield.

Bibliography

(Including a list of works recorded, and classification systems used in the *Sagnagrunnur*)

Almqvist, Bo (1991). Crossing the Border: A Sampler of Irish Migratory Legends about the Supernatural. *Béaloideas*, *59* (*The Fairy Hill is on Fire*), 209-279.

Arngrímur Fr. Bjarnason (1909 and 1954-59). *Vestfirzkar þjóðsögur*, I-III. Ísafjörður: Arngrímur Bjarnason and Oddur Gíslason; and Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Bruford, Alan (1967). Scottish Gaelic Witch Stories: A Provisional Type List. *Scottish Studies*, *11*, 13-47

Einar Guðmundsson (1932). *Íslenskar þjóðsögur*, I-IV. Reykjavík: Leiftur.

Einar Ólafur Sveinsson (1940). *Um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés.

Einar Ólafur Sveinsson (2003) *The Folktales of Iceland*. Trans. Benedikt S. Benedikz et al., ed. Einar G. Pétursson. London: Viking Society for Northern Research.

Guðni Jónsson (1957-1969). *Íslenskir sagnapættir og þjóðsögur*, I-XII. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Gunnell, Terry (2002). „Komi þeir sem koma vilja …“: Sagnir um innrás óvætta á jólum til forna á íslenska sveitabæi. In Baldur Hafstad and Haraldur Bessason, eds., *Úr manna minnum: Greinar um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík: Heimskringla, 2002. 191-209.

Gunnell, Terry (2000). Galdramenn, gufa og útigangsbörn: Alþjóðlegar flökkusagnir um svartadauða á Íslandi. *Rannsóknir í félagsvísindum*, III, ed. Friðrik H. Jónsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 395-407.

Gunnell, Terry (1998). The Return of Sæmundur: Origins and Analogues. Jón Jónsson et al., eds., *Þjóðlíf og þjóðtrú: Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Reykjavík: Þjóðsaga. 87-111.

Hannes Þorsteinsson, Jón Þorkelsson, Ólafur Davíðsson, Pálmi Pálsson and Valdimar Ásmundsson (1890-1898). *Huld*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.

Helgi Guðmundsson and Árngrímur Bjarnason (1933-1949). *Vestfirskar sagnir*, I-III. Reykjavík: Bókaverzlun Guðm. Gamalíelssonar and Bókaforlagið Fagurskinna.

Hodne, Ørnulf (1979): *Jørgen Moe og folkeeventyrene. En studie i nasjonalromantisk folkloristikk*. Oslo: Universitetsforlaget

Jauhiainen, Marjatta (1998). *The Type and Motif Index of Finnish Belief Legends and Memorates*, FFC, 267. Helsinki: Academica Scientiarum Fennica.

Jón Árnason (1954-1961). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, I-VI. Reykjavík: Þjóðsaga.

Jón Thorarensen (ed.) (1971). *Rauðskinna hin nýrri*, I-II. Reykjavík: Þjóðsaga.

Jón Þorkelsson (1956). *Þjóðsögur og munnmæli*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Júlíanna Magnúsdóttir (2004). Sagnir milli sanda: Rannsókn á sögnum, sagnamönnum og þjóðtrú í Skaftárhreppi. Lokaritgerð við Háskóla Íslands.

MacDonald, Donald Archie (1994-1995). Migratory Legends of the Supernatural in Scotland: A General Survey. *Béaloideas*, 62-63, 29-79

Ólafur Davíðsson (1987). *Þjóðsögur*, I-IV, ed. Þorsteinn M. Jónsson and Jónas Rafnar Reykjavík. Reykjavík: Þjóðsaga.

Ólafur Ragnarsson et al. (2000). *Islenskt þjóðsagnasafn*, I-V. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Oddur Björnsson (1977). *Þjóðtrú og þjóðsagnir*. Akureyri: Oddur Björnsson.

Sigfús Sigfússon (1982-1993). *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, rev. ed., ed. Óskar Halldórsson et al., I-XI. Reykjavík: Þjóðsaga.

Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson (1962). *Gráskinna hin meiri*, I-II. Reykjavík: Þjóðsaga.

Simonsuuri, Lauri (1961). *Typen –und Motivverzeichnis der finnischen mythischen Sagen*, FFC, 182. Helsinki: Academica Scientiarum Fennica.

Thompson, Stith (1981). *The Types of the Folktale: A Classification and Bibliography*, FFC, 184. Helsinki: Academica Scientiarum Fennica

Torfhildur Holm (1962). *Þjóðsögur og sagnir*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Þorsteinn Erlingsson (1954). *Þjóðsögur Þorsteins Erlingsonar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Þorsteinn Jónsson (1964-1965). *Gríma hin nýja*, I-X. Reykjavík: Þjóðsaga.

Intangible Reform: Community, Governance, and the Intangible Cultural Heritage

Valdimar Tr. Hafstein

The General Conference of UNESCO in October 2003 adopted by a large majority a new Convention for the Safeguarding of Intangible Cultural Heritage. Drafted and approved in a record two years—a first in UNESCO history—this new convention nonetheless represents the culmination of more than three decades of dialogues and committee work under the auspices of UNESCO and allied organizations of the United Nations. Modeled on the highly successful World Heritage Convention from 1972, it replaces UNESCO's 1989 Recommendation for the Safeguarding of Folklore and Traditional Culture, which has failed more or less completely to have any effect on state practice or international cooperation. In parallel to the World Heritage List of the 1972 Convention, recognized as a powerful incentive for states to allocate resources to heritage conservation, this new convention features a Representative List of the Intangible Cultural Heritage of Humanity as its central instrument.

In this paper, I briefly analyze the novel concept and category of the "intangible cultural heritage" that is the object of UNESCO's latest international legal instrument and its relation to governance and communities. As will become evident, the Convention is a creative experiment in global cultural policy and signals an important reformation of both the category of heritage and the means and goals of heritage policy at the international level.

I propose that rather than read "heritage" as a descriptive term, it is most productively understood as an active intervention through which things, sites, practices, and expressions are incorporated into administrative structures which lend them legitimacy and value. The question I pose and seek to answer here is, if one approaches the "intangible heritage" as a term of policy, then what sorts of objectives does the new convention set and how will the actors it designates go about achieving these objectives?

It is of course important not to lose sight of the fact that, although select traditional practices and expressions are canonized, people continue to rework residual representations and create emergent ones in ways "that have little to do with the canonized repertories and sometimes even serve to subvert them" (Klein 2001, 69). In that sense, as folklorist Barbro Klein points out, "folklore lives through a flow of creative reshapings in daily life at the same time as it is utilized for a host of political and related purposes" (Klein 2001, 69). Nevertheless, the broadened scope of heritage, extending now into the realm of the intangible and the popular, redefines such marginal practices (marginal to the dominant culture, that is) as objects of cultural policy and administration. While this broadened scope is indisputably more democratic, such "aesthetics of marginalization" (Kirshenblatt-Gimblett 1988, 149) also reconfigure the territory of government, extending it further still into the habitus and habitat of populations. Heritage is a technology for acting on the social, giving rise to changed behavior (Bennett 2000); it is an instrument in what Foucault termed the conduct of conduct (Foucault 1991).

The Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage institutes the governmental rationality of heritage at the level of global governance through intergovernmental organizations. Much the same may be said of its lists as Tony Bennett says of the walls of art museums: they are surfaces on which heritage (art) may be so arranged that "its effects—however they might be construed—will be carried back out into the world and enabled to act on it" (Bennett 2000, 1424). The UNESCO list is a prestigious form of display with a high profile and wide circulation among powerful actors. The arrangement of intangible heritage on such a list is designed to create state and community practice, channeling resources to its preservation and revitalization, but also transforming people's relationship to their practices and expressions.

The UNESCO list effects change not least because it provides an incentive to governments to "proclaim the richness of their cultural heritage" (James Early, quoted in Kirshenblatt-Gimblett n.d., 7). It is a form of argumentation, but one whose powers of persuasion depend on flattery. Such lists can be described as a cultural Olympics and they parallel other international spectacles that make a people visible to itself by weighing its virtues against those of other peoples. In so doing, the lists yoke pride to the plow of heritage preservation.

Beyond the general aim of safeguarding intangible heritage—on which there is unanimous agreement though exactly what it entails is still up for

debate—there is, however, no uniformity of purpose as to the effects the intangible heritage should have on the populations that it addresses. In this, the convention is flexible enough to allow for a considerable diversity of objectives, as indeed it had to be in order to be adopted by UNESCO's General Conference of member states and if it is to be widely ratified by national legislatures. At any rate, designation of heritage and the interventions that its safeguarding warrants—the structuring of practices and expressions and the regulation of public life entailed—all help to act on populations with a view to influencing citizens to shape their own conduct. In this, heritage parallels previous uses of art and aesthetics in liberal governance as machinery for molding the capacity of citizens to work upon themselves, involving individuals as active agents in the processes of their own transformation and self-regulation (Bennett 2000, 1415). Thus heritage, following Tony Bennett, provides government with a means of intervening in the regulation of social life while also keeping a distance from it.

Heritage is a transformative process. It transforms the relationship of people with their practices and expressions and, as a consequence, their relationship with each other (mediated through those practices and expressions). It does so by appealing to their civic duty and moral responsibility for maintaining a particular alignment between the past and the present, in which strong emotions and identities are invested.

Time is a central factor in this alignment of the past with the present. As Barbara Kirshenblatt-Gimblett has noted, "the possession of heritage—as opposed to the way of life that heritage safeguards—is an instrument of modernization and mark of modernity" (Kirshenblatt-Gimblett n.d., 19). By cordoning off certain places and practices as sites of continuity with a cultural tradition or an historical past, everything else is in effect severed from that tradition and history. In much the same way that Disneyland testifies to the reality of the world outside it (Baudrillard 1994, 12–13), heritage modernizes its proclaimed inheritors and all their other activities and material culture. Inheriting marks the passing away of the social relations that heritage objectifies; it signals a radical disjuncture between the past and the present. Hence, to possess heritage is to be modern; it is a particular modern way of relating to the past. This past, as it is given material form in heritage sites and embodied in intangible heritage, is inevitably a product of the present that appoints, organizes, and represents it.

Historically, heritage played a significant role in the creation of modern nation-states. As heritage held in common, monuments, landscapes, and folklore were all invested with national symbolism and emotional force,

helping to forge a sense of nationality by focusing the political imagination on particular representations of the imagined community (Anderson 1991). The appointment of cultural and natural treasures was an instrument for representing a shared history and conveying a sense of common responsibility for its transmission to a collective future rooted in a particular territory. This common responsibility gave rise to a burgeoning series of national institutions, including national parks, archives, and a variety of museums (national, natural, folk, open-air, etc.). These new institutions in the growing administrative apparatus of the state required their own dedicated personnel and forms of expertise (Bennett 2001); they were constructed according to a transnationally diffused matrix (Löfgren 1989, 1997) and appointed with the task of reforming the citizens, instructing them, and instilling a consciousness of their responsibility and allegiance to the national community (Bennett 1995, 2001).

Taken over from probate law, the concept of heritage (or patrimony) points to one of the metaphors used to imagine the community of the nation: that of the family. Generalizing intergenerational relations, obligations, and succession in the family at the level of the state, the modern nation-state carried over to the cultural sphere a dynastic model that it did away with in other areas of government. The concept of national heritage thus models the nation on the family, conjuring up an early modern conception of government in which the science of ruling the state is linked to the art of properly governing a family as well as the art of self-government, and according to which "a person who wishes to govern the state well must first learn how to govern himself, his goods and his patrimony" and, conversely, "when a state is well run, the head of the family will know how to look after his family, his goods and his patrimony, which means that individuals will, in turn, behave as they should" (Foucault 1991, 91–92). At the same time, however, the notion of national patrimony developed in the nation-state democratizes what had earlier belonged to elites alone, transferring "the goods and rights of princes and prelates, magnates and merchants" (Lowenthal 1998, 60) to the public at large; in effect, nationalizing heritage, bringing at least its stewardship, if not always its ownership, under governmental control, extending its scope to vernacular, popular culture, and making this heritage a matter of public, national concern—and interpellating, in that same act, a national public.

Heritage continues of course to be an important instrument for representing the nation, rallying citizens around a common identity and sense of belonging. The uses of folklore for this purpose are well known and have

been documented in a wide range of contexts (see e.g., Anttonen 1996, 2000; Dundes 1985; Herzfeld 1982; Hobsbawm and Ranger 1983; Ó Giolláin 2000). In many cases, this is achieved by glossing over difference, demanding allegiance to a uniform national culture and history through selective oblivion at the expense of alternative fealties. Heritage is in many ways well suited to this task, for, as Regina Bendix has remarked, "what distinguishes heritage" from other ways of aligning the past with the present "is its capacity to hide the complexities of history and politics" (Bendix 2000, 38).

Increasingly, however, instead of maintaining that the nation and the state are perfectly coeval, many states have come to acknowledge and even celebrate communities as cultural and administrative units. In this way, they are coming to terms with the multiplication of diasporic and cross-border communities, as well as the resurgence of a variety of indigenous groups and local communities, under conditions of intensified migration and other pressures of globalization. Though such communities represent "a perennial source of entropy and slippage" for the project of the nation-state (Appadurai 1996, 191), a new form of governmental rationality is emerging that focuses on "the organization of self-regulating and self-managing communities that are, in some respects, disconnected from the larger wholes of nationally defined societies or, in the case of diasporic communities, cut across them" (Bennett 2000, 1421).

According to Nikolas Rose (1999), governing through community is part of an important turn in liberal government; it represents a shift in focus away from the individual in society towards communities as mediating entities to which individuals owe allegiance and through which they reform and manage themselves. This turn responds, in part, to new forms of identity politics emerging out of civil and human rights movements, in addition to diasporic migrations and the newfound vocality of indigenous groups. In effect, the "communalization" of government corresponds to neoliberal and "third way" strategies of decentralization and responsabilization of the citizenry, organizing communities as moral fields of emotional relationships and identification through which community members govern themselves and each other (Rose 1999, 170-173; cf. Bennett 2000, 1422).

"At the same time that it is central to this new conception of governing, however," adds Tony Bennett, "community has constantly to be rescued from its imminent disappearance or, because the perceived need for community often precedes its existence, to be organized into being" (Bennett 2000, 1422–1423). This requires that people be made aware of their allegiance to a community, and this is accomplished through the invocation

of common, usually endangered, heritage. Thus, heritage resources—buildings, sites, practices, and expressions—are designated, safeguarded, organized, and represented in such a way as to act on the social by identifying, maintaining, and organizing community-based ways of life (Bennett 2000, 1423).

This communalization of heritage and cultural policy thus contributes to the structuring of communities and the orchestration of differences within the state. In much the same way as heritage is involved in forging national community, it is also constitutive of groups and communities—local, indigenous, and diasporic (Klein 1997). Heritage is an instrument in the production of a strong (but not exclusive) sense of identity and belonging for community members, addressing social problems at the level of the community. Differences between communities are arranged, celebrated, and oftentimes overcommunicated and exoticized in media structured according to a global grammar of festival and exhibition, which usually integrate the communities into some program or other of unity-in-diversity. Through such heritage politics, differences are orchestrated as cultural diversity, as groups within the state are given a voice but also given a score to sing in harmony. These politics play out in a remarkably uniform fashion across the globe, as Arjun Appadurai explains:

> Typically, contemporary nation-states do this by exercising taxonomic control over difference, by creating various kinds of international spectacle to domesticate difference, and by seducing small groups with the fantasy of self-display on some sort of global or cosmopolitan stage. (Appadurai 1996, 39)

Enter UNESCO. The Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage sets just such a global or cosmopolitan stage. The Representative List of the Intangible Cultural Heritage of Humanity is designed to highlight and promote, to bring attention to select local practices and expressions, as well as to rally resources to their safeguarding. Member states differ, however, in whether and to what extent they govern through community, and they differ on the degree of control they would maintain over access to the global stage and the performances put on there.

It is a condition for inscription on the World Heritage List, implicit in the various procedures and tests set out in the Operational Guidelines for the World Heritage Convention, that items of natural and cultural heritage—national parks, natural reserves, monuments, groups of buildings, or sites—are defined in spatial terms. As Léon Pressouyre has remarked, as far as its

definition is concerned this heritage is "most often expressed as a territory, which can be delimited, measured, mapped" (Pressouyre 2001, 57).

This spatial definition of heritage is recognizable in innumerable heritage maps and geographies that belong all at once to statecraft, the tourism industry, and global governance (UNESCO regularly issues and updates world heritage maps). In his pathbreaking *Imagined Communities*, Benedict Anderson remarks that maps were used to classify and create spatial reality in the European colonies, demarcating territory through abstract delimitations in an effort to put space under surveillance; old sacred sites were incorporated into the map of the colony, lending time-depth to newly created territorial unity, the mappers draping themselves in ancient prestige, which, Anderson notes, "if this had disappeared, as it often had, the state would attempt to revive" (Anderson 1991, 181–182, see also 170–182). Landscapes are also important to the representation of heritage and constructions of national identity (Brett 1996; Lowenthal 1998, 6), and indeed local movements of cultural conservation put ever greater emphasis on the conservation of place, understood as lived and symbolically invested space (e.g., Low 1994). In general terms, heritage is central to the conception of territory; it aligns present claims of territorial sovereignty with past authority, it lends itself to easily recognizable representations of the territory and its unity, and it infuses such claims and representations with prestige and legitimacy. Conversely, territory is a defining characteristic of heritage, so central in fact that it is fair to say that in certain respects *heritage is territory*.

A distinction needs to be drawn, however, between monuments, groups of buildings, and sites, on the one hand, and the emergent category of the intangible cultural heritage on the other. It is the former—the *tangible* cultural heritage—to which the preceding description most aptly applies. Some of this territorial character of tangible heritage is carried over to intangible heritage, which UNESCO also plots on world and country maps, but nevertheless the intangible heritage represents a fundamental, if subtle, shift away from territorial definition. In contrast to its tangible counterpart, the relationship of intangible heritage to its "holders" or "inheritors" is not mediated through land or territory. Instead, intangible heritage objectifies the practices and expressions of human communities, and it is defined ethnographically rather than geographically. Intangible heritage emerges out of an intervention in community practices through which they are structured by means of administrative mechanisms of selection and representation, and these mechanisms define and delimit the community, intertwining identity and belonging in representations of the community's intangible heritage. If

then, as has been contended here, tangible heritage *is* territory in some sense, then by the same token it stands to reason that *intangible heritage is community*.

This subtle change brought on by the adoption of the new policy category of intangible heritage also marks a shift in the focus of government. Rather than acting on population as an extension of territory, as in the conservation of tangible heritage such as monuments, intangible heritage interventions act on the population as organized into communities (and on territory only as an extension of the population and its practices). The safeguarding of intangible cultural heritage represents an innovation in governmental rationality, disciplining populations through a conversion of their customs, practices, and expressions into heritage (the threatened nature of which makes it morally imperative to intervene). Ultimately, this shift makes community itself subject to conservation and revitalization in the face of its purportedly steady decline.

Community is thus the most fundamental intangible heritage that the new convention would safeguard. In this sense, it is an important objective of the convention to build stronger, self-reliant communities with which their members identify and in which they take a measure of pride, even if many states are very careful to define the terms of such empowerment. The convention's definition of its object clearly demonstrates this desire to empower communities:

> The "intangible cultural heritage" means the practices, representations, expressions, knowledge, skills—as well as the instruments, objects, artefacts and cultural spaces associated therewith—that communities, groups and, in some cases, individuals recognize as part of their cultural heritage. (Article 2, paragraph 1)

This is perhaps better described as an indefinition; the relative clause that follows the dash defers the power to define intangible cultural heritage to the communities (and groups and, in some cases, individuals) themselves. In this way, the Convention for the Safeguarding of Intangible Cultural Heritage endeavors to ensure that the community is involved in any safeguarding measures from the get-go and that such measures are at the very least not conducted without the community's approval.

The convention's formulation that "intangible cultural heritage" means the practices (etc.) that communities (etc.) recognize as part of their cultural heritage offers a partial answer to the larger question: "why do this?" One justification for safeguarding certain practices and expressions that are no longer deemed to be viable without special measures (and for expending

money and work in the process) is that communities recognize and value these practices and expressions as their heritage, find them meaningful, and desire to ensure their continued performance and transmission.

However, this answer begs the question of what the term communities denotes. In fact, it requires the definition of the communities with which the states parties to the convention are to consult and cooperate. In order to involve communities in safeguarding it is necessary to delimit them, define membership in them, and to designate a mechanism for consultation or cooperation. All these tasks are left to authorities designated or acknowledged by the state: museums, heritage councils, tourism authorities, etc. These define the communities present in the territory of the state, the conditions for belonging to them and for excluding from them, and designate competent authorities that they recognize as speaking in each community's name. In this way, empowerment depends on subjection as its precondition.

By entrusting practicing communities with the selection of heritage for transmission to future generation, UNESCO would attempt to democratize heritage-making, to empower communities. It bears pointing out, however, that the empowered are generally not the powerful, and, as Raymond Williams reminds us, tradition is "the most powerful practical means of incorporation" into the dominant order (Williams 1977, 2). The selection of intangible heritage from a community's traditional repertoire triggers the administrative structuring and vertical integration of its practices and expressions; it is an instrument for the translation of that community's traditions into the symbolic order of the dominant culture, whereby it can provide a suitable past to ratify the present. This is not to say that attempts to empower communities by deferring to them in the designation of heritage will necessarily be counterproductive, only that, in order to take advantage of this, communities and their members must adopt a position within the dominant order and work within its structures. Through such empowerment, in other words, agency is mobilized as a strategy of governance.

References

Anderson, B. (1991). *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. 2nd edition. London: Verso.

Anttonen, P. J. (1996). Introduction: Tradition and Political Identity. In P. J. Anttonen (ed.) *Making Europe in Nordic Contexts* (7–40). Series: NIF Publications No. 35. Turku: Nordic Institute of Folklore.

Anttonen, P. J. (2000). Cultural Homogeneity and the National Unification of a Political Community. In P. J. Anttonen (ed.) *Folklore, Heritage Politics and Ethnic Diversity* (253–278). Botkyrka: Multicultural Centre.

Appadurai, A. (1996). *Modernity at Large. Cultural Dimensions of Globalization. Minneapolis*: University of Minnesota Press.

Baudrillard, J. (1994). *Simulacra and Simulation.* Ann Arbor: University of Michigan Press.

Bendix, R. (2000). Heredity, Hybridity and Heritage from one Fin-de-Siècle to the Next. In P. J. Anttonen (ed.) *Folklore, Heritage Politics and Ethnic Diversity* (37–54). Botkyrka: Multicultural Centre.

Bennett, T. (1995). *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*. London and New York: Routledge.

Bennett, T. (2000). Acting on the Social. Art, Culture and Government. *American Behavioral Scientist*, *43*(9), 1412–1428.

Bennett, T. (2001). Cultural Policy. Issues of Culture and Governance. In F. Snickars (ed.) *Culture, Society, Market* (13–28). Stockholm: Bank of Sweden Tercentenary Fund/Swedish National Council for Cultural Affairs.

Brett, D. (1996). *The Construction of Heritage*. Cork: Cork University Press.

Dundes, A. (1985). Nationalistic Inferiority Complexes and the Fabrication of Fakelore. A Reconsideration of Ossian, the Kinder- und Hausmärchen, the Kalevala, and Paul Bunyan. *Journal of Folklore Research*, *22*(1), 5–18.

Foucault, M. (1991 [1978]). Governmentality. In G. Burchell, C. Gordon, and P. Miller (eds.) The Foucault Effect. *Studies in Governmentality* (87–104). London: Harvester Wheatsheaf.

Herzfeld, M. (1982). *Ours Once More. Folklore, Ideology, and the Making of Modern Greece*. Austin: University of Texas Press.

Hobsbawm, E., and T. Ranger. (1983). *The Invention of Tradition*. Cambridge: Cambridge University Press.

Kirshenblatt-Gimblett, B. (1988). Mistaken Dichotomies. *Journal of American Folklore, 101*(400), 140–155.

Kirshenblatt-Gimblett, B. (1998). *Destination Culture. Tourism, Museums, and Heritage*. Berkeley: University of California Press.

Kirshenblatt-Gimblett, B. (n.d.). World Heritage and Cultural Economics. Forthcoming in I. Karp and C. Kratz (eds.) *Museum Frictions: Public Cultures/Global Transformations.*

Klein, B. (1997). Tillhörighet og utanförskap. Om kulturarvspolitik och folklivsforskning i en multietnisk värld. *Rig*, *1–2*, 15–32.

Klein, B. (2001). More Swedish than in Sweden, more Iranian than in Iran. Folk Culture and World Migrations. In B. Sundin (ed.) *Upholders of Culture:*

Past and Present (67–80). Stockholm: Royal Swedish Academy of Engineering Sciences.

Low, S. M. (1994). Cultural Conservation of Place. In M. Hufford (ed.) *Conserving Culture: A New Discourse on Heritage* (66-77). Urbana and Chicago: University of Illinois Press.

Lowenthal, D. (1998). *The Heritage Crusade and the Spoils of History*. Cambridge: Cambridge University Press.

Löfgren, O. (1989). Nationalization of Culture. *Ethnologia Europaea*, *19*, 5–25.

Löfgren, O. (1997). Kulturarvets renässans. Landskapsupplevelse mellan marknad och politik. *Rig*, *1–2*, 3–14.

Ó Giolláin, D. (2000). *Locating Irish Folklore. Tradition, Modernity, Identity*. Cork: Cork University Press.

Pressouyre, L. (2001). Cultural Heritage and the 1972 Convention: Definition and Evolution of a Concept. In B. Hirsch, L. Lévi-Strauss, and G. Saouma-Forero (eds.) *African Cultural Heritage and the World Heritage Convention. Second Global Strategy Meeting* (56–64). Paris: UNESCO.

Rose, N. (1999). *Powers of Freedom. Reframing Political Thought*. Cambridge: Cambridge University Press.

Williams, R. (1977). *Marxism and Literature*. Oxford: Oxford University Press.

„Hvað þú sást ræður því hvað þú sérð“: Ýfingaráhrif í sjónskynjun

Árni Kristjánsson

Við erum stöðugt að fást við sjónleitarverkefni í daglegu lífi og starfi, svo sem þegar leitað er að lyklum á skrifborði, að kunningja í stórum hópi fólks á flugvelli, að sjúkdómsvísbendingum á röntgenmynd, eða þegar maður fylgist með barni sínu á leikvelli. Margir vísindamenn hafa rannsakað sjónleit og hafa fært rök fyrir því að ákveðnar tegundir áreita eru líklegri til þess að finnast auðveldlega en önnur (Treisman og Gelade, 1980; Wolfe, 1994; Egeth, Virzi & Garbart, 1984). En jafnframt er ljóst að samhengið sem áreitin birtast í skiptir miklu máli um hversu auðveldlega þau finnast (Kristjánsson, Wang og Nakayama, 2002; Wang, Kristjánsson og Nakayama, í prentun). Sjónleitarrannsóknir af þessu tagi hafa því veitt mikilvæga innsýn í það hvaða tegundir áreita það eru sem sjónkerfi mannsins er næmast fyrir.

Í þessari grein mun ég ræða um það hversu miklu máli það sem á undan er gengið skiptir um það hvað okkur gengur best að finna í sjónleitarverkefnum af þessu tagi. Þessar rannsóknir benda til þess að skynjun okkar hverju sinni sé ekki einungis háð því hvað það er sem við horfum á á hverjum tíma, heldur mótist skynjun okkar hverju sinni sterklega af því hvað við höfum séð nýverið. Það virðist vera að áreiti sem hafa nýverið skipt máli varðandi þau verk sem við höfum fyrir stafni, finnist fyrr; hljóti hraðari og nákvæmari meðhöndlun í skynkerfinu heldur en önnur. Flýtingaráhrif af þessu tagi hafa oftast verið kölluð ýfingaráhrif. Hér á eftir mun ég rekja rannsóknir mínar á ýfingaráhrifum í sjónleitarverkefnum, sem og rannsóknir mínar á taugavirkni og þeim taugakerfum sem tengist þessum ýfingaráhrifum, með vísan í rannsóknir á sjúklingum með heilaskaða í kjölfar heilablóðfalls, sem og rannsóknum á breytingum á blóðflæði í kjölfar ýfingar, með starfrænni segulómmyndun á heilbrigðum einstaklingum.

Ýfingaráhrif í sjónleitarverkefnum

Í Kristjánsson, Wang og Nakayama, (2002) létum við þátttakendur framkvæma sjónleitarverkefni þar sem þeir áttu að finna rauða lárétta línu innan um rauðar lóðréttar og grænar láréttar línur („truflarar"; sjá mynd 1A), eða rauða lóðrétta línu innan um láréttar rauðar línur og lóðréttar grænar sem voru birtar á tölvuskjá.



Mynd 1. Áreiti og niðurstöður úr Kristjánsson, Wang & Nakayama, (2002). A) Þátttakendur áttu að finna annað hvort lóðrétta rauða línu innan um rauðar láréttar og grænar lóðréttar línur („truflarar"), eða rauða lárétta línu innan um rauðar lóðréttar og grænar láréttar. B) Niðurstöður eftir því hversu oft sama markáreiti (sami halli og þá jafnframt sömu „truflarar") var birt í röð.

Hvora tegund leitar var um að ræða í hverri umferð var ákveðið af handahófi þannig að það eina sem þátttakendur vissu var að þeir ættu að segja til um hvort rauð lína sem hafði annan halla en hin rauðu áreitin á skjánum væri til staðar eða ekki. Markáreitið var birt í 50 % tilfella; annars voru eingöngu truflarar á skjánum.

Niðurstöður úr þessari tilraun má sjá á mynd 1B. Ýfingaráhrifin má sjá á því að þátttakendur eru mun fljótari að finna áreiti sem hefur haldist óbreytt nokkrar umferðir í röð (t.d. 6 til 8 sinnum í röð, eins og sýnt er hér). Þessar niðurstöður sýna að það skiptir gríðarmiklu máli í sjónleitarverkefnum af þessu tagi hvað fólk hefur séð eða upplifað skömmu áður. Þátttakendum gengur að jafnaði betur að finna áreiti sem þeir hafa nýverið leitað að en önnur áreiti. Þeir eru fljótari að finna áreiti sem hafa sömu eiginleika og þau áreiti sem þeir hafa leitað að rétt áður. Ýfingaráhrif af þessu tagi benda til þess að sjónskynjun manna stjórnist að hluta til af fyrri reynslu og sé háð því hvað þeir hafa áður séð. Ég og samstarfsmenn mínir höfum haldið því fram að þessi ýfingaráhrif beri vott um verkan tiltölulega frumstæðs minniskerfis sem við höfum enga meðvitaða stjórn yfir. Þetta kerfi veitir okkur kost á að beina athyglinni að ákveðnum hlutum í sjónsviðinu sem skipta máli í því sem við erum að fást við hverju sinni, fyrr en ella og af meiri nákvæmni en annars væri (Kristjánsson Wang og Nakayama, 2002; Kristjánsson og Nakayama, 2003; sjá jafnframt Maljkovic & Nakayama, 1994; Nakayama, Maljkovic og Kristjánsson, í prentun).

Ýfingaráhrif í sjónleit hjá sjúklingum með gaumstol

Rannsóknir mínar hafa ekki aðeins beinst að því að athuga hvernig ýfingaráhrif koma fram í hegðunarviðbrögðum við sjónáreitum, eins og til dæmis í svartímarannsóknum, heldur hef ég rannsakað ýfingaráhrifin með tilliti til þess hvað gerist í taugakerfi fólks við slíka ýfingu. Til þess hef ég beitt starfrænni segulómun til að athuga virkni taugakerfis heilbrigðra einstaklinga, sem og rannsóknum á sjúklingum, sem þjást af athyglis- og sjóntruflunum í kjölfar heilablóðfalls.

Sjúklingar sem þjást af gaumstoli eiga í erfiðleikum með að veita athygli áreitum í öðrum helmingi sjónsviðs; oftast því vinstra (sjá t.d. Driver & Vuilleumier, 2001). Þessar athyglistruflanir stafa af heilaskemmdum, yfirleitt á hvirfilblaði. Taka ber fram að í gaumstoli er sjónbörkur heila, sem og sjónbrautir frá auga að sjónberki óskaddaðar, og er sjónskerpa þessara

sjúklinga óskert. Truflunin er því eftirtektartruflun, en ekki sjóntruflun í þröngum skilningi þess orðs (Halligan o.fl., 2003). Við notfærðum okkur þessa truflun til þess að rannsaka þau taugakerfi sem mögulega tengjast þessum ýfingáhrifum í sjónleitarverkefnum (Kristjánsson o.fl., 2003). Við reyndum einkum að svara tveimur spurningum: 1) Eru þeir taugamekkanismar sem skemmast í gaumstoli nauðsynlegir til þess að þessi ýfingaráhrif komi fram? 2) Eru ýfingaráhrifin háð því hvort sjúklingarnir *taka eftir* markáreitinu í umferðinni á undan (sem veldur ýfingaráhrifunum)? Margar rannsóknir benda til þess að áreiti sem gaumstols-sjúklingar missa af, eða „sjá" ekki geta samt sem áður haft áhrif á skynjun þeirra að öðru leyti (sjá umfjöllun í Driver og Vuillemier, 2001).

Mynd 2. Verkefnið sem gaumstols-sjúklingarnir áttu að framkvæma í tilraun Kristjánsson, o.fl. (2003). Þrír tíglar birtust á skjánum. Í 80% tilraunaumferða var einn tígulinn af öðrum lit en hinir (markáreitið; grænn meðal rauðra eða rauður meðal grænna). Skorið hafði verið af markáreitinu að ofan eða neðan og áttu sjúklingarnir að segja til um hvar hafði verið skorið af tíglinum.

Sjónleitarverkefnið sem sjúklingarnir áttu að framkvæma er sýnt á mynd 2. Þeir áttu að segja til um (með því að ýta á samsvarandi lykil á lyklaborði tölvunnar) hvort skorið hefði verið af marktíglinum að ofan eða neðan. Marktígulinn hafði annan lit en hinir tveir tíglarnir á skjánum (annað hvort rauður marktígull ásamt grænum; eða grænn ásamt rauðum). Í 20% tilfella var *ekkert* markáreiti birt; var þetta gert til þess að reyna að svara þeirri spurningu hvort ýfingaráhrifin komi fram þó svo að sjúklingarnir missi af markáreiti. Þar sem ekkert markáreiti var birt í 20% umferða voru þrír svarmöguleikar; skorið af að ofan eða neðan á markáreitinu, og að ekkert markáreiti hafi verið birt. Þar sem gaumstols-sjúklingar missa oft af áreitum sem eru birt snöggt í vinstra helmingi sjónsviðs, sérstaklega þegar annað áreiti er birt samtímis hægra megin, (kallað „slökknun“), var líklegt að sjúklingarnir myndu missa af hluta markáreitanna sem birt voru í vinstra sjónsviði.

Niðurstöðurnar voru þær að bæði ýfingaráhrif tengd lit markáreitisins sem og ýfingaráhrif tengd því *hvar* í sjónsviði áreitin birtust, voru að mestu leyti ósköddud í sjúklingunum þrátt fyrir gaumstol þeirra fyrir áreitum í vinstra sjónsviði. Þessi niðurstaða bendir til þess að taugakerfi sem tengd eru skemmdu svæðunum í hvirfilblaði sjúklinganna (sem hafa verið tengd við verkan eftirtektarinnar í mörgum rannsóknum) eru ekki nauðsynleg til þess að ýfingaráhrifin komi fram. Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Þegar við athuguðum ýfingaráhrifin með hliðsjón af því hvort sjúklingarnir höfðu tekið eftir, eða misst af markáreitinu í undangenginni umferð, kom í ljós athyglisverður munur á ýfingu tengdri lit markáreitisins og ýfingu tengdri stöðu markáreitisins (sjá mynd 3). Engin ýfingaráhrif tengd stöðu áreitisins voru sjáanleg þegar sjúklingarnir höfðu misst af undangengnu markáreiti; en hins vegar komu fram sterk ýfingaráhrif tengd lit áreitisins. Þessi niðurstaða bendir til þess að litaýfing eigi sér stað óháð því hvort þátttakendur hafa einhverja vitneskju um það hvort markáreitið hafi yfir höfuð birst (lita-ýfingaráhrifin komu fram þrátt fyrir að sjúklingarnir hafi sagst ekki hafa séð neitt markáreiti, heldur hafi öll þrjú áreitin á skjánum verið af sama lit).

Næsta skref var að mæla með segulómmyndun hvaða hlutar taugakerfisins það eru sem tengjast þessum ýfingaráhrifum mest. Þetta var sérstaklega áhugavert í ljósi þess að ofangreindar rannsóknir á gaumstols-sjúklingum bentu til þess að ýfingaráhrifin gætu ekki að öllu leyti tengst virkni svæða í hvirfilblaði sem tengjast eftirtekt og eru sködduð í sjúklingum með gaumstol.

Mynd 3. Niðurstöður úr rannsókn Kristjánsson o.fl., 2003. Allar tölur eru eingöngu fyrir frammistöðu á aðgreiningarverkefninu í vinstra sjónsviði. Niðurstöðurnar sýna að þegar sjúklingarnir misstu af markáreiti í vinstra sjónsviði komu engin ýfingaráhrif tengd *stöðu* áreitis fram (berið saman gráu og hvítu súluna í miðju myndhluta A fyrir hvorn þátttakanda, sem stendur fyrir frammistöðu þegar markáreiti í undangenginni umferð var á sama stað); en hins vegar komu fram sterk ýfingaráhrif fyrir *lit* þó svo að þátttakendur hafi *misst af* undangengnu markáreiti (berið saman gráu og hvítu súluna í miðju myndhluta B fyrir hvorn þátttakanda, sem stendur fyrir framistöðu þegar markáreiti í undangenginni umferð var af sama lit).

Fylgni ýfingaráhrifa í sjónleit við virkni í heila: Rannsóknir á blóðflæðisbreytingum í heila með starfrænni segulómmyndun.

Í starfrænni segulómmyndun eru breytingar á blóðflæði mældar sem fall af því sem þátttakendur í þessum tilraunum eru að gera. Þátttakendur eru settir inn í tæki sem framkallar kröftugt segulsvið (1.5 Tesla), sem veldur því að róteindir í kjarna vetnisfrumeinda fara allar að spinnast um sama ás. Þegar rafsegulbylgjum af ákveðnu tagi er hleypt inn í segulsviðið í stuttan tíma veldur það því að þessi samræmdi spuni truflast tímabundið. Mismunandi svæði í heila eru misfljót að aðlagast segulsviðinu aftur og hægt er að mæla þennan mismun á enduraðlögunartíma og fá nokkuð góða mynd af dreifingu og staðsetningu mismunandi vefja í heilanum.

Þegar mælt er blóðflæði til heilasvæða með hliðsjón af sjónskynjun, er ályktað að þau heilasvæði þar sem er mest af súrefnisríku blóði séu þau svæði sem fást við úrvinnslu þeirra sjónáreita sem sjónkerfi okkar er að fást við hverju sinni. Þetta er hægt þar sem súrefnisríkt blóð og súrefnissnautt blóð hegða sér á mismunandi hátt innan segulsviðsins og því er mögulegt að mæla með segulómun hvar mest er af súrefnisríku blóði. Aftur á móti þegar mæla á breytingar á blóðflæði sem fall af ýfingaráhrifum er leitað að þeim svæðum þar sem blóðflæði *minnkar* eftir því sem sama tegund áreitis er endurtekin (litur eða afstaða í sjónsviði)[1]

---

[1] Margar rannsóknir hafa sýnt að þegar sama áreiti er endurtekið stuttu eftir hið fyrra er blóðflæði tengt birtingu seinna áreitisins töluvert minna en blóðflæði tengt birtingu þess fyrra (sjá t.d. Grill-Spector o.fl., 1999; Kourtzi & Kanwisher, 2001). Mín skoðun er sú að þetta tengist að hluta til því að úrvinnsla áreitisins sé auðveldari (eða að henni sé einhvern hátt flýtt) ef um endurtekið áreiti er að ræða. Margir eru aftur á móti þeirrar skoðunar að hér sé einungis um einhvers konar aðlögunarviðbragð, jafnel ekki svo ólíkt „habituation“ viðbrögðum, svipað þeim sem fundust í lindýrum sjávar um miðja síðustu öld (sjá t.d. Kandel, 1979). Með öðrum orðum að sjónkerfið hirði minna um áreiti sem er „gamalt“ en það sem er nýtt.

A) Litur markáreitis endurtekinn



B) Markáreiti birt á sama stað



Mynd 4. Þau svæði í heila sem tengjast ýfingaráhrifum vegna endurtekningar litar eru sýnd í hvítu (og bent á þau með ör) í myndhluta A. Myndhluti B sýnir með sama hætti þau svæði sem tengjast ýfingaráhrifum vegna þess að markáreiti er birt á sama stað og síðast. Hvítu svæðin á myndinni sýna svæði þar sem virkni er *minni* í kjölfar endurtekningar á lit eða stöðu heldur en annars. Þetta eru með öðrum orðum þau svæði sem tengjast ýfingu í kjölfar endurtekningar (sjá nánar í meginmáli greinar).

Þessar segulómunarrannsóknir okkar (Kristjánsson o.fl., 2004) hafa leitt í ljós að þessi ýfingaráhrif birtast í taugakerfum sem tengjast eftirtekt, sérstaklega í hvirfilblaði heila (sem er svæði sem hefur oft verið tengt starfsemi eftirtektarinnar (sjá t.d. Corbetta & Shulman, 2002), sem og svæðum í framheila sem hafa verið tengd eftirtekt og hreyfingum augna að áhugaverðum eða mikilvægum áreitum í sjónsviði. Sú staðreynd að sjúklingar með

skemmdir á hvirfilblaði sýna ýfingaráhrif af þessu tagi (Kristjánsson o.fl., 2004) má jafnvel útskýra með því að þessi framheilasvæði séu ósköddud og valdi því að ýfingaráhrifin hjá sjúklingunum eru óbreytt (alla vega að hluta til; sjá hluta 3 í þessari grein).

Jafnramt birtist fylgni við ýfingaráhrifin á svæðum sem tengjast ákveðnum þáttum áreitanna (eins og t.d. virknisbreytingar á svæðum sem tengjast litaskynjun í kjölfar ýfingar), enda hafa, eins og áður sagði, rannsóknir okkar sýnt að sjúklingar sem þjást af gaumstoli í kjölfar heilablóðfalls sýna þessi ýfingaráhrif að þó nokkru leyti sem þýðir að eftirtektarkerfin sem bila í gaumstoli geta ekki verið einu taugakerfin sem ráða birtingarmyndum þessara ýfingaráhrifa.

Þjóna þessi ýfingaráhrif einhverju hlutverki í sjónskynjun okkar?

Eftir að ég hef lýst þessum ýfingaráhrifum má vera að lesandinn spyrji sig hvort þessi ýfingaráhrif þjóni einhverju hlutverki í skynjun okkar; eða eru þau eingöngu fylgifiskar þess hvernig heilinn virkar; endurspegla þau einungis efnaskipti sem fylgja úrvinnslu í taugakerfinu, og blóðflæðisbreytingum í kjölfar þeirra? Mitt álit er að þessi ýfingaráhrif, og önnur af svipuðum toga þjóni miklvægu hlutverki í því hvernig við skynjum heiminn (sjá nánari umfjöllun í Kristjánsson og Nakayama, 2003; Nakayama, Maljkovic og Kristjánsson, í prentun).

Í sjónsviði okkar hverju sinni eru fleiri áreiti en svo að okkur sé unnt að gefa þeim öllum nákvæman gaum á sama tíma. Líklegt er að athygli okkar beinist að þeim áreitum sem skipta mestu um það sem við erum að fást við hverju sinni. Margar rannsóknir styrkja þessa skoðun; þær hafa sýnt að það er í raun ótrúlegt hve mikið af upplýsingum í sjónsviði fara fram hjá okkur þegar athygli okkar er bundin við eitthvað annað (Most o.fl., 2001; Simons og Chabris, 1999; Mack og Rock, 1998).

Skoðun mín er sú að þessi ýfingaráhrif, og önnur námsáhrif af svipuðu tagi (sjá t.d. Kristjánsson, 2000; Kristjánsson, Mackeben og Nakayama, 2001; Chun & Jiang, 1998; Geng og Behrmann, 2002) geri okkur kleift að beina athyglinni fyrr; og betur en ella að þeim hlutum í sjónsviði okkar sem við höfum nýverið veitt athygli og skipta okkur máli á þeim tíma, sem við þurfum af þeim sökum að fylgjast með. Til dæmis má hugsa sér að forverar okkar í þróunarsögunni hafi notið góðs af því að geta beint athyglinni fljótt og vel að rándýri sem þeir hafa þurft að gefa gætur. Þannig hafi þau dýr sem

búa yfir þessum eiginleika meiri möguleika á að lifa af, og koma erfðaefni sínu á framfæri. Eitt mögulegt dæmi úr daglega lífinu sem er nærtækara nútímamanninum, sem ofangreindar rannsóknir fóru allar fram á, er ef maður er staddur á leikvelli og er að fylgjast með barni sínu hlaupa um, en á jafnframt samtal við annað foreldri. Minniskerfi sem beinir athygli okkar að því sem við höfum nýverið fylgst með gæti gert okkur kleyft að finna barn okkar fyrr en ella; t.d. ef barnið er með rauða húfu og í grænni treyju, beinist athygli okkar frekar (og fyrr en ella) að þeim börnum á leikvellinum sem eru klædd þessum litum þegar við lítum upp frá samtalinu til að athuga gang mála.

Ofangreindar rannsóknir voru styrktar af Fulbright stofnuninni; Harvard Háskóla í Massachusetts í Bandaríkjunum; American- Scandinavian Society og Human Frontiers Science Program.

Heimildir

Chun, M. M.; & Jiang, Y. (1998). Contextual cueing: Implicit learning and memory of visual context guides spatial attention. *Cognitive Psychology, 36,* 28-71.

Corbetta, M. & Shulman, G.L. (2002). Control of goal-directed and stimulus-driven attention in the brain. *Nature Reviews Neuroscience*, 3, 201-215.

Driver, J. & Vuilleumier, P., (2001). Perceptual awareness and its loss in unilateral neglect and extinction. *Cognition, 79,* 39-88.

Egeth, H. E., Virzi, R. A., & Garbart, H., (1984). Searching for conjunctively defined targets. *Journal of Experimental Psychology: Human Perception and Performance*, *10*, 32-39.

Geng, J. J. & Behrmann, M. (2002). Probability cuing of target location facilitates visual search implicitly in normal participants and patients with hemispatial neglect. *Psychological Science, 13,* 520-525.

Grill-Spector, K., Kushnir, T., Edelman, S., Avidan, G., Itzchak, Y. & Malach R., (1999). Differential processing of objects under various viewing conditions in the human lateral occipital complex. *Neuron, 24,* 187-203.

Halligan, P. W., Fink, G. R., Marshall, J. C. & Vallar G., (2003). Spatial cognition: evidence from visual neglect. *Trends in Cognitive Sciences, 7,* 125-133.

Kandel, E. R., (1979). Small systems of neurons. *Scientific American, 241,* 66-76.

Kourtzi Z, & Kanwisher, N., (2001). Representation of perceived object shape by the human lateral occipital complex. *Science, 293,* 1506-1509.

Kristjánsson, Á., (2000). in search of remembrance: Evidence for a memory for locations in visual search. *Psychological Science, 11,* 328-332.

Kristjánsson, Mackeben, M. & Nakayama, K., (2001) Rapid, object-based learning in the deployment of transient attention. *Perception, 30,* 1375-1387.

Kristjánsson, Á. & Nakayama, K., (2003). A primitive memory system for the deployment of transient attention. *Perception & Psychophysics, 65*, 711-724.

Kristjánsson, Á., Vuilleumier, P., Husain, M., Malhotra, P & Driver, J., (í prentun). Priming of color and position during susual search in unilateral spatial neglect. Í prentun í *Journal of Cognitive Neuroscience.*

Kristjánsson, Á., Vuilleumier, P., Husain, M., Malhotra, P. & Driver, J., (2003). Intact position and colour priming in neglect. *Veggspjald á árlegri ráðstefnu Cognitive Neuroscience Society, New York, BNA.*

Kristjánsson, Á., Wang, D. & Nakayama, K., (2002). The role of priming in conjunctive visual search. *Cognition, 85,* 37-52.

Mack, A. & Rock, I., (1998). *Inattentional Blindness.* Cambridge, USA: MIT Press.

Maljkovic, V. & Nakayama, K., (1994). Priming of pop-out: I. Role of features. *Memory & Cognition, 22,* 657-672.

Most, S.B., Simons, D.J., Scholl, B.J. Jimenez, R., Clifford, E., & Chabris, C.F., (2001). How not to be seen: The contribution of similarity and selective ignoring to sustained inattentional blindness. *Psychological Science, 12,* 9-17.

Nakayama, K., Maljkovic, V. & Kristjánsson, A., (í prentun). Short term memory for the rapid deployment of visual attention. Mun birtast í M. Gazzaniga (Ed.), *The New Cognitive Neurosciences, III.* Cambridge, USA: MIT Press.

Simons, D.J. & Chabris, C.F., (1999). Gorillas in our midst: Sustained inattentional blindness for dynamic events. *Perception, 28,* 1059-1074.

Treisman, A. & Gelade, G., (1980). A feature-integration theory of attention. *Cognitive Psychology 12,* 97-136.

Wang, D., Kristjánsson, Á. & Nakayama, K., (í prentun). Efficient visual search without top-down or bottom-up guidance. *Perception & Psychophysics.*

Wolfe, J. M., (1994). Guided search 2.0: A revised model of visual search. *Psychological Bulletin & Review*, 1, 202-238.

Algengi spilavanda hjá reykvískum unglingum á aldrinum 13–15 ára

Daníel Þór Ólason
Guðmundur Á. Skarphéðinsson
Jóhanna Ella Jónsdóttir
Mikael Mikaelsson
Sigurður J. Grétarsson

Peningaspil eru fremur algeng tómstundariðja meðal almennings á Vesturlöndum. Flestir sem spila peningaspil gera það án nokkurra vandkvæða. Lítill hluti almennings (1–2%) eiga hins vegar við vanda að stríða sem einkennist oft af stjórnlausri þátttöku í peningaspilum með alvarlegum afleiðingum fyrir spilarann sjálfan og fólk í nánasta umhverfi hans (Raylu og Oei, 2002).

Undanfarin 15 ár hefur athygli fræðimanna beinst að þátttöku barna og unglinga í peningaspilum (Shaffer, 2003). Nýlegar erlendar rannsóknir á spilahegðun 12–18 ára unglinga benda til þess að þátttaka í peningaspilum sé almenn meðal unglinga. Niðurstöður þessara rannsókna sýna að flestir unglingar hafa einhvern tíma á ævinni spilað peningaspil og um 60–80% þeirra spilað á undanförnum 12 mánuðum (Fisher, 1999; Gupta og Derevensky, 1998; Jacobs, 2000; Johanson og Götestam, 2003; NRC, 1999).

Samantekt Shaffer og Hall (1996) á rannsóknum á algengi spilavanda meðal unglinga í Norður-Ameríku, sem gerðar voru á árunum 1985 – 1994, bentu til þess að um 4,4%–7,4% ættu við alvarlegan spilavanda að stríða. Nýlegri rannsóknir gefa hins vegar til kynna aðeins lægri tölur, eða á bilinu 1,8%–5,8% (Gupta og Derevensky, 1998; Volberg, 2001; Westphal, Rush, Stevens og Johnson, 2000). Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á algengi spilavanda unglinga í Evrópu og eru niðurstöður nokkuð breytilegar frá einu landi til annars. Til dæmis hafa niðurstöður rannsókna í Bretlandi sýnt að algengi spilavanda meðal unglinga var svipað og gerist í Norður-Ameríku (Fisher, 1999), en niðurstöður frá Spáni og Noregi gefa til kynna heldur lægri tölur eða bilinu 1,6–2,2% (Becoña, 1997; Johanson og Götestam, 2003).

Upplýsingar um algengi spilavanda í íslensku samfélagi eru litlar enda hafa nánast engar kerfisbundnar rannsóknir verið gerðar á þessu efni hér á landi. Sálfræðiskor Háskóla Íslands hefur í samstarfi við Happdrætti Háskóla Íslands hafið athuganir á umfangi og alvarleika spilavanda í íslensku samfélagi. Grunnur að þessum rannsóknum var lagður árið 2003 þegar erlend matstæki fyrir spilavanda fullorðinna og unglinga voru þýdd og staðfærð á íslenskum úrtökum og próffræðilegir eiginleikar þeirra kannaðir (Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir, 2003; Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári, 2004). Niðurstöður rannsóknar Karenar Júlíu Sigurðardóttur o.fl. (2004) á 750 framhaldsskólanemum gáfu til kynna að þátttaka íslenskra framhaldsskólanema í peningaspilum væri almenn og mjög svipuð og gerist annarstaðar í Evrópu eða Norður-Ameríku. Tíðni spilavanda var á bilinu 2%–2,7% fyrir allt úrtakið en spilavandi var mun algengari meðal drengja en stúlkna. Nauðsynlegt er að kanna frekar algengi og alvarleika spilavanda og hugsanlegar afleiðingar hans meðal íslenskra unglinga.

Hér verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum umfangsmikillar könnunar á spilahegðun og algengi spilavanda meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Könnunin var gerð í byrjun árs 2004 og svöruðu um 77% allra nemenda á aldrinum 13–15 ára í Reykjavík könnuninni.

Aðferð

Þátttakendur: Samkvæmt skráningu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur haustið 2003 voru samtals 4659 nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekk skráðir í grunnskóla Reykjavíkur veturinn 2003–2004. Tuttugu og fimm skólum var boðin þátttaka í rannsókninni og samþykktu 23 skólar þátttöku. Svör fengust frá 3573 nemendum sem samsvarar 77% af öllum skráðum grunnskólanemendum í Reykjavík skólaárið 2003–2004. Gild svör fengust frá 1711 drengjum og 1791 stúlku en upplýsingar um kyn vantaði frá níu nemendum. Úr áttunda bekk svöruðu 1184 nemendur, 1144 nemendur í níunda bekk og 1169 nemendur úr tíunda. Upplýsingar um árgang vantaði frá 14 nemendum.

Svarhlutfall meðal þátttökuskóla var 85%. Til að afla upplýsinga um ástæður brottfalls í könnuninni voru kennarar beðnir um að fylla út þar til gert brottfallsblað. Í ljós kom að um 6,1% nemenda voru veikir daginn sem spurningarlistarnir voru lagðir fyrir, 2% voru fjarverandi án leyfis, 2% voru

fjarverandi vegna leyfa eða voru í sérkennslu og 0,5% nemenda tóku ekki þátt vegna þess að foreldrar höfnuðu þátttöku þeirra. Brottfallskrár vantaði í nokkrum tilfellum og er því ekki hægt að gera grein fyrir brottfalli 4,4% nemenda.

Mælitæki: Spurningalistinn sem lagður var fyrir nemendur samanstóð af 155 spurningum, en hér verður aðeins gert grein fyrir tveimur mælitækjum sem bæði leggja mat á tíðni spilavanda. Þau hafa verið sérhönnuð til notkunar fyrir börn og unglinga á aldrinum 12–18 ára og eru víða notuð erlendis við rannsóknir af þessum toga.

(1) South Oaks Gambling Screen Revised for Adolescents (SOGS-RA - Winters, Stinchfield og Fulkerson, 1993) er 16 atriða spilavandapróf þar sem m.a. er spurt um þátttöku í peningaspilum, þátttöku foreldra í peningaspilum, auk 12 spurninga sem notaðar eru til að meta spilavanda. Spurningum um spilavanda er svarað játandi eða neitandi og er gefið 1 stig fyrir hvert „já“ en ekkert stig fyrir hvert „nei“ svar. SOGS-RA prófið hefur verið þýtt á íslensku og staðfært á úrtaki 16–18 ára unglinga og reyndust próffræðilegir eiginleikar prófsins sambærilegir erlendri gerð þess (Karen Júlía Sigurðardóttir, 2003; Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári, 2004). Alfa-áreiðanleiki prófsins í þessari rannsókn var 0,79.

(2) Diagnostic and Statistical Manual – IV Multiple Response Adapted for Juveniles (DSM-IV-MR-J-Fisher, 2000) er spilavandapróf með 12 spurningum sem notaðar eru til þess að meta níu af tíu greiningarviðmiðum DSM-IV greiningarstaðals ameríska geðlæknafélagsins fyrir spilafíkn. Flestum spurningum er svarað á fjögurra punkta stiku 1=aldrei, 2=einu sinni eða tvisvar, 3=stundum og 4=oft. Gefið er eitt stig fyrir svörin „stundum“ eða „oft“ en ekkert stig ef svarað er „aldrei“ eða „einu sinni eða tvisvar“.DSM-IV-MR-J hefur verið þýtt á íslensku og staðfært á úrtaki 16–18 ára unglinga og reyndust próffræðilegir eiginleikar prófsins sambærilegir erlendri gerð þess (Karen Júlía Sigurðardóttir, 2003; Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári, 2004). Alfa-áreiðanleiki prófsins í þessari rannsókn var 0,78.

Samkvæmt erlendum viðmiðum fyrir bæði mælitæki telst sá sem fær fjögur stig eða fleiri eiga við spilavanda að stríða. Sá sem fær 2–3 stig telst vera í áhættuhópi en þeir sem fá eitt eða ekkert stig, eru taldir spila peninga-spil vandræðalaust.

Framkvæmd: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur veitti leyfi til fyrirlagnar í grunnskólum Reykjavíkur þann 14. október 2003. Í framhaldi var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar sem gerði engar athugasemdir við fyrirkomulag gagnsöfnunar. Í desember var síðan haft samband við skólastjóra í 25 skólum og samþykktu 23 skólastjórar fyrirlögn. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 12. janúar til 1. mars 2004, en áður en hún hófst var öllum foreldrum sent bréf með upplýsingum um fyrirhugaða rannsókn og gátu þeir hafnað þátttöku barna sinna í rannsókninni.

Gagnasöfnun var í nánu samstarfi við stjórnendur og kennara í viðkomandi skólum og fór yfirleitt fram með þeim hætti að rannsakendur komu í skólanna á tilgreindum tíma og afhentu kennurum viðkomandi bekkja spurningalistana áður en kennslustund hófst. Kennarar og rannsakendur lögðu síðan listana fyrir nemendur og voru rannsakendur til staðar til að svara spurningum og leggja áherslu á fyrirmæli rannsóknarinnar sem nemendur lásu áður en þeir svöruðu spurningalistanum. Í fyrirmælum voru peningaspil skilgreind sem öll spil þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ráði miklu um niðurstöðuna. Einnig var sérstaklega tekið fram að spurningalistann ætti ekki að merkja með nafni og að nemendum væri frjálst að ákveða hvort þeir vildu taka þátt eða ekki.

Niðurstöður

Þátttaka í peningaspilum

Um 93% 13–15 ára grunnskólanema í Reykjavík höfðu spilað peningaspil að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Nokkuð færri eða tæplega 70% þeirra höfðu spilað peningaspil á undanförnum 12 mánuðum og tæplega 8% spiluðu a.m.k. einu sinni í viku eða oftar. Drengir (79,4%) voru líklegri en stúlkur (60,2%) til að hafa spilað peningaspil undanfarna 12 mánuði ($\chi^2(1, N=3502)=150{,}30$, $p\leq 0{,}001$) og þátttaka í peningaspilum undanfarna 12 mánuði var algengari meðal nemenda í 10. bekk (73,6%) en meðal nemenda í 8. (67,4%) og 9. (67,7%) bekk ($\chi^2(2, N=3497)=13{,}43$, $p\leq 0{,}01$).

Tafla 1 sýnir þátttöku í ýmsum tegundum af peningaspilum undanfarna 12 mánuði. Þar má sjá að skafmiðar eru vinsælasta tegund peningaspila hjá nemendum á þessum aldri og þar á eftir koma spilakassar og Lottó. Athyglisvert er að um fjórðungur nemenda veðjar á eigin frammistöðu í leik

eða íþrótt eða leggur peninga undir í spilum. Aftur á móti hafa fáir spilað í Skjáleiknum og enn færri hafa lagt undir peninga í peningaspilum á netinu.

Tafla 1. Þátttaka í peningaspilum á síðustu 12 mánuðum eftir tegundum peningaspila

Tegund peningaspila	Aldrei fj.(%)	Sjaldnar en mánaðarlega fj.(%)	Mánaðarlega fj.(%)	Vikulega eða oftar fj.(%)	A.m.k. 1x síðustu 12 mán. fj(%)
Skafmiðar	1811 (51,7)	1474 (42,1)	161 (4,6)	54 (1,5)	1689 (48,2)
Spilakassar	2375 (68,0)	842 (24,1)	201 (5,8)	74 (2,1)	1117 (32,0)
Lottó	2509 (72,0)	871 (25,0)	75 (2,2)	30 (0,9)	976 (28,1)
Veðja á eigin frammistöðu	2593 (74,2)	712 (20,4)	129 (3,7)	62 (1,8)	903 (25,9)
Leggja peninga undir í spilum	2617 (74,7)	737 (21,0)	103 (2,9)	46 (1,3)	886 (25,2)
Netið (án peninga)	2623 (75,1)	638 (18,3)	142 (4,0)	88 (2,5)	868 (24,8)
1x2	2887 (82,6)	373 (10,7)	127 (3,6)	107 (3,1)	607 (17,4)
Lengjan	3061 (87,4)	279 (8,0)	94 (2,7)	69 (2,0)	442 (12,7)
Bingó	3053 (87,4)	408 (11,7)	19 (0,5)	15 (0,4)	442 (12,6)
Skjáleikur	3288 (94,0)	188 (5,4)	14 (0,4)	8 (0,2)	210 (6,0)
Netið (með peningum)	3423 (98,1)	41 (1,2)	9 (0,3)	16 (0,5)	66 (1,9)

Regluleg þátttaka í einstökum peningaspilum (vikulega eða oftar) er óalgeng meðal nemenda, en um 3,1% þeirra giskar (1x2) reglulega á úrslit í fótbolta og um 2,1% nemenda spila í spilakössum í viku hverri eða oftar. Frekari greining á þátttöku í peningaspilum eftir kyni sýndi að drengir spila marktækt oftar en stúlkur í öllum tegundum peningaspila ($p \leq 0{,}01$).

Greining spilavanda samkvæmt niðurstöðum SOGS-RA og DSM-IV-MR-J

Meirihluti þeirra sem spila peningaspil gera það án vandkvæða (sjá Töflu 2). Samanburður á heildarfjölda þeirra sem greinast í áhættuhópi og með spilavanda samkvæmt mælitækjunum tveimur leiðir í ljós að tölur fyrir DSM-IV-MR-J skimunartækið eru lægri en fyrir SOGS-RA. Samkvæmt SOGS-RA teljast 4,1% nemenda vera í áhættuhópi og 2,8% eiga við spilavanda að stríða. Sambærilegar tölur fyrir DSM-IV-MR-J eru 3,7% í áhættuhópi og 1,9% með spilavanda. Reiknuð voru leiðrétt vikmörk fyrir hátt hlutfall af

endanlegu þýði (sjá Þórodd Bjarnason, 1992) fyrir hlutfall spilavanda beggja kvarða og reyndist öryggisbil fyrir SOGS-RA vera á bilinu 2,5% – 3,1% og á bilinu 1,7% – 2,1% fyrir DSM-IV-MR-J. Þar sem vikmörk beggja kvarða skarast ekki telst munur á hlutfalli spilavanda milli kvarða marktækur ($p \leq 0{,}05$).

Tafla 2. Greining spilavanda samkvæmt SOGS-RA og DSM-IV-MR-J eftir kyni og árgangi

		Spila ekki (n)	Ekki vandi (n) (skor=0–1)	Áhættuhópur (n) (skor=2–3)	Spilavandi (n) (skor=≥4)
SOGS-RA					
Kyn					
	Drengir	20,8% (353)	67,5% (1144)	6,4% (108)	5,3% (90)
	Stúlkur	39,8% (711)	57,8% (1031)	2,0% (35)	0,4% (8)
Bekkur					
	8. bekkur	32,9% (385)	60,7% (709)	3,8% (45)	2,6% (30)
	9. bekkur	32,4% (370)	61,0% (697)	4,2% (48)	2,4% (27)
	10. bekkur	26,5% (309)	65,7% (765)	4,3% (50)	3,4% (40)
Allir		**30,6% (1064)**	**62,5% (2175)**	**4,1% (143)**	**2,8% (98)**[1]
DSM-IV-MR-J					
Kyn					
	Drengir	20,8% (353)	68,8% (1168)	7,0% (118)	3,4% (58)
	Stúlkur	39,9% (711)	59,1% (1054)	0,6% (11)	0,4% (7)
Bekkur					
	8. bekkur	32,9% (385)	62,6% (732)	2,7% (32)	1,8% (21)
	9. bekkur	32,5% (370)	62,1% (708)	4,1% (47)	1,3% (15)
	10. bekkur	26,5% (309)	66,7% (777)	4,3% (50)	2,5% (29)
Allir		**30,6% (1064)**	**63,9% (2222)**	**3,7% (129)**	**1,9% (65)**[1]

[1] Leiðrétt vikmörk: SOGS-RA = 0,26. [2] DSM-IV-MR-J = 0,22.

Mikill munur reyndist vera á drengjum og stúlkum þar sem mun fleiri drengir en stúlkur uppfylltu greiningarviðmið um spilavanda eða voru í áhættuhópi samkvæmt niðurstöðum SOGS-RA ($\chi^2(3, N=3480)=230{,}03$, $p \leq 0{,}001$) og DSM-IV-MR-J ($\chi^2(3, N=3480)=253{,}10$, $p \leq 0{,}001$). Marktæk tengsl reyndust einnig vera milli bekkja og greiningarhópa SOGS-RA ($\chi^2(6, N=3475)=15{,}51$, $p \leq 0{,}05$) og DSM-IV-MR-J ($\chi^2(6, N=3475)=20{,}83$, $p \leq 0{,}01$).

Samkvæmt niðurstöðum beggja kvarða virðist spilavandi vera algengari meðal nemenda í 10. bekk en 8. eða 9. bekk (Tafla 2).

Tengsl spilavanda við tíðni reykinga, neyslu áfengis og annarra vímuefna

Lagðar voru fyrir níu spurningar um reykingar, neyslu áfengis, kannabis og annarra vímuefna. Í ljós kom að 4,9% nemenda reykja daglega, um 12,2% drekka bjór/léttvín og 5,8% sterkt áfengi mánaðarlega eða oftar. Um 7,4% nemenda segjast verða drukknir a.m.k. einu sinni í mánuði eða oftar og um 5,3% nemenda höfðu reykt kannabisefni að minnsta kosti einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Tafla 3 sýnir tengsl milli greiningarhópa SOGS-RA og neyslu vímuefna, en einungis voru skoðuð tengsl milli þessara breytna hjá þeim sem höfðu spilað peningaspil á síðustu 12 mánuðum.

Þeir sem eiga í vanda vegna peningaspila reykja og neyta áfengis oftar og meir en þeir sem spila peningaspil án vandamála (sjá Töflu 3). Einnig verða þeir sem eiga í vanda vegna peningaspila oftar drukknir og neyta frekar kannabis en þeir sem spila án vandkvæða. Mun fleiri meðal nemenda í spilavanda (26.5%) hafa prófað önnur vímuefni (amfetamín/kókaín, ecstacy/LSD og innöndun snefilefna) a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum en meðal nemenda sem spila peningaspil án vandkvæða (4,4%).

Tafla 3. Tengsl vímuefnaneyslu og greiningarhópa SOGS-RA

	Ekki vandi (n) (skor=0–1)	Áhættu-hópur (n) (skor=2–3)	Spila-vandi (n) (skor=≥4)	χ^2
Reykingar				
Aldrei	88,6% (1927)	81,8% (117)	64,3% (63)	
Sjaldnar en daglega	6,3% (138)	9,1% (13)	10,2% (10)	
Daglega	5,0% (109)	9,1% (13)	25,5% (25)	77,292***
Bjór og léttvín				
Aldrei	48,6% (1054)	34,3% 49)	18,6% (18)	
Einu sinni á síðasta ári	17,9% (388)	21% (30)	13,4% (13)	
Nokkur skipti á síðasta ári	19,7% (427)	24,5% (35)	25,8% (25)	
Mánaðarlega eða oftar	13,8% (300)	20,3% (29)	42,3% (41)	79,120***
Sterkt áfengi				
Aldrei	71,8% (1561)	60,1% (86)	42,9% (42)	
Einu sinni á síðasta ári	11,5% (249)	14,0% (20)	15,3% (15)	
Nokkur skipti á síðasta ári	10,2% (221)	16,8% (24)	13,3% (13)	
Mánaðarlega eða oftar	6,5% (142)	9,1% (13)	28,6% (28)	81,821***
Drukkin/n				
Aldrei	74,7% (1619)	65,0% (93)	42,9% (42)	
Einu sinni á síðasta ári	7,7% (167)	7,0% (10)	15,3% (15)	
Nokkur skipti á síðasta ári	9,8% (213)	12,6% (18)	8,2% (8)	
Mánaðarlega eða oftar	7,8% (169)	15,4% (22)	33,7% (33)	96,218***
Kannabis				
Aldrei	94,4% (2052)	87,4% (125)	73,7% (70)	
A.m.k. 1x á síðasta ári	5,6% (121)	12,6% (18)	26,3% (25)	69,830***
Önnur vímuefni[a]				
Aldrei	95,6% (2078)	88,1% (126)	73,5% (72)	
A.m.k. 1x á síðasta ári	4,4% (95)	11,9% (17)	26,5% (26)	96,166***

[a] Önnur vímuefni er samsett breyta fyrir neyslu amfetamín/kókaín, Ecstacy/LSD, og innöndun efna (t.d. lím, bensín, gas). *** $p \leq 0{,}01$

Í tengslum við þessar niðurstöður er áhugavert að greina frá því að nemendur voru einnig spurðir um fjarvistir (skróp) úr skóla og lögðu mat á hversu vel eða illa þeim gengur í námi. Í ljós kom að nemendur sem eiga í vanda vegna peningaspila voru frekar fjarverandi úr skóla ($\chi^2(4, N=2406)=166{,}63$, $p \leq 0{,}01$) og gengur ver í námi að eigin sögn ($\chi^2(4, N=2415)=38{,}61$, $p \leq 0{,}01$) en nemendur sem spila peningaspil án vandkvæða.

Umræða

Meirihluti nemenda í 8.–10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur hefur tekið þátt í peningaspilum og rúmlega tveir þriðju hafa spilað a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Athyglisvert er að tæplega 8% spila reglulega peningaspil (a.m.k. einu sinni í viku eða oftar) og er þátttaka mun algengari meðal drengja en stúlkna. Vinsælustu peningaspilin eru skafmiðahappdrætti, spilakassar og lottó en einnig hafði um fjórðungur nemenda veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt eða lagt peninga undir í spilum á síðustu 12 mánuðum. Spilahegðun 13–15 ára unglinga í Reykjavík er mjög sambærileg því sem gerist erlendis (sjá t.d. Gupta og Derevensky, 1998; Jacobs, 2000; NRC, 1999) og meðal íslenskra framhaldsskólanema (Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári, 2004).

Niðurstöður þessarar könnunar sýna einnig að algengi spilavanda meðal 13–15 ára nemenda í Reykjavík er á svipuðu róli og sjá má á Spáni og í Noregi (Becoña, 1997; Johanson og Götestam, 2003), en nokkuð lægri en niðurstöður flestra rannsókna gefa til kynna í Bretlandi og Norður-Ameríku (Fisher, 1999; Shaffer og Hall, 1996). Spilavanda er nánast eingöngu að finna meðal drengja og er það í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna þar sem drengir eru mun líklegri til að greinast með spilavanda en stúlkur (Jacobs, 2000; Vitaro, Brengden, Ladouceur, og Tremblay, 2001). Algengi spilavanda í þessari rannsókn er mjög sambærileg við tíðni spilavanda meðal 16–18 ára nemenda í íslenskum framhaldsskólum, en þar voru 2–2,7% nemenda í vanda vegna peningaspila og nánast allt drengir (sjá Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári, 2004). Mikilvægt er þó að hafa í huga að sú rannsókn byggði á hentugleikaúrtaki framhaldsskólanema og því ekki hægt að fullyrða að tölur um spilavanda séu lýsandi fyrir þýði allra framhaldsskólanema á aldrinum 16–18 ára.

Líklegt er að nemendur sem eiga í vanda vegna peningaspila reyki, neyti áfengra drykkja, kannabis og annarra eiturlyfja í meira mæli en nemendur sem spila peningaspil án vandakvæða. Einnig var töluverður munur milli þessara hópa í tíðni ölvunar en þriðjungur nemenda í spilavanda verður drukkinn einu sinni í mánuði eða oftar en aðeins tæplega 8% þeirra sem spila án vanda verður drukkinn svo oft. Nemendur sem eiga í vanda vegna peningaspila eru oftar fjarverandi (skrópa) úr skóla og þeir telja að sér gangi ver í námi en nemendum sem spila peningaspil án vandkvæða. Þessar niðurstöður eru sambærilegar niðurstöðum fjölda erlendra rannsókna sem sýna að sterk

tengsl eru milli spilavanda og annarra hegðunarvandkvæða meðal unglinga eins og neyslu áfengis eða annara vímuefna, afbrota og fjarveru úr skóla (Gupta og Derevensky, 1998; Ladouceur, Boudreault, Jacques og Vitaro, 1999; Vitaro, Brengden, Ladouceur og Tremblay, 2001; Westphal, Rush, Stevens og Johnson, 2000).

Það er mikilvægt að hafa í huga að niðurstöður þessarar könnunar gefa ekki tilefni til þeirrar ályktunar að spilavandi leiði til annarra hegðunarvandkvæða, þ.e. ekki er t.d. hægt að fullyrða að spilavandi leiði til áfengis eða vímuefnafíknar. Einungis er hægt að halda því fram að líklegt er að þeir sem eiga í spilavanda neyti áfengis eða annarra vímuefna í meira mæli en þeir sem spila án vandkvæða. Einnig mætti snúa þessu við og segja að líklegt er að þeir sem eru í vanda vegna áfengis eða vímuefnaneyslu eiga við meiri spilavanda að stríða en þeir sem ekki eiga í vímuefnavanda. Reyndar hafa verið færð rök fyrir því að spilavandi sé hluti af almennum hegðunarfrávikum unglinga sem kunna að eiga sér sameiginlegar orsakir (sjá t.d. Vitaro o.fl., 2001).

Í megindráttum benda niðurstöður þessarar rannsóknar til þess að spilavandi meðal unglinga í Reykjavík sé sambærilegur eða ívið minni en hann mælist erlendis. Vandinn reynist einkum koma fram meðal drengja og bendir til þess að fræðsla um hættur peningaspila og möguleg meðferðarúrræði hér á landi þurfi að beinast sérstaklega að drengjum. Tengsl spilavanda og áfengis og vímuefnaneyslu sýna einnig að mikilvægt er að skima fyrir spilavanda meðal unglinga sem leita sér hjálpar vegna áfengis eða annarrar vímuefnaneyslu og veita þeim unglingum sem eiga í margþættum vanda viðeigandi meðferð vegna spilavanda samhliða annarri meðferð.

Heimildir

Becoña, E. (1997). Pathological gambling in spanish children and adolescents: An emerging problem. *Psychological Reports, 81*, 275–287.

Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir (2003). *An Icelandic version of the Problem Gambling Severity Index: A psychometric evaluation*. Erindi flutt á ráðstefnu norrænna geðlækna í Reykjavík, Reykjavík. Ísland.

Derevensky, J. L. og Gupta, R. (2000). Prevalence estimates of adolescent gambling: A comparison of the SOGS-RA, DSM-IV-J, and the GA 20 Questions. *Journal of Gambling Studies, 16*, 227–251.

Fisher, S. (1999). A prevalence study of gambling and problem gambling in British adolescents. *Addiction Research*, *7*, 509–538.

Fisher, S. (2000). Developing the DSM-IV-MR-J criteria to identify adolescent problem gambling in non-clinical populations. *Journal of Gambling Studies*, *16*, 253–273.

Gupta, R. og Derevensky, J. L. (1998). Adolescent gambling behavior: A prevalence study and examination of the correlates associated with problem gambling. *Journal of Gambling Studies*, *14*, 319–345.

Jacobs, D. F. (2000). Juvenile gambling in North America: An analysis of long term trends and future prospects. *Journal of Gambling Studies*, *16*, 119–152.

Johanson, A. og Götestam, K.G. (2003). Gambling and problematic gambling with money among Norwegian youth (12–18 years). *Nordic Journal of Psychiatry*, *57*, 317–321.

Karen Júlía Sigurðardóttir (2003). „*Bara eitt spil enn...“ Spilafíkn meðal 16–18 ára unglinga: Tíðni og próffræðilegir eiginleikar matstækja.* Óbirt cand. psych. ritgerð. Háskóli Íslands.

Karen Júlía Sigurðardóttir, Daníel Þór Ólason og Jakob Smári (2004). Könnun á spilavanda meðal 16–18 ára unglinga í framhaldsskólum á Íslandi. *Sálfræðiritið*, *9*, 37–42.

Ladouceur, R., Boudreault, N., Jacques, C. og Vitaro, F. (1999). Pathological gambling and related problems among adolescents. *Journal of Child & Adolescent Substance Abuse*, *8*, 55–68.

National Research Council (NRC) (1999). *Pathological Gambling: A Critical Review*. Washington DC: National Academy Press.

Raylu, N., og Oei, T. P. S. (2002). Pathological gambling: A comprehensive review. *Clinical Psychology Review, 22*, 1009–1061.

Shaffer, H. J. og Hall, M. N. (1996). Estimating the prevalence of adolescent gambling disorders: A quantitative synthesis and guide toward standard gambling nomenclature. *Journal of Gambling Studies*, *12*, 193–214.

Shaffer, H.J. (2003). The emergence of gambling among youth: The prevalence of underage lottery use and the impact of gambling. Í Shaffer, H.J., Hall, M., Vanderbilt, J. og George, E.M. (ritstj.). *Futures at Stake: Youth, Gambling, and Society*. Reno: University of Nevada Press.

Vitaro, F., Brengden, M., Ladouceur, R. og Tremblay, R.E. (2001). Gambling, delinquency, and drug use during adolescence: Mutual influence and common risk factors. *Journal of Gambling Studies*, *17*, 171–190.

Volberg, R. (2001). *Gambling and Problem Gambling among Adolescents in Nevada: Report to the Nevada Appartment of Human Resources*. Northampton, MA: Gemini Research.

Westphal, J. R., Rush, J. A., Stevens, L. og Johnson, L. J. (2000). Gambling behavior of Louisiana students in grades 6 through *12. Psychiatric Services, 51,* 96–99.

Winters, K. C., Stinchfield, R. og Fulkerson, J. (1993). Toward the development of an adolescent gambling problem severity scale. *Journal of Gambling Studies, 9,* 371–386.

Þóroddur Bjarnason, (1992*).* Rannsóknir á hassneyslu Reykjavíkuræskunnar. *Sálfræðiritið, 3,* 49–60.

Differential responses by cocaine users to affective cues

Elín Díanna Gunnarsdóttir

The use and abuse of various psychoactive drugs, both legal and illegal, has escalated to become a profound social problem. Of the many drugs used to alter mood, cocaine is one of the most frequently abused. Recent epidemiological studies estimate a lifetime prevalence of cocaine use (in other words, those reporting to have used cocaine at least once) to be 8-9% in the general population, equaling about 23 million users. In 1998 1,7 million Americans were regular cocaine users (National Institute of Drug Abuse, 2003). Cocaine use also appears to be on the rise in Iceland, where only 11 individuals in treatment at Vogur were diagnosed as major cocaine users in 1994 where as the number was up to 192 in 2003 (*Fréttablaðið*, 2004).

The frequency of cocaine use is particularly alarming given the serious personal and public health problems associated with prolonged use. For individuals who repeatedly use cocaine, the consequences include physical, psychological, and social problems (e.g., Cregler and Mark, 1986; Estroff, 1987; NIDA, 2003; Siegel, 1992; Uslaner, Kalechstein, Richter, Ling, and Newton, 1999). Despite the magnitude of these consequences, many people continue to use and abuse cocaine, suggesting its enormous addictive potential. Currently, little is known about why some people are more vulnerable than others to developing cocaine dependence. It has, however, been suggested that apparent commonalities in the use of cocaine may obscure vastly different underlying motives for drug self-administration. Some users, for example, report using cocaine to get "pumped-up and to improve concentration" while others report using it to "feel better" (Brooner, Kidorf, King, and Stoller, 1998; Carroll, Nich, and Rounsaville, 1995).

Although the presence of specific personality features may vary widely in drug users both within a specific drug as well as between drug categories, one factor found to be associated with drug abuse is a high prevalence of psychopathology. Research has shown that both Axis I and Axis II diagnoses

are prominent among substance abusers (Holdcraft, Iacono, and McGue, 1998; Kranzler, Satel, and Apter, 1994; Rounsaville, Kranzler, Ball, Tennen, Poling, and Triffleman, 1998; Thomas, Melchert, and Banken, 1999). Understanding the mechanisms that underlie comorbidity between these disorders and substance abuse may enhance our ability to influence important problems that impair treatment response and clinical outcome, such as early attrition, noncompliance, and relapse (Campbell and Stark, 1990).

One framework for explaining heterogeneity in the motives to self-administer drugs has attracted substantial empirical attention. Baker, Morse and Sherman (1987) proposed that two distinct kinds of motivational factors underlie substance abuse. One motive to use drugs stems from the desire to ameliorate negative emotional states. Negative affect urges are associated with negative emotional states, such as depression, dysphoria or withdrawal. These urges are thought to trigger use of addictive substances as a form of self-medication to relieve aversive mental states. In the case of cocaine abuse, some may use it because the immediate effects of cocaine produce feelings of euphoria that may offset current depressive states. A second factor proposed to motivate substance abuse is the sensation or thrill-seeking aspects of drug use. Preliminary findings suggest that individuals motivated by sensation seeking may experience greater cravings in anticipation of positively valenced properties of psychoactive substances, including excitement and happiness. This may especially be the case for individuals who feel the need to get "high" in an attempt to increase their enjoyment. Thus, these individuals may use cocaine primarily to enhance positive mental states. Even though there may be some who fit into these "pure" categories it is likely that many individuals are motivated in part by both dysphoria and excitement.

If, as suggested by Baker, two distinct motivational factors lead to cocaine abuse, then it may be expected that by inducing these affective states they should differentially lead to increased cravings for cocaine among the two subgroups of users. The aim of this study was, therefore, to test whether increased cravings for cocaine could be produced when different emotional states were primed in a sample of regular cocaine users.

Hypotheses

1. Greater depressive vulnerability is associated with a greater increase in cocaine craving in response to a negative affective cue.

2. Greater psychopathy is associated with a greater increase in cocaine craving in response to an appetitive cue.

Methods

Participants were 18 male veterans receiving inpatient clinical services for their substance abuse. Their mean age was 43.16 years, with 12 years of education and an average of 13 years of cocaine use. More than half of the sample was unemployed, and 83% of the participants were African American. Although most individuals reported using multiple addictive substances, they all reported cocaine as their drug of choice. All were in medically stable condition and gave written consent to participate in the research study.

Measures

The Structured Clinical Interview for DSM-IV – Patient Edition (SCID-IV) (Spitzer, Williams, Gibbon, and First, 1994). The presence of a past depressive episode (primary and substance induced), as well as the total number of previous episodes, yielded measures of depressive vulnerability.

Hamilton Depression Rating Scale (Hamilton): is a 21 item interview that assesses current level of depressive symptoms (Hamilton, 1960).

The *Psychopathy Checklist-Revised* (PCL-R) is a 20-item symptom checklist that measures personality traits and behaviors characteristic of psychopathic tendencies (Hare, 1991).

Positive Affect and Negative Affect Scales (PANAS) consist of 20 words describing different feelings and emotions, and is separated into a positive affect scale and a negative affect scale (Watson, Clark and Tellegen, 1987).

Salience of mood and drug-related cues. Modified Stroop color-naming task was also used to assess current mood and cravings for cocaine. Five word categories were used: neutral, furniture-related words (e.g., recliner, couch); negative affective words (e.g., depressed, low); positive affective words (e.g., happy, contented); appetitive or excitement related words (e.g., challenge, risk); and cocaine-related words (e.g., cocaine, crack). This resulted in five slides, each containing 90 words, in addition to a short practice card. Stroop interference scores for the negative and appetitive affect cues served as an assessment of mood and interference scores for the cocaine-related cues yielded a measure of craving for cocaine.

Cocaine Craving Questionnaire (CCQ): The "now" version of the CCQ is a 45-item self-report questionnaire that assesses current cravings for cocaine (Tiffany, Singleton, Haertzen, and Henningfield, 1993).

Possible covariates: Age, years of drug use, total number of prior substance use treatments, days since last cocaine use, other substances abused, and pre-cription medication taken.

Additional measures related to a larger study: Anxiety Sensitivity Index (ASI) (Peterson and Reiss, 1992), Multiple Affect Adjective Checklist-Revised (MAACL-R) (Zuckermann and Lubin, 1985) and Affective Lexical Decision Making Task (Williamson, Harpur and Hare, 1991).

Procedure

Inpatients were recruited for participation in the study through referral. Interested participants underwent an initial interview in which the purpose and procedures of the study were explained and a written, informed consent was obtained.

Assessment:

The SCID-IV, the Hamilton, and the PCL-R, were administered. Subjects were also interviewed about two categories of recent personal events. These events were elicited in order to generate incidents that were used to create guided imagery scripts. The method was based on a procedure developed by Litt et al. (1990).

Test Session 1:

Subjects complete baseline self-report measures of mood (PANAS and MAACL-R) and cravings (CCQ). They then sat quietly in a comfortable room for approximately one hour during which they read magazines containing emotionally neutral stimuli to standardize mood prior to testing. Subjects then engaged in a guided imagery procedure designed to induce either a depressive or an appetitive mood. During guided imagery, each subject listened to a pre-recorded script that encouraged re-experiencing the memory of a situation described during the initial interview. Both events were scripted into comparably vivid 5-minute scenarios and read by the same speaker. Script order was random. Immediately following the guided imagery procedure, subjects completed the Stroop color-naming task and Affective lexical decision making task, followed by the self-report measures PANAS, MAACL-R and CCQ.

Test Session 2:

The procedure for session 2 was identical to that for session 1, except that the opposite mood induction was used.

Results

Manipulation Check on the Effects of the Two Mood Inductions

Negative Affect Induction: The results showed no increase in negative affect, but there was a trend towards a decreased positive affect ($t=1.49$; $p< .10$).

Appetitive Induction: The appetitive induction significantly decreased negative affect $t = 4.17$; $p<.001$, but it did not induce positive affect.

These results indicate that the intended affective changes were partially achieved by the mood inductions in this study population.

Prior to testing the hypotheses, Pearson correlation coefficients were calculated to assess the relationships among the various covariates, predictor, and outcome measures.

Hypothesis 1. Depressive vulnerability will predict increase in craving in response to a negative affect induction

As seen in table 1 a hierarchical regression analysis was conducted with depressive vulnerability measured by the Hamilton, psychopathic vulnerability measured by the PCL-R, and number of previous attempts to quit using cocaine as predictor variables and cravings measured by the CCQ as the outcome variable. After covariate entry in the first step, the PCL-R was entered resulting in R^2 of .42. After entering the Hamilton score the adjusted R^2 decreased to .37; $p< .05$ indicating a lack of fit of the three-step model. The same analysis was re-run with Hamilton scores entered as a second step and PCL-R scores as a third step. The results indicated that the Hamilton did not account for a significant amount of the variance in change in cocaine cravings in response to a negative affect induction. However, the PCL-R continued to explain a significant portion of the increase in cravings in response to the negative induction. As these results are evaluated it is important to be mindful of the fact that the negative affect induction only resulted in a decrease in positive affect. This may partially explain the Hamilton's lack of explanatory power.

Table 1. Hierarchical Regression Analysis Summary for Covariates and Trait Measures Predicting Change in Cocaine Cravings Measured by the CCQ following a Negative Affect Induction

Variable	R2	Δ R2	F	df	p
Step 1					
Previous Quit Attempts	.32		7.58	13	.02
Step 2					
PCL-R Total Score	42	.10	6.12	12	.02
Step 3					
Hamilton Score	.37	-.05	3.80	11	.04

Note. The R^2 listed in the table represents the value for adjusted R^2

Hypothesis 2. Psychopathic tendencies predict increase in craving in response to an appetitive induction

A regression analysis was performed with PCL score and number of past substance induced depressive episodes as the predictor variables and cocaine cravings measured by the Stroop cocaine interference score as the outcome variable. As seen in table 2 the results indicate that the number of previous substance induced depressive episodes explains almost a third of the variance in cravings. Given that the appetitive induction resulted in a decrease in negative affect, these results suggest that a cocaine user with vulnerability towards experiencing substance induced major depression craves cocaine less when there is a decrease in his negative affective state. This effect of the mood induction may also be partially responsible for the lack of relationship between psychopathy and cravings.

Table 2. Hierarchical Regression Analysis Summary for Trait Measures Predicting Change in Cocaine Cravings Measured by the Stroop cocaine card following an Appetitive Induction

Variable	R2	Δ R2	F	df	p
Step 1					
Past Substance induced MD	.29		7.49	15	.02
Step 2					
PCL-R Total Score	.24	-.05	3.53	14	.06

Note. The R^2 listed in the table represents the value for adjusted R^2

Discussion

The aim of this study was to test whether increased cravings for cocaine could be produced when different emotional states were primed in a sample of regular cocaine users. Despite limits imposed by small sample size and failure of affective inductions to act entirely as expected, this study lent some support for the notion that individuals may be motivated to use cocaine based on differing trait vulnerabilities. Individuals with greater depressive vulnerability appeared to have decreased cravings for cocaine following a decrease in their negative affect, and individuals with greater psychopathic tendencies appeared to have increased cravings for cocaine following a decrease in their positive affect. Baker and his colleagues (1987) theorized the presence of two separate motivational networks driving urges for drug use: a negative and a positive urge network. This study has lent some support to Baker's theory, and taken it one step forward by suggesting that individual differences in personality lead cocaine users to be differentially responsive to changes in negative and positive affect. On the other hand, there are respects in which the compatibility between current results and Baker's theory is difficult to appraise. Baker's theory stipulates that the two motivational networks are mutually exclusive and that on the one hand individuals crave the drug in the presence of negative emotions, and on the other hand in the presence of positive emotions. Because of the fact that the affective inductions utilized in this study did not result in an increase in any emotional state, but rather led to a decrease, one can only hypothesize what implications these findings have on Baker's theory.

Based on these results I would like to propose that drug use may be goal directed; in this case, cocaine is used as a tool to maintain affective balance. Although there is not a direct relationship between negative affective state and cravings for cocaine in this study, the results do indicate that subjects with depressive vulnerability have decreased cravings for cocaine when their negative affect goes down. For these individuals, the primary goal seems to be an avoidance of negative affect. Therefore, when faced with a decrease in negative affect, the individual with depressive vulnerability has reached his goal and does not have the need for cocaine for the time being. In a sense he uses cocaine to help him maintain his preferred affective balance, and only craves the drug when his affective state is out of balance. Conversely, I would like to hypothesize that individuals with greater psychopathic tendencies may have the primary goal of maintaining their appetitive/-positive affect. Again, although there is not a direct relationship between

appetitive/positive affective state and cravings for cocaine in this study, the results do indicate that subjects with psychopathic tendencies have increased cravings for cocaine when their positive affect decreases. Cocaine cravings may arise to respond to deficient positive affect for psychopathic individuals and excessive negative affect for depression prone individuals because the drug functions to assist the search for their desired emotional state. Clearly the current study only lends indirect support for this idea. It also does not show that individual differences in expectations about drug effects are valid or conscious, or have causal impact in triggering drug seeking. Based on these results it is difficult to make any predictions regarding the conscious or unconscious association between the emotional state of the individual and his cravings for cocaine. More extensive research needs to be done on the matter.

References

Baker, T. B., Morse, E., and Sherman, J. E. (1987). The motivation to use drugs: A psychobiological analysis of urges. In P. C. Rivers (Ed.), *The Nebraska Symposioum on Motivation. Vol. 34. Alcohol use and abuse* (pp. 257-323). Lincoln: University of Nebraska Press.

Brooner, R. K., Kidorf, M., King, V. L., and Stoller, K. (1998). Preliminary evidence of good treatment response in antisocial drug abusers. *Drug and Alcohol Dependence*, *49*, 249-260.

Campbell, B. K., and Stark, M. J. (1990). Psychopathology and personality characteristics in different forms of substance abuse. *The International Journal of the Addictions*, *25*, 1467-1474.

Carroll, K. M., Nich, C., and Rounsaville, B. J. (1995). Differential symptoms reduction in depressed cocaine abusers treated with psychotherapy and pharmacotherapy. *The Journal of Nervous and Mental Disease*, *183*, 251-259.

Cregler, L. L., and Mark, H. (1986). Medical complications of cocaine abuse. *New England Journal of Medicine*, *315*, 1495-1500.

Estroff, T. W. (1987). Medical and biological consequences of cocaine abuse. In A. M. Washton, & M. S. Gold (Eds), *Cocaine: a clinician's handbook* (pp. 23-32). New York: Guilford Press.

Fréttablaðið (2004, 31. July). Kókaín flæðir yfir Ísland. Bls. 22.

Hamilton, M. (1960). A rating scale for depression. *Journal of Neurology and Neurosurgical Psychiatry*, *23*, 56-62.

Hare, R. D. (1991). *The Hare Psychopathy Checklist-Revised*. Toronto: Multi-Health Systems.

Holdcraft, L. C., Iacono, W. G., and McGue, M. K. (1998). Antisocial personality disorder and depression in relation to alcoholism: a community-based sample. *Journal of Studies on Alcohol*, *59*, 222-226.

Kranzler, H. R., Satel, S., & Apter, A. (1994). Personality disorders and associated features in cocaine-dependent inpatients. *Comprehensive Psychiatry*, *35*, 335-340.

Litt, M. D., Cooney, N. L., Kadden, R. M., and Gaupp, L. (1990). Reactivity to alcohol cues and induced moods in alcoholics. *Addictive Behaviors*, *15*, 137-146.

National Institute of Drug Abuse (2003). *NIDA Info Facts*. Retrieved August 3, 2004, from http://www.nida.nih.gov/Infofax/cocaine.html

Peterson, R. A. and Reiss, S. (1992). *The Anxiety Sensitivity Index (2nd edition)*. Worthington, OH: International Diagnostic Services.

Rounsaville, B. J., Kranzler, H. R., Ball, S., Tennen, H., Poling, J., and Triffleman, E. (1998). Personality disorders in substance abusers: relation to substance use. *Journal of Nervous and Mental Disease*, *186*, 87-95.

Siegel, R. K. (1992). Cocaine smoking. *Journal of Psychoactive Drugs*, *24*, 183-212.

Spitzer, R. L., Williams, J. B., Gibbon, M., and First, M. B. (1994). *The Structured Clinical Interview for DSM-IV Axis-I Disorders – Patient Edition (SCID-I/P, version 2.0)*. New York: Biometric Research Department.

Thomas, V. H., Melchert, T. P., and Banken, J. A. (1999). Substance dependence and personality disorders: comorbidity and treatment outcome in an inpatient treatment population. *Journal of Studies in Alcohol*, *60*, 271-277.

Tiffany, S. T., Singleton, E., Haertzen, C. A., and Henningfield, J. E. (1993). The development of a cocaine craving questionnaire. *Drug and Alcohol Dependence*, *31*, 19-28.

Uslaner, J., Kalechstein, A., Richter, T., Ling, W., and Newton, T. (1999). Association of depressive symptoms during abstinence with the subjective high produced by cocaine. *American Journal of Psychiatry*, *156*, 1444-1446.

Watson, D., Clark, L. A., and Tellegen, A. (1987). Development and validation of brief measures of positive and negative affect: the PANAS scales. *Journal of Personality and Social Psychology*, *54*, 1063-1070.

Williamson, S., Harpur, T. J., and Hare, R. D. (1991). Abnormal processing of affective words by psychopaths. *Psychophysiology*, *28*, 260-273.

Zuckerman, M., and Lubin, B. (1985). *The Multiple Affect Adjective Checklist-Revised*. San Diego, CA: Educational and industrial testing services.

Hefur viðhorf áhrif á mat svarenda á svarmöguleikum Likert-atriða?

Fanney Þórsdóttir

Viðhorfamælingar gegna lykilhlutverki í stórum hluta fræðilegra og hagnýtra rannsókna í félagssálfræði og er upphaf þeirra gjarnan rakið til kenningar Thurstone (1927/1994) um samanburðarmat (*law of comparative judgement*). Sú kenning var grundvöllur aðferðar sem Thurstone og Chave kynntu árið 1929 við að hanna viðhorfakvarða er hafði þann eiginleika að hægt var að magnbinda mun á tveimur mælingum (*method of equal appearing intervals*). Aðferð þeirra fólst í því að fyrst var fjölda staðhæfinga safnað, sem lýstu misjákvæðu eða neikvæðu viðhorfi til tiltekins málefnis. Því næst var hópur dómara fenginn til að meta hve jákvætt eða neikvætt viðhorf hver staðhæfing lýsti. Að lokum var meðaltalsmat hverrar staðhæfingar notað til að staðsetja hana á kvarða sem unnt var að nota síðar til að mæla viðhorf fólks. Eins og þeir Thurstone og Chave bentu á þá er réttmæti þessarar aðferðar háð því að viðhorf dómara til þess málefnis sem staðhæfingarnar snúast um hafi ekki áhrif á mat þeirra. Þannig ættu dómarar að meta staðhæfinguna „innganga Íslands í Evrópusambandið mun hafa í för með sér betri stjórn efnahagsmála“ jafnjákvæða óháð því hve jákvæðir eða neikvæðir þeir sjálfir eru gagnvart inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Rannsóknir benda hins vegar til þess að þessi forsenda standist ekki (Eiser, 1971; Hovland & Sherif, 1952; Manis, 1960, 1961; Romer, 1983; Shelltiz, Edrich & Cook, 1965; Upshaw, 1962; Zavolloni & Cook, 1965).

Tvær meginskýringar hafa komið fram á því hvers vegna viðhorf dómara hefur áhrif á mat þeirra á viðhorfastaðhæfingum. Þessar skýringar hafa annars vegar verið settar fram í félagsmatskenningu (*assimilation contrast model*) þeirra Sherif og Hovland (1961) og hins vegar í kenningu (*accentuation theory*) þeirra Eiser og Stroebe (1972). Félagsmatskenningin spáir því að dómarar með jákvæð og neikvæð viðhorf ýki þann mun sem er á jákvæðum og neikvæðum staðhæfingum í samanburði við hlutlausa dómara, Kenning þeirra Eiser og Stroebe spáir því hins vegar að áhrif viðhorfs dómara sé háð því hvort viðhorf þeirra sé félagslega æskilegt - meirihluta viðhorf - eða ekki.

Þannig gerir kenningin ráð fyrir að dómarar með meirihlutaviðhorf ýki mun á jákvæðum og neikvæðum staðhæfingum í samanburði við hlutlausa dómara en ekki dómarar með minnihlutaviðhorf. Þrátt fyrir að nokkrar rannsóknir hafa stutt kenningu þeirra Sherif og Hovland (Manis, 1960, 1961; Romer, 1983) benda niðurstöður flestra rannsókna til þess að áhrif viðhorfs dómara á mat þeirra sé háð því hvort um meirihlutaviðhorf er að ræða eða ekki.

Þrátt fyrir að ekki sé ljóst hvort bæði jákvæðir og neikvæðir dómarar ýki þann mun sem er á jákvæðum og neikvæðum staðhæfingum eða einungis dómarar með meirihlutaviðhorf benda þessar niðurstöður til þess að ekki sé réttmætt að nota aðferð þeirra Thurstone og Chave (1929) til að mæla viðhorf. Óréttmæti þessarar aðferðar er þó ekki meginástæðan fyrir því að staðhæfingarkvarðar eru ekki almennt notaðir í dag. Fljótlega eftir að Thurstone og Chave kynntu aðferð sína kom Likert (1929/1970) fram með svokallaðan samlagningarkvarða (*summated rating scale*). Slíkur kvarði samanstendur af nokkrum staðhæfingum og hverri staðhæfingu fylgja svarmöguleikar sem eru yfirleitt merktir með orðagildi (t.d. „mjög ósammála“, „frekar ósammála“, „hlutlaus“, „frekar ósammála“ og „mjög ósammála“). Likert gerði ekki ráð fyrir að nota dómara til að meta hve jákvætt eða neikvætt viðhorf hver svarmöguleiki endurspeglaði og því er mun fljótlegra að nota samlagningarkvarða Likert til að mæla viðhorf en staðhæfingarkvarða þeirra Thurstone og Chave. Af þessum sökum hefur aðferð Likert notið mun meiri vinsælda og í raun er óhætt fullyrða að í flestum rannsóknum á viðhorfum sé aðferð Likert notuð annað hvort með því að nota eitt atriði af Likert gerð eða fleiri slík atriði. Niðurstöður rannsókna sem mæla gegn réttmæti staðhæfingarkvarða virðast því í fljótu bragði skipta litlu máli fyrir réttmæti viðhorfamælinga nú á dögum.

Þetta er hins vegar hæpin ályktun því ef gert er ráð fyrir að viðhorf dómara hafi áhrif á mat þeirra á viðhorfastaðhæfingum er líklegt að viðhorf svarenda hafi áhrif á mat þeirra á þeim orðagildum sem fylgja svarmöguleikum Likert atriða. Þannig má gera ráð fyrir að svarandi sem stendur frammi fyrir því að velja svarmöguleika á Likert atriði muni eins og dómarar sem staðsetja staðhæfingar á matsvídd, staðsetja svarmöguleika á sömu matsvídd. Það er í sjálfu sér enginn grundvallarmunur á því að ákveða staðsetningu staðhæfingarinnar „innganga Íslands í Evrópusambandið mun hafa í för með sér betri stjórn efnahagsmála“ og að ákveða staðsetningu á svarmöguleika eins og „nokkuð sammála“ og „mjög ósammála“ þegar þeir svarmöguleikar fylgja slíkri staðhæfingu. Í því tilfelli væri í raun hægt að líta svo á að svarandi þyrfti að staðsetja tvær staðhæfingar á matsvídd, staðhæfinguna, „ég er nokkuð sammála því að innganga Íslands í Evrópu-

sambandið muni hafa í för með sér betri stjórn efnahagsmála“ og staðhæfinguna „ég er mjög ósammála því að innganga íslands í Evrópusambandið muni hafa í för með sér betri stjórn efnahagsmála“. Það er því full ástæða til að ætla að þau hugrænu ferli sem liggja að baki mati dómara á staðhæfingum eigi einnig við um mat svarenda á svarmöguleikum Likert-atriða.

Á sama hátt og draga verður réttmæti staðhæfingakvarða í efa ef að mat dómara á staðhæfingum er háð viðhorfi þeirra verður að draga réttmæti Likert atriða í efa ef að mat svarenda á orðagildum er háð viðhorfi þeirra. Ástæðan er sú að svör fólks eru ekki samanburðarhæf ef viðhorf þeirra hefur áhrif á staðsetningu svarmöguleika. Á mynd 1 sést hvaða áhrif það getur haft á svör þegar að staðsetning á svarmöguleika er háð viðhorfi svarenda. Lóðréttu línurnar endurspegla gildi á matsvídd sem er mitt á milli tveggja svarmöguleika, einnig kallaðar þröskuldar (*threshold*), og þessi miðgildi skilgreina hvaða svæði á matsvíddinni samsvarar tilteknum svarmöguleika (Coombs, 1964). Á myndinni er gert ráð fyrir að jákvætt viðhorf gagnvart Evrópusambandinu sé meirihlutaviðhorf og þar af leiðandi ýkir svarandi sem samþykkir staðhæfinguna muninn á milli svarmöguleikanna „mjög“ og „frekar sammála“ annars vegar og „mjög“ og „frekar ósammála“ hins vegar í samanburði við svarendur sem eru hlutlausir eða neikvæðir gagnvart Evrópusambandinu. Þetta hefur í för með sér að svarmöguleikarnir „hlutlaus“ og „frekar sammála/ósammála“ skilgreina stærra svæði á matsvíddinni þegar að svarandi með meirihlutaviðhorf metur svarmöguleikana í samanburði við hlutlausan svaranda eða svaranda með minnihlutaviðhorf. Jákvæður svarandi velur því svarmöguleikann „frekar sammála“ í stað þess að velja möguleikann „mjög sammála“. Þetta þýðir að illmögulegt er draga ályktanir út frá niðurstöðum sem sýna engan mun á viðhorfum hópa. Slíkar niðurstöður gætu bent til þess að þessir hópar væru jafnjákvæðir eða neikvæðir. Þær gætu hins vegar einnig þýtt að viðhorf þessara hópa væru ólík en vegna þess mat þeirra á svarmöguleikum væri ekki sambærilegt væri ekki mælanlegur munur á viðhorfum þeirra.



Mynd 1. Samanburður á svörum fólks er óréttmætur ef viðhorf þess hefur áhrif á staðsetningu svarmöguleika

Það verður samt sem áður að hafa í huga að jafnvel þó að sýnt hafi verið fram á að mat dómara á viðhorfastaðhæfingum sé háð viðhorfum þeirra er ekki þar með sagt að mat svarenda á svarmöguleikum Líkert-atriða hljóti að vera háð viðhorfum þeirra. Það er hugsanlegt að ólík ferli liggi að baki mati fólks við þessar tvær aðstæður sér í lagi þegar haft er í huga að oft er gert ráð fyrir að svarendur noti ekki orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd (Ostrom og Upshaw, 1968; Sudman, Bradburn og Schwarz, 1996; Tourangeau, Rips og Rasinski, 2000). Ef það er tilfellið eiga þau ferli sem lýst er í félagsmatskenningunni (Sherif og Hovland, 1961) og kenningu þeirra Eiser og Stroebe (1972) ekki við um mat svarenda á svarmöguleikum.

Í þessari rannsókn var leitast við að svara því hvort viðhorf fólks hafi áhrif á mat þeirra á svarmöguleikum Likert atriða. Viðhorf fólks til bílanotkunar var mælt og var svarendum skipt í þrjá hópa, „svarendur með meirihluta viðhorf“, „hlutlausa svarendur“ og „svarendur með minnihluta viðhorf“. Raðkvarðalíkanið (*graded response model*) (Samejima, 1969) var metið

en það líkan fellur innan atriðagreiningar (*item response theory*). Nálgun þeirra Riese, Widaman og Pugh (1993) var notuð til að athuga hvort þröskuldar atriðanna væru sambærilegir á milli hópa. Eftirfarandi tilgátur voru prófaðar:

Tilgáta 1: Þröskuldar fyrir að minnsta kosti eitt af þeim atriðum sem mæla viðhorf til bílanotkunar eru ólíkir hjá svarendum með minnihluta viðhorf og hjá hlutlausum svarendum.

Tilgáta 2: Þröskuldar fyrir að minnsta kosti eitt af þeim atriðum sem mæla viðhorf til bílanotkunar eru ólíkir hjá svarendum með meirihluta viðhorf og hjá hlutlausum svarendum.

Ef báðar þessar tilgátur standast eins og Félagsmatskenningin (Hovland og Sherif, 1961) spáir eða ef einungis tilgáta 2 stenst eins og kenning þeirra Eiser og Stroebe (1972) spáir bendir það til að draga verður í efa réttmæti þess að nota atriði af Likert gerð til að mæla viðhorf.

Aðferð

Þátttakendur: Úrtak úr bresku viðhorfakönnuninni (*British social attitude survey*) frá árinu 1997 var notað. Þátttaka fólks í þeirri könnun byggðist á stigskiptu tilviljunarúrtaki úr lista heimilisfanga. Við val á úrtakinu var landinu skipti í 83 svæði og tilviljunarkennt úrtak 2490 heimilisfanga síðan valið á hverju svæði fyrir sig. Svarendur voru að lokum valdir af handahófi fyrir hvert heimilisfang. Í handbók með könnuninni koma fram nákvæmar upplýsingar um hvernig var staðið að úrtaki könnunarinnar (Bromley, Bryson, Park og Thomson,1999). Könnuninni var skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta hennar var viðtal tekið við svarendur og tóku alls 1355 manns (63,3%) þátt í þeim hluta. Í síðari hluta hennar fylltu svarendur sjálfir út svör sín og fengust svör frá 1080 þeirra (43,4% svarhlutfall). Þátttakendur voru á aldrinum 18 til 97 ára og þar af voru karlar 539 (41%) og konur 766 (59%).

Mælitæki: Viðhorf fólks til bílanotkunar var mælt með eftirfarandi staðhæfingum: „fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta vegna þess umhverfisskaða sem það veldur“ (*for the sake of the environment, car users should pay higher taxes*), „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir til að draga úr umferðaröngþveiti“ (*the government should build more motorways to reduce traffic congestion*), „þó svo að bílar valdi umhverfisskaða er of þægilegt að ferðast um á eigin bíl til að hætta því“ (*driving one's own car is too convenient to give up for the*

sake of the environment) og „fjölgun vega hefur einungis í för með sér meiri umferð“ (*building more roads just encourages more traffic*).

Þátttakendur voru beðnir um að gefa til kynna hve sammála eða ósammála þeir væru hverri staðhæfingu með því að velja einn af fimm svarmöguleikum. Allir svarmöguleikar voru merktir með orðagildum (mjög sammála, sammála, hvorki sammála né ósammála, ósammála og mjög ósammála). Svarmöguleikar tóku gildi frá 1 (mjög sammála) til 5 (mjög ósammála). Gildum tveggja staðhæfinga, „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir til að draga úr umferðaröngþveiti“ og „þó svo að bílar valdi umhverfisskaða er of þægilegt að ferðast um á eigin bíla til að hætta því“ var snúið við. Lág einkunn á kvarðanum gefur því til kynna neikvætt viðhorf til bílanotkunar og há einkunn jákvætt viðhorf til bílanotkunar.

Svarendum var skipt í viðhorfahópa á grundvelli þess hve oft þeir ferðuðust með lestum og gert var ráð fyrir að því sjaldnar sem fólk notaði lest því jákvæðara væri það gagnvart einkabílanotkun. Langflestir svarenda eða 717 notuðu aldrei lest og er vísað til þessa hóps sem „svarenda með meirihlutaviðhorf“. Nokkru færri eða 384 ferðuðust sjaldnar en einu sinni í mánuði með lestum og verður vísað til þessa hóps sem „hlutlausra svarenda“. Fæstir eða 280 ferðuðust síðan með lestum að minnsta kosti einu sinni í mánuði og verður vísað þeirra sem „svarenda með minnihluta-viðhorf“. Þegar að svör fólks við þeim fjórum staðhæfingum sem mynduðu viðhorfakvarðann voru lögð saman og meðaltöl hópanna þriggja skoðuð kom í ljós að marktækur munur var á meðaltölum hópanna (F (2,944) =36,89, p>,001). Þessi munur var í rétta átt því að „svarendur með meiri-hlutaviðhorf“ voru jákvæðastir gagnvart bílaumferð (M=12,4), „svarendur með minnihlutaviðhorf“ voru neikvæðastir gagnvart bílaumferð (M=10,3) og „hlutlausir svarendur“ þar á milli (M=11,8). Scheffe próf leiddi síðan í ljós að marktækur munur var á meðaltölum allra hópanna. Þetta rennir stoðum undir réttmæti þess að skipta svarendum í viðhorfahópa á grundvelli þess hve oft þeir ferðast með lestum.

Framkvæmd: Í fyrri hluta bresku viðhorfakönnuninni tóku 83 manns viðtal við svarendur. Hvert viðtal varði í um það bil eina klukkustund. Að viðtalinu loknu fylltu svarendur sjálfir út síðari hluti hennar og var sá hluti annað hvort sóttur heim til þátttakenda eða sendur í pósti. Kvarðinn sem mældi viðhorf fólks til einkabílanotkunar var hluti af síðari hluta könnunarinnar en spurningin um hve oft fólk ferðaðist með lest hluti af fyrri hluta hennar. Til að auka svörun fengu allir í úrtakinu kynningarbréf þar sem tilgangur rannsóknarinnar var kynntur. Flestir þeirra sem tóku viðtölin voru reyndir og þeir sem voru það ekki fengu sérstaka þjálfun. Auk þess voru allt

að þrjú bréf send þeim þátttakendum sem ekki sendu inn síðari hluta spurningalistans.

Tölfræðileg úrvinnsla: Nokkur misbrestur var á að öllum viðhorfa-spurningum væri svarað. Alls svöruðu 408 manns einungis hluta þeirra fjögurra viðhorfastaðhæfinga sem notaðar voru. Þar fyrir utan svöruðu sex manns ekki spurningu um tíðni lestarferða. Einungis var unnið úr svörum þeirra sem svöruðu öllum þeim atriðum sem notuð voru í greiningunni. Auk þess leiddi skoðun á svarmynstri þátttakenda í ljós að hluti þeirra hafði annað hvort misskilið verkefnið eða ekki svarað spurningum af alvöru. Í ljósi þess að slík svarmynstur geta haft áhrif á mátgæði þeirra líkana sem metin voru (Molenaar, 1997) var ákveðið að vinna ekki með svör þessara þátttakenda. Alls voru 34 svarendur teknir út úr greiningunni á grundvelli þess að ekki var unnt að taka svör þeirra alvarlega. Heildarfjöldi svara sem unnið var úr var 912.

Þau líkönin sem voru metin gera ráð fyrir að einn undirliggjandi viðhorfa-þáttur hafi áhrif á allar staðhæfingar sem greindar eru. Til að leggja mat á þessa forsendu var staðfestandi þáttagreining notuð og forritið Lisrel 8.5 (Jöreskog, Sörbom, du Toit og du Toit, 2000) notað til að vinna úr gögnum. Í ljósi þess hve fáir voru í úrtaki voru raðkvarðafylgnifylki (*polychoric correlation*) og aðfellusamdreifnifylki (*asymptotic covariance matrix*) greind með aðferð sennilegustu gilda (*maximum likelihood method*) (Jöreskog, 2002). Mátgæði þáttagreiningarlíkansins voru metin með Satorra-Bentler kí-kvaðrat prófinu, CFI og SRMR. Þessir stuðlar voru valdir á grundvelli þess hve vel þeir hafa reynst í litlum úrtökum þegar að breytur eru ekki normaldreifðar og aðferð sennilegustu gilda notuð (Hu og Bentler, 1998; Jöreskog, 2002). Frávísunar-viðmið fyrir CFI var .96, fyrir SRMR var það .08 (Hu og Bentler, 1999) og hefðbundin marktektarkrafa α=.05 fyrir kí-kvaðrat prófið.

Raðkvarðalíkanið (*graded response model*) var metið og notað til að bera kennsl á atriði sem virka mismunandi á milli viðhorfahópa. Forritið Genlat (Bartholomew, Steele, Moustaki og Galbraith, 2002) var notað til að meta hve vel það líkan féll að gögnum. Mátgæði líkansins var metið með því að skoða kí-kvaðrat leif fyrir rauntíðni og væntitíðni tveggja breyta og tveggja svarmöguleika í senn (*two-way margins*) (Bartholomew og Tzamourani, 1999; Bartholomew, Steele, Moustaki og Galbraith, 2002). Þegar að búið var að ganga úr skugga um að einn viðhorfaþáttur lægi að baki svörum fólks og að mátgæði raðkvarðalíkansins væru fullnægjandi var forritið Multilog (Thissen, 1991) notað til að meta þröskulda hvers atriðis og leiðbeiningum þeirra Reise, Widaman og Pugh (1993) fylgt til að prófa tilgátur.

Niðurstöður

Niðurstöður staðfestandi þáttagreiningar bentu til þess að einn undirliggjandi þáttur hefði áhrif á svör fólks við viðhorfastaðhæfingunum hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“ (Satorra-Bentler scaled χ^2=4,52, df=2, p=0,10; CFI=0,97; SRMR=0,038). Auk þess bentu niðurstöður til þess að mátgæði raðkvarðalíkansins væru fullnægjandi. Greining á kí-kvaðrat leif sýndi að tvö svarmynstur drógu úr mátgæðum líkansins hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“. Þegar að þessi svarmynstur voru tekin út úr greiningunni féll líkanið vel að gögnum og niðurstöður þáttagreiningar bentu til þess að staðhæfingarnar fjórar mældu einn undirliggjandi viðhorfaþátt hjá þessum svarendahópi (Satorra-Bentler scaled χ^2=4,41, df=2, p=0,11; CFI=0,98; SRMR=0,03). Þegar að þessi tvö svarmynstur höfðu verið fjarlægð var heildarfjöldi „svarenda með meirihlutaviðhorf“ 469. Kí-kvaðrat leif benti einnig til þess að raðkvarðalíkanið félli illa að gögnum hjá „hlutlausum svarendum“ en þegar að sex svarmynstur höfðu verið fjarlægð féll líkanið vel að gögnum og þáttagreining benti til þess að mátgæði eins-þátta líkans væru viðunandi (Satorra-Bentler scaled χ^2=8,30, df=2, p=0,02; CFI=0,95; SRMR=0,057). Heildarfjöldi „hlutlausra svarenda“ var 268.

Samburður á „svarendum með minnihlutaviðhorf“ og „hlutlausum svarendum“: Tilgátan um að þröskuldar fyrir að minnsta kost eitt af þeim atriðum sem mæla viðhorf til bílanotkunar séu þeir sömu hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“ og hjá „hlutlausum svarendum“ stóðst (sjá töflu 1). Nánari greining sýndi að þröskuldar staðhæfingarinnar „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir til að draga úr umferðaröngþveiti“ voru ekki þeir sömu hjá „hlutlausum svarendum“ og „svarendum með minnihlutaviðhorf“. Þröskuldar annarra staðhæfinga voru þeir sömu hjá báðum hópum.

Tafla 1. Samanburður stigskiptra líkana: „hlutlausir svarendur“ og „svarendur með minnihluta viðhorf“

	Δχ2	df	Δχ2	Δdf	p	Líkan sem er valið
Grunnlíkan						
Takmarkanir ekki settar á þröskulda	-119.2	395				
Líkan 1						
Takmarkanir settar á þröskulda allra atriða	-86.7	411	32.5	16	.009	Grunnlíkan
Samanburður fyrir hvert atriði						
Líkan 2						
Takmarkanir settar á þröskulda „fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta…“	-92.2	407	5.5	4	.240	Líkan 1
Líkan 3						
Takmarkanir settar á þröskulda „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…“	-100.7	407	14.0	4	.007	Líkan 3
Líkan 4						
Takmarkanir settar á þröskulda „þó svo að bílar valdi umhverfisskaða….“	-109.0	403	8.3	4	.081	Líkan 3
Líkan 5						
Takmarkanir settar á þröskulda „fjölgun vega hefur einungis í för með sér…“	-108.4	403	7.7	4	.103	Líkan 3

Á mynd 1 eru BCC (*boundary characteristic curves*) viðhorfaatriðanna hjá viðhorfahópunum tveimur. Þröskuldar hvers atriðis ákveða staðsetningu þessara kúrfa og því endurspegla þær það svæði sem hver svarmöguleiki skilgreinir. Samanburður á BCC fyrir atriðið „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir til að koma í veg fyrir umferðaröngþveiti“ sýnir að svarmöguleikinn „hvorki sammála né ósammála“ og svarmöguleikarnir „sammála“ og

„ósammála“ náðu yfir breiðara svæði hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“ en hjá „hlutlausum svarendum“.

„Svarendur með minnihlutaviðhorf“ „Hlutlausir svarendur“



a) „Fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta…“[1]



b) „Stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…..“[2]



c) „Þó svo að bílar valdi umhverfisskaða er of þægilegt……“[3]

---

1 Þröskuldar fyrir atriðið „Fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta….“ voru: (β1=-4,47; β2=-1,63; β3=-0,01; β4= 3,25).

2 Þröskuldar fyrir atriðið „Stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…“ voru: (β1=-2,13; β2=-0,30; β3=0,69; β4= 2,89) hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“ en (β1=-1,26; β2=-0,05; β3=0,71; β4= 2,05) hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“.



d) „Fjölgun vega hefur einungis í för með sér meiri umferð“[4]

Mynd 1. BCC fyrir atriði sem mæla viðhorf til bílaumferðar. Samanburður á „svarendum með minnihlutaviðhorf“ og „hlutlausum svarendum“.

Samburður á „svarendum með meirihlutaviðhorf“ og „hlutlausum svarendum“. Tilgátan um að þröskuldar fyrir að minnsta kost eitt af þeim atriðum sem mæla viðhorf til bílanotkunar séu þeir sömu hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“ og hjá „hlutlausum svarendum“ stóðst (sjá töflu 2). Nánari greining sýndi að þröskuldar allra staðhæfinganna voru ólíkir hjá þessum tveimur viðhorfahópum fyrir utan þröskulda staðhæfingarinnar „Fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta vegna þess umhverfisskaða sem það veldur“.

---

3 Þröskuldar fyrir atriðið „Þó svo að bílar valdi umhverfisskaða…“ voru: (β_1=-3,50; β_2=-0,73; β_3=0,93; β_4= 5,08).

4 Þröskuldar fyrir atriðið „Fjölgun vega hefur einungis í för með sér…“ voru: (β_1=-1,35; β_2=0,11; β_3=0,85; β_4= 2,45).

Tafla 2. Samanburður stigskiptra líkana: „hlutlausir svarendur“ og „svarendur með meirihluta viðhorf“.

	Δχ2	df	Δχ2	Δdf	p	Líkan sem er valið
Grunnlíkan						
Takmarkanir ekki settar á þröskulda	-1085,5	696				
Líkan 1						
Takmarkanir settar á þröskulda allra atriða	-1018,6	712	66,9	16	.000	Grunnlíkan
Samanburður fyrir hvert atriði						
Líkan 2						
Takmarkanir settar á þröskulda „fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta…“	-1021,5	708	2,9	4	.575	Líkan 1
Líkan 3						
Takmarkanir settar á þröskulda „stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…“	-1043,9	708	25,3	4	.000	Líkan 3
Líkan 4						
Takmarkanir settar á þröskulda „þó svo að bílar valdi umhverfisskaða….“	-1065,1	704	21,2	4	.000	Líkan 4
Líkan 5						
Takmarkanir settar á þröskulda „fjölgun vega hefur einungis í för með sér…“	-1079,8	700	14,7	4	.005	Líkan 5

Á mynd 1 eru BCC (*boundary characteristic curves*) viðhorfaatriðanna hjá viðhorfahópunum tveimur. Samanburður á BCC sýndi að svarmöguleikinn „hvorki sammála né ósammála“ og svarmöguleikarnir „sammála“ og „ósammála“ náðu yfir breiðara svæði hjá „svarendum með minnihluta-viðhorf“ en hjá „hlutlausum svarendum“. Þetta átti við um staðhæfingarnar

fyrir utan „fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta vegna þess umhverfisskaða sem það veldur“

„Hlutlausir svarendur“ „Svarendur með meirihlutaviðhorf“



a) „Fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta…“[5]



b)„Stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…..“[6]



c) „Þó svo að bílar valdi umhverfisskaða er of þægilegt……“[7]

---

5 Þröskuldar fyrir atriðið „Fólk sem notar einkabíl ætti að borga hærri skatta…. “ voru: β_1=-4,63 β_2=-2,09; β_3=-0,45; β_4= 2,56.

6 Þröskuldar fyrir atriðið „Stjórnvöld ættu að leggja fleiri hraðbrautir…“ voru: β_1=-1,16; β_2=-0,18; β_3=0,49; β_4= 1,58 hjá „hlutlausum svarendum“ en β_1=-1,99; β_2=-0,33; β_3=0,53; β_4= 2,24) hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“.



d)„Fjölgun vega hefur einungis í för með sér meiri umferð“[8]

Mynd 2. BCC fyrir atriði sem mæla viðhorf til bílaumferðar. Samanburður á „svarendum með meirihlutaviðhorf“ og „hlutlausum svarendum“.

Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að viðhorf fólks hafi áhrif á mat á svarmöguleikum Likert atriða. Svarmöguleikar sem endurspegluðu hlutlaust viðhorf og veika jákvæða eða neikvæða afstöðu skilgreindu stærra svæði á matsvíddinni hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“ í samanburði við „hlutlausa svarendur“. Þetta átti við öll atriði viðhorfakvarðans fyrir utan eitt. Fyrir það atriði voru niðurstöður reyndar í rétta átt þó svo að munur á þröskuldum næði ekki tölfræðilegri marktekt. Þessar niðurstöður benda því til þess að ekki sé hægt að bera saman svör fólks með meirihlutaviðhorf og fólks sem telur sig hlutlaust. Niðurstöður voru ekki jafn skýrar fyrir „svarendur með minnihlutaviðhorf“ því að þó svo að þröskuldar einnar staðhæfingar væru ólíkir hjá „svarendum með minnihlutaviðhorf“ og „hlutlausum svarendum“ þá átti það ekki við um hin þrjú atriðin. Almennt virðist því sem mat svarenda á svarmöguleikum sé ekki háð því hvort þeir séu hlutlausir eða með minnihlutaviðhorf. Svör þessara hópa ættu því að vera sambærileg. Á grundvelli þessara niðurstaðna verður því að draga í efa réttmæti þess að bera saman svör fólks með meirihlutaviðhorf annars vegar

---

7 Þröskuldar fyrir atriðið „Þó svo að bílar valdi umhverfisskaða…“ voru: (β_1=-3,13; β_2=-0,62; β_3=0,52; β_4= 3,84) hjá „hlutlausum svarendum“ en (β_1=-9,52; β_2=-2,88; β_3=1,61; β_4= 8,81) hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“.

8 Þröskuldar fyrir atriðið „Fjölgun vega hefur einungis í för með sér…“ voru: (β_1=-1,06; β_2=-0,01; β_3=0,50; β_4= 1,69) hjá „hlutlausum svarendum“ en (β_1=-1,78; β_2=-0,01; β_3=0,79; β_4= 2,61) hjá „svarendum með meirihlutaviðhorf“.

og þeirra sem hafa hlutausa afstöðu eða minnihlutaviðhorf hins vegar þegar að Likert atriði eru notuð.

Þessar niðurstöður þurfa samt sem áður ekki þýða að Likert kvarðar séu ónothæfir til að mæla viðhorf. Innan atriðagreiningar hefur verið þróuð aðferð sem leyfir samanburð á viðhorfum ólíkra hópa þó svo að svarendur innan þessara hópa meti svarmöguleika atriða innan kvarðans á mismunandi hátt (sjá Riese, Widaman og Pugh, 1993). Þessa aðferð væri því æskilegt að nota ef atriðagreining leiðir í ljós að svarendur innan hópa sem ætlunin er að bera saman meta ekki svarmöguleika á sama hátt.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna á mati dómara á viðhorfastaðhæfingum og gefa til kynna að sambærilegt ferli liggi að baki mati svarenda á svarmöguleikum Likert atriða og mati dómara á staðhæfingum. Þessar niðurstöður styðja því kenningu þeirra Eiser og Stroebe (1972) ef gert er ráð fyrir að það ferli sem sú kenning lýsir eigi jafnt við um mat svarenda á svarmöguleikum og um mat dómara á staðhæfingum. Þessar niðurstöður benda einnig til þess að svarendur noti orðagildi þegar að þeir staðsetja svarmöguleika á matsvídd en sú niðurstaða stangast á við skoðanir margra þeirra sem fjalla um það ferli sem liggur að baki svörum fólks við viðhorfaspurningum í skoðanakönnunum (sjá Sudman, Bradburn og Schwarz, 1996; Tourangeau, Rips og Rasinski, 2000).

Heimildir

Bartholomew, D. J., Steele, F., Moustaki, I. & Galbraith, J. I. (2002). *The analysis and interpretation of multivariate data for social scientists*. Boca Raton, FL: Chapman & Hall/CRC.

Bartholomew, D. J. & Tzamourani, P. (1999). The goodness of fit of latent trait models in attitude measurement. *Sociological Methods & Research*, 27(4), 525-546.

Bromley, C, Bryson, C., Park, A. & Thomson, K. (1999). *British social attitudes 1997 survey: Technical report*. London: National Centre for Social Research.

Coombs, C. H. (1964). *A theory of data*. New York: Wiley.

Eiser, J. R. (1971). Enhancement of contrast in the absolute judgment of attitude statements. *Journal of Personality and Social Psychology*, *17*(1), 1-10.

Eiser, J. R. & Stroebe, W. (1972). *Categorization and social judgement*. London: Academic Press.

Hovland, C. I. & Sherif, M. (1952). Judgmental phenomena and scales of attitude measurement: Item displacement in Thurstone scales. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, *47*, 822-832.

Hu, L. & Bentler, P. M. (1998). Fit indices in covariance structure modelling: Sensitivity to underparameterized model misspecification. *Psychological Methods*, *3*(4), 424-253.

Hu, L. & Bentler, P. M. (1999). Cutoff criteria for fit indexes in covariance structure analysis: Conventional criteria versus new alternatives. *Structural Equation Modeling*, *6*(1), 1-55.

Jöreskog, K. (2002). *Structural equation modelling with Lisrel 8.52*. Chicago, IL: Scientific Software International.

Jöreskog, K., Sörbom, D., du Toit, S. & du Toit, M. (2000). *Lisrel 8. New statistical features*. Chicago, IL: Scientific Software International.

Likert, R. (1970). A technique for the measurement of attitudes. Í G. F. Summers (ritstj..), *Attitude measurement* (bls. 127-142). London: Kershaw. (Endurprentað úr Archives of Psychology, 1932, No. 140).

Manis, M. (1960). The interpretation of opinion statements as a function of recipient attitude. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, *60*(3), 340-344.

Manis, M. (1961). The interpretation of opinion statements as a function of message ambiguity and recipient attitude. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, *63*(1), 76-81.

Molenaar, I. W. (1997). Lenient or strict application of IRT with an eye on practical consequences. In J. Rost & R. Langeheine (Eds.). *Applications of latent trait and latent class models in the social sciences* (pp. 13-37), Munster: Waxmann.

Ostrom, T. M. & Upshaw, H. S. (1968). Psychological perspective and attitude change. In A. G. Greenwald, T. C. Brock og T. M. Ostrom (eds.), *Psychological foundations of attitudes* (pp. 217-243). New York: Academic Press.

Reise, S. P., Widaman, K.F. & Pugh, R. H. (1993). Confirmatory factor analysis and item response theory: Two approaches for exploring measurement invariance. *Psychological Bulletin*, *114*(3), 552-566.

Romer, D. (1983). Effects of own attitude on polarization of judgment. *Journal of Personality and Social Psychology*, *44*(2), 273-284.

Samejima, F. (1969). Estimation of latent ability using a response pattern of graded scores. *Psychometrika Monograph*, *No 17*.

Selltiz, C, Edrich, H. & Cook, S. W. (1965). Ratings of favourableness of statements about a social group as an indicator of attitude toward the group. *Journal of Personality and Social Psychology*, *2*(3), 408-415.

Sherif, M. & Hovland, C. I. (1961). *Social judgment: Assimilation and contrast effects in communication and attitude change*. New Haven, CT: Yale University Press.

Sudman, S., Bradburn, N. M. & Schwarz, N. (1996). *Thinking about answers: The application of cognitive processes to survey methodology*. San Francisco, CA: Jossey-Bass.

Thissen, D. (1991). *Multilog user's guide: Multiple, categorical item analysis and test scoring using item response theory*. Chicago, IL: Scientific Software.

Thurstone, L. L. (1994). A law of comparative judgment. *Psychological Review*, *101*, 266-270 (endurprentað úr Psychological Review, 1927, 34, 273-286).

Thurstone, L. L. & Chave, E. J. (1929). *The measurement of attitude*. Chicago: University of Chicago Press.

Tourangeau, R., Rips, L. J. & Rasinski, K. (2000). *The psychology of survey response*. Cambridge: Cambridge University Press.

Upshaw, H. S. (1962). Own attitude as an anchor in equal-appearing intervals. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, *64*(2), 85-96.

Zavalloni, M. & Cook, S. W. (1965). Influence of judges' attitudes on ratings of favorableness of statements about a social group. *Journal of Personality and Social psychology*, *1*(1), 43-54.

Margstigagreining á stærðfræðikunnáttu í 7. bekk eftir skólum

Guðmundur B. Arnkelsson

Samræmdum prófum í 4. og 7. bekk grunnskóla er í senn ætlað að veita upplýsingar um kunnáttu nemenda og frammistöðu einstakra skóla samanborið við aðra skóla landsins (Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla nr. 415/2000, 2. gr.). Til að verða við þessu veitir Námsmatsstofnun nemendum upplýsingar um frammistöðu sína auk þess að birta meðaleinkunnir skóla (Námsmatsstofnun, 2003), framfarastuðla fyrir einstaka skóla (Sigurgrímur Skúlason, 2004) og framfaraskýrslur (Guðmundur Arnkelsson, 2001).

Rannsóknir styðja réttmæti og nákvæmni samræmdra prófa. Sérstaklega er mikilvægt að samræmd próf virðast mæla í stórum dráttum sömu kunnáttusvið í 4. og 7. bekk grunnskóla (Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Guðmundur Arnkelsson, 2001). Rannsóknir skortir hins vegar á notkun meðaltala á samræmdum prófum til að gefa upplýsingar um stöðu skóla í samanburði við aðra.

Núverandi meðaltöl geta gefið villandi mynd af innbyrðis stöðu grunnskóla í stærðfræði. Ef allir skólar fengju sams konar nemendur og væru með sömu aðstæður og bjargir, væru meðaltöl samræmdra einkunna sanngjarnir mælikvarðar á starf skólanna. Það ríkisskólakerfi sem ríkir hérlendis tryggir ákveðna jöfnun aðstæðna. Lítið er þó vitað um það hversu jafnir skólarnir eru í reynd, þ.e. um þætti eins og stuðning frá sveitarfélagi og foreldrum, menntun og færni starfsliðsins, menntaáhuga nemenda og hvatningu heiman frá. Þess þarf einnig að gæta að slíka þætti má ekki leggja að jöfnu. Sumir þeirra skilgreina hversu erfitt verkefni nemandinn er skólanum, t.d. færni nemanda við upphaf kennslutímabils, og því eðlilegt að leitast við að leiðrétta fyrir þá. Aðrir er þess eðlis að þeir stuðla að gæðum skólastarfsins, t.d. menntun starfsliðsins, og því ekki sjálfgefið að leiðrétta fyrir þá (Raudenbush & Willms, 1995).

Margt bendir til þess að skólar fái mjög misjafna nemendahópa og því aðeins eðlilegt að meðaleinkunnir verði ólíkar eftir skólum (Lægstar

einkunnir, 1999). Áhrif þessa ójafnaðar getur verið töluverður þannig að einn skóli sé með lægri meðaleinkunn heldur en annar en ekki sökum þess að skólastarf sé lakara heldur vegna þess að nemendahópurinn er slakari. Þannig þarf ekki að vera samsvörun milli meðaleinkunna og gæða skólastarfsins því óvíst að góður skóli með slakan nemendahóp nái hærri meðaleinkunn heldur en slakur skóli með góðan nemendahóp.

Viðfangsefni rannsóknarinnar er að kanna skólahrif í stærðfræði í 7. bekk hjá íslenskum grunnskólum þar sem tekið er tillit til fyrri frammistöðu nemenda. Með því að leiðrétta fyrir frammistöðu einstakra nemenda í 4. bekk er leitast við að svara því hver frammistaðan hefði verið 7. bekk ef allir skólar hefðu fengið jafnfæra nemendur. Með þessu er hægt að meta áhrif fyrri frammistöðu og fá mat á eins konar virðisauka viðkomandi skóla. Þá er ekki metið hversu færum nemendum skóli skilar frá sér í 7. bekk, þ.e. einföldum meðaltölum, heldur hversu mikilli kunnáttu nemandi bætir við sig í viðkomandi skóla.

Beitt er margstiga líkani (multi-level model) þar sem gerður er greinarmunur á tengslum annars vegar á stigi nemenda og hins vegar á stigi skóla. Með því er tryggt að tengslum breyta þegar horft er til nemenda er ekki ruglað saman við tengsl þessara sömu breyta þegar horft er til heilla skóla. Þannig þurfa t.d. tengsl milli menntunarstigs skólahverfis og meðaleinkunnar skóla ekki að lýsa samsvarandi tengslum hjá nemendum né er líklegt að styrkur slíkra tengsla á skólaplani sé sambærilegur við styrk þeirra þegar horft er til nemenda (Lægstar einkunnir, 1999: Snijders & Bosker, 1999). Auk þess gerir margstiga líkan kleift að taka tillit til þess að nemendur sama skóla hafa eitthvað sameiginlegt en ef horft er fram hjá slíkri niðurskipan í hópa er hætt við því að villan í líkaninu sé vanmetin og tölfræðileg prófun skekkt að sama skapi (Snijders & Bosker, 1999).

Markmið rannsóknarinnar er að kanna skólahrif fyrir samræmt próf í stærðfræði í 7. bekk að teknu tilliti til frammistöðu í 4. bekk. Með því er leitast við að fá sanngjarnari samanburð á frammistöðu skóla samanborið við aðra skóla. Reynt er að meta stærð þessara hrifa, nákvæmnina í mati hrifanna og stöðugleika þeirra yfir tíma.

Aðferð

Þátttakendur

Úrvinnslan byggðist á einkunnum nemenda á samræmdum prófum í stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla árin 1999–2003. Rannsóknin náði til allra nemenda sem voru í sama skóla í 4. og 7. bekk eða sem færðust á milli skóla sem hluti af stærri nemendahópum. Teknir voru með í úrvinnsluna allir skólar þar sem að jafnaði voru fimm eða fleiri slíkir nemendur sem tóku samræmd próf í stærðfræði. Samtals tóku 15.303 nemendur þátt í rannsókninni og 121 skóli.

Úrvinnsla

Úrvinnsla byggðist á margstiga línulegri aðfallsgreiningu (multi-level regression) þar sem frammistaða í 7. bekk var leiðrétt fyrir frammistöðu í 4. bekk, kynferði og meðaleinkunn viðkomandi skóla í 4. bekk. Einkunnir byggðust á T-dreifingu en voru miðjaðar á tölugildinu 50.

Líkanið var á tveimur stigum þar sem allir nemendur skólanna yfir tímabilið 1999–2003 voru á fyrsta stigi en skólarnir á öðru stigi líkansins. Áhrif tímans voru metin með fimm staðgengilsbreytum sem hver stóð fyrir sitt ár en það gerði kleift að meta meðalframmistöðu skóla fyrir hvert ár fyrir sig. Með þessum hætti var hægt að meta þróun einstakra skóla yfir tíma án takmarkana á formi leitninnar og tengslum mælinga yfir tíma (sbr. Snijders & Bosker, 1999).

Leitast var við að finna tveggja stiga líkan sem lýsti gögnunum á fullnægjandi hátt. Til álita kom að skýra kunnáttu í stærðfræði í 7. bekk með kunnáttu í 4. bekk, kynferði, kynjaskiptingu innan viðkomandi skóla, nemendafjölda skólans og meðalframmistöðu skólans í 4. bekk.

Upplýsingar skorti um nokkrar mikilvægar breytur, sérstaklega stéttarstöðu foreldra sem hefur mikil tengsl við námsframmistöðu samkvæmt erlendum rannsóknum (Willms & Raudenbush, 1989) auk þess sem menntunarstig hverfa virðist tengjast meðaleinkunnum reykvískra grunnskóla (Lægstar einkunnir, 1999). Það dregur úr áhrifum þessa að frammistaða nemenda í 4. bekk er fyrir í líkaninu en þá ættu áhrif stéttarstöðu að vera komin fram. Ef stéttarstaða hefur umtalsverð áhrif á framfarir milli 4. og 7. bekkjar sérstaklega, kann þetta þó að valda einhverri skekkju í niðurstöðum.

Við val á líkani var höfð hliðsjón af sennileika (log likelihood) samstæðra (nested) líkana og Akaike Information Criteria (AIC; sbr. Singer & Willett, 2003).

Helstu niðurstöður

Líkan með meðaltölum skóla eftir árum og fyrri frammistöðu í 4. bekk var notað sem grunnur að samanburðum líkana. Síðan var reynt að bæta kynferði, kynjahlutfalli skóla, skólastærð og meðalframmistöðu skóla við líkanið, ýmist sem föstum eða breytilegum áhrifum. Samanburður á sennileikagildi og AIC benti til þess að líkan með fyrri frammistöðu, kyni, meðalframmistöðu skóla í 4. bekk og breytilegum meðaltölum eftir árum gæfi sannfærandi nálgun að gögnunum. Mynd eitt sýnir lokalíkanið.

$$
\begin{aligned}
MStae7T &= \sum d_h \mu_{hj} + \beta_{1j} \cdot MStae4T + Kyn + MeSStae4 + \underline{e} \\
\mu_{hj} &= \gamma_{h00} + \underline{U}_{h0j} \\
\beta_{1j} &= \gamma_{10} + \underline{U}_{1j}
\end{aligned}
$$

Mynd 1. Lokalíkanið sem frekari úrvinnsla byggir á. Undirstrikuð tákn eru hrif sem eru breytileg.

Tafla eitt sýnir spátölur fyrir föstu hrifin í líkaninu en upplýsingar um breytileg hrif eru í töflu tvö. Eins og í hefðbundinni aðfallsgreiningu eru föstu hrifin leiðrétt hver fyrir önnur og því má túlka þau sem áhrif fyrir drengi (Kyn) sem voru í meðallagi í 4. bekk (MStae4T) og eru í skóla þar sem frammistaða nemendahópsins í 4. bekk (MeSStae4) er í meðallagi. Þar sem líkanið er tveggja stiga, lýsa föstu hrifin einnig meðalskólanum. Við föstu hrifin bætast breytilegu hrifin sem lýsa því hversu mikill breytileiki er á milli skóla fyrir viðkomandi hrif.

Tafla 1. Föst hrif líkansins

Hrif	Hallatala	Staðalvilla	*t*	Frígráður	*p*	95% öryggi
Ár1999	-0,19	0,268	0,9	101,6	0,353	
Ár2000	-0,10	0,238	1,4	106,0	0,156	
Ár2001	-0,22	0,232	1,0	96,2	0,342	
Ár2002	-0,12	0,260	1,3	97,4	0,212	
Ár2003	-0,11	0,242	1,4	92,1	0,178	
MStae4T	0,75	0,007	108,1	74,6	0,000	0,73–0,76
Kyn	0,44	0,102	4,4	14.738,0	0,000	0,24–0,64
MeSStae4	0,11	0,052	2,1	123,2	0,034	0,01–0,22

Þar sem fylgibreytan hefur engan náttúrulegan kvarða, er gott að hafa hliðsjón af breytileika fylgibreytunnar við túlkun niðurstaðna. Staðalfrávik fylgibreytunnar er 10,0 en eftir að búið er að leiðrétta fyrir fyrri frammistöðu og aðrar breytur líkansins er staðalfrávikið orðið 6,2, samanber töflu tvö. Lægra staðalfrávikið gefur réttari samanburð þar sem þá er leiðrétt fyrir mikilvægan breytileika nemenda í 4. bekk. Við mat á hrifum má lauslega miða við viðmið Cohens (1988), þ.e. að breyting um 0,2 staðalfrávik sé lítið, 0,5 séu miðlungs hrif og 0,8 staðalfrávik eða meira séu mikil hrif. Fyrir flokka-breytur, t.d. kyn, ráðast endanleg áhrif af þeim gildum sem þær taka. Við túlkun er miðað við að algeng breyting sé ±1 staðalfrávik en sjaldgæft sé að samfelld breyta fari út fyrir ±2 staðalfrávik.

Fyrri frammistaða í 4. bekk (MStae4T) hefur gífurleg áhrif á frammistöðu í 7. bekk. Með hliðsjón af staðalfrávikinu 10,0 eru algeng áhrif um 15 eða um 2,4 leiðrétt staðalfrávik og verða sjaldan meiri en 30 (4,8 leiðrétt staðalfrávik). Frammistaða nemenda í stærðfræði í 7. bekk ræðst því að mestu leyti af frammistöðu þeirra í sömu grein í 4. bekk.

Meðalframmistaða nemendahóps hvers skóla í 4. bekk (MeSStae4) hefur staðalfrávikið 2,6 yfir skóla. Samkvæmt því eru algeng áhrif um 0,6 (0,1 leiðrétt staðalfrávik) og verða sjaldnast meiri en 1,2 (0,2 leiðrétt staðalfrávik. Samkvæmt því breytir það litlu þótt nemandi fari í skóla með lága meðaleinkunn á samræmdu prófi í stærðfræði í 4. bekk í stað þess að fara í skóla með háa meðaleinkunn.

Kynjamunur er mjög lítill eða innan við 0,1 leiðrétt staðalfrávik stúlkum í vil. Það kemur einnig ekki á óvart að föstu meðaltölin fyrir árin 1999 til 2003 eru nánast 0,0 þar sem fylgibreytan var miðjuð á meðaltalinu 50 fyrir öll árin.

Tafla 2. Breytileg hrif líkansins

Hrif	Staðalfrávik	Dreifitala	Wald	p	95% CI
		Fyrsta stig (nemendur)			
e	6,20	38,47	85,4	0,000	6,13–6,27
		Annað stig (skólar)			
MStae4T	0,042	0,002	2,4	0,018	0,028–0,064
Ár1999	2,30	5,29	5,0	0,000	1,89–2,79
Ár2000	2,02	4,10	4,9	0,000	1,66–2,47
Ár2001	2,00	4,02	5,0	0,000	1,64–2,44
Ár2002	2,38	5,65	5,4	0,000	1,99–2,85
Ár2003	2,14	4,60	5,0	0,000	1,77–2,60

Tafla tvö sýnir breytileg áhrif líkansins, þ.e. þau áhrif sem bætast við samsvarandi föst áhrif eftir því í hvaða skóla nemandi er. Breytilegu áhrifin eru gefin upp sem staðalfrávik og dreifitala og gefur upp þann breytileika sem er í viðkomandi hrifum yfir skóla.

Áhrif fyrri árangurs (MStae4T) er lítillega breytilegt frá einum skóla til annars. Samkvæmt niðurstöðunum er algengt að hallastuðull fyrri frammistöðu hjá einstökum skólum sé á bilinu 0,71 til 0,79 en fari sjaldan út fyrir bilið 0,67 til 0,83. Miðað við staðalfrávikið 10,0 samsvarar þetta því að algeng áhrif fyrri frammistöðu sé spanni annars vegar 0,8 stig (0,1 leiðrétt staðalfrávik) og hins vegar 1,7 stig (0,3 leiðrétt staðalfrávik). Þetta samsvarar því að sumir skólar hafi tilhneigingu til að jafna út þann mun sem fyrri frammistaða skapar meðan aðrir skólar skerpi á þessum muni en þessi breytileiki milli skóla sé þó ekki líklegur til að skipta sköpum fyrir nemandann.

Breytileg meðaltöl skóla fyrir árin 1999 til 2003 gefa til kynna skólahrifin, þ.e. mismunandi frammistöðu eftir skólum eftir að tekið hefur verið tillit til frammistöðu hvers nemanda í 4. bekk, meðalframmistöðu nemenda í viðkomandi skóla í 4. bekk og kynferðis hvers nemanda. Staðalfrávik skólahrifa eru svipuð öll árin eða rétt tæplega 2,2 stig að meðaltali. Það samsvarar því að algengur breytileiki sé rúm 4 stig (0,7 leiðrétt staðalfrávik) en sjaldnast meiri en tæp 9 stig (1,4 leiðrétt staðalfrávik). Samkvæmt því getur það skipt verulegu máli í hvaða skóla nemandi er og í undantekningartilvikum skipti það miklu máli.

Tafla þrjú sýnir innbyrðis fylgni skólahrifa og fylgni þeirra við hallatölu fyrir frammistöðu í 4. bekk. Bersýnilega er frammistaða skóla ekki mjög

stöðugur eiginleiki heldur getur einn og sami skólinn skilað góðum framförum til nemenda sinna eitt árið en lakari það næsta. Athygli vekur þó að stöðugleikinn virðist meiri á árabilinu 2001 til 2003 heldur en árin 1999 og 2000. Tafla þrjú sýnir einnig að áhrif fyrri frammistöðu tengjast skólahrifum lítið sem ekkert.

Tafla 3. Fylgni skólahrifa milli ára og við hallatölu fyrri frammistöðu

	MStae4T	Ár1999	Ár2000	Ár2001	Ár2002	Ár2003
MStae4T	1					
Ár1999	0,01	1				
Ár2000	0,07	-0,01	1			
Ár2001	0,32	0,01	0,25	1		
Ár2002	-0,12	-0,19	0,11	0,42*	1	
Ár2003	-0,19	-0,13	0,17	0,43*	0,60*	1

* $p < 0,05$

Mynd tvö gefur yfirlit yfir skólahrifin haustið 2003 með 68% öryggisbilum. Bersýnilegt er að það getur skipt verulegu máli fyrir framfarir nemanda í stærðfræði í hvaða skóla hann gengur milli 4. og 7. bekkjar. Sú óvissa um skólahrif einstakra skóla sem birtist í lengd öryggisbilanna og sá mikli óstöðugleiki yfir tíma sem birtist í töflu þrjú undirstrikar þó að röð skólanna er mjög óviss. Nemandi getur því lent í skóla þar sem hann bætir mikið við kunnáttu sína í stærðfræði frá 4. bekk eða í skóla þar sem hann bætir tiltölulega litlu við kunnáttu sína. Við höfum hins vegar ekki í höndunum upplýsingar sem gerir honum og foreldrum hans kleift að velja skóla með tilliti til skólahrifa auk þess sem skóla með mikil skólahrif í einum árgangi gæti verið með tiltölulega lítil fyrir næsta árgang samkvæmt niðurstöðum líkansins.



Mynd 2. Skólahrif haustið 2003. Spágildi Bayes með 68% öryggisbilum.

Umræða

Sá skóli sem nemandi stundar nám í getur haft veruleg áhrif á frammistöðu hans. Stærð þessara skólahrifa eru þó óviss og breytileg eftir árgöngum. Frammistaða einstakra nemenda á samræmdum prófum í stærðfræði í 4. bekk hefur afgerandi áhrif á frammistöðu þeirra í 7. bekk grunnskóla. Þessi áhrif fyrri frammistöðu er aðeins lítillega breytileg milli skóla. Eftir því sem aðrir nemendur viðkomandi skóla standa betur, því betri verður frammistaða nemanda. Þessi áhrif eru þó lítil. Stúlkur standa sig óverulega betur í stærðfræði heldur en drengir.

Við mat á skólahrifum þarf að hafa í huga að þau verka á hópa nemenda. Það skiptir því mjög miklu máli hvort nemendahópur er í skóla með tiltölulega mikil skólahrif eða í skóla með lítil skólahrif. Óvissan í mati á skólahrifum gefur þó til kynna að erfitt sé að meta nákvæmlega skólahrif einstakra skóla. Þessi óvissa er í samræmi við erlendar rannsóknir sem almennt sýna umtalsverða óvissu í mati á skólahrifum (Goldstein, 1995).

Fylgni milli ára (árganga) var mun minni en í sambærilegum rannsóknum (Scheerens & Bosker, 1997), sérstaklega fyrstu tvö ár tímabilsins. Óstöðugleikinn gefur til kynna að mikill breytileiki sé í skólahrifunum yfir tíma. Skýringa má hugsanlega leita í einhverjum þáttum sem breytast frá einu ári til annars, skólahrifin gætu þannig jafnvel tengst einstökum kennurum eða einstökum árgöngum nemenda fremur en skólanum sem heild. Skort á

stöðugleika mætti einnig skýra ef þróun skólahrifa yfir tíma eru mjög misjöfn þannig að hrifin aukist yfir tíma hjá sumum skólum en minnki hjá öðrum. Frekari úrvinnsla er nauðsynleg til að ákvarða betur að hve miklu leyti óstöðugleiki yfir tíma er vegna tilfallandi breytileika yfir tíma og að hve miklu leyti vegna ólíkrar leitni í skólahrifum yfir tíma.

Mikil áhrif fyrri frammistöðu undirstrikar annmarka við núverandi birtingu skólameðaltala. Ef ekki er leiðrétt fyrir fyrri frammistöðu, ræðst niðurstaðan að einhverju leyti af frammistöðu nemenda við upphaf kennslutímabilsins fremur en áhrifum kennslunnar sjálfrar.

Rannsóknin sýnir umtalsverðan mun í frammistöðu skóla í samanburði við aðra skóla og að teknu tilliti til fyrri frammistöðu nemenda. Þessi skólahrif verða hins vegar ekki metin nákvæmlega. Mat á stöðu skóla í samanburði við aðra getur því aldrei verið mjög upplýsandi fyrir viðkomandi skólayfirvöld. Ónákvæmni skólahrifa gefur einnig til kynna hversu hæpið er að bera saman frammistöðu einstakra skóla eða raða skólum eftir frammistöðu (Goldstein, Huiqi, Rath, & Hill, 2000).

Mikilvægt er að kanna nánar leitni skólahrifa yfir tíma í því skyni að kanna hvort hægt sé að fá nákvæmara mat á skólahrifum. Leitni yfir til dæmis fimm ára tímabil gefur hugsanlega kost á nákvæmara mati á skólahrifunum heldur en ef aðeins er litið til stakra ára eins og hér hefur verið gert.

Heimildir

Cohen, J. (1988). *Statistical Power Analysis for the Behavioral Sciences.* Hillsdale, N.J.: Erlbaum.

Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Guðmundur Arnkelsson (2001). Réttmæti samræmdra prófa til að álykta um námsframfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar grunnskóla. *Sálfræðiritið, 7*, 39-50.

Goldstein, H. (1995). *Multilevel statistical models* (2. útgáfa). London: Edward Arnold.

Goldstein, H., Huiqi, P., Rath, T. og Hill, N. (2000). The use of value added information in judging school performance. Óbirt vefrit, sótt 26. ágúst 2004 á slóðina http://www.ioe.ac.uJk/hgpersonal/Using-value-added-information.pdf

Guðmundur Arnkelsson (2001). *Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar: Lýsing á myndrænni framsetningu* Óbirt rit, fáanlegt hjá Námsmatsstofnun, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík.

Lægstar einkunnir þar sem félagslegar íbúðir eru flestar (1999, 26. febrúar). *Morgunblaðið*. Sótt 25. ágúst 2004 á slóðina http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=423110.

Námsmatsstofnun (2003). *Meðaleinkunnir skóla í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk.* Vefskjal sótt 26. ágúst 2004 á slóðina http://www.namsmat.is/samrpr/medaltol.html.

Raudenbush, S.W. og Willms, J.D. (1995). The estimation of school effects. *Journal of Educational and Behavioral Statistics, 20*, 307-335.

Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla nr. 415/2000.

Scheerens, J. & Bosker, R.J. (1997). *The foundation of educational effectiveness. New York: Pergamon.*

Sigurgrímur Skúlason (2004). *Framsetning á niðurstöðum samræmdra prófa: Grunnskólaeinkunn og framfarastuðull.* Reykjavík: Námsmatsstofnun: Vefskjal sótt 26. ágúst 2004 á slóðina http://www.namsmat.is/skyrslur/framsetning_ny.pdf.

Singer, J.D. og Willett, J.B. (2003). Applied longitudinal data analysis: Modeling change and event occurrence. Oxford: Oxford.

Snijders, T. og Bosker, R. (1999). *Multilevel analysis: An introduction to basic and advanced multilevel modeling.* London: Sage.

Willms, J.D. og Raudenbush, S.W. (1989). A longitudinal hierarchical linear model for estimating school effects and their stability. *Journal of Educational Measurement, 26*, 209-232.

Inflúensa móður á öðrum þriðjungi meðgöngu eykur líkur á að barnið greinist með geðklofa síðar meir

Haukur Freyr Gylfason
Sigurjón B. Stefánsson
Jakob Smári
Helgi Tómasson

Geðklofi er langvinn geðröskun sem einkennist af truflun í hugsun, skynjun, tali og atferli. Þó að menn séu sammála um helstu einkenni geðklofa telja ýmsir að orsakir geðklofa kunni að vera fleiri en ein vegna þess hversu mismunandi birtingarmynd hans er (Kendall og Hammen, 1995). Crow (1980) lýsir tveimur flokkum einkenna geðklofa. Fyrri flokkinn kallar hann jákvæð einkenni sem lýsa sér í ranghugmyndum, ofskynjunum og hugsanatruflunum og tengjast auknu flæði dópamíns. Neikvæð einkenni, sem lýsa sér í flötu geðslagi og máltruflun, fylla seinni flokkinn. Crow telur þau ótengd flæði dópamíns en að breytingar á heilavef sjáist hjá þessum sjúklingum. Sjúklingar með jákvæð einkenni svara geðlyfjameðferð yfirleitt vel en þeir sem hafa fyrst og fremst neikvæð einkenni síður, sem bendir til mismunandi starfstruflunar í þessum tveim geðklofaflokkum.

Tíðni geðklofa

Geðklofi finnst alls staðar í heiminum og í öllum menningarsamfélögum (Kendall og Hammen, 1995). Á Íslandi eru líkurnar á að greinast með geðklofa taldar ver um eitt prósent og árið 1993 var talið að um 1900 einstaklingar væru haldnir þessari geðröskun á Íslandi (Lárus Helgason, 1993). Rannsóknir á Íslendingum (Lárus Helgason, 1993; Stefánsson, Líndal, Björnsson og Guðmundsdóttir, 1991) benda til þess, að tíðni geðklofa sé svipuð hér og annars staðar í heiminum (Gottesman, 1991; Robins o.fl., 1984).

Niðurstöður flestra faraldsfræðilegra rannsókna hafa sýnt að svipað hlutfall karla og kvenna greinist með geðklofa. Almennt hefur verið talið að konur greinist síðar á ævinni með geðklofa en karlar (Castle, Abel, Takei og Murray, 1995; Lewine, 1991). Líklegast er að karlar greinist með geðklofa á aldrinum 14 til 25 ára en konur frá 24 til 35 ára. Það kann að vera ástæðan fyrir því að karlmenn með geðklofa, ólíkt konum, eru síður líklegri til að útskrifast úr framhaldsskóla; kvænast, vera í föstu sambandi eða í fastri vinnu (Lewine, 1991).

Erfðir og umhverfi

Meirihluti geðklofasjúklinga (63%) á enga ættarsögu um geðklofa (Gottesman, 1991), en líkurnar á að veikjast af geðklofa aukast ef um ættarsögu er að ræða. Nú er almennt viðurkennt að bæði erfða- og umhverfisþættir eru að verki.

Rannsóknir hafa gefið vísbendingar um breytingar á heila einstaklinga sem eru greindir með geðklofa samanborið við heila heilbrigðra einstaklinga. Hjá einstaklingum með geðklofa hafa ýmsar rannsóknir leitt í ljós að heilahólf eru að meðaltali stækkuð, sérlega hliðlæg heilahólf eða þriðja heilahólf (t.d. Rapoport o.fl., 1997; Raz, 1993; Sharma o.fl., 1998). Einnig hafa fundist önnur frávik í gerð og starfsemi heilans og afmarkaðri heilasvæða (sjá í Kendall og Hammen, 1995; Buckley o.fl., 1994).

Ekki er ljóst hvað veldur þessum breytingum en Mednick o.fl. (1998) geta sér til að hér sé um umhverfisáhrif að ræða, það er inflúensusýkingu móður á meðgöngu.

Inflúensa og geðklofi

Mednick o.fl. (1988) skoðuðu áhrif inflúensu á öðrum og þriðja þriðjungi meðgöngu, á geðklofa. Þann 8. október til 14. nóvember árið 1957 geisaði A2-inflúensufaraldur í Helsinki. Tímabilið var fundið með því að skoða tapaða daga í vinnu vegna veikinda. Tveir hópar rúmlega 26 ára einstaklinga með geðklofa sem lagðir höfðu verið inn á geðsjúkrahús voru bornir saman. Annars vegar hópur einstaklinga sem fæddir voru frá 15. nóvember 1957 til 14. ágúst 1958 og áttu á hættu að smitast af þessari inflúensu í móðurkviði. Hins vegar samanburðarhópurinn, einstaklingar fæddir frá 15. nóvember 1951 til 14. ágúst 1957 en þeir áttu ekki á hættu að hafa smitast af þessari

inflúensu í móðurkviði. Niðurstöðurnar voru þær að ekki var munur á innlögnum milli inflúensuhópsins og samanburðarhópsins ef inflúensusýkingin átti sér stað á fyrsta og þriðja þriðjungi meðgöngu en munur var á hópunum á öðrum þriðjungi meðgöngu. Aukin áhætta var hjá körlum en á mörkunum fyrir konur. Í fjölda annarra rannsókna er skýrt frá sambandi milli geðklofa og inflúensu (t.d. Barr, Mednick og Munk-Jorgensen, 1990; O'Callaghan, Sham, Takei, Glover og Murray, 1991; Sham o.fl., 1992), en einnig eru til rannsóknir þar sem samband er ekki til staðar (t.d. Erlenmeyer-Kimling o.fl., 1994; Grech, Takei og Murray, 1997; Selten og Slaets, 1994; Susser, Lin, Brown, Lumey og Erlenmeyer-Kimling, 1994; Torrey, Rawlings og Waldman, 1988).

Þessi rannsókn

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna hugsanleg áhrif inflúensu á geðklofa, nánar tiltekið þau áhrif sem inflúensa gæti haft á fóstur á öðrum þriðjungi meðgöngu. Settar eru fram tvær tilgátur: Sú fyrri, að smitist móðir og fóstur af inflúensu á öðrum þriðjungi meðgöngu auki það hættu á að barnið greinist með geðklofa síðar meir. Seinni tilgátan er sú, að hættan á að greinast með geðklofa vegna inflúensusmits á öðrum þriðjungi fósturskeiðs sé minni hjá konum en körlum. Athugað var hvort jöfn hætta væri fyrir bæði kynin á að greinast með geðklofa. Þessar tilgátur voru kannaðar með hjálp hlutfallslegs áhættulíkans Cox (*Cox proportional hazards model*).

Aðferð

Þátttakendur

Allir í Þjóðskrá, í desember 1996, á aldrinum 0 til 70,6 ára. Byrjað var með 243.575 þátttakendur en síðan fækkað niður í tvo þriðju, eða í 162.714 þátttakendur. Frá Tryggingastofnun ríkisins fengust upplýsingar um fæðingarár, fæðingarmánuð, hvenær örorka kom til, kyn og greiningu 690 einstaklinga sem metnir höfðu verið til örorku vegna geðklofa. Einstaklingum með geðklofa var fækkað niður í 470. Ástæða fækkunarinnar var sú að ákveðið var að vinna með þann þriðjung þátttakenda sem þótti líklegastur til að smitast af inflúensu og þann þriðjung sem þótti ólíklegastur til að smitast af inflúensu. Meðalaldur þátttakenda var 30,1 ár (sf = 18,5 ár); kvenna (49,8%) 30,3 ár (sf = 18,5 ár) og karla (50,2%) 29,9 ár (sf = 18,5 ár).

Meðalaldur einstaklinga með geðklofa var 45,7 ár (sf = 12,1 ár); kvenna (37,0%) 48,7 ár (sf = 11,9 ár) og karla (63,0%) 43,9 ár (sf = 11,8 ár). Þátttakendur sem ekki hafa verið greindir með geðklofa eru ekki eldri en 67 ára því að þegar komið er á þann aldur hættir fólk á örorkubótum og er því ekki á skrá Tryggingarstofnunar ríkisins.

Gagnaöflun

Safnað var gögnum yfir tíðni inflúensu eftir mánuðum bæði hér heima, frá Landlæknisembættinu, og í Danmörku, frá Statens Serum Institut, og íbúafjölda beggja landa (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997; Danmarks Statistik, 1998).

Úrvinnsla

Hlutfallslegt áhættulíkan Cox er aðferð til að meta skoruð gögn (*censored data*) sem mæla tíma fram að atburði. Hægt er að nota óháðar breytur til að spá fyrir um áhættu og meta þannig sameiginleg áhrif þeirra í líkaninu. Áhættan er metin sem líkur á að atburður eigi sér stað eins og dauði, sjúkdómur eða að greinast með geðklofa. Líkan fyrir áhættu má sjá í jöfnu 1 þar sem X_1 ... X_k eru óháðu breyturnar, spábreyturnar, og $H_0(t)$ er grunnáhætta á tíma t eða áhætta einstaklings með 0 á öllum gildum spábreytanna (Flemming og Harrington, 1991; Kleinbaum, 1996).

$$H(t) = H_0(t) * \exp[b_1X_1 + b_2X_2 + b_3X_3 + ... + b_kX_k] \quad (1)$$

Með því að deila með grunnlíkum, $H_0(t)$, báðum megin við jafnaðarmerkið í jöfnu 1 og taka lógariþma fæst svokallað áhættuhlutfall (*hazard ratio*) í jöfnu 2.

$$\ln\left[\frac{H(t)}{H_0(t)}\right] = b_1X_1 + b_2X_2 + b_3X_3 + ... + b_kX_k \quad (2)$$

Stikarnir b_1 ... b_k eru svo metnir með hlutfallslegu áhættulíkani Cox og túlkaðir á svipaðan hátt og stikamatið sem fæst úr marghliða tvíundargreiningu (*multiple logistic regression*).

Rannsóknarsnið

Breytan sem mælir hvort einstaklingar haldnir geðklofa hafi verið á örorkubótum er vísibreyta (*dummy variable*) tekur tvö gildi: Fyrir einstaklinga með geðklofa sem hafa verið á örorkubótum tekur breytan gildið 1, annars 0.

Þetta er skorunarbreyta líkansins og segir til um hvort ákveðinn atburður, greining geðklofa, hafi átt sér stað.

Tímabreytan er mæld þannig að fyrir hvern einstakling er lokatími rannsóknarinnar desember 1996 nema fyrir þá sem hafa verið á örorkubótum. Fyrir þá er lokatími rannsóknarinnar sá mánuður sem þeir fóru á örorkubætur. Þá er fyrst vitað með vissu í þessari rannsókn að þeir hafi verið greindir með geðklofa. Upphafstími er fæðingarmánuður og -ár einstaklinga. Tímabreytan er mismunur á upphafs- og lokatíma.

Breytan sem mælir kyn tekur tvö gildi, fyrir karl 1 og konu 0.

Aldursbreytan sem mælir aldur einstaklinganna tekur gildið 1 fyrir þann aldur þar sem mestar líkur eru taldar á að einstaklingur greinist með geðklofa (Lewine, 1991). Breytan tekur tvö gildi: Fyrir karla tekur hún gildið 1 ef þeir eru á aldrinum 14-25 ára, annars 0. Fyrir konur tekur breytan gildið 1 ef þær eru á aldrinum 24-35 ára, annars 0.

Breytan sem mælir hvort einstaklingarnir eru fæddir á fyrri eða seinni hluta ársins hefur tvö gildi: 1 ef einstaklingarnir eru fæddir í janúar til og með júní, annars 0.

Breytan sem mælir inflúensu er vísibreyta. Hún tekur gildið 1 ef meiri líkur eru á að einstaklingur hafi smitast af inflúensu og 0 ef minni líkur eru á að einstaklingur hafi smitast af inflúensu á öðrum þriðjungi fósturskeiðs. Fyrir hvern einstakling var tíðni inflúensu á móti mannfjölda fyrir þá þrjá mánuði í öðrum þriðjungi fósturskeiðs hans lögð saman til að fá það heildarskor sem unnið var með. Þriðjungur hæstu tíðni heildarskors var skilgreindur þannig, að þeir einstaklingar sem tilheyrðu honum hefðu átt mest á hættu að smitast af inflúensu. Þessum þriðjungi var gefið gildið 1. Þriðjungur lægstu tíðni heildarskors var skilgreindur þannig að þeir einstaklingar sem tilheyrðu honum hefðu átt minnst á hættu að smitast af inflúensu. Þessum þriðjungi var gefið gildið 0. Þeir einstaklingar sem féllu í þriðjunginn þarna á milli voru teknir út til þess að sem mestur munur væri á líkunum á að hafa smitast eða ekki af inflúensu.

Niðurstöður

Inflúensa virðist hafa áhrif á geðklofa á þann hátt að aukinni inflúensu fylgir meiri hætta á geðklofa síðar. Tilgáta eitt fær því stuðning (sjá töflu 1). Áhættuhlutfallið er 1,23 sem bendir til 23% áhættuaukningar, það er að einstaklingur sem var í meiri hættu á að smitast af inflúensu á öðrum

þriðjungi fósturskeiðs er í 23% meiri hættu á að greinast með geðklofa síðar á ævinni en einstaklingur sem var í minni hættu á að smitast af inflúensu.

Tafla 1. Niðurstöður mats áhættulíkansins.

	b	Exp(b)	95% CI
Kyn	0,57***	1,77	1,46 – 2,15
Aldur	0,20	1,23	0,89 – 1,69
Fyrri og seinni hluti árs	0,06	1,06	0,88 – 1,28
Inflúensa	0,20*	1,23	1,02 – 1,48

*** $p < 0{,}001$; ** $p < 0{,}01$; * $p < 0{,}05$; CI öryggisbil

Karlar eru í 77% meiri hættu á að greinast með geðklofa en konur (sjá töflu 1).

Það er ekki meiri hætta á að greinast með geðklofa á því aldursbili sem Lewine (1991) skilgreindi líklegast. Þeir sem fæddir eru fyrri hluta árs eru heldur ekki í meiri hættu en þeir sem fæðast á síðari helmingi ársins (sjá töflu 1).

Seinni tilgátan fær stuðning, að hættan á að greinast með geðklofa vegna inflúensusmits á öðrum þriðjungi fósturskeiðs sé meiri fyrir karla en konur (sjá töflu 2). Konur eru í jafnmikilli hættu og fólk almennt á að greinast með geðklofa en karla í meiri (sjá töflur 1 og 2).

Tafla 2. Niðurstöður úr mati á áhættulíkaninu eftir kyni.

	Karlar			Konur		
	b	Exp(b)	95% CI	b	Exp(b)	95% CI
Aldur	0,59*	1,81	1,12-2,92	0,09	1,10	0,70-1,71
Fyrri og seinni hluti árs	-0,01	0,99	0,78-1,25	0,18	1,20	0,88-1,62
Inflúensa	0,34**	1,40	1,10-1,77	-0,01	0,99	0,73-1,35

*** $p < 0{,}001$; ** $p < 0{,}01$; * $p < 0{,}05$; CI öryggisbil

Umræða

Inflúensa eykur hættu á geðklofa um 23%. Niðurstöður rannsóknarinnar eru svipaðar, áhættuaukning heldur meiri en í rannsókn Takei, O'Callaghan, Sham, Glover og Murray (1993), þar sem inflúensa á fimmta mánuði

meðgöngu jók hættuna á geðklofa um 4%. Áhættan á að nýfæddur einstaklingur greinist með geðklofa síðar er sögð vera frá 0,7% til 1% (Tómas Helgason, 1994; Lárus Helgason, 1993). 23% aukning á áhættu hefur því áhrif.

Kynin eru í mismikilli hættu á að greinast með geðklofa vegna inflúensu. Auknar líkur á inflúensusmiti á öðrum þriðjungi meðgöngu virðast ekki hafa áhrif á síðari greiningu kvenna með geðklofa. Hins vegar virðist áhætta karla aukast miðað við almennt stikamat vegna inflúensusmits sem er í samræmi við niðurstöður Mednick o.fl. (1998). Þeir telja að inflúensa á öðrum þriðjungi meðgöngu kunni að valda breytingum í heila fósturs. Frávik í heila einstaklinga með geðklofa fylgja frekar neikvæðum einkennum geðklofa (Andreasen, 1982; Andreasen, Flaum, Swayze, Tyrrell og Arndt, 1990) og bendir sumt til að þetta afbrigði geðklofa sé algengara hjá körlum en konum (Iacono og Beiser, 1992). Rannsóknir á músum hafa sýnt að kvendýr veikjast síður og vægar en karldýr af veirusýkingum og að sýkingin dreifist um stærra svæði í heila karldýra (Barna, Komatsu, Bi og Reiss, 1996).

Það er eingöngu meiri áhætta fyrir karla en konur á að greinast með geðklofa á því aldursbili sem Lewine (1991) skilgreindi sem líklegast á að greinast með geðklofa.

Ekki virðist skipta máli hvenær árs einstaklingur fæðist hvort hann er í hættu á að greinast með geðklofa. Niðurstöðurnar stangast á við það sem aðrar rannsóknir sýna, að það að fæðast fyrr á árinu auki hættuna á að greinast með geðklofa síðar (Franzek og Beckmann, 1996; O'Callaghan, Gibson o.fl., 1991). Ástæðan fyrir þessu kann að vera að fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið í öðrum löndum, miða við vetur og vor. Á Íslandi eru vetur langir og hefjast fyrr en til dæmis á Írlandi, þar sem rannsókn O'Callaghan o.fl. var gerð. Því ætti ef til vill fremur að velja breytuna eftir hitastigi í stað fyrri og síðari hluta árs.

Karlar sem greindir hafa verið með geðklofa eru fleiri en konur í þessari rannsókn. Ástæða þess kann meðal annars að vera að konur fari síður á örorkubætur vegna geðklofa en karlar, þar sem áhrif geðklofa eru ekki talin eins slæm fyrir konur og karla (Goldstein, 1988). Aðrir rannsakendur (t.d. Iacono og Beiser, 1992) hafa þó sýnt að geðklofi kann að vera algengari hjá körlum og því óvíst hvort hlutfall karla er ofmetið í þessari rannsókn.

Kostir rannsóknarinnar voru að gagna var aflað fyrir alla Íslendinga og einnig að greining geðklofa var vegna örorkubóta sem dregur trúlega úr fjölda ranglega greindra einstaklinga með geðklofa. Greiningarviðmið geðklofa hafa þó breyst með árunum.

Annmarkar rannsóknarinnar voru að ekki var vitað hvort mæður þátttakenda hennar hefðu smitast af inflúensu á öðrum þriðjungi meðgöngu; og einnig að spáð var fyrir sum ár inflúensu; að ákvörðun áhættutímabilsins var byggð á fæðingarmánuði en einstaklingarnir kunna að hafa fæðst fyrir eða eftir tímann.

Heimildir

Andreasen, N. C. (1982). Negative symptoms in schizophrenia: Definition and reliability. *Archives of General Psychiatry*, *39*, 784-788.

Andreasen, N. C., Flaum, M., Swayze, V. W., Tyrrell, G. og Arndt, S. (1990). Positive and negative symptoms in schizophrenia: A critical reappraisal. *Archives of General Psychiatry*, *47*, 615-621.

Barna, M., Komatsu, T., Bi, Z. og Reiss, C. S. (1996). Sex differences in susceptibility to viral infection of the central nervous system. *Journal of Neuroimmunology*, *67*, 31-39.

Barr, C. E., Mednick, S. A. og Munk-Jorgensen, P. (1990). Exposure to influenza epidemics during gestation and adult schizophrenia. *Archives of General Psychiatry*, *47*, 869-874.

Buckley, P. F., Moore, C., Long, H., Larkin, C., Thompson, P., Mulvany, F., Redmond, O., Stack, J. P., Ennis, J. T. og Waddington, J. L. (1994). ^{1}H-magnetic resonance spectroscopy of the left temporal and frontal lobes in schizophrenia: Clinical, neurodevelopmental, and cognitive correlates. *Biological Psychiatry*, *36*, 792-800.

Castle, D. J., Abel, K., Takei, N. og Murray, R. M. (1995). Gender differences in schizophrenia: Hormonal effect or subtypes? *Schizophrenia Bulletin*, *21*, 1-12.

Crow, T. J. (1980). Molecular pathology of schizophrenia: More than one disease process? *British Medical Journal*, *280*, 66-68.

Danmarks Statistik. (1998). *Statistisk årbog 1998*. Kaupmannahöfn: Danmarks Statistik.

Erlenmeyer-Kimling, L., Folnegovic, Z., Hrabak-Zerjavic, V., Borcic, B., Folnegovic-Smalc, V. og Susser, E. (1994). Schizophrenia and prenatal exposure to the 1957 A2 influenza epidemic in Croatia. *American Journal of Psychiatry*, *151*, 1496-1498.

Flemming, T. R. og Harrington, D. P. (1991). *Counting processes and survival analysis*. New York: John Wiley & Sons.

Franzek, E. og Beckmann, H. (1996). Gene-environment interaction in schizophrenia: Season-of-birth effect reveals etiologically different subgroups. *Psychopathology*, *29*, 14-26.

Goldstein, M. J. (1988). Gender differences in the course of schizophrenia. *American Journal of Psychiatry*, *145*, 684-689.

Gottesman, I. I. (1991). *Schizophrenia genesis: The origins of madness*. New York: W. H. Freeman and Company.

Grech, A., Takei, N. og Murray, R. M. (1997). Maternal exposure to influenza and paranoid schizophrenia. *Schizophrenia Research*, *26*, 121-125.

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Ritsj.). (1997). *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Iacono, W. G. og Beiser, M. (1992). Where are the women in first-episode studies of schizophrenia? *Schizophrenia Bulletin*, *18*, 471-480.

Kendall, P. C., og Hammen, C. (1995). *Abnormal psychology*. Boston: Houghton Mifflin Company.

Kleinbaum, D. G. (1996). *Survival Analysis: A self-learning text*. New York: Springer.

Lárus Helgason. (1993). Geðklofi. *Geðvernd*, *1*, 5-11.

Lewine, R. J. (1991). Ontogenetic implications of sex differences in schiophrenia. Í Elaine F. Walker (Ritstj.), *Schizophrenia: A life course developmental perspective* (bls. 195-211). New York: Academic Press.

Mednick, S. A, Watson, J. B., Huttunen, M., Cannon, T. D., Katila, H., Machon, R., Mednick, B., Hollister, M., Parnas, J., Schulsinger, F., Sajaniemi, N., Voldsgaard, P., Pyhala, R., Gutkind, D. og Wang, X. (1998). A two-hit working model of the etiology of schizophrenia. Í M. F. Lenzenweger og R. H. Dworkin (Ritsj.), *Origins and development of schizophrenia: Advances in experimental psychopathology* (bls. 27-66). Washington, DC: American Psychological Association.

Mednick, S. A., Machon, R. A., Huttunen, M. O. og Bonett, D. (1988). Adult schizophrenia following prenatal exposure to an influenza epidemic. *Archives of General Psychiatry*, *45*, 189-192.

O'Callaghan, E., Gibson, T., Colohan, H. A., Walshe, D., Buckley, P., Larkin, C. og Waddington, J. L. (1991). Season of birth in schizophrenia: Evidence for confinement of an excess of winter births to patients without a family history of mental disorder. *British Journal of Psychiatry*, *158*, 764-769.

O'Callaghan, E., Sham, P., Takei, N., Glover, G. og Murray, R. M. (1991). Schizophrenia after prenatal exposure to 1957 A2 influenza epidemic. *Lancet*, *337*, 1248-1250.

Rapoport, J. L., Giedd, J., Kumra, S., Jacobsen, L., Smith, A., Lee, P., Nelson, J. og Hamburger, S. (1997). Childhood-onset schizophrenia:

Progressive ventricular change during adolescence. *Archives of General Psychiatry*, *54*, 897-903.

Raz, S. (1993). Structural cerebral pathology in schizophrenia: Regional or diffuse? *Journal of Abnormal Psychology*, *102*, 445-452.

Robins, L. N., Helzer, J. E., Weissman, M. M., Orvaschel, H., Gruenberg, E., Burke, J. D. og Regier, D. A. (1984). *Acta Psychiatrica Scandinavica*, *41*, 949-958.

Selten, J. P. og Slaets, J. P. J. (1994). Evidence against maternal influenza as a risk factor for schizophrenia. *British Journal of Psychiatry*, *164*, 674-676.

Sham, P. C. O'Callaghan, E., Takei, N., Murray, G. K., Hare, E. H. og Murray, R. M. (1992). Schizophrenia following pre-natal exposure to influenza epidemics between 1939 and 1960. *British Journal of Psychiatry*, *160*, 461-466.

Sharma, T., Lancaster, E., Lee, D., Lewis, S., Sigmundsson, T., Takei, N., Gurling, H., Barta, P., Pearlson, G. og Murray, R. (1998). Brain changes in schizophrenia: Volumetric MRI study of families multiply affected with schizophrenia - the Maudsley family study 5. *British Journal of Psychiatry*, *173*, 132-138.

Stefánsson, J. G., Líndal, E., Björnsson, J. K. og Guðmundsdóttir, Á. (1991). Lifetime prevalence of specific mental disorders among people born in Iceland in 1931. *Acta Psychiatrica Scandinavica*, *84*, 142-149.

Susser, E., Lin, S. P., Brown, A. S., Lumey, L. H. og Erlenmeyer-Kimling, L. (1994). No relation between risk of schizophrenia and prenatal exposure to influenza in Holland. *American Journal of Psychiatry*, *151*, 922-924.

Takei, N., O'Callaghan, E., Sham, P. C., Glover, G. og Murray, R. M. (1993). Does prenatal influenza divert susceptible females from later affective psychosis to schizophrenia? *Acta Psychiatrica Scandinavica*, *88*, 328-336.

Torrey, E. F., Rawlings, R. og Waldman, I. N. (1988). Schizophrenic births and viral diseases in two states. *Schizophrenia Research*, *1*, 73-77.

Tómas Helgason. (1994). Faraldsfræðilegar rannsóknir í geðlæknisfræði á Íslandi. *Læknablaðið*, *80*, 155-164.

Hvar á þráhyggjan heima? Um hugræn sérkenni áráttu og þráhyggju og tengsl áráttu/þráhyggju og hvatvísi

Jakob Smári

Þrjár hefðbundnar deildir hugans, vilji, tilfinningar og vit, voru á nítjándu öld allar dregnar fram af fræðimönnum til skýringar á einkennum áráttu og þráhyggju (Berrios, 1989). Samhliða var þessum einkennum ýmist fundinn staður sem afbrigði geðveiki (*psychosis*) eða taugaveiklunar (*neurosis*). Franskir læknar á 19. öld gegndu lykilhlutverki í að móta þá skilgreiningu á áráttu og þráhyggju sem við enn búum við (Berrios, 1989). Pierre Janet (1908) var einna fyrstur til að lýsa áráttu og þráhyggju með skýrum hætti. Janet hélt því fram að áráttu og þráhyggjueinkenni væru afsprengi hugarveiklunar (*psychasthénie*)[1]

> „depurðarhugsýki sem einkennist af skerðingu í starfsemi sem gerir kleift að takast á við og skynja veruleikann, í og með að óæðra hugarstarf kemur í staðinn í ýktri mynd efasemda, óróleika og kvíða, og í þráhugsunum sem endurspegla fyrrnefnda truflun....“

Þannig er hér að baki truflun í sálrænum orkubúskap sem gerir að verkum að skerðing verður í æðri hugarstarfsemi, þráhugsanir eru afleiðing fremur en orsök vandans. Janet (1908) lagði áherslu á að þráhugsanir væru eins konar skýringartilgátur hins þráhyggna á vanda sínum. Kjarnaeinkenni er að finnast eitthvað vanta upp á í hegðun sinni, hugsunum og tilfinningum (*incomplétude*). Eins og Cottraux (1989) nefnir má e.t.v. segja að Janet hafi bent hér annars vegar á hlut þunglyndis í áráttu og þráhyggju og hins vegar fullkomnunar-áráttu en hvort tveggja hefur verið áberandi í hugmyndum um áráttu og þráhyggju í seinni tíð. Ekki kemur fram skýr aðgreining þráhyggju og t.d.

---

[1] en hún er “une psychonévrose dépressive caractérisée par la diminution des fonctions qui permettent d´agir sur la réalité et de percevoir le réel, par la substitution d´opérations mentales inférieures et exagérées sous la forme de doutes, d´agitations et d´angoisses, et par des idées obsédantes qui expriment les troubles précédents...” (s. 708).

fælni hjá Janet eins og hjá Freud. Hann hafnaði því líka að hugmyndir um úrkynjun (*dégénérésence mentale*), sem mjög voru þá í tísku, ættu hér við (Dupont, 2003). Janet taldi ekki heldur að kvíði gegndi lykilhlutverki í vandanum (Pitman, 1989). Í DSM-IV greiningarkerfinu er áráttu- og þráhyggjuröskun hins vegar flokkuð með kvíðaröskunum enda þótt margt mæli reyndar gegn því að vandinn eigi þar helst heimilisfesti, m.a. hugfræðileg rök (*cognitive*) (Summerfeldt, og Endler, 1998). Einnig hefur því verið haldið fram að kvíði sé afleiðing fremur en orsök einkenna áráttu og þráhyggju (Hoehn-Saric, McLoed og Hipsley, 1995). Í seinni tíð hefur svo aftur verið bent á hugsanlegan skyldleika við geðklofa og geðklofagerðaröskun sem líklega er á veikum grunni reist (Enright, 1996, Salkovskis, 1996).

Þann sálfræðilega skilning sem helst hefur verið uppi má hins vegar kenna við hugræna atferliskenningu (Rachman, 1997, 2002; Salkovskis, 1996). Í stórum dráttum er þar gert ráð fyrir því að hugsanir þær sem einkenna þráhyggju séu sammannlegar, það sem geri þær að þráhugsunum, sem leiði svo aftur til áráttu sé sú túlkun sem þeim er gefin og þau viðbrögð sem gripið er til gegn þeim. Það sem samkvæmt þessum kenningum einkennir þá sem eiga áráttu og þráhyggjuröskun á hættu er m.a. samsláttur hugsana og gerða (*thought action fusion*) (Shafran og Rachman, 2004) eða sá skilningur að leggja megi að jöfnu hugsun og gjörð, ofurábyrgðarkennd (*inflated responsability*) (Salkovskis, 1996; Smári og Hólmsteinsson, 2001) eða tilhneiging til þess ýkja þá ábyrgð sem maður beri á velferð annarra og hugsanabæling (*thought suppression*) eða tilhneiging til þess að reyna að víkja óvelkomnum hugsunum úr huga sér (Salkovskis, 1996; Wegner, Schneider, Carter, og White, 1987). Árátta og þráhyggja einkennist því og ákvarðast samkvæmt þessum kenningum m.a. af sérstökum hugmyndum um eigið hugarstarf og viðbrögðum við túlkun á eigin hugsunum. Það hefur hins vegar staðið samræmingu á rannsóknarniðurstöðum á þessu sviði nokkuð fyrir þrifum að fjölmörg skyld en samt ólík hugtök hafa verið sett fram til að gegna hlutverki í hugrænum kenningum. Fyrir nokkrum árum var því settur saman hópur sérfræðinga sem kallast *Obsessive-Compulsive Cognitions Working Group* (1997, 2003) til þess að grisja þennan hugtakaskóg og þróa mælitæki til þess að mæla þau hugtök sem sátt væri um að skiptu hér mestu máli. Ef staldrað er við og litið til þess sem rannsóknir sem byggðar hafa verið á grunni hugrænna atferliskenninga hafa skilað okkur kemur í ljós að túlkun á því er ekki einföld. Þannig virðist samsláttur hugsana og gjörða ekki í þeim mæli sem vænst var vera einkennandi og aðgreinandi fyrir áráttu og þráhyggju (Abramowitz, Whiteside, Lynman og Kalsy, 2003; Lee, Cougle og Telch, í prentun; Rassin, Diepstraten, Merckelbach og Muris, 2001) né heldur hefur ofurábyrgðar-

kennd reynst vera það (Anholt, Emmelkamp, Cath, Oppen, Nelissen og Smit 2004; Bouvard, Robbe-Grillet, Milliery, Pham, Amireche, Fanget, Guérin og Cottraux, 2001). Þá virðist vart réttmætt að leggja þá áherslu á hlut hugsanabælingar í vandanum sem sumir hafa gert, þar sem fjölmargar rannsóknir (sjá yfirlit í Purdon, 2004, Smári, 2001) benda til þess að þverstæðuáhrif hugsanabælingar séu a.m.k. ekki mjög almenn. Ýmislegt kann að skýra þessi veiku áhrif svo sem að ekki hafi nægjanlega verið tekið tillit í rannsóknum til þess sem t.d. Wegner, faðir rannsókna á þverstæðuáhrifum í hugsanabælingu, lagði áherslu á, þ.e. að þau séu sterkust þegar um hugrænt álag (*cognitive load*) af einhverju tagi er að ræða (sjá samt Smári og Hermóðsdóttir, 2001). Þá hefur komið í ljós að mælingar á þeim hugtökum sem Obsessive-Compulsive Cognitions Working Group hefur sameinast um, með þeim mælitækjum sem hópurinn hefur sett saman (*OBQ* og *III*) virðast hvorki nógu vel aðgreinanlegar hver frá annarri né greina (sumar þeirra a.m.k.) með fullnægjandi hætti á milli þeirra sem þjást af árátt og þráhyggju og öðrum röskunum (Obsessive-Compulsive Cognitions Working Group, 2003; Sica, Coradeschi, Sanavio, Dorz, Manchisi og Novara, 2004). Í nýlegri rannsókn leituðu Anholt og félagar (2004) svara við því að hve miklu leyti hugræn einkenni sem mæld eru með OBQ og eiga að vera einkennandi fyrir árátt og þráhyggju greina á milli árátt og þráhyggjuröskunar og spilafíknar, sem samkvæmt hugmyndum sem síðar verður að vikið liggur eins og árátta og þráhyggja á svonefndu árátt og þráhyggjurófi. Í rannsókninni voru bornir saman hópar fólks sem annars vegar var greint með árátt og þráhyggjuröskun og hins vegar með spilafíkn (*pathological gambling*) en einnig hópar með felmtursröskun og án röskunar af neinu tagi. Samanburðurinn snéri annars vegar að hugrænum einkennum sem einkennandi eiga að vera fyrir árátt og þráhyggju eins og þau eru mæld með OBQ prófinu sem fyrr var getið og hins vegar að árátt og þráhyggjueinkennum. Í ljós kom að árátt og þráhyggju-og spilafíknarhóparnir líktust (og aðgreindust frá heilbrigðu þýði og sjúklingum með felmtursröskun) hvað varðaði hin hugrænu einkenni, en þeir sem voru með spilafíkn líktust á hinn bóginn heilbrigðu þýði þegar kom að árátt og þráhyggjueinkennunum. Það sem vekur einna mesta furðu í niðurstöðum Anholt og fél. er að fólk með spilafíkn sýndi hærri skor á ofurábyrgðarundirkvarða en fólk með árátt og þráhyggju. Niðurstöðurnar vekja alvarlegar efasemdir um mælingu hugrænna einkenna með OBQ og jafnvel um hugmyndina um sérstöðu þeirra hugrænu einkenna sem skilgreind hafa verið fyrir árátt og þráhyggju.

Það virðist því vera við ýmis vandamál að etja hvað varðar grundvallaratriði í hugræna atferlislíkaninu. Þetta gerir að verkum að hugsanlega er þörf

á að aðgæta hvort gera beri ráð fyrir annars konar áhættuþáttum sem annaðhvort liggi að baki þeim hugrænu áhættuþáttum sem að framan greinir eða sem í samvirkni við þá skapi árátttu og þráhyggjuvanda. Það sem hér hefur helst verið bent á eru m.a. minnisvandamál og síðan hvatvísi, árátta og þráhyggja sé síðan eins konar viðbragð eða bjargráð sem beitt er gegn skertu minni eða hvatastjórn. Um hríð var í samræmi við þetta lögð töluverð áhersla á vanda t.d. endurskoðara sem snúi annaðhvort að skertu minni eða vantrú á minni (Rubenstein, Peynircioglu, Chambless og Pigott, 1993). Fólk endurskoði þannig vegna þess að minni þess sé ábótavant eða það treysti ekki minni sínu. Erfitt hefur samt reynst að sýna fram á minnisbrest sem hér kunni að vera á ferð og að því leyti sem um frávik er að ræða virðast þau felast í viðmiðum sem sett eru um það hvers sé krafist til þess að maður sé öruggur eða þá fremur snúast um skekkju (*bias*) en villu (*error*) í upplýsingaúrvinnslu (sjá samt Muller og Roberts, í prentun), enda þótt einnig í því fyrrnefnda stangist niðurstöður á. Þá eru vísbendingar um að endurskoðun geti leitt til vantrúar á minni um það sem endurskoðað er og að vafi sé því afleiðing fremur en orsök sífelldrar endurskoðunar (Van den Hout og Kindt, 2003). Geta má þess að Janet (1903/1908, bls. 365) benti þegar á í upphafi 20. aldarinnar að annars vegar væri minni oft gott hjá fólki með árátttu og þráhyggju, en á hinn bóginn ætti það í erfiðleikum með upprifjun (*mémoire volontaire*) og hefði vantrú á minni sínu. Nýleg hugmynd, einkanlega um endurskoðunarárátttu sem byggist á þróunarlíffræðilegum grunni, snýr að truflun í eins konar náttúrulegu öryggiskerfi (Schechtzman og Woody, 2004). Þessi hugmynd snertir beint það einkenni árátttu og þráhyggju að finnast sem eitthvað skorti á vissu. Það sem þarna er átt við er að skoðun (*checking*) leiði yfirleitt til eins konar vissutilfinningar „*yedasentience" (feeling of knowing),* sem á skorti hjá þeim sem eiga við árátttu og þráhyggju að stríða, en slík vissutilfinning dragi alla jafna úr öryggishvöt (*security motivation*).

Þá hefur verið horft til hvatvísi. Við fyrstu umhugsun virðist margt vera áþekkt með árátttu og hvatvísri hegðun og fíkn af ýmsu tagi eins og þetta birtist í spilafíkn og stelsýki t.d. (hér eru orðin fíkn og sýki notuð vegna hefðar fremur en að tekið sé undir þær hugmyndir sem liggja slíku orðavali til grundvallar). Marks (1989) fjallar um hvort tveggja sem atferlisfíkn eða *Behavioural (non-chemical) addictions*. Það er reyndar athyglisvert eins og Cottraux (1989) bendir á að franska orðið um þráhyggna og þráhyggju *obsédé* og *obsession* hefur ekki hvað síst verið notað um að ráða ekki við hugsanir sínar um kynlíf, kynlífsfíkn eins og það væri kallað nú á dögum fíknarvæðingar. Af slíkum vangaveltum er e.t.v. sprottin hugmyndin um einskonar róf þar sem árátta/þráhyggja og hvatvísi eru andstæðir pólar. Rófið snýst hins vegar í

heild um stjórn á hegðun, að halda aftur af hegðun (Hollander og Rosen, 2002). Haldið er fram að ýmislegt sé sameiginlegt með röskunum á árattu og þráhyggjurófi og árattu og þráhyggju. Þar ber m.a. að nefna síendurteknar hugsanir og hvatir, samslátt við aðrar raskanir, sameiginlegar erfðir og jákvæð áhrif SSRI lyfjameðferðar. Hollander greinir þrjá klasa vandamála á slíku rófi: klasa sem snýst um líkamlegt útlit sitt og tilkenningar svo sem í líkamslýta-röskun, sjúkdómaótta og átröskunum, árátta og þráhyggja eigi hér helst heima, klasa sem einkennist af hvatastjórnunarröskunum svo sem stelsýki, spilafíkn, hárreytisárattu, klasa sem einkennist af taugafræðilegum truflunum eins og kækjum (*tics*), Touretteheilkenni og Aspergerheilkenni. Afbrigði af árattu og þráhyggju sem virðast tengjast sýkingum og þau sem birtast með Tourette heilkenni eigi heima í þessum flokki. Eins og Veale (2003) nefnir er líkingin á milli þess sem Hollander setur undir árattu og þráhyggju rófs hattinn og árattu og þráhyggju mjög mismunandi mikil frá einni röskun til annarrar og frá einu viðmiði til annars. Veale dregur jafnframt í efa gagnsemi þess að draga saman í dilk raskanir sem samsvara allt að þriðjungi þess sem lýst er í DSM-IV greiningarkerfinu. Hætt sé við að málað sé yfir mikilvæg sérkenni raskana, sem miklu máli geti skipt m.a. í meðferð. Það hlýtur hins vegar að vera raunprófanlegt álitaefni. Þá má nefna aðrar hugmyndir um skyldleika árattu og þráhyggju við önnur vandamál, sem samkvæmt Hollander liggja á árattu-hvatvísirófi, m.a. átraskanir en samkvæmt þeim skýrist hann af hlut grunngeðshræringarinnar viðbjóðs (*disgust*) í hvoru tveggja (Power og Dalgleish, 1997).

Greina ber á milli hugmyndarinnar um árattu-hvatvísiróf og þeirrar tilgátu að hvatvísi kunni að skipta máli, a.m.k. hjá hluta þeirra sem eiga við árattu og þráhyggju að stríða. Það virðist vera einkenni þráhyggju að finnast maður vera hvatvís og eiga erfitt með að halda aftur af athöfnum sínum (*perceived impulsivity*). Venjan er að líta svo á að hér sé einungis um afleiðingu hugsana-skekkju að ræða. En er það bara svo? Franski geðlæknirinn Cottraux (Cottraux, 1995, Cottraux og Gérard, 1998) hefur meðal annarra sett fram þá tilgátu að um raunverulega hvatvísi sé að ræða sem áhættuþátt árattu og þráhyggju. Þessi hvatvísi leiði í samvirkni við fullkomnunarhvöt (*perfectionism*) til árattuhegðunar sem sé þannig uppbótarleið til þess að vinna gegn hvat-vísinni, á sama hátt og menn ætluðu endurskoðun vera uppbótaraðferð við minnisgloppum eða vantrausti á minni. Hantouche og samstarfsmenn hans í Frakklandi (Hantouche, Angst, Demonfaucon, Perugi, Lancrenon og Akiskal, 2003; Hantouche, Akiskal, Demonfaucon, Barrot, Kochman, Millet, Lancrenon og Allilaire, 2002; Hantouche, Lancrenon, Bouhassira, Ravily og Bourgeois, 1997) hafa fengið fram ákveðnar vísbendingar um sterk tengsl

hvatvísi og árátta/þráhyggju og að þau kunni að snerta fyrst og fremst ákveðinn undirhóp þráhygginna, þ.e.a.s. þá sem einnig eiga við væga tvískautaröskun að stríða. Hér sé enn og aftur áráttan eins konar bjargráð sem beitt er við hvatvísinni, en þráhugsanir e.t.v. til marks um hana.

Í nýlegri íslenskri rannsókn (Smári og Ólason, 2004) komu fram einkar sterk tengsl á milli annars vegar vísbendinga um ábyrgðarkennd og hins vegar þráhugsana um og hvata til að skaða sjálfan sig og aðra. Hefðbundin skýring á þessu frá hinu hugræna sjónarhorni er sú að ofvaxin ábyrgðarkennd leiði til þess að hugsunum um skaða sé gefið ofurvægi, reynt sé að bæla þær niður og tíðni þeirra aukist í kjölfarið. Hin skýringin, í anda tilgátu Cottraux, er eins og fram hefur komið sú að ofurábyrgðarkenndin sé í raun eins konar viðbragð eða bjargráð við hvatvísi.

Vandinn við túlkun á mörgum rannsóknum á tengslum hvatvísi og áráttu og þráhyggju er hins vegar sá að þau kunni að skýrast af samslætti (*confounding*) í mælingum (Summerfeldt, Hood, Antony, Richter og Swinson, 2004). Þannig eru í sumum tækjum sem mæla hvatvísi atriði sem endurspegla t.d. skerta einbeitingu sem getur vitanlega verið einkenni kvíða og þar af leiðandi einnig áráttu og þráhyggju. Þetta virðist á hinn bóginn vart nægja sem rök fyrir því að þau tengsl sem fram hafa komið í fyrri rannsóknum séu að mestu eða öllu leyti sýndartengsl.

Eins og Veale (2003) nefnir hafa í tímans rás tekist á sjónarmið þar sem lögð hefur verið áhersla á líkingu einkenna raskana við einkenni annarra raskana og sjónarmið þar sem horft er til þess að gagnlegt sé greina betur á milli heilkenna eða raskana sem felldar eru undir einn og sama hattinn. Hugmyndir Janet sem nefndar voru í upphafi sem og tilgáta Hollanders um árátturóf eru dæmi um hið fyrrnefnda. Jafnframt er horft í auknum mæli til þess að hvernig greina beri á milli afbrigða af áráttu og þráhyggjuröskun sem skilja beri og skýra með ólíkum hætti (Krochomalik og Menzies, 2003). Ekki er ljóst hvort horfi fremur til framfara.

Hvað þýðir það sem hér var rakið fyrir skilning okkar og meðferð á áráttu og þráhyggju(röskun) ef rétt reynist? Það þýðir að mikilvægt er að horfa ekki framhjá hugsanlegum grundvallarvanda hjá a.m.k. undirflokki þeirra sem eiga við áráttu og þráhyggju að stríða, sem felist í erfiðleikum í upplýsingavinnslu og/eða við að halda aftur af hegðun sinni. Hér er sem sagt um að ræða þann möguleika, að sum einkenni áráttu og þráhyggju, einkum athugunarárátta séu stundum, að einhverju marki a.m.k., skiljanleg viðbrögð við vanda. Ef rétt reynist þýðir þetta vitanlega ekki að hugræn-atferlislíkön eða hugræn atferlismeðferð eigi ekki við um vandann, einungis að hann beri ekki að sjá slitinn

úr tengslum við þann jarðveg sem hugrænir áhrifaþættir kunna að vaxa upp úr eða vera í samvirkni við.

Niðurstaða

Hugrænar atferliskenningar um áráttu og þráhyggju hafa gegnt mikilvægu hlutverki undangengna áratugi. Þær hafa haft jákvæð áhrif í þá átt að benda á vissa samfellu á milli áráttu og þráhyggjuröskunar og áþekkra fyrirbæra sem eðlileg þykja. Enn fremur hafa þessar kenningar myndað grunn skipulegrar meðferðar eða íhlutunar í vandann sem hefur reynst gagnleg, enda þótt mikið verk sé óunnið. Það er hins vegar ýmislegt sem bendir til þess að æskileg leið í rannsóknum í framtíðinni felist í því að taka mið af hugsanlegum áhættuþáttum á borð við þá sem hér hafa verið ræddir, jafnframt þeim sem hugrænar kenningar færa fram. Kenningaleg naumhyggja er ekki endilega það sem skilar okkur mestum árangri á þessu sviði. Svarið við spurningunni „hvar á þráhyggjan heima?" verður samt því miður að hún sé enn án frambúðarlögheimilis enda þótt margir vilji veita henni húsaskjól. Vonandi fær a.m.k. hluti þess sem við köllum árátta og þráhyggja öruggari samastað á komandi árum.

Heimildir

Abramowitz, J.S., Whiteside, S., Lynman, D. og Kalsy, S. (2003). Is thought-action fusion specific to obsessive-compulsive disorder?: A mediating role of negative affect. *Behaviour Research and Therapy*, *41*, 1069-1079.

Anholt, G.E., Emmelkamp, P.G., Cath, D.C., Oppen, P. van, Nelissen, H., og Smit, J.H. (2004). Do patients with OCD and pathological gambling have similar dysfunctional cognitions? *Behaviour Research and Therapy*, *42*, 529-537.

Berrios, G.E. (1989). Obsessive-compulsive disorder: its conceptual history in France during the 19th century. *Comprehensive Psychiatry*, *30*, 283-295.

Bouvard, M., Robbe-Grillet, P., Milliery, M., Pham, S., Amireche, S., Fanget, F., Guérin, J. og Cottraux, J. (2001). Étude de validation d´une échelle de responsabilité. *Encéphale*, *27*, 229-237.

Cottraux, J. (1989). *Obsessions et compulsions*. Presses Universitaires de France. Paris.

Cottraux, J. (1995). Modèles comportementaux et cognitifs des troubles anxieux. *Confrontations Psychiatriques*, *36*, 231-260.

Cottraux, J., og Gérard, D. (1998). Neuroimaging and neuroanatomical issues in obsessive-compulsive disorder: Toward an integrative model-perceived impulsivity. Í R.P. Swinson, M.A. Antony, S. Rachman, og M.A. Richter (Ritstj), *Obsessive-compulsive disorder: theory, research and treatment* (bls.154-180). The Guilford Press.

Dupont, H. (2003). Modèles théoriques. Í M. Bouvard (Ritstj.), *Les troubles obsessionnels compulsifs* (bls. 7-36). Masson, Paris.

Enright, S. (1996). Obsessive-compulsive disorder: Anxiety disorder or schizotypy? Í R.M. Rapee (Ritstj.) *Current controversies in the anxiety disorders* (bls. 161-190). New York: Guilford.

Hantouche, E.G., Akiskal, H.S., Demonfaucon, C., Barrot, I., Kochman, F., Millet, B., Lancrenon, S., og Allilaire, J.F. (2002). Bipolarité cachée dans le trouble obsessionnel compulsif: enquête collaborative avec l´Association française des personnes souffrant de TOC (AFTOC). *Annales Médico-Psychologiques*, *160*, 34-41.

Hantouche, E.G., Angst, J., Demonfaucon, C., Perugi, G., Lancrenon, S., og Akiskal, H. S. (2003). Cyclothymic OCD: a distinct form? *Journal of Affective Disorders*, *75*, 1-10.

Hantouche, E. G., Lancrenon, S., Bouhassira, M., Ravily, V., og Bourgeois, M. L. (1997). Évaluation répétée de l´impulsivité dans une cohorte de 155 patients souffrant d´un TOC: Suivi prospectif de 12 mois. *Encéphale*, *23*, 83-90.

Hoehn-Saric, R., McLoed, D.R. og Hipsley, P. (1995). Is hyperarousal essential to obsessive-compulsive disorder? *Archives of General Psychiatry*, *52*, 688-693.

Hollander, E., og Rosen, J. (2002). Obsessive-compulsive spectrum disorders: A review. Í M. Maj, N. Sartorious, A. Okasha, og J. Zohar (Ritstj.), *Obsessive-compulsive disorder* (bls. 203-224). Wiley, New Jersey.

Janet, P. (1908). *Obsessions et la psychasthénie*. I-II (2.útgáfa, 1.útgáfa 1903). Félix Alcan, Paris.

Krochomalik, A. og Menzies, R.G. (2003). The classification and diagnosis of obsessive-compulsive disorder. Í R.M. Menzies og P. de Silva (Ritstj.), *Obsessive-compulsive disorder: Theory, research and treatment*. Wiley.

Lee, H-J., Cougle, J.R., og Telch, M. (í prentun). Thought-action fusion and its relationship to schizotypy and ocd symptoms. *Behaviour Research and Therapy*.

Marks, I. (1990). Behavioural (nonchemical) addictions. *British Journal of Addiction*, *85*, 1389-1394.

Muller, J. og Roberts, J.E. (Í prentun). Memory and attention in obsessive-compulsive disorder. *Journal of Anxiety Disorders*.

Obsessive-Compulsive Cognitions Working Group. (1997). Cognitive assessment of obsessive-compulsive disorder. *Behaviour Research and Therapy*, *35*, 667-681.

Obsessive Compulsive Cognitions Working Group (2003). Psychometric validation of the Obsessive Beliefs Questionnaire and the Interpretation of Intrusions Inventory: Part I. *Behaviour Research and Therapy*, *41*, 863-878.

Pitman, R.K. (1989). Pierre Janet on obsessive-compulsive disorder. *Archives of General Psychiatry*, *44*, 226-232.

Power, M. og Dalgleish, T. (1997). *Cognition and emotion*. Psychology Press, Hove.

Purdon, C. (2004). Empirical investigations of thought suppression in OCD. *Journal of Behavior Therapy and Experimental Psychiatry*, *35*, 121-136.

Rachman, S. (1997). Cognitive therapy of obsessions. *Behaviour Research and Therapy*, *35*, 793-802.

Rachman, S. (2002). A cognitive theory of compulsive checking. *Behaviour Research and Therapy*, *40*, 625-639.

Rassin, E., Diepstraten, P., Merckelbach, H. og Muris, P. (2001). Thought-action fusion and thought suppression in obsessive-compulsive disorder. *Behaviour Research and Therapy*, *39*, 757-764.

Rubenstein, C.S., Peynircioglu, Z.F., Chambless, D.L., og Pigott, T. A. (1993). Memory in subclinical obsessive-compulsive checkers. *Behaviour Research and Therapy*, *31*, 759-765.

Salkovskis, P.M. (1996). Cognitive-behavioural approaches to the understanding of obsessional problems. Í R. Rapee (Ritstj.), *Current controversies in the anxiety disorder* (bls. 103-133). New York: Guilford.

Schechtzman, H. og Woody, E. (2004). Obsessive-compulsive disorder as a disorder of security motivation. *Psychological Review*, *111*, 111-127.

Shafran, R. og Rachman, S. (2004). Thought-action fusion: a review. *Journal of Behavior Therapy and Experimental Psychiatry*, *35*, 87-107

Sica, S., Coradeschi, D. Sanavio, E., Dorz, S., Manchisi D. og Novara C. (2004). A study of the psychometric properties of the Obsessive Beliefs Inventory and Interpretations of Intrusions Inventory on clinical Italian individuals, *Journal of Anxiety Disorders*, *18*, 291-307.

Smári, J. (2001). Fifteen years of suppression of white bears and other intrusive thoughts: what are the lessons for OCD research and treatment? *Scandinavian Journal of Behaviour Therapy*, *30*, 147-160.

Smári, J., og Hermóðsdóttir, I.H. (2001). Obsessive-compulsive symptoms, white noise and intrusions of self-relevant negative thoughts in a thought suppression paradigm. *Scandinavian Journal of Psychology*, *42*, 453-458.

Smári, J. og Hólmsteinsson, H. (2001). Intrusive thoughts, responsibility attitudes, thought-action fusion and chronic thought suppression in

relation to obsessive-compulsive symptoms. *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, *29*, 13-20.

Smári, J. og Ólason, D.T. (Í prentun). *Propriétés psychométriques de la Liste des Pensées Obsédantes*. Encéphale.

Summerfeldt, L.J. og Endler, N.S. (1998). Examining the evidence for anxiety-related cognitive biases in obsessive-compulsive disorder. *Journal of Anxiety Disorders*, *12*, 579-598.

Summerfeldt, L.J., Hood, K., Antony, M.M., Richter, M.A. og Swinson, R. P. (2004). Impulsivity in obsessive-compulsive disorder: comparisons with other anxiety disorders and within tic-related subgroups. *Personality and Individual Differences*, *36*, 539-553.

Van den Hout, M. og Kindt, M. (2003). Repeated checking causes memory distrust. *Behaviour Research and Therapy*, *41*, 301-316.

Veale, D. (2003). The obsessive-compulsive spectrum and body dysmorphic disorder. Í R.M. Menzies og P. de Silva (Ritstj.), *Obsessive-compulsive disorder: Theory, research and treatment*. Wiley.

Wegner, D.M., Schneider, D.J., Carter, S.R. og White, T.L. (1987). Effects of thought suppression. *Journal of Personality and Social Psychology*, *53*, 5-13.

Sálfræðinám við Hafnarháskóla um aldamótin 1900

Jörgen L. Pind

Árið 1901 luku tveir Íslendingar meistaraprófi í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein frá Hafnarháskóla. Þetta voru þeir Ágúst H. Bjarnason (1875–1952) og Guðmundur Finnbogason (1873–1944). Þeir urðu því fyrstir Íslendinga til að ljúka sálfræðiprófi og kenndu síðan sálfræði við Háskóla Íslands (Jörgen Pind, 2003). Prófið var að vísu kallað meistarapróf í heimspeki – með sálfræði sem aðalgrein – en á þessum árum var þetta eina prófið sem stóð þeim til boða sem vildu leggja stund á hina „nýju heimspeki", sálfræðina, við Hafnarháskóla sem þá var einnig háskóli Íslendinga. Heimspeki og sálfræði voru samofnar greinar allt fram á fyrri hluta 20. aldar þegar loks skildi á milli þeirra. Við Hafnarháskóla gerðist það árið 1918 þegar farið var að bjóða upp á sérstakt nám til meistaraprófs í sálfræði. Enn síðar breyttist menntun sálfræðinga í Danmörku þegar kennsla hófst til cand. psych. prófs sem seinna varð að embættisprófi sambærilegu því sem nýlega hefur verið tekið upp við Háskóla Íslands. Í þessari grein verður sagt stuttlega frá þróun sálfræðinámsins við Hafnarháskóla frá þeim tíma þegar Ágúst og Guðmundur voru þar við nám til þess er cand. psych. náminu var komið á.

Nám til meistaraprófs við Hafnarháskóla um aldamótin 1900 var að jafnaði um 5–6 ára nám og lauk því með einu lokaprófi, sem skiptist að vísu í nokkra hluta. Engin hlutapróf voru tekin meðan á námi stóð, hvað þá að nemendur söfnuðu smám saman einingum og námsgreinum með þeim hætti sem nú tíðkast. Allt námsefnið var með öðrum orðum „undir" þegar stóra stundin rann upp.

Fyrsta námsárið hafði að vísu nokkra sérstöðu því þá var áskilið að allir stúdentar læsu forspjallsvísindi undir almennt heimspekipróf, *examen philosophicum*, og gilti þá einu hvaða aðalgrein þeir ætluðu að nema í háskólanum (saga forspjallsvísindanna við Hafnarháskóla er rakin hjá Blegvad, 1977). Námsefni heimspekiprófsins var þrískipt í sálfræði, rökfræði og heimspekisögu. Sálfræðin var veigamesti þátturinn og hlutu því allir

stúdentar við Hafnarháskóla nokkra sálfræðimenntun á fyrsta námsárinu. Ekki var nemendum skylt að sækja fyrirlestra og urðu kennarar því að benda á námsefni sem nemendur gætu sjálfir lesið. Þetta varð til þess að heimspeki-prófessorarnir við Hafnarháskóla tóku saman fyrirlestra sína og gáfu út sem kennslubækur í sálfræði (Hjort, 2000; Køppe, 1983; Stybe, 1976). Eina þessara bóka, *Psykologi i Omrids på Grundlag af Erfaring*, eftir Harald Høffding (1843–1931), má telja sígilda. Fyrsta útgáfa bókarinnar er frá 1882. Ágúst og Guðmundur lásu forspjallsvísindin hjá Høffding og hafa lesið þriðju útgáfuna frá 1892. Bókin var fljótlega þýdd á þýsku og ensku (enska útgáfan kom út 1891) og notaði m.a. William James hana við kennslu sína í Harvard (Woodworth, 1932). Bókin var þýdd á fjölda annarra tungumála og kom alls í 11 útgáfum í Danmörku, síðasta frá 1930. Var bók Høffdings því ein útbreiddasta kennslubók í sálfræði um aldamótin 1900.

Á fyrsta námsárinu stóð nýnemum við Hafnarháskóla til boða að sækja alla fyrirlestra enda var ætlast til þess að þeir notfærðu sér það til að finna „reykinn af réttunum“ og ákveða hvaða grein þeir vildu lesa til embættis- eða meistaraprófs væru þeir ekki þegar ákveðnir í því. Ágúst ætlaði upphaflega að lesa læknisfræði en hætti við og sneri sér að heimspekinni. Í bréfi sem Ágúst skrifaði Høffding 4. september 1895 (Ágúst H. Bjarnason, 1895) nefnir hann samtal sem hann hafi átt við Høffding þá um sumarið en Ágúst hafði í byrjun sumars lokið prófinu í forspjallsvísindum hjá honum. Þegar fundum þeirra bar saman hafi Høffding spurt hann hvaða grein hann læsi við skólann, Ágúst hafi þá sagt að það væri læknisfræði en látið hjá líða að nefna að „jeg befandt mig midt i en Skærsilds Kvaler“ þar eð hann hafi verið orðinn fráhverfur læknisfræðinni en algerlega óráðinn hvað hann ætti að leggja fyrir sig. Hann hafi svo sagt sig frá fyrsta prófinu í læknisfræði tveim vikum fyrir prófdaginn og ákveðið að mennta sig í „æstetisk-filosofisk Retning“ og biður um að fá að leita ráða hjá Høffding. Augljóst er að Høffding hefur tekið erindi hans vel. Taldi Ágúst sig æ síðan standa í mikilli þakkarskuld við Høffding og tileinkaði honum meðal annars kennslubók sína í sálfræði (Ágúst H. Bjarnason, 1916). Guðmundur virðist hins vegar frá upphafi hafa verið staðráðinn í því að læra heimspeki. Hann hóf nám við Hafnarháskóla haustið 1896.

Námsefni til meistaraprófs var tilgreint í rækilegri bókaskrá en auk þess giltu sérstakar reglur um prófið sem lýstu megináherslum í náminu. Reglur þessar birtust í Árbók Hafnarháskóla 1894–95 (*Aarbog* 1894–1895, bls. 694–695). Þar segir meðal annars svo um kunnáttu þeirra sem hyggjast gangast undir meistarapróf í heimspeki:

„1. Kandidaten skal have et klart og paalideligt Overblik over Filosofien og dens Historie, saaledes at han baade kjender de vigtigste Spørgsmaal hvert for sig og kan forfølge dem i deres historiske Udvikling. Han maa tillige kjende de naturvidenskabelige og sociologiske Fag paa en saadan Maade at han kan forstaa Grundlaget for de forskjellige filosofiske Undersøgelser og se Filosofiens Udvikling i dens Forbindelse med den hele øvrige Kulturudvikling.
2. Foruden dette almindelige Overblik, der forudsætter Kjendskab til alle forskellige filosofiske Discipliner, maa Kandidaten have særligt Kjendskab til een af Filosofiens Hoveddiscipliner. Her bør helst vælges et af de fire Fag Psykologi, Erkjendelsestheori, Ethik, Filosofiens Historie [...] For [disse] Fags Vedkommende kan det Omfang, i hvilket de maa studeres, naar de vælges som Hovedfag, omtrentlig angives paa følgende Maade: [...]

a. Psykologi. Der fordres Studium af en Række psykologiske Værker, især af den nyere tyske og engelske Litteratur, med monografisk Behandling af enkelte Spørgsmaal, ved hvilke ogsaa speciellere Litteratur benyttes. Tillige kræves der Indsigt i den experimentale Psykologis Methode, saa vel som i de fysiologiske og sociologiske Data, der ere af Interesse for Psykologien, særlig for de opgivne Specialæmner. Bestemte Værker i disse Retninger maa opgives.“

Af þessu má ráða að aðalgreinar í heimspekináminu voru fjórar: Sálfræði, þekkingarfræði, siðfræði og saga heimspekinnar. Um sálfræðina er þess sérstaklega getið að aðaláherslan sé lögð á nýrri þýska og enska sálfræði auk þess sem krafist er „innsýnar“ í rannsóknaraðferðir tilraunasálfræðinnar og í tengdar lífeðlislegar og félagsfræðilegar rannsóknir sem máli skipta fyrir sálfræðina.

Aðalkennarar Ágústs og Guðmundar voru fjórir. Auk Høffdings voru það Kristian Kroman (1846–1925), Claudius Wilkens (1844–1929) og Alfred Lehmann (1858–1921). Høffding, Kroman og Wilkens voru prófessorar í heimspeki – Wilkens reyndar í heimspeki og félagsfræði. Alfred Lehmann hafði verið skipaður tímabundinn dósent í tilraunasálfræði árið 1890. Þeirri stöðu gegndi hann til ársins 1910 er hann varð „professor extraordinarius“ og loks „professor ordinarius“ árið 1918 (From, Moustgaard, Petersen og Willanger, 1980). Lehmann var verkfræðingur að mennt en sneri sér að rannsóknum í sáleðlisfræði og tilraunasálfræði strax að loknu námi. Hann dvaldi við rannsóknastofu Wundts í Leipzig veturinn 1885–1886. Þegar heim kom setti hann á laggirnar rannsóknastofu í sáleðlisfræði, *Psykofysisk Laboratorium*, eina elstu rannsóknastofu heims í sálfræði (Funch, 1986). Harper (1950) telur að aðeins tilraunastofur William James í Harvard og Wilhelms Wundt í Leipzig (báðar frá 1875) og G. S. Hall við Johns Hopkins háskólann (frá 1881) séu eldri. Tilraunastofa James var þó frekar ætluð til

kennslu en rannsókna. Í fyrstu rak Lehmann stofuna á eigin vegum (í kjallara Metropolitans-skólans við Frúartorg í Höfn) en árið 1893 tók Hafnarháskóli við henni. Með myndarlegum styrkjum frá Carlsberg-sjóðnum tókst Lehmann að búa rannsóknastofuna öflugum tækjabúnaði, meðal annars státaði hún af svonefndu Hipps-krónóskópi sem var notað til að mæla svartíma með millisekúndu nákvæmni. Lehmann var sérstaklega afkastamikill höfundur, skrifaði flest höfuðrit sín á þýsku og átti því greiðan aðgang að hinu alþjóðlega fræðasamfélagi.

Háskólakennslan á þessum árum var býsna ólík því sem nú tíðkast. Það er helst að kennslunni í forspjallsvísindum hafi svipað til þeirrar kennslu sem stúdentar eigi nú að venjast, stuðst var við ákveðið pensúm og stúdentum ætlað að standa skil á því á munnlegu prófi í lok fyrsta ársins.

Guðmundur Finnbogason lýsti námsárum sínum í erindi sem hann hélt árið 1939. Þar sagði hann meðal annars:

> Náminu var hagað þannig, að það skiptist í 4 aðalgreinar: Sálarfræði, rökfræði og þekkingarfræði, siðfræði og sögu heimspekinnar. Við fengum í upphafi lista yfir einar 100 bækur, þ. á m. flest frægustu rit heimspekinnar, sem við áttum að hafa lesið og geta notað til prófs. Satt að segja var þetta háskalegt nám, því að heimspekingum ber sjaldan saman og viðfangsefnin erfið, svo að hættan var sú, að maður kafnaði í öllum þessum mismunandi skoðunum og gæti ekki skapað sér neina sjálfstæða skoðun og yrði grautarhaus á öllu saman. Reynsla þessa hóps, sem samtímis mér stundaði heimspeki, varð líka heldur ömurleg. Við vorum 7, sem lásum til prófs, þar af 2 Íslendingar, Ágúst H. Bjarnason og eg. 4 luku prófi, 2 skutu sig og 1 varð geðveikur, og raunar annar til, sem var stærðfræðingur, en sótti tíma með okkur. En líklega hefir þetta komið af því, að mennirnir voru ekki nógu andlega hraustir fyrir og þoldu ekki áreynsluna eða fundu ekki í heimspekinni lausn á þeim vandamálum, er þeir báru fyrir brjósti.
> Kennslunni var hagað þannig, að hver kennari fór yfir eitthvert rit á einum eða tveimur háskólamisserum og áttu nemendur þá til skiptis að búa sig undir tiltekinn kafla, sem þeir gerðu grein fyrir, og síðan voru umræður um efnið á eftir og stýrði kennarinn þeim. Kennararnir voru allir ljúfmenni og lærðir vel. En fjörugastar voru umræðurnar venjulega hjá próf. Høffding. Hann var hinn elskulegasti maður, allt af upplagður til að glíma við viðfangsefnin, glaðvær og hafði lag á að því að láta menn koma fram með það, sem þeim var niðri fyrir (Guðmundur Finnbogason, 1939).

Á námsárum Ágústs og Guðmundar hélt Høffding fyrirlestra um margvísleg efni í siðfræði og trúarbragðaheimspeki, auk þess að kryfja nokkur höfuðrit heimspekinnar til mergjar. Kroman hélt einkum fyrirlestra um þekkingarfræði en Wilkens um félagsfræði, hagfræði og fagurfræði. Lehmann bar ábyrgð á kennslunni í tilraunasálfræði og hafði öll árin æfingar í rann-

sóknastofu sinni fyrir stúdenta, hélt fyrirlestra um einstök svið tilraunasálfræðinnar og fjallaði auk þess um eigin rannsóknir á „de sjælelige Tilstandes legemlige Yttringer".

Í fyrirlestri sem Ágúst hélt á 10. alþjóðaþingi sálfræðinga, sem haldið var í Kaupmannahöfn árið 1932, lýsti hann einni af þeim tilraunum sem stúdentar gerðu í tilraunastofu Lehmanns:

> Jeg kan huske et Forsøg, vi anstillede flere Gange i *Alfred Lehmanns* Laboratorium. Vi trak af alle Kræfter paa et Dynamometer og Arbejdskurven gik højt i Vejret. Men saa blev vi pludselig opmærksom paa noget og øjeblikkelig skete der en Sænkning i Muskelarbejdet; eller vi fik en mere eller mindre indviklet Hovedregningsopgave, og da faldt Kurven for Muskelarbejdet ganske antageligt og i en længere Tid, indtil vi var færdige med Opgaven, og vi igen begyndte at trække af fuld Kraft; da naaede Arbejdskurven pludselig igen sin fulde Højde (Ágúst H. Bjarnason, 1933, bls. 17).

Þegar stúdentar töldu sig undir það búna að ganga upp til meistaraprófsins sóttu þeir um leyfi til þess til viðkomandi deildar. Umsóknir Ágústs og Guðmundar eru varðveittar á Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (*Rigsarkivet KU 35.02.49*). Umsóknirnar eru frá nóvember 1900 og báðu þeir um að fá fyrsta verkefnið, „den store Opgave", í byrjun árs 1901. Með umsóknum þeirra fylgdu bókalistar um efni sem þeir gáfu upp til prófs. Á lista Guðmundar eru alls 80 rit tiltekin, 34 í aðalgreininni sálfræði, 16 í þekkingarfræði, 14 í siðfræði og 16 í heimspekisögu. Svipaður fjöldi rita er í umsókn Ágústs. Athyglisvert er að bera listana saman því aðeins um helmingur ritanna, sem þeir félagar gáfu upp, eru hin sömu, önnur lýsa ólíkum áherslum þeirra og áhugasviðum. Sálfræðirit, sem báðir lásu, eru: Herbart: *Lehrbuch zur Psychologie*; James Mill: *Analysis of the phenomena of the human mind*; Lotze: *Medicinische Psychologie*; Wundt: *Grundzüge der Physiologischen Psychologie*; Jodl: *Lehrbuch der Psychologie*; William James: *Textbook of psychology*; Fechner: *Vorschule der Aesthetik*; Münsterberg: *Aufgaben und Methoden der Psychologie*; Preyer: *Die Seele des Kindes*; Lloyd Morgan: *Comparative Psychology*; Tigerstedt: *Lehrbuch der Physiologie* auk rita kennaranna sem ekki verður hirt um að tilgreina hér. Hér er því að finna sígild rit í þýskri sálfræði (eftir Fechner, Herbart, Lotze og Wundt) og enskri (James Mill) svo sem áskilið var samkvæmt reglugerðinni um meistaraprófið en hinni þýsku hefð eru þó gerð betri skil. Athyglisvert er að hvorugur gefur upp höfuðrit Fechners, *Elemente der Psychophysik*. Þegar skoðaðar eru bækur sem greina á milli vals Ágústs og Guðmundar sést að Ágúst hefur sinnt ensku hefðinni betur en Guðmundur (með ritum meðal annars eftir Alexander Bain og Herbert

Spencer) og ritaval hans ber vitni um sérstakan áhuga á dýrasálfræði og lífeðlisfræði. Guðmundur gefur hins vegar upp höfuðrit William James, *Principles of psychology*, bók Darwins *The expression of the emotions in man and animals*; Berkeley: *Theory of vision*; Carl Lange: *Om sindsbevægelser* og loks Hermann Ebbinghaus: *Über das Gedächtnis* auk annarra.

Sjálft meistaraprófið var í nokkrum liðum og stóð í ríflega þrjá mánuði. Fyrsta verkefnið var „stóra ritgerðin" eða „Opgave til skriftlig Besvarelse hjemme" eins og hún nefnist í Árbókum Hafnarháskóla. Kandídatar fengu sex vikur til að skrifa ritgerðina. Ágúst og Guðmundur sóttu ritgerðarefnin til háskólaritara 4. janúar 1901 og áttu þeir að skila ritgerðinni 15. febrúar. Verkefni Ágústs var „En fremstilling af Wundt som Psykolog med Belysning af hans Forhold til andre psykologiske Retninger" en Guðmundar „En Undersøgelse af Sindsbevægelsernes Natur med et kort Tilbageblik paa de opstillede Teorier". Verkefnin eru almennt orðuð og veita því kandídötum svigrúm til að taka efnið sjálfstæðum tökum. Stóra ritgerðin var dæmd sérstaklega af prófdómurunum, prófessorunum í heimspeki, þeim Høffding, Kroman og Wilkens. Staða Lehmanns olli því að hann kom ekki að prófum kandídata á þessum árum. Ef ritgerðin var talin fullnægjandi fékk kandídatinn að reyna sig við síðari hluta meistaraprófsins sem skiptist í þrjú skrifleg próf og munnlegt próf en í stað munnlega prófsins gátu kandídatar fengið leyfi til að halda þrjá fyrirlestra og nýttu Ágúst og Guðmundur sér báðir þann kost.

Skriflegu prófin – „Opgave til skriftlig Besvarelse under Opsyn og uden Hjælpemidler" – tóku Ágúst og Guðmundur 28., 29. og 30. mars. Fyrsta verkefnið var „Analytiske og syntetiske Domme", annað „Epikureernes Etik sammenlignet med beslægtede Anskueler i nyere Tid" en þriðja og síðasta „Positivismen".

Fyrirlestrunum var þannig háttað að kandídatar fengu átta daga til að undirbúa fyrsta fyrirlesturinn, tvo til að undirbúa annan en aðeins sex stundir fyrir þann síðasta. Fyrirlestrarnir voru haldnir í heyranda hljóði í húsakynnum Háskólans við Frúartorg. Ágústi var falið að flytja eftirfarandi fyrirlestra:

1. 10. apríl, kl. 13: „Fantasiens psykologiske Natur og dens Betydning for Følelses- og Villieslivet"
2. 12. apríl, kl. 14: „Begrebet Egoisme"
3. 13. apríl, kl. 13: „Filosofien og Darwinismen".

Fyrirlestrar Guðmundar voru þessir:

1. 10. apríl kl. 14: „Det psykologiske grundlag for Kants Erkjendelstheori og Ethik"
2. 12. apríl, kl. 13: „Forholdet mellem Æsthetik og Ethik"

3. 13. apríl, kl. 14: „Karakteristik af Albert Lange som Forfatter af »Geschichte des Materalismus«".

Að loknum síðasta fyrirlestri Guðmundar var þeim félögum tilkynnt að þeir hefðu báðir staðist meistaraprófið í heimspeki. Próf þeirra eru einmitt dagsett 13. apríl 1901 (*Rigsarkivet, KU 35.07.01*). Þá voru liðnar 14 vikur frá því þeir sóttu ritgerðarefnin til háskólaritara.

Bókalistar Guðmundar og Ágústs – og prófverkefnin sem gera engar kröfur um empírísk verkefni – bera með sér að sálfræðin stendur á þessum árum í skugga heimspekinnar. Í september árið 1910 sótti Edgar Rubin (1886–1951) um heimild til að gangast undir meistarapróf í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein. Rubin varð síðar prófessor í sálfræði við Hafnarháskóla um árabil og er í hópi þekktustu sálfræðinga Norðurlanda. Rannsóknir hans á aðgreiningu myndar og bakgrunns eru sígildar (Rubin, 1915). Í bókalista, sem hann lagði fram með umsókninni (*Rigsarkivet KU 35.02.54*), eru aðeins tilgreindar tvær sálfræðibækur sem Ágúst og Guðmundur höfðu báðir lesið, *Grundzüge der Physiologischen Psychologie* eftir Wundt og *Die Seele des Kindes* eftir Preyer, báðar reyndar í nýjum útgáfum. Ekki er lengur stuðst við hin gömlu verk Bains, Herbarts, Lotzes eða Spencers. Bókaval Rubins fer að sumu leyti nálægt vali Guðmundar (með verkum eftir William James, Darwin, Ebbinghaus og Carl Lange) en aðrir höfundar eru nýir, til dæmis Francis Galton og Edward B. Titchener en Rubin gefur meðal annars upp hina miklu bók Titcheners um tilraunasálfræði, *Experimental Psychology* (1901–1904) í fjórum bindum. Einnig má nefna að Rubin hefur lesið *Elemente der Psychophysik* eftir Fechner og *Handbuch der physiologischen Optik* eftir Helmholtz. Bókaval Rubins í sálfræði sýnir glögglega að greinin hefur fjarlægst hina eldri heimspekilegu sálfræði, tilraunasálfræðin er í aðalhlutverki. Rubin las einnig þekkingarfræði, siðfræði og sögu heimspekinnar, rétt eins og Ágúst og Guðmundur. Þar er meiri samhljómur með námsefni þeirra þremenningana, einkum að því er heimspeki nýaldar varðar. Allir lásu þeir höfuðrit eftir Descartes: *Hugleiðingar um frumspeki*; David Hume: *Treatise on human nature*; Immanuael Kant: *Kritik der reinen Vernuft*; John Locke: *Essay concerning human understanding* og Spinoza: *Ethica* svo fimm þeirra séu nefnd. Þessir sálfræðingar hafa því verið óvenju vel að sér í heimspeki.

Árið 1918 urðu þáttaskil í menntun sálfræðinga við Hafnarháskóla því þá voru samþykktar reglur um meistarapróf í fræðilegri og hagnýtri sálfræði – „Magisterkonferens i teoretisk og anvendt psykologi". Þess er nú krafist að kandídat, sem ætlar sér að ljúka þessu prófi, hafi þekkingu á:

„1. De nyere psykologiske Hovedværker i teoretisk saavel deskriptiv som eksperimental Psykologi, saa at han kan gøre Rede for de forskellige Opfattelsesmaader indenfor Videnskaben.
2. Psykologiens Historie og de dermed i Forbindelse staaende Afsnit af Filosofiens Historie.
3. Anvendt Psykologi, hvor Vægten efter eget Valg kan lægges paa Pædagogik med Børnepsykologi eller Psykoteknik med differentiel Psykologi.
4. Nogle Hovedværker af Dyrepsykologien og Psykopatologien.
5. De naturvidenskabelige og matematiske Fag, der er nødvendige Forudsætninger for Tilegnelsen af Psykologien og Bearbejdelsen af et psykologisk Iagttagelsesmateriale.
Fremdeles kræves, at Kandidaten
6. Har gennemgaaet et saadant Kursus i et psykologisk Laboratorium, at han er fortrolig med de væsenligste Apparater og Undersøgelsesmetoder og selvstændig kan lede en psykologisk Undersøgelse.
7. Som en af de skriftlige Opgaver ved Eksamen fremlægger en Redegørelse for en i Studietiden udført, eksperimental-psykologisk Undersøgelse.
8. Opgiver et enkelt Omraade som særlig indgaaende studeret med Benyttelse af den tilgængelige Faglitteratur“ (*Aarbog*, 1915–1920, bls. 294).

Þessi lýsing gæti sem best átt við enn í dag og því ljóst að þegar hér er komið sögu hefur sálfræðin loks öðlast sjálfstæði við Hafnarháskóla og slitið sig frá heimspekinni. Þetta var óefað fyrst og fremst verk Alfreds Lehmann sem hafði einmitt verið skipaður *professor ordinarius* við skólann árið 1918. Lehmann lést árið 1921 en þá var Edgar Rubin skipaður prófessor í sálfræði við Hafnarháskóla.

Fyrrgreint meistaranám í fræðilegri og hagnýtri sálfræði var eina náms-leiðin í sálfræði við skólann í nærri aldarfjórðung. Smám saman kom í ljós að hún fullnægði ekki áhuga manna á sálfræðinámi í Danmörku, hentaði til dæmis illa kennurum sem vildu sérmennta sig í skólasálfræði. Árið 1937 voru fyrsta sinni leidd í lög um barnaskóla (folkeskole) ákvæði um sérkennslu fyrir börn sem áttu við ýmis konar náms- eða þroskafrávik að glíma. Horfðu kennarar mjög til sálfræðinnar við að fullnægja þessum lagaákvæðum en ljóst var að hið hefðbundna meistaranám svaraði að litlu leyti þessum kröfum þar sem því var fyrst og fremst ætlað að mennta verðandi vísindamenn. Þrátt fyrir það sóttu margir barnakennarar fyrirlestra í sálfræði við Hafnarháskóla. Rubin beitti sér því fyrir því að boðið yrði upp á þriggja ára nám í uppeldissálfræði (psykologisk-pædagogisk eksamen) sem fyrst og fremst var ætlað kennurum. Var því ekki krafist stúdentsprófs til þessa náms, kennara-próf var talið fullnægjandi undirbúningur. Þeir sem höfðu lokið þessu prófi fengu gráðuna candidatus eða candidata psychologiæ, skammstafað cand.

psych. Námi þessu var hleypt af stokkunum 1. september 1944. Greinargerð um námskipan er að finna í Árbók Hafnarháskóla (*Årbog*, 1944–45, bls. 170–191). Námið var sett saman úr einstökum námskeiðum og svipar að mörgu leyti til BA-prófs í sálfræði þótt lögð sé meiri áhersla á hagnýtingu sálfræðinnar í skólastarfi.

Rubin hafði hins vegar neyðst til að flýja land áður en kennslan hófst. Danmörk var hersetin af Þjóðverjum en Rubin, sem var gyðingur, flúði til Svíþjóðar ásamt fjölskyldu sinni. Hann snéri aftur til Danmerkur í lok stríðsins tæpu ári síðar og tók þá að nýju við starfi sínu við Hafnarháskóla sem hann gegndi uns hans lést árið 1951.

Svo fór um kandídatsprófið að það varð smám saman að því embættisprófi í sálfræði sem nú tíðkast bæði hér á landi og í Danmörku. Um 1960 var námstíminn lengdur í rúm fimm ár eins og við flest önnur embættispróf (Jensen, 2000). Meistaranámið gamla – *magister artium* próf þeirra Ágústs, Guðmundar og Rubins – heyrir nú sögunni til í Danmörku. Doktorsnám – með prófgráðunni PhD – hefur leyst það af hólmi.

Heimildir

Aarbog (1894–1895). *Aarbog for Kjøbenhavns Universitet, den polytekniske Læreanstalt og Kommunitetet, indeholdende Meddelser for de akademiske Aar 1894–1895*. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel.

Aarbog (1915–1920). *Aarbog for Københavns Universitet, Kommunitetet og den polytekniske Læreanstalt indeholdende Meddelser for de akademiske Aar 1915–1920. I. Del: Universitetets Eksaminer, Prisopgaver og akademiske Grader samt Legat og Stipendievæsen*. Kaupmannahöfn: Universitetstrykkeriet, J. H. Schultz.

Årbog (1944–1945). *Aarbog for Københavns Universitet, Kommunitetet og den polytekniske Læreanstalt, Danmarks Tekniske Højskole, indeholdende Meddelser for det akademiske Aar 1944–45*. Kaupmannahöfn: Bianco Lunos Bogtrykkeri.

Ágúst H. Bjarnason. (1895). Bréf til Haralds Høffding, dags. 4. september. NKS 3815, 4º, Handritadeild Konungsbókhlöðu. Kaupmannahöfn.

Ágúst H. Bjarnason. (1916). *Almenn sálarfræði: Til notkunar við sjálfsnám og nám í forspjallsvísindum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Ágúst H. Bjarnason. (1933). *Høffdings psykologiske Teori*. Kaupmannahöfn: Levin & Munksgaard.

Blegvad, M. (1977). Filosofikum. Í S. E. Nordenbo og A. F. Petersen (ritstj.), *Dansk filosofi og psykologi* (2. bindi, bls. 11–32). Kaupmannahöfn: Københavns Universitet, Filosofisk Institut.

From, F., Moustgaard, I. K., Petersen, A. F. og Willanger, R. (1980). Psykologi. Í P. J. Jensen (ritstj.), *Københavns Universitet 1479–1979, Bind X: Det filosofiske fakultet, 3. del* (bls. 133–226). Kaupmannahöfn: G. E. C. Gads Forlag.

Funch, B. S. (1986). *Alfred Lehmanns Psykofysiske Laboratorium 1886–1921*. Kaupmannahöfn: Psykologisk Laboratorium.

Guðmundur Finnbogason. (1939). Frá stúdentsárunum í Kaupmannahöfn: Fyrirlestur haldinn 31/3 1939 hjá dansk-íslenska félaginu. Án safnmarks. Skjalasafn Guðmundar Finnbogasonar: Handritadeild Landsbókasafns.

Harper, R. S. (1950). The first psychological laboratory. *Isis*, *41*, 158–161.

Hjort, S. D. (2000). Filosoffernes psykologitradition. *Psyke & Logos, 21*, 56–115.

Jensen, R. (2000). Knudepunkter i dansk psykologis udvikling i årene 1940–2000. *Psyke & Logos*, *21*, 174–186.

Jörgen Pind. (2003). Sálfræðikennsla í Háskóla Íslands 1911–2001. *Sálfræðiritið: Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, *8*, 9–19.

Køppe, S. (1983). *Psykologiens udvikling og formidling i Danmark i perioden 1850–1980: Forskningsrapport*. Kaupmannahöfn: G. E. C. Gads Forlag.

Rigsarkivet KU 35.02.49. *Det filosofiske fakultet: Dekanatssager (1901–1902). Københavns Universitets Arkiv*. Kaupmannahöfn: Ríkisskjalasafnið.

Rigsarkivet KU 35.02.54. *Det filosofiske fakultet: Dekanatssager (1910). Københavns Universitets Arkiv*. Kaupmannahöfn: Ríkisskjalasafnið.

Rigsarkivet KU 35.07.01. *Det filosofiske fakultet: Magisterkonferens (1850–1914). Københavns Universitets Arkiv*. Kaupmannahöfn: Ríkisskjalasafnið.

Rubin, E. (1915). *Synsoplevede Figurer: Studier i psykologisk Analyse. Første Del.* Kaupmannahöfn og Kristjanía: Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag.

Stybe, S. E. (1976). Filosoffernes psykologi. Í S. E. Nordenbo, M. Blegvad, L. Lauritsen, I. K. Moustgaard, A. F. Petersen, N. Prætorius, S. E. Stybe og E. T. Rasmussen (ritstj.), *Dansk filosofi og psykologi* (1. bindi, bls. 123–137). Kaupmannahöfn: Københavns Universitet, Filosofisk Institut.

Woodworth, R. S. (1932). Robert S. Woodworth. Í C. Murchison (ritstj.), *A history of psychology in autobiography, II* (bls. 359–380). London: Humphrey.

Hvernig á að prófa dómakenninguna um geðshræringar?

Magnús Kristjánsson

Þær kenningar um geðshræringar (*emotions*) sem átt hafa hvað mestu fylgi að fagna í sálfræði á undanförnum áratugum eru dómakenningar (*appraisal theories*) (Scherer, Schorr & Johnstone, 2001). Kjarni þeirra er sá að geðshræringar manna stafi af dómum þeirra (Roseman & Smith, 2001), eða öllu heldur gildisdómum. Það er þetta sem allar dómakenningar eiga sameiginlegt. Ég mun nota eintöluna dómakenningar þegar ég á við það sem er sameiginlegt öllum dómakenningum, en annars fleirtöluna, dómakenningar.

Dómakenningin, kjarni allra dómakenninga, er forn og næstum barnslega einföld. Hana má, til dæmis, finna hjá Forn-Grikkjum svo sem Stóumönnum. Það er hins vegar nokkuð á reiki í dómakenningum hvað hún þýðir. Sumir telja, til dæmis, að dómar orsaki geðshræringar; aðrir að þeir séu hluti af skilgreiningu á geðhræringum; enn aðrir að dómar orsaki geðshræringar, en séu líka hluti af skilgreiningu á þeim, og svo þeir, einkum Ný-Stóusinninn Martha Nussbaum (2001), sem telja að geðshræringarnar séu gildisdómar. Forsprakkar þessara dómakenninga í sálfræði eru síður en svo á eitt sáttir um hvað þessir dómar merki eða hvaða hlutverki þeir gegni í myndum geðshræringa, eins og sjá má hjá Scherer, Schorr & Johnstone (2001), nýlegu höfuðriti um dómakenningar í sálfræði.

Nussbaum (2001) segir reyndar að dómakenningar sálfræðinga séu ekki frábrugðnar kenningu hennar í höfuðatriðum, og tekur þar dæmi af kenningu Lazarusar, en hann hefur verið boðberi dómakenningar síðustu fjóra áratugi. Hún segir að Lazarus og aðrir fylgjendur dómakenningar telji sig réttilega sækja frumhugmyndir sínar til Stóuspekinga. Hins vegar sé sá galli á kenningu Lazarusar að hann segi ýmist að dómar orsaki geðshræringar eða séu geðshræringarnar sjálfar. Það síðarnefnda er höfuðkenning Nussbaums, en það fyrrnefnda útlokar Nussbaum. Hún telur að vísu að þetta sé eiginlega ónákvæmi í orðalagi og að Lazarus meini auðvitað að geðshræringar séu einberir gildisdómar. Ef svo væri—og hér hef ég auðvitað ekki sagt alla sögu um kenningu Nussbaums—yrði dómakenning Lazarusar og aðrar dóma-

kenningar í sálfræði öllu skýrari. Ef hins vegar má marka grein Lazarusar (2001) í áðurnefndu riti um dómakenningar, er þó með öllu óljóst að hann sé sömu trúar og Nussbaum, hvað þá hinir höfundar ritsins. Ekki verður betur séð en þeir telji allir sem einn, þar á meðal fyrrnefndur Lazarus, að dómar orsaki geðshræringar, en séu á engan hátt eðlislægur hluti af þeim, hvað þá að þær séu dómarnir sjálfir (um harða gagnrýni á kenningu Nussbaums má til dæmis lesa hjá Blackburn, 2001 og Kristjáni Kristjánssyni, 2001).

Dómakenningar eiga það þá örugglega sameiginlegt að geðshræringar séu í einhverjum skilningi myndaðar af skoðunum (*beliefs*), enda geta dómar ekki verið annað en afbrigði af þeim. Það þýðir að við getum verið nokkuð viss um hverjar geðshræringar manna eru, ef við þekkjum skoðanir þeirra og vilja (*wants*) (sjá um það síðarnefnda hjá Kristjáni Kristjánssyni, 1997, 2001). Sá sem reiðist telur að brotið hafi verið gegn einhverjum og hefur ekki fyrirgefið brotið. Dómakenningarnar teljast þá til vitsmunakenninga um geðshræringar, eðli málsins samkvæmt.

Dómakenningin er, eins og áður sagði, forn og næsta einföld. Samt verður sumum fylgjendum dómakenningarinnar það á að fella undir hana efni sem ekki getur fallið að henni. Eitt af því eru kenndir (*sensations*). Fjölmörg dæmi um þetta má finna í Scherer, Schorr og Johnstone (2001). Ef dómakenningin er rétt, eru kenndir ekki geðshræringar. Kenndir, svo sem verkir eða dofi, verða ekki til af dómum. Við finnum til verkjanna og dofans milliða- og vafningalaust. Dómar um kenndir mynda hins vegar geðshræringar. Lyndi eða geðslag fellur heldur ekki að dómakenningunni. Kenndir og geðslag vísa ekki út fyrir sig. Þau eru tilefnislaus, beinast ekki að neinu, eru ekki íbyggin (*intentional*). Verkur er ekki um eitthvað og það er rólyndi ekki heldur. Geðshræringar eru hins vegar örugglega íbyggnar, ef dómakenningin er rétt. Menn reiðast einhverju, óttast eitthvað, harma eitthvað. Enginn reiðist bara, óttast bara eða harmar bara. Það er merkingarsamband á milli geðshræringa og tilefna þeirra og þá á milli einstakra geðshræringa og sérstakra tilefna. Tilefni reiðinnar er brot sem þeim reiða finnst að hafi verið framið. Reiðin hverfur ef sá reiði skiptir um skoðun og honum finnst að hann hafi haft rangt fyrir sér eða hann fyrirgefur. Hughvarf af þessu tagi eyðir hins vegar hvorki tannpínu né dofa.

Þeim sem gleyma þessu merkingarsambandi á milli geðshræringa og tilefna þeirra dettur stundum í hug að gera samband tilefna og geðshræringa að tilgátum. Áhangendur dómakenningarinnar gera þetta og kalla tilefnin orsakir (*causes*); sjá aftur mörg dæmi um þetta í Scherer, Schorr og Johnstone (2001). Hér er ekki amast við því að tilefni séu flokkuð með orsökum, heldur hinu að tilefni eru þá orsakir af þeirri gerð sem við leggjum ekki undir dóm

reynslunnar; þau eru fyrirfram gefin. Hins vegar eru til margs konar orsakir sem hafa áhrif á geðshræringar, en eiga ekki í neinu merkingarsambandi við þær. Áfengi getur til dæmis eflt reiði manna, en reiðin beinist ekki að áfenginu sjálfu, enda ekki hægt að fyrirgefa því. Hún getur hins vegar beinst að þeim sem hellti mann fullan, sem auðvitað getur verið maður sjálfur. Sama gildir um alls konar efni sem breyta geðshræringum.

Mönnum hættir til að villast á skilgreiningum eða eðli og vísbendingum (*indexes, symptoms*) geðshræringa. Í dómakenningunni hlýtur eðli allra geðshræringa að felast í tilefnum að minnsta kosti. Skilgreiningu á reiði er að finna hér á undan. Við greinum eina geðshræringu frá annarri með tilefnum þeirra. Tilefni reiðinnar var nefnt hér á undan og engin getur villst og haldið að geðshræring af þessu tilefni sé kæti eða léttir. Tilefni einstakra geðshræringa eru alltaf þau sömu. Vísbendingar eru hins vegar það sem hefur verið uppgötvað eða reynslan hefur kennt að er fylgifiskur fyrirbærisins. Mikill mannamunur er á fylgifiskum geðshræringa, enda má segja að það sé eitt af því sem menn vita best úr hugrænni lífeðlisfræði (*psychophysiology*). Breyttur hjartsláttur getur, til dæmis, fylgt reiðinni, en þarf síður en svo að gera það. Til er að minnsta kosti einn maður sem stígur hægt eins og rauður hitamælir í framan þegar hann reiðist, en suma setur strax dreyrrauða. Við getum hins vegar ekki sagt af neinu viti hvort þetta fylgi tiltekinni reiði nema við vitum hvað reiði er. Það sama gildir um aðrar geðshræringar og fylgjur þeirra. Þess vegna hljótum við líka að passa okkur á því gera skilgreiningarnar, eðlið sjálft, ekki að tilgátu, ef við ætlum að raunprófa eitthvað með dómakenninguna að leiðarljósi. Samt gera menn þetta, meira að segja þeir sem telja sig til höfuðsmiða kenningarinnar, svo sem Ira Roseman.

Til þess að sýna hvernig Roseman gerir þetta fjalla ég um nýja grein eftir hann og Evdokas (Roseman & Evdokas, 2004). Greinin birtist í ritinu *Cognition & Emotion*, sem löngum hefur verið vettvangur dómakenninga. Í greininni er sagt frá því að Roseman og Evdokas reyndu að skapa tilefni, sem þeir kalla orsakir (*causes*), til gleði eða kæti (*joy*), léttis (*relief*) og vonar (*hope*) í tilraun á nokkrum hópum. Roseman og Evdokas telja að mjög hafi skort á tilraunir til að skera úr um hvort dómar valdi (*cause*) geðshræringum eða hvort því sé háttað á hinn veginn, að geðshræringar valdi dómunum. Þeir segja að flestar rannsóknir á þessum grundvelli allra dómakenninga hafi byggst á fylgnireikningi og aðferðum þar sem þátttakendur séu látnir geta sér til um dóma og geðshræringar annarra en þeirra sjálfra. Þess vegna, segja þeir, hefur enn ekki verið skorið úr því sem þeir ætla að varði grundvöll allra dómakenninga, sem sé því hvort komi á undan dómarnir eða geðshræringarnar. Þeir hyggjast bæta úr þessum þekkingarskorti og prófa tilgátu sína,

sem þeir kalla svo, með því að setja þátttakendur í tilteknar aðstæður og kanna með því hvort dómar þátttakenda valdi áðurnefndum geðshræringum hjá þeim.

Í stuttu máli fólst „tilraunin" í þessu: Þátttakendum var sagt að tilgangurinn væri að kanna samband á milli stækkunar ljósops hjá þeim og smekks (*taste*) þeirra. Lagðir voru fram listar þar sem upp var talið allskonar lostæti annars vegar og óæti hins vegar. Þátttakendum var skipt í fjóra tilraunahópa og einn samanburðarhóp. Tilraunahóparnir skiptust, í fyrsta lagi, í þá sem var sagt með happdrætti strax eftir að þeir höfðu lesið listann að þeir fengju að smakka á lostætinu og hina sem var sagt að slíkt væri óvíst. Hinir tveir hóparnir skiptust á sama hátt í þá sem var sagt að þeir slyppu við að smakka á óætinu og þá sem var sagt að óvíst væri að þeir slyppu. Þegar þátttakendur vissu þetta var þeim gert að svara lista um geðshræringar sínar þessa stundina, þar á meðal *gleði*, *von* og *létti*. Með þessu móti gera Rosemen og Evdokas ráð fyrir því að fyrsti hópurinn, sá sem fær lostætið, gleðjist; annar og fjórði hópurinn, óvissuhóparnir, voni það besta—sá fyrri að smakka, sá seinni að sleppa við það—og að þriðja hópnum, sem sleppur við óætið, létti.

Roseman og Evdokasi tókst að nokkru leyti að fá fram ætlaðar geðshræringar, þótt áhrifin væru ekki sterk. Þeir eyða mörgum orðum í að skýra hin veiku áhrif, til dæmis það að vonin birtist ekki sterklega hjá óvissuhópunum tveimur. Annar hópurinn, sá sem átti hugsanlega að innbyrða óætið, var frekar dapur (*sad*) og hræddur en fullur vonar. Þótt Roseman og Evdokas neiti því ekki að depurð og hræðsla geti gert vart við sig í slíkum aðstæðum, virðast þeir ekki koma auga nærtækustu skýringuna á þessari niðurstöðu, sem sé þá, að því hræddari og daprari sem menn verða dvínar von þeirra eða bjartsýni.

Auðvitað eru til endalausar skýringar á því að Roseman og Evdokasi tókst ekki að ná fram öllu því sem þeir ætluðu. En þeir eru bjartsýnir og segja að, þrátt fyrir allt, bendi niðurstöður þeirra til þess „að dómar valdi geðshræringum" (that appraisals cause experienced emotions) (bls. 17) og að geðshræringar valdi ekki dómum. En er það svo? Varla. Dómar eru skoðanir (*beliefs*) og skoðanir geta af sér aðrar skoðanir eins og allir vita og þá skiptir engu máli hvort menn trúa því að til séu gildislausar (*value-free*) skoðanir eða ekki. Þetta þýðir auðvitað að geðshræring getur leitt af sér aðra geðshræringu, sem líkast til þýðir á máli þeirra Rosemans og Evdokasar að geðshræringar valdi (*cause*) líka dómum. Ef menn trúa því að geðshræringar séu fyrst og fremst vitsmunalegar, að þær stafi af gildisdómum eða, eins og aðrir halda, að þær feli hvorttveggja í sér dóma og vilja (sjá, til dæmis, Kristján Kristjánsson, 1997, 2001) eða þá að þær séu einberir gildisdómar (Nussbaum, 2001),

verður stundum ekki hjá því komist að geðshræringar leiði af sér aðrar geðshræringar, sem þá eru auðvitað tilkomnar af dómum og fela sjálfar í sér dóma, og þannig koll af kolli. Tilraunin hefur ekki hrakið þessi einföldu sannindi og gæti það ekki.

Tilraun þeirra Rosemans og Edokasar er enginn prófsteinn á sannleiksgildi dómakenningar um geðshræringar. Hún kemur í raun dómakenningum, af hvaða tagi sem er, ekkert við. Grein Rosemans og Evdokasar er dæmi um þá árattu, sem sést alltof oft, að halda að allar spurningar í sálfræði séu aðferðafræðilegar (sjá, til dæmis, Kukla, 1989; Smedslund, 1997). Þannig lenda menn í því að fara með hversdagsleg sannindi eða reglur sem þeir eiga að þekkja og þarfnast ekki raunprófana eins og þær væru tilgátur sem þurfi að leggja undir dóm reynslunnar. Það er eins og aðferðafræði—og hér á ég einkum við ályktunartölfræði og tilraunasnið—blindi menn svo að þeir tapa sambandi við þann hugtakaheim sem þeir hljóta þó að vera þátttakendur í öllum stundum. Það hafa Roseman og Evdokas einmitt gert hér. Stundum verður þetta næstum spaugilegt. Til dæmis segja þeir að „svo virðist stundum sem fólk voni að það sem það hefur andúð á gerist ekki" (people sometimes *do* appear to feel hope that aversive events will not occur [skáletrun í frumtexta]) (bls. 19). Þá nefna þeir að hugsanlegt sé að von eða bjartsýni efli mönnum dug og þor en eru þó ekki vissir um að nokkurt vit sé þeirri hugmynd ([i]f there is merit to claims about the importance of hope for successful coping) (bls. 23) og vitna í báðum tilvikum í rannsóknir þessu til stuðnings. Það mætti halda að þeir þekki hugtakið von eða bjartsýni ekki einu sinni af bókum.

Svo staðhæfa þeir allt í einu að dómakenningin gildi ekki alltaf um geðshræringar og nefna til dæmis að þunglyndi (*depression*) geti stafað af truflun á taugaboðum og þá ekki dómum. En auðvitað er þunglyndi ekki geðshræring, enda er það ekki um eitthvað annað en sjálft sig frekar en sársauki; þunglyndi er ekki íbyggið fyrirbæri eins og geðshræringar eru. Hins vegar orsakar truflun á taugaboðun líka geðshræringar, en það útilokar með engu móti að geðshræringar séu gildidómar eða stafi af gildisdómum eða að geðshræringar eigi sér tilefni. Sá sem er þunglyndur, getur til dæmis reiðst af minnsta tilefni. Reiðin missir ekki tilefnið þótt hún eigi sér líka orsakir.

Dómarnir sem Roseman og Edokas reyndu að skapa eru tilefni þeirra geðshræringa sem þeir reyndu að skapa. Þeir reyndu með öðrum orðum að skapa þrenns konar tilefni og þrenns konar geðshræringar. (Nú er ekki alltaf víst að slíkt takist; einhver getur reynt án árangurs að reita annan mann til reiði.) Þetta tókst að nokkru, það er að segja Roseman og Evdokasi tókst að skapa ákveðnar geðshræringar og þá tilefni þeirra hjá þátttakendum. Um það

er ekki deilt hér. Hins vegar er ljóst af öllum málatilbúnaði að Roseman og Evdokas halda að þeir getið aðskilið tilefni geðshræringanna frá geðshræringunum sjálfum—annars verður óskiljanlegt hvers vegna þeir ákveða að leggja samband geðshræringa og tilefna þeirra undir dóm reynslunnar. Þeir hljóta þá að gera ráð fyrir þeim möguleika að tilefnin sem þeir ætluðu að skapa mynduðu allt aðrar geðshræringar en þeir hugðust ná fram; annars færu þeir varla að efna til þessarar „tilraunar". Til dæmis mætti hugsa sér að þeir sem áttu að dæmast til að éta óætið hefðu glaðst við slíka tilhugsun og að þeir sem áttu að fá lostætið hafi vonað og beðið að það mætti aldrei verða. Ennfremur verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að tilefnin skapi allt aðrar geðshræringar og engar af þeim sem Roseman og Evdokas bjuggust við, til dæmis að tilhugsunin um að éta ómetið væri ástarsorg eða ég veit ekki hvað. Ef menn halda að þeir geti skilið á milli geðshræringa og tilefna þeirra, hljóta þeir að telja hugsanlegt að allar geðshræringar séu tilefnislausar, að mönnum létti án tilefnis; að menn voni og voni, en samt ekki neitt; að menn reiðist, en samt engum og af engu tilefni. Annars verður óskiljanlegt hvers vegna þeim dettur í hug að raunprófa samband geðshræringa og tilefna, hvers vegna þeim dettur í hug að setja upp þessa „tilraun".

Auðvitað hafa Roseman og Evdokas ekki hugsað málatilbúnað sinn til enda. Þeir hafa ekki prófað neina tilgátu um geðshræringar, hvað þá dómakenninguna sjálfa. Það er ekki tilgáta að tilefni léttis sé það að sleppa við það sem maður hélt að ætti yfir hann að ganga. Það er gefið mál. Tilefni geðshræringa verða ekki aðskilin frá geðshræringunum sjálfum. Tilefnin eru einmitt það sem greinir eina geðshræringu frá annarri. Það er hluti af skilgreiningu á geðshræringum, að minnsta kosti svo fremi að geðshræringar séu íbyggnar, eins og dómakenningin segir. Enda flokka Roseman og Evdokas geðshræringar af tilefnum þeirra, þegar þeir efna til rannsókar sinnar, eins og ekkert sé, en um leið gera þeir þá flokkun að tilgátum og tilefni geðshræringanna verða að dómum. Og Roseman og Evdokasi sýnist bráðnauðsynlegt að raunprófa hvort tilefni komi á undan eða eftir geðshræringunni. Skapa tilefnin geðshræringarnar eða skapa geðshræringarnar tilefnin? Það er hin mikla spurning sem Roseman og Evdokas hafa reynt að svara með mikilli fyrirhöfn. Svarið liggur í augum uppi. Tilefni að geðshræringu getur auðvitað ekki komið á eftir henni. Menn reiðast ekki fyrst og valda þar með tilefni reiðinnar og mönnum léttir ekki fyrst og valda þar með okinu.

Roseman og Evdokas rugla saman skilgreiningum eða eðli geðshræringa og vísbendingum um þær. Þeir fara með skilgreiningar eins og þær væru vísbendingar. Samt hafa þeir gefið sér tilefnin fyrirfram, en gera sér svo lítið

fyrir og gera samband þeirra við tilteknar geðshræringar að tilgátu. Við hljótum þá að telja það með öllu óskiljanlegt hvað Roseman og Evdokas ætluðust fyrir. Tilraunin varpar því eina ljósi á dómakenninguna að höfundar hafa misskilið hana.

Ég þakka Sigurði Júlíusi Grétarssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

Heimildir

Blackburn, S. (2001). To feel and feel not. Review of *Upheavals of thought: The intelligence of emotions* by Martha C. Nussbaum. *New Republic, 225*(26), 34-37.

Kristján Kristjánsson (1997). Um geðshræringar. Í bók hans, *Af tvennu illu: Ritgerðir um heimspeki* (bls. 63-94). Reykjavík: Heimskringla.

Kristján Kristjánsson (2001). Some remaining problems in cognitive theories of emotion. *International Philosophical Quarterly, 41*, 393-410.

Kukla, A. (1989). Nonempirical issues in psychology. *American Psychologist, 44*, 785-794.

Lazarus, R. S. (2001). Relational meaning and discrete emotions. Í K. R. Scherer, A. Schorr, & T. Johnstone (Ritstj.), *Appraisal processes in emotion: Theory, methods, research* (bls. 37-67). New York: Oxford University Press.

Nussbaum, M. (2001). *Upheavals of thought: The intelligence of emotions*. New York: Cambridge University Press.

Roseman, I. J., & Evdokas, A. (2004). Appraisals cause experienced emotions: Experimental evidence. *Cognition and Emotion, 18*, 1-28.

Roseman, I. J., & Smith, C. S. (2001). Appraisal theory: Overview, assumptions, varieties, controversies. Í K. R. Scherer, A., Schorr, & T. Johnstone (Ritstj.), *Appraisal processes in emotion: Theory, methods, research* (bls. 3-19). New York: Oxford University Press.

Scherer, K. R., Schorr, A., & Johnstone, T. (Ritstj.) (2001). *Appraisal processes in emotion: Theory, methods, research*. New York: Oxford University Press.

Smedslund, J. (1997). *The structure of psychological common sense*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum.

Hversu langur er vegurinn frá orði að borði?

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir
Sóley Jökulrós Einarsdóttir

Atferlisgreining hefur talsvert verið nýtt í skólastarfi síðan á sjöunda áratug og hafa flestar aðferðir við bekkjastjórnun hafa verið þróaðar út frá rannsóknarniðurstöðum á þessu sviði. Hegðunarstjórnun og bekkjarstjórnun byggja á beitingu námslögmála, svo sem *jákvæða og neikvæða styrkingu, slokknun, áreitisstjórn og refsingu* svo nokkur tækniheiti séu nefnd.

Vegna mikils árangurs atferlisgreiningar í skólastarfi á síðustu fjórum áratugum (Martin og Pear, 1999) hafa þróast ýmis námskeið fyrir almenning og kennara. Markmið slíkra endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara er að stuðla að nýtingu atferlisgreiningar. En þó svo að kennari hljóti fræðslu um þessi fræði er ekki þar með sagt að hann beiti tækni hegðunarstjórnar í kennslustofu, jafnvel þegar hann ætlar sér það. Margar rannsóknir á frammistöðu kennara í að beita námslögmálum í kennslustofunni hafa sýnt að oftast á yfirfærsla sér ekki stað af námskeiði í skólastofuna (Gunter og Denny, 1996; Jones, Wickstrom og Friman, 1997; Mortenson og Witt, 1998; Noell og Witt, 1999; Noell, Witt, o.fl., 1997; Robbins og Gutkin, 1994; Sterlin-Turner, Watson, Wildmon, Watkins og Little, 2001; Wickstrom, Jones, LaFleur og Witt, 1998; Witt, Gresham og Noell, 1996; Witt, Noell, LaFleur og Mortenson, 1997). Athuganir á raunnotkun hegðunarstjórnunar í kennslustofunni hafa verið fáar (Gresham, Gansle og Noell, 1993). Gresham o.fl. (1993) tóku saman hversu margar rannsóknir, sem birtar voru í *Journal of Applied Behavior Analysis* á árunum 1980-1990 athuguðu raun notkun íhlutana sem um ræddi hverju sinni. Niðurstaðan var sú að af 158 rannsóknum var raun notkun athuguð í aðeins 25 rannsóknum með reglubundnum hætti eða í 15,8% tilvika. Undanfarið hefur áhuginn þó aukist fyrir rannsóknum á raun notkun á tækni til hegðunarstjórnunar í kennslustofum eftir kennslu, þjálfun eða handleiðslu (Sterling-Turner o.fl., 2001; Noell og Witt, 1999). Mikilvægt er að mæla raun notkun því ekki er hægt að meta áhrif tækninnar nema vita hvort henni hafi raunverulega verið beitt (Mortenson og Witt, 1998; Dumas,

Lynch, Laughlin, Smith og Prinz, 2001). Í niðurstöðum þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á yfirfærslu af námskeiði í skólastofu (Jones o.fl., 1997; Mortenson og Witt, 1998; Noell o.fl., 1997; Sterlin-Turner o.fl., 2001; Witt o.fl., 1997) hefur komið fram að efni námskeiða skilar sér misvel inn í kennsluna (Noell o.fl., 1997). Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á yfirfærslu úr námskeiði í skólastofu hafa mælt hana með því að spyrja kennarana beint um notkun þeirra á tækninni. Gagnrýnisraddir hafa bent á að rannsóknir á raun notkun sem eru einungis byggðar á sjálfsmati kennara (Witt o.fl., 1996; Noell og Witt, 1999; Sterling-Turner o.fl., 2001), þ.e. þar sem kennari áætlar sjálfur og segir frá notkun sinni á tiltekinni tækni eða aðferðum, geti ekki talist réttmæt eða áreiðanleg mæling því mat einstaklings á eigin hegðun er ekki hlutlaus mælikvarði (Hartman og Nelson, 1992; Hook og Rosenshine, 1979; Jack, Shores, Denny, Gunter, DeBriere og DePaepe, 1996; Jones o.fl., 1997; Mortenson og Witt, 1998; Newfield, 1980; Noell og Witt, 1999; Robbins og Gutkin, 1994; Wickstrom o.fl., 1998; Witt o.fl., 1996). Sumar rannsóknir hafa þó notast við mismunandi mælingar á raun notkun, t.d. sjálfsmat annarsvegar og beint áhorf á frammistöðu hins vegar. Niðurstöður þeirra rannsókna sem hafa notast við tvenns konar mælingar benda til þess að ekki sé samræmi á milli tegunda mælinga (Strain, Lamberty, Kerr, Stagg og Lenkner, 1983). Wickstrom o.fl. (1998) athuguðu hvort munur væri á notkun tækni við hegðunargreiningu Bergans samkvæmt sjálfsmati kennara annarsvegar og beinu áhorfi hins vegar. Kennarar fengu handleiðslu í tvær vikur um greiningu á óæskilegri hegðun barna og um rétt viðbrögð við henni. Þeir skiluðu svo sjálfsmati þar sem þeir greindu frá fjölda tilvika óæskilegrar hegðunar og tíðni tiltekinna eigin viðbragða við henni í ákveðnum aðstæðum. Í ljós kom að kennarar merktu við óæskilega hegðun í 54% þeirra tilfella sem hún birtist. Samkvæmt sjálfsmati brugðust þeir við á ráðlagðan hátt í 62% tilvika sem þeir merktu við. Beint áhorf sýndi aftur á móti að það var aðeins í 4% tilfella óæskilegrar hegðunar sem kennarar nýttu tæknina sem þeir höfðu fengið handleiðslu í. Kennararnir virtust því ekki greina óæskilega hegðun nema í rúmlega helmingi tilfella sem hún átti sér stað og gerðu sér ekki grein fyrir hversu oft þeir brugðust rétt við þeirri hegðun. Einnig hefur borið á misræmi milli sjálfsmats kennara og beins áhorfs þegar fylgst er með eðli samskipta í kennslustofu. Í rannsókn Rosén, Taylor, O´Leary og Sanderson (1990) sögðust 99% kennara helst nota jákvæðar afleiðingar fyrir æskilega hegðun nemenda og ávítur fyrir óæskilega hegðun í samskiptum sínum við nemendur. Beint áhorf leiddi í ljós að samskipti 90% kennara að meðaltali við nemendur voru að mestu hlutlaus og samanstóðu af fyrirmælum, upptalningu staðreynda og svörum við spurning-

um. Hvorki fræðsla eða skammtíma handleiðsla um hegðunarstjórn virtist tryggja að kennarar noti tæknina. Rannsóknin sem sagt er frá hér athugaði samræmið á milli sjálfsmats íslenskra kennara á notkun þeirra á tækni í hegðunarstjórn í kennslustofunni annarsvegar og beins áhorfs hinsvegar. Þátttakendur höfðu sótt námskeið um hegðunarstjórn. Þeim hafði verið kenndar þrjár reglur (Clark, 1991): 1) að *umbuna fyrir æskilega hegðun fljótt og oft*, 2) að *umbuna ekki „óvart" fyrir óæskilega hegðun* og 3) að *nota væga hegningu á óæskilega hegðun.* Þeim hafði einnig verið kenndar nokkrar leiðir vægrar hegningar og má þar meðal annars nefna *skammir og vanþóknun, eðlilegar og rökréttar afleiðingar, viðurlög og hlé* (Clark, 1991). Á námskeiðinu var kennt að forðast beri eftirfarandi mistök: 1) *að umbuna fyrir óæskilega hegðun, 2) að hegna fyrir æskilega hegðun, 3) að vanrækja að umbuna fyrir æskilega hegðun og 4) að vanrækja að hegna fyrir andfélagslega hegðun* (Clark, 1991). Einnig var þeim kennt hvernig ætti að gefa skýr fyrirmæli. Tilgangur þessarar rannsóknar var að athuga notkun kennara á þessari tækni og bera þær niðurstöður saman við það sem þátttakendur sögðu um notkun sína á tækninni.

Aðferð

Þátttakendur

Þrír þátttakendur voru valdir af handahófi úr grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, einn úr hverjum af þremur yngstu bekkjunum. Kennararnir þrír, sem allir voru konur á aldrinum 27-51, höfðu fjögurra til þrjátíu ára starfsreynslu. Tvær þeirra voru menntaðir kennarar úr Kennaraháskóla Íslands en sú þriðja úr Íþróttakennaraskólanum. Fjöldi nemenda í bekkjum kennara var 14-24 börn og var kynjaskipting misjöfn eftir bekkjum. Allir kennararnir sóttu námskeiðið um hegðunarstjórn þegar þær hófu störf við skólann, tveimur og hálfu ári áður en rannsóknin fór fram. Ein þeirra lauk ekki námskeiði þá en sótti það aftur hálfu ári fyrir rannsókn. Kennarar voru ekki upplýstir um hinn raunverulega tilgang rannsóknarinnar, þeim var aðeins sagt að athugaður væri mismunur á kennsluháttum kennara sem höfðu sótt einhvers konar endurmenntunarnámskeið og þeirra sem ekki höfðu sótt slíkt námskeið.

Rannsóknaraðstæður

Beint áhorf fór fram í kennslustofum þeirra þriggja bekkja sem um ræðir. Skráningaraðili sat á þeim stað í stofunni þar sem hann hafði minnst truflandi áhrif á bekkjarstarf en gat þó fylgst með samskiptum kennara og nemenda. Mæling fór fram í ólíkum námsgreinum (í lestri, handmennt, stærðfræði, kristinfræði, samverustund), á misjöfnum tíma dags (á bilinu 8.00-13.00) og annað hvort var skráð í byrjun kennslustundar eða í lok kennslustundar. Beinu áhorfi í kennslustundum var dreift jafnt á kennarana þann tíma sem rannsókn stóð yfir. Tveimur vikum eftir að áhorfi lauk var þátttakendunum sendur spurningalisti þar sem þeir voru beðnir um að meta í hversu mörgum prósentum tilfella þeir notuðu fjögur helstu lykilatriði námskeiðanna.

Mælitæki

Beint áhorf. Fjórar 20 mín. langar mælingar voru gerðar á frammistöðu hvers kennara. Skráð var þegar nemendur unnu að verkefnum eða voru í spjallkrók. Aðeins var skráð þegar kennari var einn í kennslustofunni með nemendunum og skráningaraðila. Skráningarblað var útbúið þar sem hægt var að skrá tíðni rétt og rangt framkvæmdra fyrirmæla, tíðni viðeigandi og óviðeigandi hegðunar barna í kjölfar fyrirmæla kennara, svörun kennara gagnvart hegðun nemenda, þ.e. hvort hún fól í sér umbun, hunsun eða refsingu og hvort kennari lyki þríliða styrkingaskilmálum (kennslueiningu).

Spurningalisti fyrir sjálfsmat. Útbúinn var spurningalisti sem hver þátttakandi svaraði tveimur vikum eftir að síðasta mæling með beinu áhorfi hafði farið fram. Spurningalistinn var útbúinn með markmið námskeiðsins í hegðunarstjórnun til viðmiðunar og var skali hans jafnbilakvarði með valmöguleika frá 0% upp í 100%. Kennarar voru beðnir um að meta í hversu mörgum prósentum tilfella þeir notuðu fjögur helstu lykilatriði námskeiðanna, þ.e. umbun, virka hunsun, væga hegningu og réttilega framkvæmd fyrirmæli. Einnig var spurt sérstaklega um notkun á hegningarúrræðinu einveru.

Fylgibreytur í beinu áhorfi og viðmið mælinga

Fyrirmæli. Beiðni kennara um að hefja eða stöðva ákveðna hegðun. Fyrirmæli teljast réttilega framkvæmd ef þau eru skýr, einföld og innihalda fáar skipanir í röð. Óskýr fyrirmæli eru óbein (t.d. sett fram sem fyrirspurn) eða flókin (t.d. innihalda margar skipanir) eða of almenn.

Umbun. Félagsleg umbun er til dæmis *athygli, bros, snerting (faðmlög, klapp, kossar), hrós/hvatning (t.d. „vel gert", „flott hjá þér", „dugleg/ur ertu") eða augnsamband.* Efnisleg umbun er t.d. *stjarna eða broskarl.*

Óviðeigandi hunsun. Þegar kennari hefur gefið fyrirmæli og börn bregðast við á viðeigandi hátt en kennari veitir ekki umbun fyrir þá hegðun, þ.e. kennari lýkur ekki þríliða styrkingarskilmálunum.

Virk hunsun. Barninu er ekki veitt athygli sem afleiðing af óæskilegri hegðun. Kennari snýr undan, hefur ekki augnsamband og talar ekki til barnsins.

Væg hegning. Nemandi fær væga hegningu þegar það á við, sem afleiðing af því að óhlýðnast fyrirmælum kennara eða sýna andfélagslega hegðun. Dæmi um væga hegningu er: a) *Skammir og vanþóknun*, t.d. kennari horfir á barnið, er strangur á svipinn og segir t.d. „mér líkar ekki hvað þú hlýðir illa"; b) *Eðlilegar afleiðingar*, t.d. nemandi hættir ekki að sulla í vatni þrátt fyrir fyrirmæli kennara og verður blautur; c) *Rökréttar afleiðingar*, t.d. nemandi fer illa með eign skólans þrátt fyrir fyrirmæli kennara um rétta meðhöndlun og þar af leiðandi fær hann ekki að hafa dótið næstu vikuna; d) *Viðurlög*, þ.e. nemandi missir einhver forréttindi (punkt, stjörnu, broskarl, frímínútur) eða þarf að vinna aukaverk t.d. skrifa eitthvað aftur; e) *Hlé*. Stutt hlé er gert á athöfnum barns með því að senda það afsíðis á innan við 10 sek. frá andfélagslegri hegðun og ekki eru notuð fleiri en 10 orð til þess.

Viðeigandi hegðun. Nemandi hlýðir fyrirmælum kennara innan 5 sek.

Óviðeigandi hegðun. Nemandi hlýðir ekki fyrirmælum kennara innan 5 sek.

Rannsóknarsnið

Frumbreyta rannsóknarinnar var námskeið í hegðunarstjórnun sem kennararnir höfðu sótt. Athugað var hvort kennarar notuðu tæknina sem þeir lærðu í námskeiðinu í samskiptum sínum við nemendur. Athugunin fór fram með því að mæla notkun tækninnar á tvennskonar hátt, annarsvegar með beinu áhorfi og hins vegar með því að spyrja kennarana sjálfa um eigin hegðun. Niðurstöður mælinga voru bornar saman og samræmið skoðað. Stjórnað var fyrir áhrifum dulbreyta með því að upplýsa kennara ekki um nákvæman tilgang rannsóknar. Nemendum var aðeins tjáð að skráningaraðili fylgdist með samskiptum í kennslustofu. Tæpum tveimur vikum eftir áhorf var kennurum sendur spurningalisti og þeir beðnir að meta tíðni notkunar sinnar á reglunum sem þeir lærðu í námskeiðinu um hegðunarstjórn. Stuttu eftir að kennarar höfðu skilað inn spurningalistunum var haldinn fundur þar sem kennarar voru upplýstir um hinn raunverulega tilgang rannsóknarinnar.

Framkvæmd

Haft var samband við skólastjórann og áhugi kannaður fyrir framkvæmd rannsóknarinnar. Skólastjóri fékk rannsóknaraðila lista yfir kennara þriggja yngstu bekkjanna sem höfðu sótt námskeiðið og dró rannsóknaraðili af handahófi einn kennara úr hverjum bekk. Rannsóknaraðili sendi skólastjóra skriflega lýsingu á verkefninu sem skólastjóri kynnti fyrir kennurunum sem valdir höfðu verið í rannsóknina. Lýsingin greindi þó ekki frá hinum raunverulega tilgangi rannsóknarinnar. Fengið var leyfi hjá kennurum til að fylgjast með samskiptum í kennslustofu. Þeim var sagt að eðli fyrirmæla og hegðunar þeirra yrði skráð. Forathugun var gerð hjá öllum þátttakendunum, samtals í rúmar tvær klukkustundir. Rannsóknargögnum var safnað í annasamri viku fyrir páska, á fjórum samliggjandi dögum. Tæpum tveimur vikum eftir áhorf var kennurum sendur spurningalisti og þeir beðnir um að dæma hversu mikið þeir notuðu tækni til hegðunarstjórnunar við kennslu. Þegar gagnasöfnunin var lokið var haldinn fundur til að útskýra þessa rannsókn fyrir kennurunum og fá leyfi þeirra til að fjalla um niðurstöður.

Niðurstöður og umræða

Athugun á samræmi milli sjálfsmats kennara annars vegar og beinna áhorfsmælinga hins vegar var gerð með því að bera saman prósentuhlutfall notkunar á reglum samkvæmt hvorutveggja. Við úrvinnslu beinna áhorfsmælinga var tekin saman tíðni þess að kennari veitti viðeigandi afleiðingu fyrir tiltekna hegðun nemenda. Þessi tíðni var reiknuð sem hlutfall af heildartíðni æskilegrar eða óæskilegrar hegðunar nemenda, allt eftir því um hvers konar hegðun var að ræða hverju sinni. Tíðnin var reiknuð hjá hverjum kennara fyrir sig. Niðurstöðurnar voru síðan umreiknaðar í prósentutölu notkunar tiltekinnar reglu og hún borin saman við notkun reglunnar samkvæmt sjálfsmati kennara. Samskipti kennara og nemenda voru greind niður í smærri einingar, þríliða styrkingaskilmála sem samanstanda af greinireiti, hegðun og afleiðingum. Þannig sést að hve miklu leyti kennari framfylgir reglum námskeiðs þ.e. umbunar fyrir æskilega hegðun og beitir virkri hunsun eða vægri hegningu á óæskilega hegðun. Reiknað var prósentuhlutfall þríliða styrkingaskilmála af heildareiningum. Þannig fékst hlutfall þess að kennari beitti réttum afleiðingum og þar af leiðandi reglum námskeiðsins. Hinn helmingur prósentuhlutfallsins merkti þá í hversu mörgum prósentum

tilfella kennarinn umbunaði fyrir óæskilega hegðun eða þá veitti óviðeigandi hunsun eða væga hegningu fyrir æskilega hegðun.

Framsetning fyrirmæla

Mesta samræmið milli sjálfsmats kennara og beinna áhorfsmælinga er í hversu mörgum prósentum tilfella rétt framsetning fyrirmæla eigi sér stað. Það kemur þó fram í sjálfsmati allra kennaranna að þeir telja tíðni réttra fyrirmæla vera lægri en bein áhorf leiddi í ljós, þannig vanmeta þeir frammistöðu sína í þeim efnum.

Eins og fram kemur á mynd 1 þá segjast kennarar gefa rétt fyrirmæli í 70% til 90% tilvika ($\bar{x}$ = 80%) en samkvæmt áhorfi er það í 81,5% til 97,9% tilvika ($\bar{x}$ = 89,9%). Kennarar segja rétt fyrirmæli vera allt að 17,9% færri en raunnotkun er. Þegar tíðni réttra fyrirmæla eru athuguð yfir þau fjögur 20 mínútna áhorfsbil sem rannsóknin náði yfir hjá hverjum kennara, kemur fram að prósentuhlutfall réttra fyrirmæla er fremur hátt. Hjá kennara 1 er það í 66,7% til 93,8% tilfella. Hjá kennara 2 er það frá 81,3%-100%, hjá kennara 3 er það 100% í öllum tilfellum nema í einu en þá er það 87,5%. Kennarar nota því í flestum tilfellum skýr fyrirmæli.



Mynd 1. Rétt fyrirmæli. Prósentuhlutfall réttra fyrirmæla samkvæmt sjálfsmati kennara annarsvegar og hinsvegar samkvæmt áhorfsmælingum.

Umbun

Eins og fram kemur á mynd 2 er mikill munur milli sjálfsmats kennara og raunnotkunar. Allir kennararnir telja sig veita meiri umbun fyrir æskilega hegðun heldur en beinar áhorfsmælingar sýndu. Samkvæmt svörum kennara við spurningalista veita þeir umbun í 60% til 90% þeirra skipta sem nemandi sýnir æskilega hegðun ($\bar{x}$ =76,7%). Samkvæmt niðurstöðum áhorfskönnunar var raunnotkunin í 32,6% til 50,9% tilvika æskilegrar hegðunar nemenda ($\bar{x}$ =44,5%). Mismunur á sjálfsmati og raunnotkun er því allt að 39,1%. Samkvæmt beinum áhorfsmælingum hunsa kennarar því æskilega hegðun nemenda sinna eða beita vægri hegningu við henni í 55,5% tilvika að meðaltali. Sjálfsmat kennara er því ofmat á notkun þeirra á umbun fyrir æskilega hegðun. Eins og sést á mynd 3 þá er notkun umbunar æskilegrar hegðunar misjöfn milli áhorfstímabila hjá hverjum kennara. Kennari 1 notar umbun í 0-60% tilfella æskilegrar hegðunar, kennari 2 í 11% til 66,7% tilvika og kennari 3 í 0-71,4% tilvika.



Mynd 2. Umbun. Prósentuhlutfall umbunar fyrir æskilega hegðun annars vegar samkvæmt mati kennara og hins vegar samkvæmt beinum áhorfsmælingum.



Mynd 3. Umbun. Raunnotkun umbunar hjá hverjum kennara fyrir sig. Prósentuhlutfall tilvika af heildartíðni æskilegrar hegðunar nemenda á hverju áhorfstímabili.

Væg hegning og virk hunsun

Vegna misræmis milli skráningar beins áhorfs og spurninga í spurningalista eru niðurstöður um notkun virkrar hunsunar og vægrar hegningar settar saman í einn þátt. Í spurningalista var nefnilega sér spurning um notkun hlés en í beinu áhorfi var ekki sérstaklega merkt hvers konar væg refsing var um að ræða. Þess vegna voru borin saman gögn úr beinum áhorfsmælingum og sjálfsmati bæði með og án hlés sem hegningarúrræðis (sjá mynd 4 og 6). Þegar hlé voru ekki meðtalin (mynd 6) kom í ljós að mun meira samræmi er milli sjálfsmats kennara og áhorfsmælinga. Ástæðan fyrir þessu er sú að tveir af þremur kennurum mátu notkun sína á einveru vera aðeins í 10% tilvika. Þar af leiðandi dregur þessi lága prósentutala heildarmat kennaranna á hegningu og hunsun talsvert niður. Þess skal þó getið að kennarar notuðu aldrei hlé á meðan rannsókn stóð. Við úrvinnslu gagna áhorfsmælinga á notkun virkrar hunsunar og vægrar hegningar við óæskilegri hegðun var reiknað prósentuhlutfall vægrar hegningar og virkrar hunsunar af heildartíðni óæskilegrar hegðunar nemenda. Meðaltal var tekið af svörum hvers kennara um notkun virkrar hunsunar, hlés og vægrar hegningar. Þessi gögn voru síðan borin saman við gögn beinna áhorfsmælinga. Eins og sést á mynd 4 er sjálfsmat kennara í tveimur tilvikum af þremur lægra en mælingar með beinu áhorfi. Samkvæmt kennurunum sjálfum beita þeir vægri hegningu og virkri

hunsun við óæskilegri hegðun nemenda í 46,7% til 73,3% tilvika ($\bar{x}$ = 60%) en bein áhorf sýnir 50% til 87,5% ($\bar{x}$ =67%). Sjálfsmat kennara er því vanmat á notkun hegningar og virkrar hunsunar. Samkvæmt áhorfsmælingum umbuna kennararnir fyrir óæskilega hegðun í 32,9% tilvika að meðaltali. Þess skal getið að hjá kennara 2 og 3 var ekkert tilvik óæskilegrar hegðunar í einni mælingu (sjá mynd 5).



Mynd 4. Væg hegning og virk hunsun. Prósentuhlutfall vægra hegninga eða virkra hunsunar við óæskilegri hegðun nemenda samkvæmt sjálfsmati kennara annars vegar og hinsvegar samkvæmt beinum áhorfsmælingum.

Þegar notkun er skoðuð hjá hverjum kennara milli mælingaskipta er ljóst að mikill breytileiki er í viðbrögðum þeirra (sjá mynd 5). Beiting vægrar hegningar og virkrar hunsunar hjá kennurum 1 og 3 er allt frá því að vera engin á einu áhorfsbili og upp í það að vera notuð í 100% tilfella óæskilegrar hegðunar nemenda. Kennari 2 beitir virkri hunsun og vægri hegningu í 66,7% til 100% tilfella. Kennarar mátu notkun sína á reglunum við óæskilegri hegðun mjög misjafnlega. Kennarar 1 og 2 sögðust nota væga hegningu frá 10% til 80% tilvika. Kennari 1 sagði notkun sína á virkri hunsun vera í 50% tilfella en kennari 2 sagði hana vera í 90% tilfella. Kennari 3 sagðist nota væga hegningu í 70% tilvika en virka hunsun í 80% tilvika.



Mynd 5. Væg hegning og virk hunsun. Raunnotkun vægrar hegningar og virkrar hunsunar hjá hverjum kennara fyrir sig. Prósentuhlutfall tilvika af heildartíðni óæskilegrar hegðunar nemenda á hverju áhorfstímabili. Notkunin er frá því að vera 100% en fer niður í 0% á áhorfstímabili 3 hjá kennara 1 og áhorfstímabili 2 hjá kennara 3. Í tveimur tilvikum birtist ekki óæskileg hegðun á áhorfstímabili og vantar því súlu fyrir 4. áhorfstímabil hjá kennara 2 og 3.

Með því að að skilja notkun hlés samkvæmt sjálfsmati kennara frá virkri hunsun og aðra væga hegningu verður mun meira samræmi milli sjálfsmats og beinna áhorfsmælinga. Eins og sést á mynd 6 þá er sjálfsmat tveggja af þremur kennurum hærra gagnvart virkri hunsun og vægri hegningu heldur en raunnotkun bendir til. Þessu var öfugt farið þegar einvera var höfð með. Samkvæmt kennurum þá beita þeir virkri hunsun eða vægri hegningu í 65% til 85% skipta sem nemandi sýnir óæskilega hegðun ($\bar{x}$ =75%). Bein áhorfsmæling gefur aftur á mót til kynna að notkunin hafi verið frá 63,6% og upp í 87,5% tilfella ($\bar{x}$ =67%). Munurinn milli sjálfsmats kennara og raunnotkunar er því minni hjá hverjum kennara fyrir sig ef hegningarúrræðið hlé er ekki haft með. Eins og sjá má á mynd 7 bregðast kennarar rétt við hegðun nemenda í tæplega helmingi tilfella að meðaltali.



Mynd 6. Virk hunsun og væg hegning án hlés. Notkun virkrar hunsunar og vægrar hegningar (skammir og vanþóknun, eðlilegar afleiðingar, rökréttar afleiðingar og viðurlög) að meðaltali hjá hverjum kennara fyrir sig þegar hlé er ekki talið með. Þetta er annars vegar samkvæmt sjálfsmati kennara og hins vegar samkvæmt beinum áhorfsmælingum.



Mynd 7. Þríliða styrkingaskilmálar. Prósentuhlutfall viðeigandi viðbragða kennara af heildarviðbrögðum hans gagnvart hegðun barna.

Niðurstöður

Niðurstöðurnar benda því til þess að kennarar hafi brugðist á réttan hátt við hegðun nemenda í innan við helmingi tilfella að meðaltali. Kennarar veita því æskilegri hegðun umbun og óæskilegri hegðun væga hegningu eða virka hunsun í 48,5 % tilvika að meðaltali. Þar af leiðandi veita kennarar æskilegri hegðun óviðeigandi hunsun eða væga hegningu eða veita óæskilegri hegðun umbun í 51,5% skipta sem sú hegðun birtist. Þegar yfirfærsla er skoðuð á hverri reglu fyrir sig þá sést að líklegast var að kennararnir gæfu rétt fyrirmæli, það gerðist í tæplega 90% tilvika að meðaltali. Ólíklegast var að kennarar beittu reglunni um umbun fyrir æskilega hegðun en hana notuðu kennarar aðeins að meðaltali í 44,5% skipta sem sú hegðun birtist. Þar af leiðandi hunsuðu þeir eða veittu væga hegningu fyrir æskilega hegðun að meðaltali í 55,5% tilvika. Kennarar notuðu regluna um væga hegningu eða virka hunsun óæskilegrar hegðunar að meðlatali í 67% tilvika. Niðurstöður rannsóknarinnar eru því þær að mesta samræmið á milli sjálfsmats og beinna áhorfsmælinga var í notkun skýrra fyrirmæla. Athyglisvert er að sjá muninn í sjálfsmati kennara á því hversu mikið þeir nota umbun annars vegar og hegningu og hunsun hins vegar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir. Rosen o.fl. (1990) og Strain o.fl. (1983) fengu samskonar niðurstöður á ósamræmi milli sjálfsmats kennara og áhorfsmælinga á eðli samskipta í kennslustofu. Þar sögðust kennarar oft nota jákvæðar afleiðingar fyrir æskilega hegðun en í raun voru samskipti í kennslustofu oftast hlutlaus (Rosén o.fl., 1990) eða þá að í þau fáu skipti sem nemendur fengu viðgjöf frá kennurum var hún í eðli sínu neikvæð (Strain o.fl., 1983). Svo virðist sem kennarar geri sér betur grein fyrir því hvenær þeir gefa rétt fyrirmæli heldur en lítilli notkun sinni á umbun fyrir æskilega hegðun og mikilli notkun á vægri hegningu og virkri hunsun fyrir bæði æskilega og óæskilega hegðun. Þrátt fyrir annmarka, eins og of fáa þátttakendur og of fáar mælingar hjá hverjum og einum, hefur þessi rannsókn gildi fyrir íslenskt skólastarf vegna þess að margir kennarar sækja nú námskeið um hegðunarstjórn til þess að bæta skólastarf. Rannsóknin sýnir fram á það eins og fyrri erlendar rannsóknir að ekki er sjálfsagt að kennarar nýti sér þá þekkingu sem þeir afla sér á slíkum námskeiðum. Nauðsynlegt virðist vera að fylgja kennurunum eftir og veita þeim viðgjöf um frammistöðu þeirra í kennslustofunni til lengri tíma því að þá aukast líkurnar á því að námskeiðið skili sér inn í kennslustofuna. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er ekki hægt að meta raunnotkun á kennslutækni samkvæmt sjálfsmati kennara því þótt kennararnir sjálfir telji sig fara eftir reglunum sem þeir fá fræðslu um þá er það ekki alltaf

raunin. Newfield (1980) bendir á að ástæðan sé ekki sú að kennarar segi vísvitandi rangt frá eigin hegðun heldur aðeins að þeir geti ekki metið eigin hegðun réttilega í starfsumhverfi. Að þessu sögðu skal hafa í huga að Baer, Wolf og Risley (1968) bentu á að sjálfsmat skuli ekki vera notað sem mælitæki á raunhegðun nema að það sé hlutlaust. Rannsóknin sýnir að ekki er sama hvers konar mælingar eru notaðar í slíkum rannsóknum.

Heimildir

Baer, D. M., Wolf, M. M., og Risley, T. (1968). Some Current Dimensions of Applied Behavior Analysis. *Journal of Applied Behavior Analysis, 1*, 91-97.

Clark, L. (1991). *SOS! hjálp fyrir foreldra.* [Útgefandi á Íslandi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2000, (2. útgáfa)].

Dumas, J. E., Lynch, A. M., Laughlin, J. E., Smith, E. P. og Prinz, R. J. (2001). Promoting Intervention Fidelity: Conceptual Issues, Metholds, and Preliminary Results from EARLY ALLIANCE Prevention Trial. *American Journal of Preventive Medicine, 20,* 38-47.

Gresham, F. M., Gansle, K. A., og Noell, G. H. (1993). Treatment integrity in applied behavior analysis with children: School. *Journal of Applied Behavior Analysis, 26,* 257-263.

Gunter, P. L., og Denny R. K. (1996). Research issues and needs regarding teacher use of classroom management strategies. *Behavioral Disorders, 22,* 15-20.

Hartman, S. L., og Nelson, M. S. (1992). What We Say and What We Do: Self-reported Teaching Behavior versus Performances in Written Simulations among Medical School Faculty. *Academic Medicine, 67,* 522-527.

Hook, C. M., og Rosenshine, B. V. (1979). Accuracy of Teacher Reports of Their Classroom Behavior. *Review of Educational Research, 49*, 1-12.

Jack, S. L., Shores, R. E., Denny, R. K., Gunter, P. L., DeBriere, T., og DePaepe, P. (1996). An Analysis of the Relationship of Teachers' Reported Use of Classroom Management Strategies on Types of Classroom Interactions. *Journal of Behavioral Education, 6*, 67-87.

Jones, K. M., Wickstrom, K. F., og Friman, P. C. (1997). The effects of observational feedback on treatment integrity in school-based behavioral consultation. *School of Psychology Quarerly, 12,* 316-326.

Martin, G., og Pear, J. (1999). *Behavior Modification: What it is and how to do it* (6. útgáfa). Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.

Mortenson, B. P., og Witt, J .C. (1998). The Use of Weekly Performance Feedback to Increase Teacher Implementation of a Prereferral Academic Intervention. *School Psychology Review, 4,* 613-627.

Newfield, J. (1980). Accuracy of Teacher Reports: Reports and Observations of Specific Classroom Behaviors. *Journal of Educational Research, 74,* 78-82.

Noell, G. H., og Witt, J. C. (1999). When does consultation lead to intervention implementation? Critical issues for research and practice. *Journal of Special Education, 33,* 29-35.

Noell, G. H., Witt, J. C., Gilbertson, D. N., Ranier, D. N., og Freeland, J. T. (1997). Increasing teacher intervention implementation in general education setting through consultation and performance feedback. *School Psychology Quarterly, 12,* 77-88.

Robbins, J. R., og Gutkin, T. B. (1994). Consultee and Client Remedial and Preventive Outcomes Following Consultation: Some Mixed Empirical Results and Directions for Future Researchers. *Journal of Educational and Psychological Consultation, 5*, 149-167.

Rosén, L. A., Taylor, S. A., O´Leary, S. G., og Sanderson, W. (1990). A Survey of Classroom Management Practices. *The Journal of School Psychology, 28*, 257-269.

Sterlin-Turner, H. E., Watson, T. S., Wildmon, M., Watkins, C., og Little, E. (2001). Investigating the Relationship between Training Type and Treatment Integrity. *School Psychology Quarterly, 16*, 56-67.

Strain, P. S., Lamberty, D. L., Kerr, M. M., Stagg, V., og Lenkner, D. A. (1983). Naturalistic Assessment of Children's Compliance to Teachers Requests and Consequences for Compliance. *Journal of Applied Behavior Analysis, 16*, 243-249.

Wickstrom, K. F., Jones, K. M., og LaFleur, L. H., Witt, J. C. (1998). An Analysis of Treatment Integrity in School-Based Behavioral Consultation[1] *School Psychology Quarterly, 13*, 141-154.

Witt, J. C., Gresham, F. M., og Noell, G. H. (1996). What´s Behavioral About Behavioral Consultation ?. *Journal of Educational and Psychological consultation, 7,* 327-344.

Witt, J. C, Noell, G. H., LaFleur, L. H., og Mortenson, B. P. (1997). Teacher use of interventions in general education settings: Measurements and analysis of the independent variable. *Journal of Applied Behavior Analysis, 30,* 693-696.

Evrópustefna íslenskra stjórnvalda fyrstu þrjá áratugi lýðveldisins

Baldur Þórhallsson
Hjalti Þór Vignisson

Í þessari grein verður fjallað um Evrópuumræðuna á Íslandi fyrstu þrjá áratugi lýðveldisins en þrisvar á þessu tímabili íhuguðu íslensk stjórnvöld gaumgæfilega að taka þátt í samrunaþróuninni í Evrópu. Evrópumálin komu fyrst inn á borð íslenskra stjórnvalda þegar það stóð fyrir dyrum að koma á fríverslunarsvæði í þeim löndum sem áttu aðild að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) á árunum 1957 til 1959. Íslensk stjórnvöld tóku fullan þátt í þessum viðræðum. Áformin um stofnun fríverslunarsvæðis voru viðbrögð við stofnun Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) sem tók formlega til starfa í upphafi árs 1958 (Alþingistíðindi B, 1959). Evrópumálin komu næst inn á borð stjórnvalda þegar Bretar, Danir, Norðmenn og Írar sóttu um aðild að EBE árið 1961. Í kjölfarið, eða á árunum 1961 til 1963, könnuðu íslenskir ráðamenn síðan ítarlega kosti og galla þess að bindast viðskiptabandalögum í Evrópu nánari böndum. Möguleikar á inngöngu í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og EBE voru kannaðir sem og sá kostur að Ísland gerðist aukaaðili að EBE. Hart var tekist á um það hvort taka ætti þátt í samrunaþróun (Jónas Haralz, 1992). Evrópumálin komu einnig inn á borði ríkisstjórna á tímabilinu 1967 til 1972 þegar umræður áttu sér stað um aðild Íslands að EFTA og um gerð fríverslunarsamnings við EBE. Umræðan um aðild landsins að EFTA svipaði mjög til umræðunnar um Evrópumál í upphafi sjöunda áratugarins. Öldurnar í íslensku samfélagi risu hátt á þessum tíma.

Í greininni verða dregnir fram þeir hvatar sem urðu þess valdandi að íslenskir ráðamenn, þingmenn og ráðherrar, fóru að ræða Evrópumál á hverjum tíma. Í því sambandi verður bæði hugað að efnahagslegum og pólitískum þáttum. Á sama hátt verður reynt að draga fram þá þætti sem stjórnmálamenn sáu helst standa í vegi fyrir því að Íslendingar tengdust Evrópu nánari böndum með þátttöku í efnahagsbandalögum. Afstaða stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka til Evrópumála verður skoðuð sem

og tengsl þeirra enda var náið samband milli einstakra stjórnmálaflokka og ákveðinna hagsmunasamtaka á þessum tíma. Í upphafi verður farið stuttlega yfir aðstæður á Íslandi fyrsta áratuginn eftir seinni heimstyrjöldina.

Staðan á fyrstu árum lýðveldisins

Ísland varð ekki virkur þátttakandi í alþjóðastofnunum sem fjölluðu um efnahags- og viðskiptamál og komið var á fót eftir stríð eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum. Ísland tók heldur ekki þátt í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) fyrr en árið 1964 (Einar Benediktsson, 2003). Haftastefna einkenndi efnahagsstefnu stjórnvalda frá stríðslokum allt fram til upphafs 7. áratugar síðustu aldar þrátt fyrir að efnahagsuppsveiflunni í kjölfar stríðsins og Marshall aðstoðarinnar hefði lokið áratugi fyrr.

Íslendingar gerðust stofnaðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) árið 1948 enda stofnunin meðal annars komið á fót til að annast framkvæmd Marshall aðstoðarinnar. Auk þessa var markmið OEEC að stuðla að haftalausum viðskiptum milli landa og uppbyggingu útflutningsgreina í Evrópu. Á heildina litið lét árangurinn ekki á sér standa (Einar Benediktson o.fl., 1994). Hins vegar ber heimildum saman um að þátttaka Íslands í Marshall aðstoðinni hafi frestað efnahagslegum umbótum á landinu (Jakob F. Ásgeirsson, 1998; Einar Benediktsson, 2000; Sigurður Snævarr, 1998) þar sem fjármunum var varið til beinna fjárfestinga en ekki til þess að koma á efnahagslegum stöðugleika og leysa hagkerfið úr viðjum hafta. Íslendingar skáru sig mjög úr samstarfinu innan OEEC vegna þess hversu seinir þeir voru að afnema viðskiptahindranir og höfðu einungis afnumið 36 prósent af hindrunum sem náðu yfir starfsemi OEEC árið 1957 (Einar Benediktsson, 2003). Þetta sama ár höfðu sum ríki afnumið allar hindranir á viðskiptum sem náðu yfir starfsemi OEEC en afnám 90 prósent af hindrunum var viðmiðið (Pétur Benediktsson, 1957).

Íslendingar voru ekki þátttakendur í því aukna viðskiptafrelsi sem Evrópubúar nutu á 6. áratugnum. Íslensk stjórnvöld ræddu lítið um stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu (ECSC) enda gat stofnun þess ekki haft áhrif á útflutning Íslendinga sem samanstóð nær eingöngu af sjávarafurðum. Árið 1952 stóðu sjávarafurðir undir 92,3 prósent af öllum vöruútflutningi landsins (Þjóðhagsstofnun, 14. desember 2001b). Stjórnvöldum var mun meira umhugað um útfærslu landhelginnar og færðu hana út í 4 mílur árið 1952. Þau

sýndu stofnun Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) einnig mjög takmarkaðan áhuga í upphafi.

Þátttaka í umræðum um stofnun fríverslunarsvæðis í Evrópu

Íslensk stjórnvöld kynntu sér Evrópumálin fyrst í alvöru þegar Bretar tóku forystu innan OEEC um að koma á fríverslunarsvæði í Vestur-Evrópu árið 1957. Íslendingar tóku virkan þátt í umræðunum innan OEEC á þessum tíma en á meðan þeim stóð var nokkuð óljóst hversu mikil áhrif fyrirhugað fríverslunarsvæði hefði á Ísland. Gylfi Þ. Gíslason, ráðherra Alþýðuflokksins, fór með fríverslunarmál í vinstri stjórninni 1956 til 1958 og átti í raun eftir að hafa þann málaflokk á sinni könnu allt til ársins 1971. Í skýrslu sem hann lét vinna um fríverslunarmálið, og kynnti á Alþingi í febrúar 1958, segir að stofnun EBE komi til með að hafa mikil áhrif á Ísland en þó ekkert í líkingu við áhrif þess fyrir Bretland og Danmörk (Gylfi Þ. Gíslason, nóvember 1958). Einkum var talið að auknir erfiðleikar yrðu við að flytja óverkaðan saltfisk til Ítalíu, ísfisk til Þýskalands og freðfisk til Frakklands (Alþýðublaðið, 22. febrúar 1958). Áhrifin fyrst í stað voru þó talin léttvæg miðað við framtíðarhagsmuni landsins sem fólst í því að samkeppnisstaða keppinauta Íslendinga á þessum mörkuðum yrði mikið sterkari en Íslendinga. Einnig var talið að markaður EBE yrði sífellt öflugri og því mikilvægt að eiga greiðan aðgang að honum. Mikil áhersla var því lögð á það af hálfu Íslendinga að fá sem allra frjálsust viðskipti með sjávarafurðir á fyrirhuguðu fríverslunarsvæði.

Ýmsir aðrir þættir urðu hins vegar til þess að stjórnvöld töldu örðugt að taka fullan þátt í fríverslunarsvæðinu nema að sérstakar undanþágur kæmu til. Þeir þættir sem einna helst voru taldir valda því að Íslendingar gætu ekki tekið fullan þátt í fyrirhuguðu fríverslunarsvæði voru mál sem tengdust landbúnaði, iðnaði, viðskiptum við lönd í Austur-Evrópu, tekjum af tollum fyrir ríkissjóð og uppbyggingu stóriðnaðar (Alþýðublaðið, 23. febrúar 1958). Töluverðar umræður áttu sér stað á vettvangi OEEC á þessum tíma um hvernig koma ætti til móts við þjóðir sem skemmra voru komnar á þróunarbrautinni en önnur ríki. Þetta voru fyrst og fremst Íslendingar, Írar, Tyrkir og Grikkir (Alþýðublaðið, 22. nóvember 1957; Alþýðublaðið, 30. nóvember 1957). Í áður nefndri skýrslu var talið að íslenskur landbúnaður þyldi ekki samkeppni nema hvað sölu á neyslumjólk og kindakjöti varðaði (Alþýðublaðið, 23. febrúar 1958). Auk þess var talið að ákveðnar iðngreinar þyrftu að minnsta kosti 12 til 15 ára aðlögunartíma vegna þess að þær höfðu

þrifist í skjóli tollverndar. Þó voru skiptar skoðanir í samfélaginu um það hversu samkeppnishæfur iðnaðurinn í raun var (Alþýðublaðið, 30. nóvember 1957). Viðskipti Íslendinga við ríki Austur-Evrópu voru mikil á þessum tíma og voru þau talin í hættu ef Ísland tæki þátt í stofnun fríverslunarsvæðis. Þessi umfangsmiklu viðskipti skáru sig mjög frá viðskiptum annarra ríkja Vestur-Evrópu við kommúnistaríkin. Um 25 til 35 prósent af heildarútflutningi Íslands fór til Austur-Evrópu eftir því hvaða ár er tekið til viðmiðunar. Stærstur hluti þessara viðskipta var við Sovétríkin eða milli 15 til 21 prósent af heildarútflutningi Íslendinga (Þjóðhagsstofnun, 14. desember 2001a).

Stefnur Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks gagnvart þátttöku í fríverslunarsvæðingu voru nokkuð samhljóma en stefna Alþýðubandalagsins var önnur. Áhersla þriggja fyrr nefndu flokkanna var að bíða ætti og sjá til með þátttöku í stofnun fríverslunarsvæðsins en fylgjast mjög grannt með þróun mála. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem ræddu um skýrsluna á Alþingi vildu meðal annars að fjallað yrði um hvaða breytingar þyrfti að gera á efnahagskerfi landsins til þess að hægt yrði að taka þátt í fyrirhuguðu fríverslunarsvæði (Morgunblaðið, 28. nóvember 1958). Ólafur Thors, formaður flokksins, sá ekki hvernig vandamál sem spryttu upp vegna stofnunar fríverslunarsvæðis yrðu leyst með öðrum hætti en inngöngu (Alþingistíðindi, B 1957). Einar Olgeirsson, þingmaður Alþýðubandalagsins og einn helsti leiðtogi flokksins tók hins vegar einarða afstöðu gegn þátttöku í fyrirhuguðu fríverslunarsvæði. Hann taldi að Íslendingar myndu aðeins tapa á slíku samstarfi og auk þess væri ósanngjarnt að gera upp á milli viðskiptaaðila landsins. Hann óttaðist að þátttaka í fyrirhuguðu fríverslunarsvæði myndi ógna framtíð íslenskt landbúnaðar og kollvarpa íslenskum iðnaði. Hann taldi einnig að innan fríverslunarsvæðisins myndi þjóðlíf Íslendinga eiga undir undir högg að sækja (Alþingistíðindi, 1957 B).

Eins og kunnugt er varð ekkert úr fyrirhuguðu fríverslunarsvæði enda bar mikið á milli áherslu Frakka og Breta í málinu. Niðurstaðan var því sú að Bretar ásamt Svíum, Norðmönnum, Dönum, Austurríkismönnum, Svisslendingum og Portúgölum stofnuðu EFTA í febrúar 1959. Íslendingum stóð ekki til boða að taka þátt í stofnun EFTA vegna fiskveiðideilna við Breta en íslensk stjórnvöld höfðu fært landhelgina út í 12 mílur árið 1958. Það var talið útilokað að Íslendingar og Bretar gætu unnið saman í fríverslunarmálum á sama tíma og þjóðirnar áttu í jafn fjandsamlegum deilum og þorskastríðin voru (Einar Benediktsson, 2003).

Horfið frá „bíða og sjá“ stefnunni

Viðreisnarstjórnin, sem mynduð var árið 1959, gerði róttækar breytingar á efnahagskerfi landsins og færði það nær því sem önnur efnahagskerfi Vestur-Evrópuríkja höfðu þróast áratugina á undan. Ástæðan fyrir þessari stefnubreytingu var meðal annars sú að gera Íslandi kleift að gangast undir skuldbindingar sem aðild að fríverslunar- eða efnahagsbandalögum í Evrópu fólu í sér (Gylfi Þ. Gíslason, 1993). Þegar bæði EFTA og EBE voru sett á laggirnar var fríverslun með sjávarafurðir að mestu haldið utan við starfsemi bandalaganna. Þetta hafði smám saman verið að breytast og fyrirhugaðar voru niðurfellingar á tollum innbyrðis, bæði meðal EFTA ríkjanna og EBE ríkjanna (Ólafur H. Jónsson, 1976). Auk þess ýttu umræður um hugsanlega sameiningu eða samvinnu EFTA og EBE enn frekar á stjórnvöld um að taka Evrópumálin á dagskrá. Það voru því framtíðarhagsmunir Íslendinga sem knúðu stjórnvöld til þess að gaumgæfa þá kosti sem voru í stöðunni.

Ríkisstjórnin setti á laggirnar nefnd árið 1961 til að fjalla um fríverslunarmálin. Gylfi Þ. Gíslason var formaður nefndarinnar en að öðru leyti var hún skipuð embættismönnum. Meginmarkmið nefndarinnar var að gaumgæfa þann kost að Ísland gengi í EFTA til að ná betri vígstöðu í hugsanlegum samningum við EBE. Í skýrslu nefndarinnar sem send var ríkisstjórninni í apríl 1961 eru fyrst og fremst þrír þættir teknir fyrir (Nefndin um fríverzlunarmál, 12. apríl 1961).

Í fyrsta lagi fjallar nefndin um breytingar á viðskiptafyrirkomulagi að sjávarafurðir í Evrópu. Þar segir að ef Ísland eigi að taka þátt í fríverslun í álfunni sé það lykilatriði að fríverslun með sjávarafurðir verði eins frjáls og kostur er. Nefndin segir að EFTA samstarfið nái yfir takmarkaða fríverslun með sjávarafurðir og þær helstar sem mætti flokka sem iðnaðarvörur. Hins vegar er mjög takmarkaður aðgangur á Bretlandsmarkað fyrir mikilvægustu útflutningsvöru Íslendinga–freðfiskinn. Nefndin vísar í samþykkt EFTA frá því í febrúar 1961 þar sem ákveðið var að auka viðskipti með sjávarafurðir. Nefndin telur að á næstu misserum verði gagngerar breytingar á fríverslunarmálum í álfunni en vegna óvissu um í hverju þær verði fólgnar er ekki hægt að áætla hver áhrifin verði á útflutning Íslendinga.

Í öðru lagi fjallar nefndin um afstöðu Íslendinga til markaðsbandalaga í Evrópu. Nefndin gerir ekki ráð fyrir því að EFTA eigi eftir að lifa lengi því bandalagið hafi fyrst og fremst verið stofnað til þess að tryggja samkeppnisstöðu aðildarríkjanna gagnvart EBE ríkjunum í hugsanlegum samningaviðræðum. Nefndin gerir ráð fyrir að í nánustu framtíð verði um samruna þessara bandalaga að ræða. Þess vegna leggur nefndin til að ríkisstjórnin hörfi

frá „bíða og sjá“ stefnunni og sæki um aðild að EFTA. Nefndin byggir þessa niðurstöðu annars vegar á því að bið gæti orðið á samruna EBE og EFTA og á meðan myndi samkeppnisstaða Íslendinga hraka stórum. Innganga í EFTA myndi tryggja Íslendingum samflot með öðrum fiskveiðiþjóðum, t.d. Dönum og Norðmönnum, og innan EFTA myndu Íslendingar njóta góðs af náinni samvinnu við norrænu ríkin.

Í þriðja lagi fjallar nefndin um sérstöðu Íslands í fríversluninni. Það eru sömu þættir sem nefndin reifar á þessum tíma og þóttu standa í vegi fyrir þátttöku Íslands í fríverslunarsvæðinu sem fyrirhugað var að setja á laggirnar í lok 6. áratugarins: Íslendingar höfðu enn afar mikil viðskipti við Austur-Evrópu og þróun íslensks iðnaðar þótti skammt á veg kominn í samanburði við iðnað í Vestur-Evrópu og hann illa undirbúinn undir erlenda samkeppni. Ýmislegt sem varðaði íslenskan landbúnað þótti einnig standa í vegi fyrir aðild, einkum bann við útflutningsstyrkjum. Nefndin lagði því áherslu á að Íslendingar fengu langan aðlögunartíma til þess að fella niður verndartolla; helmingi lengri en almennt var gert ráð fyrir. Auk þess þyrfti að fara fram á að Ísland fengi undanþágu á að halda uppi viðskiptum við Austur-Evrópu. (Nefndin um fríverzlunarmál, 12. apríl 1961).

Í kjölfarið á skýrslunni fór af stað mikil vinna sem meðal annars fól í sér samráð við innlend hagsmunasamtök (Nefndin um fríverzlunarmál, 24. apríl 1961), víðtækt samráð við embættis- og stjórnmálamenn á Norðurlöndunum, viðtöl við starfsmenn alþjóðastofnana og könnun á afstöðu Breta. Gylfi Þ. Gíslason kynnti málið einnig sérstaklega fyrir stjórnvöldum í öllum ríkjum EBE (Einar Benediktsson, 2000).

Eftir samráð og viðræður erlendis kom í ljós að ýmislegt stóð í veginum fyrir inngöngu Íslands í EFTA og margt benti til þess að þær undanþágur sem Ísland fór fram á yrðu erfiðar viðureignar. Einnig var afstaða Breta til Íslendinga ekki jákvæð á þessum tíma sem mátti rekja til landhelgisdeilunnar nokkrum árum fyrr (Ólafur H. Jónsson, 22. júlí 1961). Jafnframt lýsti EBE því yfir að EFTA ríkjunum yrði boðið til viðræðna hvert í sínu lagi en ekki samtökunum í heild (Gunnar Helgi Kristinsson, 1987). Íslensk stjórnvöld höfðu bundið miklar vonir við að sameiginlegar viðræður EFTA ríkjanna við EBE myndu skila hagstæðum fríverslunarsamningum en nú urðu þær væntingar að engu og einn af þeim grundvallarþáttum sem þrýstu á EFTA aðild því ekki lengur til staðar.

Í ágústmánuði 1961 sóttu Bretar og Danir um aðild að EBE. Umsóknir Norðmanna og Íra fylgdu í kjölfarið auk þess sem hlutlausu ríkin í EFTA, Austurríki, Svíþjóð og Sviss, sóttu um aukaaðild að bandalaginu (Archer og Sogner, 1998). Aðildarríki EBE höfðu náð samkomulagi um að setja á ytri

toll fyrir sjávarafurðir og því var enn brýnna en áður fyrir Íslendinga að ná samningum við bandalagið. Sem dæmi má nefna að tollur EBE á saltfiski og skreið átti að hækka um 13 prósent, tollur á freðfiski yrði 10 prósent og niðursoðnar sjávarafurðir yrðu að búa við 20 til 25 prósent toll (Ólafur H. Jónsson, 1976). Hinn fyrirhugaði tollur EBE þýddi að meðaltals tollgreiðslur Íslendinga, vegna útflutnings frá landinu, myndu tvöfaldast auk þess sem samkeppnisstaða landsins versnaði samanborið við aðrar fiskveiðiþjóðir sem yrðu innan bandalagsins.

Ríkisstjórnin ráðfærði sig við hagsmunasamtök innanlands og í ágústmánuði 1961 hvöttu öll hagsmunasamtök landsins, að undanskyldu Alþýðusambandi Íslands, ríkisstjórnina til þess að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Þetta voru Framleiðsluráð landbúnaðarins, Samband íslenskra samvinnufélaga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samlag skreiðarframleiðanda, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband iðnaðarmanna, Verslunarráð Íslands, Kaupmannasamtökin, Félag íslenskra stórkaupmanna, Vinnuveitendasamband Íslands og Stéttarsamband bænda (Morgunblaðið, 18. ágúst 1961). Áður hafði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hvatt til þess að sótt væri um aðild. Ein af ástæðum þess að hagsmunasamtökin vildu hraða inntökubeiðni í EBE var að þau töldu að auðveldara væri fyrir Íslendinga að ná fram samningsmarkmiðum sínum áður en önnur ríki semdu við bandalagið og það væri fullmótað (Morgunblaðið, 18. ágúst 1961). Hagsmunasamtökin hvöttu þó ekki til skilyrðislausar aðildar því að ýmislegt var talið þurfa úrlausnar við áður en til aðildar kæmi og voru þau að miklu leyti samsinna ríkisstjórninni í þeim efnum. Hagsmunasamtök bænda breyttu hins vegar fljótlega um afstöðu og lögðust gegn aðild enda gætti verulegra efasemda meðal bænda um ágæti bandalagsins (Þjóðviljinn, 10. september 1961; Tíminn, 15. febrúar 1963).

Ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur, voru einhuga í málinu (Vísir, 15. nóvember 1962; Gunnar Helgi Kristinsson, 1987). Gylfi Þ. Gíslason leiddi umræðuna en fékk stuðning frá forystumönnum Sjálfstæðisflokksins þeim Ólafi Thors, forsætisráðherra og formanni flokksins, og Bjarna Benediktssyni, iðnaðar-, dóms- og heilbrigðisráðherra, og varaformanni flokksins. Ríkisstjórnin kom sér fljótlega niður á þá leið að sækja ætti um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu enda taldi hún, eftir umfangsmikið samráð við erlenda og innlenda aðilda, að ýmis ákvæði í Rómarsáttmálanum væru ekki aðgengileg fyrir smáríki á borð við Ísland (Bjarni Benediktsson, 1961; Frjáls menning, 1962).

Í fyrsta lagi að vegna fámennis þjóðarinnar gætu Íslendingar ekki undirgengist jafnræðisákvæði EBE um rétt til atvinnu og atvinnurekstrar (Bjarni Benediktsson, 1961; Sjálfstæðisflokkurinn, 1961; Alþýðublaðið, 6. febrúar 1962). Í öðru lagi var ýmislegt sem tengdist iðnaði, landbúnaði og verslun við Austur-Evrópuríki talið hindra fulla aðild. Í þriðja lagi töldu stjórnvöld að Íslendingar þyrftu langan aðlögunartíma við að fella niður verndartolla (Alþýðublaðið, 14. júní 1961). Í fjórða lagi gætu Íslendingar ekki veitt öðrum þjóðum jafna heimild og innlendum aðilum til veiða í íslenskri lögsögu (Alþýðublaðið, 14. júní 1961). Þetta atriði var talið mikilvægast.

Ekki reyndi á vilja EBE til þess að sættast á þessi markmið Íslendinga því óformlegar viðræður íslenskra ráðamanna við erlenda starfsbræður stöðvuðust í kjölfar yfirlýsingar de Gaulle, forseta Frakklands, að hann vildi ekki að Bretland fengi aðild að bandalaginu. Danir, Norðmenn og Írar drógu umsóknir sínar til baka, þó að þeim stæði til boða innganga, þar sem viðskiptatengsl þeirra við Bretland hafði verið einn meginhvatinn fyrir aðildarumsóknum þeirra. Neitunarvald Frakklandsforseta útilokaði aðild Bretlands að EBE og kom í veg fyrir breytingar á fríverslun í Evrópu. Þannig var einn helsti hvati fyrir aukaaðild Íslands og annarra EFTA ríkja að EBE úr sögunni. Hins vegar benda athuganir íslenskra embættismanna á viðhorfum innan framkvæmdastjórnar EBE á þessum tíma til þess að örðugt hefði verið fyrir stjórnvöld af fá þær undanþágur sem ætlunin var að sækjast eftir. Þær vörðuðu einkun sjávarútvegsmál, þar sem sjávarafurðir voru taldar sem landbúnaðarafurðir innan EBE, og atvinnurekstrarákvæði Rómarsáttmálans (Hans G. Andersen, 30. ágúst 1961).

Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið voru á móti hvers kyns aðild að bandalögum Evrópu og vildu stefna að því að gera tvíhliða samning við EBE og EFTA. Alþýðubandalagið var þó mun afdráttarlausara í þessari afstöðu sinni en Framsóknarflokkurinn. Afstaða Alþýðubandalagsins til Efnahagsbandalagsins kristallast í orðum Einars Olgeirssonar frá umræðunni um aðkomu Íslands að fríverslun í Evrópu nokkrum árum áður. Einar taldi að þýska auðmagnið og þýsku auðhringirnir yrðu allsráðandi innan EBE þar sem „lögmál markaðarins, hins frjálsa framboðs og eftirspurnar, gilda vægðarlaust“ (Alþingistíðindi, 1957 B: 1814) og muni „þrýsta niður lífskjörum á það stig, sem þau eru lægst í þessari samsteypu“ (Alþingistíðindi, 1957 B: 1814). Afleiðing af stofnun bandalagsins myndi birtast Íslendingum í verri lífskjörum, í því að atvinnuvegirnir myndu kollvarpast og þjóðlíf Íslendinga yrði í stórhættu (Alþingistíðindi, 1957 B). Deilur risu milli Framsóknarflokksins og stjórnarflokkanna um það hvort Framsóknarflokkurinn væri á móti stefnu ríkisstjórnarinnar eingöngu vegna þess að hann

væri í stjórnarandstöðu. Í því sambandi vísuðu forystumenn ríkisstjórnarinnar í stefnu Framsóknarflokksins þegar hann sat í ríkisstjórn á þeim tíma þegar umræður um stofnun fríverslunarsvæðis í Evrópu stóðu sem hæst Morgunblaðið, 15. janúar 1963; Alþingistíðindi B, 1962). Alþýðubandalagið sló mjög á strengi þjóðerniskenndar í umræðum um Evrópumál á þessum tíma (Þjóðviljinn, 20. ágúst 1961) og málflutningur Framsóknarflokksins byggðist einnig að hluta til á þjóðernislegum rökum. (Tíminn, 8. janúar 1963).

Eins og kunnugt er varð ekkert úr fyrirhugaðri stækkun EBE og í kjölfarið fjaraði Evrópuumræða á Íslandi út. Á þessum tíma var síldarævintýrið í uppsiglingu, útflutningur jókst gífurlega og hagsæld almennings var meiri en áður hafði þekkst. Þetta hafði letjandi áhrif á íslensk stjórnvöld að bindast markaðsbandalögum í Evrópu. Fyrst í stað var reynt að leita lausna á markaðsmálum Íslendinga í GATT viðræðunum sem þá stóðu yfir og voru kenndar við Kennedy Bandaríkjaforseta. Í upphafi ársins 1966 þótti fullreynt að þessar viðræður stæðu ekki undir væntingum íslenskra stjórnvalda og í kjölfarið var farið að renna hýru auga til EFTA á nýjan leik (Þórhallur Ásgeirsson, 22. janúar 1966). Embættismenn í stjórnarráðinu tóku að fylgjast mjög gaumgæfilega með þróuninni í fríverslunarmálum í álfunni og var Norðurlandasamstarfið mikilvæg uppspretta upplýsinga (Einar Benediktsson 2000).

Íslendingar ganga í EFTA

Í upphafi árs 1965 könnuðu Bretar hvernig styrkja mætti EFTA samstarfið og ein af þeim hugmyndum sem þeir báru fram var að fá Íslendinga og Íra í samstarfið (GATT nefndin, 20. apríl 1961). Embættismenn, sem sátu í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar og fjallaði um GATT viðræðurnar, tóku hugsanlega EFTA aðild til skoðunar í kjölfarið. Nefndin skilaði greinargerð til ríkisstjórnarinnar vorið 1965 (GATT nefndin, 1. júlí 1965). Í greinargerðinni þótti helsti kostur við EFTA aðild vera að hún greiddi fyrir útflutningi á sjávarafurðum og bætti samkeppnisskilyrði íslenskra sjávarafurða á mörkuðum í Evrópu. Nefndarmenn höfðu áhyggjur af stöðu Íslands í norrænni samvinnu sem hafði á undangengnum árum verið að færast undir EFTA að ákveðnu marki.

Helstu rökin gegn EFTA aðild voru þau sömu og áður (GATT nefndin, 1. júlí 1965). Leita þyrfti leiða til að tryggja framþróun íslensks iðnaðar í kjölfar þeirra tollalækkanna sem yrðu samfara EFTA aðild. Einnig þyrfti að

tryggja áframhaldandi viðskipti við Austur-Evrópu en þau voru þó ekki eins mikil og áður. Nefndarmenn töldu hins vegar að ákvæði um jafnan rétt til atvinnurekstrar innan EFTA svæðisins væru ekki ókostur þar sem það náði ekki til fiskveiða, landbúnaðar, samgöngumála og starfsemi banka og tryggingarfélaga (GATT nefndin, 1. júlí 1965). Þetta ákvæði reyndist þó mjög viðkvæmt í íslenskum stjórnmálum og stjórnvöld könnuðu hvort mögulegt væri að fá undanþágu frá þessu ákvæði (Utanríkisráðuneytið, 28.-29. apríl 1966).

Í kjölfarið á þessari skýrslu fóru íslensk stjórnvöld að athuga möguleika á aðild að EFTA og var því vel tekið af embættismönnum á hinum Norðurlöndunum (Þórhallur Ásgeirsson og Einar Benediktsson, 7. maí 1965). Nokkur umræða hafði verið á Íslandi um EFTA aðild einkum meðal iðnrekenda (Íslenskur iðnaður, október – nóvember 1964; Íslenskur iðnaður, ágúst-september 1965) og fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (Viðskiptaráðuneytið, 20. maí 1965; Jón Hjaltason o.fl., 1997). Fjórir fulltrúar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna komu til dæmis til viðræðna í viðskiptaráðuneytið í maí 1966 til að spyrjast fyrir um EFTA samstarfið. Minnispunktar frá fundinum sýna hins vegar að þekking á starfsemi EFTA var ekki almenn, ekki heldur meðal útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi (Viðskiptaráðuneytið, 20. maí 1966). Fram kemur í samantekt sendiráðunautar Íslands í París frá árinu 1964 að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi átti mjög erfitt með að marka sér fasta stefnu í fríverslunarmálum: „Verður það að teljast mun skaðlegra, sem vitað er, að þessir markaðir fyrir afurðir okkar eru í hvað örustum vexti“ (Einar Benediktsson, 8. janúar 1964). Fulltrúar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna litu þó til Evrópu með vonaraugum og töldu að þar væri mikill og sívaxandi markaður fyrir freðfisk (Jón Hjaltason o.fl., 1997). EFTA málið komst engu að síður ekki opinberlega á dagskrá fyrr en að afloknum Alþingiskosningum í apríl 1967.

Aðalhvatinn að því að taka upp viðræður við EFTA var versnandi samkeppnisstaða íslenskra sjávarafurða á Evrópumarkaði. Samningar þar að lútandi voru því forsenda þess að Ísland gengi í EFTA (Alþýðublaðið, 2. april 1969). Stefna hagsmunaaðila í sjávarútvegi og ríkisstjórnarinnar var hin sama. Markmiðið var fullt tollfrelsi fyrir sjávarafurðir án þess að til þyrfti að koma veiðiheimildir til handa erlendum útgerðum í íslenskri lögsögu. Möguleiki á fríverslunarsamningi við EBE í kjölfar EFTA aðildar var ein af aðalástæðum þess að ríkisstjórnin lagði áherslu á inngöngu í EFTA (Gunnar H. Kristinsson, 1987).

Í október árið 1967 var greinargerð unnin í viðskiptaráðuneytinu þar sem rökin með og á móti EFTA aðild Íslendinga voru tíunduð (Viðskipta-

ráðuneytið, 30. október 1967). Á þessum tíma var komin aukin þungi í umræðuna um huganlega þátttöku Íslands í EFTA og til dæmis hafði Félag íslenskra niðursuðuverksmiðja sent viðskiptaráðuneytinu erindi þar sem hvatt er til þess að EFTA aðild yrði skoðuð vandlega (Viðskiptaráðuneytið, 28. júlí 1967). Embættismenn tóku einnig að kynna málið fyrir starfsliði EFTA og inntu framkvæmdastjóra samtakanna t.d. eftir því hvort raunhæft væri fyrir Íslendinga að fá algerlega frjálsan aðgang að mörkuðum EFTA fyrir sjávarafurðir. Það þótti framkvæmdastjóranum ekki raunhæft (Þórhallur Ásgeirsson, 29. janúar 1968).

Viðreisnarstjórnin var enn við völd þegar hér var komið við sögu og var samtaka í stefnumótun og málflutningi sínum. Enn sem fyrr fór Gylfi Þ. Gíslason fyrir málinu en var dyggilega studdur af forystumönnum samstarfsflokksins þeim Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra, og Jóhanni Hafstein, iðnaðarráðherra. Framsóknarflokkurinn var lengi vel tvístigandi varðandi EFTA aðild og aðeins átta dögum áður en þingsályktunartillaga um að Ísland ætti að sækja um aðild að EFTA var lögð fram hafði Framsóknarflokkurinn ekki tekið afstöðu til málsins (EFTA-nefndin, 4. nóvember 1968). Þingmenn flokksins gagnrýndu þó stefnumótunarferlið frá upphafi og fannst að ekki væri farið út í nógu nákvæmar rannsóknir á afleiðingum EFTA aðildar fyrir íslenskt samfélag, og þá sérstaklega íslenskan iðnað (Þjóðviljinn, 9. nóvember 1969).

Hart var tekist á um EFTA aðildina og til marks um það söfnuðust hundruðir manna saman fyrir utan Alþingi þegar samþykkt var að sækja um aðild að EFTA. Fólkið mótmælti ákvörðun Alþingis, kastaði steinum að Alþingishúsinu og eggjum var grýtt í ráðherra (Þjóðviljinn, 13. nóvember 1968). Í atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillöguna greiddu 35 þingmenn atkvæði með tillögunni en 14 voru á móti og 11 þingmenn voru fjarverandi (Morgunblaðið, 13. nóvember 1969). Þingmenn stjórnarflokkanna greiddu atkvæði með aðild auk fjögurra þingmanna Alþýðubandalagsins.[1] Þingmenn Framsóknarflokksins og fjórir þingmenn Alþýðubandalagsins greiddu atkvæði gegn tillögunni (Morgunblaðið, 13. nóvember 1969). Framsóknarflokkurinn taldi ótímabært að sækja um aðild og vildi grípa til aðgerða innanlands til að styrka íslenskan iðnað og efnahagslíf almennt. EFTA aðild væri ekki lausnin á efnahagsvandanum.

Aðildarviðræður Íslendinga og EFTA hófust í janúar 1969. Í samningaviðræðum við EFTA lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á fjögur megin

---

[1] Kominn var fram klofningur innan Alþýðubandalagsins sem síðar leiddi til stofnunar Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna.

markmið (EFTA-nefndin, 8. janúar 1969). Í fyrsta lagi yrði Ísland að fá öll þau fríðindi sem EFTA hafði komið á innbyrðis strax við inngöngu. Í öðru lagi að Ísland fengi ákveðinn árafjölda til afnáms tolla og hafta. Í þriðja lagi að Íslandi yrði heimilað að halda áfram viðskiptum við ríki Austur-Evrópu og Sovétríkin. Í fjórða og síðasta lagi að ýmis tvíhliða vandamál yrðu leyst. Þessi tvíhliða vandamál voru meðal annarra að Ísland þyrfti sérstakan tollfrjálsan kvóta fyrir freðfisk í Bretlandi ef ekki næðist samkomulag um algerlega óheft viðskipti með sjávarafurðir. Íslendingar leituðu auk þess eftir stuðningi Norðurlanda við að auka sölu kindakjöts og að Norðurlöndin tæku þátt í að efla íslenskan iðnað.

Þessi samningsmarkmið náðust að langmestu leyti (Einar Benediktsson, 2000). Íslendingar nutu algerlega þess tollfrelsis sem áður hafði komist á milli EFTA ríkjanna strax frá inngöngu (Ólafur H. Jónsson, 1976). Auk þess fengu Íslendingar heimild til að fella niður tolla á innfluttar iðnvörur smám saman á tíu ára tímabili. EFTA ríkin heimiluðu Íslendingum að halda viðskiptum sínum við Sovétríkin og ríki Austur-Evrópu sem aðallega sneri að vöruskiptum á fiski og eldsneyti (Ólafur H. Jónsson, 1976).

Einn mikilvægasti þátturinn í samningaviðræðum við EFTA var að fá rýmri heimild til innflutnings á Bretlandsmarkað. Bretar sáu ekki mikinn hagnað af sinni hálfu hvað varðaði inngöngu Íslendinga í EFTA og því urðu samningaviðræður við þá erfiðar (Utanríkismálanefnd Alþingis, 13. desember 1969). Þegar upp var staðið töldu embættismenn og útflytjendur á Íslandi að niðurstaða samningaviðræðnanna væri afar hagstæð (Einar Benediktsson, 2000). Norðurlöndin komu einnig á móts við óskir Íslendinga, t.d. með því að stofna sérstakan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og liðka fyrir innflutningi á íslensku lambakjöti (Einar Benediktsson, 2000).

Þegar kom að atkvæðagreiðslu á Alþingi um samninginn sem stjórnvöld höfðu gert við EFTA sátu þingmenn Framsóknarflokksins hjá. Ágreiningur var um EFTA aðildina innan flokksins. Margir flokksmenn voru í raun hlynntir aðild og Eysteinn Jónsson, formaður flokksins, sagði að ein ástæða þess að hann styddi ekki EFTA aðild væri sú að hann vildi ekki bera ábyrgð á stjórnarstefnunni (Dagur B. Eggertsson, 1999). Fulltrúar Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd Alþingis deildu hins vegar á Gylfa Þ. Gíslason fyrir að hverfa frá því að fá undanþágu frá ákvæði EFTA um takmarkaðan rétt til atvinnurekstrar (Utanríkismálanefnd Alþingis, 13. desember 1969). Íslensk stjórnvöld höfðu fallið frá kröfu sinni um undanþágu vegna þess að það þótti veikja mjög samningsstöðuna gagnvart Bretum (Utanríkismálanefnd Alþingis, 13. desember 1969).

Alþýðubandalagið tók harða afstöðu gegn EFTA aðild en þrír þingmenn klufu sig úr flokknum og studdu aðildina. Tveir af þessum þingmönnum voru forystumenn Alþýðusambands Íslands og voru þeir því einnig á öndverðum meiði við sambandið því það fylgdi Alþýðubandalaginu að málum. Alþýðubandalagið hafði áhyggjur af því að skattbyrði myndi aukast í kjölfar EFTA aðildar, iðnaðurinn væri í hættu og hnignun hans þýddi verra atvinnuástand, atvinnurekstrarákvæði EFTA væri skaðsamleg Íslendingum og að aðild kæmi í veg fyrir félagslegan áætlunarbúskap (Gunnar H. Kristinsson, 1987).

Hagsmunaaðilar í landbúnaði lögðust gegn EFTA aðildinni þrátt fyrir að vel tækist til í samningaviðræðum við Norðurlöndin um aukin útflutning á kindakjöti. Í fyrstu voru hins vegar viðhorf forystumanna í landbúnaði jákvætt því þeir gátu ekki séð hvernig EFTA aðild kæmi niður á iðnaðinum nema hugsanlega til góðs (EFTA-nefndin, 22. ágúst 1968). Hins vegar tóku bændur einarða afstöðu gegn samningnum árið 1969 og töldu hann vera íslensku þjóðlífi og atvinnuvegum til tjóns (Freyr, 1969). Gera má ráð fyrir að hin sterku tengsl landbúnaðargeirans og Framsóknarflokksins hafi haft áhrif á stefnu hagsmunaaðila í landbúnaði í þessu máli.

EFTA aðild snerti mjög við íslenskum iðnaði en hagsmunaaðilar í iðnaði voru engu að síður afar hlynntir EFTA aðild. Það þótti greiða mjög götu ríkisstjórnarinnar í því ferli sem leiddi til EFTA aðildar (Einar Benediktsson, 2000). Ríkisstjórnin lofaði að koma til móts við þarfir iðnaðarins sem kæmu til af inngöngu Íslands í EFTA og vörðuðu til dæmis skattamál, fjármál, tæknimál, tollamál og fleira sem varðaði rekstur iðnfyrirtækja (Á döfinni, 1993).

Formleg þátttaka Íslendinga í samrunaþróun Evrópu hófst 1. mars árið 1970 með inngöngunni í EFTA. Þetta sama ár hófust samningaviðræður Evrópubandalagsins (EB)[2] við Breta, Dani, Norðmenn og Íra um inngöngu (Gylfi Þ. Gíslason, 1980; Þórhallur Ásgeirsson, 1972). Í kjölfarið samþykkti EB að ganga til samningaviðræðna við önnur EFTA ríki um fríverslunarsamninga og var Íslendingum boðið upp á fríverslunarsamning með iðnaðarvörur. Þetta samrýmdist augljóslega ekki íslenskum hagsmunum enda lögðu íslensk stjórnvöld höfuðáherslu á að fá viðurkennda þá sérstöðu um að nær allur vöruútflutningur landsins samanstæði af sjávarafurðum (Þórhallur Ásgeirsson, 1972). Á meðan á viðræðum stóð við EB, árið 1972, færðu

[2] 1. júlí 1967 kom samruni Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), Kola og stálbandalags Evrópu (ECSC) og Kjarnorkubandlags Evrópu (Euratom) til framkvæmda. Samruni þessara þriggja bandalaga myndaði svokallað „European Communities“ (EC) eða Evrópubandalagið (EB) á íslensku.

Íslendingar landhelgina út í 50 mílur sem olli miklum erfiðleikum í samningaviðræðunum. Íslendingar urðu ekki aðeins að fá Evrópubandalagið til að samþykkja fríverslun með sjávarafurðir sem reyndist örðugt heldur einnig að halda samningaviðræðum gangandi meðan á útfærslu landhelginnar stóð sem bitnaði á útgerðum í ríkjum EB landanna (Þórhallur Ásgeirsson, 1972). Útfærsla landhelginnar naut forgangs hjá stjórnvöldum og var grundvallarþáttur í utanríkisstefnu Íslendinga allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar þar til seint á 8. áratugnum (Einar Benediktsson, 2003). Þrátt fyrir þessa erfiðleika í samningagerðinni varð samningurinn að lokum afar hagstæður fyrir Íslendinga. Þverpólitísk samstaða var um samninginn þegar hann var undirritaður árið 1972 en árið áður höfðu Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og hið nýja framboð Samtök frjálslyndra og vinstri manna myndað ríkisstjórn. Bókun sex, sem fylgdi samningi Íslands við EB, var allra mikilvægust en hún fól í sér fríverslun með flestar sjávarafurðir. Bókunin hafði gífurlegan ábata í för með sér fyrir íslenska útflytjendur þegar hún tók gildi en ekki skipti minna máli að samkeppnistaða þeirra var afar sterk (Jón Hjaltason og Ólafur Hannibalsson, 1997; Ólafur H. Jónsson, 1976). Gildistaka bókunarinnar dróst hins vegar til ársins 1976 vegna landhelgisdeilna Íslendinga og ríkja EB en Íslendingar færðu landhelgina út í 200 mílur árið 1975 og tók sú útfærsla gildi ári síðar.

Samantekt

Íslendingar tóku ekki þátt í samrunaþróun Evrópu á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Efnahagslegur hvati til þessa að taka þátt í samrunaþróuninni var ekki til staðar því fríverslun í álfunni náði ekki yfir sjávarafurðir. Einnig löttu ýmsir efnahagslegir og pólitískir þættir Íslendinga til þess að bindast Evrópu nánari böndum. Íslenskt hagkerfi var reyrt í viðjar hafta og barátta landsins fyrir stækkaðri fiskveiðilögsögu var í algleymingi. Haftastefnan átti stóran þátt í því að útiloka þátttöku Íslands í fyrirhuguðu fríverslunarsvæði OEEC ríkjanna og útfærsla landhelginnar í 50 mílur árið 1958 og deilurnar við Breta sem fylgdu í kjölfarið urðu til þess að Íslendingum var ekki boðin aðild að EFTA. Innri og ytri þættir komu einnig í veg fyrir þátttöku Íslands í Evrópusamrunaferlinu í upphafi 7. áratugar síðustu aldar þegar stjórnvöld könnuðu kosti og galla þess að sækja um aðild að EFTA og EBE. Það var ekki fyrr en undir lok 7. áratugarins að íslensk stjórnvöld ákváðu að taka þátt í Evrópusamrunanum þegar haftastefnan hafði að miklu leyti verið afnumin,

auknir tollar á sjávarafurðir blöstu við á mörkuðum Evrópu og síldarævintýrið var úr sögunni.

Orðræða í Evrópumálum allt þetta tímabil er keimlík og fylkingarnar sem tókust á um Evrópumál riðluðust lítið. Alþýðubandalagið var algerlega á móti aðild að bandalögum í Evrópu frá upphafi og þingmenn þess tóku fast og ákveðið til orða. Framsóknarflokkurinn var tvístígandi í fríversunarmálunum lengi framan af en líklegt er að seta flokksins í stjórnarandstöðu frá 1958 til 1971 hafi haft sín áhrif á afstöðu flokksins. Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru afar samstíga og málflutningur forystumanna flokkanna var samhljóða. Hagsmunasamtök létu til sín taka í málinu. Bændasamtökin og Alþýðusamband Íslands beittu sér gegn þátttöku Íslands í Evrópusamrunanum. Hagsmunaaðilum í sjávarútvegi var hins vegar mikið í mun að halda í og helst bæta samkeppnisstöðu sína á mörkuðum í Evrópu þó að þeir sýndu ekki ýkja mikið frumkvæði hvað það varðar. Hagsmunaaðilar í iðnaði voru einnig hlynntir þátttöku í aukinni fríverslun þrátt fyrir að búa við verndartolla. Afstaða þeirra greiddi mjög götu þeirra sem stóðu í eldlínu viðræðnanna á þessum tíma.

Stjórnvöld áttu frumkvæði að því að meta stöðu landsins í þeim beytingum sem áttu sér stað í Evrópu og höfðu hagsmuni sjávarútvegsins að leiðarljósi í þeirri viðleitni sinni að tryggja efnahagslega stöðu landsins. Markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir var sá hvati sem fékk íslensk stjórnvöld til að skoða þá kosti sem voru í stöðunni í fríverslunarmálum. Hins vegar var ýmislegt sem latti stjórnvöld til formlegrar þátttöku í Evrópusamrunanum og í veginum voru þröskuldar sem þurfti að yfirstíga áður en Ísland gat gengið í EFTA og gert fríverslunarsamning við Evrópubandalagið.

Fríverslunarsamningurinn frá árinu 1972 tryggði góða samkeppnistöðu íslenskra sjávarafurða á Evrópumarkaði að mati hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka. Engar breytingar á innri markaði EB voru gerðar sem ógnað gátu þessari stöðu í rúman áratug. Evrópumálin voru því ekki á dagskrá íslenskra stjórnmála á þessu tímabili. Það var ekki fyrr en með undirbúningi að Einingarlögunum og tilkomu hins innri markaðar að Íslendingar og aðrar EFTA þjóðir þurftu að endurmeta stöðu sína gagnvart Evrópubandalaginu.

Heimildir

Alþingistíðindi B. (1957).
Alþingistíðindi B. (1959).
Alþingistíðindi B. (1962).
Alþýðublaðið. (22. nóvember 1957). Um fríverzlun í Evrópu.
Alþýðublaðið. (22. febrúar 1958). Úr skýrzlu Gylfa Þ. Gíslasonar á alþingi - II.
Alþýðublaðið. (23. febrúar 1958). Úr skýrzlu Gylfa Þ. Gíslasonar á alþingi – III.
Alþýðublaðið. (2. apríl 1969). Freðfiskurinn gæti ráðið úrslitum um EFTA aðild.
Archer, C. og Sogner, I. (1998). *Norway, European Integration and Atlantic Security*. London: SAGE.
Á döfinni. (1993). Iðnaðurinn og upphaf EFTA aðildar. *Á döfinni,* 2.
Bjarni Benediktsson. (1961). Úr ræðu Bjarna Benediktssonar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1961. Óbirt ræða. Sjálfstæðisflokkurinn.
Dagur B. Eggertsson. (1999). *Steingrímur Hermannsson. Ævisaga II*. Reykjavík: Vaka Helgafell.
EFTA-nefndin. (22. ágúst 1968). Fundargerð. Óbirt fundargerð. Viðskiptaráðuneytið.
EFTA-nefndin. (4. nóvember 1969). Fundargerð. Óbirt fundargerð. Viðskiptaráðuneytið.
EFTA-nefndin. (8. janúar 1969). Fundargerð. Óbirt fundargerð. Viðskiptaráðuneytið.
Einar Benediktsson. (8. janúar 1964). Tollalækkanir innan EFTA og tollabreytingar EBE. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.
Einar Benediktsson. (2000). *Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000*. Reykjavík: Fjölsýn forlag.
Einar Benediktsson. (2003). *Iceland and European Development: A historical review from a personal perspective*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
Einar Benediktsson, Ketill Sigurjónsson og Sturla Pálsson. (1994). *Upphaf Evrópusamvinnu Íslands*. Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.
Freyr. (1969). Aðalfundur Stéttarsambands bænda. *Freyr,* LVIII.
Frjáls menning. (1962). *Sjálfstæði Íslands og þátttaka í Efnahagsbandalögum: Umræður á ráðstefnu Frjálsar menningar 27. janúar 1962*. Reykjavík: Frjáls menning.
GATT nefndin. (1. júlí 1965). Rökin með og móti aðild að EFTA. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

GATT nefndin. (20. apríl 1965). Aðild Íslands að EFTA. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Gunnar H. Kristinsson. (1987). *Ísland og Evrópubandalagið*. Reykjavík: Öryggismálanefnd.

Gylfi Þ. Gíslason. (1980). Hagsæld, tími og hamingja. *Fjármálatíðindi,* 2.

Gylfi Þ. Gíslason. (1993). *Viðreisnarárin*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Gylfi Þ. Gíslason. (Nóvember 1958). *Skýrsla um fríverslunarmálið: flutt á Alþingi 26. nóvember 1958 af iðnaðarráðherra, Gylfa Þ. Gíslasyni*. Reykjavík: Viðskiptaráðuneytið.

Hans G. Andersen. (30. ágúst 1961). Minnisblað frá sendiherra Íslands í Brussels. Viðskiptaráðuneytið.

Íslenskur iðnaður. (Ágúst–September 1965). Norskur EFTA-sérfræðingur í heimsókn.

Jakob F. Ásgeirsson. (1998). *Pétur Ben.*. Reykjavík: Mál og menning.

Jón Hjaltason og Ólafur Hannibalsson. (1997). *Með spriklið í sporðinum: Saga SH 1942-1996*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jón Hjaltason, Hjalti Einarsson og Ólafur Hannibalsson. (1997). *Yfir lönd yfir höf: Saga SH og dótturfyrirtækja SH erlendis 1942-1996*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jónas Haralz. (1992). Ísland úr fjarska. *Fjármálatíðindi*, *2*, 151-158.

Morgunblaðið. (13. nóvember 1969). Samþykkt með 35 gegn 14.

Morgunblaðið. (15. janúar 1963). Vinstri stjórnin vildi aðild að fríverzlunarsamningi við EBE.

Morgunblaðið. (18. ágúst 1961). Samtök meginatvinnuveganna styðja: Inntökubeiðni í Efnahagsbandalagið.

Morgunblaðið. (28. nóvember 1958). Breytingar á hagkerfi undirstaða þátttöku í fríverzlun.

Nefndin um fríverzlunarmál. (12. apríl 1961). Álitsgerð. Óbirt skýrsla. Viðskiptaráðuneytið.

Nefndin um fríverzlunarmál. (24 April 1961). Samstarf við hin ýmsu hagsmunasamtök um undirbúning að aðild Íslands að fríverzluninni. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Ólafur H. Jónsson. (1976). Ísland og efnahagsbandalögin. *Fjármálatíðindi,* 2: 124-174.

Pétur Benediktsson. (1957). Efnahagssamvinna og fríverslun í Evrópu. *Fjármálatíðindi,* 2: 13-20.

Sigurður Snævarr. (1993). Ísland og alþjóðaefnahagsstofnanir 1945-1960. Í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur. K. Björnsson (ritstj.). *Íslenska sögupingið 28. – 31. maí 1997*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðifélag Íslands.

Tíminn. (14. júlí 1961). Íslendingar og markaðsbandalög Evrópu.

Tíminn. (15. febrúar 1963). Hér er á ferðinni eitt mesta sjálfstæðismál Íslendinga.

Tíminn. (8. janúar 1963). Örlagamálið.

Utanríkismálanefnd Alþingis. (13. desember 1969). 393. fundur. Óbirt fundargerð, forsætisráðuneytið.

Utanríkisráðuneytið. (28-29. apríl 1966). Frásögn af norrænum "handelschefs" – fundi í Reykjavík dagana 28. og 29. apríl 1966. Fundargerð. Utanríkisráðuneytið.

Viðskiptaráðuneytið. (20. maí 1965). Til minnis. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Viðskiptaráðuneytið. (30. október 1967). Aðild Íslands að EFTA. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Viðskiptaráðuneytið. (28. júlí 1969). Minnisblað. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Vísir. (15. nóvember 1962). Einhugur um EBE.

Þjóðhagsstofnun. (14. desember 2001a). *Útflutningur eftir löndum 1901-2000,* hlutfallsleg skipting. Tekið af: <http://www.ths.is/rit/sogulegt/a0709.xls> þann 12. mars 2003.

Þjóðhagsstofnun. (14. desember 2001b) *Hlutfallsleg skipting vöruútflutnings (fob) eftir vinnslugreinum 1901-2000*. Tekið af: <http://www.ths.is/rit/sogulegt/a0704.xls> þann 13. mars 2003.

Þjóðviljinn. (20. ágúst 1961). Níðingsverk í undirbúningi.

Þjóðviljinn. (10. september 1961). Ekki má veita útlendingum jafnrétti til atvinnurekstrar eða atvinnu.

Þjóðviljinn. (13. nóvember1968). Mótmæli við Alþingi í gær.

Þjóðviljinn. (9. nóvember 1969). Alþýðubandalagið og Framsókn telja umsókn um aðild að EFTA ótímabæra.

Þórhallur Ásgeirsson. (22. janúar 1966). Nokkrir punktar. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Þórhallur Ásgeirsson. (29. janúar 1968). Heimsókn á EFTA skrifstofuna. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Þórhallur Ásgeirsson. (1972). Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. *Fjármálatíðindi,* 2: 104-108.

Þórhallur Ásgeirsson og Einar Benediktsson. (7. maí 1965). Frásögn af viðtölum í Geneve 3. – 7. maí 1965 um hugsanlega aðild Íslands að EFTA. Minnisblað. Viðskiptaráðuneytið.

Evrópustefna íslenskra stjórnvalda: Áhrif varnar- og viðskiptatengsla við Bandaríkin

Baldur Þórhallsson
Hjalti Þór Vignisson

Ísland hefur verið í nánum varnar- og öryggistengslum við Bandaríkin allt frá tímum seinni heimsstyrjaldar. Varnarsamningurinn frá 1951, markar Íslandi sérstöðu meðal aðildarríkja NATO hvað varðar samskiptin við Bandaríkin þar sem samningurinn felur í sér meiri skuldbindingar af hálfu Íslands og Bandaríkjanna en aðildin að NATO. NATO aðildin skuldbindur ekki Ísland til að hýsa erlendan her en það gerir varnarsamningurinn. Ennfremur, ef varnarsamningnum yrði sagt upp væri Ísland eigi að síður skuldbundið að veita Bandaríkjamönnum aðstöðu í landinu ef vopnuð átök brytust út í einu eða fleiri aðildarríkjum NATO. Þetta undirstrikar þær auknu skuldbindingar sem varnarsamningurinn hefur fyrir Íslendinga (Albert Jónsson, 1989; Defence Agreement - pursuant to The North Atlantic Treaty between The United States of America and The Republic of Iceland, 5. maí 1951).[1] Ísland hefur einnig verið í nánum efnahagslegum og viðskiptalegum tengslum við Bandaríkin allt frá tímum seinni heimstyrjaldar. Þessi nánu hernaðarlegu og efnahagslegu tengsl höfðu mikil áhrif á stjórnmálaumræðuna á Íslandi allt kalda stríðið. Varnarsamningurinn, og vera bandaríska hersins í Keflavík, mætti til dæmis mun meiri andstöðu innanlands en vera Íslands í NATO. Sú spurning hlýtur að vakna hvort að þessi nánu tengsl við Bandaríkin hafi haft áhrif á afstöðu íslenskra ráðamanna gagnvart samruna-þróuninni í Evrópu.

---

[1] „Með þessu ákvæði varnarsamningsins (þ.e. 7. grein) virðast Íslendingar afsala sér að nokkru því svigrúmi, sem 5. gr. Atlantshafssamningsins veitir, þ.e. að aðili geri „þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar," Íslendingar virðast ekki geta verið lausir undan þessum kvöðum skv. 7. gr. Varnarsamningsins, nema að til komi uppsögn Atlantshafs-samningsins eða breyting ákvæðisins í varnarsamningnum. Að þessu marki kemur glöggt í ljós, hver grundvöllur Atlantshafssamningurinn er varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna" (Pétur Kr. Hafstein 1975: 18).

Archer og Sogner halda því fram að varnarmál í Noregi hafi haft lykiláhrif á afstöðu norskra ráðamanna til aðildar að Evrópusambandinu (ESB). Þeir hafi séð uppbyggingu sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins (CFSP) sem vænlegan kost til þess að styrkja varnir Noregs og leið til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í uppbyggingu varnar- og öryggismála í Evrópu í lok kaldastríðsins (Archer og Sogner, 1998). Íslenskir ráðamenn hafa hins vegar ekki sýnt neina tilburði í þessa veru, þ.e. að sækjast eftir aðild að ESB vegna varnar- og öryggismála.

Markmið þessarar greinar er að rannsaka áhrif hernaðarlegra og efnahagslegra tengsla við Bandaríkin á afstöðu íslenska ráðamanna til þátttöku Íslands í Evrópusamrunanum. Kastljósinu verður einkum beint að fjórum þáttum sem skipta máli þegar rætt er um Evrópustefnu á Íslandi. Í fyrsta lagi verður fjallað um varnarhagsmuni Íslendinga. Þar verður einkum horft á breytingar á hernaðarlegu mikilvægi landsins í kjölfar endaloka kalda stríðsins og umræður um samdrátt í herafla Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli. Í öðru lagi verða tengsl varnarmála og Evrópumála rædd, einkum út frá þeirri gerjun sem nú á sér stað í varnarmálum í Evrópu og hvernig sú þróun blasir við íslenskum ráðamönnum. Í þriðja lagi verður rætt um hvaða áhrif þjóðernishyggja hefur á umræður um varnarmál á Íslandi og hvernig sú orðræða teygir anga sína inn í umræður um Evrópumál á Íslandi. Í fjórða lagi verða efnahags- og viðskiptatengsl Íslands og Bandaríkjanna undir smásjánni, t.d. hversu mikill vöruútflutningur er frá Íslandi til Bandaríkjanna og hversu mikil efnahagsleg áhrif varnarliðið í Keflavík hefur á íslenskt efnahagslíf.

Varnarhagsmunir Íslendinga

Hernaðarlegt mikilvægi Íslands hefur dvínað eftir lok kalda stríðsins. Bandarísk stjórnvöld hafa brugðist við í samræmi við það og miklar breytingar hafa orðið á starfsemi varnarliðsins. Frá lokum kalda stríðsins hefur hermönnum á Keflavíkurflugvelli fækkað stöðugt sem á meðal annars rætur að rekja til brottflutnings ratsjárflugvéla, fækkun orrustuflugvéla og fækkun eftirlitsflugvéla flotans og fjarskiptastarfa (Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins, nóvember 2001). Árið 2001 var fjöldi hermanna kominn niður í um 1900 en hafði verið 3300 árið 1990. Sem dæmi um þær gífurlegu breytingar sem orðið hafa á Norður-Atlandshafi er hversu mikið hernaðarumsvif Sovétríkjanna/Rússlands hafa minnkað síðan á dögum kalda stríðsins. Aðeins fjórar rússneskar herþotur flugu nærri landinu frá ársbyrjun 1992 til maí 2003, tvær árið 1999 og aðrar tvær í apríl 2003. Á tólf ára

tímabili þar á undan flugu hins vegar alls 1324 sovéskar/rússneskar orrustuþotur nálægt landinu (Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins, september 2001).

Bókun var gerð við varnarsamninginn árið 1994 sem fól í sér að varnarviðbúnaður í Keflavík var dregin saman en jafnframt staðfestu Bandaríkjamenn skuldbindingar sínar á Íslandi vegna varnarsamningsins. Ákveðið var að aldrei færri en fjórar orrustuþotur yrðu staðsettar á Íslandi. Jafnframt var ákveðið að áframhald yrði á rekstri þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins en rekstur sveitanna tengist veru orrustuþotnanna (Viðtal við embættismann, apríl 2003). Árið 1996 var önnur bókun gerð við varnarsamninginn en hún hafði litlar breytingar í för með sér.

Í kjölfar atburðanna 11. september í Bandaríkjunum hafa þarlend yfirvöld tekið til við að endurskipuleggja heimavarnir Bandaríkjanna. Reynt hefur á þanþol bandaríska heraflans vegna hernaðaraðgerða Bandaríkjanna í Afganistan og Írak og aukins viðbúnað heima fyrir (Morgunblaðið, 20. apríl 2002). Í kjölfarið eru æ háværari raddir í Bandaríkjunum um að kalla hermenn heim af þeim svæðum þar sem ekki er talin þörf fyrir þá. Einnig er krafa um að endurskipulagning verði að eiga sér stað og ný forgangsröðun að koma til. Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Donald Rumsfeld, og nánir samstarfsmenn hans sjá ekki þá ógn sem steðjar að Íslandi og réttlæti veru bandaríska flughersins í Keflavík (Morgunblaðið, 20. apríl 2002). Viðmælendur blaðamanns Morgunblaðsins innan stjórnkerfis Bandaríkjanna sögðu t.d. að „þeir fengju enga þá hættu greint, sem steðjaði að Íslandi og ógnaði öryggi landsmanna. Lúsaleit í því efni dyggði ekki einu sinni til“ (Ásgeir Sverrisson, 18. apríl 2002).

Á grundvelli þessa bárust íslenskum ráðamönnum þau boð frá bandarískum stjórnvöldum í byrjun maí árið 2003 að flytja ætti á brott F-15 orrustuþoturnar fjórar og björgunarþyrlurnar sem eftir eru á Keflavíkurstöðinni. Undirbúningur að brottför þotnanna myndi hefjast í júní. Íslensk stjórnvöld brugðust ókvæða við þessum tíðindum og í viðræðum við bandarísk stjórnvöld sem fylgdu í kjölfarið kröfðust þau þess að vélarnar yrðu um kyrrt til að tryggja loftvarnir landsins. Eftir harkaleg viðbrögð íslenskra stjórnvalda og inngrip George Robertsson framkvæmdastjóra NATO, að beiðni Íslendinga, afturkölluðu bandarísk stjórnvöld, að frumvæði Bandaríkjaforseta, þá ákvörðun að þoturnar skyldu fluttar á brott. Ákveðið var að endurskipulagning Keflavíkurstöðvarinnar skyldi fara fram í tengslum við heildarendurskipulagningu á herafla Bandaríkjanna í Evrópu sem er í gangi (Morgunblaðið, 6. júní 2003; 8. júní 2003; 14. ágúst 2003).

Eftir stendur að mikil óvissa ríkir um veru orrustuþotanna á Íslandi sem og um aðra starfssemi varnarliðsins.

Á haustdögum 2002 var bandaríska yfirherstjórnin á Íslandi færð frá Norfolk í Bandaríkjunum til bandarísku Evrópuherstjórnarinnar (EUCOM) í Stuttgart í Þýskalandi. Þetta var gert að frumkvæði Bandaríkjastjórnar. Yfirstjórn Keflavíkurstöðvarinnar er tvískipt og er einnig hluti af herstjórnarkerfi NATO (SHAPE) sem hefur nú aðsetur í Mons í Belgíu (Viðtal við embættismann, júlí 2004). Íslensk stjórnvöld voru ekki hlynnt því að færa yfirstjórn bandarísku herstjórnarinnar frá Bandaríkjunum til Evrópu og töldu að slíkt hafi mikla breytingu í för með sér fyrir Ísland. Stjórnvöldum fannst eðlilegt að búa við óbreytt ástand að þessu leyti vegna varnarsamningsins (Morgunblaðið, 18. apríl 2002).

Íslensk stjórnvöld líta á allar tillögur um samdrátt í varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli sem óaðgengilegar. Íslenskir ráðamenn hafa ætíð lagt áherslu á það í viðræðum sínum við Bandaríkjamenn að á Íslandi verði að vera til staðar trúverðugar varnir. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, hefur t.d sagt að „varnarviðbúnaðurinn hér, er kominn í algjört lágmark, þannig að það er ekki hægt að segja, ef hann verður skertur, að það sé lengur um eiginlegar varnir að ræða“ (Morgunblaðið 19. apríl 2002). Þetta gengur í berhögg við yfirlýsingar bandarískra stjórnvalda sem fullyrða að trúverðugum vörnum verði komið við á Íslandi þrátt fyrir að hér sé ekki staðsett orrustuflugsveit.

Tengls varnarmála og Evrópumála

Varnarsamningurinn við Bandaríkin tengist Evrópustefnu á Íslandi með skýrum hætti. Björn Bjarnason þingmaður Sjálfstæðisflokksins og einn helsti sérfræðingur flokksins í varnar- og öryggismálum segir að öryggis- og varnarhagsmunir knýi Íslendinga ekki til aðildarviðræðna við ESB ólíkt öðrum þjóðum, til dæmis Finnum (Björn Bjarnason 2001). Björn er líkt og aðrir forystumenn Sjálfstæðisflokksins andvígur inngöngu Íslands í ESB. Hann hafnar algjörlega því sjónarmiði í umræðunni um öryggishagsmuni Íslendinga að með stækkun NATO til austurs hafi sjónarhorn bandalagsins flust frá norð-vestur Evrópu til austurs og suðurs og að aukin hætta sé á að Ísland einangrist á sviði varnar- og öryggismála. Hann telur að á meðan varnarsamnings Bandaríkjanna og Íslendinga njóti við sé ekki hætta á einangrun. Björn segir hins vegar að ef samstarf Bandaríkjanna og Íslendinga

rofni af eitthverjum ástæðum þá þurfi „bæði að grípa til róttækra ráðstafana í öryggismálum og móta nýja Evrópustefnu“ (Björn Bjarnason, 2001: 316).

Ekki þarf að fjölyrða um þá miklu gerjun sem á sér stað í öryggis- og varnarmálum í Evrópu. Í kjölfar kalda stríðsins hefur sjónarhorn NATO og Bandaríkjanna í varnarmálum sífellt verið að færast frá norð-vestur Evrópu. Norskir ráðamenn töldu að þessi nýja staða sem komið hefði upp veikti samningsstöðu Noregs í NATO (Archer og Sogner, 1998) og hófu endurmat á stöðu öryggis- og varnarmála, NATO skildi áfram vera kjölfestan í varnarmálum Noregs ásamt Atlantshafstengslunum. Árið 1991 óttaðist varnarmálaráðherra Noregs að Noregur myndi einangrast á jaðri Evrópu. Hann taldi jafnframt að ef Evrópusambandsaðild væri einungis metin út frá varnarmálum myndi Noregur sækja strax um aðild (Archer og Sogner 1998). Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, tók undir þessa greiningu á stöðunni og sagði að ef Evrópusambandið fengi aukið vægi í varnarmálum álfunnar þyrfti að endurskoða varnarmál í Noregi. Hún taldi mikilvægt að Noregur yrði ekki í annarri deild í mótun öryggis- og varnarmála í Evrópu (Archer og Sogner, 1998).

Íslenskir ráðamenn hafa ekki metið stöðuna á sama hátt og þeir norsku. Eftir að kalda stríðinu lauk hafa íslensk stjórnvöld aldrei litið til Evrópusambandsins sem varnarbandalags heldur kappkostað að halda í varnarsamninginn við Bandaríkin. Þróun öryggis- og varnarmála í Evrópu hefur þó valdið íslenskum ráðamönnum nokkrum áhyggjum. Það er einkum tvennt sem stjórnvöld hafa haft áhyggjur af. Í fyrsta lagi að aukið samstarf ESB ríkja á sviði varnarmála komi til með að veikja Atlantshafstengslin sem gæti þýtt að Bandaríkjamenn hyrfu smám saman frá varnarskuldbindingum sínum í álfunni (Ólafur Þ. Stephensen, 21. mars 1997). Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, hefur sagt að aukið vægi öryggis- og varnarmála í ESB megi ekki leiða til þess að veikja Atlantshafstengslin (Halldór Ásgrímsson, 7. desember 2000). Hann segir enn fremur að Íslendingar hafi „kappkostað að þurfa ekki að velja á milli Evrópu og Norður-Ameríku í öryggis- og varnarsamstarfi“ (Halldór Ásgrímsson, 7. desember 2000). Honum er mjög umhugað um að Evrópuríkin gangi ekki of langt í því að efla hina evrópsku varnarvitund og þar með að ýta Bandaríkjunum út í horn í Evrópu. Halldór er hræddur um að ESB eigi eftir að ganga of langt í þessu efni og Íslendingar og aðrar þjóðir megi ekki elta þá þróun heldur að halda við samskiptum sínum við Bandaríkin (Karl Blöndal, 22. október 1999). Davíð Oddsson, forsætisráðherra, hefur tekur undir þessi sjónarmið (Davíð Oddsson, 1. desember 2001). Hitt atriðið sem íslensk stjórnvöld eru uggandi um varðandi þróun öryggis- og varnarmála í Evrópu tengist því að Ísland er aðili að

NATO en ekki ESB (Ólafur Þ. Stephensen, 21. mars 1997). Þetta getur haft þau áhrif að þegar hin evrópska varnarvitund styrkist innan NATO að ákvarðanir verði að miklu leyti mótaðar á vegum ESB en ekki NATO. Ísland hefði því minni áhrif á þær ákvarðanir en það hefur í dag. (Karl Blöndal, 22. október 1999).

Vegna þessa beittu íslensk stjórnvöld sér með meiri og afgerandi hætti en nokkurt annað ríki innan NATO, að Tyrklandi undanskildu, fyrir því að fá að koma að ákvarðanatökuferli ESB innan hinnar sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnu (ESDP) þegar aðkoma NATO ríkja að öryggis- og varnarmálum ESB var á dagskrá á árunum 1998 til 2000. Þau lögðu þannig mun meiri áherslu á þetta heldur en norsk stjórnvöld sem sýnir alvöru málsins að mati íslenskra stjórnvalda. Íslendingar hafa hingað til átt fulltrúa í því ferli að móta varnar- og öryggisstefnu Evrópu þ.e. innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Vestur-Evrópusamstarfsins og NATO. Þau óttuðust að missa þessi sæti við ákvarðantökuborðið þegar ákvarðanir í varnar- og öryggismálum í Evrópu flyttust í auknum mæli yfir til ESB.

Átökin á milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands annars vegar og ríkisstjórna Frakklands og Þýskalands hins vegar um stríðið í Írak og afleiðingar þess hefur veikt NATO. Þrátt fyrir að breska ríkisstjórnin styðji stefnu ríkisstjórnar Bandaríkjanna heilshugar þá virðast Atlantshafstengslin vera veikari en áður. Bandaríkin virðast hafa öðruvísi hugmyndir og væntingar til þess hvaða hlutverki NATO eigi að gegna en mörg evrópsk aðildarríki NATO. Eftir því sem Atlantshafstengslin hafa veikst hafa íslensk stjórnvöld lagt meiri áherslu á áframhald hins sérstaka sambands Íslands og Bandaríkjanna. Ríkisstjórn Íslands lýtur á sig sem bandamann Bandaríkjanna í stríðinu gegn hryðjuverkum og í fyrirrætlunum Bandaríkjanna að koma á stöðugleika í heiminum. Í aðdraganda kosninganna árið 2003 minnti Davíð Oddsson forsætisráðherra kjósendur á að stjórnvöld hefðu lagt áherslu á að styrkja sambandið við Bandaríkin enn frekar og það ætti að vera einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu (Steingrímur Sigurgeirsson, 4. maí 2003). Íslenska ríkisstjórnin telur að varnarhagsmunir landsins séu best tryggðir með varnarsamningnum við Bandaríkin og veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli þó að báðir þessir þættir tengist óneitanlega aðild Íslands að NATO. Allt kapp er því lagt á að styrkja sambandið við Bandaríkin einkum vegna þess að hinar hörðu deilur á milli aðildarríkja NATO eru taldar grafa undan Atlantshafstengslunum. Aðalmarkmið ríkisstjórnarinnar er að tryggja veru bandaríska hersins í Keflavík og ráðherrar hafa ítrekað lýst sig mótfallna öllum niðurskurði í rekstri herstöðvarinnar.

Þjóðernishyggja, varnarmálin og Evrópusamruninn

Þegar skoðuð eru áhrif varnarsamningsins við Bandaríkin á Evrópustefnu stjórnvalda er greinilegt að málin skarast að einu leyti. Andstæðingar bæði varnarsamningsins og aukinnar samvinnu við önnur Evrópuríki slá mjög á strengi þjóðerniskenndar og þess vegna magnar hvort málið annað upp. Þannig hefur sú tregða sem birtist hjá íslenskum ráðamönnum að bindast Evrópu nánari böndum verið skiljanleg vegna þess að með því að setja Evrópumálin á dagskrá fá stjórnvöld sífellda ágjöf frá andstæðingunum. Evrópusinnar jafnt sem stuðningsmenn varnarsamningsins við Bandaríkin eru útmálaðir sem föðurlandssvikarar og ásakaðir um að vinna gegn íslenskri sérstöðu og þjóðerni. Tveir megin pólar tókust á í orðræðu um varnarmálin á tímum kalda stríðsins. Annars vegar voru það vinstri menn sem hömruðu á þjóðernislegum áherslum og að fylgjendur samningsins við Bandaríkin væru að stuðla að endalokum þjóðlífs á Íslandi með því að fylkja sér á bakvið Keflavíkurstöðina. Hins vegar voru það stuðningsmenn varnarsamningsins sem beittu andkommúnískum rökum og töldu að vinstri menn og aðrir herstöðvaandstæðingar væru einungis að stíga í vænginn við Moskvuvaldið. Morgunblaðið fór mikinn og taldi að Keflavíkurstöðin væri bæði nauðsynleg Íslendingum sem og vinaþjóðum okkar í Evrópu og á Norðurlöndum (Valur Ingimundarson, 2001).

Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var aldrei gripið til vopna og sú sérstaða sem Íslendingar hafa sem vopnlaus þjóð er mikilvægur þáttur í lífi og viðhorfum margra Íslendinga. Þetta hefur sett svip sinn á viðhorf Íslendinga til herstöðvarinnar og verið óspart notað af andstæðingum hennar (Valur Ingimundarson, 2001; Michael T. Corgan, 2002). Keflavíkurstöðin hefur aukið mjög á þjóðerniskennd Íslendinga og hafa andstæðingar herstöðvarinnar nýtt sér það óspart (Valur Ingimundarson, 2001). Íslendingar minnast sjálfstæðisbaráttunnar sem tíma þegar þjóðin reis úr djúpsvefni margra alda og krafðist þess að hún réði sér sjálf líkt og hún hafði gert fram á þrettándu öld (Guðmundur Hálfdánarson, 2001). Íslendingar fengu fullveldi árið 1918 en allar götur síðan hefur óttinn við að missa sjálfstæðið aftur til erlendra herra verið áberandi í íslensku þjóðlífi (Guðmundur Hálfdánarson, 2001). Stór hluti þjóðarinnar var andsnúinn veru Bandaríkjahers í landinu, að miklu leyti á þjóðernislegum forsendum. Til marks um mikla andstöðu þjóðarinnar er skoðannakönnun sem framkvæmd var á sjötta áratuginum og sýndi að 48 prósent þjóðarinnar var á móti veru hersins en aðeins 28 prósent fylgjandi (Valur Ingimundarson, 1996). Kannanir sem gerðar voru á áttunda og níunda áratuginum sýndu hins vegar að meirihluti þjóðarinnar studdi veru hersins

þrátt fyrir að stór hópur fólks væri honum andsnúinn eða á bilinu 33 til 48 prósent. Á tíunda áratuginum var það fyrst sem andstaðan fór niður fyrir fjórðung af kjósendum (Ólafur Þ. Harðarson, 1998). Um fullveldið er oft talað sem fjöregg þjóðarinnar. Þjóðerniskenndinni var viðhaldið með því að vísa í þjóðveldið þegar frjáls þjóð byggði landið og menningarlíf dafnaði. Síðan var það látið fylgja á eftir að sjálfstæði landsins hafi verið kastað á glæ og þar með hafi hið margrómaða þjóðveldi lagst niður og aldalöng kúgun og niðurlæging þjóðarinnar hafi verið það eina sem tók við. Alla síðustu öld var þjóðarsagan notuð með þessum hætti í stjórnmálabaráttunni (Guðmundur Hálfdánarson, 2001).

Í umræðum um Evrópumál hafa stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar ekki jafn öflug tromp á hendi og stuðningsmenn varnarsamningsins við Bandaríkin höfðu á tímum kalda stríðsins. Þátttaka Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) tryggir aðgang að innri markaði Evrópu en gefur jafnframt óskoruð yfirráð yfir fiskveiðilögsögunni og varnarhagsmunir Íslands eru tryggðir eins lengi og varnarsamningurinn er við lýði. Jafnframt eru yfirráð íslenskra ráðamanna yfir landbúnaðarmálum tryggð. Andstæðingar Evrópusambandsaðildar láta ekki sitt eftir liggja í umræðunni og oft falla stór orð eins og þessi orð Davíðs Oddssonar forsætisráðherra: „Mér finnst svo leiðinlegt hvað menn eru fullir af hörmungum og halda eingöngu ef þeir komast í … öndunarkassann hjá Evrópusambandinu, þar sem séð verður um að setja mjólk á pelann hjá þeim, þeir hætta að hugsa sjálfir, að þá fari mönnum að líða vel. Þetta eru ekki íslensk viðhorf finnst mér. Það vantar allan kraft, bjartsýni og þor í þessa menn sem eru uppfullir af vandlætingu og vandræðum“ (Silfur Egils, 24. mars 2002).

Stuðningsmenn aðildar að Evrópusambandinu geta ekki beitt jafn öflugum rökum og felast í andkommúnískum áróðri eða beitt fyrir sér varnarhagsmunum þegar rætt er um Evrópumál eins og þegar staðið var vörð um varnarsamninginn við Bandaríkin. Til að svara ágjöfum andstæðinga aðildar að ESB beita fylgjendur fyrst og fremst þeim rökum að aukin hætta sé á einangrun frá samrunaþróuninni í Evrópu, Íslendingar hafi mjög takmörkuð áhrif á löggjöf ESB sem gildi á Evrópska efnahagssvæðinu og að efnahagslegur ábati verði af aðild að sambandinu.

Efnahags- og viðskiptatengsl við Bandaríkin

Bandaríkjamenn stóðu fyrir öflugri uppbyggingu á stoðkerfi íslensks samfélags eins og uppbyggingu vega og flugvalla í seinni heimsstyrjöldinni. Auk þessa hjálpuðu bandarísk stjórnvöld við að koma sjávarafurðum Íslendinga í verð erlendis, og lánuðu m.a. Bretum til að greiða fyrir kaupum á fiski, og sáu Íslendingum fyrir öllum nauðsynjavörum á stríðstímanum. Annar mikilvægur þáttur sem tengdist hernaðarlegu mikilvægi landsins og efnahagslífi á Íslandi var Marshall aðstoðin. Einn af þeim þáttum sem skiptu miklu máli í því að íslensk stjórnvöld sóttu um aðstoðina var að þau komu strax auga á það hvernig þau gátu nýtt sér mikilvægi landsins í vörnum Bandaríkjanna og annarra NATO þjóða í samskiptum sínum við Bandaríkin (Gunnar Á. Gunnarsson 1996). Ísland naut margháttaðrar fyrirgreiðslu af hendi bandarískra stjórnvalda, t.d. innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC) (Gunnar Á. Gunnarsson, 1996). Bandarísk stjórnvöld voru uggandi yfir auknum viðskiptum Íslendinga við ríki Austur-Evrópu og ákváðu að veita íslenskum stjórnvöldum lán á árunum 1957 og 1958 til að koma í veg fyrir lántöku í Sovétríkjunum. Lánveitingar héldu áfram árið 1959 og nýrri ríkisstjórn var veitt verulegt gjafafé árið 1960 (Valur Ingimundarson, 2002). Í raun má segja að Íslendingar hafi fengið aðra „Marshall aðstoð" á árunum 1956 til 1960. Lán- og styrkveitingar Bandaríkjanna stóðu straum af helstu stórframkvæmdum á Íslandi á árunum 1948 til 1960 og áttu mikinn þátt í því að bæta lífskjör Íslendinga. Markmið bandarískra stjórnvalda var að stuðla að auknum efnahagsstöðugleika á Íslandi og þannig tryggja stjórnmála- og hernaðarhagsmuni sína og draga úr áhrifum Sovétmanna og Sósíalistaflokksins (Valur Ingimundarson, 1996).

Íslendingar nutu mjög velvilja Bandaríkjanna næstu árin þrátt fyrir að Bandaríkjastjórn hafi gefið það út árið 1960 að hún myndi ekki veita beina styrki ef erfiðleikar steðjuðu að íslensku efnahagslífi (Valur Ingimundarson, 2001). Bandaríkjastjórn hljóp til dæmis undir bagga með íslenskum stjórnvöldum í efnahagskreppunni sem reið yfir landið á árunum 1967 til 1969 og sem dæmi má nefna að hún keypti upp mikið af skreiðarbirgðum Íslendinga sem höfðu hrannast upp í kjölfar Bíafra stríðsins enda var Nígería aðal markaður fyrir íslenska skreið. Bandaríkin héldu einnig áfram að veita Íslendingum mjög hagstæð lán fram til ársins 1970 og var Ísland eina vestræna ríkið sem naut þessarar fyrirgreiðslu á þessum tíma. Auk þess gætti umsvifa varnarliðsins um allt íslenska efnahagslífið (Valur Ingimundarson,

2002). Til dæmis höfðu Íslendingar þó nokkurn hluta af gjaldeyristekjum sínum af varnarliðinu á sjötta áratuginum þegar þær fóru upp í 20 prósent af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar (Sigurður Snævarr, 1993). Árið 1970 voru tekjur af varnarliðinu sem hlufall af útflutningstekjum 5,4 prósent og jukust til ársins 1990 þegar þær voru 7 prósent af útflutningstekjum. Á sama tímabili stóðu tekjur af varnarliðinu sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nokkurn vegin í stað. Eftir lok kalda stríðsins hefur starfsemi varnarliðsins hins vegar dregist saman og efnahagsleg áhrif þess minnkað.

Samantekt á efnahagsáhrifum varnarliðsins fram til ársins 1977 sýnir að ábáti Íslendinga var bæði fólginn í því að inna ýmsa þjónustu af hendi fyrir varnarliðið og einnig að Íslendingar höfðu margvíslegt not af framkvæmdum varnarliðsins, án þess að þurfa að borga fyrir þær. Fyrst ber að nefna að Íslendingar hafa ekki lagt út krónu til varnarmála alveg fram á seinustu ár á meðan aðrar Norðurlandaþjóðir eyða um tveimur til þremur prósentum af þjóðarframleiðslu í hermál. Í öðru lagi byggðu Bandaríkin upp alþjóðaflugvöll Íslendinga, Keflavíkurflugvöll, og fleiri samgöngumannvirki Íslendingum að kostnaðarlausu (Geir H. Haarde, 1978). Enn fremur hafa fjölmargir Íslendingar haft hluta af viðurværi sínu vegna umsvifa varnarliðsins (Ingimundur Sigurpálsson 1976). Árið 2001 voru um 900 Íslendingar í vinnu hjá varnarliðinu auk þess að um 800 Íslendingar unnu hjá verktökum sem störfuðu fyrir varnarliðið (Þorlákur Helgason, 1991).



Mynd 1. Útflutningur frá Íslandi til Bandaríkjanna 1940-2000 sem hlutfall af heildarútflutningi

Heimild: Þjóðhagsstofnun, 14. desember 2001.

Efnahagsleg og viðskiptaleg tengsl landanna birtast einnig í vöru-útflutningi frá Íslandi til Bandaríkjanna eins og mynd 1 sýnir. Á fyrstu tveimur áratugunum eftir stríð nær útflutningurinn hámarki árið 1952 þegar um fjórðungur af öllum útflutningi fór til Bandaríkjanna. Næstu árin fór útflutningur til Bandaríkjanna dvínandi og varð nokkuð stöðugur í lok sjötta áratugarins og fram eftir þeim sjöunda eða um 15 prósent. Útflutningur til Bandaríkjanna náði hámarki árið 1973 þegar hann nam 37 prósentum af heildarútflutningi. Frá þessum tíma til árins 1986 er útflutningur til Bandaríkjanna aldrei minna en fimmtungur og iðulega á milli 25 og 30 prósent af heildarútflutningi. Mikilvægi Bandaríkjamarkaðar hefur hins vegar minnkað síðustu árin, sem skýrist að hluta með tilkomu hins innri markaðar Evrópusambandsins (Halldór G. Eyjólfsson, 27. nóvember 1992; DV, 23. október 1991), og hefur verið á bilinu 10 til 15 prósent.

Samantekt

Sú spurning hlýtur að vakna þegar farið er yfir náin efnahagsleg, viðskipaleg og hernaðarleg tengsl Íslands og Bandaríkjanna hvort að þau hafi mikilvægt skýringargildi hvað varðar Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda. Margir fræðimenn hafa haldið því fram að utanríkisstefna (smá)ríkja stýrist að miklum leyti af stefnu voldugs nágrannaríkis sem geti tryggt varnir ríkisins. Moon gerir til dæmis ráð fyrir að hið háða ríki sé bundið í neti alþjóðakerfisins og sérstaklega við ríkið sem það gerir varnarsamning við. Utanríkisstefna háða ríkisins fylgir því þess vegna eftir gildum, hagsmunum og skilningi ráðamanna sem er ýtt að þeim af alþjóðlegum og innlendum þáttum (Moon, 1985). Íslendingar hafa verið í nánum tengslum við Bandaríkin hvað varðar öryggis- og varnarmál og eins hafa efnahags- og viðskiptatengsl milli landanna verið sterk. Utanríkisviðskipti landanna allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar hafa verið Íslendingum mikilvæg og eru það enn. Tekjur Íslendinga af veru varnarliðsins skipta ekki minna máli. Fjöldi Íslendinga hefur lífsviðurværi sitt af vinnu í tengslum við varnarliðið og framkvæmdir þess hafa t.d skipt sköpun fyrir uppbyggingu alþjóðaflugvallar á Íslandi. Smæð hins íslenska samfélags hefur gert ábatan af veru varnarliðsins mjög sýnilegan. Einnig verður að taka með í reikninginn að Íslendingar hafa ekki þurft að leggja í neinn kostnað vegna varna landsins. Efnahagsaðstoð Bandaríkjanna á fyrstu áratugunum eftir stríð var íslenskum stjórnvöldum gríðarlega mikilvæg. Þau gátu treyst á stuðning Bandaríkjanna við að fá undanþágur frá afnámi viðskiptahindrana innan Efnahagssamvinnustofnunar

Evrópu (OEEC) og að fá styrki og aðra fyrirgreiðslu þegar Íslendingar stóðu frammi fyrir efnahagserfiðleikum. Þessi stuðningur Bandaríkjanna, sérstaklega Marshall aðstoðin, tafði fyrir umbótum í efnahagsmálum og afnámi viðskiptahindrana. Íslendingar voru því ekki undir það búnir efnahags- og viðskiptalega að taka þátt í samrunaþróunni í Evrópu þegar þeim stóð það til boða á árunum 1957 til 1959. Íslendingar voru jafnframt illa undir það búnir að taka þátt í samrunaþróuninni í byrjun 7. áratugarins þó að umbætur nýrrar ríkisstjórnar í efnahagsmálum væru farnar að koma til framkvæmda. Sú staðreynd að íslensk stjórnvöld áttu þess kost allt til ársins 1968 að leita á náðir Bandaríkjastjórnar vegna efnahagserfiðleika ýtti ekki á ríkisstjórnir á Íslandi að horfa til Evrópu. Náin efnahagsleg og viðskiptaleg tengsl við Bandaríkin virkuðu í raun letjandi á íslensk stjórnvöld að auka þátttöku sína í Evrópusamrunanum allt fram undir lok 7. áratugarins.

Þetta hefur hins vegar breyst á síðustu áratugum sérstaklega eftir lok kalda stríðsins. Bandarísk stjórnvöld aðstoða Íslendinga ekki lengur með beinum hætti þegar efnahagserfiðleikar blasa við, framkvæmdir hafa dregist saman hjá varnarliðinu og útflutningur til Bandaríkjanna síðast liðinn 15 ár er mun minni en á 20 ára tímabili þar á undan. Það er því erfitt að greina bein áhrif af efnahagslegum áhrifum varnaliðsins á Íslandi og viðskiptatengsla við Bandaríkin á afstöðu ráðamanna til Evrópusamrunans á síðustu árum.

Ef litið er til þess hvort að að hin nánu tengsl landanna í varnamálum hafi haft áhrif á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda þá á það við rök að styðjast og á sérstaklega við eftir lok kalda stríðsins. Evrópusambandið hefur reynt að hraða samrunaferlinu í varnar- og öryggismálum eftir megni þó að misvel hafi tekist til. Mörg ríki Evrópu hafa því litið til ESB, þar á meðal Noregur, þó að NATO aðildin og Atlantshafstenglin sé meginstoð varnar- og öryggismála landsins. Norskir ráðamenn hafa viljað taka virkan þátt í þróun varnarmála í Evrópu af ótta við að einangrast í varnarmálum álfunnar þ.e. þeir óttast að hafa ekki áhrif á þróun varnarmála innan ESB sem þeir sjá fyrir sér að muni hafa áhrif á varnir Noregs sérstaklega þegar litið er til framtíðar. Finnskir ráðamenn og ráðamenn í þeim ríkjum sem hafa nýlega gengið í sambandið hafa einnig litið til ESB og séð inngöngu í sambandið sem einn þátt í því að auka öryggi landa sinna. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefur hins vegar gert það að verkum að íslenskir ráðamenn hafa ekki litið svo á að innganga í ESB myndi auka öryggi landsins.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin skýrir hvers vegna Íslendingar hafa ekki litið til ESB hvað varnar- og öryggismál varðar. Svo framarlega sem varnarsamningurinn er í fullu gildi og Bandaríkin viðhalda þeim viðbúnaði sem í dag er til staðar á Keflavíkurstöðinni mun stór hluti íslenskra ráða-

manna, innan Sjálfstæðisflokksins og að hluta til innan Framsóknarflokksins, ekki horfa yfir til Evrópusambandsins hvað varnar- og öryggismál snertir. Fyrir þennan hluta ráðamanna tryggir varnarsamningurinn og viðbúnaðurinn á Keflavíkurstöðinni varnir landsins. Varnarsamningurinn brýtur því niður þann hvata sem megin þorri norskra ráðamanna hafði til þess að sækja um aðild að ESB í upphafi 10. áratugarins. Tengsl Íslands og Bandaríkjanna í varnamálum er því afar mikilvægur þáttur þegar skýra á áhugaleysi íslenskra stjórnvalda um að sækja um aðild að ESB. Það eru til að mynda varnarhagsmunir sem liggja til grundvallar kröfum íslenskra stjórnvalda um að Bandaríkin dragi ekki úr viðbúnaði á Íslandi á síðustu árum. Stjórnvöld beita ekki fyrir sig efnahagslegum áhrifum gegn því að dregið sé úr viðbúnaðinum heldur leggja þau áherslu á mikilvægi varnarliðsins fyrir varnir landsins. Íslensk stjórnvöld lögðu allt kapp á að Bandaríkjastjórn afturkallaði þá ákvörðun sína að draga orrustuþotur frá Keflavíkurstöðinni. Þessi mikla áhersla íslenska stjórnvalda á að Bandaríkin komi að vörnum landsins og að varnir landsins færist ekki alfarið á hendur NATO sýnir klárlega mikilvægi Bandaríkjanna í vörnum Íslands að mati íslenskra stjórnvalda.

Ísland var vegna hnattstöðu sinnar afar mikilvægt á dögum kalda stríðsins. Landið var lykill að stöðugleika á Norður-Atlantshafi og til að verja siglingaleiðir um Atlantshaf. Lega landsins er einn þáttur sem ræður hernaðarlegu mikilvægi landsins en annar þáttur sem ræður ekki síður miklu og hefur breyst mikið eftir hrun Sovétríkjanna eru umsvif Rússa í Murmansk. Umsvif rússneska hersins á Norður-Atlantshafi er á engan hátt sambærileg við starfsemi sovéska hersins á níunda áratuginum þegar umsvif hans náðu hámarki umhverfis Ísland. Hernaðarlegt mikilvægi landsins hefur því minnkað og er sáralítið eins og staðan er nú að mati áhrifamikilla ráðamanna í Washington. Ljóst er að bandarískir og íslenskir ráðamenn leggja misjafnan skilning í hættumat við Ísland. Íslensk stjórnvöld hafa þurft að bregðast við þessum breyttum aðstæðum í alþjóðamálum með því að taka virkari þátt í alþjóðlegu samstarfi og axla aukna byrði á alþjóðavettvangi. Íslendingar taka virkari þátt en áður í störfum NATO og hafa t.d. komið á stofn friðargæslusveit. Markmiðið hefur verið að sýna fram á að Íslendingar, þó fáir séu, geti lagt nokkuð af mörkum innan NATO og eigi þannig jafnframt rétt á að Bandaríkin tryggi varnir landsins.

Sú spurning vaknar hvort ekki sé aukin hætta á því að Íslendingar missi þá áheyrn sem þeir hafa notið hjá ráðamönnum í Washington. Sjónarhorn Bandaríkjanna, og NATO í ákveðnum mæli, færist í sífellt auknum mæli austur á bóginn og til suðurs og í vaxandi mæli til annarra heimsálfa en Evrópu. Framtíð varnarsamningsins sem slíks er ekki í hættu en óvissa ríkir

um hver verði umsvif Bandaríkjahers á Íslandi á næstu árum. Að mati íslenskra ráðmanna þýða minni umsvif ótrúverðugri varnir og á það hafa þeir lagt mikla áherslu í samræðum sínum við bandarísk stjórnvöld. Þegar hefur komið fram sú skoðun innan Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að svo gæti farið að Ísland þyrfti að endurmeta Evrópustefna sína ef leiðir skilja með Íslandi og Bandaríkjunum í varnarmálum (Morgunblaðið, 21. júlí 2004). Formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, hefur jafnframt bent á að lausnin á minnkandi umsvifum Bandaríkjamanna á Íslandi sé að styrkja varnar- og öryggismál landsins með því að ganga til liðs við Evrópusambandið og öryggis- og varnamálastefnu þess. Þetta styrkir enn frekar þá niðurstöðu að tengsl Íslands og Bandaríkjanna hvað varnamál varðar er þáttur sem verður að taka tillit til þegar afstaða íslenskra ráðamanna til Evrópusamrunans er greind.

Auk þessa má segja að varnarsamningurinn við Bandaríkin hefur aukið mjög á þjóðerniskennd Íslendinga. Stuðningsmenn samningsins hafa oft á tíðum legið undir ágjöfum og orrahríð andstæðinga samningsins og verið útmálaðir sem svikarar við íslenskt þjóðlíf og sjálfstæði. Að sumu leyti má heimfæra orðræðuna um varnarsamninginn á umræður um Evrópustefnu þar sem menn eru sakaðir um að vilja fórna fullveldinu og sjálfstæði þjóðarinnar þó að orðræða kalda stríðsins hafi á margan hátt verið beinskeyttari.

Heimildir

Albert Jónsson. (1989). *Iceland, NATO and the Keflavík Base*. Reykjavík: Öryggismálanefnd.

Archer, C. and Sogner I. (1998). *Norway, European Integration and Atlantic Security*. London: Sage.

Ásgeir Sverrisson. (18. apríl 2002). Varnarsamstarf á krossgötum? *Morgunblaðið*. Tekið af: http://www.safn.mbl.is þann 6. maí 2002.

Björn Bjarnason. (2001). *Í hita kalda stríðsins*. Reykjavík: Nýja bókafélagið.

Davíð Oddsson. (1. desember 2001). *Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs*. Tekið af: http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/pages/raeda0009 þann 30. maí 2002.

Defence Agreement - pursuant to The North Atlantic Treaty between The United States of America and The Republic of Iceland. (5. maí 1951) Reykjavík.

Geir H. Haarde. (Júní 1978). *Varnarstöðin í Keflavík í hernaðarlegu og fjárhagslegu tilliti*. Reykjavík: Utanríkismálanefnd og Sambands ungra Sjálfstæðismanna.

Guðmundur Hálfdánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur Akademían.

Gunnar Á. Gunnarsson. (1996). Ísland og Marshallaðstoðin. Atvinnustefna og stjórnmálahagsmunir. *Saga, tímarit sögufélagsins XXXIV*: 85-130.

Halldór Ásgrímsson. (7. desember 2000). *Ísland og þróun evrópskra öryggis- og varnarmála*. Tekið af: http://utanrikisraduneyti.is þann 30. apríl 2002.

Halldór G. Eyjólfsson. (27. nóvember 1992). *Áhrif EES-samningsins á íslenskan sjávarútveg*. Morgunblaðið.

Ingimundur Sigurpálsson. (1976). Herinn og hagkerfið: Efnahagsleg áhrif varnarliðsins. *Fjármálatíðindi*, *23*/1: 23-48.

Karl Blöndal. (22. október 1999). Varast ber að utanríkisstefna ESB veiki NATO. *Morgunblaðið*. Tekið af: http://www.safn.mbl.is þann 3. júní 2002.

Michael T. Corgan. (2002). *Iceland and Its Alliances: Security for a Small State*. New York: The Edwin Mellen Press.

Moon B.E. (1985). The Foreign Policy of the Dependent State. *International Studies Quarterly*, *27*: 315-340.

Morgunblaðið. (14. ágúst 2003). Fyrirmælin ekki lengur í gildi um að þoturnar fari.

Morgunblaðið. (18. apríl 2002). Ráðherra vill yfirstjórn áfram vestanhafs.

Morgunblaðið. (20. apríl 2002). Við höfum reynt að draga úr viðbúnaði á Íslandi.

Morgunblaðið. (21. júlí 2004). Útilokar ekki aðild að ESB.

Morgunblaðið. (6. júní 2003). Viðræður verði á forsendum beggja.

Morgunblaðið. (8. júní 2003). Herþotur á brott í haust?

Morgunblaðið. (19. apríl 2002). Væntir þess að málin leysist farsællega.

Ólafur Þ. Harðarson. (1998). Public Opinion and Iceland's Western Integration. Fyrirlestur fluttur ráðstefnunni Nordic Countries and the Cold War: International Perspective and Interpretations, Grand Hotel, Reykjavík, 24. júní 1998.

Ólafur Þ. Stephensen. (21. mars 1997). Tillögur um varnarmál setja Ísland í vanda. *Morgunblaðið*. Tekið af: http://www.safn.mbl.is þann 3. júní 2002.

Pétur Kr. Hafstein. (1975). *Um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins*. Óbirt ritgerð. Háskóli Íslands.

Sigurður Snævarr. (1998). *Haglýsing Íslands*. Reykjavík: Heimskringla.

Silfur Egils. (24. mars 2002). Viðtal við Davíð Oddsson. Skjár einn.

Steingrímur Sigurgeirsson. (4. maí 2003). Skattar ekki lækkaðir án Sjálfstæðisflokksins. *Morgunblaðið*.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins. (Nóvember 2001). *Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli*. Óbirt gögn. Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins. (September 2001). *Changes in the Iceland defence Force 1990-2000*. Óbirt gögn. Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins. (Maí 2001). *Varnarliðið á Íslandi 1951-2000*. Óbirt gögn. Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins.

Valur Ingimundarson. (1996). *Í eldlínu kalda stríðsins*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Valur Ingimundarson. (2001) *Uppgjör við umheiminn*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Valur Ingimundarson. (2002). Viðhorf Bandaríkjanna til íslenskrar hagstjórnar á 5. og 6. áratugnum. Í Jónas H. Haralz (ritstj.) *Frá kreppu til viðreisnar: Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930-1960*. Ísland: Hið íslenska bókmenntafélag, 327-344.

Viðtöl við embættismenn.

Þjóðhagsstofnun. (14. desember 2001). *Útflutningur eftir löndum 1901-2000, hlutfallsleg skipting*. Tekið af http://www.ths.is/rit/sogulegt/a0709.xls þann 2. maí 2003.

Þorlákur Helgason. (1991). Ef herinn fer. *Frjáls verslun*, *7*: 16- 27.

Evrópusamruninn og efasemdir íslenskra ráðamanna

Baldur Þórhallsson
Gunnar Helgi Kristinsson

Ísland er eitt fárra Evrópuríkja sem enn stendur utan við Evrópusambandið (ESB). Raunar eru Ísland, Noregur og Sviss einu Vestur-Evrópuríkin sem ekki hafa gerst aðilar að sambandinu ef undan eru skilin ör-ríkin Liechtenstein, Andorra, Monaco og San Marino. Mun meiri sérstöðu skapar þó sú staðreynd að Ísland er - að ör-ríkjunum undanskildum - eina ríkið í Vestur-Evrópu sem aldrei hefur sótt um aðild. Ísland er þannig eina ríkið þar sem stærstur hluti hins pólitíska valdahóps (þingmenn og ráðherrar) er andsnúinn aðild að ESB. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að allt frá seinni hluta níunda áratugar hafa niðurstöður skoðanakannana sýnt að helmingur svarenda sem taka afstöðu – og í sumum tilvikum hreinn meirihluti – er hlynntur því að sækja um aðild að sambandinu.

Stuðningur ráðamanna innan ESB við Evrópusamrunann kemur vel fram í skoðanakönnum sem EOS Gallup Europe gerði fyrir framkvæmdastjórn sambandsins árið 1996. 92% stjórnmálamanna (þingmenn á þjóðþingum og Evrópuþings) studdu aðild að ESB en aðeins 48% kjósenda. Aðeins 3% stjórnmálamanna álitu Evrópusambandsaðild vera „slæma“ á meðan 15% almennings litu svo á. 28% kjósenda töldu aðild hvorki „góða né slæma“ á meðan aðeins 5% stjórnmálamanna töldu svo vera. Svipað bil er á milli stjórnmálamanna og kjósenda varðandi spurninguna hvort að Evrópusambandsaðild hafi gagnast viðkomandi landi. 90% stjórnmálamanna töldu svo vera á móti 43% kjósenda. Aðeins 8% stjórnmálamanna töldu aðildina ekki hafa verið gagnlega á móti 36% almennings. Aðrir voru óákveðnir (EOS Gallup Europe 1996).

Í mörgum ríkjum nýtur þannig Evrópusamruninn stuðnings ráðamanna en skortir sambærilegan stuðning meðal almennings. Sem dæmi má nefna að bæði Noregur og Sviss hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu en kjósendur hafa komið í veg fyrir aðild. Ráðamenn voru hlynntir aðild, kjósendur ekki. Danskir kjósendur hafa tvisvar komið í veg fyrir „dýpkun“ á

þátttöku Danmerkur í Evrópusamrunanum og sænskir kjósendur komu í veg fyrir áform ráðamanna í Svíþjóð að taka upp Evruna.

Á Íslandi horfir þetta öðru vísi við. Stjórnmálaflokkar á Íslandi, hafa annað hvort verið alfarið á móti Evrópusambandsaðild eða fylgt „að-bíða-og-sjá" stefnu, fyrir utan Alþýðuflokkinn og Samfylkinguna. Aðeins einu sinni (á árunum 1961-63) hefur ríkisstjórn skoðað aðild sem valkost. Samanburður við hin Norðurlöndin er eftirtektarverður í því sambandi. Efasemdir um aðild eru þar útbreiddastar yst til hægri og vinstri en íhaldsmenn, frjálslyndir og jafnaðarmenn styðja eindregið aðild. Fyrsti íslenski stjórnmálaflokkurinn til að setja Evrópusambandsaðild á dagskrá gerði það árið 1994 - þrjátíu árum eftir að norskir stjórnmálaflokkar tóku málið á dagskrá. Á árunum 1999-2002 var enginn stjórnmálaflokkur með Evrópusambandsaðild á stefnuskránni. Á tíunda áratugnum vildu þar að auki aðeins örfáir þingmenn tjá sig opinberlega um að þeir styddu aðildarumsókn, flestir úr Alþýðuflokknum. Á sama tíma sýndu niðurstöður skoðanakannana að stór hluti kjósenda studdi umsókn um aðild að ESB.

Efasemdir íslenskra ráðamanna eru enn áhugaverðari í ljósi stuðnings kjósenda við aðild. Stuttu eftir alþingiskosningarnar árið 1999 sýndu skoðanakannanir að 38% kjósenda vildu sækja um aðild, þrátt fyrir að allir stjórnmálaflokkarnir væru andvígir því, 35% kjósenda voru óákveðnir en 27% voru á móti. Í nóvember sama ár hafði stuðningur við aðild aukist upp í 42.5% (Ólafur Þ. Harðarson 1999), og í maí 2001 sýndu skoðanakannanir tæplega 54% stuðning við umsókn á meðan að 30% voru á móti, en 16% voru óákveðnir eða neituðu að svara (PricewaterhouseCoopers 2001).

Stuðning kjósenda við aðild má rekja aftur til níunda áratugarins. Frá árinu 1988 og út tíunda áratuginn sýndu niðurstöður skoðanakannana að hægt væri að skipta kjósendum í um það bil þrjá jafn stóra hópa (hlynntir, á móti og óákveðnir) varðandi spurninguna um aðild. Hins vegar eru talsverðar sveiflur í fylgi kjósenda á milli skoðanakannana (Gunnar Helgi Kristinsson 1996: Baldur Þórhallsson 2002).

Til að skilja efasemdir íslenskra ráðamanna, þarf að leita skýringa út fyrir viðteknar kenningar í Evrópufræðum. Viðteknar kenningar gera ráð fyrir að valdahópurinn í samfélaginu sé næmari á bæði mikilvægi og vandamál Evrópusamrunans en almenningur. Jean Monnet, frumkvöðull að stofnun ESB, og félagar hans lögðu áherslu á mikilvægi þess að skapa

> ... ramma þar sem hinir „bestu og skörpustu" fengju tækifæri til að koma með nýjar hugmyndir um sameiginlegar og yfirþjóðlegar stefnur. Þessi stjórnlist var mótuð til að gera sameiginlegri Evrópustefnumótun hærra undir höfði, sem ætti

> að vera byggð á betri upplýsingum en hefðbundið ferli stjórnmálanna. (Wallace 1996: 22-3).

Viðteknar kenningar gera ráð fyrir að viðhorf valdahópsins mótist af greiningu og samanburði valkosta. Þær hafa hins vegar tilhneigingu til að líta framhjá því að valdahópurinn er mótaður af samfélagsstöðu sinni, ekkert síður en almennir kjósendur. Einstaklingar í valdahópnum eru að hluta til vanafastir, tilfinningaverur og eiginhagsmunasinnaðir, ekkert síður en kjósendur. Slíkir mótunarþættir hafa umtalsverð áhrif á viðhorf valdahópsins og geta við vissar aðstæður haft úrslitaáhrif á ákvarðanir í Evrópumálum. Þrír þættir virðast vænlegir til að varpa ljósi á afstöðu íslenskra ráðamanna: Í fyrsta lagi umræðuhefð utanríkismála á Íslandi, í öðru lagi tengslanet ráðamanna við umheiminn og í þriðja lagi valdahagsmunir ráðandi hópa í íslenska valdahópnum.

Umræðuhefð og heimssýn ráðamanna

Almennt er viðurkennt að Evrópusamruninn snýst aðeins að hluta til um efnahagslega hagsæld. Fullveldi, öryggi og menning eru óaðskiljanlegur hluti hans. Þetta samrýmist illa áherslu íslenskra ráðamanna í utanríkismálum á efnahagslegan ávinning og sjálfstæði landsins. Hluti skýringarinnar á þessari einhliða áherslu er að finna í utanríkissamskiptum Íslendinga í gegnum tíðina og þeim hugsanagangi sem hefur verið ríkjandi þegar utanríkismál eru rædd á Íslandi.

Í byrjun tuttugustu aldar, á mótunarárum íslenskra stjórnmála, hafði Ísland ekki formlega utanríkisstefnu og enga utanríkisþjónustu. Utanríkissamskipti snérust fyrst og fremst um samskiptin við Danmörku og markaðssetingu á fiski og landbúnaðarvörum. Þetta voru helstu viðfangsefni íslenskrar utanríkisstefnu, einnig eftir að fullveldi var náð árið 1918.

Með sambandslögunum 1918 fékk Ísland vald til að móta eigin utanríkisstefnu. Danir áttu hins vegar að annast framkvæmd stefnunnar eins lengi og samningurinn væri í gildi. Þetta þýddi að fram til ársins 1940 var ekki til íslensk utanríkisþjónusta, fyrir utan sendiherra í Danmörku. Nokkrir Íslendingar unnu í dönsku utanríkisþjónustunni og íslenska ríkisstjórnin hafði viðskiptafulltrúa erlendis, en ekkert utanríkisráðuneyti var á Íslandi. Utanríkismál voru á hendi forsætisráðherra.

Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti lýðveldisins, var eini íslenski sendiherrann á millistríðsárunum. Í endurminningum hans kemur

fram að margir álitu það of dýrt fyrir Ísland að halda úti sendiherra í Danmörku, þrátt fyrir að hann bæri persónulega hluta af kostnaðinum. „Margir álitu hreint og beint, að Ísland hefði engin utanríkismál og þyrfti ekki að hafa" (Sveinn Björnsson 1957:125). Annar hátt settur embættismaður, Birgir Thorlacius, minnist þess að fyrir seinni heimstyrjöldina hafi íslenskir ráðherrar haft lítil utanríkissamskipti. Sem dæmi segir hann sögu af ráðuneytisstjóra í einu ráðuneytanna sem tók hluta af pósti sínum, óopnaðan, og sagði: „Þetta er útlent, það má henda því" (Birgir Thorlacius: 1994: 20).

Utanríkisráðuneytið var stofnað árið 1940 eftir að Danmörk var hernumin af Þjóðverjum. Stofnun utanríkisráðuneytis átti án efa stóran þátt í að draga athygli ráðamanna í auknum mæli að mikilvægi utanríkismála. Á stríðsárunum var íslenska ríkisstjórnin í nánum tengslum við valdmenn í Bretlandi og Bandaríkjunum og eftir stríð vildu íslensk stjórnvöld ekki halda í hlutleysistefnu sem Ísland hafði fylgt fyrir stríð. Vera bandaríska hersins á Íslandi og aðildin að NATO eru þau málefni sem mestar deilur stóðu um í íslenskum utanríkismálum á síðari hluta tuttugustu aldar. Talsverður hluti almennings var á móti veru varnarliðsins og andstaðan var að mestu byggð á þjóðernisrökum.

Því er iðulega haldið fram að þjóðernishyggja sé eins konar fasti í íslenskum stjórnmálum og allir stjórnmálaflokkar verða að taka tillit til á einn eða annan hátt (Ólafur Ragnar Grímsson, 1978). Þjóðernishyggja getur verið túlkuð á mismunandi vegu, en hún er hluti af hinni pólitísku orðræðu. Þó nauðsyn geti krafist þess að Ísland taki þátt í alþjóðlegri samvinnu upp að vissu marki samkvæmt þessari umræðuhefð þá krefst sú þátttaka skýrrar og áþreifanlegrar réttlætingar. Öryggismál og þátttaka Íslands í evrópskri efnahagssamvinnu uppfylltu aðeins að hluta til þessi skilyrði og þar af leiðandi olli sú ákvörðun að hafa bandarískan her og ganga í NATO miklu fjaðrafoki í íslenskum stjórnmálum, jafnvel þótt báðar ákvarðanirnar hafi falið í sér töluverðan efnahagslegan ávinning.

Einangrun og það öryggi sem fjarlægðin skapar getur að hluta til skýrt af hverju margir Íslendingar taka alþjóðasamskiptum með fyrirvara. Ef til vill getur tilfinning um valdaleysi og smæð skýrt af hverju Íslendingar sjá sér ekki hag í að blanda sér í stjórnmál stærri ríkja. En hluti af skýringunni liggur einnig í því að hugmyndalegan og tæknilegan grundvöll skorti fyrir annars konar umræðu.

Þótt Ísland hafi komið á fót lítilli utanríkisþjónustu á eftirstríðs árunum, voru þjóðernisleg hugtök mjög ráðandi í utanríkispólitískri umræðu. Ísland hefur aldrei haft eigin her og þrátt fyrir að varnarmálin væru eitt umdeildasta málið í íslenskum stjórnmálum, snérist deilan að miklu leyti um ólíkan

skilning á þjóðernishyggju. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að skortur á fagmennsku og sjálfstæðu mati á varnarhagsmunum Íslands hafi einkennt umræðu um varnarmál eftir stríð (Valur Ingimundarson 1996, Albert Jónsson 1989).

Nánast engar rannsóknir voru gerðar á utanríkisstefnu eða varnarmálum á Íslandi fram til ársins 1979 þegar Öryggismálanefnd var sett á laggirnar. Nefndin hafði á að skipa einum eða tveimur sérfræðingum og gaf út margar skýrslur um utanríksstefnu á níunda áratugnum. Líklega stuðlaði nefndin að meira jafnvægi í umræðunni um öryggismál en áður hafði ríkt, en hún var lögð niður árið 1991 þegar ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði lokið störfum. Í stað hennar var Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stofnuð en vegna fjárskorts hefur hlutverk hennar verið frekar takmarkað. Lektorsstaða í alþjóðasamskiptum hefur verið við Háskóla Íslands frá seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar.

Áframhaldandi tök þjóðernishyggju á umræðunni um utanríkisstefnu á Íslandi má að hluta skýra með skorti á fagþekkingu og rannsóknum. Íslenskir ráðamenn höfðu takmarkaðan aðgang að annari túlkun á utanríkisstefnu, sem sterkari utanríkisþjónusta og stofnanir á sviði alþjóðamála hefðu getað veitt. Án öflugrar utanríkisþjónustu, eigin hers og rannsóknastofnana voru engir þeir aðilar til staðar sem gátu veitt arfleið þjóðernishyggjunar mótvægi.

Íslenskir ráðamenn hafa tilhneigingu til að líta á Evrópusambandið sem efnahagslegt eða lagalegt fyrirbæri frekar en pólitískan vettvang og meta þar af leiðandi aðild út frá efnahagslegum frekar en pólitískum forsendum. Í hvert skipti sem aðild hefur borið á góma vegna breytinga í Evrópu brennur sama spurningin á Íslendingum: Aðgangur Íslands að fiskmörkuðum í Evrópu. Skref til að færa umræðuna yfir á fleiri svið hefur ekki verið aðlaðandi í augum megin þorra íslenskra ráðamanna – að minnsta kosti ekki fyrr en eftir miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Ráðamenn skortir hugtökin og orðaforðann til að geta komið íslenskum hagsmunum á framfæri fyrir utan sjálfsákvörðunarrétt og útflutning á fiski. Þeir sem telja þátttöku í Evrópusamvinnunni kost fyrir Íslendinga átta sig á þeirri pólitísku áhættu sem þeir taka með því að setja Evrópusamvinnu á oddinn. Þeir standa ekki bara frammi fyrir því að vera sakaðir um að vilja fórna fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar - hvort sem er í formi sjálfsákvörðunarréttar almennt eða í sjávarútvegsmálum sérstaklega - heldur gætu deilur um Evrópumál reynt mjög á samstöðu innan einstakra stjórnmálaflokka og leitt til átaka á milli stjórnmálaflokka sem hefðu varanleg áhrif á myndun ríkisstjórna.

Í lok tuttugustu aldar voru ýmis merki um nýjan tón í umræðunni um mögulega aðild að ESB. Utanríkisþjónustan hafði verið styrkt verulega og

þeir tveir ráðherrar sem fóru með utanríkismálin frá 1991 - 2004 voru jákvæðari gagnvart aðild en fyrirrennarar þeirra. Forsvarsmenn atvinnulífsins og ráðamenn hafa fundið fyrir auknum þrýstingi vegna alþjóðavæðingar og verða að taka aukið tilllit til alþjóðamála við stefnumótun. Einstaka ráðamann virðast vera viljugri en áður til að setja aðild á dagskrá stjórnmálanna.

Tengslanetið: Ísland á jaðri Evrópu

Ein ástæða þess að íslenskir ráðamenn hafa ekki verið uppteknir af sameinaðri Evrópu er einfaldlega lega Íslands á jaðri Evrópu. Tíð og mikil samskipti þjóða á milli leiða til þess að hugmyndir berast hratt. Í byrjun tuttugustu aldarinnar komu hugmyndir og nýjungar til Íslands aðallega frá Danmörku. Breyting varð á þessu eftir seinni heimstyrjöldina þegar Bandaríkin og að sumu leyti Bretland urðu mikilvægustu viðskiptaaðilar Íslands.

Kalda stríðið setti sitt mark á erlend samskipti íslenskra ráðamanna. Tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin greiddi leiðina að viðskiptasamböndum og menningarlegum samskiptum. Á tímabili á sjöunda áratugnum var aðeins ein sjónvarpsstöð á Íslandi sem rekinn var að bandaríska hernum. Ensk tunga varð það erlenda tungumál sem flestir náðu tökum á og margir námsmenn fóru til háskólanáms í Bandaríkjunum.

Tafla 1. Menntun helstu embættismanna erlendis (%)

Land	Ár				
	1905	1917	1949	1965	1988
Danmörk	100	96	69	32	14
Önnur Norðurlönd	-	4	13	11	14
Bretland	-	-	-	21	28
Bandaríkin	-	-	6	26	31
Meginland Evrópu	-	-	12	21	14
Samtals	100	100	100	100	100
% æðstu embættismanna menntaðir erlendis	90	96	46	49	69

Heimild: Gunnar Helgi Kristinsson, 1994: 129.

Seinni heimsstyrjöldin markaði tímamót í menntunarmöguleikum Íslendinga. Árið 1988 var þriðjungur þeirra æðstu embættismanna sem hlotið höfðu menntun erlendis, menntaðir í Bandaríkjunum og sameiginlega var menntun þeirra í engilsaxnesku löndunum 59% eins og sést á töflu 1. Evrópusambandslöndin á meginlandi Evrópu hafa aldrei haft sama aðdráttarafl fyrir íslenska stúdenta og eins og Norðurlöndin og engilsaxnesku löndin. Með öðrum orðum. Æðstu embættismenn sem hlotið hafa menntun erlendis hafa að mestum hluta menntað sig utan Evrópusambandsins eða í þeim ríkjum þess þar sem mestar efasemdir ríkja um samrunaþróunina þ.e. Bretlandi og Danmörku.

Viðskiptatengsl hafa einnig áhrif á viðhorf ráðamanna. Af upprunalegum aðildarríkjum sambandsins, er Þýskaland eina ríkið sem Ísland hefur átt í verulegum viðskiptum við. Bandaríkin, Bretland og um tíma Sovétríkin hafa verið megin viðskiptaaðilar Íslands. Þetta má rekja að nokkru leyti til nálægðar við Bretland og kalda stríðsins. Viðskiptatækifæri í Bandaríkjunum og Rússlandi áttu að hluta til rætur sínar að rekja til stjórnmálalegra þátta. Á millistríðsárunum fór að meðaltali 96% af útflutningi Íslands til Evrópu, aðallega til Norðurlandanna, Bretlands og Spánar. Eftir stríð urðu Bandaríkin stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir en í þorksastríðunum opnuðust einnig markaðir fyrir íslenskar sjávarafurðir í Austur-Evrópu.

Uppbygging íslenskra sendiráða erlendis lýsir forgangsröðun í utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda. Fyrsta sendiráðið var opnað í Kaupmannahöfn árið 1920 og var um langan tíma eina sendiráð Íslands. Annað sendiráð var opnað í London árið 1940 og það þriðja í Stokkhólmi sama ár eftir að Danmörk var hernumin. Fjórða sendiráðinu var komið á fót í Washington árið 1941 og því fimmta í Moskvu árið 1944. Fyrsta sendiráðið í stofnríki ESB var opnað í París árið 1946. Upphaflega ætlaði íslenska ríkisstjórnin að láta sendiráðið í London þjóna París, en neikvæð viðbrögð frönsku ríkisstjórnarinnar urðu þess valdandi að sérstakt sendiráð var opnað í París. Ætla mætti að opnun sendiráðs í Þýsklandi hefði verið eðlilegri kostur í ljósi viðskiptahagsmuna Íslands, en það varð ekki raunhæft fyrr en árið 1952 þegar sendiráð var opnað í Bonn/Hamborg. Ísland stofnaði ekki sérstakt sendiráð til að þjóna ESB og Belgíu fyrr en árið 1986 (Pétur J. Thorsteinsson 1992) en árið 1967 var staða fastanefndar NATO færð frá París til Brussel sem þjónaði jafnframt ESB.

Lok kalda stríðsins og efling Evrópusambandsins hafa breytt stöðu Íslands í heiminum. Sameinuð Evrópa er án vafa mikilvægasti bandamaður Íslands ef litið er til viðskipta og einn sá mikilvægasti ef litið er til stjórnmála, sem sést best á því að sendiráð Íslands í Brussel er fjölmennasta sendiráð

Íslands. Sovétríkin eru ekki lengur við lýði og áhugi Bandaríkjanna á að halda hér úti her er minni en áður. Þetta nýja umhverfi gæti haft áhrif á viðhorf ráðamanna til aðildar, en hvort það nægi til að sannfæra ákveðnustu andstæðinga aðildar er vafamál.

Valdahagsmunir og andstaðan við aðild

Andstaða hagsmunaaðila í sjávarútvegi við aðild að ESB gerir Samtökum atvinnulífsins erfitt um vik að setja Evrópusambandsaðild á oddinn. Þrátt fyrir að ekki séu allir aðilar innan sjávarútvegsins andvígir aðild hafa helstu samtök þeirra verið mjög einurð í afstöðu sinni. Í öðrum greinum atvinnulífsins til dæmis í iðnaði er álitið að Íslendingar gætu náð hagstæðum samningum í aðildarviðræðum við ríki ESB. Lykilstaða sjávarútvegsins innan hagsmunasamtaka atvinnurekenda hefur hins vegar virkað sem bremsa á sameiginlegar aðgerðir af þeirra hálfu til móta skýra afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild. Þrátt fyrir að stór hluti atvinnurekenda á Íslandi sé fylgjandi aðild viðurkenna þeir og virða stöðvunarvald sjávarútvegsins. Nánast öll hagsmunasamtök sem tekið hafa afstöðu til aðildar leggja áherslu á að Ísland verði að vernda sjávarútveginn og geti ekki gengið í Evrópusambandið ef sjávarútvegurinn bíður við það hnekki. Sem dæmi um slíka afstöðu má nefna Verslunarráð Íslands (Verslunarráð Íslands 1990; Verslunarráð Íslands 2000), Bændasamtökin (Freyr, apríl 2001) og Alþýðusamband Íslands (Baldur Þórhallsson, 1991).

Sjávarútvegurinn er í lykilstöðu þegar kemur að því að hafa áhrif á afstöðu ráðamanna til hugsanlegrar Evrópusambandsaðildar. Sjávarútvegur gegnir veigamiklu hlutverki í atvinnulífi á landsbyggðinni og óvissan um hver staða hans yrði innan ESB hefur leitt til þess að íbúar landbyggðarinnar eru andsnúnari aðild en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Landsbyggðarkjördæmin hafa meira vægi á Alþingi en íbúafjöldinn gefur tilefni til, sem hefur leitt til þess að Alþingi er mjög umhugað um atvinnugreinar hinna dreifðu byggða þ.e. sjávarútveg og landbúnað. Þessar atvinnugreinar hafa notið fyrirgreiðslu þings og stjórnsýslu og hagsmunaaðilar greinanna óttast um stöðu sína ef Ísland gengur í ESB. Þingmenn hafa umtalsverð tengsl við greinarnar og stór hluti þingmanna í sjávarútvegnefnd og landbúnaðarnefnd Alþingis hafa tengsl við þær.[1]

---

[1] Sjá ítarlega umfjöllun um tengsl þingmanna við atvinnugreinar í bókinni „Iceland and European integration: On the Edge“ (Routledge), ritstjóri Baldur Þórhallsson.

Tafla 2. Hlutfall kjósenda á landsbyggðinni og í Reykjavík og nágrenni og fjöldi þingmanna á bak við þá (%)

Kosningar (ár)	Kjósendur			Þingmenn		
	Lands-byggðin	Reykjavík og nágrenni	Alls	Lands-byggðin	Reykjavík og nágrenni	Alls
1959a	46	54	100	71	29	100
1983	39	61	100	58	42	100
1999	32	68	100	51	49	100

Heimild Hagstofa Íslands 1988 og mars 2002.
Athugasemd: Kosningaárin í töflunni eru síðustu árin fyrir breytingar á kosningakerfinu til að jafna vægi atkvæða á Alþingi. Breytingarnar tóku gildi í seinni kosningunum árið 1959 og árið 1987 og 2003. Kosningakerfið sem var við lýði í fyrri kosningunum árið 1959 hafði staðið óbreytt frá árinu 1942.

Misvægi atkvæða hefur leitt til sterkrar stöðu þingmanna frá landsbyggðinni innan þingflokka en þeir gegna veigamiklu hlutverki í stefnumótun stjórnmálaflokka. Erfitt gæti reynst fyrir forystumenn flokkanna að fá þingflokka til stuðnings við Evrópusambandsaðild vegna sterkrar stöðu landsbyggðaþingmanna innan þeirra. Þessi tilhögun virðist geta skýrt nokkuð af sérstöðu Íslands, þar á meðal að Sjálfstæðisflokkurinn er mótfallinn aðild. Árið 1989 þegar viðræður um EES samninginn voru að hefjast virtist sem Sjálfstæðisflokkurinn væri tilbúinn að íhuga bæði aðild að EES og seinna meir að ESB. Í skýrslu Aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins um framtíðarstefnu flokksins kemur fram:

> Við tökum nú þátt í viðræðum við Evrópubandalagið með öðrum ríkjum í Fríverzlunarbandalagi Evrópu (EFTA). Í þeim viðræðum kann að nást samkomulag, sem við getum sætt okkur við til frambúðar. Hugsanlega verður þó skynsamlegast að óska beinlínis eftir viðræðum um inngöngu í Evrópubandalagið, þótt menn séu um leið reiðubúnir að láta inngönguna ráðast af því, hvort þau skilyrði, sem henni kunna að fylgja, þykja aðgengileg eða ekki.
> (Aldamótanefnd Sjálfstæðisflokksins, 1989:21)

Flokkurinn aðhylltist „að-bíða-og-sjá“ stefnuna gagnvart Evrópusambandsaðild og forystumenn flokksins héldu því fram að afstaða til aðildar væri ekki aðkallandi viðfangsefni stjórnmálanna. Eftir að EFTA ríkin sóttu hvert á fætur öðru um aðild í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar gætti viss

óróa meðal forsvarsmanna atvinnulífsins og almennings á Íslandi um að landið gæti verið að einangrast. Jón Baldvin Hannibalsson utanríksráðherra og formaður Alþýðuflokksins hafði einnig áhyggjur af stöðu Íslands og Alþýðuflokkurinn markaði þá stefnu að sækja ætti um aðild að ESB árið 1994. Sjálfstæðisflokkurinn hélt sig hins vegar enn um sinn við „að-bíða-og-sjá" nálgun sína gagnvart aðild. Stefnan vísaði til óvissunnar um það hvort EES samningurinn myndi tryggja hagsmuni Íslands og niðurstöðu aðildarumsókna hinna Norðurlandanna, þar sem ráðamenn voru að reyna að sannfæra almenning um að samþykkja aðild í kosningum. Stefnan var einnig hentug forystu flokksins, þar sem hluti flokksmanna studdi aðild, en annar hluti (ekki síst fulltrúar landbyggðarinnar og frumvinnslugreinanna) var mótfallinn aðild. Árið 1996 lýsti Sjálfstæðisflokkurinn því fyrst formlega yfir að ekki bæri að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Afstaða flokksins kom fram eftir að EES-samningurinn hafði verið í gildi um nokkurn tíma og leit flokkurinn svo á að hann tryggði efnahagslega hagsmuni Íslands auk þess sem ljóst var að Noregur myndi ekki ganga í Evrópusambandið á næstunni.

Það sem vekur athygli varðandi afstöðu Sjálfstæðisflokksins til aðildar er að fylgismenn flokksins hafa tilhneigingu til að vera frekar jákvæðir gagnvart aðild í skoðanakönnunum. Á tíunda áratugnum voru aðeins fylgismenn Alþýðuflokksins jákvæðari í afstöðu sinni til aðildar. Af hverju eru forystumenn Sjálfstæðisflokksins þá andvígir aðild að Evrópusambandinu? Davíð Oddsson, formaður flokksins var upphaflega jákvæður gagnvart aðild: „Ég hef opinberlega mælt með aðildarumsókn" er haft eftir honum í bók sem kom út árið 1990 (Hannes Hólmsteinn Gissurarson 1990:69). Almennt er viðurkennt að það er pólitísk áhætta því samfara að taka afstöðu með Evrópusambandsaðild á Íslandi – ekkert síður en í Noregi – og slík afstaða hefði getað grafið undan valdastöðu flokksforystunnar og einingu flokksins. Það hefði því þurft sterka sannfæringu til að taka málið upp. Andstæðingar aðildar meðal Sjálfstæðismanna, þar á meðal Morgunblaðið, hafa lagt áherslu á áhættuna og varað við að skipta þjóðinni í tvær fjandsamlegar fylkingar út af þessu máli.

Aðildarumræðan hefði þannig hæglega getað skapað vandkvæði fyrir forystu Sjálfstæðisflokksins. Þótt stór hluti fylgjenda flokksins á suðvesturhorninu hefðu verið fylgjandi aðild, er líklegt að mikil andstaða landsbyggðarinnar hefði getað klofið flokkinn eða að minnsta kosti grafið undan forystu hans. Davíð Oddsson hafði á þessum tíma ekki náð sams konar tökum á flokknum og síðar varð og lagði mikla áherslu á að málið væri ekki tekið á dagskrá. Formaður Sjálfstæðisflokksins sem tæki upp umræðu innan flokksins um mögulega aðild að ESB væri með því að taka umtalsverða

áhættu sem gæti bæði grafið undan hans eigin stöðu sem og stöðu flokksins. Undir forystu Davíðs Oddssonar hefur flokkurinn smám saman orðið helsta andstöðuafl Evrópusambandsaðildar. Eftir sem áður er stór hluti fylgismanna flokksins jákvæður í garð aðildar og grannt verður fylgst með því hvaða áhrif það hefur á Evrópustefnu flokksins næst þegar foringjaskipti verða í flokknum.

Mikilvægar breytingar urðu á kosningakerfinu árið 2003. Í fyrsta skipti kusu íbúar Reykjavíkur og nágrennis sem eru 63% íbúa landsins meirihluta á þingi eða 52% þingmanna. Þrátt fyrir breytingar á vægi atkvæða verður að hafa í huga að enn er tiltölulega mikið ójafnvægi í atkvæðavægi þar sem 37% landsmanna sem búa á landsbyggðinni kjósa næstum helming þingmanna.

Niðurstaða

Þrjú sérkenni íslenskra ráðamanna geta hjálpað okkur við að skilja tregðu þeirra til þátttöku í Evrópusamrunanum. Í fyrsta lagi mótast heimsmynd þeirra og umræðuhefð af sjónarmiðum sjálfstæðisbaráttunnar og þjóðernishyggju. Í Evrópusamstarfi er leitað eftir áþreifanlegum efnahagslegum ávinningi en hinir pólitísku og menningarlegu þættir samvinnunnar þykja lítt aðlaðandi. Í annan stað hafa samstarfsvenjur og tengslanet íslenskra ráðamanna síðan í seinni heimstyrjöldinni ekki náð til kjarnaríkja Evrópusambandsins í sama mæli og til ýmissa annarra. Aðdráttarafl Evrópusamvinnunnar hefur ekki verið eins mikið á útjaðri álfunnar eins og á hinum gömlu vígvöllum Evrópu. Í þriðja lagi hefur lykilstaða frumvinnslugreinanna meðal atvinnurekenda og í stjórnkerfinu komið í veg fyrir aðildarumsókn. Sjávarútvegurinn kemur í raun í veg fyrir að heildarsamtök atvinnurekenda geti beitt sér fyrir aðild og misvægi atkvæða felur í sér að sjónarmið Evrópusambandsandstæðinga vega þungt innan allra þingflokka á Alþingi. Báðir þessir þættir hafa haft mikil áhrif á afstöðu Sjálfstæðisflokksins sem einn íhaldsflokka í Vestur-Evrópu er á móti aðild að Evrópusambandinu.

Heimildir

Albert Jónsson. (1989). *Iceland, NATO and the Keflavík base.* Reykjavík: Öryggismálanefnd.

Aldamótanefnd Sjálfstæðisflokksins. (1989). *Drög að greinargerð um nokkra þætti sjálfstæðisstefnunnar. 28. landsfundur Sjálfstæðisflokksins 5-8 október 1989.* Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn.

Baldur Þórhallsson. (1991). Afstaða hagsmunasamtaka til inngöngu í Evrópubandalagið. Óútgefin rigerð: Háskóli Íslands.

Baldur Þórhallsson. (2002). The Skeptical Political Elite Versus the Pro-European Public: The Case of Iceland. *Scandinavian Studies*, *74*/3, 349-78.

Birgir Thorlacius. (1994). *Í þjónustu forseta og ráðherra.* Kópavogur: Almenna bókafélagið.

EOS Gallup Europe. (1996). The European Union 'A View from the Top'. Tekið af: <http://europa.eu.int/comm/public_opinion/archives/top/top.pdf> þann 9. apríl 2003.

Freyr. (Apríl 2001). Ályktanir búnaðarþings. *Freyr*, *3*: 30.

Gunnar Helgi Kristinsson. (1994). *Embættismenn og stjórnmálamenn.* Reykjavík: Mál og Menning.

Gunnar Helgi Kristinsson. (1996). Iceland and the European Union: Non-decision on Membership. Í L. Miles (ritstj.) *The European Union and the Nordic Countries.* London: Routledge, 151-65.

Hagstofa Íslands. (1988). *Kosningaskýrslur.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (mars 2002). *Alþingiskosningarnar 1999.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. (1990). *Island. Arvet fran Thingvellir.* Stockholm: Timbro.

Ólafur Ragnar Grímsson. (1978*). Icelandic nationalism: A dissolution force in the danish kingdom and a fundamental cleavage in Icelandic politics.* Óbirt grein, Háskóli Íslands.

Ólafur Þ. Harðarson. (1999). *Icelandic Election Study 1999 Iceland.* Óbirt grein, Háskóli Íslands.

Pétur J. Thorsteinson. (1992). *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

PricewaterhouseCoopers. (2001). *Fréttatilkynning: Ísland, ESB og Evran.* Reykjavik: PricewaterhouseCoopers.

Sveinn Björnsson. (1957). *Endurminningar Sveins Björnssonar.* Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Valur Ingimundarson. (1996). *Í eldlínu kalda stríðsins: Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Verslunarráð Íslands. (1990). *Stefnuskrá Verslunarráð Íslands*. Reykjavík: Verslunarráð Íslands.

Verslunarráð Íslands. (2000). *Atvinnulíf framtíðarinnar: Ísland meðal tíu bestu*. Reykjavík: Verslunarráð Íslands.

Wallace, H. (1996). Politics and Policy in the EU: The Challenge of Governance. Í H. Wallace and W. Wallace. (ritstj.*). Policy-Making in the European Union. Oxford*, Oxford University Press, 3-36.

Samkeppni og kosningaþátttaka

Indriði H. Indriðason*

Kosningaþátttaka

Kosningaþátttaka hefur lengi verið þyrnir í augum þeirra stjórnmálafræðinga sem beita kenningum um skynsemisval til að skýra stjórnmál – og gagnrýnendur kenningarinnar eru jafnan fljótir að benda á kjörsókn í umræðum um kenninguna. Í stuttu máli spáir grundvallarlíkan kenningarinnar nánast engri kjörsókn því kostnaðurinn við að kjósa vegur þyngra en væntur ábati þess að kjósa, þ.e. líkurnar á að hafa áhrif á niðurstöður kosningarinnar margfaldaðar með þeim aukanytum sem fylgja því að fá sinn fulltrúa kjörinn (Riker & Ordeshook 1968). Palfrey og Rosenthal (1983, 1984, 1985) komust að svipaðri niðurstöðu um kjörsókn þegur hún er skoðuð í leikjafræðilegu samhengi; þegar kjósendur eru margir má búast við hlutfallslega lítilli kjörsókn.

Markmiðið með þessari grein er að sýna fram á að jafnvel í sinni einföldustu mynd getur skynsemisvalskenningin verið gagnleg við að skýra kjörsókn. Þótt líkanið dugi ekki til að skýra kjörsókn sem slíka er það ganglegt við að bera kennsl á þætti sem hafa áhrif á ákvarðanir kjósenda um að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Á þessu tvennu ber að gera greinarmun. Flestar kenningar, hefðbundnar sem formlegar, spá ekki fyrir um nákvæmt magn eða stig tiltekinnar hegðunar eða niðurstöðu (punktspá). Sem dæmi tekið af handahófi má nefna að Przeworski & Limongi (1997) setja fram kenningu um jákvæð áhrif hagþróunar á þróun lýðræðis en kenningin segir hinsvegar ekki til um á hvaða stigi vergrar þjóðarframleiðslu þessi áhrif koma fram. Kenningin spáir hins vegar fyrir um áhrif einnar breytu á aðra þ.e.a.s. hún gefur færi á jafnvægisgreiningu. Kenning sem spáir nákvæmlega fyrir um

* Kærar þakkir fá Christophe Chowanietz sem deildi með mér þekkingu sinni á franska flokkakerfinu og Lára Kristín Sturludóttir fyrir aðstoð við þýðingu.

niðurstöðu er vissulega ákjósanlegri en kenning sem gerir það ekki en yfirleitt eru slíkar spár ekki gerlegar.

Kenningar um kosningaþátttöku veita innsýn í hversvegna kjósendur ákveða að greiða atkvæði eða ekki með því að auðkenna þá þætti sem kjósendur taka með í reikninginn við ákvörðun sína. Líkan Riker & Ordeshook (1968) um atkvæðagreiðslu gerir til dæmis ráð fyrir að líkurnar á að hafa áhrif á niðurstöðu kosninga hafi áhrif á tilhneigingu kjósandans til að greiða atkvæði. Því ætti kjörsókn að vera meiri því sem tvísýnna er um úrslit. Þessi tilgáta ásamt öðrum sem leiddar eru af líkani Riker & Ordeshook verða prófaðar hér á niðurstöðum frönsku þingkosninganna 1997 og 2002.

Það að frönsku þingkosningarnar urðu fyrir valinu er ekki tilviljun. Franska kosningakerfið, meirihlutakerfi með tveimur umferðum, er sérstaklega hentugt til að prófa tilgátur um kjörsókn. Raunar er aukamarkmið þessarar greinar að vekja athygli á kostum tveggja umferða kerfa fyrir rannsóknir á kosningum. Kosningar í slíkum kerfum veita ríkulegar upplýsingar um hegðun kjósenda, flokka og einstakra frambjóðenda af þeirri ástæðu að kjósendur kjósa tvisvar með stuttu millibili. Þetta fyrirkomulag býr yfir skýrum aðferðafræðilegum kostum því að mörgum hugsanlegum áhrifaþáttum er haldið föstum milli fyrri og seinni umferðar kosninganna. Þættir eins og vildir kjósenda og félagshagfræðilegar aðstæður þeirra haldast í öllum megindráttum óbreyttir milli umferða. Tveggja umferða kosningum svipar í þessu tilliti til náttúrulegrar tilraunar.

Fjölumferðakosningakerfi bjóða upp á einstakt tækifæri til að skoða hvernig kjósendur og frambjóðendur taka ákvarðanir með hliðsjón af niðurstöðu fyrri umferða þegar þeir kjósa í seinni umferðum.[1] Önnur kosningakerfi bjóða vissulega uppá svipaða möguleika t.d. þegar kosningakannanir eru gerðar. Slíkar kannanir taka hinsvegar í besta falli til nokkur þúsund svarenda og bjóða uppá takmarkaðar upplýsingar um einstök kjördæmi. Ef litið er til þess gífurlega magns upplýsinga sem fyrri umferð kosningarinnar veitir þá kemst engin kosningakönnun með tærnar þar sem fjölumferðakosningar hafa hælana.

---

[1] Fjölumferða kosningar er flokkur kosningakerfa sem eiga það sameiginlegt að kosið er í fleiri en einni umferð. Indriðason (2002) stingur upp á þrígreindri flokkun á fjölumferða kosningakerfum: i) *fjöldi umferða* segir til um hámarksfjölda umferða við hverjar kosningar, ii) *skilyrði fyrir kjöri* sem tilgreina hvenær frambjóðandi telst hafa náð kjöri í fyrstu umferð (eða fyrir lokaumferð) og iii) *kosningaþröskuldur* tilgreinir lágmarksfjölda atkvæða eða hvaða sæti frambjóðandi verður að ná til að halda áfram í næstu umferð.

Skýra skynsemisvalskenningar kosningaþátttöku?

Þó að umræðan um gagnsemi um skynsemisvalskenningarinnar við að skýra kosningaþátttöku hafi sumpart verið á villigötum bendir sú staðreynd að kenningin spáir fyrir um mjög litla kosningaþátttöku til þess að í sinni einföldustu mynd sé hún greinilega ekki hin *eina sanna kenning* um kosningaþátttöku. Hinsvegar má vel vera að hún sé engu síður hluti slíkrar kenningar þ.e. þó að aðrir þættir orsaki hlutfallslega mikla kosningaþátttöku þá hafa þættir eins og kostnaður af því að kjósa og væntur ábati af því að greiða atkvæði einnig áhrif á þátttöku.[2]

Ef gert er ráð fyrir því að aðrir þættir svo sem félagsmótun og borgaraleg skylda hafi áhrif á kjörsókn getur verið erfitt að meta mikilvægi þáttanna sem skynsemisvalskenningin leggur áherslu á því erfitt er að mæla ofangreinda þætti. Það er af þessari ástæðu sem fjölumferða kosningar henta einstaklega vel til prófunar á tilgátum um kosningaþátttöku sem byggðar eru á skynsemisvals-kenningunni. Niðurstöður fyrri umferðar kosninganna veita góðar upplýsingar um hlutfallslegan styrk þeirra frambjóðenda sem ná kjöri inn í seinni umferð. Þessar upplýsingar hafa í kjölfarið áhrif á það hvort kjósendur kjósa í seinni umferðinni. Aukinheldur má gera ráð fyrir að þættir sem áhrif hafa á kosningaþátttöku aðrir en þeir sem hafa með skynjun kjósandans á möguleikum frambjóðenda að gera haldist stöðugir milli umferða. Þessum þáttum, sem yfirleitt eru illmælanlegir, er með öðrum orðum haldið stöðugum og geta því ekki valdið breytingum milli umferða.

Líkan Riker & Ordeshook (1968) er sá kenningarammi sem tilgáturnar um kosningaþátttöku eru leiddar af. Í líkani þeirra byggir ákvörðun kjósandans á því að meta væntan ábata og kostnað af því að greiða atkvæði. Ákvörðunin um að kjósa byggir á því hvort skilyrði eftirfarandi ójöfnu séu uppfyllt:

$$pB_i + D_i \geq C_i \qquad (1)$$

þar sem p er líkurnar á því að atkvæði kjósanda i ráði úrslitum, B_i er ábati i af því að uppáhalds frambjóðandi hans nái kjöri, D_i er „borgaraleg skyldutilfinning“ kjósandans (eða aðrir þættir sem hafa áhrif á ákvörðun hans) og C_i stendur fyrir kostnað kjósandans af því að greiða atkvæði. Ef og

---

[2] Franklin (2004) gerir svipaða athugasemd og kveður jafnvel sterkar að, þar sem hann heldur því fram að kenningar um kjörsókn verði að taka til skynsemi í ákvarðanatöku, jafnvel þó að aðrir þættir, svo sem félagsmótun, hafi mikilvægt hlutverk.

aðeins ef skilyrði (1) er uppfyllt þ.e. ef væntur ábati vegur meira en kostnaðurinn við að kjósa mætir kjósandinn á kjörstað.

Spurningin hér er hvernig niðurstöður fyrri umferðarinnar hafi áhrif á ákvörðun kjósendans um hvort hann kjósi eður ei. Niðurstöður fyrri umferðar hafa fyrst og fremst áhrif á mat kjósandans á möguleikanum á að hafa áhrif á úrslitin þ.e. líkurnar (p) á að atkvæði hans reynist *úrslitaatkvæði*. Í frönsku samhengi er nauðsynlegt að taka mið af því að samkeppni á milli franskra stjórnmálaflokka byggir á grunni tveggja 'blokka' kenndra við vinstri og hægri vængi stjórnmálanna. Á síðari árum hefur tilkoma öfgaflokka á hægri vængnum lítillega raskað jafnvæginu á milli blokkanna en (hófsama) hægri blokkinn hefur staðfastlega hafnað öllu samstarfi við Þjóðarflokk Le Pen (Front National). Í frönsku samhengi er því líklegt að eftir því sem fylgismunur hægri og vinstri blokkanna í fyrri umferðinni er minni því hærra gildi taki p. Frambjóðendur Þjóðarfylkingingarinnar geta einnig haft áhrif á borgaralega skyldutilfinningu kjósandans þó að þau áhrif séu líkleg til að vera hverfandi af þeirri ástæðu að ólíklegt er að Þjóðarfylkingin nái að bera sigurorð af einum miðjuflokkanna. Þessi áhrif eru líkleg til að vera léttvæg þar sem Þjóðarfylkingin er ólíkleg til að vinna nokkurt sæti. Ef jafna (1) er sett fram með breyturnar sem fall af úrslitum fyrri umferðar höfum við:

$$p(\text{nálægð, FN})B_i(\text{FN}) + D_i(\text{FN}) \geq C_i \qquad (2)$$

þar sem FN vísar til þess hvort Þjóðarfylkingin nær kjöri inn í aðra umferð eða ekki.

Megináherslan hér er lögð á að skoða hvernig úrslitalíkurnar (p) hafa áhrif á kosningaþátttöku því þættirnir sem hafa áhrif á ábatan (B_i) og borgaralega skyldu (D_i) hafa líka áhrif á úrslitalíkindin en með öfugum formerkjum. Tilgátan um úrslitalíkindin einföld. Því meiri sem samkeppnin á milli blokkanna tveggja er þeim mun meiri eru líkurnar á að atkvæði hvers og eins kjósanda ráði úrslitum. Þar af leiðir að fleiri kjósendur munu telja það ómaksins vert að kjósa. Ennfremur er viðbúið að kjörsókn minnki hraðar með auknum mun á fylgi blokkanna því líkurnar á að greiða úrslitaatkvæði minnka sífellt með minnkandi samkeppni.

Tilgáta 1. *Því minni munur sem er á heildarfjölda atkvæða vinstri og hægri blokkanna í fyrri umferðinni þeim mun meiri verður kjörsóknin í seinni umferð.*

Jafnframt minnkar kjörsókn hraðar með auknum mun á fylgi hægri og vinstri blokkanna.

Í hverju kjördæmi fyrir sig geta komið fram frambjóðendur sem tengjast hvorki hægri né vinstri blokk stjórnmálanna náið. Kjósandinn stendur frammi fyrir meiri óvissu um samkeppnina á milli hægri og vinstri blokkanna þegar óháðir eða svæðisbundnir fulltrúar ná umtalsverðu atkvæðafylgi í fyrri umferð. Kjósandinn er ólíklegri til að nýta atkvæðisrétt sinn þegar hann stendur frammi fyrir aukinni óvissu þar sem minni líkur eru á að atkvæði hans skipti sköpum.

Tilgáta 2. *Því meira sem fylgi óháðra frambjóðenda sem ekki hafa skýr tengsl við hægri eða vinstri blokina þeim mun minni verður kjörsóknin.*

Líklegt er að kosningahegðun verði fyrir áhrifum af því hvaða flokkar ná atkvæðaþröskuldinum til þátttöku í annarri umferð. Viðbrögð kjósenda við úrslitum fyrstu umferðarinnar eru líklega hvað mest þar sem Þjóðarfylkingin uppfylltir skilyrðin um þátttöku í annarri umferð. Áhrif þess að Þjóðarfylkingin nær inn eru nokkuð margþætt og eru mjög háð fylgi flokkanna innan hvers kjördæmis. Þótt Þjóðarfylkingin nái kjöri inn í aðra umferð í nokkrum kjördæmum eru fulltrúar hennar of öfgasinnaðir til að ná að laða að kjósendur í röðum frá hinum hófsamari flokkum í seinni umferðinni. Framboð Þjóðarfylkingarinnar í annarri umferð gefur því til kynna að ólíklegt sé að samkeppnin verði hörð. Það er því viðbúið að hvati kjósenda til að greiða atkvæði minnki í þeim kjördæmum. Engu að síður má ætla að því öflugri sem Þjóðarfylkingin er þeim mun meiri ógn standi af henni og gera má ráð fyrir að kjörsókn aukist samhliða auknum atkvæðastyrk flokksins.

Tilgáta 3. *Þar sem Þjóðarfylkingin býður fram í seinni umferð verður minni kjörsókn en ella.*

Tilgáta 4. *Því stærri skerf atkvæða sem Þjóðarfylkingin hlýtur (í fyrri umferð) þeim mun meiri verður kjörsókn í seinni umferð í þeim kjördæmum sem Þjóðarfylkingin býður fram.*

Framboð Þjóðarfylkingarinnar hefur einnig áhrif á mat kjósenda á möguleikum hófsamari flokkanna á sigri þar sem slagurinn stendur milli þriggja frambjóðenda. Við slíkar aðstæður mælist samkeppnin ekki sem

mismunurinn á fylgi vinstri og hægri vængsins heldur sem innbyrðis skiptingu fylgis vinstri blokkarinnar og *hófsamari arms hægri blokkarinnar*. Þannig má staðfæra tilgátu 1 uppá kringumstæður þar sem frambjóðandi Þjóðarfylkingarinn hefur komist í aðra umferð.

Tilgáta 5. *Því meiri sem samkeppni milli vinstri blokkarinnar og hófsams arms hægri blokkarinnar er í kosningum þar sem Þjóðarfylkingin býður fram í samkeppni þriggja frambjóðenda þeim mun meiri verður kjörsóknin.*

Stærð kjördæmisins skiptir augljóslega máli fyrir líkurnar á því að greiða úrslitaatkvæði. Því fleiri sem kjósendur eru þeim mun minni eru líkurnar á að greiða úrslitaatkvæði og þ.a.l. að kjörsókn verður minni í seinni umferð.

Tilgáta 6. *Því fjölmennara sem kjördæmi er þeim mun minni verður kjörsókn.*

Nokkur fjöldi frambjóðenda býður fram í fyrri umferð. Meðalfjöldi frambjóðenda í fyrri umferð kosninganna 1997 og 2002 var 13 en mikill meirihluti þeirra náði ekki kjöri inn í seinni umferð. Framboðin geta hinsvegar aukið kjörsókn í fyrri umferð vegna skírskotunar frambjóðandanna til „andófskjósenda". Einu valmöguleikar andófs-kjósandans í seinni umferð er að mæta ekki á kjörstað eða þá að skila auðu sem leiðir af sér hlutfallslega minni kjörsókn í seinni umferð.

Tilgáta 7. *Því fleiri sem frambjóðendur eru í fyrri umferð þeim mun minni verður kjörsókn í seinni umferð í samanburði við fyrri umferð.*

Í nokkrum tilgátanna að ofan er sjónum beint að Þjóðarfylkingunni en ég vil undirstrika að auðveldlega má útlista kenninguna á almennan hátt t.d. með því að nota rýmdarkenningar um kosningar (spatial theories of voting). Það ber því ekki að líta svo á að tilgáturnar eigi einvörðungu við um frönsk stjórnmál.

Greining og niðurstöður

Tilgáturnar eru prófaðar á úrslitum frönsku þingkosninganna árin 1997 og 2002 þar sem niðurstöður innan hvers kjördæmis er rannsóknar-einingin.[3] Undanskilin eru þau kjördæmi i) sem liggja utan meginlands Frakklands, ii) sem úrslit réðust strax í fyrri umferð og iii) sem tveir frambjóðendur inn í

[3] Gögnin eru fengin af vef franska þjóðarþingsins (http://www.assemblee-nat.fr/).

aðra umferð en annar frambjóðandinn dró síðan framboð sitt til baka. Eftir standa 1034 athuganir eða kjördæmaár.

Einn meginkostur þess að skoða fjölumferða kosningakerfi er hinn skammi tími sem líður milli umferða. Möguleikinn á að kjördæmin taki breytingum er því mjög lítill og gera má ráð fyrir að engar verulegar breytingar verði á högum kjósenda hvað varðar félagshagfræðilega stöðu, á hugmyndum þeirra um borgaralega skyldu eða á forgangsröðun þeirra á frambjóðendum. Þörfin fyrir stýribreytur er því í algjöru lágmarki. Ef kjörsókn í einhverju kjördæmanna var hlutfallslega mikil í fyrri umferð vegna þess að hlutfall langskólagenginna kjósenda var hátt eða þeir eru mjög meðvitaðir um borgaralegar skyldur sínar, þá ætti kjörsókn að sama skapi að vera mikil í seinni umferð í því kjördæmi. Breytingar á kjörsókn milli umferða geta þannig nánast einvörðungu orsakaðast af þeim þáttum sem tilgreindir eru í tilgátunum hér að ofan.

Háða breytan er breyting á kjörsókn milli fyrstu og annarrar umferðar (í hundraðshlutum). Í töflu 1 má sjá meðalkjörsókn í fyrri og síðari umferðum og staðalfrávik breytingarinnar. Þó að meðaltalsbreytingin sé lítil þá gefur staðalfrávikið til kynna að umtalsverður munur sé á magni breytingar á kjörsókn eftir kjördæmum.

Við skilgreiningu óháðu breytanna var hver frambjóðanda í kosningunum 1997 og 2002 flokkaður sem meðlimur vinstri blokkarinnar, hægri blokkarinnar eða annara/óháðaðra framboða.

Tafla 1. Meðalkjörsókn

	Kjörsókn			
Ár	1. umferð	2. umferð	Breyting	Staðalfrávik
1997	68,3%	71,3%	3,1%	3,5%
2002	65,0%	60,7%	-4,3%	3,1%
1997 & 2002	66,7%	66,2%	-0,5%	5,0%

Samkeppni innan hvers kjördæmis er skilgreind sem NÁLÆGÐ eða munurinn á heildaratkvæðamagns vinstri blokkarinnar og hægri blokkarinna að Þjóðarfylkinginnu undanskilinn:

$$\text{NÁLÆGÐ} = \left| \sum_{i \in L} v_i - \left| \sum_{i \in R} v_i - v_{FN} \right| \right|. \tag{3}$$

Breytan FN-FRAMBJÓÐANDI tekur gildið 1 þegar Þjóðarfylkingin bauð fram í seinni umferð en er annars 0. Til þess að meta áhrif fylgis Þjóðarfylkingarinnar á kjörsókn (í seinni umferð) þegar Þjóðarfylkingin hefur náð kjöri inn í seinni umferð var breytan FN-ATKVÆÐI*FN-FRAMBJÓÐANDI smíðuð úr breytunum FN-ATKVÆÐI og FN-FRAMBJÓÐANDI. Breytan ATKVÆÐI ÓHÁÐRA mælir atkvæðahlut allra frambjóðenda sem ekki var hægt að kenna við hægri eða vinstri blokkirnar. Breyturnar FJÖLDI FRAMBJÓÐENDA (1. UMF.) og FJÖLDI FRAMBJÓÐENDA (2. UMF.) standa fyrir fjölda frambjóðenda í fyrri og seinni umferð. Breytan SKRÁÐIR KJÓSENDUR mælir stærð kjördæmisins í fjölda skráðra kjósenda. Að endingu er höfð með í greiningunni vísibreyta fyrir kosningaárið.

Í töflu 2 má sjá á að nær allir metlarnir sýna umtalsverða tölfræðilega marktekt. Þegar líkanið inniheldur allar breyturnar (líkan 4) skýrir það stóran hlut dreifninnar í breyttri kjörsókn milli umferða (R^2 = .85).

Tafla 2: Breytt kjörsókn milli fyrri og seinni umferðar

	(1)	(2)	(3)	(4)
FASTI	4.8356***	5.1072***	5.1565***	-.5762
	(.1501)	(.3319)	(.3287)	(.6617)
NÁLÆGÐ	-.0636***	-.0672***	-.0656***	-.0837***
	(.0141)	(.014)	(.0138)	(.0131)
NÁLÆGÐ2	-.0012***	-.0011***	.0012***	-.0006**
	(.0003)	(.0003)	(.0003)	(.0003)
SKRÁÐIR KJÓSENDUR /10000		-.0507	-.0825*	-.0987**
		(.0445)	(.0446)	(.042)
FN-FRAMBJÓÐANDI (ÞJÓÐARFYLKINGIN)		-4.2512***	-4.2364***	-4.6427***
		(.9139)	(.9048)	(.8499)
FN ATKVÆÐI*FN FRAMBJÓÐANDI		.307***	.3082***	.2294***
		(.0613)	(.0607)	(.0573)
ATKVÆÐI ÓHÁÐRA			.097***	.1089***
			(.0208)	(.0197)
FJÖLDI FRAMBJÓÐENDA (1. UMF.)				-.044***
				(.0167)
FJÖLDI FRAMBJÓÐENDA (2. UMF.)				3.161***
				(.2707)
KOSNINGAÁR: 2002	-7.2155***	-7.0711***	-7.2646***	-7.0587***
	(.1212)	(.1261)	(.1316)	(.1377)
Athuganir	1034	1034	1034	1034
R^2	.8221	.8269	.8304	.8514
F gildi	1586.664	817.4257	717.8842	651.6985

Tilgátur 3 og 4 um áhrif Þjóðarfylkingarinnar hljóta stuðning. Þar sem Þjóðarfylkingarinnar hefur lítinn stuðning minnkar kjörsókn um allt að 1,8%. Þessi neikvæðu áhrif á kjörsókn eru þeim mun minni því sterkari frambjóðandi Þjóðarfylkingarinnar er. Ef frambjóðandi Þjóðarfylkingarinnar er nægilega sterkur – mörkin eru í kringum 30% atkvæða í fyrri umferð kosninganna – hefur hann jákvæð áhrif á kjörsókn.[4]

Niðurstöðurnar gefa til kynna að kjörsókn sé meiri þegar samkeppnin á milli blokkanna er hörð. Breyting í NÁLÆGÐ frá 0 til 5% leiðir til minni kjörsóknar um 0,43% og breyting frá 0 til 10% leiðir til minni kjörsóknar um 0,90%. Þessi áhrif kunna að virðast lítil en mikilvægt er setja þessar tölur í samhengi. Háða breytan er breyting á kjörsókn milli tveggja umferða sem að jafnaði nemur -0,5% með staðalfráviki 4.97%.

Metilinn fyrir SKRÁÐA KJÓSENDUR er með réttu formerki en er einungis marktækur við 95% mörkin í lokalíkaninu. Metin áhrif af fjölda SKRÁÐRA KJÓSENDA gefa til kynna að kjörsókn sé um einu prósentustigi lægri í fjölmennustu kjördæmunum (u.þ.b. 130 þús. kjósendur) en í fámennustu kjördæmunum (u.þ.b. 30 þús. kjósendur). Tilgáta 6 fær því nokkurn stuðning sem er t.d. í samræmi við niðurstöður Shachars og Nalebuffs (1999).

ATKVÆÐI ÓHÁÐRA hafa tölfræðileg marktæk áhrif en í öfuga átt við tilgátuna. Aukning á ATKVÆÐUM ÓHÁÐRA um eitt staðalfrávik, 3%, eykur kjörsókn um 0,3%. Í kjördæmum þar sem nánast engin samkeppni ríkir og enga óháða frambjóðendur er að finna er hvati kjósenda til að kjósa mjög lítill því niðurstaðan er svo gott sem þekkt og úrslitalíkindin mjög lítil. Ef hins vegar óháðir frambjóðendur hafa náð góðum skerf atkvæða og óvíst er um í hvaða átt kjósendur þeirra munu hneigjast í seinni umferð geta úrslit seinni umferðarinnar virst tvísýnni sem eykur þar með hvata kjósanda til að kjósa.

Fjöldi frambjóðenda í fyrri og seinni umferð hafa þau áhrif á kjörsókn sem spáð var fyrir um. Mikill fjöldi kjósenda í fyrri umferð hefur í för með sér minni kjörsókn í seinni umferð. Tilgátan felur í sér að í því að greiða tilteknum frambjóðanda atkvæði felist ákveðin tjáning þ.e. að kjósendur hafi nyt af því að greiða uppáhaldsframbjóðanda sínum atkvæði óháð því hvort frambjóðandinn hafi einhverja möguleika á að sigra. Þar sem margir frambjóðendur detta út í fyrri umferð er þessi hvati ekki til staðar í sama

---

4 Aðhvarfsgreiningarinnar eru byggð á kjörsóknarvegnum atkvæðum, eða atkvæðum hvers flokks deilt með fjölda skráðra kjósenda því þröskuldurinn fyrir þátttöku í annari umferð er miðaður við kjörsóknarvegin atkvæði. Í kjörsóknarvegnum atkvæðum verða áhrifa framboð Þjóðarfylkingarinnar jákvæð við 20,2% en það er mest 25,1%.

mæli í seinni umferðinni þar sem um færri frambjóðendur er að ræða. Af svipuðum ástæðum hefur fjöldi frambjóðenda í seinni umferð jákvæð áhrif á kjörsókn.

Niðurstöður

Kjörsókn eru oft tekin sem dæmi um að skynsemisvalskenningar hafi almennt séð takmarkað skýringargildi innan stjórnmálafræðinnar (sjá t.d. Green og Shapiro 1994). Í þessari grein er sýnt fram á að slíkar fullyrðingar eru ýktar og að jafnvel eitt einfaldasta og mest gagnrýnda skynsemisvals-líkanið um kjörsókn bregði mikilvægu ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á kjörsókn. Með aðstoð líkans Riker og Ordeshook (1968) um kosninga-þátttöku eru hér settar fram nokkrar tilgátur um breytingar á kjörsókn milli umferða í þingkosningum í Frakklandi og nánast allar tilgáturnar hljóta umtalsverðan stuðning.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að samkeppni hafi þau áhrif á kjörsókn sem spáð var fyrir um og jafnframt að skýra megi með þeim umtalsverðan hlut dreifninnar (85%) í breytingum á kjörsókn milli umferða. Þessar niðurstöður ekki til kynna að útreikningar kjósandans á ábata og kostnaði skýri kjörsókn að fullu eða að aðrar kenningar um kjörsókn séu óþarfar. Hinsvegar sýna niðurstöðurnar að skynsemisvals-kenningin hefur eitthvað fram að færa sem aðrar kenningar geta ekki skýrt. Í stað þess að líta svo á að valið standi á milli skynsemisvals-kenninga og annara kenninga um kjörsókn sem leggja áherslu á „borgaralega skyldu“, félagsmótun eða aðra þætti getur verið gagnlegt að nota kenningarnar saman við að skýra kjörsókn.

Heimildir

Franklin, Mark. (2004). *Voter Turnout and the Dynamics of Electoral Competition*. Cambridge: Cambridge University Press.

Green, Donald P. og Ian Shapiro. (1994). *Pathologies of Rational Choice*. New Haven: Yale University Press.

Indriðason, Indriði H. (2002). When to Run and When to Hide: Electoral Coordination and Exit. Handrit.

Palfrey, Thomas R. og Howard Rosenthal. (1983). A Strategic Calculus of Voting. *Public Choice*, 41:7–53.

Palfrey, Thomas R. og Howard Rosenthal. (1984). Participation and the Provision of Discrete Public Goods: A Strategic Analysis. *Journal of Public Economics*, 24:171-193.

Palfrey, Thomas R. og Howard Rosenthal. (1985). Voter Participation and Strategic Uncertainty. *American Political Science Review*, 79:62–78.

Przeworski, Adam og Fernando Limongi. (1997). Modernization: Theories and Facts. *World Politics*, 49:155–183.

Riker, William H. og Peter C. Ordeshook. (1968). A Theory of the Calculus of Voting. *American Political Science Review*, 62:25–42.

Shachar, Ron og Barry Nalebuff. (1999). Follow the Leader: Theory and Evidence on Political Participation. *The American Economic Review 89*(3):525–547.

Vinna flokkar eða foringjar kosningar?

Ólafur Þ. Harðarson

Síðustu árin hefur víða á Vesturlöndum borið á þeirri kenningu að kosningar snúist ekki lengur um stjórnmálaflokka og stefnumál þeirra, heldur skipti mestu að hafa foringja með kjörþokka við stjórnvölinn. Stundum tengist þetta hugmyndum um að inntak stjórnmálanna skipti engu máli, en umbúðirnar öllu. Engu skipti *hvað* er sagt heldur *hvernig* það er sagt. Fræg er goðsögnin um að í forsetakosningunum í Bandaríkjunum 1960 hafi sjónvarpsáhorfendur talið Kennedy vinna í frægu sjónvarpseinvígi við Nixon, en þeir sem hlustuðu á kappræðurnar í útvarpi hafi talið Nixon fara með sigur af hólmi. Ástæðan er stundum sögð sú að í sjónvarpi hafi Nixon verið vitlaust klæddur, virkað grámyglulegur og svitnað á efri vörinni. Þessi goðsögn er endurtekin hvað eftir annað í fréttaskýringaþáttum og kennslubókum, þó að niðurstöður könnunarinnar hafi mér vitanlega hvergi birst og ekkert sé vitað um t.d. hver gerði könnunina, hvort úrtökin hafi verið rétt valin og hvort munurinn á útvarpshlustendum og sjónvarpsáhorfendum hafi verið marktækur. En sagan lifir af því að hún er skemmtileg og sláandi.[1]

Kenningin um mikil leiðtogaáhrif getur verið partur af kenningu um að kjósendur stjórnist aðallega af ímyndum sem áróðurssérfræðingar og auglýsingastofur flokkanna búi til. Hugsunin er þá sú að auðveldara sé að selja persónueiginleika frambjóðenda en stefnumál þeirra.

Hvar birtast leiðtogaáhrifin?

Spurningin sem hér er um fjallað er fyrst og fremst sú hvort persóna leiðtoganna hafi áhrif á niðurstöðu kjósenda þegar þeir merkja við á

---

[1] Anthony King fullyrðir reyndar að Kennedy hafi alls ekki unnið vegna æskuþokka síns og persónutöfra. Hann hafi unnið af því að hann var frambjóðandi Demókrata í kosningum þar sem nokkuð víst mátti telja að Demókratar ynnu aftur Hvíta húsið, m.a. vegna þess að flestir bandarískir kjósendur studdu Demókrata. Persóna Kennedys hafi frekar skaðað Demókrata í kosningunum. Sú staðreynd að hann var kaþólskur kostaði flokkinn umtalsvert atkvæðamagn, einkum meðal mótmælenda í Suðurríkjunum (King 2002).

kjörseðlinum. Rannsóknaniðurstöður benda eindregið til þess að slík áhrif séu oft ýkt, en fræðimenn eru ekki sammála um hvort þau séu yfirleitt fyrir hendi og þá í hve ríkum mæli.

Hitt er augljóst að trúin á leiðtogaáhrif hefur margvísleg áhrif í stjórnmálum samtímans. Margir fréttaskýrendur og stjórnmálamenn trúa því að leiðtogar vinni kosningar. Það styrkir stöðu þeirra stjórnmálamanna sem taldir eru kjósendavænir og hefur margvísleg áhrif á það hvernig stjórnmálaflokkar hanna kosningabaráttu sína. Algengt er að kenna „karlinum í brúnni" (eða stöku sinnum kerlingunni) ef flokkurinn fiskar ekki. Raunar er það svo að sumir þeirra sem gagnrýna ofuráherslu á leiðtoga í stjórnmálum samtímans ýta samt undir þá tilhneigingu vegna þess að þeir trúa því líka að kjósendavænn foringi og vel hönnuð kosningabarátta séu grunnforsenda þess að vinna kosningar í markaðssamfélaginu. Allt annað sé í rauninni aukaatriði. Það þarf ekki að koma á óvart að auglýsingastofur og markaðsmenn sem hafa atvinnu af því að hanna kosningabaráttu haldi þessu fram – og veiti jafnvel auglýsingastofum verðlaun fyrir að vinna kosningar! Það er hins vegar lakara fyrir lýðræðið ef stjórnmálamenn trúa því líka að málflutningur þeirra skipti engu máli, aðalatriðið sé að vera heppinn með auglýsingastofu.

Bein og óbein áhrif leiðtoga

Anthony King hefur skipt áhrifum leiðtoga á kjósendur í tvennt, bein og óbein áhrif. Óbeinu áhrif felast ekki í því sem leiðtoginn *er*, heldur því sem hann eða hún *gerir*. Áhrifin felast þannig ekki beinlínis í áhrifum persónu leiðtogans á kjósendur, heldur koma þau fram í gegnum t.d. starf stjórnmálaflokks eða ríkisstjórnar. Fjölmörg dæmi eru um leiðtoga sem hafa haft áhrif á kjósendur með þessum hætti og bendir King á nokkur. Mitterrand vann forsetakosningarnar í Frakklandi 1981 næstum örugglega ekki vegna þess að hann var Mitterrand, enda hafði hann verið Mitterrand lengi og tapað tvennum kosningum sem slíkur, segir King. 1981 hafði honum hins vegar tekist að umbylta hugmyndafræði og ímynd franska sósíalistaflokksins og meira að segja breyta nafni hans. Margrét Thatcher var aldrei sérstaklega vinsæl sem persóna, en hún leiddi flokk sinn og ríkisstjórn með þeim hætti að Íhaldsflokkurinn drottnaði í breskum stjórnmálum 1979-90. Persónuleiki þessara leiðtoga hafði áhrif innan flokks og ríkisstjórnar, t.d. slægð Mitterrands og sá eiginleiki Thatcher að sjá aldrei nema eina hlið á hverju máli. Tony Blair tókst að umbreyta Verkamannaflokknum með þeim hætti

sem forvera hans John Smith hefði aldrei tekist, Smith var afslappaður en Blair hungraður (King 2002).

Færa má rök fyrir því að svipuðu máli gegni um Davíð Oddsson. Hann varð leiðtogi Sjálfstæðisflokksins skömmu fyrir kosningar 1991. Flokkurinn vann góðan sigur, fékk 38,6% atkvæða í stað 27,2% sem hann hafði fengið 1987 undir forystu Þorsteins Pálssonar og voru mestu hrakfarir flokksins fyrr og síðar. En Sjálfstæðisflokkurinn hafði fengið um 50% fylgi í tveimur skoðanakönnunum skömmu fyrir formannsskiptin í Sjálfstæðisflokknum vorið 1991. Engin ástæða er til að ætla að fylgi flokksins 1991 hefði verið minna undir forystu Þorsteins en forystu Davíðs. Afrek Davíðs var hins vegar það að koma flokknum strax í ríkisstjórn, sameina Sjálfstæðisflokkinn og sitja sem forsætisráðherra í 13 ár samfleytt. Engin ástæða er til að ætla að Þorsteini hefði tekist þetta. Líklegt að er að hrakfarir Sjálfstæðisflokksins 1987 skýrist miklu frekar af þeim mistökum Þorsteins sem leiddu til framboðs Borgaraflokksins undir forystu Alberts Guðmundssonar heldur en beinum áhrifum af persónu Þorsteins á íslenska kjósendur.

Fjölmörg dæmi má nefna um að því sé haldið fram að persóna leiðtogans hafi bein áhrif á kjósendur, það skipti máli hvernig persónan er eða virðist vera í ljósi fjölmiðlanna. Áferð Kennedys í sjónvarpi er dæmi um þetta og King rekur fleiri: Al Gore var sagður hafa tapað bandarísku forsetakosningunum 2000 af því að hann líktist *Ford Taurus*, *Chevy station wagon* eða *Volvo*, en ekki *Maserati* eða *Mustang convertible*. Því var haldið fram í bresku pressunni að ef William Hague ætti að eiga möguleika á kosningasigri þyrfti kona hans Ffion að eignast barn (King, 2002).

Þegar rætt er um áhrif leiðtoga skiptir miklu hvort átt er við bein áhrif eða óbein. Óbeinu áhrifin eru nátengd mati kjósenda á stjórnmálaflokkum og stefnumálum. Beinu áhrifin eru það ekki endilega. Þau miða oft frekar að því að selja umbúðir en inntak. Og þegar fréttaskýrendur tala um leiðtogaáhrif eru þeir oftar en ekki að tala um bein áhrif. Sama gildir þegar auglýsingasérfræðingar flokkanna leggja alla áherslu á að kenna frambjóðendum rétta framsögn og framkomu, réttan klæðaburð og förðun, láta lýtalækna eiga við útlitið (t.d. hárígræðsla og andlitslyfting) – svo ekki sé minnst á endalausar myndatökur við mismunandi virðulegar kringumstæður (svokölluð *photo-ops*. Meira að segja Margrét Thathcher lét eitt sinn mynda sig með nýborinn kálf í fanginu!) Ef beinu áhrifin reyndust nú hafa lítil eða engin áhrif á kjörfylgið er augljóst að flokkarnir og auglýsingasérfræðingar þeirra kasta miklum og sívaxandi fjárfúlgum á glæ í kosningabaráttunni.

Hvað segja erlendar rannsóknir um leiðtogaáhrif?

Í tveimur nýlegum ritum er fjallað um leiðtogaáhrif í kosningum. Greinasafnið *Leaders' Personalities and the Outcomes of Democratic Elections* fjallar um leiðtogaáhrif í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Kanada og Rússlandi. Ritstjórinn Anthony King bendir á að skoðanir séu mjög skiptar meðal fræðimanna, en vandaðar rannsóknir hafi verið furðu litlar. Höfundar greinasafnsins freista þess að vinna kerfisbundið úr þeim gögnum sem til eru. Niðurstaðan er sú að mikilvægi beinna áhrifa leiðtoga séu gjarnan ofmetin, en þau séu breytileg eftir stund og stað.

Í bókarlok varpar King frá sér venjulegri varkárni fræðimanna og freistar þess að flokka kosninganiðurstöður í þessum löndum út frá því hvort persónueinkenni leiðtoga hafi ákvarðað niðurstöðu kosninga undanfarna áratugi. Hann undirstrikar að þetta sé hans eigið mat og byggi á niðurstöðum greinahöfunda og öðrum heimildum. King telur að í engum forsetakosningum í Bandaríkjunum frá 1960 til 1996 hafi persóna frambjóðenda ráðið úrslitum, en sennilega gert það árið 2000. Í 11 kosningum í Bretlandi síðustu 40 ár telur hann persónu leiðtoga hafa ráðið úrslitum 1964 og sennilega 1992, en ekki í hin 9 skiptin. Í sex frönskum forsetakosningum hafi úrslitin ekki ráðist af persónu leiðtoga í tvö skipti, en gert það 1965, mögulega 1974 og 1995 og líklega 1969. Í 11 þýskum kosningum hafi kosningaúrslit ekki oltið á persónu leiðtoga í 9 skipti, en mögulega 1998 og líklega 1972. Í Kanada hafi persóna leiðtoga mögulega skipt sköpum 1965 og 1974, gert það 1968, en ekki í átta öðrum kosningum á tímabilinu. Í Rússlandi telur King að persóna leiðtoga hafi ekki ráðið úrslitum 1996, en líklega gert það 2000 (King 2002). Rétt er að undirstrika, að það að segja persónu leiðtoga hafa ráðið úrslitum er ekki það sama og að segja að slík áhrif hafi verið mikil, eða að þau hafi verið mikilvægari heldur en aðrir þættir, t.d. málefni. Í kosningum þar sem úrslit eru mjög tvísýn getur auðvitað þáttur sem skiptir tiltölulega litlu miðað við aðra þætti samt sem áður ráðið úrslitunum.

Í nýrri bók um sænska kjósendur síðustu 50 árin fjallar Sören Holmberg m.a. um leiðtogaáhrif, bæði í Svíþjóð og annars staðar (Holmberg 2004). Holmberg segir leiðtogaáhrif gjarnan ýkt stórkostlega. Almennt sýni kosningarannsóknir þetta, þó þeim beri ekki saman um alla hluti. Sumar niðurstöður bendi til þess að leiðtogaáhrif geti verið fyrir hendi þó þau séu ekki mjög sterk, en aðrar niðurstöður bendi til mjög lítilla eða engra slíkra áhrifa. Sumar rannsóknir bendi líka til þess að leiðtogaáhrif hafi aukist

undanfarna áratugi, en aðrar rannsóknir bendi til þess að engin aukning hafi átt sér stað.

Holmberg vinnur með þrenns konar gögn. Gögn sænsku kosningarannsóknanna 1979-2002 benda til þess að sjálfstæð leiðtogaáhrif séu lítil í Svíþjóð þegar tekið er tillit til mats kjósenda á stjórnmálaflokkum og að þessi beinu leiðtogaáhrif hafi ekki vaxið á tímabilinu. Langtímagögn úr fjölþjóðarannsókn sem kallast *Leadership Project* og fjallar um Ástralíu, Kanada, Þýskaland, Holland, Noreg, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin benda til þess að viðhorf til flokka hafi miklu meiri áhrif á kosningahegðun en leiðtogaáhrif í öllum löndunum nema Bandaríkjunum (þar sem gögnin eru um forsetakosningar en ekki þingkosningar). Minnst eru leiðtogaáhrifin í Noregi og Svíþjóð (Holmberg 2004). Loks greinir Holmberg gögn úr alþjóðlegri samanburðarrannsókn á kosningum 1996-2002, *Comparative Study of Electoral Systems (*CSES), en upplýsingar úr íslensku kosningarannsókninni 1999 eru hluti þeirra gagna. Í öllum þeim 24 löndum sem gögnin ná til skiptir afstaðan til stjórnmálaflokka meira máli en afstaðan til leiðtoga, líka í Bandaríkjunum, enda eru þessi gögn um þingkosningar en ekki forsetakosningar. Verulegur munur er hins vegar á styrk leiðtogaáhrifanna eftir löndum og reynast þau mun sterkari í kosningakerfum þar sem meirihlutakosning er notuð heldur en þar sem hlutfallskosning er notuð. Veikust eru leiðtogaáhrifin í Svíþjóð, Noregi, Hollandi, Danmörku og Íslandi (Holmberg 2004, 166-168).[2] Til viðbótar þessu er rétt að nefna, að niðurstaða Holmbergs um Danmörku og Noreg fellur vel að túlkunum danskra og norskra kosningarannsóknamanna sem telja sjálfstæð leiðtogaáhrif lítil í þessum löndum (Borre 1999. Aardal 1999).

Í heildina virðast niðurstöðurnar þær að áhrif leiðtoga á kosningaúrslit eru oft ofmetin. Fræðilegar rannsóknir benda hins vegar til þess að slík áhrif geti verið fyrir hendi, en missterk eftir stað og stund. Pólitískir þættir á borð við gerð kosningakerfis og flokkakerfis geti haft mikil áhrif á styrk leiðtogaáhrifanna.

---

2 Rétt er að nefna að önnur greining á CSES gögnunum kemur fram í doktorsritgerð Martin Kroh, *Parties, Politicians, and Politics*. Líkan hans getur fljótt á litið bent til sterkari leiðtogaáhrifa en hér koma fram, en hann mælir afstöðuna til flokka með öðrum hætti en Holmberg og beitir öðrum greiningaraðferðum. (Kroh 2003). Hér skal ekki gerð tilraun til þess að bera saman niðurstöður þeirra.

Hvernig mælum við leiðtogaáhrif?

Það er ekki einfalt að mæla áhrif leiðtoga á val kjósenda. Afstaða þeirra til stjórnmálaflokks, foringja og málefna tvinnast saman með flókum hætti. Þegar kjósandi segir t.d. að leiðtogi flokksins skipti miklu máli fyrir val hans í kosningum þá vitum við ekki hvort kjósandinn er að vísa til persónueinkenna leiðtogans eða þess að leiðtoginn er persónugervingur stjórnmálaflokks og hugsjóna. Þó að margir segi leiðtogann skipta miklu fyrir val sitt í kosningum hjálpar það okkur ekki við að greina þessa þætti í sundur.

Ágætt dæmi um þetta má taka af breska Íhaldsflokknum. Algengt er í stjórnmálum samtímans að fá litla hópa (*focus groups*) til þess að ræða ítarlega um stjórnmál og flokka til þess að skilja betur hvað almenningur er að hugsa. Umræða í slíkum hópum er talin gagnleg í þessu skyni, þó allir viti að til þess að fá dæmigerða mynd af kjósendunum verður að nota fræðilegar skoðanakannanir. Árið 1999 var upplýst í fjölmiðlum að í svona hópum gæti Íhaldsflokkurinn ekki lengur notað spurninguna: „Nefndu eitt atriði sem Íhaldsmenn gætu gert til þess að auka líkurnar á því að þú kysir þá". Ástæðan væri sú að allir segðu alltaf: „Losið ykkur við William Hague!", en hann var þá foringi flokksins. Ráðið þótti heldur vandræðalegt, sérstaklega fyrir Hague. Niðurstöður venjulegrar skoðanakönnunar, þar sem svarendur fengu að velja á milli ýmissa ástæðna fyrir því að kjósa ekki Íhaldsflokkinn leiddi hins vegar allt annað í ljós. Einungis 17% völdu Hague sem helstu ástæðuna fyrir því að kjósa ekki Íhaldsflokkinn. 24% sögðu Íhaldsflokkinn hafa staðið sig illa þegar hann var í stjórn, 21% sögðu flokkinn ekki hafa áhuga á almannaþjónustu á borð við heilsugæslu og skóla og 20% sögðu Íhaldsflokkinn veikan og klofinn (King 2002). Margfalt fleiri nefndu þannig ástæður sem tengdust stjórnmálaflokkum og málefnum heldur en persónu leiðtogans.

Í kosningarannsóknum er reynt að mæla leiðtogaáhrifin með margvíslegum hætti. Í alþjóðlegu kosningarannsókninni CSES sem fyrr er nefnd eru svarendur m.a. beðnir um að segja til um hversu vel eða illa þeim líki við einstaka stjórnmálaforingja og einstaka stjórnmálaflokka með því að gefa þeim einkunn á kvarðanum 0-10. Jafnframt eru þeir beðnir um að raða sjálfum sér og stjórnmálaflokkunum á vinstri-hægri kvarða frá 0-10. Þetta gefur færi á að meta hvort einkunnir flokkanna og foringjanna tengjast því hvað svarendurnir kjósa. Jafnframt er unnt að meta hvort hugmyndir kjósenda um vinstri og hægri í stjórnmálum tengjast vali þeirra á stjórnmála-

flokkum. Greining á gögnum af þessu tagi gefur okkur vísbendingar um það hversu mikil áhrif afstaða kjósenda til stjórnmálaflokka, stjórnmálaforingja og málefna hefur á niðurstöðu þeirra í kjörklefanum.

Vinsældir íslenskra leiðtoga 1987-2003

Í öllum íslensku kosningarannsóknunum síðan 1987 hafa kjósendur gefið flokkum og foringjum einkunn eftir því hversu vel þeim líkar við þá. Í öllum þessum könnunum hafa um og yfir 90% svarenda yfirleitt verið reiðubúnir til þess að gefa flokkum og foringjum einkunn.[3] Frá 1987-1995 var einkunn gefin á kvarða frá –5 til +5, en 1999 og 2003 var notaður kvarðinn frá 0-10.[4] Á Mynd 1 er sýnt meðaltal einkunna foringjanna frá 1987-2003, bæði meðal allra kjósenda og kjósenda viðkomandi flokks. Á myndinni er kvörðunum hliðrað þannig að þeir taka gildin 0 til 100.[5] Þetta þarf að hafa í huga þegar Mynd 1 er skoðuð: hugsanlegt er að breyting á kvarða hafi einhver áhrif á útkomuna og þá sennilega í þá áttina að svarendur hafi tilhneigingu til þess að gefa lægri einkunnir 1999 og 2003 en í kosningunum á undan.[6]

Mynd 1 sýnir að umtalsverður munur er á vinsældum foringjanna milli kosninga, bæði meðal eigin kjósenda og allra kjósenda.[7] Eðlilega eru allir foringjar alltaf vinsælli meðal eigin kjósenda en allra kjósenda, en munur þar á milli er afar mismikill.

Vinsælustu foringjarnir meðal kjósendahópsins í heild á þessu tímabili eru Steingrímur Hermannsson 1987 (82 stig), Halldór Ásgrímsson 1995 (79 stig), Davíð Oddsson 1995 (74 stig) og Guðrún Agnarsdóttir 1987 (71 stig). Óvinsælustu foringjarnir eru Sverrir Hermannsson 1999 (30 stig), Albert Guðmundsson 1987 (45 stig) og þeir Svavar Gestsson 1987 og Ólafur Ragnar Grímsson og Jón Baldvin Hannibalsson 1995 (allir með 47 stig).

---

3 Helstu undantekningar eru að 1999 gáfu 84% svarenda Vinstri grænum einkunn og 79% gáfu Frjálslynda flokki einkunn. Árið 2003 gáfu 85% Frjálslynda flokki einkunn, en 79% gáfu Guðjóni Arnari Kristjánssyni einkunn. Jafnvel þessar lægstu tölur eru mjög hátt svarhlutfall.

4 Kvarðanum var breytt til samræmis við þann kvarða sem notaður er í fjölþjóðlegu rannsókninni CSES.

5 Gildið 0 á Mynd 1 samsvarar þannig gildinu –5 1987-1995 en gildinu 0 1999-2000 og gildið 100 á Mynd 1 samsvarar gildinu +5 1987-1995 en gildinu 10 1999-2003.

6 Hugsanlega finnst kjósendum „erfiðara“ að gefa foringja sem þeir meta lítils einkunnina –5 en einkunnina 0.

7 Einar Mar Þórðarson aðstoðaði höfund við tölfræðigreiningu og gerð taflna og mynda.



Mynd 1. Vinsældir foringja 1987 – 2003 (meðaltöl)

Skýringar: Myndirnar sýna meðaleinkunn foringja á kvarðanum 0-100 bæði meðal kjósenda eigin flokks og allra kjósenda. 0 þýðir að svaranda líki mjög illa við foringja, en 100 að svaranda líki mjög vel við foringja. Kvörðum úr kosningarannsóknum er hliðrað á þann hátt að útskýrt er í nótu 5.

Vinsælastir í hópi eigin kjósenda eru Steingrímur Hermannsson 1987 (95 stig) og 1991 (91 stig), Davíð Oddsson 1995 (92 stig) og þau Guðrún Agnarsdóttir 1987 og Halldór Ásgrímsson 1995 (bæði með 90 stig). Óvinsælastir meðal eigin kjósenda eru Sverrir Hermannsson 1999 (66 stig), Svavar Gestsson 1987 og Ólafur Ragnar Grímsson 1995 (báðir með 73 stig) og Margrét Frímannsdóttir 1999 (74 stig).

Oftast er fylgni milli vinsælda foringja meðal allra kjósenda og eigin kjósenda, en þó ekki alltaf. Áberandi er að Jón Baldvin Hannibalsson fær tiltölulega háa einkunn meðal eigin kjósenda 1995 (84 stig), en lága í hópi allra kjósenda (47 stig). Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fær mun hærri einkunn meðal eigin kjósenda 2003 (81 stig) en Margrét Frímannsdóttir 1999 (74 stig), en meðal allra kjósenda var einkunn Margrétar ívið hærri (56 stig) en einkunn Ingibjargar (54 stig). Vinsældir Davíðs Oddssonar meðal allra kjósenda minnka mikið frá 1999 til 2003 (úr 65 í 56 stig) en ekki meðal eigin kjósenda (83 og 82 stig). Svipuð þróun á sér stað varðandi vinsældir Steingríms Hermannssonar 1987 og 1991.

Ekkert einfalt samband er milli vinsælda foringja og kosningaúrslita. Steingrímur Hermannsson var heldur vinsælli 1987 meðal allra kjósenda (82 stig) en Halldór Ásgrímsson 1995 (79 stig), en fylgi Framsóknar var 18,9% í fyrra skiptið og 23,3% í seinna skiptið. Vinsældir Davíðs Oddssonar voru mestar 1995 þegar flokkurinn fékk 37,1% en minni 1999 þegar fylgið reyndist 40,7%. Guðrún Agnarsdóttir var miklu vinsælli meðal allra kjósenda 1987 (71 stig) þegar Kvennalistinn fékk 10,1% heldur en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2003 (54 stig) þegar Samfylkingin fékk 31% atkvæða. Raunar hafði Ingibjörg verið sýnu vinsælli meðal allra kjósenda þegar hún var leiðtogi Kvennalistans 1991 (62 stig), en listinn fékk þá einungis 8,3% atkvæða.

Hvaða leiðtogar endurspegluðu skoðanir kjósenda best í alþingiskosningunum 2003?

Í kosningarannsókninni 2003 voru eftirfarandi spurningar um leiðtoga líka lagðar fyrir íslenska kjósendur: Burtséð frá skoðunum þínum á stjórnmálaflokkunum, myndir þú segja að leiðtogi einhvers flokksins fyrir þessar kosningar endurspegli þínar skoðanir nokkuð vel? Þeir sem svöruðu játandi voru spurðir áfram: Hvaða leiðtogi endurspeglar þínar skoðanir best? Þessi spurning var hluti hinnar fjölþjóðlegu kosningarannsóknar CSES.

Mynd 2 sýnir hversu margir svöruðu spurningunni neitandi og hvernig þeir sem svöruðu játandi skiptust á milli íslensku stjórnmálaleiðtoganna.

Tæpur helmingur allra kjósenda sagði engan leiðtoga endurspegla eigin skoðanir nokkuð vel burtséð frá mati þeirra á stjórnmálaflokkum, en í þessum hópi eru bæði kjósendur flokkanna og þeir sem ekki kusu eða vildu ekki segja hvað þeir kusu. Nokkur munur er hér á kjósendahópum flokkanna: um helmingur kjósenda Framsóknarflokks (B) og Frjálslynda

flokks (F) segir engan leiðtoga spegla skoðanir sínar vel, um 40% kjósenda Sjálfstæðisflokks (D) og Samfylkingar (S), en einungis þriðjungur kjósenda Vinstri grænna (U).





Mynd 2. Endurspegla leiðtogar skoðanir kjósenda burtséð frá skoðunum á stjórnmálaflokkum?

Skýringar: Efri myndin sýnir svör allra sem svöruðu spurningunni (N=1349) en neðri myndin svör þeirra sem nefndu tiltekinn leiðtoga (N=694). Orðalag spurningarinnar og merking skammstafanna kemur fram í meginmáli.



Mynd 3. Hvaða leiðtogi endurspeglar skoðanir kjósenda flokkanna best?

Þegar litið er á svör þeirra sem nefna leiðtoga bera Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, forsætisráðherraefni Samfylkingar, og Davíð Oddsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokks, höfuð og herðar yfir aðra, en 29% svarenda nefnir hvort um sig. Athygli vekur að í þriðja sæti er Steingrímur J. Sigfússon, sem 15% nefna, en einungis 13% nefna Halldór Ásgrímsson, þrátt fyrir að Framsóknarflokkur hafi fengið næstum tvöfalt fleiri atkvæði en Vinstri grænir í kosningunum. Þá nefna 5% Guðjón A. Kristjánsson, foringja Frjálslynda, 2% Össur Skarphéðinsson, formann Samfylkingar, 1% Guðmund G. Þórarinsson, foringja Nýs afls og 6% samanlagt nefna aðra.

Mynd 3 sýnir hvaða leiðtoga kjósendur einstakra flokka nefna. Langflestir nefna leiðtoga úr þeim flokki sem þeir kusu, en þó ekki allir. 83% kjósenda Vinstri grænna nefna Steingrím J. Sigfússon, en 9% Ingibjörgu Sólrúnu. 82% kjósenda Sjálfstæðisflokks nefna Davíð Oddsson, 7% Halldór Ásgrímsson og 5% Steingrím J. Sigfússon. 77% kjósenda Samfylkingar nefna Ingibjörgu

Sólrúnu, en 8% Steingrím. 65% kjósenda Frjálslyndra nefna Guðjón A. Kristjánsson, en 12% Steingrím, 9% Davíð og 5% Ingibjörgu Sólrúnu og Halldór Ásgrímsson hvort um sig. 57% kjósenda Framsóknarflokks nefna Halldór, 14% Davíð, 9% Ingibjörgu Sólrúnu og 6% Steingrím.

Fróðlegt er að velta fyrir sér styrk einstakra leiðtoga í ólíkum kjósendahópum. Tvennt stendur þó upp úr þegar við veltum fyrir okkur sjálfstæðum áhrifum leiðtoga. Tæpur helmingur kjósenda telur engan leiðtoga endurspegla eigin skoðanir burtséð frá flokkum og flestir þeirra sem telja einhvern leiðtoga endurspegla eigin skoðanir nefnir leiðtoga úr eigin flokki. Mat á flokkum skiptir greinilega miklu varðandi mat kjósendanna á leiðtogunum.

Vinsældir flokka og foringja 1987-2003: Áhrif á kosningahegðun

Þegar reynt er að meta áhrif vinsælda flokka og foringja á kosningahegðun koma upp aðferðafræðileg vandamál. Kjósendum hvers flokks líkar best við eigin flokk og líka við eigin foringja. Hvort er það afstaðan til flokksins eða afstaðan til foringjans sem skiptir meira máli?

Þetta má reyna að meta á margvíslegan hátt í tölfræðilegri greiningu. Ýmis konar aðhvarfsgreiningar geta sýnt áhrif einnar breytu þegar áhrifum annarra breyta er haldið stöðugum. Hér verður ekki gerð grein fyrir slíkum greiningum, en þær bíða betri tíma. Á hinn bóginn reynum við að varpa ljósi á sjálfstæð áhrif vinsælda flokka og foringja í Töflu 1. Til samanburðar birtum við sambærilegar niðurstöður frá Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Bretlandi, en þær töflur eru fengnar frá Sören Holmberg (Holmberg 2004).

Í Töflu 1 er slegið saman upplýsingum úr öllum íslensku kosningarannsóknunum frá 1987 til 2003, eða fimm rannsóknum.[8] Önnur vídd töflunnar sýnir einkunnir sem gefnar voru foringjum og hin víddin einkunn sem gefin var flokkum. Grunneiningar í töflunni eru dómar svarenda um flokk og foringja. Svarandi í kosningarannsókninni 1987 sem gefur fimm flokkum og foringjum þeirra einkunn og upplýsir hvað hann kaus myndar þannig fimm grunneiningar í töflunni. Taflan í heild gefur okkur vísbendingar um hvaða áhrif mat kjósenda á flokkum og foringjum höfðu á kosningahegðun þeirra 1987-2003 þegar á heildina er litið.

---

[8] Í töflunni er notaður kvarðinn 0-10 eins og gert var 1999 og 2003. Niðurstöðum frá 1987-1995, þegar kvarði frá -5 til +5 var notaður, er hliðrað til samræmis.

Tafla 1. Líkur á að kjósa flokk út frá mati kjósenda á flokknum og foringja hans (%). **Ísland 1987 – 2003**.[9]

		Einkunn leiðtoga										
		0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Einkunn flokks	0	1%	0%	1%	1%	0%	1%	0%	1%	0%	-	2%
	1	0%	0%	0%	0%	0%	0%	4%*	-	-	-	-
	2	2%	1%	1%	0%	0%	0%	1%	2%	3%	-	-
	3	0%	2%	0%	1%	0%	1%	1%	1%	2%	-	-
	4	1%	0%*	2%	1%	1%	2%	0%	2%	1%	-	11%
	5	6%	3%	3%	2%	3%	3%	4%	5%	7%	6%	15%
	6	-	-	-	9%	13%	8%	6%	6%	9%	13%	20%
	7	-	-	-	14%	24%	15%	19%	20%	23%	17%	23%
	8	-	-	-	-	-	35%	46%	44%	45%	47%	44%
	9	-	-	-	-	-	45%*	62%*	60%	63%	62%	64%
	10	-	-	-	-	-	59%	-	70%	80%	81%	81%

Til að skýra uppbyggingu töflunnar frekar skulum við taka tvö dæmi. Í boxinu sem sýnir þá sem gáfu foringjaeinkunnina 8 og flokkseinkunnina 10 stendur 80%. Þessi tala þýðir, að af öllum tilvikum í kosningarannsóknunum 1987-2003 þar sem svarandi gaf leiðtoga einhvers flokks einkunnina 8 og flokknum sjálfum einkunnina 10 þá kaus svarandinn viðkomandi flokk í 80% tilvikanna. Í boxinu sem sýnir þá sem gáfu leiðtogaeinkunn 3 og flokks-einkunn 7 stendur talan 14% sem þýðir að 14% þeirra sem gáfu einhverjum flokki einkunnina 7 en foringja flokksins einkunnina 3 kusu samt sem áður flokkinn.

Þegar við lesum eftir röðunum í töflunni sjáum við hvernig hlutfall þeirra sem kjósa flokk hækkar (venjulega) með hækkandi leiðtogaeinkunnum (leiðtogaáhrif). Þegar við lesum niður dálkana sjáum við hvernig hlutfall þeirra sem kjósa flokk hækkar (venjulega) með hækkandi flokkseinkunnum (flokksáhrif).

Ef við förum í dálkinn sem sýnir foringjaeinkunnina 9 þá sjáum við að meðal þeirra sem gáfu foringjanum 9 en flokknum einkunnina 5 kusu 6% flokkinn, en meðal þeirra sem gáfu foringjanum 9 og flokknum 10 kusu 81% flokkinn. Flokksáhrif eru með öðrum orðum 75% (81-6=75). Ef við hins vegar förum í röðina sem sýnir flokkseinkunnina 9 þá sjáum við að meðal þeirra sem gáfu flokknum einkunnina 9 en foringjanum 5 kusu 45%

[9] Taflan byggir á samanlögðum svörum um vinsældir flokka og foringja í fimm íslenskum kosningarannsóknum frá 1987 til 2003. Prósentan í hverju boxi sýnir hversu hátt hlutfall þeirra sem gáfu flokki og foringja viðkomandi einkunn kusu þann flokk. Grunneiningar í töflunni eru þannig miklu fleiri en svarendur, af því að hver svaraandi leggur mat á marga flokka. Heildafjöldi svara í töflunni er 32.479. Enginn tala er í boxum þar sem heildafjöldi svar er innan við 50. *Þýðir að svarendafjöldi er á bilinu 41-49.

flokkinn, en meðal þeirra sem gáfu flokknum einkunnina 9 og foringjanum einkunnina 10 kusu 64% flokkinn. Leiðtogaáhrif eru 19% (64-45).[10]

Þegar taflan í heild er lesin með þessum hætti kemur greinilega í ljós að flokksáhrifin eru miklu sterkari en leiðtogaáhrifin.

Í Töflu 2 sjáum við sambærilegar tölur frá Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Ef við lítum á sænsku töfluna og förum í dálkinn fyrir foringjaeinkunnina 9, þá sjáum við hlutfall þeirra sem kjósa flokkinn hækkar úr 2% við flokkseinkunnina 5 upp í 90% við flokkseinkunnina 10 (flokksáhrif 88%). Röðin fyrir flokkseinkunnina 9 sýnir hins vegar hækkun úr 57% við foringjaeinkunn 5 upp í 61% við foringjaeinkunn 10 (leiðtogaáhrif 4%). Sams konar útreikningar gefa okkur flokksáhrif 85% og leiðtogaáhrif 7% fyrir Noreg, flokksáhrif 62% og leiðtogaáhrif 19% fyrir Bretland og loks flokksáhrif 10% og leiðtogaáhrif 16% fyrir Bandaríkin.

Flokksáhrifin eru miklu sterkari en leiðtogaáhrifin á Íslandi. Sama máli gegnir um Svíþjóð, Noreg og Bretland. Undantekningin í þessari greiningu er bandarískar forsetakosningar.

Þessi greining bendir til þess að styrkur leiðtogaáhrifa á Íslandi sé nær því sem algengast er á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu, frekar en í Bandaríkjunum. Leiðtogaáhrif á Íslandi eru miklu veikari en flokksáhrif. Frekari greiningu á gögnum þarf hins vegar til þess að segja eitthvað um það hvort Ísland eigi heima með Noregi og Svíþjóð, þar sem leiðtogaáhrifin virðast afar lítil, eða sumum öðrum Evrópuríkjum þar sem þau virðast heldur meiri.

---

[10] Mestur hluti leiðtogaáhrifanna stafar af því að talan fyrir foringjaeinkunnina 5 er 45%, miklu lægri en talan fyrir foringjaeinkunnina 6, sem er 62%. Ef við skoðum foringjaeinkunnir frá 6-10 meðal þeirra sem gáfu flokknum einkunnina 9 þá hækkar hlutfall þeirra sem kusu flokkinn einungis úr 62% í 64% (leiðtogaáhrif 2%).

Tafla 2. Líkur á því að kjósa flokk út frá mati á kjósenda á flokknum og foringja hans (%) Noregur, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.[11]

Noregur 1981 - 1997

Einkunn flokks	Einkunn leiðtoga 0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	1%	1%	2%	-	-
1	0%	1%	0%	0%	0%	0%	0%	1%	4%	-	-
2	0%	1%	0%	0%	0%	0%	0%	1%	0%	-	-
3	0%	1%	0%	0%	0%	0%	0%	2%	1%	2%	0%
4	0%	0%	0%	1%	0%	1%	0%	1%	2%	0%	-
5	2%	2%	2%	1%	2%	2%	2%	3%	5%	4%	9%
6	-	7%	7%	6%	8%	6%	7%	7%	9%	8%	15%
7	-	-	11%	15%	21%	19%	21%	22%	21%	20%	27%
8	-	-	31%	37%	37%	40%	47%	51%	45%	47%	49%
9	-	-	-	-	-	62%	63%	68%	74%	69%	69%
10	38%	57%	60%	67%	73%	84%	92%	85%	88%	89%	91%

Svíþjóð 1979 -1998

Einkunn flokks	Einkunn leiðtoga 0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0	0%	0%	0%	0%	1%	1%	2%	-	-	-	-
1	0%	0%	0%	0%	3%	2%	7%	-	-	-	-
2	0%	0%	0%	0%	1%	4%	3%	7%	10%	-	-
3	1%	0%	0%	0%	4%	6%	11%	12%	11%	-	-
4	1%	0%	1%	1%	5%	9%	14%	21%	16%	-	-
5	0%	2%	1%	2%	16%	20%	33%	34%	26%	28%	36%
6	2%	0%	1%	1%	37%	43%	48%	49%	45%	42%	48%
7	-	-	6%	5%	49%	54%	59%	59%	59%	54%	63%
8	-	-	-	32%	56%	61%	71%	74%	73%	75%	78%
9	-	-	-	-	-	67%	85%	84%	83%	83%	86%
10	-	-	-	-	-	79%	81%	90%	89%	90%	92%

Bretland 1964 - 2001

Einkunn flokks	Einkunn leiðtoga 0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0	1%	1%	0%	1%	1%	1%	2%	-	-	-	-
1	0%	3%	4%	2%	3%	2%	7%	-	-	-	-
2	2%	3%	3%	3%	1%	4%	3%	7%	10%	-	-
3	1%	5%	3%	4%	4%	6%	11%	12%	11%	-	-
4	3%	2%	3%	6%	5%	9%	14%	21%	16%	-	-
5	5%	10%	8%	12%	16%	20%	33%	34%	26%	28%	36%
6	14%	-	23%	23%	37%	43%	48%	49%	45%	42%	48%
7	-	-	-	48%	49%	54%	59%	59%	59%	54%	63%
8	-	-	-	-	56%	61%	71%	74%	73%	75%	78%
9	-	-	-	-	-	67%	85%	84%	83%	83%	86%
0	-	-	-	-	-	79%	81%	90%	89%	90%	92%

Bandaríkin 1952 - 2000

Einkunn flokks	Einkunn leiðtoga 0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
0	0%	3%	4%	4%	6%	-	-	-	-	-	-
1	2%	0%	1%	5%	4%	12%	-	-	-	-	-
2	1%	0%	2%	4%	7%	15%	19%	-	-	-	-
3	1%	4%	3%	5%	8%	16%	34%	47%	55%	-	-
4	1%	3%	5%	8%	9%	25%	47%	63%	73%	85%	-
5	5%	8%	8%	13%	19%	38%	66%	78%	85%	88%	93%
6	12%	17%	21%	25%	41%	62%	80%	89%	90%	91%	96%
7	-	-	20%	35%	48%	67%	85%	90%	96%	96%	99%
8	-	-	-	-	75%	78%	87%	93%	95%	97%	99%
9	-	-	-	-	-	82%	93%	94%	97%	95%	98%
0	-	-	-	-	-	-	-	94%	99%	98%	100%

[11] Taflan er byggð upp á sama hátt og tafla 1. Fjöldi svara í Noregi er 68.010, í Svíþjóð 55.185, í Bretlandi 47.275 og í Bandaríkjunum 44.932 (Holmberg 2004, 162 – 164).

Niðurstöður

Í þessari grein hefur komið fram að leiðtogaáhrif eru gjarnan ýkt stórkostlega í almennum umræðum um stjórnmál á Vesturlöndum, ekki síst í fjölmiðlum. Fræðilegar rannsóknir benda til þess að aðrir þættir, t.d. afstaða kjósenda til flokka og málefna skipti oftast miklu meira máli fyrir val kjósenda í kosningum en afstaða til persónueiginleika foringja. Sjálfstæð foringjaáhrif virðast hins vegar stundum fyrir hendi, en mjög missterk (og erfitt að fullyrða að í þeim felist einungis mat á persónu foringjans, jafnvel þó reynt sé að taka út áhrif annarra þátta í tölfræðigreiningu).

Greining á íslenskum gögnum benti til þess að afstaðan til flokka skipti miklu meira máli hér á landi en afstaðan til foringja þegar kjósendur gera upp hug sinn í kjörklefanum. Sú niðurstaða er í samræmi við greiningu Sörens Holmberg á gögnum úr fjölþjóðlegu CSES rannsókninni. Frekari rannsóknir þarf hins vegar til þess að meta hvort Ísland eigi heima í hópi þeirra ríkja þar sem leiðtogaáhrifin virðast sáralítil (t.d. Noregur og Svíþjóð) eða hvort þau eru ívið meiri hér.

Heimildir

Aardal, B. (1999). *Velgere i 90-arene*. Oslo, NKS-Forlaget.

Borre, O. (1999). "Partiernes og ledernes popularitet" í J. Andersen, O. Borre, J.G. Andersen og H.J. Nielsen (ritstj.), *Vælgere med omtanke*. Systime.

Dalton, R. (2000). *Citizen Politics. Public Opinion and Political Parties in Advanced Industrial Democarcies*. New York, Chatham House.

Gilljam, M. og S. Holmberg (1995). *Valjarnas val*. Stockholm, Fritzes.

Holmberg S. (2004). *Valjare. Svenskt valjarbeteende under 50 ar*. Stockholm, Norstedts Juridik AB.

King. A. (2002) (ritstj.) *Leaders' Personalities and the Outcomes of Democratic Elections*. Oxford, Oxford University Press.

Kroh, M. (2003). *Parties, Politicians, and Policies. Orientations of Vote Choice Across Voters and Contexts*. Doktorsritgerð við Amsterdamháskóla.

Ólafur Þ. Harðarson (1995). *Parties and Voters in Iceland*. University of Iceland Social Science Research Institute, University Press.

Full þátttaka í Evrópuverkefni – Aðild að Schengen samstarfinu

Stefán Eiríksson

Full þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hófst 25. mars 2001, að undangengnu nokkurra ára undirbúningsferli og viðeigandi samningagerð. Segja má að það ferli hafi hafist formlega árið 1995, þegar forsætisráðherrar Norðurlandanna lýstu því yfir í kjölfar fundar í Reykjavík 27. febrúar það ár, að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Í þessari grein verður varpað ljósi á helstu ástæður þess að Ísland ákvað að taka þátt í Schengen samstarfinu, hvað í því samstarfi felst almennt og hvernig það samstarf er frábrugðið og um leið nánara en samstarf Íslands við ESB er almennt, t.d. á grundvelli EES-samningsins.

Schengen samstarfið

Schengen-samstarfið hófst með undirritun Schengen-samkomulagsins 14. júní 1985 og síðan samnings um framkvæmd hans frá 19. júní 1990, sem nefndur hefur verið Schengen-samningurinn. Fimm ríki, Belgía, Frakkland, Holland, Lúxemborg og Þýskaland, undirrituðu Schengen-samkomulagið árið 1985 og síðan Schengen-samninginn árið 1990. Framkvæmd samningsins hófst síðan formlega 26. mars 1995, og höfðu þá Portúgal og Spánn bæst í hópinn.[1]

Megintilgangur samstarfsins er að tryggja frjálsa för fólks yfir landamæri aðildarríkjanna, án persónueftirlits á landamærum. Í samstarfinu felst að aðildarríkin eiga með sér náið samstarf um framkvæmd landamæraeftirlits á

[1] Síðan þá hafa öll ríki ESB hafið fulla þátttöku í Schengen, ef frá eru talin Bretland og Írland, sem þó hafa óskað eftir þátttöku í tilteknum hlutum Schengen-samstarfsins. Að auki taka tvö ríki þátt í Schengen-samstarfinu sem ekki eru meðlimir í ESB, þ.e. Ísland og Noregur. Þau ríki sem fengu formlega aðild að ESB árið 2004 hafa ekki hafið fulla þátttöku í Schengen samstarfinu og ekki liggur fyrir ákvörðun um hvenær það verður en að því stefnt á næstu árum.

ytri landamærum svæðisins, svo og samstarf um útgáfu vegabréfsáritana og ýmsar stuðningsaðgerðir eins og samstarf um lögreglusamvinnu á tilteknum sviðum, t.d. hvað varðar smygl á fíkniefnum, framsal sakamanna, réttaraðstoð í sakamálum, meðferð hælisbeiðna o.fl. Í upphafi stóð samstarfið innan Schengen alfarið utan stofnana ESB þó svo að meginefni þess væri að afnema hindranir við frjálsri för manna, sem er eitt af meginmarkmiðum Rómarsáttmálans. Samstarfið var því í upphafi hefðbundið milliríkjasamstarf þar sem allar ákvarðanir byggðust á einróma samþykki aðildarríkjanna hverju sinni (sjá t.d. Högni S. Kristjánsson, 1999).

Með Amsterdam-sáttmálanum, sem undirritaður var í október 1997, fylgdi bókun sem felldi Schengen-samstarfið undir laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins og heimilaði þeim 13 aðildarríkjum Schengen og ESB, sem þá þegar voru orðnir þátttakendur í samstarfinu, að halda því áfram innan ESB. Umræða um innlimun Schengen samstarfsins í ESB, svo og umræða um innlimun fleiri atriði á sviði dóms- og innanríkismála[2] í ESB, hafði verið í gangi þá þegar um nokkurra ára skeið, einkum í tengslum við gerð Maastricht-sáttmálans 1991, en naut til að byrja með ekki víðtæks stuðnings (W. de Zwaan, 1998).

Ástæður þeirrar breytinga sem urðu á viðhorfi ríkja ESB frá gerð Maastricht-sáttmálans til gerðar Amsterdam-sáttmálans hvað samstarf á sviði dóms- og innanríkismála varðar verða ekki raktar nánar hér. Þessi þróun hafði hins vegar þær grundvallarbreytingar í för með sér að samstarf ríkja ESB á þessu sviði var flutt inn á vettvang ESB og flokkaðist því ekki lengur sem hefðbundið milliríkjasamstarf, utan stofnanaramma ESB, eins og Schengen-samstarfið var gott dæmi um. Hér var vissulega um grundvallarbreytingu að ræða hvað varðar ríki ESB, en þetta hafði einnig áhrif á önnur ríki, eins og t.d. þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu.

Aðdragandi aðildar Íslands að Schengen samstarfinu

Ísland var ásamt hinum Norðurlöndunum orðið aðili að Schengen-samstarfinu þegar ríki ESB tóku ákvörðun um að innlima það í ESB. Í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlandanna árið 1995 hófust aðildarviðræður norrænu ríkjanna um þátttöku í Schengen-samstarfinu, sem þá var

---

2 Schengen-samstarfið fellur undir samstarf á sviði dóms- og innanríkismála eða samstarfs sem nú er gjarnan nefnt samstarf um frelsi, öryggi og réttlæti. Undir þetta samstarf falla einkum samstarf á sviði lögreglumála, útlendingamála, dómsmála og réttarsamvinnu á sviði sakamála og einkamálaréttar, s.s. um fullnustu dóma og á sviði sifjamála.

hefðbundið milliríkjasamstarf eins og áður hefur verið rakið. Danmörk hafði þegar árið 1995 sótt um áheyrnaraðild að Schengen, sem segja má að leitt hafi til þess að norrænu ríkin fimm þurftu að gera upp við sig hvort og þá hvernig ætti að halda áfram norræna vegabréfasambandinu.[3] Sjálfstæð aðild Dana að Schengen-samstarfinu, án þátttöku hinna Norðurlandanna, hefði leitt til þess að ytri landamæri Schengen-svæðisins hefðu legið í gegnum Norðurlöndin og þar með falið í sér endalok norræna vegabréfasambandsins. Í ljósi þessa gerðu Danir þann fyrirvara að í umsókn sinni um aðild að Schengen, að norræna vegabréfasambandið héldist.

Norræna vegabréfasambandið var á þessum tíma einn af lykilþáttunum í norrænni samvinnu og var það mat stjórnvalda á öllum Norðurlöndunum að almenningur þar myndi ekki sætta sig við að 40 ára frelsi til ferða án vegabréfa milli norrænu ríkjanna yrði afnumið. Að auki voru menn hræddir um að annað samstarf sem sprottið hefði upp í tengslum við vegabréfasambandið væri í hættu, einkum á sviði lögreglumála, réttaraðstoðar í sakamálum o.fl. (Tillaga til þingsályktunar 1999-2000:2-3). Í þessu ljósi mörkuðu forsætisráðherrar Norðurlandanna þá stefnu að þeir sæju fyrir sér þróun norræna vegabréfasambandsins innan Schengen-samstarfsins.

Segja má að þrír möguleikar hafi verið í stöðunni þegar hér var komið sögu. Í fyrsta lagi að Norðurlöndin héldu áfram norræna vegabréfasambandi og stæðu utan Schengen. Í öðru lagi að norræna vegabréfasambandinu yrði hætt og Svíþjóð, Danmörk og Finnland (aðildarríki ESB) gengju í Schengen og landamæraeftirlit yrði tekið upp milli Norðurlandanna (t.d. á löngum landamærum milli Svíþjóðar og Noregs). Þriðji möguleikinn var síðan sú lausn sem varð ofan á, þ.e. aðild allra Norðurlandanna að Schengen (Anderson og Bort, 2001).

Aðildarviðræður norrænu ríkjanna að Schengen gengu vel fyrir sig og var samstarfssamningur Íslands og Noregs við Schengen-ríkin undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996 samhliða aðildarsamningum Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar.

Sú breyting sem varð á Schengen samstarfinu með innlimun þess í ESB gerði það að verkum að Ísland og Noregur þurftu á ný að semja um þátttöku í Schengen-samstarfinu, þ.e. eftir að það færðist undir laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins. Segja má að staða ríkjanna hafi verið sterk, í ljósi þeirrar staðreyndar að ríkin höfðu þá þegar skrifað undir samstarfssamning við Schengen ríkin og voru því í raun hluti af Schengen-svæðinu

---

[3] Norræna vegabréfasambandið hófst með samkomulagi fjögurra Norðurlanda sem skrifað var undir 12. júlí 1957. Ísland varð aðili að þessum samningi 24. september 1965.

þegar ESB ákvað að taka það samstarf yfir. Í Schengen bókuninni með Amsterdam sáttmálanum er því sérstaklega fjallað um stöðu Íslands og Noregs og lagt fyrir ráðherraráð ESB að gera sérstaka samninga við Ísland og Noreg um þátttöku ríkjanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen gerðanna (sjá t.d. W. de Zwaan, 1998).

Ísland og Noregur hófu því samningaviðræður við ráðherraráðið um þátttöku ríkjanna tveggja í Schengen-samstarfinu árið 1998. Annað aðalsamningsmarkmið Íslands var að tryggja að áhrif Íslands á mótun nýrra Schengen-reglna yrði með sambærilegum hætti og samkvæmt samstarfssamningnum frá 1996, þar sem skýrt var kveðið á um að Ísland og Noregur tækju fullan þátt í framkvæmd og mótun Schengen-reglna á öllum stigum, utan þátttöku í atkvæðagreiðslum. Hitt meginmarkmið Íslands var að ekki yrði komið á eftirlitsvaldi alþjóðlegra stofnana með framkvæmd Íslands á samningnum, nema því aðeins að Ísland ætti aðild að slíkum stofnunum á að minnsta kosti sambærilegan hátt og í EES-samstarfinu Þessi samningsmarkmið byggðust m.a. á álitsgerð þriggja prófessora í lögum við Háskóla Íslands frá desember 1997 um hvort væntanlegur samningur um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, eftir að það hefði færst undir Evrópusambandið með Amsterdam-sáttmálanum, samræmdist ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Samningar um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna náðust síðla árs 1998 þar sem meginsamningsmarkmiðum Íslands náðust. Skrifað var undir samninginn í Brussel 18. maí 1999 (Tillaga til þingsályktunar 1999-2000:3).

Þátttaka Íslands í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-reglna

Til þess að fallast á kröfur Íslands og Noregs um samsvarandi áhrif ríkjanna á mótun reglna og þau höfðu á grundvelli samstarfssamningsins frá 1996 þurfti að leiða samstarfið út fyrir hinn hefðbundna ramma ákvarðanatökuferlis innan Evrópusambandsins. Sett var á laggirnar sérstök nefnd, samsetta nefndin, sem kemur saman og á samkvæmt samningnum að fjalla um öll mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni og falla undir gildissvið Schengen-samningsins. Samsettu nefndinni er ætlað að endurspegla nefndaskipan ESB á þessu sviði og kemur því saman á margvíslegum efnissviðum samningsins, frá vettvangi sérfræðinga og yfir á vettvang ráðherra. Ísland og Noregur taka hins vegar ekki þátt í atkvæðagreiðslum, komi til þeirra, og ríkin taka því sjálfstæða ákvörðun hverju sinni um samþykkt nýrra gerða.

Fallist ríkin ekki á nýja gerð er litið á það sem uppsögn samningsins, að undangengnu sáttaferli sem kveðið er á um í samningnum. Ekki var sett á laggirnar sjálfstætt eftirlits- eða dómskerfi hvað varðar Ísland og Noreg (sjá t.d. Högni S. Kristjánsson, 1999).

Aðkoma Íslands að þróun og mótun reglna á sviði Schengen-samstarfsins er á ýmsan hátt öðruvísi og betri en aðkoma landsins að sambærilegu ferli innan EES-samstarfsins. Á vettvangi EES-samstarfsins er aðkoma Íslands takmörkuð við sérfræðinganefndir framkvæmdastjórnar ESB. Þegar tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru hins vegar sendar ráðherraráði ESB til umfjöllunar á Ísland þess ekki kost að taka þátt í umræðum á þeim vettvangi um viðkomandi gerð. Þessi aðkoma er aftur á móti að fullu tryggð á grundvelli samstarfssamningsins um þátttöku í mótun Schengen-gerðanna.

Ákvarðanatökuferlið innan Schengen-samstarfsins er flókið, einkum fyrir ESB ríkin, í ljósi þeirrar staðreyndar að ferlið hefur verið leitt að stórum hluta út fyrir hið hefðbundna ferli innan ESB. Lausn af þessu tagi ætti á grundvelli meginreglna Evrópusambandsins að vera óhugsandi með hliðsjón af laga- og stofnanauppbyggingu þess. Sterk staða Íslands og Noregs, sem byggðist ekki síst á þeim staðreyndum annars vegar að Ísland og Noregur voru þegar meðlimir í Schengen þegar ESB tók það yfir og hins vegar að forsenda þátttöku hinna Norðurlandanna þriggja í Schengen samstarfinu var að Ísland og Noregur yrðu með, tryggði hins vegar þá lausn sem varð ofan á (Kuijper 2000:350-351).

Rök með og á móti þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu

Eins og rakið hefur verið hér að framan mótaðist jákvæð afstaða Íslands til Schengen samstarfsins fyrst og fremst af þeirri staðreynd að önnur Norðurlönd, til að byrja með Danmörk, höfðu mikinn áhuga á þátttöku í Schengen samstarfinu. Danir sóttu um aðild að Schengen í maí 1994 og Svíar og Finnar í júní 1995. Gerðu ríkin það öll með þeim fyrirvara að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu. Ljóst var að Ísland og Noregur gætu aldrei orðið fullgildir aðilar að Schengen samstarfinu, en samkvæmt 1. mgr. 140. gr. Schengen-samningsins eru það einungis aðildarríki ESB sem geta gerst aðilar. Að mati norrænu ríkjanna þurfti að finna lausn á þessu hvað Ísland og Noreg varðaði, til þess að norræna vegabréfasambandið myndi ekki líða undir lok með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir norrænt samstarf almennt (Högni S. Kristjánsson, 1999).

Framtíð norrænnar samvinnu voru þó ekki einu rökin sem færð voru fram fyrir Schengen þátttöku þó þau hafi vegið þyngst hvað Ísland varðaði. Því var einnig haldið fram að með þátttöku í Schengen-samstarfinu myndi Ísland ná fram víðtækri samvinnu við öll aðildarríki Schengen á sviði lögreglu- og útlendingamála, með það að markmiði m.a. að styrkja stöðu landsins í baráttunni gegn skipulagðri alþjóðlegri brotastarfsemi. Efling alþjóðlegrar samvinnu á þessum sviðum var því meðal þeirra röksemda sem taldar voru fram með aðild Íslands að Schengen. Meginefni Schengen samningsins, þ.e. að greiða fyrir frjálsri för einstaklinga milli aðildarríkjanna, var að sjálfsögðu nefnt einnig sem röksemd fyrir þátttöku Íslands þó svo að það teljist ekki meginforsendan fyrir afstöðu íslenskra stjórnvalda til þátttökunnar.

Í opinberri umræðu var lítið gert úr pólitískri þýðingu Schengen samstarfsins fyrir Ísland hvað varðaði hugsanlega aðild að ESB. Þegar röksemdir fyrir aðild Íslands að Schengen voru taldar upp var þó nefnt að ekki væri unnt að horfa framhjá þeirri almennu viðleitni ríkisstjórna á hverjum tíma til að styrkja samstarf við ESB (Högni S. Kristjánsson, 1999). Haft var eftir utanríkisráðherra í blaðaviðtali skömmu áður en full þátttaka Íslands í Schengen samstarfinu hófst að ekki yrði dregin nein ályktun um breytta stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart Evrópusambandinu af þátttöku Íslands í Schengen. Sú þátttaka styddist við tilteknar pólitískar forsendur sem væru að varðveita norræna vegabréfasambandið og um leið að efla samstarf við ríki sambandsins á sviði lögreglusamvinnu. Utanríkisráðherra sagði jafnframt að í hans huga væri alveg ljóst að Schengen-samningurinn færði Íslandi einstakt tækifæri til að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins á þeim sviðum sem þar um ræddi. Þarna væri í raun um að ræða möguleika sem væru einstakir í samskiptum ESB við ríki utan þess. Ólíkt því sem væri samkvæmt EES-samningnum hefði Ísland innan Schengen áhrif á efni ákvarðana á öllum stigum máls jafnt innan framkvæmdastjórnarinnar sem á vettvangi ráðherraráðs sambandsins. Burtséð frá skoðunum manna á því hvort taka ætti þátt í Schengen samstarfinu eða ekki ættu menn að fagna þeim áhrifum sem Ísland hefði fengið á þessum vettvangi („Opnar dyr á mikilvægum sviðum," *Morgunblaðið* 22. mars 2001:28).

Í umræðum á Alþingi síðla árs 1999 í tengslum við fullgildingu samningsins um þátttöku Íslands í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen gerðanna, bar afstaða Íslands gagnvart ESB eðlilega einnig á góma. Dómsmálaráðherra sagði við það tækifæri að ekki yrði fram hjá því litið að með samstarfi við ESB á þeim sviðum sem Schengen samningurinn tæki til hefði Ísland fikrað sig inn á nýjar brautir í samstarfi við ESB. Það væri óneitanlega ekki einfalt

að finna slíku samstarfi farveg sem fullnægt gæti kröfum stjórnskipunar Íslands með hliðsjón af uppbyggingu ESB. Við gerð samstarfssamningsins hefði vel tekist til í þeim efnum, þar sem þátttaka Íslands í mótun ákvarðana væri tryggð án þess að stofnunum ESB væri fengið úrlausnarvald gagnvart Íslandi. Dómsmálaráðherra nefndi einnig að í Schengen samstarfinu væri tryggt að ráðherrar aðildarríkjanna gætu formlega átt með sér pólitískt samráð um samstarfið. Reynslan hefði þá þegar sýnt að með þessu hefði verið skapaður virkur vettvangur til pólitísks samráðs milli Íslands og aðildarríkja ESB á þessu sviði (Sólveig Pétursdóttir, 1999).

Þátttaka Íslands í Schengen samstarfinu var ekki ofarlega á baugi í almennri umræðu eða stjórnmálaumræðu á Íslandi. Á Alþingi var mikill meirihluti fylgjandi þátttöku Íslands í samstarfinu. Þeir sem voru andvígir þátttöku var lítill minnihluti þingmanna úr Sjálfstæðisflokknum og þingmenn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Að mati þeirra voru margir ókostir við þátttöku í Schengen samstarfinu, til dæmis umtalsverður kostnaður sem þátttöku fylgdi og að mati vinstri-grænna var þátttaka í Schengen samstarfinu einungis skref í átt að fullri aðild að ESB. Að þeirra mati hefði Ísland átt að sækjast eftir annarri aðkomu að þessu samstarfi, þar sem það væri ekki á dagskrá af Íslands hálfu í fyrirsjáanlegri framtíð að sækja um aðild að ESB. Tvíhliða samningur við ESB um þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu var að þeirra mati heppilegri með hliðsjón af stöðu mála (Nefndarálit 1. og 2. minnihluta utanríkismálanefndar – Þingskjöl 784 og 791 – 206. mál, 125. löggjafarþing). Þrátt fyrir þessa gagnrýni var aðild Íslands að Schengen samstarfinu samþykkt á Alþingi með miklum meirihluta.

Samantekt

Ljóst er að þátttaka Íslands í Schengen samstarfinu er einn kafli af mörgum í samskiptasögu Íslands og ESB. Segja má að Íslandi hafi hvorki átt að því frumkvæði eða haft á því sérstakan áhuga að ganga í Schengen samstarfið, en ytri aðstæður og þá einkum áhyggjur af framtíð norræns samstarfs hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að ákveðið var að óska eftir aðild að samstarfinu. Sú staðreynd að Ísland og Noregur höfðu þegar fengið aðild að Schengen árið 1997 þegar samstarfið var innlimað í ESB, svo og sú staðreynd að Norðurlöndin þrjú sem voru aðilar að ESB settu það sem skilyrði fyrir þátttöku sinni í Schengen að Noregur og Ísland yrðu með, hafi fært ríkjunum tveimur einstaka samningsstöðu gagnvart ráðherraráði ESB þegar kom að samningaviðræðum um áframhaldandi Schengen þátttöku

ríkjanna tveggja. Sú staða leiddi síðan til þess að þau samningsmarkmið sem Ísland lagði upp með í samningum sínum við ESB náðust fram og úr varð samstarf sem ekki á sér hliðstæðu í samstarfi ESB við þriðju ríki.

Taka verður undir það sjónarmið utanríkisráðherra Íslands sem rakið er hér að framan að litlar ályktanir verði dregnar um breytta stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart aðild að ESB af þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að á þessu afmarkaða sviði innan ESB er Ísland eins nálægt því og unnt er að starfa sem fullgildur meðlimur í sambandi. Á það hefur t.d. verið bent að staða Íslands og Noregs innan Schengen sé afar lík stöðu Dana, en þeir njóta ákveðinnar sérstöðu á þessu sviði í kjölfar þess að Maastricht-sáttmálinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku. Staða Íslands og Noregs er þar fyrir utan sterkari á þessu sviði en staða Breta og Íra, sem einungis taka að hluta til þátt í Schengen samstarfinu (Kuijper, 2000). Á móti kemur hins vegar að Ísland hefur enga aðkomu að öðrum málum á sviði dóms- og innanríkismála, þ.e. sem ekki falla undir Schengen, þar sem EES-samningurinn tekur ekki til samstarfs á sviði dóms- og innanríkismála.

Staða Íslands og Noregs í Schengen samstarfinu er á margan hátt einstök eins og hér hefur verið tíundað. Samkvæmt samningnum um þátttöku ríkjanna tveggja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen gerðanna frá 18. maí 1999 stýra Ísland og Noregur til skiptis samsettu nefndinni á vettvangi ráðherra og sendiherra seinni hluta hvers árs. Á þeim grunni stýra viðkomandi ráðherrar Íslands og Noregs því býsna oft umræðum ráðherra aðildarríkja ESB um málefni sambandsins, þ.e. Schengen málefni. Þetta eitt undirstrikar betur en margt annað hina sterku stöðu Íslands og Noregs samkvæmt samningnum, en hlýtur um leið að vera framandi staða fyrir hreintrúarmenn innan Evrópusambandsins.

Hver svo sem stefna íslenskra stjórnvalda verður á komandi árum gagnvart aðild að ESB er ljóst að Ísland er þegar orðinn fullgildur þátttakandi í samstarfi á vettvangi Schengen innan ESB. Á því sviði stendur Ísland nánast jafnfætis flestum ríkjum sambandsins og jafnvel framar sumum þeirra hvað varðar áhrif á framkvæmd, beitingu og þróun gerða á þessu tilgreinda og afmarkaða sviði Evrópusamstarfs.

Heimildir

Anderson, A. and Bort E. (2001). *The frontiers of the European Union.* New York: PALGRAVE.

Högni S. Kristjánsson. (1999). Hvert fara landamæraverðirnir? Ísland, Schengen og Amsterdamsáttmálinn. *Úlfljótur, 2,* 177-213.

Kuijper, P.J. (2000). Some legal problems associated with the communitarization of policy on visas, asylum and immigration under the Amsterdam Treaty and incorporation of the Schengen Acquis. *Common Market Law Review, 2,* 345-366.

Nefndarálit frá 1. og 2. minnihluta utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. (Þingskjal 784 og 791 – 206. mál, 125. löggjafarþing). www.althingi.is.

„Opnar dyr á mikilvægum sviðum." Viðtal við Halldór Ásgrímsson. 22. mars 2001. Morgunblaðið. www.mbl.is.

Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. (Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.)

Sólveig Pétursdóttir. Ræða. Haldin á Alþingi 7. desember 1999.

Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Íslands og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. (Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.)

W. de Zwaam, J. (1998). *Schengen and its Incorporation into the New Treaty: The Negotiating Process.* Schengen's Final Days? The Incorporation of Schengen into the New TEU, External Borders and Information System. Edited by Monica den Boer. Maastricht: European Institute of Public Administration.